Frumvarp til

stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 5. gr., 1. málsgr. 14. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. (2. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.

Ráðherrann veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita.

2. gr. (3. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum.

3. gr. (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

4. gr. (1. málsgr. 14. gr. stjórnarskrárinnar).

Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu.

5. gr. (15. gr. stjórnarskrárinnar).

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

6. gr. (17. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosningarrjett til alþingis hafa:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, er með sjerstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrjett sinn;

b, allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minnsta kosti 4 kr. á ári sem aukaútsvar;

c, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefur veitt heimild til þess;

d, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Með lögum má afnema auka-útsvarsgreiðsluna eptir stafl. b. sem skilyrði fyrir kosningarrjetti.

7. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

8. gr. (1. liður 25. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.

9. gr. (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aptur gjörðar breyt-

ingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þingið þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sje á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

10. gr. (34. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherra Íslands á, samkvæmt embættisstöðu sinni, sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd. Atkvæðisrjett hefur ráðherrann, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

11. gr. (36. gr. stjórnarskrárinnar).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

12. gr. (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherrans.

13. gr. (2. ákv. um stundarsakir).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðherra Íslands út af embættisrekstri hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 61. gr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 er frumvarp þetta lagt fyrir alþingi af nýju, orðrjett eins og það var samþykkt af þinginu í fyrra, og skal vísað til athugasemdanna við frumvarp stjórnarinnar, er þá var lagt fyrir þingið.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir

árin 1904 og 1905.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

---

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,606,370 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,339,000 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000.	17,000.	34,000.
b. á lausafje.....	26,000.	26,000.	52,000.
2. húsaskattur	7,000.	7,000.	14,000.
3. tekjuskattur	14,500.	14,500.	29,000.
4. aukatekjur	32,000.	32,000.	64,000.
5. erfðafjárskattur.....	3,000.	3,000.	6,000.
6. vitagjald	8,500.	8,500.	17,000.
7. gjöld fyrir leyfisbrjef.....	3,000.	3,000.	6,000.
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2 % í innheimtulaun	70,000.	70,000.	140,000.
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun.....	100,000.	100,000.	200,000.
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun.....	100,000.	100,000.	200,000.
flyt...	381,000.	381,000.	762,000.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	381,000.	381,000.	762,000.
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	220,000.	220,000.	440,000.
12. aðflutningsgjald af tegrasi, sukkulaði og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	8,000.	8,000.	16,000.
13. leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja.....	20,000.	20,000.	40,000.
14. tekjur af póstferðum	38,000.	38,000.	76,000.
15. óvissar tekjur.....	2,500.	2,500.	5,000.
Samtals...	669,500.	669,500.	1,339,000.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls..... 9,000 —	23,000.	23,000.	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja allt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sje bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minnsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.			
2. tekjur af kirkjum	85.	85.	170.
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli.....	2,000.	2,000.	4,000.
Samtals...	25,085.	25,085.	50,170.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	37,000.	36,000.	73,000.
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1904 46,632 kr. 87 a.			
- — 1905 46,011 — 18 -			
92,644 kr. 05 a.			
flyt...	37,000.	36,000.	73,000.

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	37,000.	36,000.	73,000.
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans.. Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegnum bakka sína, skal helmingurinn, 3,000 kr., eptirgefinn.	7,500.	7,500.	15,000.
Samtals...	44,500.	43,500.	88,000.

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000.	2,000.	4,000.
2. endurgjald skyndilána til embættismanna..	600.	600.	1,200.
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000.	2,000.	4,000.
Samtals...	4,600.	4,600.	9,200.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er talið 120,000, sem sje 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 1,824,925 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 12,400 kr., og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 255,526 kr. 67 a.

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,466. 67	18,500	36,966. 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.....	4,200.	4,200.	8,400.
3. hin umboðslega endurskoðun:			
a. laun endurskoðanda ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda ..... 500 —			
c. skrifstofukostnaðar ..... 300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar ..... 1,000 —			
	4,300.	4,300.	8,600.
	26,966. 67	27,000.	53,966. 67
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800.	68,800.	
b. til hreppstjóra	8,000.	8,000.	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík..	1,400.	1,400.	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
	1904.	1905.	
a. laun umsjónarmannsins	1,000 kr.	1,000 kr.	
viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —	
þóknun handa dómkirkjuprestinum...	100 —	100 —	
þóknun handa lækn	60 —	60 —	
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 —	1,225 —	
3 skamtar af miðdegismat handa fangverði 21 e....	230 —	230 —	
þvottur	30 —	30 —	
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —	
útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —	
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —	
ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —	
	4,415 kr.	4,415 kr.	
arður af verkum talinn	615 —	615 —	
flyt...	3,800 kr.	3,800 kr.	78,200. 78,200. 53,966. 67

	1904.	1905.	1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	3,800 kr.	3,800 kr.	78,200.	78,200.	53,966. 67
c. kostnaður við viðhald fangelsanna .	300 —	300 —	4,100.	4,100.	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknum handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		50 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaðar við gjafsóknarmál.		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ..		150 —			
h. útgjöld við sáttamál.....		50 —	5,250.	5,250.	
			87,550.	87,550.	176,100.
C. Ýmisleg útgjöld:					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), allt að 43 kr. örkin..		2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum.....		450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		1,200 —	4,680.	4,680.	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....			2,500.	2,500.	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar			1,000.	1,000.	
4. til embættiseptirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða.....			1,000.	1,000.	
		flyt...	9,180.	9,180.	229,066. 67

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	9,180.	9,180.	229,066. 67
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300.	300.	
6. tillag til veðdeildar landsbankans.....	5,000.	2,500.	
	14,480.	11,980.	26,460.
Samtals...	.....	.. ..	255,526. 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 237,840 kr. 74 a.:

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun	71,850.	71,850.	143,700.
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800.	800.	1,600.
3. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga .... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishjeraðs.	150.	150.	300.
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Olafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum svo og til að halda ókeypis „klinik“ handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði	2,000.	2,000.	4,000.
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið allt að 300 kr.....	300.	300.	600.
5. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis „klinik“ handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði	1,000.	1,000.	2,000.
flyt...	76,100.	76,100.	152,200.

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar...	76,100.	76,100.	152,200.
6.	útgjöld við holdsveikraspítalann:				
		1904. kr. a.	1905. kr. a.		
	a. laun til starfsmanna	5,265.	5,265.		
	b. viðurværi: kr. a.				
	1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag .. 8,322.				
	2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári. 3,951.18				
		12,273.18	12,273.18		
	c. klæðnaður sjúklinga	800.	800.		
	d. meðul og sáraumbúnaður	1,400.	1,400.		
	e. eldsneyti.....	3,035.	3,035.		
	f. ljósmeti	475.	475.		
	g. viðhald á húsum ..	1,200.	1,200.		
	h. húsbúnaður og áhöld.....	800.	800.		
	i. þvottur og ræsting	800.	800.		
	k. greptrunarkostnaður	250.	250.		
	l. flutningskostnaður .	30.	30.		
	m. til að skemmta sjúklingum.....	200.	200.		
	n. hesta- og hænsnafóður.....	125.	125.		
	o. skattar og brunaábyrgðargjald	717.19	717.19		
	p. ýmisleg útgjöld....	700.	700.		
	r. til geymsluhúsgjörðar 1904.....	4,000.			
				32,070. 37	28,070. 37	60,140. 74
7.	útgjöld við bólusetningar.....			500.	500.	1,000.
		flyt...		108,670. 37	104,670. 37	213,340. 74

		1904.	1905.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	108,670. 37	104,670. 37	213,340. 74
8. önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400 —			
e. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði	200 —			
f. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —			
h. gjöld samkv. 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. janúar 1896	1,000 —			
i. gjöld samkv. 25. gr. í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands 6. nóv. 1902	1,000. —			
		7,000.	7,000.	14,000.
9. til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði		8,000.	.....	8,000.
10. uppbót til hjeraðslæknis Stefáns Gíslasonar fyrir flutning til Hróarstungu læknishjeraðs		2,500.	.....	2,500.
	Samtals...	126,170. 37	111,670. 37	237,840. 74

12. gr.

Til samgöngumála veitast 567,142 kr.:

		1904.	1905.	alls.
A.		kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	3,500 —			
c. handa brjefhirðingamönnum	6,500 —			
		22,500.	22,500.	
	flyt...	22,500.	22,500.	

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
fluttar...		22,500.	22,500.	
2. póstflutningur.....		41,000.	41,000.	
Þar af allt að 1000 kr. hvort árið til hlutafjelagsins „O. Wathnes Arvinger“ fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbrjef) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip fjelagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist allt að ...		600.	600.	
Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
4. önnur útgjöld:				
a. endurgald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	2,000 kr.			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1 ‰ um.....	200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans	200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000 —			
e. til áhalda	1,500 —			
f. til brjefaburðar í Reykjavík .	600 —			
g. til brjefaburðar í öðrum kaupstöðum.....	100 —			
h. óviss gjöld.....	200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum.	100 —			
		5,900.	5,900.	
5. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		1,000.		
6. til að koma pósthússkjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður		800.		
		71,800.	70,000.	141,800.
flyt...		.....	.....	141,800.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	.....	.....	141,800.
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun ..... 3,000.			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum.. . 500.	3,500.	3,500.	7,000.
Verkfræðingnum skal undir yfirumsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna.			
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur allt að	1,500.	1,500.	3,000.
3. til flutningabrauta	.....	.....	64,000.
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið ..... kr. 10,000.			
Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið ..... 10,000.			
Til flutningabrautar í Húnavatnssýslu fyrir fjárhagstímabilið..... 10,000.			
Til flutningabrautar í Skagafjarðarsýslu fyrir fjárhagstímabilið..... 10,000.			
Til viðhalds flutningabrauta 12000 kr. hvort árið ..... 24,000.			
64,000.			
4. til þjóðvega	.....	.....	68,000.
kr.			
Til vegabóta í Suðuramtinu..... 12,000.			
- — - Vesturamtinu..... 15,000.			
- — - Norðuramtinu ..... 22,000.			
- — - Austuramtinu..... 19,000.			
68,000.			
fyrir fjárhagstímabilið.			
5. til fjallvega	5,000.	5,000.	10,000.
6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.....	4,000.	4,000.	8,000.
flyt..	.....	.....	301,800.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	.....	.....	301,800.
C.			
1. Til gufuskipaferða: Til hins sameinaða gufuskipafjelags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að 13 ferðir verði farnar á öðrum skipum milli Kaupmannahafnar og Færeyja, og að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903.....	75,000.	75,000.	
Veiti ríkisþingið eigi hækkun á ríkissjóðstillaginu úr 40,000 kr. upp í 65,000 kr. á ári, veitist stjórninni heimild til að verja allt að því 80,000 kr. á ári til að halda gufuskipaferðunum uppi milli landanna og kringum Ísland eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903.			
2. til gufubátaferða:			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að..... 10,200 kr.			
b. á Ísafjarðardjúpi, allt að.... 3,500 —	13,700.	13,700.	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eptir að hann hefur fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. má verja 200 kr. til sjerstakra gufubátsferða, sem sje að minnsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a. og b. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds.	88,700.	88,700.	
			177,400.
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi.....	35,000.	35,000.	70,000
flyt...	.....	.....	549,200.

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
fluttar...		.....	.....	549,200.
E.				
Til vita:				
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa		300.	300.	
b. til eptirlitsferða.....		100.	100.	
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200.			
2. fyrir olíu	200.			
3. — lampakveiki o. fl.....	150.			
4. — steinkol	160.			
5. flutningskostnaður	250.			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300.			
7. eptirgjald eptir lóðina	30.			
		2,290.	2,290.	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400.			
2. fyrir olíu	150.			
3. — lampakveiki o. fl.....	100.			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200.			
5. steinkol.....	100.			
6. flutningskostnaður	75.			
7. eptirgjald fyrir lóðina.....	16.			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904.....	3,200.			
		4,241.	1,041.	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar.....	400.			
2. fyrir olíu	125.			
3. — lampakveiki o. fl.....	100.			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160.			
5. steinkol	60.			
6. flutningskostnaður	40.			
		885.	885.	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....		500.	500.	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar.....	400.			
2. fyrir olíu	175.			
3. — lampakveiki o. fl.....	150.			
flyt...	725.	8,316.	5,116.	549,200.

		1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.
fluttar...	725.	8,316.	5,116.	549,200.
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80.			
5. flutningskostnaður	50.			
		855.	855.	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutilsfirði:				
	kr.			
1. til vitavarðar	400.			
2. fyrir olíu	200.			
3. — lampakveiki o. fl.....	100.			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	100.			
5. fyrir steinkol.....	100.			
6. flutningskostnaður	50.			
		950.	950.	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....		75.	75.	
k. styrkur til ljóskers á Skipaskaga		75.	75.	
Veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eptir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.				
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði		300.	300.	
		10,571.	7,371.	17,942.
Samtals...		.....	.....	567,142.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 277,796 kr.

	1904.	1905.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun biskupsins	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,500.	10,000.	
2. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum .... Landshöfðingi úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.	4,000.	4,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðaruppbót á Kvíabekkjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi	200.	200.	
flyt...	21,300.	21,800.	

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	21,300.	21,800.	
5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum	200.	200.	
6. bráðabirgðaruppbót til Reynistaðarprestakalls	300.	300.	
7. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
8. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	100.	100.	
9. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
10. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær	2,250.		
11. til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík, allt að	6,200.		
Til þessa má einnig verja þeim 600 kr., sem Reykjavíkurbær borgar fyrir rjettindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
	34,350.	26,400.	60,750.
B.			
Til kennslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200.	9,200.	

b. önnur útgjöld:	1904. kr.	1905. kr.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905	960.	1,280.			
2. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800.	1,000.			
3. til tímakennslu.....	100.	100.			
4. til bókakaupa.	300.	300.			
5. til eldiviðar og ljósa	150.	150.			
6. til umsjónar	100.	100.			
7. ýmisleg útgjöld.....	300.	250.			
flyt. .	2,710.	3,180.	9,200.	9,200.	60,750.

	1904.	1905.	1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
fluttar...	2,710 kr.	3,180 kr.	9,200.	9,200.	60,750.
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að ...	250 —	250 —	2,960.	3,430.	
			12,160.	12,630.	24,790.
II. Til læknaskólans.					
a. laun			3,200.	3,200.	
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur		1,200 kr.			
Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
2. eldiviður, ljós og ræsting....		250 —			
3. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda		600 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....		300 —			
5. húsaleiga handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði.....		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis „klinik“, allt að		200 —			
8. ýmisleg útgjöld		250 —	4,280.	4,280.	
			7,480.	7,480.	14,960.
III. Til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200.	19,200.	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði.....		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,600.	2,600.	
		flyt...	21,800.	21,800.	100,500.

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	21,800.	21,800.	100,500.
c. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
1. til bókasafnsskólans. Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakennslu og prófdómenda	1,050 —	1,050 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara.	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknum handa lækni.....	100 —	100 —			
9. ýmisleg útgjöld...	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk...	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a í náttúrusögu..	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði....	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 30 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakennslu	100 —	100 —			
			13,998.	13,098.	
			35,798.	34,898.	70,696.
		flyt...	.....	.....	171,196.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	.....	.....	171,196.
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:	1904.	1905.	
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	kr. 600.	kr. 600.	
2. til eldiviðar og ljósa	300.	300.	
3. ýmisleg útgjöld.....	400.	400.	
4. til styrkveitingar námspiltum	400.	400.	
	1,700.	1,700.	
Amtmanninum í Norðuramtinu skal falin á hendur umsjón með skólanum.			
	8,700.	8,700.	
			17,400.
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun.....	3,200.	3,200.	
b. önnur útgjöld:	1904. kr.	1905. kr.	
1. til tímakennslu.....	1,400.	1,400.	
2. til áhaldakaupa o. fl.	400.	400.	
3. til eldiviðar og ljósa	500.	500.	
4. ýmisleg útgjöld.....	500.		
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvjelafræði.....	500.		
	3,300.	2,800.	
	6,500.	6,000.	
			12,500.
VI. Til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:	1904. kr.	1905. kr.	
1. til kvennaskólans í Reykjavík.....	2,500.	2,500.	
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.			
flyt...	2,500.	2,500.	.... 201,096.

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
fluttar...	2,500.	2,500.	.....	.....	201,096.
2. til sama til kennslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	300.	300.			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga ...	2,200.	2,200.			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200.	2,200.			
			7,200.	7,200.	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000.	7,000.	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers Styrkur þessi veitist eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.			7,000.	7,000.	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500.	2,500.	
d. til kennarafræðslu ..... Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.			3,200.	3,200.	
e. námstyrkur handa kennaraefnum, allt að 75 kr. handa hverjum			600.	600.	
f. til skólaiðnaðar-kennslu			500.	500.	
g. til stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			300.	300.	
h. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík .			1,000.	1,000.	
i. til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri			300.	300.	
j. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur			300.	300.	
k. til kennslu heyrnar- og málleysingja			5,000.	5,000.	
flyt...			34,900.	34,900.	201,096.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	34,900.	34,900.	201,096.
l. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150.	150.	
m. styrkur til unglingaskóla í Dalasýslu	1,000.	1,000.	
	36,050.	36,050.	72,100.
VII. Til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennslan fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kennslunnar ókeypis.	300.	300.	
b. til sundkennslu annarstaðar..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	1,000.	1,000.	
	1,300.	1,300.	2,600.
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kennslu í teikning og trjeskurði í Reykjavík.....	1,000.	1,000.	2,000.
Samtals ..	.....	.....	277,796.

14. gr.

Til vísinda, bókmennta og verklegra fyrirtækja veitast 326,020 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A. Til vísinda, bókmennta og lista:			
1. til landsbókasafnsins: kr.			
a. laun bókavarðar ..... 2,000.			
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið 900.			
flyt... 2,900.			

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar... 2,900.			
	c. til að kaupa bækur og handrit	3,500.			
	d. til bókbands	1,000.			
	e. til samnings spjaldskrár (eptir reikningi)	800.			
	f. fyrir afskriptir (eptir reikningi)	800.			
	g. til að prenta ritaukaskrár	200.			
	h. til eldiviðar og áhalda m. m.	500.			
	i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360.			
			10,060.	10,060.	
	Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 5—7 e. m.				
2.	a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500.			
	b. til — Austuramtsins	400.			
	c. til — Vesturamtsins	400.			
			1,300.	1,300.	
	Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.				
3.	til landsskjalasafnsins:	1904. kr.	1905. kr.		
	a. laun skjalavarðar, er landshöfðingi skipar	1,800.	1,800.		
	b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	1,000.	1,000.		
	c. til að afrita merk skjöl og bækur í skjalasafninu	500.	500.		
	d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250.	250.		
			3,550.	3,550.	
4.	til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík		2,000.	2,000.	
	500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.				
5.	til Þjóðvinafjelagsins		750.	750.	
		flyt..	17,660.	17,660.	

	1904.	1905.	a s.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	17,660.	17,660.	
6. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita ..... 2,000 —			
	3,600.	3,600.	
7. til Fornleifafjelagsins.....	400.	400.	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
8. til Náttúrufræðisfjelagsins.....	800.	800.	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
10. til að vinna að texta-útgáfa á íslenzku fornbrjefasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sjerhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út.....	800.	800.	
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300.	300.	
12. til Páls Ólafssonar skálds.....	500.	500.	
13. til sjera Valdimars Briem's	800.	800.	
14. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800.	800.	
flyt...	26,460.	26,460.	

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	26,460.	26,460.	
15. styrkur til Biblíufjelagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000.	1,000.	
16. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið „Lögfræðing", 20 kr. fyrir örkina	200.	200.	
17. til leikfjelags Reykjavíkur, allt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti fjelaginu helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	300.	300.	
18. styrkur til Sögufjelagsins	800.	800.	
19. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðabók, 1. og 2. borgun af 5 ára styrk	500.	500.	
20. til Jósafats Jónassonar til ættfræðisrannsókna	600.	600.	
21. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000.	1,000.	
	30,860.	30,860.	61,720.
B. Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:	1904. kr.	1905. kr.	
1. til skólans á Hólum..	2,500.	2,500.	
2. - — - Eiðum..	2,500.	2,500.	
3. - — - Hvanneyri	4,000.	2,500.	
	9,000.	7,500.	
b. til búnaðarfjelaga	24,000.	24,000.	
c. til búnaðarfjelags Íslands.....	22,500.	24,500.	
d. til sama fjelags til kennslu í mjólkurmeðferð	2,500.	2,500.	
e. til sama fjelags til gróðrartilrauna	3,000.	3,000.	
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder og Prof. C. V. Prytz....	8,650.	7,350.	
g. til verðlauna fyrir útflutt smjör.....	2,000.	2,000.	
h. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð	3,000.	3,000.	
flyt...	74,650.	73,850.	61,720.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt...	74,650.	73,850.	61,720.
2. a. laun handa 2 dýralæknum.....	2,400.	2,400.	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400.	400.	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu.....	300.	300.	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors.....	1,200.	1,200.	
5. til kennslu í fjárkláðalækningum:			
1904. 1905. kr. kr.			
a. til Suður- og Vesturamtanna..... 4,750. 2,750.			
b. til Norður- og Austuramtanna ..... 1,800. 1,000.			
	6,550.	3,750.	
6. til að kaupa böðunarlyf gegn fjárkláða:			
a. til Suður- og Vesturamtanna ..... 3,000. 8,000.			
b. til Norður- og Austuramtanna ..... 16,000. 12,000.			
	19,000.	20,000.	
7. til sjerstaklegra ráðstafana til að útrýma fjárkláða úr Norður- og Austurömtunum ..	12,200.	17,000.	
8. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði.....	1,400.	1,400.	
Af styrk þessum skal verja að minnsta kosti 600 kr. hvort árið til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til þess að fullkomna sig í iðn sinni erlendis.			
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðalist.....	600.	600.	
10. styrkur til 1 manns til að nema skógræktarfræði, 1. og 2. borgun af 6 ára styrk...	600.	600.	
11. styrkur til 2 manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk...	600.	600.	
12. til að stofnsetja og reka efnarannsóknastofu í Reykjavík	13,500.	4,000.	
flyt...	133,400.	26,100.	61,720.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	133,400.	126,100.	61,720.
13. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma í Reykjavík og Ísafirði	2,400.	2,400.	
Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbrjef fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eptir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbrjefinu.			
	135,800.	128,500.	264,300.
Samtals...	.....	.....	326,020.

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eptirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til sjera Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

18 gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 218,555 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

I. kafli.

Tekjur.

Við 1. gr.

Við 1. a. og b. *Ábúðar- og lausafjárskattur.* Skattar þessir hafa á 5 ára tímabilinu 1897—1901 numið að meðaltali 17,547 kr. 88 a. hinn fyrnefndi og 27,758 kr. 20 a. hinn síðarnefndi. Ábúðarskattinn virðist því mega telja 17,000 kr. eins og í núgildandi fjárlögum. Hins vegar hefur lausafjárskatturinn farið minnkandi á síðustu árum og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 nam hann aðeins 26,334 kr. 55 a. á ári; það virðist því ekki vert að telja skatt þenna meira en 26,000 kr. á ári.

Við 2. *Húsaskattinn*, sem á 5 ára tímabilinu 1897—1901 hefur numið að meðaltali 6,751 kr. 20 a. á ári, og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 7,144 kr. 50 a. á ári, virðist mega telja 7,000 kr. á ári.

Við 3. *Tekjuskattinn*, sem á 5 ára tímabilinu 1897—1901 hefur numið að meðaltali 14,640 kr. 40 a. á ári, og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 14,885 kr. 67 a. ári, virðist mega telja 14,500 kr. á ári, eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við 4. *Aukatekjur*, sem á 5 ára tímabilinu 1897—1901 hafa numið að meðaltali 32,424 kr. 26 a. á ári, og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 32,913 kr. 44 a. á ári, virðist mega telja 32,000 kr. hvort árið.

Við 5. *Erfðafjárskattur* hefur á 5 ára tímabilinu 1897—1901 numið að meðaltali 3,565 kr. 18 a., og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 3,643 kr. 53 á ári og virðist því mega telja hann 3,000 kr. á ári eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 6. *Vitagjald*, sem á 4 ára tímabilinu 1897—1901 hefur numið að meðaltali 8,688 kr. 74 a., og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 8,815 kr. 78 a. á ári, þykir mega telja 8,500 kr. hvort árið, eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 7. *Gjöld fyrir leyfisbrjef* hafa á 5 ára tímabilinu 1897—1901 numið að meðaltali 3,298 kr. 38 a. á ári, og þótt gjöldin fyrir leyfisbrjef til hjónabands hafi með lögum nr. 19, 22. september 1899 verið færð niður um helming úr því, sem áður var, hefur þessi tekjugrein þó á fjárhagstímabilinu 1900—1901 numið að meðaltali 3,435 kr. 12 a. á ári, og virðist því mega telja hana 3,000 kr. hvort árið 1904 og 1905.

Við 8. *Útflutningsgjald af fiski og lýsi* m. m. hefur á 5 ára tímabilinu 1897—1901, að frádregnum 2% fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 57,369 kr. 46 a. á ári, en eptir að hækkað var útflutningsgjald á hvalafurðum með lögum nr. 27, 11. nóvember 1899, hefur tekjugrein þessi aukizt svo, að hún á fjárhagstímabilinu 1900 og 1901 hefur numið að meðaltali 73,857 kr. 08 a. á ári; eptir því virðist mega telja hana 70,000 kr. hvort árið 1904 og 1905.

Við 9. *Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum* hefur á árunum 1897—1901, að frádregnum 2% fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 124,129 kr. 47 a. á ári, og á árunum 1899—1901 118,514 kr. 74 a. á ári. Að vísu hefur þetta gjald verið hækkað talsvert með tollögunum 8. nóvember 1901, en ætla má, að það gjöri meira en vega upp á móti þeirri hækkun, að þeim kaupmönnum, er leyfisbrjef kaupa til að verzla með áfenga drykki, hefur fækkað að mun og þar af leiðandi aðflutningurinn minnkað. Þessa tekjugrein virðist því ekki mega telja hærri en 100,000 kr. á ári eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 10. *Aðflutningsgjald á tóbaki* var talsvert hækkað með lögum nr. 21 22. september 1899, en eigi að neinu breytt svo teljandi sje með tollögunum 8. nóvember 1901, og hefur það á fjárhagstímabilinu 1900—1901 numið að meðaltali 97,335 kr. 50 a. á ári og árið 1901 102,316 kr. 70 a. Þessa tekjugrein virðist því mega telja 100,000 kr. á ári eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 11. *Aðflutningsgjald á kaffi og sykri*, hefur að frádregnum 2% í innheimtulaun numið á 5 ára tímabilinu 1897—1901 að meðaltali 200,819 kr. 14 a. og á 2 ára tímabilinu 1900—1901 218,327 kr. 61 e. á ári, þar af árið 1901 231,807 kr. 48 a.; virðist mega telja það 220,000 kr. hvort árið 1904 og 1905.

Við 12. Samkvæmt tollögunum 8. nóvember 1901 skal greitt *aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum.* Þar eð ekki eru enn þá komnar neinar skýrslur um það, hve miklu aðflutningsgjaldið af þessum vörum hefur numið 1902, og landshagsskýrslurnar ekki heldur gefa neinar upplýsingar um, hve mikið er aðflutt af þeim á ári, hefur verið ætlazt á um þessa tekjugrein og hún talin 8,000 kr. hvort árið.

Við 13. *Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja* hafa á árunum 1900 og 1901 numið 35,800 kr. fyrra árið og 31,800 kr. síðara árið, en þar eð þeim kaupmönnum, er verzla með áfenga drykki, fækkar stöðugt, eins og áður er tekið fram, þykir ekki mega telja þessa tekjugrein hærri en 20,000 kr. hvort árið.

Við 14. *Tekjur af póstferðum* hafa á 5 ára tímabilinu 1897—1901 numið að meðaltali 35.850 kr. 99 a. og á 2 ára tímabilinu 1900—1901 38,026 kr. 73 a. á ári og því þykir mega telja þá tekjugrein 38,000 kr. hvort árið.

Við 14. *Óvissar tekjur* hafa á árunum 1897—1901 numið að meðaltali 17,746 kr. 94 a. á ári, en árið 1901 einungis 6,790 kr. 59 a. Þar eð tekjur þessar eru mjög óstöðugar, og mestmegnis fólgnar í sektum, sem útlendir fiskimenn eru í dæmdir fyrir ólöglegar fiskiveiðar o. fl., en eigi verður búizt við að slíkt haldist framvegis, eru þær einungis taldar 2,500 kr. hvort árið eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 3. gr.

Við 1. *Afgjald af jarðeignum landssjóðs* hefur að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., numið á 5 ára tímabilinu 1897—1901 að meðaltali 24,364 kr. 59 a. árlega og á 3 ára tímabilinu 1899—1901 23,769 kr. 91 e. árlega og virðist því mega telja það hið sama með og að frádregnum kostnaði eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 2. *Tekjur af kirkjum.* Þar eð landssjóður, sem stendur, ekki hefur tekjur af öðrum kirkjum en Langholts- og Þykkvabæjarklausturs-kirkjum í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi og tekjurnar af þessum kirkjum hafa á árunum 1897—1901 numið að meðaltali 85 kr. árlega, þykir rjettast að telja tekjur af kirkjum jafnar þeirri upphæð hvort árið 1904 og 1905.

Við 3. *Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli* hafa á árunum 1897—1901 numið að meðaltali 2,336 kr. 05 a. árlega, og mun óhætt að telja þær eins og í núgildandi fjárlögum, 2,000 kr. hvort árið 1904 og 1905.

Við 4. gr.

Hjer skal sýnt yfirlit yfir *tekjur* þær, sem ætla má, að landssjóður hafi af *viðlagasjóði* árin 1904 og 1905, en jafnframt skal þess getið, að á landsreikningnum fyrir fjárhagstímabilið 1900 og 1901, er tekjuafgangur 74,077 kr. 45 a., og að peningaforði landssjóðs var 31. desember 1901 495,247 kr. 62 a. og eru þar af 120,000 kr. á hlaupareikningi í landsbankanum.

	1904.	1905.
1) Leigur af $3^1/_2$ % ríkisskuldabrjefum, samkvæmt innritunarskírteini að upphæð 215,200 kr., og er sú upphæð tryggingarfje veðdeildar landsbankans í Reykjavík samkvæmt lögum 12. janúar 1900..	7,532 kr. 00 a.	7,532 kr. 00 a.
2) a. Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða upp á afborgun ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 144,274 kr. 61 e.)	5,770 — 97 —	5,453 — 52 —
b. Do. af lánum til þilskipakaupa til fiskiveiða (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 90,290 kr. 30 a.)	2,770 — 03 —	2,276 — 27 —
c. Do. af lánum til andlegu stjettarinnar, presta, kirkna og skóla ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 83,678 kr. 20 a.)	3,347 — 14 —	3,142 — 70 —
d. Do. af lánum til amta, sýslna og hreppa o. fl. (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 138,358 kr. 12 a.)	5,534 — 31 —	5,029 — 85 —
e. Do. af lánum til að byggja íshús ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 11,668 kr. 21 e.)	355 — 04 —	234 — 24 —
f. Do. af lánum til að útvega tóvinnuvjelar ... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 22,836 kr. 73 a.)	826 — 28 —	786 — 11 —
g. Do. af lánum til að stofna mjólkurbú..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 20,095 kr.)	602 — 85 —	596 — 70 —
flyt...	26,738 kr. 62 a.	25,051 kr. 39 a.

fluttar...	26,738 kr. 62 a.	25,051 kr. 39 a.
h. Do. af lánum til þurrabúðarmanna ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 03: 3,300 kr.)	115 — 50 —	115 — 50 —
3) Do. af skuldabrjefum með hálfs árs uppsagnarfresti..... (Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 02: 237,607 kr. 12 a.)	9,504 — 28 —	9,504 — 28 —
4) Do. af bankaskuldabrjefum..... (Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 02: 31,700 kr.)	1,426 — 50 —	1,426 — 50 —
	37,784 kr. 90 a.	36,097 kr. 67 a.

Tekjur þessar virðist því mega telja 37,000 kr. 1904 og 36,000 kr. 1905.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í tölulið 2 a—g verða á árunum 1904 og 1905, samkvæmt ákvæðum þeirra, borgaðar þessar fjárupphæðir:

	1904.	1905.
Af þeim, er taldar eru við a.....	7,936 kr. 84 a.	7,988 kr. 07 a.
— — — b.....	15,722 — 09 —	14,818 — 08 —
— — — c.....	5,110 — 03 —	5,174 — 48 —
— — — d.....	12,611 — 07 —	12,777 — 71 —
— — — e.....	3,942 — 84 —	3,942 — 84 —
— — — f.....	1,105 — „ —	1,105 — „ —
— — — g.....	205 — „ —	205 — „ —
	46,632 kr. 87 a.	46,011 kr. 18 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er landfógeti hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

Við 2. Sbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 og lög nr. 12, 12. janúar 1900.

Að því er snertir athugasemd þá, sem tengd er við greinina, skal þessa getið:

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu sótti til alþingis 1902 um eptirgjöf á 6,000 kr. láni úr landssjóði, sem sýslusjóðurinn hafði tekið í júlí s. á. til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegnum bakka sína; sem ástæður fyrir beiðni þessari var tilfært, sumpart að svo mikil gjöld hvíldu á sýslusjóðnum, sumpart það, að flóðgarður þessi, sem gjörður var undir umsjón verkfræðings, hefði ekki getað staðizt vatnsþungan og hefði verið rutt burt af ánni, svo að allur hinn mikli kostnaður við þetta hefði orðið til ónýtis. Þinginu þótti þó rjettast að láta málið um eptirgjöf lánsins bíða, þar til reglulegt alþingi kæmi saman í ár, en hins vegar var tekið upp í fjáraukalögin fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil 25. september 1902, 10. gr. ákvæði um eptirgjöf á rentunum fyrir árin 1902 og 1903.

Þareð svo verður að álíta eptir kringumstæðum þeim, sem fyrir hendi eru, að ástæða sje til að verða við beiðni sýslunefndarinnar, er samkvæmt tillögu landshöfðinga farið fram á eptirgjöf helmingsins af láninu.

Við 5. gr.

Upphæðir þær, sem hjer eru taldar undir 1.—3. tölulið, sem sje það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, endurborganir skyndi-

lána til embættismanna og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, þykir mega telja eins og á fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871. Af þessari tekjugrein greiðast fyrir fram útgjöldin í 8. gr. til hinnar æðstu stjórnar innanlands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1905; og eru síðartöldu gjöldin með sjerstökum konungsúrskurði 28. apríl þ. á. ákveðin 2,000 kr. Þessi upphæð fellur auðvitað í burtu, ef stjórnarskrárbreyting kemst á áður en það alþingi kemur saman, svo að sjálfur ráðgjafinn fyrir Íslandi mæti á alþingi.

II. kafli.

Utgjöld.

Við 8. og 9. gr.

Gjöldin í þessum greinum eru talin eins og að undanförnu.

Við 10. gr.

Við A. 1. Þessi útgjöld liðast sundur á þessa leið:

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu:			
laun ..... 5,000 kr.			
viðbót fyrir hann sjálfan..... 1,000 —			
	6,000.	6,000.	12,000.
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu:			
laun.....	5,000.	5,000.	10,000.
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861:			
laun ..... 3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann..... 1,600 —			
	5,100.	5,100.	10,200.
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður 28. febrúar 1896	2,366. 67	2,400.	4,766. 67
Samtals...	18,466. 67	18,500.	36.966. 67

Laun þeirra 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna o. fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889 2., 3. og 7. gr., sbr. fjárlögin fyrir árin 1894 og 1895 og athugasemd við 10. gr. A. 1. frumvarpsins.

Með tilliti til viðbótar þeirrar (1,100 kr.), sem talin er landfógetanum samkvæmt 7. gr., 3. tölulið í lögunum frá 1875, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemdanna við 10. gr. A. 1. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að hann samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt konungsúrskurði 29. júní 1872, og skal þess getið, að embættismanni þessum, sem skipaður er 28. febrúar 1896, ber 2,400 kr. í árslaun frá 1. marz 1904 að telja.

Við A. 2. Í þessari grein er talið:

1. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,800 kr.
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 —
3. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 —
4. þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana-upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 —
5. útgjöld til yfirskattanefnda og við virðingar til að ákveða húsaskatt	200 —
	4,200 kr.

Skrifstofukostnaður handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu er talinn eins og hann var hækkaður með fjárveitingu á fjárlögunum fyrir 1900 og 1901. Skrifstofukostnaður handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og handa landfógetanum er talinn samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14. gr.

Að því er snertir 4. og 5. lið skal vísað í athugasemdirnar við fjárlagafrumvörpin fyrir 1876 og 1877 og fyrir 1888 og 1889.

Við A. 3. a.—d. Þessir gjaldliðir eru taldir eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við B. 1. a. Þessi útgjöld liðast þannig sundur:

		1904.	1905.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889:				
laun	4,800 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann	1,000 —	5,800.	5,800.	11,600.
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d.:				
laun	3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann	500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 9. ágúst 1889:				
laun	3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann	500 —	4,000.	4,000.	8,000.
	flyt...	13,800.	13,800.	27,600.

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	13,800.	13,800.	27,600.
Bæjarfógetinn í Reykjavík:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Árnessýslu:			
laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu:			
laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:			
laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu:			
laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn í Ísafjarðar kaupstað:			
laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr.			
— - bæjarfógeti ..... 500 —			
	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri:			
laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr.			
— - bæjarfógeti ..... 500 —			
	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu og bæjarfógetinn í Seyðisfjarðar kaupstað:			
laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr.			
— - bæjarfógeti ..... 500 —			
	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Dalasýslu:			
laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðarstrandarsýslu:			
laun	2,500.	2,500,	5,000.
Sýslumaðurinn í Strandasýslu:			
laun	2,500.	2,500.	5,000,
Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu:			
laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu:			
laun	2,000.	2,000.	4,000.
Samtals...	68,800.	68,800.	137,600.

Laun og viðbót forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktober 1875, 10. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. desember 1889, 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt lögum 14. desember 1877, 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 8. maí 1894, lög 11. nóvember 1899 og lög 13. september 1901.

Við B. 1. b. Gjöld þessi hafa á árunum 1897—1901 numið að meðaltali 7,842 kr. 30 a. á ári og eru því talin 8,000 krónur, eins og í núgildandi fjárlögum.

Við B. 2. Upphæð þessi er talin eins og í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 og eptirfylgjandi fjárlögum.

Við B. 3. a.—c. Þessir gjaldaliðir eru taldir eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við B. 4. a.—h. Þessir gjaldaliðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við C. 1. a.—d. *Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur.*

2. *Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.*

3. *Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar.*

4. *Til embættiseptirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða.*

5. *Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum.*

Þessir gjaldaliðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 6. *Tillag til veðdeildar landsbankans* er samkvæmt lögum nr. 1, 12. janúar 1900, 2. gr., sbr. reglugjörð 15. júní s. á. 24. gr., talið 5,000 kr. 1904 og 2,500 kr. 1905.

Við 11. gr.

Við 1. Þessi gjöld liðast þannig sundur:

Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,000 kr.
Læknirinn í Reykjavíkurhjeraði	1,900 —
— - Ísafjarðarhjeraði	1,900 —
— - Akureyrarhjeraði	1,900 —
— - Seyðisfjarðarhjeraði	1,900 —
— - Keflavíkurhjeraði	1,700 —
— - Barðastrandarhjeraði	1,700 —
— - Blönduósshjeraði	1,700 —
— - Sauðárkrókshjeraði	1,700 —
— - Borgarfjarðarhjeraði	1,500 —
flyt...	19,900 kr.

	fluttar...		19,900 kr.
Læknirinn í	Stykkishólmshjeraði		1,500 —
—	- Dalahjeraði		1,500 —
—	- Strandahjeraði		1,500 —
—	- Húsavíkurhjeraði		1,500 —
—	- Vopnafjarðarhjeraði		1,500 —
—	- Hróarstunguhjeraði		1,500 —
—	- Reyðarfjarðarhjeraði:		
	laun	1,500 kr.	
	viðbót við sjálfan hann	400 —	
			1,900 —
—	- Hornafjarðarhjeraði		1,500 —
—	- Síðuhjeraði		1,500 —
—	- Rangárhjeraði		1,500 —
—	- Eyrarbakkahjeraði		1,500 —
—	- Skipaskagahjeraði		1,500 —
—	- Ólafsvíkurhjeraði		1,500 —
—	- Þingeyrarhjeraði		1,500 —
—	- Hesteyrarhjeraði		1,500 —
—	- Miðfjarðarhjeraði		1,500 —
—	- Hofsósshjeraði		1,500 —
—	- Siglufjarðarhjeraði		1,500 —
—	- Höfðahverfishjeraði		1,500 —
—	- Reykdælahjeraði		1,500 —
—	- Axarfjarðarhjeraði		1,500 —
—	- Fljótsdalshjeraði		1,500 —
—	- Mýrdalshjeraði		1,500 —
—	- Grímsneshjeraði		1,500 —
—	- Kjósarhjeraði		1,300 —
—	- Mýrahjeraði		1,300 —
—	- Reykhólahjeraði		1,300 —
—	- Flateyjarhjeraði		1,300 —
—	- Nauteyrarhjeraði		1,300 —
—	- Þistilfjarðarhjeraði		1,300 —
—	- Fáskrúðsfjarðarhjeraði		1,300 —
—	- Berufjarðarhjeraði		1,300 —
—	- Vestmannaeyjahjeraði:		
	laun	1,300 kr.	
	viðbót við sjálfan hann	1,150 —	
			2,450 —
—	við holdsveikraspítalann í Laugarnesi		2,700 —
	Samtals ..		71,850 kr.

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. október 1883, laun læknisins við holdsveikraspítalann samkvæmt lögum 4. febrúar 1898, og laun hinna læknanna samkvæmt lögum um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. 13. október 1899, sbr. um viðbæturnar lög nr. 15, 15. oktbr. 1875 og fjárlögin fyrir 1888 og 1889.

Við 2. *Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar* til að launa aðstoðarlækni á Akureyri.

Við 3. *Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga.*

Við 4. a.—b. *Styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar.*

Við 5. *Styrkur til tannlæknis í Reykjavík.*

Þessir liðir eru eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við 6. *Útgjöld við holdsveikraspítalann:*

Eptir reynzlu þeirri, sem fengizt hefur enn á síðastliðnu tveggja ára tímabili, hefur spítalastjórnin farið fram á ýmsar breytingar í hinni fyrri fjárhagsáætlun, sumpart hækkanir, sumpart lækkanir. Um leið og vísað skal, að því er rökstuðning og útreikning á hinum einstöku liðum snertir, í tillögur spítalastjórnarinnar, sem lagðar hafa verið til grundvallar við samning frumvarps þessa, og alþingi mun verða gefið tækifæri á að kynna sjer, skal hjer einungis gjörð grein fyrir, hverjar þessar hækkanir og lækkanir eru:

Hækkaðir eru þessir liðir:

a. Laun til starfsmannanna úr 5,065 kr. upp í 5,265 kr. árlega, eða um 200 kr., en um þá upphæð er farið fram á, að laun yfirhjúkrunarkonunnar verði hækkuð. Yfirhjúkrunarkona sú, sem hingað til hefur verið, fór frá 1. maí þ. á. og önnur ný var skipuð af stórsír Odd-fellow-reglunnar, en hann gat ekki fengið neina hjúkrunarkonu, er hæf væri í þessa ábyrgðarmiklu stöðu, fyrir minni laun en 800 kr., er aukist um 100 kr. fimmta hvert ár þar til þau verða 1,000 kr. Hækkun þessi fyrir tímabilið frá 1. maí þ. á. til ársloka mun verða tekin upp í frumvarpið til fjáraukalaga fyrir 1902 og 1903.

c. Klæðnaður sjúklinganna úr 600 kr. upp í 800 kr. árlega, þar eð hin fyrirfarandi fjárveiting hefur reynzt ónóg.

e. Eldsneyti úr 3,000 kr. upp í 3,035 kr. árlega.

f. Ljósmeti úr 425 kr. upp í 475 kr. árlega.

h. Húsbúnaður og áhöld úr 600 kr. upp í 800 kr., þar eð nauðsynlegt er að útvega ný sængurföt og handklæði.

o.—p. Lagt er til, að hin fyrirfarandi 1,000 kr. fjárveiting til ýmsra útgjalda verði hækkuð og skipt í tvo gjaldaliði, þannig að til skatta og brunaábyrgðargjalds verði veittar 717 kr. 19 a. á ári og til ýmsra útgjalda 700 kr. árlega, og verður þetta árleg hækkun um 417 kr. 19 a. Hækkunin stafar sumpart frá, að brunaábyrgðargjaldið hefur hækkað, sumpart frá því, að spítalastjórnin hefur farið fram á nýja útgjaldagrein til þess að kaupa tóbak handa sjúklingunum.

Öll hækkunin nemur þannig 1,102 kr. 19 a. árlega.

Þessir liðir eru lækkaðir:

k. Greptrunarkostnaður úr 500 kr. niður í 250 kr. árlega.

l. Flutningskostnaður úr 75 kr. niður í 30 kr. á ári.

n. Hesta- og hænsnafóður úr 225 kr. niður í 125 kr. árlega, þar eð spítalinn hefur nú fengið handdælu til þess að soga upp vatn, svo að eigi þarf að halda nema einn hest.

Öll lækkunin nemur því 395 kr. árlega.

Obreyttir eru eptirtaldir liðir:

b.	Viðurværi ...	12,273 kr.	18 a.
d.	Meðul og sáraumbúnaður	1,400 —	„ -
g.	Viðhald á húsum	1,200 —	„ -
i.	Þvottur og ræsting	800 —	„ -
m.	Til að skemmta sjúklingunum	200 —	„ -

Þar eð nú sú 400 kr. launaviðbót, sem veitt er í núgildandi fjárlögum til hinnar fyrverandi yfirhjúkrunarkonu sjálfrar, fellur í burtu þar sem önnur er skipuð, nemur þá hækkun á hinni reglulegu fjárhagsáætlun að frádreginni niðurfærzlunni 307 kr. 19 a. árlega.

Af aukaútgjöldum er lagt til undir staflið r að veittar verði fyrir árið 1904 4,000 kr. til þess að byggja geymsluhús, þetta er hin sama fjárveiting, sem farið var fram á í frumvarpinu til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, en eigi var samþykkt af þinginu, þar eð það áleit að 1,500 kr. fjárveiting mundi nægja til þessa. Þar eð spítalastjórnin hefur talið þessa 1,500 kr. fjárveitingu öldungis ófullnægjandi, eins og nánar er skýrt frá í tillögum hennar, er landshöfðingi hefur fallizt á, þá hefur fjárveitingin ekki verið notuð, en hins vegar er hér á ný lagt til að veittar verði 4,000 kr. og skal að öðru leyti vísað til upplýsinga þeirra og áætlana viðvíkjandi þessa máli, er alþingi 1901 voru fengin.

Við 7. *Útgjöld við bólusetningar* eru talin eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 8. *Önnur útgjöld.* Af upphæðum, er áður hafa verið veittar í þessari gjaldagrein er nú burtfallnar 24 kr. til yfirsetukonu í Reykjavík sem viðbót fyrir hana sjálfa, þar eð hún er dáin. Aptur á móti er nýjum gjaldalið bætt við, sem sé upphæðinni undir staflið i: gjöld samkvæmt 25. gr. í lögum 6. nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, og þykir mega telja þau útgjöld 1,000 kr. árlega. Aðrir gjaldaliðir eru eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 9. *Til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.* Samkvæmt fyrnefndum lögum 6. nóvember 1902, 6. og 25. gr., sbr. fjáraukalög fyrir árin 1902 og 1903 25. september 1902, 3. gr. 2., skal reisa sóttvarnarhús í þessum tveim kaupstöðum. Útgjöldin til hvorrar af þessum byggingum má telja 4,000 kr., en sú upphæð var veitt á fyrgreindum fjáraukalögum til að reisa sóttvarnarhús á Seyðisfirði. Það er því farið fram á að veittar verði 8,000 kr. fyrir 1904.

Við 10. *Uppbót til hjeraðslæknis Stefáns Gíslasonar fyrir flutning til Hróarstungu læknishjeraðs.* Með lögum um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. 13. október 1899 var hinu fyrverandi 14. læknishjeraði skipt í tvö læknahjeruð, sem sje Hróarstunguhjerað, sem er talið í 3. flokki, og Fljótsdalshjerað, sem er talið í 4. flokki; í hið síðartalda hjerað var svo skipaður nýr læknir, en Hróarstunguhjeraði hjelt Stefán læknir Gíslason, sem hafði verið skipaður hjeraðslæknir í 14. læknishjeraði 13. janúar 1896. Samkvæmt 2. gr. greindra laga var því næst eptir tillögu hlutaðeigandi

sýslunefndar ákveðið með auglýsingu 14. nóvember 1901, að læknirinn í Hróarstunguhjeraði skyldi búa á einhverri af 3 tilteknum jörðum í Hjaltastaða- og Tunguhreppum, og þar eð hjeraðslæknir Stefán Gíslason bjó á Úlfsstöðum í Vallahreppi, sem er í Fljótsdalshjeraði, fjekk hann skipun um að flytja að einhverri af hinum umræddu jörðum. Tjeður hjeraðslæknir hefur svo sent bænarskrá um að fá 2,500 kr. uppbót fyrir flutning sinn til Hróarstunguhjeraðs, og tilfærir í umsókninni, er þinginu mun gefinn kostur á að kynna sjer, að hann fyrir fáum árum hafi kostað miklu til að fá jörðina Úlfsstaði og byggja hús þar, og þeim kostnaði verði að mestu leyti varið til ónýtis, er hann flytji til Hróarstunguhjeraðs, og vanti hann alveg fje til að kosta flutninginn og reisa bústað í hinu nýja hjeraði. Þar sem landshöfðingi hefur kveðið það rjett vera, sem í umsókninni segir, verður að álíta sanngjarnt, að hjeraðslækni Stefáni Gíslasyni verði veitt eins há uppbót eins og hjeraðslækni Júlíusi Halldórssyni er veitt af líkum ástæðum í núgildandi fjárlögum.

Við 12. gr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

Við 1. a.—c. *Laun.*

Launin handa póstmeistaranum ern talin eins og í núgildandi fjárlögum, en hins vegar er lagt til undir b. 1. að laun handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur verði hækkuð um 1,000 kr. upp í 9,500 kr. og styðst sú tillaga við það, að störfin fara stöðugt vaxandi, einkum eptir að nýju póstlögin gengu í gildi og innleitt var að skiptast á póstávísunum innanlands.

Af sömu ástæðum og einkum vegna hinnar miklu fólksfjölgunar í Reykjavík og hinna auknu viðskipta við útlönd, er lagt til undir b. 2. að hækka fjárveitinguna handa póstafgreiðslumönnum í Reykjavik um 1,000 kr. upp í 3,500 kr., þannig að 3 póstafgreiðslumenn verði skipaðir í stað 2. Við það yrði líka hægt að hafa pósthúsið opið allan daginn, og er það nú ekki til lítilla óþæginda, einkum fyrir ferðamenn og sjómenn, að það verður að vera lokað frá kl. 2—4.

Lagt er til að fjárveitingin undir c. handa brjefhirðingamönnum verði hækkuð um 500 kr., því að margir þeirra hafa kvartað yfir hinum ónógu launum, þar sem störfin færu svo vaxandi, enda verður og líka að fjölga þeim.

Við 2. *Póstflutningur.*

Við 3. *Til póstvagnaferða.*

Við 4. *Önnur útgjöld.*

Þessir liðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum, einungis lagt til undir 4. f., að fjárveitingin til brjefaburðar í Reykjavík verði hækkuð um 200 kr., þar sem viðskipti fara svo vaxandi.

Við 5. *Til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum.* Með þessari fjárveitingu verður hægt að útvega 8 eldtrausta járnskápa, og hafa þá allir 22 póstafgreiðslumenn á landinu fengið slíka skápa, og má telja það einkar æskilegt, þar

sem póstafgreiðslumennirnir hafa nú opt mikið fje fyrirliggjandi eptir að hægt er orðið að skiptast á póstávísunum innanlands.

Við 6. *Til að koma pósthússkjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður.*

Þar eð húsrúm er orðið alltof lítið í hinu núverandi pósthúsi í Reykjavík sökum hinna mjög auknu póststarfa, hefur póstmeistarinn lagt til, að á því verði ráðin bót sumpart með því að setja pósthúskjallarann svo í lag, að bögglapósturinn verði þar sorteraður og látinn niður, sumpart með því að byggja allstóran viðbæti við pósthúsið og mundi þetta síðartalda kosta um 20,000 kr. Þar sem nú póstmeistarinn álítur að breyting á kjallaranum mundi fullnægja kröfunum í fyrstu 2—3 ár, hefur verið látið nægja að fara fram á, að upphæð sú, er til þess þarf, 800 kr., verði veitt fyrir árið 1904.

B.

Til vegabóta.

Við 1. a.—b. *Til verkfræðings landsins.*

Við 2. *Til verkfróðra manna* við hinar vandaminni samgöngubætur. Þessir liðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 3. *Til flutningabrauta.*

Við 4. *Til þjóðvega.*

Í 3 síðustu fjárlögum hefur verið veitt talsvert stærri upphæð til þjóðvega en flutningabrauta, en nú er lagt til, samkvæmt tillögum verkfræðings Sigurðar Thoroddsens, er landshöfðingi hefur fallizt á, að fjárveitingin til flutningabrauta sje hækkuð að mun, og fjárveitingin til þjóðvega höfð lægri en á seinni árum. Það er sem sje gjört ráð fyrir því, að þar sem í mörg ár hefur verið varið miklu fje til að gjöra við þjóðvegina, þá sje nú ráðin svo mikil bót á hinu slæma ástandi, er þeir voru í áður, að menn megi snúa sjer betur að því takmarki, sem jafnan hefur verið haft fyrir augum, að koma á flutningabrautum, svo að það geti orðið almennt að nota vagna til flutninga.

Af fjárveitingum þeim, er lagt er til að veittar verði til þjóðvega, er ætlazt til að sumu verði varið til að bæta þá vegi, er áður hafa verið lagðir, og sumu til að leggja nýja vegi, einkum yfir Mosfellssveitina, til vegarins á Mýrunum frá Hítará til Barnaborgarhrauns, til vegagjörðar frá Akureyri yfir Kræklingahlíð til Moldhaugnaháls og til vegagjörðar í Geithellnahreppi í Austuramtinu.

Við 5. *Til fjallvega.* Þessi liður er talinn eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 6. *Til að kaupa áhöld og verkfæri og viðhald þeirra o. fl.* Útgjöld til þessa hafa ekki áður verið talin í einum sjerstökum lið í fjárlögunum, en hefur verið skipt niður á fjárveitingarnar til hinna ýmsu vegagjörða. Sú niðurskipun hefur í reikningslegu tilliti verið bæði gjörræðisleg og nokkrum vanda bundin, og því er nú eptir tillögu verkfræðings Sigurðar Thoroddsens lagt til, að þessar upphæðir verði veittar undir einum sjerstökum gjaldlið.

Öll útgjöldin til vegabóta verða þá 160,000 kr., og nemur það hinu sama og hinar reglulegu fjárveitingar í núgildandi fjárlögum.

C.

Við 1. *Til gufuskipaferða.*

Með brjefi dags. 2. október f. á. sagði hið sameinaða gufuskipafjelag upp frá 1. janúar 1904 samningi þeim, er gjörður var 5. nóvember 1897 milli stjórnarráðsins og fjelagsins um póstgufuskipaferðir til Íslands og Færeyja, og bar fjelagið það fyrir, að ábatinn af Íslandsferðum þess hefði ekki á seinna árum hins núgildandi samningatímabils orðið eins og búizt hefði verið við.

Stjórnarráðið skoraði nú á fjelagið að koma með tilboð og tillögu um nýjan samning, er kæmi í stað hins uppsagða, og sendi því um leið álitsskjal, er komið hafði frá nefnd þeirri, er á síðasta alþingi var kosin til að íhuga samgöngumál Íslands.

Eptir að málið hafði verið rætt munnlega nokkra hríð, fjekk stjórnarráðið frá fjelaginu 5 mismunandi tillögur um áframhald póstgufuskipaferðanna sumpart með sumpart án strandferða þeirra kringum landið, sem nú er haldið uppi. Skal hjer á eptir gefið yfirlit yfir þær svo og tilboð, er síðar hafa fengizt, og verður þinginu líka gefið færi á að kynna sjer bæði uppköst þau til ferðaáætlana, sem tillögunum fylgdu, sem og öll þau brjefaskipti, er orðið hafa um málið.

Stjórnarráðið leitaði því næst álits landshöfðingjans um greindar tillögur; var það á þá leið að hann gæti ekki ráðið til að aðhyllast neina tillögu, er miðaði að því að minnka samgöngur þær, er nú væru, sízt af öllu tillögur þær, er færu fram á að fækka strandferðunum. Hins vegar mælti hann með tillögu þeirri frá fjelaginu er merkt er A., sbr. hjer á eptir nr. 1; gjörir hún ráð fyrir 20 ferðum til Íslands, og á 16 af þeim verður ekki komið við á Færeyjum, strandferðunum verður haldið uppi eins og nú, en sjerstakt skip skal fara 13 ferðir milli Kaupmannahafnar—Leith og Færeyja, en hjer er áskilinn 150,000 kr. styrkur, sem sje 60,000 kr. hækkun á hinum núverandi styrk, sem er 50,000 kr. úr landssjóði og 40,000 kr. úr ríkissjóði. Landshöfðingi var þó þeirrar skoðunar, að ríkissjóður ætti að miklu leyti að greiða þessa viðbót á styrknum, vegna þess að frumvarpið færi fram á að fjölga millilandaferðunum, einkum ferðunum til Færeyja.

Stjórnarráðið reit þessu næst til innanríkisstjórnarinnar til að spyrjast fyrir um afstöðu hennar til væntanlegrar hækkunar á styrknum úr ríkissjóði, og hvort auðið mundi, að fá hana þegar á fjárlögunum fyrir 1903—04. Innanríkisráðaneytið vildi ekki gjöra neina tilraun að því er þetta síðartalda snertir, þar eð svo langt væri liðið á ríkisþingstímann og meðferð fjárlaganna þar svo langt komin, en annars var það í svari sínu málinu mjög hlynt, og kvaðst fúst að fara fram á að fá veitta 25,000 kr. hækkun á styrknum úr ríkissjóði, svo framarlega sem menn gætu orðið ásáttir um að koma greindri ferðaáætlun i framkvæmd með nokkrum breytingum. Fóru þær í þá átt, að komið yrði við í Færeyjum í nokkrum fleiri ferðum, en þó þannig, að Íslandsskipin skyldi einungis koma þar við vegna farþega og pósts, en væru ekki skyldug til að taka farm til og frá Færeyjum, og einungis koma þar við á einni höfn. Töf af að koma við í Færeyjum mætti þá telja næsta þýðingarlausa. Þessi breyting á hinni umræddu ferðaáætlun var rökstudd með því, að samgöngurnar milli Færeyja og Íslands og Færeyja og meginlandsins yrðu annars minni en áður, að því er farþega-

flutning snertir, meðal annars vegna þess að gjöra mætti ráð fyrir að lakari skip yrðu notuð til hinna sjerstöku Færeyja-ferða.

Stjórnarráðið fyrir Ísland skrifaði svo fjelaginu um það, hvort það mundi vilja koma ferðaáætlun þessari í framkvæmd með breytingum þeim, er innanríkisráðaneytið krafðist, gegn 140,000 kr. styrk, því að það kvaðst ekki geta lagt til, að styrkurinn frá Íslandi yrði hækkaður um meira en 25,000 kr. til þess að þessi ferðaáætlun fengist.

Fjelagið hefur nú í brjefi dags. 5. maí þ. á. tjáð sig fúst til þessa, sbr. hjer á eptir tilboðið undir nr. 6.

Stjórnarráðið fer því fram á, að veittur verði af landssjóði til að koma í framkvæmd þessari ferðaáætlun árlegur styrkur, er þar til krefst, 75,000 kr. að upphæð. Að vísu þykir því ekki tormerkjalaust að fara fram á svo mikla hækkun á styrknum, en þar eð það er fyllilega ljóst af málaleitunum við fjelagið, að það er til þess, að strandferðunum verði haldið uppi, sem hækkun styrksins frá Íslandi er nauðsynleg, og þar eð stjórnarráðinu er kunnugt um, að mönnum á Íslandi mundi það mjög um geð, ef þeim ferðum væri fækkað, enda þótt þær alls ekki borgi sig og hafi því tiltölulega mikinn kostnað í för með sjer, þá hyggur það, að þetta frumvarp muni mest láta að óskum þingsins. Það hefur þannig ekki getað farið fram á neina fjárveitingu til tilboðs þess, sem komið hefur frá gufuskipafjelaginu „Thore“ og síðar verður getið, en þinginu verður gefinn kostur á að kynna sjer það tilboð sem og öll önnur tilboð, sem fram eru komin.

Þar sem nú til þess, að þessu frumvarpi verði komið í framkvæmd, krefst, að í hinum dönsku fjárlögum fáist hækkun á styrknum úr ríkissjóði, verða menn að vera við því búnir, að slík hækkun verði ekki veitt, og því er farið fram á, að stjórninni, ef svo færi, verði heimilt að verja því fje, allt að 80,000 kr. á ári, sem þarf auk styrks þess, sem nú er veittur úr ríkissjóði, 40,000 kr., til að haldið verði uppi gufuskipaferðunum í sama mæli og nú, sbr. nr. 9 hjer á eptir.

Tilboðin, sem fyrir liggja frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi, eru sem hjer segir:

1. Ferðaáætlun A., 20 ferðir til Íslands, og í 16 ferðum af þeim verður ekki komið við á Færeyjum; 13 ferðir með sjerstöku skipi milli Kaupmannahafnar—Leith og Færeyja. Strandferðir eins og hingað til. 150,000 kr. styrkur (þar af 40,000 kr. úr ríkissjóði).

2. Ferðaáætlun B. 18 ferðir til Íslands, og í 15 af þeim ekki komið við í Færeyjum; 12 með sjerstöku skipi til Færeyja. Strandferðum fækkað til helminga. 120,000 kr. styrkur (þar af 40,000 kr. úr ríkissjóði).

3. Ferðaáætlun C. 16 ferðir til Leith—Færeyja—Íslands. Strandferðum fækkað um helming. 90,000 kr. styrkur (þar af 40,000 kr. úr ríkissjóði).

4. Eins og ferðaáætlun fjelagsins 1897, sem sje 14 ferðir til Færeyja og Íslands, þar af 4 ferðir norður um land og 3 ferðir til Vesturlandsins. Engar strandferðir. Enginn styrkur úr landssjóði, en 40,000 kr. úr ríkissjóði.

5. Ferðaáætlunin C, sem að ofan er talin undir nr. 3, án strandferða, sem sje 16 ferðir til Færeyja og Íslands. 60,000 kr. styrkur (þar af 40,000 kr. úr ríkissjóði).

6. Ferðaáætlunin A, sem talin er undir nr. 1, með breytingum þeim, er innanríkisstjórnin hefur gjört að skilyrði, þannig: 20 ferðir til Íslands, þar af ekki komið við í Færeyjum á 10 útferðum og 11 utanferðum, en á 8 útferðum og 6 utanferðum komið þar við einungis með póst og farþega, og á 2 útferðum og 3 utanferðum einnig með flutning. Þar að auki strandferðir eins og hingað til. 140,000 kr. styrkur (þar af 65,000 kr. væntanlegar úr ríkissjóði).

7. Sömu ferðir með strandferðunum fækkuðum um helming. 120,000 kr. styrkur (þar af 65,000 kr. væntanlegur úr ríkissjóði).

8. Sömu ferðir án strandferða. 90,000 kr. styrkur (þar af 65,000 kr. væntanlegar úr ríkissjóði).

9. Eins og núgildandi ferðaáætlun, þar með taldar allar strandferðirnar. 120,000 kr. styrkur (þar af 40,000 kr. úr ríkissjóði).

Auk þessa hefur stjórnarráðið, eins og áður er vikið að, fengið tilboð frá stórkaupmanni Thor E. Tulinius, sem framkvæmdarstjóra gufuskipafjelagsins „Thore", um að takast strandferðirnar á hendur gegn 60,000 kr. styrk á ári, eða, ef samningurinn eigi að gilda í 5 ár, gegn 65,000 kr. styrk á ári. Samkvæmt þessu tilboði verður strandferðum haldið uppi í sama mæli og hingað til, en þannig, að þær verða settar í samband við millilandaferðir.

Í sambandi við þetta skal það tekið fram, að öll tilboðin frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi eru því skilyrði bundin, að ekki verði veittur styrkur úr ríkissjóði eða landssjóði til annara skipaútgerða landa á milli.

Við 2. *Til gufubátaferða.*

Upphæðirnar undir stafliðunum a. og b. eru taldar óbreyttar eins og í núgildandi fjárlögum; hins vegar hefur samkvæmt tillögum landshöfðingja ekki þótt ástæða til að fá endurtekna fjárveitingu þá, sem fyrir yfirstandandi ár er veitt til gufubátsferða á Breiðafirði.

D.

Til ritsíma milli Íslands og útlanda.

Að því er þenna lið snertir skal tekið fram, að stjórnarráðið fyrir almenningsfyrirtækjum hefur verið að semja um að koma á símlausu firðritunarsambandi, en ekkert verður að svo komnu sagt um það, hvort sú málaleitun muni innan skamms leiða til nokkurs árangurs, þar eð málið hefur sem stendur verið fengið ritsímastjóranum til verkfræðilegrar rannsóknar. Þar eð telja má víst, eins og nú stendur á, að til þess komi ekki á fjárhagstímabilinu, að athugasemd sú, sem tengd er við ritsímafjárveitinguna í núgildandi fjárlögum, fái nokkra þýðingu í framkvæmdinni, og þar eð stjórnarráðið telur það óhentugt, að hendur stjórnarinnar sjeu bundnar með skilyrðum þeim, sem tekin eru upp í 5 gr. fjáraukalaganna frá 25. sept. 1902, hefur það í samráði við fyrnefnt stjórnarráð orðað fjárveitinguna þannig, að stjórninni sje í sjálfsvald sett að verja fjárveitingunni hvort heldur er til símlauss firðritunarsambands eða ritsímasambands eða ef til vill til hvorstveggja þessa sameinaðs.

E.

Til vita.

Við a. *Til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa.*

Við b. *Til eptirlitsferða.*

Við c. 1.—7. *Til vitans á Reykjanesi.* Allt sem talið er undir þessum liðum er eins og í núgildandi fjárlögum, að því undanskildu, að viðbót til vitavarðarins á Reykjanesi fyrir sjálfan hann, sem áður var talin undir c. 1., er nú fallin burt við dauða hans.

Við d. *Til vitans á Skagatá.* Liðirnir 1.—7. eru eins og í núgildandi fjárlöglögum, en þar á móti er liðurinn 8. — 3,200 kr. fyrir árið 1904 til þess að lengja vörzlugarðinn til varnar vitanum — sjerstakleg fjárveiting. Í fjáraukalögum fyrir árin 1900 og 1901, 27. september 1901 2. gr. voru veittar 2,500 kr. til þess að byggja vörzlugarð til varnar vitanum, en eins og sjá má af athugasemdunum við frumvarp til fjáraukalaga fyrir sama fjárhagstímabil, sem lagt verður fyrir alþingi þetta ár, var varið talsvert hærri upphæð til þess að byggja greindan vörzlugarð. En eptir að þessari upphæð hefur verið varið til byggingarinnar, getur umsjónarmaður vitanna við Faxaflóa þó enn ekki álitið, að vitinn sje varinn til hlítar gegn hinu ákafa brimi, sem smám saman brýtur upp jörðina kringum vitann, því að vörzlugarður sá, sem þegar hefur verið byggður, nær ekki kringum allan vitann, en ver hann einungis á þeim stöðum, sem hættan var mest. Þar af leiðandi álítur hann nauðsynlegt að lengja vörzlugarðinn alla leið umkring vitann. Kostnaðurinn við þetta verður samkvæmt áætlun, er forstjórinn fyrir vinnunni við vörzlugarð þann, sem þegar hefur verið byggður, hefur samið, 3,195 kr. 94 a.

Við e. *Til vitans við Gróttu.*

Við f. *Til árlegra útgjalda vi vita á Dalatanga vi Seyisfjörð.*

Við g. *Til tveggja vita við leiina inn á Hafnarfjör.*

Þessir liðir eru eins og samsvarandi liðir í núgildandi fjárlögum.

Við h. *Til vitans á Arnarnesi í Skutilsfirði.* Í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil 25. sept. 1902, 6. gr., var veitt til vitahalds 600 kr. hvort árið. Eptir skýrslu frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu verður þessi upphæð ekki nægileg framvegis, því að til áhalda og viðhalds verði að gjöra ráð fyrir, að gjöldin verði hin sömu og til vitans á Skagatá, þó er búizt við að útgjöldin til olíu verði nokkuð hærri, þar sem vitinn á Arnarnesi er tvöfaldur, sem sje sumpart speglaviti, sumpart ljósbrotsviti. Greindur sýslumaður hefur talið nauðsynlegt að veita á ári 700 kr. í laun handa vitaverði, þar eð hann geti ekki haft aðra atvinnu þann tíma ársins, sem vitinn er tendraður; en samkvæmt tillögum landshöfðingja hefur stjórnarráðinu þótt rjettast að láta nægja að telja launin hin sömu og til vitavarðanna á Skagatá og Gróttu, sem sje 400 kr. á ári.

Við i. *Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.*

Við k. *Styrkur til ljóskers á Skipaskaga.*
Þessi útgjöld eru talin eins og í núgildandi fjárlögum.

Við l. *Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði* er farið fram á að veitt verði hin sama upphæð og veitt er fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil í fjáraukalögum 25. september 1902, 6. gr.

Við 13. gr.

A. Í þarfir andlegu stjettarinnar.

Við A. a. *Árslaun biskupsins,* sem skipaður var 25. maí 1889, eru samkvæmt lögum 25. október 1875, 9. gr. og lögum 9. desember 1889, 1. og 7. gr.: laun 5,000 kr. og viðbót fyrir hann sjálfan 2,000 kr.

Við A. b. 1. *Tillag til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.* Þessi gjöld hafa árið 1901 numið 8,955 kr. 59 a., og þykir mega telja þau 9,500 kr. fyrir árið 1904 og 10,000 kr. fyrir árið 1905.

Við A. b. 2. *Til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum.* Samkvæmt tillögu stiptsyfirvaldanna, er landshöfðingi hefur fallizt á, skal lagt til að þessi gjaldaliður, sem í núgildandi fjárlögum er talinn 2,800 kr. á ári, verði hækkaður upp í 4,000 kr. árlega. Til stuðnings sínu máli hafa stiptsyfirvöldin tekið það fram, að sakir hinna láu launa, sem meginhluti presta landsins eigi við að búa, komi stöðugt bænarskrár um styrk af þessari fjárveitingu, en annars skal vísað í athugasemdirnar við samsvarandi lið í frumvarpinu til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við A. b. 3. Eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við A. b. 4. Sbr. athugasemd á fjárlagafrumvarpinu fyrir 1894 og 1895 og fjárlögin fyrir 1900 og 1901.

Við A. b. 5. Eins og í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við A. b. 6. *Viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestsekkna* er farið fram á að talin verði eins og vant er, 3,000 kr.

Við a. b. 7. Sama sem veitt er fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við A. b. 8. Sömuleiðis.

Við A. b. 9. Sömuleiðis.

Við A. b. 10. *Til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og til að útvega messuskrúða í þær.* Þessi gjaldaliður er hinn sami og farið var fram á í frumvarpinu til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil að veittur yrði, en ekki var veittur sakir þess, að þingið vildi, að af nýju yrði leitazt við að fá hlutaðeigandi söfnuði til að taka við umsjón og fjárhaldi nefndra kirkna, og í því skyni var með lögum 20. des. 1901 veitt heimild til að bjóða söfnuðunum hærra álag en heimilað var í lögum 18. des. 1897. Þar eð söfnuðirnir samt sem áður þrátt fyrir hækkun álaga hafa neitað að taka við kirkjunum, verður því nú ekki lengur slegið á frest að gjöra við þær svo við megi una á kostnað landssjóðs. Að því er snertir nauðsynina á að gjöra við þær og kostnaðinn við það, skal vísað til athugasemdanna við 13. gr. A. b. 8 í frumvarpinu til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

Við A. b. 11. *Til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík.* Þessi liður með þar við tengdri athugasemd er hinn sami og talinn var á frumvarpinu til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, en ekki var veittur þá. Synjunin var af fjárlaganefnd neðri deildar alþingis rökstudd með því, að svo yrði að álíta, að sú skylda að sjá dómkirkjunni fyrir greptrunarstæði, hvíldi á Reykjavíkurbæ, og að menn vildu fá úrskurð dómstólanna bæði um þetta mál sem og um eignarrjettinn að lóð gamla kirkjugarðs-

ins, sem lagður var niður 1837. Þar sem stjórnin samt sem áður verður að álíta að enginn efi leiki á því, að það sje skylda landssjóðs sem eiganda dómkirkjunnar að bera kostnaðinn af nauðsynlegri stækkun kirkjugarðsins, sbr. nú líka lög 8. nóvember 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, þá hefur stjórnarráðið viljað gjöra enn þá eina tilraun til að fá samþykki alþingis til að koma þessu máli í lag án þess að leita dómstólanna, og þar eð það sömuleiðis enn sem fyr æskir hins sama að því er snertir málið um lóð gamla kirkjugarðsins, er hjer tekin upp á ný óskert fjárveitingin, sem farið var fram á 1901, en að öðru leyti skal vísað í athugasemdirnar við 13. gr. A. b. 10 í frumvarpinu til fjárlaga fyrir 1902 og 1903. Einungis skal því þó bætt við, að eptir því sem stiptsyfirvöldin segja, er það álit manna, að sú bráðabirgða-stækkun kirkjugarðsins, sem gjörð var samkvæmt fjárveitingunni á fjáraukalögum fyrir 1900 og 1901 27. september 1901, 4. gr. 1., ekki hrökkvi lengra en svo, að allt hið núverandi greptrunarstæði verði útgrafið 1905.

B.

Til kennslumála.

I. Til prestaskólans.

Við a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans: laun	4,000.	4,000.	8,000.
Fyrsti kennari við tjeðan skóla: laun	2,800.	2,800.	5,600.
Annar kennari við tjeðan skóla: laun	2,400.	2,400.	4,800.
Samtals...	9,200.	9,200.	18,400.

Launin eru tilfærð samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 5. gr.

Við b. 1.—8. Gjaldliðir þessir eru að mestu leyti taldir eins og þeir eru veittir fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, einungis eru eptirtaldar breytingar gjörðar. Gjaldliðurinn undir nr. 2, námsstyrkur fyrir árið 1905 er hækkaður um 200 kr. eptir tillögu forstöðumanns prestaskólans, sem álítur, að fleiri nemendur muni verða á skólanum á næsta fjárhagstímabili heldur en á yfirstandandi fjárhagstímabili, og líka sje það nauðsynlegt að laða menn að skólanum með því að hafa námsstyrkinn ekki um of af skornum skammti, ef eigi á að verða skortur á prestum.

Fjárhæðin undir nr. 7, til ýmislegra útgjalda, er hækkuð úr 200 kr. árlega uppí 300 kr. fyrir 1904 og 250 kr. fyrir 1905, þar sem nauðsynlegt er að frásögn forstöðumannsins að kaupa nýjan ofn í aðra skólastofuna, og einnig er til þess ætlazt, að af þessu fje verði greidd útgjöldin við eldsvoðaábyrgð á áhöldum skólans.

Að því er snertir þessa síðasttöldu nýju fjárveitingu, sem og aðrar síðar taldar til eldsvoðaábyrgðargjalda fyrir eignir landssjóðs, skal tekið fram það sem hjer fer á eptir.

Þegar ýms brunabótafjelög í fyrra hækkuðu iðgjöldin fyrir ábyrgð á íslenzkum trjehúsum úr 5 uppí 7 af þúsundi, bað stjórnarráðið landshöfðingja um skýrslu yfir allar þær ábyrgðir, sem keyptar voru á húsum, söfnum, áhöldum o. fl., er tilheyrði landssjóði, ásamt skrá yfir upphæð ábyrgðarfúlgunnar og iðgjaldsins. Þegar það nú varð ljóst af skýrslu þessari, að ýms lausafjársöfn, og sum þeirra alls ekki svo lítil, voru óvátryggð, bað stjórnarráðið hann um að koma með tillögur og frumvarp viðvíkjandi þeim fjárveitingum, sem þyrfti að fara fram á til þessa. Landshöfðingi hefur því næst leitað álita þeirra yfirvalda, er hinir óvátryggðu munir heyra undir, og verður þinginu veitt tækifæri á að kynna sjer þau; hann hefur svo lagt til, að fara fram á fjárreitingu til þess að vátryggja eptirtöld lausafjársöfn:

1. Áhöld prestaskólans og þann hluta af bókasafni hans, sem geymdur er í prestaskólahúsinu, fyrir 2,000 kr.
2. Muni og kennsluáhöld læknaskólans, fyrir 5,650 kr.
3. Muni, vísindaleg áhöld og kennsluáhöld lærða skólans, fyrir 15,800 kr.
4. Muni og kennsluáköld stýrimannaskólans, fyrir 3,200 kr. og
5. Landsbókasafnið, sem nú er vátryggt fyrir 100,000 kr., fyrir 120,000 kr.

Hins vegar leggur hann það til, að hvorki forngripasafnið nje landsskjalasafnið verði vátryggð, sumpart vegna þess, að það væri að litlu leyti hægt að bæta upp þessi söfn, ef þau færust, hversu hátt sem þau yrðu vátryggð, sumpart vegna þess að þau eru annað í bankahúsinu og hitt í alþingishúsinu og því brunahættan lítil. Ekki heldur finnst honum næg ástæða til, meðan ábyrgðarkjörin eru svo óhagkvæm sem nú, að vátryggja bókasafn hins lærða skóla, sem er í sjerstöku húsi þar sem lítil eldshætta er, nje þann hluta af bókasafni prestaskólans, sem er í sama húsi. Loks álítur hann að það heyri undir verksvið alþingis að ákveða um það, hvort vátryggja skuli áhöld alþingishússins og málverkasafnið þar í húsinu.

Þessar tillögur landshöfðingja eru lagðar til grundvallar við samningu fjárlagafrumvarpsins.

II. Til læknaskólans.

Við a. Gjöldin í þessum gjaldlið liðast sundur á þenna hátt:

Þóknun sú, sem veitt er lækninum í 1. læknishjeraði fyrir kennslu á skólanum, nemur samkvæmt lögum 11. febrúar 1876.....	800 kr.
Laun hins fasta kennara eru samkvæmt lögum 8. nóvember 1883.....	2,400 —
Alls á ári...	3,200 kr.

Við b. 1.—8. *Önnur útgjöld.*

Þessir gjaldliðir eru taldir eins og í fjárlögunum fyrir 1902 og 1903 að undanteknum 8. lið, sem er hækkaður um 50 kr. á ári, og er ætlazt til að þeirri upphæð verði varið til eldsvoðaábyrgðar á munum skólans og vísindalegum áhöldum.

III. Hinn lærði skóli.

Við a. *Laun.*

Forstjóri hins lærða skóla	3,600 kr. á ári
Yfirkennarinn	3,200 — - —
Fyrsti kennari	2,800 — - —
Annar kennari	2,800 — - —
Þriðji kennari	2,400 — - —
Fjórði kennari	2,400 — - —
Fimmti kennari	2,000 — - —
Samtals...	19,200 kr. á ári

Launin eru talin eptir lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

Við b. *Aðstoðarfje.* Eins og í núgildandi fjárlögum, nema að farið er fram á að fjárveitingin til dyravarðar verði hækkuð um 100 kr. árlega. Þessi hækkun er í tillögu skólastjórans, sem stiptsyfirvöldin hafa fallizt á, rökstudd með því, að vatnseyðsla skólans hafi vaxið feyknamikið eptir að baðáhald var sett upp í skólanum, en það eykur mjög vinnuna fyrir dyraverði við vatnsburð.

Við c. 1. *Til bókasafns skólans.* Skólastjóri hefur farið fram á, að þessi gjaldaliður, sem í núgildandi fjárlögum er talinn 500 kr. árlega, yrði hækkaður uppí 720 kr. á ári, en sú upphæð var veitt á fjárlögunum fyrir 1900 og 1901, þar eð hann álítur 600 kr. hæfilegt fje til bókakaupa, en 120 kr. skyldi varið árlega til þess að halda áfram skrásetningu bókasafnsins, en að henni hefur ekki orðið unnið á yfirstandandi fjárhagstímabili vegna þess að fjárveitingin var færð niður. Stiptsyfirvöldin hafa þó ekki fallizt á þessa tillögu, og landshöfðingi hefur álitið það nægja, að alls yrðu veittar 600 kr. á ári, þannig að af þeim yrði varið 120 kr. á ári til þess að semja bókaskrá. Stjórnarráðið hefur því talið gjaldliðinn, eins og landshöfðingi hefur farið fram á, alls 600 kr. árlega, en það er sama upphæð og veitt var í fjárlögunum frá 1875 til 1897.

Við c. 2. *Til eldiviðar og ljósa.* Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við c. 3. *Til skólahússins utan og innan.* Þær 900 kr., sem farið er fram á að hin venjulegu útgjöld til þessa verði hækkuð um árið 1904, skiptast í 2 liði sem sje:

Til aðgjörða á bókhlöðunni	500 kr.
Til að kaupa organharmóníum til notkunar við söngkennsluna	400 —
Samtals...	900 kr.

Að því er hina fyrtöldu fjárveitingu snertir, skal þess getið, að árið 1900 var veitt fje til að leggja nýtt gólf í bókhlöðuna, en það fje hrökk einungis til að leggja gólf í sjálfan bókasalinn, en hins vegar varð ekki gjört við 3 herbergi, sem eru fyrir framan bókasalinn. Gólfið í þessum herbergjum er nú orðið svo fúið, að eigi verður komizt hjá að gjöra við það; samkvæmt áætlun, er fengin hefur verið, mun til þess þurfa 500 kr.

Þar eð fortepíanó það, sem notað hefur verið við söngkennsluna og er 50 ára gamalt, er nú orðið ónotandi, hafa yfirvöld skólans mælt með, að organharmóníum

verði útvegað, þar sem það bæði væri ódýrara og hagkvæmara en nýtt fortepíanó. Kostnaðurinn við það er ætlað að muni nema 4—500 kr., en þar eð nokkuð af þessari upphæð getur ef til vill fengizt við að selja hið gamla hljóðfæri, er farið fram á að fjárveitingin verði 400 kr.

Við c. 4.—8. Þessir liðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við c. 9. *Ýmisleg útgjöld.* Til þess að munum skólans og vísindalegum áhöldum verði haldið tryggðum fyrir eldsvoða, er þessi liður talinn 100 kr. hærri árlega en í núgildandi fjárlögum.

Við c. 10. Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við c. 11. *Til vísindalegra áhalda við kennslu í náttúrusögu og eðlisfræði.* Þessir liðir eru eptir tillögum yfirvalda skólans færðir niður, hinn fyrri um 50 kr. og hinn síðari um 100 kr. árlega.

Við c. 12. Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við c. 13. *Til áhalda við fimleikakennsluna.* Eptir tillögum skólastjóra er þessi liður talinn 100 kr. lægri hvort árið en í núgildandi fjárlögum.

IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.

Þar eð engu fullnaðarlagi hefur verið komið á þenna skóla síðan skólahúsið brann, eru útgjöldin talin eptir því bráðabirgða-ástandi, sem hann er í nú.

Við a. *Laun.* Þar sem skólastjóra með lögum nr. 19, 4. nóvember 1881 er lagður til leigulaus bústaður, mun hann eiga heimtingu á húsaleigustyrk, þar til honum verður fenginn nýr leigulaus bústaður. Þar af leiðandi er þessi gjaldliður hækkaður um 400 kr. hvort árið.

Við b. *Önnur útgjöld.* Liðurinn með útgjöldum til skólahússins utan og innan, sem áður hefur verið talinn, fellur burtu, og álitið er að færa megi niður í 300 kr. á ári fjárveitinguna til eldiviðar og ljósa, en hins vegar er farið fram á, að gjaldliðurinn til bóka- og áhalda-kaupa við kennsluna sje hækkaður nokkuð, þar sem margar bækur og kennsluáhöld fórust í skólabrunanum. Aðrir liðir eru eins og í núgildandi fjárlögum.

V. Til stýrimannnskólans.

a. *Laun* eru talin eins og í núgildandi fjárlögum.

b. 1. Farið er fram á, að fjárveitingin til *tímakennslu* verði hækkuð um 200 kr. árlega, og er sú hækkun nauðsynleg vegna þess, að vjelafræði hefur verið innleidd sem kennslugrein í skólanum.

b. 2. *Til áhaldakaupa* o. fl. er farið fram á, að verði veitt 200 kr. meira en í núgildandi fjárlögum, þar eð fje það, sem hingað til hefur verið veitt, samkvæmt áliti forstöðumannsins, sem stiptsyfirvöldin hafa fallizt á, nægir ekki til að útvega ný áhöld og gjöra við áður fengin, sem þörf er á, bæði vegna þess, að tala lærisveinanna eykst og svo sakir þess að vjelafræðiskennslan útheimtir endurnýjun og viðhald allkostnaðarsamra áhalda.

Við b. 3. *Til eldiviðar og ljósa.* Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við b. 4. *Ýmisleg útgjöld.* Farið er fram á að þessi liður verði hækkaður um 100 kr. árlega, svo að munum og kennsluáhöldum skólans verði haldið tryggðum fyrir eldsvoða.

Við b. 5. *Styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvjelafræði.* Forstöðumaðurinn hefur sótt um, og stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa mælt með því, að styrkur verði veittur til annars af kennurum skólans til þess að fara til Danmerkur sumarið 1904 til þess að fullkomna sig í vjelafræði. Að vísu hafa báðir kennarar skólans tekið próf í þessari grein, en þekking sú, sem þeir hafa aflað sjer við það, er ónóg, til þess að kenna frá sjer þá grein.

Samkvæmt þessu er farið fram á, að veittar verði fyrir árið 1904 500 kr. í þessum tilgangi.

VI. Til annarar kennslu.

Allir þessir gjaldliðir eru taldir eins og hinir venjulegu útgjaldaliðir til hins sama í núgildandi fjárlögum.

VII. Til sundkennslu.

Þessi gjaldliður er eins og í núgildandi fjárlögum.

VII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kennslu í teikning og trjeskurði í Reykjavík.

Eins og það sem veitt er fyrir árið 1903.

Við 14. gr.

A. Til vísinda og bókmennta.

Við 1. *Til landsbókasafnsins.*

a. *Laun bókavarðar.* Bókavörður hefur sent bænarskrá um, að laun hans yrðu hækkuð úr 1,500 kr. upp í 2,000 kr. árlega. Bæði stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa mælt með, að bænarskránni yrði sinnt með því skilyrði, að bókasafninu yrði framvegis haldið opnu fyrir almenning hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 5—7 síðdegis, þó svo að á hinum síðartöldu síðdegisstundum verði eigi gerðar eins miklar kröfur til bókavarðar og endranær. Þar eð álíta verður, að greiðari aðgangur að notkun bókasafnsins sje mjög almenningi í hag, en eigi sje hægt að gera það án þess að

hækka hin litlu laun bókavarðarins, þá er farið fram á hækkun upp í 2,000 kr. árlega, jafnframt því að við veitinguna sje tengd athugasemd um, að bókasafnið verði opið á fyrgreindum tíma.

b. *Til aðstoðarmanns við bókasafnið.* Eins og í núgildandi fjárlögum.

c.—g. Í núgildandi fjárlögum eru veittar alls 4,500 kr. á ári til bóka- og handritakaupa, bókbands, prentunar á viðaukaskrám og til að semja spjaldaskrá, en nú hefur bókasafnsstjórnin beðið um 4,400 kr. hækkun árlega á þessum fjárveitingum, sem því næst er farið fram á að skipt sje niður í hina 5 hjer umræddu undirliði. Sem ástæður fyrir hækkun þessari hefur bókasafnsstjórnin tilfært, að hin núverandi fjárveiting sje með öllu ónóg til þess að bókasafnið geti fullnægt sína ákvörðun að safna prentuðum og skrifuðum íslenzkum bókmenntum og um leið að útvega það af útlendum bókmenntum, sem sjerstaklega er mikilsvert fyrir almenning að eiga aðgang að. Þar sem nú af hinni núverandi fjárveitingu, sem nemur 4,500 kr., hafa farið árlega 800 kr. til bókbands, 800 kr. til að afrita fornrit, 1,400 kr. til niðurskipunar og prentunar á bókaskrá, og þar sem af afganginum langmestur hlutinn hefur farið til kaupa á íslenzkum bókum og handritasöfnum — en fyrir þeim gjaldlið verður líka að gjöra ráð framvegis —, þá verður einungis mjög lítið fje eptir til að kaupa útlendar bækur fyrir, svo lítið fje, að það hrekkur varla til þess að útvega helztu útlend tímarit.

Stiptsyfirvöldin hafa með einni einustu takmörkun fallizt á tillögur bókasafnsstjórnarinnar, en hins vegar hefur landshöfðingi verið þeirrar skoðunar, að suma af þeim gjaldaliðum, sem farið er fram á, mætti færa niður, svo að 1,800 kr. hækkun alls mundi vera nægileg. Í samræmi við tillögu hans leggur stjórnarráðið til, að veitt sje til þessara útgjalda alls 6,300 kr., sem svo er lagt til að skipt sje niður á hina ýmsu undirliði, sem bókasafnsstjórnin hefur farið fram á, þannig að hækkunin komi á liðinn til að útvega bækur og tímarit.

h.—i. Þar eð fje það sem hingað til hefur verið veitt til eldiviðar og áhalda sem og til eldsvoðaábirgðargjalds hefur reynzt ónógt, er farið fram á, að það sje hækkað um 50 kr. fyrra árið og 60 kr. síðara árið.

Við 2. a.—c. *Til amtsbókasafnanna.* Lagt er til að til þessa verði veitt hin vanalega upphæð.

Við 3. *Til landsskjalasafnsins.* Skjalavörður hefur í ítarlegu erindi til stiptsyfirvaldanna, sem alþingi mun gefið færi á að kynna sjer, sótt um, sumpart að laun þau, sem honum eru veitt, verði hækkuð úr 1,200 kr. upp í 1,800 kr., sumpart að aðrar fjárveitingar til skjalasafnsins verði hækkaðar. Að því er hið fyrtalda atriði snertir, hafa bæði stiptsyfirvöldin og landshöfðingi mælt með því, að bæn hans um það verði sinnt, þar sem landshöfðingi kveður það satt vera, að skjalavörður verji miklum tíma og vinnu til þess að koma safninu í röð og reglu og gjöra það aðgengilegt fyrir almenning. Það er því lagt til, að launin verði talin 1800 kr. árlega.

Hins vegar hefur landshöfðingi ekki álitið það nauðsynlegt að hækka fjárveitingarnar, sem taldar eru undir b. og c., eins mikið og skjalavörður fer fram á, einkum þar sem honum finnst ekki næg ástæða til að taka til greina útgjöld, sem skjalavörður fer fram á til þess að útvega handbókasafn handa skjalasafninu, sam-

sett af lagasöfnum og gömlum blöðum. Samkvæmt tillögum landshöfðingja hefur þá stjórnarráðið lagt til, að þessir gjaldliðir verði taldir 125 kr. og 150 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum, en annars skal að því er nauðsyn á þessum hækkunum snertir vísað í erindi skjalavarðarins.

Við 4—11. Þessir liðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 12—17. Styrkveitingar þær, sem hjer um ræðir, samsvara jafnháum og samkyns liðum í núgildandi fjárlögum.

Við 18. *Til Sögufjelagsins.*

Stjórn „Sögufjelagsins", sem stofnað var í Reykjavík 1902 og hefur þann tilgang að gefa út sögurit og ættfræðisritgjörðir, hefur beiðst árlegrar fjárveitingar upp á 1200 kr. til þess að styðja starf fjelagsins. Í bænarskránni er skýrt frá, að fjelagið hafi byrjað starfsemi sína með því að gefa út nokkur rit sögulegrar þýðingar, og að fjelagið hafi náð allmikilli útbreiðslu, en að það muni einungis með styrk af opinberu fje geta unnið að takmarki sínu í nokkrum frekari mæli. Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna og landshöfðingja er farið fram á, að fjelaginu sje veittar 800 kr. árlega.

Við 19. *Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðabók.*

Kandídat Sigfús Blöndal hefur beiðzt þess að sjer yrði veittur í 5—6 ár 500 kr. árlegur styrkur úr landssjóði til þess að semja íslenzk-danska orðabók. Máli sínu til stuðnings hefur hann tilfært, að mikil þörf sje á þvílíkri orðabók bæði til almennrar og vísindalegrar notkunar; það sjeu að vísu til ágæt vísindaleg hjálparrit til að stunda hið forna íslenzka og norræna mál, en þar á móti mjög fá til að stunda nútíðarmálið. Sakir skorts á undirbúningsritum álítur kandidat Blöndal að það muni taka mörg ár að semja bókina, þar sem hann ekki heldur getur varið öllum tíma sínum til hennar vegna þess að hann er aðstoðarmaður við hið stóra konunglega bókasafn í Kaupmannahöfn, en með tilliti til þeirrar þýðingar er bókin, sem væntanlega fæst styrkur annarsstaðar frá til að gefa út, muni hafa einnig fyrir Dani, hefur honum verið veittar í hinum dönsku fjárlögum 1903—1904 500 kr. sem fyrsta borgun 5 ára fjárveitingar til að semja orðabókina.

Þareð stjórnarráðið verður að vera samdóma um það, að þess konar rit og hjer um ræðir muni allþýðingarmikið, og þar eð umsækjandi hefur frá mönnum, sem um þetta eru færir að dæma, fengið beztu meðmæli um hæfileika sína, leggur það til að veita 500 kr. árlega fyrir 1904 og 1905 sem 1. og 2. borgun af 5 ára styrk.

Við 20. *Til Jósafats Jónassonar til ættfræðisrannsókna.* Jósafat Jónasson, sem í mörg ár hefur fengizt við ættfræðisrannsóknir, hefur beiðzt þess, að sjer yrði veittur 800 kr. árlegur styrkur til þess að halda áfram þessum rannsóknum. Í bænarskránni, sem þingið mun fá færi á að kynna sjer, gjörir hann nánari grein fyrir þeim störfum, sem hann hefur gefið sig við, og með henni fylgja meðmæli frá mönnum, er vit hafa á þessu. Landshöfðingi álítur líka, að umsækjandi hafi allmikinn dugnað og þekkingu til að bera jafnframt og hann hefur einstakan áhuga á stundan sinni, og mælir hann því með því, að honum verði veittar 600 kr. árlega, og hefur stjórnarráðinu þótt ástæða til að taka það upp í frumvarpið einkum með tilliti til þess hve mikinn áhuga menn hafa á ættfræði á Íslandi.

Við 21. *Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands.*

Um leið og vísað er í athugasemdirnar við 14. gr. A. 16 í fjárlagafrumvapinu fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil skal þess getið, að kandídat Melsteð hefur enn að nýju sent bænarskrá um að tekin sje upp aptur fjárveitingin, sem honum var veitt 1892—99 sem styrkur til að semja sögu Íslands. Sem ástæður fyrir þessari bænarskrá, er landshöfðingi hefur mælt með, hefur kandídat Melsteð tilfært, að á Íslandi vanti bæði vísindalega framsetningu á sögu landsins sem og alþýðlega sögu og kennslubók. Til þess að geta varið öllum vinnukrapti sínum til þess að semja þessi rit, hefur hann nú sagt af sjer stöðunni sem aðstoðarmaður í Ríkisskjalasafninu, en þar eð hann missir við það 1400—1600 kr. tekjur árlega, mun hann ekki nema með nokkurn veginn ríflegum styrk af opinberu fje geta varið tíma sínum til nefndra rita. Úr ríkissjóði Dana hafa honum verið veittar 1000 kr. árlega, fyrst um sinn í 5 ár, svo að hann geti líka skrifað sögu Íslands á dönsku, en hann mun auk þessa þurfa svipaðan styrk árlega úr landssjóði. Hann hefur skýrt frá því, að fyrsti bindishelmingur af hinni stóru Íslandssögu hans hafi komið út í fyrra, og áframhaldið sje nú verið að prenta. Af hinni alþýðlegu sögu sje nú tvö hepti (240 bls.) komin út, og kennslubókin sje væntanleg innan skamms.

Stjórnarráðið leggur því til, að styrkur sá, sem hjer er sótt um, 1000 kr. árlega, verði veittur, þar eð hann eptir atvikum má skoða sem eðlilegt áframhald og hækkun styrks þess, er áður hefur verið veittur.

B. Til verklegra fyrirtækja.

Við 1. *Styrkur til eflingar búnaði.*

Við a. *Til búnaðarskóla.*

Til skólanna á Hólum og Eiðum er lagt til að veitt verði hið sama og í núgildandi fjárlögum, en hins vegar er ekki farið fram á neina fjárveitingu til skólans í Ólafsdal, þar eð amtsráðið í Vesturamtinu hefur, eptir því sem landshöfðingi skýrir frá, alveg hætt við að styrkja þenna skóla, þar sem hann er prívat eign, svo að engin vissa er fyrir því, að skólanum verði haldið áfram fram yfir fardaga 1904, þar eð frá eigandans hálfu ekkert hefur heyrzt um að starfi skólans yrði haldið áfram eða nein bænarskrá um styrk til hans komið.

Til skólans á Hvanneyri er farið fram á, að veitt verði fyrir 1905 hin vanalega fjárupphæð, en fyrir 1904, er farið fram á 1500 kr. að auki; er ætlazt til að því fje verði varið til aðgjörðar á skólahúsinu, sem að sögn skólastjóra þarfnast hennar mjög, og einkum er nauðsynleg vegna þess að kennsla í fjárkláðalækningum á að vera í skólanum, en um það skal annars vísað til athugasemdanna síðar við 5.

Við b. *Til búnaðarfjelaga.* Eptir tillögu búnaðarfjelags Íslands er farið fram á að þessi gjaldliður verði hækkaður um 4000 kr., þar eð starfsemi fjelaganna fer í vöxt.

Við c. *Til búnaðarfjelags Íslands.* Eptir tillögu fjelagsins er farið fram á, að þessi gjaldliður verði hækkaður um 10,500 kr. fyrir árið 1904 og um 12,500 kr. fyrir árið 1905. Auk þess sem fjelagið vísar til þess, hve ¡kröfurnar aukist stöðugt, er menn gjöra til þess, færir það fram tillögu sinni til stuðnings, að af fjár-

veitingum þeim, er það sækir um og eru 22,500 kr. fyrra árið og 24,500 kr. síðara árið, sje ætlazt til að 7,000 kr. verði varið 1904 og 9,000 kr. 1905 til að koma á kynbótum, en til þess að undirbúa það hafi þegar verið varið allmiklu fje; auk þessa er ætlazt til að allmiklu af fjenu verði varið til að styrkja jarðabætur á engjum og til varna gegn tjóni af náttúrunnar völdum, ennfremur til þess að stemma stigu fyrir sjúkdómum hjá húsdýrum, til að kaupa ný verkfæri og gjöra tilraunir með þeim, til að koma á samvinnu með plæningu á sumrum o. s. frv.

Við d. *Til kennslu í mjólkurmeðferð* er farið fram á eptir tillögu búnaðarfjelags Íslands að veittar verði 2,500 kr. árlega eða 500 kr. meira en í núgildandi fjárlögum; hækkunina rökstyður búnaðarfjelagið með því, að veita verði lærlingunum dálítinn styrk, ennfremur að verja nokkru til viðhalds á mjólkurbúinu og eldsvoðaábyrgð á því.

Við e. *Til gróðrartilrauna* er farið fram á, einnig eptir tillögu búnaðarfjelags Íslands, að veittar verði 1,000 kr. meira á ári en í núgildandi fjárlögum. Ætlazt er til að þessari fjárhækkun verði varið til smærri gróðrartilrauna á ýmsum stöðum í landinu, einkum til tilrauna við búnaðarskólana með grasjurta sáning og tilbúinn áburð á túnum.

Við f. *Til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins C. Ryder og próf. C. V. Prytz.* Til þess að halda áfram störfum þeim til að koma áfram skógarræktun, er á síðari árum hafa verið gjörðar á Íslandi af skógræktunarkandídat Flensborg eptir fyrirsögn þessara tveggja manna, er farið fram á að veitt verði sú upphæð, sem hjer um getur, og þær sem taldar eru síðar undir nr. 10. og 11. og byggt á hinni ýtarlegu skýrslu og áætlun, sem annar af forgöngumönnunum hefur sent til stjórnarráðsins fyrir Ísland og alþingi mun veitast færi á að kynna sjer. Fje því, sem undir þessum lið er talið, er ætlazt til að verði varið þannig:

	1904.	1905.
Fræ, plöntur og vinna við gróðrarstíuna hjá Rauðavatni.....	800 kr.	800 kr.
— — á Hallormsstað.....	800 —	800 —
— — - Hálsi.....	800 —	800 —
Umgirðing skógar og undirbúningsvinna við skóg	2,500 —	1,500 —
Viðhald og endurbætur á gróðrarstíunum á Þingvöllum, Hálsi og Grund	800 —	800 —
Fyrir leiðsögn skógfræðings, fasta aðstoð, ferðir o. fl.....	2,950 —	2,950 —
	8,650 kr.	7,650 kr.

Við g. *Til verðlauna fyrir útflutt smjör.* Þar eð fje það, sem til þessa var veitt í núgildandi fjárlögum, hefur reynzt ónógt, og þar eð útflutningur smjörs fer óðum í vöxt, er álitið að eigi sje hægt að setja þenna gjaldlið samkvæmt lögum 11. nóvbr. 1899 lægri en 2,000 kr. árlega.

Við h. *Til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagjörð* er farið fram á að veittar verði 3000 kr. árlega sem áframhald á fjárveitingunni fyrir 1903 í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil 25. sept. 1902, 8. gr.

Við 2. a. og b. Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 3. og 4. Sömuleiðis.

Við 5. *Til kennslu í fjárkláðalækningum.*

Síðastliðið sumar skoraði neðri deild alþingis með þingsályktun á stjórnina að leitast við að koma á, svo fljótt sem auðið væri, verklegri kennslu í fjárkláðalækningum, helzt á tveim stöðum á landinu, í þeim tilgangi að búa undir að gjöra aflraun til að útrýma fjárkláðanum.

Í tilefni af þessu skoraði landshöfðingi á báða amtmennina að láta uppi skoðun sína á framkvæmdinni á þessum ráðstöfunum, er þingið æskti, og kostnaðinum við þær, eptir að þeir fyrst hefðu leitað álita amtsdýralæknisins yfir Suður- og Vesturömtunum og hinum læknisfróða manni, er amtmaðurinn yfir Norður- og Austurömtunum kynni að hafa ráðið til aðstoðar við ráðstafanir gegn fjárkláðanum í ömtum hans. Skýrslur þær ásamt fylgiskjölum, er komu frá amtmönnunum, mun þingið fá tækifæri á að kynna sjer.

Eins og sjá má af skýrslunum hefur amtmaðurinn í Suður- og Vesturömtunum, eins og líka hlutaðeigandi dýralæknir, mælt með því, að á undan og jafnframt hinni verklegu kennslu yrði lærisveinunum veitt munnleg tilsögn, og að úr hverjum hreppi á hinu grunaða svæði yrði kennt 2 lærisveinum, þ. e. a. s. úr Suður- og Vesturömtunum hjer um bil 180 lærisveinum. Þeim skyldi skipt þannig niður, að 90 væri kennt hvort árið, og að kennslan færi fram í febrúar — apríl, því að á þeim mánuðum er fjárkláðinn magnaðastur. En yrði lærisveinunum kennt í deildum með 10 manns í hverri, og kennslunni fyrir hverja deild lokið á einum 10 dögum, mundi eigi þurfa nema 3 vetrarmánuði í 2 ár til þess að kenna öllum lærisveinunum. Bæði amtsdýralæknirinn og amtmaðurinn hafa bennt á Hvanneyrar búnaðarskóla sem bezt lagaðan stað fyrir kennsluna, meðal annars vegna þess, að fjárkláðinn er mest útbreiddur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. En þar eð húsrúm á skólanum er lítið, telur amtmaðurinn nauðsynlegt annaðhvort að byggja lítið hús hjá skólanum til þess að nota við kennsluna eða að veita skólanum styrk úr landssjóði til þess að gjöra við og stækka hið núverandi skólahús. Af þessu tvennu verður stjórnarráðið í samræmi við tillögu landshöfðingja að kjósa hið síðartalda, sumpart vegna þess, að skólahúsið hvort sem er þarf rækilegrar viðgjörðar við, en til hennar mundi skólastofnunin sjálf hafa átt erfitt með að útvega fje, sumpart vegna þess, að ef sjerstakt kennsluhús væri byggt til þessa, mundi það til lítils gagns þegar kennslunni væri lokið. Að áliti skólastjóra mun kostnaðurinn við hina nauðsynlegu stækkun og aðgjörð á skólahúsinu nema 4,000 kr.; af þeirri upphæð er lagt til að veita 1,500 kr. í 14. gr. 1. a. 3. sem aukafjárveitingu til búnaðarskólans, sem þá ekki heldur fær neina þóknun fyrir það að skólinn er notaður til kennslunnar; 1,500 kr. er farið fram á að veittar verði undir þessum lið, og svo útvegi skólinn sjálfur það, sem á vantar. Hjer við bætast útgjöld til útbúnaðar, sem þarf, þar eð lærisveinarnir eiga að búa á skólanum.

Þar eð amtmaðurinn ennfremur álítur nauðsynlegt, að lærisveinunum sje veittur ókeypis viðurgjörningur, meðan á kennslunni stendur, og þeim einnig endurgoldinn ferðakostnaður til og frá kennslustaðnum, er ætlað á, að kostnaðurinn fyrir Suður- og Vesturömtin verði sem hjer segir:

	1904. kr.	1905. kr.
1. Viðurgjörningur á 1 kr. um daginn, og endurgjald á ferðakostnaði	2,250	2,250
2. Þóknun til amtsdýralæknisins	500	500
3. Til að stækka skólahúsið á Hvanneyri	1,500	
4. Til að búa það húsgögnum	500	
	4,750	2,750

Að því er til Norður- og Austuramtanna kemur, hefur amtmaður yfir þeim ömtum samkvæmt fjárveitingu í núgildandi fjárlögum ráðið norskan búfræðing, Myklestad heitir, er tekizt hefur vel að stýra ráðstöfunum til útrýmingar á fjárkláða í Noregi, til þess að aðstoða við niðurbæling sjúkdómsins í hans ömtum; hefur amtmaður talið kostnaðinn við hina verklegu kennslu 1800 fyrir árið 1904 og 1000 kr. fyrir árið 1905, en þó ekki sundurliðað nánar þessar upphæðir. En það mun vera hugsun hans, að láta lærisveinana vera með Myklestad á ferðum hans og læra af reynzlu að þekkja sjúkdóminn og fara með hann.

Enda þótt tillögur amtmanna um tilhögun á kennslunni sjeu þannig ekki öldungis samhljóða, verður stjórnarráðið þó í samræmi við álit landshöfðingja að vera þeirrar skoðunar, að báðar aðferðirnar geti leitt að takmarkinu, og verður því að telja það heppilegast, að tillögur beggja amtmannanna verði teknar til greina, svo að þeir tveir menn, er standa eiga fyrir kennslunni, geti hagað henni eins og þeir álíta heppilegast.

Samkvæmt þessu er farið fram á, að veitt verði fyrir hin 2 ár fjárhagstímabilsins til kennslu í Suður- og Vesturömtunum 4,750 kr. fyrra árið og 2,750 kr. síðara árið, og í Norður- og Austurömtunum 1800 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið.

Við 6. *Til að kaupa baðlyf gegn fjárkláða.*

Fje það, sem samkvæmt lögum nr. 40, 8. nóvember 1901 4. gr. þarf til þessa fyrir árin 1904 og 1905, ætla amtmennirnir að muni nema til Suður- og Vesturamtanna 3,000 kr. fyrra árið og 8,000 kr. síðara árið, og til Norður- og Austuramtanna 16,000 kr. fyrra árið og 12,000 kr. síðara árið. Annars má að því er þessa liði snertir vísa í hinar fyrnefndu skýrslur amtmannanna.

Við 7. *Til sjerstaklegra ráðstafana til að útrýma fjárkláða í Norður- og Austurömtunum.* Eins og einnig má sjá af áðurgreindri skýrslu amtmannsins yfir Norður- og Austurömtunum með fylgiskjölum, hafa þegar á yfirstandandi fjárhagstímabili verið hafnar röggsamlegar tilraunir til fullkominnar útrýmingar fjárkláðans í þeim ömtum, en til þess að niðurstaðan verði góð, verður að halda þeim áfram á næsta fjárhagstímabili. Ætlazt er á, að útgjöldin við þetta muni nema 12,200 kr. fyrir 1904 og 17,000 kr. fyrir 1905, en af því fje er ætlazt til að notað verði 6,000 kr. fyrra árið og 8,000 kr. síðara árið til launa forgöngumanna, þar af 4,000 kr. árlega til hr. Myklestad, 5,200 kr. fyrra árið og 8,000 kr. síðara árið til ferðakostnaða og dagpeninga og 1,000 kr. árlega til ýmsra útgjalda. Þar eð landshöfðingi álítur, að ráðstafanir þær, sem amtmaðurinn hefur gjört, sjeu heppilegar og í samræmi við það álit á málinu, er síðasta alþingi ljet uppi, leggur stjórnarráðið til að tillaga þessi verði tekin til greina og skal um leið vísað til hinna ítarlegu skýrslna og tillagna frá amtmanninum.

Við 8. og 9. Þessir styrkir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 10. og 11. Um leið og vísað er til þess, sem að framan er tilfært undir nr. 1. f, skal hjer einungis tekið fram, að til þess að skógar þeir og gróðrarreitir, sem til eru og upp koma, verði hirtir er til lengdar lætur af mönnum, sem skynbragð bera á það, er nauðsynlegt að nokkrir ungir Íslendingar sjeu í tíma látnir læra það starf. Hjer er nú farið fram á, að veittur sje styrkur handa manni til að nema skógræktunarfræði — nám, er krefur minnst 6 ár — og til 2 skóggræðslumanna, sem lokið geta námi á 3 árum, og er þetta það allra minnsta, sem komist verður af með.

Við 12. *Til að stofnsetja og reka efnarannsóknarstofu í Reykjavík.* Í tilefni af þingsályktunartillögu þeirri, er alþingi samþykkti síðastliðið sumar, um stofnun efnarannsóknarstofu í Reykjavík, hefur stjórnarráðið fengið hjá firma einu í Kaupmannahöfn áætlun yfir kostnaðinn við að útvega áhöld, er þyrftu til efnarannsóknarstofu eins og þeirrar sem í hyggju er höfð, og síðan hefur það fyrir milligöngu landshöfðingja fengið álitsskjal og ítarlegra frumvarp um útvegun húsnæðis handa efnarannsóknarstofunni og um rekstur hennar hjá þeim mönnum, er um það eru fróðir og fyr meir sömdu um málið við hlutaðeigandi alþingisnefnd. Í þessu álitsskjali, sem ásamt fyrnefndri áætlun mun verða lögð fyrir alþingi, er það sagt, að nauðsynlegt muni verða að byggja sjerstakt hús handa efnarannsóknarstofunni og til þess mun þurfa samkvæmt upplýsingum frá byggingarfróðum manni hjer um til 7,000 kr., ennfremur að skipa forstöðumann fyrir efnarannsóknarstofuna, er fengið hefur verklega menntun sem efnafræðingur, og yrðu laun hans ekki talin minni en 3,000 kr. árlega.

Kostnaður er því þannig:

	1904. kr.	1905. kr.
1. Til að byggja hús fyrir efnarannsóknarstofu	7,000	
2. Til að útvega áhöld o. fl.	2,500	
3. Laun forstöðumannsins	3,000	3,000
4. Til þjóns við efnarannsóknarstofuna, sem einnig sje dyravörður, auk leigulauss bústaðar	500	500
5. Til eldiviðar, ljósmetis o. fl.	500	500
Samtals...	13,500	4,000

Þótt upphæðir þessar sjeu töluvert hærri en upphæðir þær, sem um hefur verið að ræða við umræðurnar á alþingi, leggur stjórnarráðið þó til að þær verði veittar vegna þeirra miklu þýðingar, er slík stofnun getur haft bæði fyrir atvinnuvegi landsins og nemendur á læknaskólanum.

Við 13. *Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma í Reykjavík og á Ísafirði.*

Í maí 1901 fjekk stjórnarráðið frá stjórnarnefnd stórkaupmannafjelagsins bænarskrá, er hún mælti með, frá stórkaupmönnum í Kaupmannahöfn, er verzla með íslenzkan saltfisk, þess efnis að sjeð væri til að áreiðanlegt mat færi fram á saltfiski, er fluttur er frá Íslandi. Nú leitaði landshöfðingi álits kaupmannaráðsins í Reykjavík um bænarskrá þessa og ráðstafanir þær, er hún fór fram á; ráðið var öldungis samdóma því sem sagt var í bænarskránni, að betra fyrirkomulag á fiskimatinu væri nauðsynlegt og fjellst að mestu leyti á frumvarp það, er stórkaupmennirnir báru fram, þó áleit það ekki, að sjerstök lagaákvæði væru nauðsynleg. Kaupmannaráðinu virtist hins vegar nægja, að heimild yrði veitt til þess í fjárlögunum að launa úr landssjóði tvo yfirmatsmenn skipaða af hinu opinbera, er skyldu hafa yfirumsjón með matinu á tveim helztu útflutningsstöðunum, Reykjavík og Ísafirði, en matið skyldi að öðru leyti fara fram samkvæmt erindisbrjefi, er umboðsstjórnin gæfi út. Þetta var á ný borið undir stjórnarnefnd stórkaupmannafjelagsins og fjellst hún á þessa skoðun, þó áleit hún það heppilegast, að matsreglugjörðin, er hún óskaði að fá að eiga þátt í að semja, yrði gefin út með lögum.

Um leið og þess er getið, að þinginu mun veitast tækifæri á að kynna sjer það sem gjörzt hefur í málinu, skal það tekið fram, að eptir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um annmarkana á hinu núverandi mati á saltfiski og stað-

festist mjög við konsúlsskýrslur frá Spáni og Ítalíu, verður stjórnarráðið að álíta nauðsynlegt að fá breytingu á því, og getur það fallizt að öllu á tillögu þá, sem kaupmannaráðið í Reykjavík hefur komið með og landshöfðingi hefur fallizt á, um skipun yfirmatsmanna, sem við það að fá laun sín af opinberu fje geti orðið sem mest má verða óháðir útflutningskaupmönnunum. Þar sem það virðist ekki geta komið til mála að innleiða neina skyldu að láta meta fisk, sem útflytja á, álítur stjórnarráðið að eigi sje nauðsynlegt í öllu falli nú sem stendur, að gefa út sjerstök lög um vörumat, en hins vegar leitar það með athugasemdinni, sem tengd er við fjárveitinguna, heimildar til að gefa út erindisbrjef bæði fyrir yfirmatsmennina sem og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa, og í því erindisbrjefi skal þá meðal annars ákveða um þóknun handa fiskimatsmönnum.

Við 15. gr.

Gjöldin samsvara tekjum þeim, sem taldar eru í 2. og 3. lið 5. gr.

Við 16. gr.

Farið er fram á að telja gjöld þessi 86,000 kr. og skal um leið vísað til skrár þeirrar, sem prentuð er hjer á eptir, yfir eptirlaun þau til embættismanna og embættismanna-ekkna og barna, er hvíldu á landssjóði við árslok 1902.

Við 17. gr.

Eins og í núgildandi fjárlögum.

Fylgiskjal.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismanna ekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði í árslok 1902

(þó er hjer sleppt úr þeim, er dánir eru síðan, áður en fjárlagafrumvarpið var samið, svo og þeim, er fyrir aldurs sakir ganga úr innan 1. janúar 1904).

		kr.	a.	kr.	a.
	A. Embættismenn.				
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu ..... kon. úrsk. $^{19}/_{11}$ 1861.	982.	18		
2	Benedikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík kon. úrsk. $^{13}/_{4}$ 1883, stj. br. $^{14}/_{4}$ s. á.; frá 1. maí 1883.	800.			
3	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrsk. $^{19}/_{3}$ 1885.	1,200.			
4	Páll Melsteð, sögukennari ..... lög $^{16}/_{9}$ 1893.	1,800.			
5	Skúli Thóroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ..... kon. úrsk. $^{31}/_{5}$ 1895.	1,500.	54		
6	Jón Þorkelsson, rektor við lærða skólann í Reykjavík .. kon. úrsk. $^{26}/_{2}$ 1895.	3,066.	66		
7	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði ... kon. úrsk. $^{14}/_{4}$ 1896.	1,586.	20		
8	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu..... kon. úrsk. $^{29}/_{5}$ 1896.	1,593.	78		
9	Þorvaldur Thoroddsen, latínuskólakennari, dr. phil., próf. kon. úrsk. $^{1}/_{12}$ 1899.	2,000.			
10	Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu kon. úrsk. $^{1}/_{8}$ 1899.	1,601.	40		
11	Þorvaldur Jónsson, hjeraðslæknir í Ísafjarðar hjeraði... kon. úrsk. $^{14}/_{11}$ 1900.	1,626.	66		
				17,757.	42
		flyt...		17,757.	42

			kr. a.
	fluttar...		17,757. 42
	B. Embættismanna ekkjur og börn:		
1	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu, frá 1. ágúst 1854.....	kr. a. 100. 79	
2	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsen, kon. úrsk. 20. febr. 1856, frá 1. ágúst 1855..... kr. a. 138. 75 Eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 viðbót, frá 1. jan. 1882. ..... 150.	288. 75	
3	Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept. 1860.....	212. 87	
	Ennfremur styrkur til húsaleigu á ári.....	40.	
4	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesen í Þingeyjarsýslu, frá 1. maí 1862	416. 60	
5	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadalssýslu, frá 1. apríl 1869.....	289. 83	
6	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens frá 1. maí 1872.....	273. 33	
7	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar, frá 1. desbr. 1873..... 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. Viðbót frá sama tíma ..... 13 — stj. br. 18. nóvbr. 1876.	197.	
8	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Pjeturs Havsteins frá 1. júlí 1875	529. 16	
9	Hildur Sólveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. M. Magnússonar, frá 1. júlí 1876.....	538. 27	
10	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts frá 1. nóvbr. 1881	81. 25	
11	Sigíður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals í Barðastrandarsýslu, frá 1. júní 1884	300. 45	
12	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg frà 1. febr. 1886.....	919. 17	
13	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Bolbroe á Vestmannaeyjum, frá 1. maí 1888	75.	
14	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjetursonar í 18. læknishjeraði, frá 1. jan. 1890	187. 50	
15	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen, frá 1. október 1891.....	750.	
16	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsen í 13. læknishjeraði, frá 1. ágúst 1891	187. 50	
	flyt...	5,387. 47	17,757. 42

		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	5,387. 47	17,757. 42
17	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar, frá 1. febrúar 1894	575.	
18	Guðlaug Jensdóttir, ekkja sýslumanns Sigurðar Jónssonar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, frá 1. desember 1893	370. 28	
19	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar, frá 1. janúar 1894..... 350 kr. Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa Tómasi syni hennar, fæddum 9. ágúst 1894, til fullra 18 ára..... 100 —	450.	
20	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnson í Rangárvallasýslu, frá 1. maí 1894.....	412. 59	
21	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndals í Húnavatnssýslu, frá 1. júní 1894.....	582. 45	
22	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í 4. læknishjeraði, frá 1. maí 1894.....	305.	
23	Þuríður Johnsen, ekkja sýslumanns Jóns Johnsen í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóvember 1895.....	430. 80	
24	Sigríður Friðriksdóttir, ekkja justitiarii Jóns Pjeturssonar, frá 1. febr. 1896.....	725.	
25	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar í 7. læknishjeraði, frá 1. júní 1896...	187. 50	
26	María Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsens póstmeistara, frá 1. apríl 1897.....	300.	
27	Sigurveig Friðfinnsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Árna Jónssonar í 13. læknishjeraði, frá 1. apríl 1897..... kr. a. 187. 50 Samkv. kon. úrsk. 13. sept. 1897 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Sigríði, f. 29. júlí 1892 ..... 80. 2. Sigurbjörgu, f. 15. júlí 1894..... 80. og handa stúpsyni hennar Jóni f. 11. ágúst 1889..... 80.	427. 50	
28	Margrjet Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafssonar, sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897..... kr. a. 398. 37 kon. úrsk. 11. janúar 1898 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Guðmundi, f. 25. janúar 1887 ..... 100.		
	flyt ..	498. 37 10,153. 59	17,757. 42

		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	498. 37	10,153. 59	17,757. 42
	2. Alexander, f. 15. júlí 1888	100.		
	3. Sigrúnu, f. 1. ágúst 1889.....	100.		
	4. Valdimar Davíð, f. 18. sept. 1896...	100.		
			798. 37	
29	Elín Árnadóttir, ekkja fyrv. sýslumanns Árna Gíslasonar í Skaptafellssýslu, frá 1. júlí 1898...		332. 79	
30	Ragnhildur Sverrison, ekkja sýslumanns Sigurð Sverrisson í Strandasýslu, frá 1. febr. 1899.....		328. 58	
31	Charlotte Caroline Leopoldine Friðriksson, ekkja eptir yfirkennara við lærða skólann í Reykjavík Halldór Kristján Friðriksson, frá 1. apríl 1902.....		400.	
				12,013. 33
	C. Uppgjafaprestar, er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði:			
1	Benedikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum: frá fardögum 1884	kr. a. 370.		
2	Benedikt Kristjánsson, fyrv. prestur að Múla: frá fardögum 1890.	500.		
3	Jón Bjarnason, fyrv. prestur í Skarðsþingum: frá fardögum 1891	350.		
4	Jón Jónsson, fyrv. prestur að Stað á Reykjanesi: frá fardögum 1895	34. 84		
5	Daníel Halldórsson, fyrv. prestur að Hólmum í Reyðarfirði: frá fardögum 1895, sbr. lög 13. des. 1895	583. 83		
6	Halldór Þorsteinsson, fyrv. prestur í Landeyjaþingum: frá fardögum 1898	70. 80		
7	Matthías Jochumsson, fyrv. prestur á Akureyri: frá 1. janúar 1900	2,000.		
8	Stefán Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli: frá fardögum 1900	208. 65		
9	Lárus Benediktsson, fyrv. prestur að Selárdal: frá fardögum 1902.....	54.		
10	Tómas Björnsson, fyrv. prestur að Barði: frá fardögum 1902	405. 28		
11	Jón Þorláksson, fyrv. prestur að Tjörn: frá fardögum 1903, eptirlaun ekki ákveðin, en ætlast á að verði..	350.		
				4,927. 40
	D. Prestsekkjur:			
	Eptir landsreikningnum fyrir árið 1899 numu eptirlaunin til prestsekkna við árslok.....	kr. a. 3,743. 34		
	Af þeim hafa síðan fallið burtu	100.		
			3,643. 34	
	en bætt við.		301. 38	
				3,944. 72
			flyt...	38,642. 87

		kr. a.
	fluttar...	38,642. 87
E. Samkvemt 15. gr. fjárlaganna:		
Viðbót við eptirlaun præp. hon. Benedikts Kristjánssonar	kr. a. 500.	
Viðbót við eptirlaun ekkjufrú Jakobínu Thomsen	300.	
— - — Önnu Johnsen	150.	
— - — prestsekkju Ragnh. Jónsdóttur	105. 40	
Styrkur til ekkjufrú Torfhildar Hólm	200.	
— - — Bjargar Jónsdóttur	300.	
— - — Valgerðar Þorsteinsdóttur	250.	
— - — Solveigar Þórðardóttur	200.	2,005. 40
	alls...	40,648. 27

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1902 og 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

1. gr.

Til frádrags frá tekjum þeim, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 veitast þær 500 kr., sem taldar eru í 2. gr. hjer á eptir, og sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í sömu lögum og 3. gr. fjáraukalaga 25. september 1902 fyrir árin 1902 og 1903 veitast 25,044 kr. 31 e. til gjalda þeirra, sem talin eru í 3.—6. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Af tekjum þeim af fasteignum landssjóðs, sem taldar eru í 3. gr. fjárlaganna tölul. 1, greiðast ábúandanum á Fitjakoti í Kjalarneshreppi, Hans Gíslasyni 500 kr., án afgjaldshækkunar, sem endurgjald fyrir hús, er hann hefur reist á jörðunni.

3. gr.

Sem viðbót við upphæðir þær til ýmislegra útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl., sem taldar eru í 10 gr. C. fjárlaganna, veitast:

Skaðabætur til nokkurra færeyskra fiskimanna fyrir fjártjón af gjaldþroti Jóns heitins Johnsens sýslumanns í Suðurmúlasýslu 5,000 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

1. Við tölulið 6. Útgjöld við holdsveikraspítalann, við
   a, laun starfsmanna ..... 133 kr. 33 a.
2. Til að útvega húsbúnað í sóttvarnarhús í Reykjavík, sbr. fjáraukalög 25. september 1902, 3. gr. 2. a..... 1,200 — „ -

1,333 kr. 33 a.

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

1. Við B. Vegabætur. Við tölulið 3. til flutningabrauta ..... 6,000 kr.
2. Við tölulið 4. til þjóðvega..... 10,000 —
3. Við C. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn (endurveiting) 400 —
4. Við E. Vitar. Við e. Gróttuvitinn. Við tölulið 4. til viðhalds á húsi og áhöldum.

   Jafnframt og samþykkt er, að 2,500 kr. þeim, er veittar voru í 2. gr. fjáraukalaga 27. september 1901 til að kaupa býlið Gróttu og endurbæta híbýli þar, hefur verið varið til að kaupa helminginn af tjeðu býli og reisa nýjan vitamannsbústað, gefst heimild til að greiða eptirstöðvarnar af kostnaðinum við tjeðan bústað, 250 kr., af upphæð þeirri, sem er veitt í lið þessum fyrir fjárhagstímabilið 1902 og 1903.

16,400 kr.

6 gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumála, veitast:

Við B. V. b. 2. til áhaldakaupa o. fl. handa stýrimannaskólanum ..... 2,310 Kr. 98 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 2. gr.

Ábúandi á þjóðjörðinni Fitjakoti í Kjalarneshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hans Gíslason, hefur farið þess á leit, að honum yrði veitt 600 kr. endurgjald úr landssjóði fyrir hús, sem hann hefur reist á jörðunni, og er málið svo vaxið sem hjer greinir.

Árið 1893 fjekk hann ábúð á jörðinni eptir foreldra sína, án þess að nokkur úttekt á jarðarhúsum færi fram. Til alþingis 1897 sendi hann bænarskrá um að fá jörðina keypta, og tók samtímis, án þess að leita samþykkis umboðsstjórnarinnar, en í trausti þess, að alþingi veitti leyfi til sölunnar, að reisa hús á jörðinni, því hús voru þar þá mjög fallin. Eptir að þingið hafði neitað samþykkis síns til sölunnar, lauk hann við að byggja húsið, sem er úr trje og járnklætt, og hefur það af mönnum útnefndum af sýslumanni verið virt á 1425 kr. Hin gömlu hús, sem hann, einnig án samþykkis umboðsstjórnarinnar, reif niður, voru í febrúar 1898 af úttektarmönnum hreppsins virt á 200 kr. Eptir þetta sótti hann til umboðsstjórnarinnar um styrk til húsabyggingarinnar og fjekk 1898 samkvæmt gildandi ákvæðum, sbr. brjef stjórnarráðsins 25. maí 1886, 6°, Stjórnartíðindi B fyrir 1880, bls. 106—8, útborgaðar 300 kr. úr umboðssjóði gegn því, að afgjaldið skyldi hækka um 12 kr. á ári, og svo átti húsið að verða eign landssjóðs, og hann að skila því af sjer þegar hann færi frá jörðinni með fullu álagi.

Fyrir beiðni sinni um að fá útborgað frekara endurgjald hefur hann fært þær ástæður, að það sje samkvæmt ákvæðunum í 3 gr. nr. 1 í fjárlögunum fyrir yfirstandandi og síðastliðið fjárhagstímabil, og að landssjóður að öðrum kosti mundi að ástæðulausu hafa hag af á sinn kostnað, ef hann eignaðist hús á 1425 kr. fyrir gömul hús á 200 kr., því fyrir húsið hafi hann aðeins fengið 300 kr. gegn afgjaldshækkun. — Á þetta síðara atriði hafa endurskoðunarmenn landsreikninganna einnig bent í athugasemdum sínum við reikningana fyrir 1898 og 1899, en nefnd sú, sem sett var í neðri deild alþingis til að íhuga reikningana, gat ekki fallizt á það.

Hlutaðeigandi umboðsmaður, sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur veitt umsókninni meðmæli sín; aptur á móti eru bæði hlutaðeigandi amtmaður og landshöfðingi á þeirri skoðun, að umsækjandi sökum sjálfræðis-háttalags síns í þessu máli hafi ekki tilkall til frekari styrks en hann þegar hefur fengið, og það því síður sem telja megi hið nýja hús helzt til dýrt í hlutfalli við jörðina, og að hann ekki heldur geti borið fyrir sig ákvæðin í 3. gr. nr. 1 í fjárlögunum, því þau ákvæði hafi ekki staðið í fjárlögunum fyrir 1898 og 1899.

Þótt nú umsækjandi ekki hafi minnstu rjettarkröfu til frekara endurgjalds, þykir stjórnarráðinu þó sanngjarnt, að hann fái nokkrar skaðabætur, sökum þess að landssjóður að öðrum kosti mundi hafa talsverðan hag af byggingunni á hans kostnað. Amtmaður hefur þar að auki tekið fram, að það aðallega muni hafa verið af vanþekkingu eða gáleysi, að umsækjandi, er situr jörð sína vel, hafi ekki leitað samþykkis umboðsstjórnarinnar til byggingarinnar. Stjórnarráðinu þykir því sanngjarnt, að honum sje veittur hjerumbil eins mikill styrkur eins og hann hefði fengið, ef hægt

hefði verið að beita ákvæðunum í 3 gr. nr. 1 í núgildandi fjárlögum. Með því að það mundi verða hjerumbil 800 kr. upphæð, sem sje um $^2/_3$ af mismuninum á verði hins nýja húss og hinna gömlu, er farið fram á að veita honum 500 kr. endurgjald í viðbót við þær 300 kr., er hann þegar hefur fengið gegn hækkun á jarðarafgjaldinu, — en við þá hækkun þykir mega sitja eptir atvikum.

Um 3. gr.

Frá 13 færeyskum fiskimönnum sem formönnum fyrir nokkrum skipshöfnum, er árið 1901 ráku bátfiski á Norðfirði í Suðurmúlasýslu, hefur stjórninni borizt bænarskrá um skaðabætur fyrir tjón, sem þeir hafa orðið fyrir við gjaldþrot Jóns heitins Johnsens sýslumanns, eða, eptir því sem þeir halda, við sjóðþurð hjá honum.

Samkræmt frásögn umsækjendanna og leiðrjettingum hlutaðeigandi yfirvalda á Íslandi, eru málavextir þannig.

Í júlímánuði 1902 ljetu umsækjendur, til lúkningar skuld konsúls W. G. Spence Paterson's til þeirra fyrir fisk, selja við uppboð nokkrar eigur, er hann átti í Norðfirði og þeir töldu sig hafa fengið trygging í.

Þeir fólu Jóni sýslumanni Johnsen innheimtu uppboðsandvirðisins, er að innheimtulaunum frádregnum nam 10,697 kr. 19 a. Málaferli milli umsækjenda og þrotabús Paterson's konsúls út af rjettmæti uppboðsins ollu því meðal annars, að umsækjendur höfðu eigi fengið uppboðsandvirðið borgað, þegar Johnsen sýslumaður andaðist 1895 og bú hans var tekið tekið til meðferðar sem þrotabú. Þó hafði Johnsen áður en han dó sent landshöfðingja 5100 kr. af uppboðsandvirðinu, eptir að landshöfðingi 1894 hafði orðið var við sóðþurð hjá honum og boðið honum að láta af hendi alt almannafje.

Umsækjendur lýstu síðan kröfu sinni í búi Johnsens í tækan tíma, en sökum gjaldþrota í búinu fengu þeir við lok skiptanna í árslok 1899 auk hinna framannefndu 5100 kr. og 1000 kr., sem ábyrgðarmaður einn greiddi, aðeins 918 kr. 37 a. útborgaðar upp í eptirstöðvarnar 4597 kr. 19 a., er skiptarjetturinn hafði úrskurðað að eigi væri fyrirgangsskuld í búinu.

Skaði sá, er umsækjendur hafa beðið við gjaldþrot Johnsens sýslumanns, er þá eptir þessu 3678 kr. 82 a. auk töluverðs vaxtamissis, en við það er þó að athuga, að þeim hafa verið greiddir vextir af fje því, er geymt var hjá landshöfðingja og stóð í landsbankanum, með 892 kr. 50 a.

Stjórnarráðið verður nú reyndar að vera á þeirri skoðun, að eigi geti hvílt á landssjóði að lögum nein ábyrgð á þessum skaða, er stafar frá starfsemi hlutaðeigandi sýslumanns sem innheimtumanns við frjálst uppboð, en eigi sem embættismanns, og aðeins samkvæmt samningi við þá, er ljetu halda uppboðið. En eptir málavöxtum þykir stjórnarráðinu samt sem áður sanngjarnt, að umsækjendur fái skaðabætur, því það er mjög eðlilegt, að þeir, óupplýstir og ólögfróðir menn, gætu ekki gjört greinarmun á, hvað Johnsen gjörði sem embættismaður og hvað hann gjörði sem umboðsmaður þeirra, og þar að auki var það eðlilegt, að þeir, sem voru útlendir menn, leituðu hjálpar sýslumanns við svona lagað uppboð. Og það er því

meiri ástæða til að bæta umsækjendunum, sem samkvæmt upplýsingum frá yfirvöldunum á Færeyjum eru allir fátækir fiskimenn, þennan hluta af skaða þeim, er þeir hafa beðið af viðskiptum sínum við Paterson, sem þeir þar að auki hafa orðið fyrir miklu tjóni af gjaldþrotum Paterson's; þeir hafa sem sje — eptir að yfirrjettardómur hafði úrskurðað, að tjeð uppboð hefði verið ólögmætt — orðið að greiða þrotabúi Paterson's allt uppboðsandvirðið með áföllnum vöxtum, yfir 14,000 kr. alls, en fengið úr búi hans í sinn hlut upp í þá skuldakröfu aðeins borgað um 8000 kr.

Stjórnarráðið fer því fram á, að þeim sje bættur sá skaði, er þeir hafa beðið í búi Johnsens sýslumanns með 5000 kr., sem sje þær 3678 kr. 82 a., er þeir töpuðu í búinu, með vöxtum, sem gögn vantar til að ákveða nákvæmlega og því eru settir eptir áætlun (4% á ári af tjeðum 3678 kr. 82 a. í hjerumbil 8 ár og af þeim 1918 kr. 37 a., sem greitt var í desember 1899 án vaxta, í hjerumbil 4 ár).

Um 4. gr.

Við 1. Af því að yfirhjúkrunarkona sú á holdsveikraspítalanum, sem verið hefur þar til þessa og hafði 600 kr. í laun á ári auk 400 kr. viðbót á ári fyrir hana sjálfa, hafði sagt stöðu sinni lausri frá 1. maí 1893, hefur forstöðumaður Oddfellowreglunnar í Danmörku, sem er heimilt að veita þá stöðu, skipað yfirhjúkrunarkonu frá tjeðum degi og lofað henni 800 kr. launum á ári og 100 kr. eptir hverra 5 ára þjónustu upp í 1000 kr., af því að engin hjúkrunarkona, sem stöðunni væri vaxin, fjekkst til að taka hana að sjer fyrir 600 kr. laun á ári. Stjórnarnefnd spítalans hefur því farið fram á og landshöfðingi mælt með, að hinni nýskipuðu yfirhjúkrunarkonu verði frá 1. maí borgaðar 66 kr. 67 a. á mánuði, og að þær 133 kr. 33 a., sem tjeð laun fyrir þann tíma, sem eptir er ársins, fara fram úr hinum ákveðnu launum, verði útborgaðar upp á væntanlega aukafjárveiting. Af því að stjórnarráðið hefur gefið samþykki sitt til þessa, er hjer farið fram á, að upphæð þessi sje veitt, og skal því bætt við, að í frumvarpi því til fjárlaga fyrir næsta fjárhagstímabil, sem lagt er fyrir þingið, er leitað heimildar til að launin verði færð upp í 800 kr. á ári framvegis.

Við 2. Í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil frá 27. september 1902 eru veittar 6000 til sóttvarnarhúss í Reykjavík. Samningar eru gjörðir við trjesmið í Reykjavík um að reisa þetta hús eptir fyrirsögn Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, og er ætlazt til að húsið verði fullgert í sumar. En af því að eigi mun verða kleyft að reisa húsið fyrir minna en 6000 kr., verður ekkert afgangs til húsbúnaðar, og er hjer því eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að 1200 kr. sje veittar til þessa.

Um 5. gr.

Við 1.—2. Þessir gjaldliðir eru settir í frumvarpið eptir tilögum verkfræðings landsins, er landshöfðingi hefur mælt með.

Af fjárveitingunni til flutningabrauta er ætlazt til, að 2000 kr. verði varið til flutningabrautarinnar í Eyjafirði og 4000 kr. til aðgerðar á Þingvallaveginum. Um hinn fyrnefnda veg hefur verkfræðingur landsins getið þess, að fje það er veitt er til hans á núgildandi fjárlögum hafi ekki hrokkið til að gjöra hann svo vel úr garði og æskilegt hefði verið; vegalagningin er að vísu komin alla leið að Grund, þó er eptir

að bera ofan í 400—500 seinustu faðmanna, en mjög nauðsynlegt er að gjöra við nokkra kafla hjer og hvar á veginum, sem hafa skemmzt af vatnsgangi og munu skemmast enn meir, ef látið er bíða með aðgjörðina; ofaníburður hefur sumstaðar ekki reynzt vel, og það verður ekki komizt hjá því að sækja hann lengra en fyrst var gjört.

Það er langt síðan að gjört hefur verið við veginn á Mosfellsheiði og þarf hann bráðra umbóta við, því ofaníburðurinn er alveg farinn víða og vegurinn orðinn mjög grýttur. Svo er og sæluhúsið á heiðinni mjög fallið og þarf mikillar aðgiörðar við.

Af fjárveiting þeirri, sem farið er fram á til þjóðvega, er ætlazt til að 6000 kr. verði varið til vegarins yfir Mýrarnar og 4000 kr. til vegarins yfir Þorskafjarðarheiði og aðgjörða hjer og hvar á veginum fram með Gilsfirði.

Af Mýraveginum eru hjer um bil 1750 faðmar eptir að Hítará, og af því þessi kafli er mjög blaut mýri, en miklu greiðfærara hinumegin Hítarár, er mikils um vert að fá veginn sem fyrst fullgjörðan að Hítará.

Til þess að bæta veginn yfir Þorskafjarðarheiði, sem er mjög illur yfirferðar, mun ekki veita af hjer um bil 3000 kr.

Við 3. Á fjárlögunum fyrir 1900 og 1901 voru í 12. gr. C. 3. veittar 400 kr. til að bæta lending í Þorlákshöfn með þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi sýslunefnd verði að minnsta kosti jafnmikilli upphæð til fyrirtækisins, og að verkið væri að áliti verkfræðings vel af hendi leyst. Verkið var unnið í fyrra og sýslunefnd lagt til 400 kr. Hins vegar hefur hlutaðeigandi jarðeiganda eigi tekizt enn að fá álit verkfræðings eins og tilskilið er, af því að rannsókn getur ekki fram farið nema um stórstraumsfjöru og þegar gott er í sjó. Að svo vöxnu máli þykir sanngjarnt, að upphæð þessi sje endurveitt.

Við 4. Í fjáraukalögum fyrir árin 1900 og 1901 frá 27. september 1901, 2. gr. voru veittar 2500 kr. til þess að kaupa býlið Gróttu og endurbæta híbýli þar, og hafði einn af nefndarmönnum í fjárlaganefndinni í neðri deild fyrir hönd nefndarinnar fengið munnlegt loforð frá eigendum býlisins um að selja það landssjóði. Þegar kaupin áttu að gjörast, stóðu þó aðeins eigendurnir að öðrum jarðarhelmingnum við loforð sitt og seldu landssjóði sinn hlut fyrir 1000 kr., en eigandinn að hinum helmingnum hafði þá selt öðrum manni sinn hlut, en hefur þó síðar greitt 200 kr. fyrir samningsrofin.

Húsin á jörðinni reyndust nú að vera svo hrörleg, að eigi var tiltökumál að gjöra við þau, heldur varð að reisa nýjan vitamannsbústað; kostnaðurinn við það hljóp á 1,950 kr.

Þannig er til þessa varið:

1.	Verð hálfs býlisins Gróttu	1,000 kr.
2.	Til að reisa vitamannsbústað þar	1,950 —
		2,950 kr.

Uppí þetta hefur gengið:

1.	Framangreind fjárveiting	2,500 kr.
2.	Skaðabætur greiddar af eiganda hins jarðarhelmingsins	200 —
		2,700 kr.
	Eptirstöðvar	250 kr.

verður hægt að borga af fjárveitingunni á núgildandi fjárlögum til viðhalds húsum og áhöldum Gróttuvitans, og er farið fram á að heimild sje gefin hjer til þess, og samþykkt lögð á, að tjeðri aukafjárveiting á 2500 kr. hefur verið varið á þann hátt er að framan segir. — Því skal bætt við, að landshöfðingi hefur skýrt frá því, að það hafi verið öldungis óhjákvæmilegt að reisa nýjan vitamannsbústað svo og að hinn nýi sje vel og ódýrt byggður. Um notkun fjárveitingarinnar til viðhalds húsum og áhöldum Gróttuvitans hefur hann skýrt frá, að á fjárhagstímabilunum 1898—1901 hafi verið veitt til þessa alls 640 kr., en varið aðeins 107 kr. 89 a.

Um 6. gr.

Forstöðumaður stýrimannaskólans hefur í brjefi um nýjar fjárveitingar til skólans, er lagt verður fyrir alþingi saman með fjárlagafrumvarpinu fyrir árin 1904 og 1905, fært ýtarleg rök fyrir, að gjaldliðs þess þurfi með, er hjer er tekinn upp, og eru í honum 1200 kr. til áhaldakaupa við kennslu í gufuvjelafræði, sem stendur til að byrji á næsta skólaári, og 1110 kr. 98 a. til að borga aukakostnað fram yfir það sem áður hefur verið veitt til þess að útvega og setja upp reiðabúið siglutrje handa lærisveinum stýrimannaskólans, eins og getur um í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1900 og 1901, 13. gr. B. V. b. 2. og í athugasemdunum við fjáraukalagafrumvarpið fyrir sama fjárhagstímabil. 4. gr.

Með þessum fjárveitingum hafa mælt bæði landshöfðingi og stiptsyfirvöld, er um hinn síðarnefnda gjaldlið hafa getið þess sjerstaklega, að forstöðumaður stýrimannaskólans hafi unnið að uppsetning á siglutrjenu með hagsýni og sparsemi, enda muni nú mega telja siglutrjeð í svo góðu standi, sem kostur er á.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1900 og 1901.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1900 og 1901 og fjáraukalögunum 27. sept. 1901 fyrir hin sömu ár, veitast 18,906 kr. 39 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld, tölulið 11. d., sbr. 2. gr. framangreindra fjáraukalaga, til að hlaða garð til varnar vitanum á Skagatá	2,209 kr. 24 a.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:	
Við tölulið 2. Til póstflutnings:	
1901	2,045 kr. 43 a.
Við tölulið 4. Önnur útgjöld:	
Við c. Ferðakostnaður póstmeistarans:	
1900	316 — „ —
Við d. Fyrir prentun:	
1900	498 — 08 —
Við e. Til áhalda:	
1900	404 — 60 —
1901	300 — 66 —
Við g. Oviss útgjöld:	
1900	212 — 30 —
Við B. Til vegabóta:	
Við tölulið 1. b. Ferðakostnaður verkfræðingsins:	
1900 og 1901	1,146 — 01 —
Við tölulið 3. Til flutningabrauta	1,898 — 41 —
Við tölulið 4. Til þjóðvega	3,301 — 22 —
Við tölulið 5. Til fjallvega	2,667 — 10 —
	12,789 kr. 81 e.

4. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem talin er í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, veitast 3,907 kr. 34 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal til skýringar vísað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1900 og 1901, sumpart til athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svara landshöfðingja til þeirra og tillagna endurskoðunarmanna.

Frumvarp til laga

um

samþykkt á landsreikningnum fyrir 1900 og 1901.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	84,000.	„	83,694.	01
2. Húsaskattur	12,000.	„	14,631.	„
3. Tekjuskattur	27,000.	„	29,702.	04
4. Aukatekjur	60,000.	„	66,949.	96
5. Erfðafjárskattur	4,000.	ø	7,285.	36
6. Vitagjald	18,000.	„	17,939.	43
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.	„	6,870.	12
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	92,000.	„	135,029.	67
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	250,000.	„	233,727.	22
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000.	„	197,959.	98
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	360,000.	„	432,315.	19
12. Tekjur af póstferðum	70,000.	„	76,053.	46
13. Óvissar tekjur	5,000.	„	22,090.	09
14. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	46,000.	„	46,097.	„
15. Tekjur af kirkjum	200.	„	637.	91
16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	4,000.	„	4,991.	57
17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	84,000.	„	88,293.	01
Borgað upp í lán, fjárveiting: 77,732 kr. 03 a., reikningur: 155,381 kr. 23 a.				
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000.	„	15,337.	23
19. Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000.	„	6,750.	91
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200.	„	2.423.	97
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	„	6,772.	77
22. Tillag úr ríkissjóði	120,500.	„	120,500.	„
23. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	.....		67,600.	„
24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun ..	.....		380.	14
alls...	1,399,900.	„	1,684,032.	04

II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. „	26,800. „
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	39,600. „	39,579. 35
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,166. 67	53.599. 41
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	175,000. „	175,394. 67
C. Ýmisleg útgjöld	131,832. „	131,320. 60
4. Til útgjalda við læknaskipunina	197,260. 08	238,658. 70
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	133,500. „	136,066. 02
B. Til vegabóta	166,600. „	185,879. 64
C. Til gufuskipaferða	120,800. „	120,400. „
D. Til ritsíma	35,000. „	„ „
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	47,100. „	46,266. 06
B. Til kennslumálefna	204,916. „	199,266. 87
C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta	69,150. „	65,346. 42
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200. „	10,256. 66
8. Eptirlaun og styrktarfje	90,000. „	93,190. 02
9. Til óvissra útgjalda	3,000. „	6,907. 34
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	.....	81,022. 83
11. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	.....	74,077. 45
alls...	1,498,924. 75	1,684,032. 04

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1901	1,060,151	kr.	89 a.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs s. d.	56,396	—	16 -
Peningaforði landssjóðs s. d.	375,247	—	62 -
Í landsbankanum á hlaupareikningi s. d.	120,000	—	„ -

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1900 og 1901.

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1. Skatur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:				
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000.	„	83,694.	01
b. á lausafje	50,000.	„		
2. Húsaskattur	12,000.	„	14,631.	„
3. Tekjuskattur	27,000.	„	29,702.	04
4. Aukatekjur	60,000.	„	66,949.	96
5. Erfðafjárskattur	4,000.	„	7,285.	36
6. Vitagjald	18,000.	„	17,939.	43
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.	„	6,870.	12
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	92,000.	„	135,029.	67
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	250,000.	„	233,727.	22
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000.	„	197,959.	98
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	360,000.	„	432,315.	19
12. Tekjur af póstferðum	70,000.	„	76,053.	46
13. Óvissar tekjur	5,000.	„	22,090.	09
14. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	46,000.	„	46,097.	„
15. Tekjur af kirkjum	200.	„	637.	91
16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	4,000.	„	4,991.	57
17. Leigur af fje viðlagasjóðs	84,000.	„	88,293.	01
borgað upp í lán, fjárveiting: kr. 77,732. 03				
reikningur: — 155,381. 23				
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000.	„	15,337.	23
19. Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000.	„	6,750.	91
20. Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	1,200.	„	2,423.	97
21. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	„	6,772.	77
22. Tillag úr ríkissjóði:				
Fast tillag	120,000.	„	120,000.	„
Aukatillag	500.	„	500.	„
23. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	.....		67,600.	„
24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	.....		380.	14
alls...	1,399,900.	„	1,684,032.	04

II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. „	26,800. „
2. Til kostnaðar við alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna	39,600. „	39,579. 35
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:		
3. A. 1. Laun	36,166. 67	36,166 .67
4. — 2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	8,400. „	8,832. 74
5. — 3. a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 5,000 kr.		
b. Launaviðbót til hins núverandi endurskoðara 1,000 —		
c. Skrifstofukostnaður 600 —		
d. Handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar 2,000 —		
	8,600. „	8,600. „
B. Dómgæzla og lögreglumál.		
6. B. 1. Laun:		
a. til dómara og sýslumanna	136,200. „	136,600. „
b. til hreppstjóra	16,000. „	15,364. 50
7. — 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	2,800. „	2,800. „

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
8. — 3. Til hegningarhússins og fangelsanna:		
a. laun umsjónarmanns 2,000 kr. Viðbót til hins núverandi umsjónarmanns 400 —	2,400. „	2,400. „
þóknun handa dómkirkjuprestinum	200. „	200. „
þóknun handa lækni	120. „	120. „
b. viðurværi handa föngum. 2,450. „ 3 skammtar af miðdegismat handa fangaverði 460. „		2,804. 38
þvottur	60. „	35. 30
til eldiviðar og ljósa	1,040. „	1,372. „
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	800. „	1,131. 82
flyt...	7,530. „	8,063. 50
	274,566. 67	274,743. 26

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar. .	7,530. „	8,063. 50	274,566. 67	274,743. 26
	til þess að útvega verkefni	1,000. „	264. 30		
	ýmisleg útgjöld	300. „	194. 60		
		8,830. „	8,522. 40		
	arður af verkum	1,230. „	1,115. 35		
		7,600. „	7,407. 05		
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,900. „	2,018. 41		
				9,500. „	9,425. 46
9. B. 4.	Önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	3,200. „	3,200. „		
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	100. „	100. „		
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	100. „	103. 80		
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum	100. „	50. „		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	6,000. „	7,110. 91		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	600. „	410. „		
	g. til útgáfu á dómasafni . . .	300. „	221. 25		
	h. útgjöld við sáttamál	100. „	8. 75		
				10,500. „	11,204. 71
	Ýmisleg útgjöld.				
10. C. 1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
	a. þóknun fyrir útgáfuna . . .	900. „	900. „		
	b. til pappírs og prentunar	5,160. „	8,052. 32		
	c. til kostnaðar við sending með póstum	900. „	861. 72		
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri	2,400. „	2,990. „		
	eptirstöðvar frá f. á.		826. 90		
				9,360. „	13,630. 94
11. — 2.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyrir undir embættisbrjef			5,000. „	5,964. 44
			flyt. .	308,926. 67	314,968. 81

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	308,926. 67	314,968. 81
12. C. 3.	Brunaábyrgðargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,800. „	1,974. 13
13. — 4.	Styrkur til eflingar búnaði:		
	a. til búnaðarskóla:		

	Fjárveiting. kr.	Reikningur. kr.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. til skólans í Ólafsdal ...	5,000.	5,000.		
2. til skólans á Hólum	5,000.	5,000.		
3. til skólans á Eyðum	5,000.	5,000.		
4. til skólans á Hvanneyri..	5,000.	5,000.		
			20,000. „	20,000. „
b. til búnaðarfjelaga			36,000. „	36,000. „
c. til búnaðarfjelags Íslands .			14,000. „	14,000. „
			70,000. „	70,000. „
14. — 5.	Til kennslu í mjólkurmeðferð		4,000. „	4,000. „
15. — 6.	Til gróðrartilrauna		3,500. „	3,500. „
16. — 7.	Styrkur til Gullbringusýslu		10,000. „	10,000. „
17. — 8.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits		480. „	480. „
18. — 9.	a. laun handa 2 dýralæknum		4,800. „	2,400. „
	b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík		800. „	800. „
19. — 10.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		600. „	600. „
20. — 21.	Til vita:			

	Fjárveiting. kr.	Reikningur. kr.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			600. „	450. „
b. til eptirlitsferða			200. „	169. „
c. til vitans á Reykjanesi:				
1. til launa vitamannsins...	2,400	2,400. „		
2. fyrir olíu...	400	400.33		
flyt...	2,800	2,800.33	800. „	619. „	404,906. 67	408,722. 94

	Fjár-veiting.	Reikn-ingur.	Fjár-veiting.	Reikn-ingur.	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	2,800.	2,800.33	800. „	619. „	404,906. 67	408,722. 94
3. fyrir lampakveiki	300.	164.77				
4. fyrir steinkol	320.	360. „				
5. flutningskostnaður	500.	555. „				
6. til viðhalds á húsum og áhöldum	600.	795.94				
7. eptirgjald eptir lóðina	60.	60. „				
8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu...	300.	300. „				
			4,880. „	5,036. 04		
d. til vita á Skagatá:						
1. til vitamanns	800.	800. „				
2. fyrir olíu...	300.	281.08				
3. — lampakveiki o. fl..	200.	95.27				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	400.	301.54				
5. steinkol	200.	225. „				
6. flutningskostnaður.	150.	167.30				
7. eptirgjald eptir lóðina	32.	32. „				
			2,082. „	1,902. 19		
e. til vita við Gróttu:						
1. til vitamanns	800.	800. „				
2. fyrir olíu...	250.	296.55				
3. — lampakveiki o. fl..	200.	22.11				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	320.	„				
5. steinkol	120.	135. „				
flyt...	1,690.	1,253.66	7,762. „	7,557. 23	404,906. 67	408,722. 94

	Fjár-veiting.	Reikn-ingur.	Fjár-veiting.	Reikn-ingur.	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	1,690.	1,253.66	7,762. „	7,557.23	404,906. 67	408,722. 94
6. flutningskostnaður	80.	41. „	1,770. „	1,294. 66		
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga.....			1,000. „	368. 84		
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:						
1. til vitagerðarinnar	2,000.	1,606.24				
2. til vitamanns	800.	366.67				
3. fyrir olíu...	350.	54.06				
4. — lampakveiki o. fl..	300.	„				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	160.	52.12				
6. flutningskostnaður	100.	„	3,710. „	2,079. 09		
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga			100. „	100. „		
i. styrkur til ljóskers á Skipaskaga			150. „	150. „		
					14,492. „	11,549. 82
21. C. 12. Til nýrra þríhyrninga- strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness.....					5,000. „	4,996. 12
22. — 13. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.....					2,000. „	1,425. 15
Útgjöld við læknaskipunina:						
23. 1. Laun					80,380. „	115,505. 30
24. 2. Styrkur til 16 aukalækna					32,000. „	4,566. 64
25. 3. Styrkur til Guðmundar læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri					1,600. „	„ „
26. 4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga.....					300. „	300. „
27. 5. a. styrkur til augnalæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík					4,000. „	4,000. „
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa					600. „	391. 95
28. 6. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík.....					2,000. „	2,000. „
				flyt...	552,278. 67	553,457. 92

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	552,278. 67	553,457. 92
29. 7. Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:			
	Fjárveit. kr. a. / Reikn. kr. a.		
a. laun til starfsmanna.....	9,880. „ / 9,862.26		
b. viðurværi:			
1. handa 60 sjúklingum	Fjárveit. kr. a. 16,644. „ / Reikn. kr. a. 16,087.68		
2. handa 17 starfsmönnum.....	8,368.08 / 7,262.31		
	25,012.08 / 23,349.99		
c. klæðnaður sjúklinga.....	1,200. „ / 1,196.76		
d. meðöl og sáraumbúnaður.....	3,000. „ / 2,549.78		
e. eldsneyti.....	7,000. „ / 6,124.32		
f. ljósmeti.....	1,140. „ / 1,115.80		
g. viðhald á húsum.....	2,400. „ / 2,400. „		
h. húsbúnaður og áhöld.....	1,200. „ / 2,013.33		
i. þvottur og ræsting.....	1,200. „ / 1,418.13		
k. greptrunarkostnaður.....	500. „ / 809.06		
l. flutningskostnaður.....	400. „ / 77.94		
m. til að skemmta sjúklingum.....	400. „ / 336.09		
n. hestafóður.....	600. „ / 451.60		
o. ýmisleg gjöld.....	2,000. „ / 2,483.55		
		55,932. 08	54,188. 61
29. 8. Útgjöld við bólusetningar.....		1,000. „	1,311. 75
	Fjárveit. kr. a. / Reikningur. kr. a.		
30. 9. Önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík.....	2,400. „ / 2,400. „		
b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri.....	800. „ / 800. „		
c. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði.....	800. „ / 800. „		
d. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði.....	800. „ / 800. „		
e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík, fyrir hana sjálfa.....	48. „ / 48. „		
f. til náms yfirsetukvenna.....	4,000. „ / 7,692.95		
g. til verkfæra handa yfirsetukonum	800. „ / 827.69		
h. gjöld samkv. 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. jan. 1896.....	2,000. „ / 35,225.81		
		11,648. „	48,594. 45
	flyt...	620,858. 75	657,552. 73

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	620,858. 75	657,552. 73
31. 10.	Styrkur til að gefa út og semja nýja ljósmóðurfræði	800. „	800. „
32. 11.	Styrkur til útbúnings og áhalda handa sjúkrahúsinu á Seyðisfirði	4,000. „	4,000. „
33. 12.	Til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði	3,000. „	3,000. „
	Til samgöngumála.		
	A. Útgjöld við póststjórnina:		
	Fjárveiting. Reikningur.		
34. A. 1.	Laun: kr. a. kr. a.		
	a. handa póstmeistaranum.. 6,000. „ 6,000. „		
	b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Rvíkur. 16,200. „ 16,200. „		
	2. handa tveim póstafgreiðslum. í Rvík..... 5,000. „ 5,000. „		
	c. handa brjefhirðingamönnum..... 12,000. „ 11,484. 67		
		39,200. „	38,684. 67
35. — 2.	Póstflutningur	80,000. „	81,394. 05
36. — 3.	Til póstvagnferða frá Reykjavík til Odda	1,200. „	1,200. „
37. — 4.	Önnur útgjöld:		
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.. kr. a. 4,000. „ kr. a. 4,000. „		
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu..... 400. „ 679. 75		
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 400. „ 586. „		
	d. fyrir prentun á ýmsu ... 2,000. „ 2,306. 82		
	e. til áhalda..... 3,000. „ 3,705. 26		
	f. til brjefburðar í Reykjavík..... 800. „ 800. „		
	g. óviss útgjöld..... 400. „ 612. 30		
	h. til viðhalds húsum og áhöldum..... 1,600. „ 1,600. „		
		12,600. „	14,290. 13
38. — 5.	Til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	500. „	497. 17
	B. Til vegabóta.		
39. B. 1.	Til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórn við hinar stærri samgöngubætur:		
	kr. a. kr. a.		
	a. laun..... 6,000. „ 6,000. „		
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum..... 1,000. „ 2,146. 01		
		7,000. „	8,146. 01
	flyt...	769,158. 75	809,564. 76

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	769,158. 75	809,564. 76
40. B. 2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur	3,000. „	766. 90
41. — 3.	Til flutningabrauta	40,000. „	51,898. 41
42. — 4.	Til þjóðvega	100,000. „	108,301. 22
43. — 5.	Til fjallvega	10,000. „	12,667. 10
44. — 6.	Styrkur til vegagjörðar yfir Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu	2,500. „	
45. — 7.	Styrkur til vegagjörðar frá Skipaskaga til Blautóss í Borgarfjarðarsýslu	2,400. „	2,400. „
46. — 8.	Styrkur til Dalasýslu til brúargjörðar á Laxá í Laxárdal	1,700. „	1,700. „
	C. Til gufuskipaferða.		
47. C. 1.	Til hins sameinaða gufuskipafjelags	100,000. „	100,000. „
48. — 2.	Til gufubátsferða:		
		Fjárveiting.	Reikningur.
	a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa	kr. a. 15,400. „	kr. a. 15,400. „
	b. á Ísafjarðardjúpi	5,000. „	5,000. „
		20,400. „	20,400. „
49. — 3.	Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn	400. „	
D.	Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda	35,000. „	
	Útgjöld til kirkju- og kennslumála.		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar		
50. A. a.	laun biskups	14,000. „	14,000. „
b.	önnur útgjöld:		
51. — 1.	til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	18,500. „	17,848. 36
52. — 2.	til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	3,400. „	3,400. „
53. — 3.	til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	1,200. „	3,317. 70
54. — 4.	bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi	400. „	400. „
55. — 5.	bráðabirgðar-uppbót á Meðallandsþingum	400. „	100. „
56. — 6.	viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestsekkna	6,000. „	6,000. „
57. — 7.	bráðabirgðar-uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	200. „	200. „
58. — 8.	til að endurreisa $2^1/_2$ prestmötukúgildi á Laugarbrekku m. m.	400. „	400. „
	flyt...	1,124,058. 75	1,151,364. 45

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	1,124,058. 75	1.151,364. 45
59. A. 9.	styrkur til síra Gísla Kjartanssonar fyrir flutning og bygging staðarhúsa á Felli	600. „	600. „
60. — 10.	endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.	2,000. „	2,000. „
	B. Til kennslumálefna.		
	I. Til prestaskólans:		
61. a.	laun	18,400. „	18,400. „
62. b.	önnur útgjöld:		
	1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum ..... 2,240. „ 1,120. „		
	2. námsstyrkur ..... 1,800. „ 1,600. „		
	3. til tímakennslu..... 200. „ 200. „		
	4. til bókakaupa..... 600. „ 493. 94		
	5. til eldiviðar og ljósa..... 300. „ 253. 30		
	6. til umsjónar ..... 200. „ 200. „		
	7. ýmisleg útgjöld..... 400. „ 313. 42		
	8. til þess að gefa út kennslubækur handa skólanum.... 500. „ 175. „		
		6,400. „	4,355. 66
	II. Til læknaskólans.		
63. a.	laun	6,240. „	6,400. „
64. b.	önnur útgjöld:		
	1. námsstyrkur ..... 2,400. „ 2,400. „		
	2. eldiviður, ljós og ræsting... 400. „ 500. 70		
	3. til bókakaupa og verkfæra.. 1,000. „ 934. 28		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum..... 600. „ 1,800. „		
	5. húsaleiga handa lærisveinum 2,560. „ 2,280. „		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði..... 200. „ 216. 66		
	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis „klíník“... 400. „ 278. 17		
	8. ýmisleg útgjöld..... 200. „ 399. 22		
		7,760. „	8,809. 03
	III. Til hins lærða skóla:		
65. a.	laun	38,400. „	38,400. „
66. b.	aðstoðarfje:		
	handa söngkennaranum ..... 1,200. „ 1,200. „		
	— fimleikakennaranum.... 1,400. „ 1,400. „		
	— dyraverði ..... 2,000. „ 2,000. „		
	flyt... 4,600. „ 4,600. „	1,203,858. 75	1,230,329. 14

		Fjárveiting.		Reikningur.		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
	fluttar...	4,600.	„	4,600.	„	1,203,858.	75	1,230,329.	14
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans....	400.	„	400.	„	5,000.	„	5,000.	„
67. c.	önnur útgjöld:								
	1. til bókasafns skólans	1,440.	„	1,440.	„				
	2. til eldiviðar og ljósa	2,400.	„	2,551.	06				
	3. til skólahússins utan og innan	4,600.	„	4,589.	78				
	4. til tímakennslu.....	2,100.	„	1,991.	55				
	5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara....	2,600.	„	2,600.	„				
	6. námsstyrkur	9,000.	„	7,000.	„				
	7. húsaleigustyrkur handa lærisveinum	1,440.	„	1,420.	„				
	8. þóknun handa lækni.....	200.	„	200.	„				
	9. ýmisleg útgjöld	1,600.	„	1,626.	03				
	10. fyrir prestsverk	96.	„	96.	„				
	11. til vísindalegra áhalda við kennslu:								
	a. í náttúrusögu.....	400.	„	323.	10				
	b. í eðlisfræði.....	800.	„	697.	16				
	12. til að gefa út kennslubækur handa skólanum	1,200.	„	275.	„				
	13. til áhalda við fimleikakennslu.....	400.	„	418.	35				
						28,276.	„	25,228.	03
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.								
68. a.	laun					13,200.	„	13,200.	„
69. b.	önnur útgjöld:	kr.	a.	kr.	a.				
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	800.	„	792.	50				
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000.	„	1,125.	27				
	3. til skólahússins utan og innan	400.	„	500.	87				
	4. ýmisleg útgjöld.....	1,000.	„	989.	30				
	5. til styrkveitingar námspiltum	800.	„	800.	„				
	eptirstöðvar frá fyrra ári...			91.	29				
						4,000.	„	4,299.	23
	V. Til stýrimannaskólans.								
70. a.	laun					6,000.	„	5,583.	33
71. b.	önnur útgjöld:								
	1. til tímakennslu.....	2,400.	„	2,344.	75				
	flyt...	2,400.	„	2,344.	75	1,260,334.	75	1,283,639.	73

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
fluttar...	2,400. „	2,344. 75	1,260,334. 75	1,283,639. 73
2. til áhaldakaupa o. fl.....	1,400. „	1,389. 66		
3. til eldiviðar og ljósa	1,000. „	1,071. 01		
4. ýmisleg útgjöld	1,100. „	1,227. 92		
5. til að kaupa lóð.....	440. „	440. „		
			6,340. „	6,473. 34
VI. Til annarar kennslu:				
72. a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík	5,000. „	5,000. „		
2. til kvennaskóla Húnvetninga.	4,400. „	4,400. „		
3. til kvennaskóla Eyfirðinga...	4,400. „	4,400. „		
eptirstöðvar frá f. á.....		475. „		
			13,800. „	14,275. „
73. b. 1. til barnaskóla utan kaupstaða.....			11,000. „	10,800. „
74. — 2. til sveitakennara			11,000. „	11,000. „
75. c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.....			5,000. „	5,000. „
76. d. til kennarafræðslu.....			5,600. „	5,600. „
77. e. námsstyrkur handa kennaraefnum			1,000. „	550. „
78. f. til skólaiðnaðarkennslu.....			1,000. „	1,000. „
79. g. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík			2,000. „	2,000. „
80. h. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur..			600. „	600. „
81. i. styrkur til kennslu heyrnar- og málleysingja			10,000. „	9,461. 53
82. j. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarmanni við kennslu heyrnar- og málleysingja			300. „	300. „
VII. Til sundkennslu:				
83. a. í Reykjavík			400. „	400. „
84. b. til sundkennslu annarsstaðar			2,000. „	931. 72
85. VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kennslu í teikning og trjeskurði í Reykjavík ..			1,200. „	1,200. „
C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:				
86. 1. til landsbókasafnsins:				
a. laun bókavarðar			3,000. „	3,000. „
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið.....			1,800. „	1,800. „
c. fyrir bækur og handrit.....			8,000. „	8,000. „
		flyt...	1,344,374. 75	1,366,031. 32

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	1,344,374. 75	1,366,031. 32
	d. til eldiviðar og áhalda m. m.	900. „	900. „
	e. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	600. „	600. „
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
87.	2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	1,000. „	1,000. „
	b. til amtsbókasafns Austuramtsins	800. „	800. „
	c. til amtsbókasafns Vesturamtsins	800. „	800. „
		2,600. „	2,600. „
88.	3. til landsskjalasafnsins:		
	a. laun skjalavarðar, sem landshöfðingi skipar	2,400. „	2,400. „
	b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds	700. „	700. „
89.	4. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	4,000. „	4,000. „
90.	5. til Þjóðvinafjelagsins	1,500. „	1,500. „
91.	6. til forngripasafnsins:		
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	a. til að útvega forngripi og til áhalda	2,000. „	2,000. „
	b. til umsjónar	1,200. „	1,200. „
	c. til húsnæðis og hita	4,000. „	4,000. „
	d. til að flytja safnið og koma því fyrir	800. „	800. „
		8,000. „	8,000. „
92.	7. til Fornleifafjelagsins til útgáfu árbókar	600. „	600. „
93.	8. styrkur til að gefa út bækling um Ísland	1,000. „	1,000. „
94.	9. til Náttúrfræðisfjelagsins	1,000. „	1,000. „
95.	10. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu	1,600. „	1,600. „
96.	11. til að vinna að textaútgáfu af íslenzku fornbrjefasafni	1,600. „	1,600. „
97.	12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	600. „	600. „
98.	13. til rannsóknar á byggingaefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð	6,000. „	2,596. 42
99.	14. styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar	2,400. „	2,000. „
100.	15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til landbúnaðarnáms við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn	1,000. „	1,000. „
101.	16. til sjera Matthíasar Jochumssonar	4,000. „	4,000. „
102.	17. til Páls Ólafssonar skálds	1,000. „	1,000. „
	flyt...	1,385,874. 75	1,403,727. 74

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	1,385,874. 75	1,403,727. 74
103.	18. til stórstúku Goodtemplara á Islandi til eflingar bindindi	1,600. „	1,600. „
104.	19. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	600. „	600. „
105.	20. til skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók	1,000. „	1,000. „
106.	21. styrkur til yfirdómara Jóns Jenssonar og landritara Jóns Magnússonar til að gefa út lagasafn handa alþýðu, 4. bindi	400. „	400. „
107.	22. styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út tímaritið „Lögfræðing“	400. „	400. „
108.	23. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiða-rannsókna	1,600. „	1,600. „
109.	24. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skóg-arrækt hjer á landi	1,000. „	1,000. „
110.	25. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	2,000. „	2,000. „
111.	26. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	1,000. „	1,000. „
112.	27. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	1,000. „	1,000. „
113.	28. til leikfjelags Reykjavíkur	600. „	600. „
114.	29. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannaskólans	250. „	250. „
115.	30. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utan-farar til að stunda hebreska tungu og skýringar gamlatestamentisins	600. „	600. „
116.	31. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	1,200. „	1,200. „
117.	32. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hráð-ritun og til að kenna hana	800. „	800. „
118.	33. styrkur til hús„stjórnarskólans í Reykjavík	800. „	800. „
119.	til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200. „	10,256. 66
120.	til eptirlauna og styrktarfjár o. fl.	90,000. „	93,190. 02
121.	til óvissra útgjalda	3,000. „	6,907. 34
122.	útborgað samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum...		81,022. 83
123.	tekjuafgangur fjárhagstímabilsins		74,077. 45
	Ialt...	1,498,924. 75	1,684,032. 04

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld á árunum 1900 og 1901.

I. Tekjur.

Við 1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sbr. fjárlögin 2. gr. 1.
a. á ábúð og afnotum jarða.
b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1900:

a.	17,168 kr. 77 a.		
b.	25,235 — 43 -		
		42,404 kr. 20 a.	
og eptir reikningnum 1901:			
a.	17,573 kr. 75 a.		
b.	25,470 — 69 -		
		43,044 — 44 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		795 — 37 -	
			86,244 kr. 01 a.
Af þessu er borgað:			
1900		42,045 kr. 77 a.	
1901		41,648 — 24 -	
			83,694 — 01 -
		Tekjueptirstöðvar...	2,550 kr. „ a.

Við 2. Húsaskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Tekjur þessar hafa numið:

eptir reikningnum 1900		7,152 kr. 75 a.	
— — 1901		7,628 — 25 -	
			14,781 kr. „ a.
Af þessu er borgað:			
1900		6,834 kr. „ a.	
1901		7,797 — „ -	
			14,631 — „ -
		Tekjueptirstöðvar...	150 kr. „ a.

Við 3. Tekjuskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 3, hefur numið:

eptir reikningnum 1900		14,848 kr. „ a.	
— — 1901		15.446 — 75 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		157 — 29 -	
			30,452 kr. 04 a.
		flyt...	30,452 kr. 04 a.

	fluttar...	30,452 kr. 04 a.
Af þessu er borgað:		
1900	15,000 kr. 58 a.	
1901	14,701 — 46 -	
		29,702 — 04 -
	Tekjueptirstöðvar..	750 kr. „ a.

Við 4. Aukatekjur, sbr. fjárlögin 2. gr. 4, hafa numið:

eptir reikningnum 1900	31,891 kr. 44 a.	
— — 1901	35,782 — 16 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	411 — 55 -	
		68,085 kr. 15 a.
Af þessu er borgað:		
1900	29,228 kr. 35 a.	
1901	37,721 — 61 -	
		66,949 — 96 -
	Tekjueptirstöðvar...	1,135 kr. 19 a.

Við 5. Erfðafjárskattur, sbr. fjárl. 2. gr. 5, hefur numið:

eptir reikningnum 1900	3,200 kr. 21 a.	
— — 1901	4,057 — 29 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	28 — 28 -	
		7,285 kr. 78 a.
Af þessu er borgað:		
1900	3,078 kr. 81 a.	
1901	4,206 — 55 -	
		7,285 — 36 -
	Tekjueptirstöðvar...	„ kr. 42 a.

Við 6. Vitagjald, sbr. fjárl. 2. gr. 6, hefur numið:

eptir reikningnum 1900	8,575 kr. 40 a.	
— — 1901	9,198 — 70 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	165 — 33 -	
		17,939 kr. 43 a.
Af þessu er borgað:		
1900	8,693 kr. 10 a.	
1991	9,246 — 33 -	
		17,939 — 43 -

Við 7. Gjöld fyrir leyfisbrjef, sbr. fjárl. 2. gr. 7, hafa numið:

eptir reikningnum 1900	2,973 kr. 56 a.	
— — 1901	3,896 — 56 -	
		6,870 kr. 12 a.
Af þessu er borgað:		
1900	2,973 kr. 56 a.	
1901	3,896 — 56 -	
		6,870 — 12 -

Við 8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 8, hefur numið:

eptir reikningnum 1900	69,633 kr. 57 a.	
— — 1901	78,080 — 60 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	1,570 — 32 -	
		149,284 kr. 49 a.
Af þessu borgað:		
1900	64,000 kr. 32 a.	
1901	71,029 — 35 -	
		135,029 kr. 67 a.
Tekjueptirstöðvar...		14,254 kr. 82 a.

Við 9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 9, hefur numið:

eptir reikningnum 1900	101,536 kr. 15 a.	
— — 1901	134,050 — „ -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	6,255 — 51 -	
		241,841 kr. 66 a.
Af þessu er borgað:		
1900	104,098 kr. 99 a.	
1901	129,628 — 23 -	
		233,727 — 22 -
Tekjueptirstöðvar...		8,114 kr. 44 a.

Við 10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 10, hefur numið:

eptir reikningnum 1900	92,354 kr. 32 a.	
— — 1901	102,316 — 70 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	7,767 — 54 -	
		202,438 kr. 56 a.
Hjer af borgað:		
1900	93,952 kr. 76 a.	
1901	104,007 — 22 -	
		197,959 — 98 -
Tekjueptirstöðvar...		4,478 kr. 58 a.

Við 11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum dregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 11, hefur numið:

eptir reikningnum 1900	204,747 kr. 74 a.	
— — 1901	231,807 — 48 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	12,434 — 63 -	
		448,989 kr. 85 a.
flyt...		448,989 kr. 85 a.

		fluttar...	448,989 kr. 85 a.
	Af þessu borgað 1900.....	201,213 kr. 22 a.	
	1901.....	231,101 — 97 -	
			432,315 — 19 -
		Tekjueptirstöðvar...	16,674 kr. 66 a.
Við 12.	Tekjur af póstferðum, sbr. fjárlögin 2. gr. 12, hafa numið:		
	eptir reikningnum 1900.....	37,240 kr. 74 a.	
	— — 1901.....	38,812 — 72 -	
			76,053 kr. 46 a.
Við 13.	Óvissar tekjur. sbr. fjárlögin 2. gr. 13, hafa numið:		
	eptir reikningnum 1900.....	15,299 kr. 50 a.	
	— — 1901.....	6,790 — 59 -	
			22,090 kr. 09 a.
	Af þessu er borgað 1900	15,299 kr. 50 a.	
	og 1901	6,790 — 59 -	
			22,090 — 09 -
Við 14.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu o. fl., sbr. fjárlögin 3. gr. 1, hafa numið:		
	eptir reikningnum 1900..... 34,283 kr. 62 a.		
	Gjöldin voru það árið ..... 11,667 — 62 -		
		22,616 kr. „ a.	
	eptir reikningnum 1901..... 34,486 kr. 36 a.		
	Gjöldin voru það árið..... 11,146 — 75 -		
		23,339 — 61 -	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum..	5,719 — 61 -	
			51,675 kr. 22 a.
	Af þessu er borgað 1900	25,045 kr. 73 a.	
	og 1901	21,051 — 27 -	
			46,097 — „ -
			5,578 kr. 22 a.
	Þegar hjer frá dragast samkvæmt fylgiskjali 14 nr. 1 við reikninginn 1900.....	231 kr. 80 a.	
	og samkvæmt athgr. 2 á fylgiskjali 14 við reikninginn 1901.....	52 — 15 -	
			283 — 95 -
		verða tekjueptirstöðvar...	5,294 kr. 27 a.

Við 15. Tekjur af kirkjum, sbr. fjárlögin 3. gr. 2, hafa numið

eptir reikningnum 1900.....	379 kr. 46 a.	
— — 1901.....	255 — 95 -	
Tekjueptirstöðvar frá f. á.	2 — 50 -	
		637 kr. 91 a.
Af þessu er borgað 1900.....	381 kr. 96 a.	
og 1901.....	255 — 95 -	
		637 — 91 -

Við 16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, sbr. fjárlögin 3. gr. 3, hafa numið:

eptir reikningnum 1900.....	3,556 kr. 08 a.	
— — 1901.....	1,435 — 49 -	
		4,991 kr. 57 a.

Við 17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, sbr. fjárlögin 4. gr. 1, hafa numið:

eptir reikningnum 1900.....	47,349 kr. 52 a.	
— — 1901.....	40,972 — 59 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum..	924 — „ -	
		89,246 kr. 11 a.
Af þessu er borgað 1900.....	47,318 kr. 80 a.	
og 1901.....	40,974 — 21 -	
		88,293 — 01 -
		953 kr. 10 a.
Þegar hjer frá dragast, samkvæmt athgr. á fylgiskjali 16 við reikninginn 1901		7 — 41 -
verða tekjueptirstöðvar...		945 kr. 69 a.

Upp í lán borgað:

1900.....	77,574 kr. 68 a.	
og 1901.....	77,806 — 55 -	
		155,381 kr. 23 a.

Við 18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans, sbr. fjárlögin 4. gr., 2, hafa numið:

eptir reikningnum 1900.....	6,452 kr. 48 a.	
— — 1901.....	8,884 — 75 -	
		15,337 kr. 23 a.

Við 19. Innborganir frá brauðum, sbr. fjárlögin 5. gr., 1, hafa numið:

eptir reikningnum 1900.....	3,567 kr. 45 a.	
— — 1901.....	3,570 — 55 -	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum..	1,661 — „ -	
		8,799 kr. „ a.
Af þessu er borgað 1900.....	2,807 kr. 45 a.	
og 1901.....	3,943 — 46 -	
		6,750 — 91 -
Tekjueptirstöðvar...		2,048 kr. 09 a.

Við 20. Endurborgun skyndilána til embættismanna, sbr. fjárlögin 5. gr., 2, hefur numið:

eptir reikningnum 1900.....	1,245 kr. 82 a.	
— — 1901.....	1,178 — 15 -	
		2,423 kr. 97 a.

Við 21. Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, sbr. fjárlögin 5. gr. 3, hefur numið:

eptir reikningnum 1900.....	2,163 kr. 70 a.	
— — 1901.....	4,609 — 07 -	
		6,772 kr. 77 a.

Við 22. Tillag úr ríkissjóði, sbr. fjárlögin 6. gr., hefur numið samkvæmt lögum 2. janúar 1871:

1900	fast tillag.....	60,000 kr. „ a.	
	aukatillag.....	500 — „ -	
			60,500 kr. „ a.
1901 fast tillag		60,000 kr. „ a.	
			60,000 — „ -
			120,500 kr. „ a.

Við 23. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja, sbr. fjárlögin 19. gr. og lög nr. 26 frá 11. nóv. 1899, hafa numið:

eptir reikningnum 1900.....	35.800 kr. „ a.	
— — 1901.....	31,800 — „ -	
		67,600 kr. „ a.

Við 24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 19. gr. og tolllög 8. nóvember 1901, hafa numið:
eptir reikningnum 1901 ..... 380 kr. 14. a.

II. Gjöld.

Við 1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sbr. fjárlögin, 8. gr.,

voru borgaðar 1900	12,400 kr. „ a.	
og 1901.	14,400 — „ -	
		26,800 kr. „ a.

Við 2. Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna, sbr. fjárlögin 9. gr.,

voru borgaðar 1900.....	1,518 kr. 60 a.	
og 1901.....	38,060 — 75 -	
		39,579 kr. 35 a.

Við 3—5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, sbr. fjárlögin, 10 gr. A. 1—3.

			1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
3. A. 1.	Laun		18,066. 67	18,100. „	36,166. 67
4. A. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,561. 65	4,271. 09	8,832. 74
		kr. a.			
5. A. 3. a.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500. „			
b.	viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara.....	500. „			
c.	skrifstofukostnaður	300. „			
d.	handa föstum aðstoðarmanni er landshöfðingi skipar	1,000. „			
			4,300. „	4,300. „	8,600. „
				alls...	53,599. 41

Við 6—9. Dómgæzla og lögreglustjórn, sbr. fjárlögin 10. gr. B. 1—4.

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
6. B. 1.	Laun:			
a.	til dómara og sýslumanna.	68,300. „	68,300. „	136,600. „
b.	til hreppstjóra	7,741. „	7,623. 50	15,364. 50
			flyt...	151,964. 50

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	.....	.....	151,964. 50
7. B. 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík...	1,400. „	1,400. „	2,800. „

8. — 3. Til hegningarhússins og fangelsanna:

	1900. kr. a.	1901. kr. a.			
a. laun umsjónarmannsins	1,000. „	1,000. „			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200. „	200. „			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100. „	100. „			
þóknun handa lækni.	60. „	60. „			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag, 3 skammtar af miðdegismat handa fangaverði	1,414. 90	1,389. 48			
þvottur	15. 70	19. 60			
til eldiviðar og ljósa	688. 30	683. 70			
útgjöld við byggingarnar sjálfa og áhöld .	601. 13	530. 69			
til þess að útvega verkefni	99. 94	164. 36			
ýmisleg útgjöld	102. 16	92. 44			
	4,282. 13	4,240. 27			
arður af verkum	1,032. 45	82. 90			
	3,249. 68	4,157. 37			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna.....	1,875. 63	142. 78			
			5,125. 31	4,300. 15	9,425. 46

9. — 4. Önnur útgjöld:

a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600. „	1,600. „			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50. „	50. „			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.....	53. 25	50. 55			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		50. „			
flyt...	1,703. 25	1,750. 55	.....	.....	164,189. 96

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
Overført...	1,703. 25	1,750. 55	.....	.....	164,189. 96
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál..	3,477. 37	3,633. 54			
f. kostnaður við gjafsóknarmál.....	204. 50	205. 50			
g. til að gefa út dómasafn	221. 25	„ „			
h. útgjöld við sáttamál.	3. 75	5. „			
			5,610. 12	5,594. 59	11,204. 71
				alls...	175,394. 67

Við 10—22. Ýmisleg útgjöld, sbr. fjárlögin 10. gr. C. 1—13.

10 C. 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna	450. „	450. „			
b. til pappírs og prentunar ...	3,530.39	4,521.93			
c. til kostnaðar við sending með póstum	523.46	338.26			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur	1,480. „	1,510. „			
Eptirstöðvar frá f. á.....	826.90	„ „			
			6,810.75	6,820.19	13,630.44
11—2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyrir undir embættisbrjef.			2,655.48	3,308.96	5,964.44
12—3. Brunaábyrgðargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			988.02	986.11	1,974.13

13—4. Styrkur til eflingar búnaði.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.
1. til skólans í Ólafsdal....	2,500. „	2,500. „		
2. til skólans á Hólum.....	2,500. „	2,500. „		
3. til skólans á Eyðum.....	2,500. „	2,500. „		
4. til skólans á Hvanneyri..	2,500. „	2,500. „		
			10,000. „	10,000. „
b. til búnaðarfjelaga			18,000. „	18,000. „
flyt...			28,000. „	28,000. „ 21,569.51

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	28,000. „	28,000. „	.....		21,569.51
	c. til búnaðarfjelags Íslands ..	7,000. „	7,000. „			
				35,000. „	35,000. „	70,000. „
14 C 5.	Til kennslu í mjólkurmeðferð.....			2,000. „	2,000. „	4,000. „
15 — 6.	Til gróðrartilrauna.....			2,000. „	1,500. „	3,500. „
16 — 7.	Styrkur til Gullbringusýslu			„ „	10,000. „	10,000. „
17 — 8.	Styrkur til útgáfu búnaðarrits.....			240. „	240. „	480. „
18 — 9.	a. laun handa 2 dýralæknum			1,200. „	1,200. „	2,400. „
	b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík...			400. „	400. „	800. „
19—10.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu.....			300. „	300. „	600. „
20—11.	Til vita:					
	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			1900. kr. a. 150. „	1901. kr. a. 300. „	
	b. til eptirlitsferða.....			39. „	130. „	
	c. til vitans á Reykjanesi:	1900. kr. a.	1901. kr. a.			
	1. til launa vitamanns	1,200. „	1,200. „			
	2. fyrir olíu ..	186. „	214.33			
	3. — lampakveiki o. fl...	40.50	124.27			
	4. steinkol....	200. „	160. „			
	5. flutningskostnaður ..	258. „	297. „			
	6. til viðhalds á húsum og áhöldum . ..	327.19	468.75			
	7. eptirgjald eptir lóðina	30. „	30. „			
	8. til að byggja geymsluhús fyrir olíu...	300. „	„ „	2,541.69	2,494.35	
	d. til vitans á Skagatá:					
	1. til launa vitamanns	400. „	400. „			
	2. fyrir olíu...	126.65	154.43			
	3. — lampakveiki o. fl..	34.67	60.60			
	flyt...	561.32	615.03	2,730.69	2,924.35	..... 113,349.51

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls kr. a.
fluttar...	561.32	615.03	2,730.69	2,924.35			113,349.51
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	172.62	128.92					
5. steinkol	125. „	100. „					
6. flutningskostnaður ..	71. „	96.30					
7. eptirgjald eptir lóðina.	16. „	16. „					
			945.94	956.25			
e. til vitans á Gróttu:							
1. til vitamanns	400. „	400. „					
2. fyrir olíu...	200.61	95.94					
3. — lampakveiki o.fl...	7.16	14.95					
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	„ „	„ „					
5. steinkol	75. „	60. „					
6. flutningskostnaður ..	19. „	22. „					
			701,77	592.89			
f. til útgjalda við vita á Dalatanga.....			368.84	„ „			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:							
	1900. kr. a.	1901. kr. a.					
1. til vitagjörðarinnar	1,606.24	„ „					
2. til vitamanns	„ „	366.67					
3. fyrir olíu...	„ „	54.06					
4. — lampakveiki o. fl...	„ „	„ „					
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	„ „	52.12					
flyt...	1,606.24	472.85	4,747.24	4,473.49			113,349.51

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls kr. a.
fluttar...	1,606.24	472.85	4,747.24	4,473.49			113,349.51
6. flutningskostnaður ..	„	„	„	„			
			1,606.24	472.85			
h. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga			50. „	50. „			
i. styrkur til ljóskers á Skipaskaga			75. „	75. „			
					6,478.48	5,071.34	11,549.82
21.C12. Til nýrra þríhyrninga- og strandmælinga á suðvesturhlið Reykjaness					1,700. „	3,296.12	4,996.12
21.–13. Til útgjalda við eptirlitsferðir embættismanna..					1,351.65	73.50	1,425.15
						alls...	131,320.60

Við 23—34. Útgjöld við læknaskipunina, sbr. fjárlögin 11. gr. 1—12.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
23. 1. Laun	53,717,79	61,787,51	115,505.30

24. 2. Styrkur til aukalækna:

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	
a. til læknis í Dalasýslu m. m.	416.66	„ „	
b. til læknis á Seyðisfirði m. m.	416.66	„ „	
c. til læknis á Skipaskaga m. m.	250. „	„ „	
d. til læknis í Dyrhólahreppi m. m.	233.33	„ „	
e. til læknis á Dýrafirði m. m.	250. „	„ „	
f. til læknis í Þingeyjarsýslu utan Jökulsár	„ „	„ „	
g. til læknis í Ólafsvík m. m..	250. „	„ „	
h. til læknis milli Straumfjarðarár og Langár	250. „	„ „	
i. til læknis í Eyjahreppi m. m.	333.33	„ „	
j. til læknis í Breiðdalshreppi m. m.	250. „	„ „	
k. til læknis í Grunnavik m. m.	„ „	„ „	
l. til læknis í Strandasýslu ..	„ „	„ „	
flyt...	2,649.98	„ „	115,505.30

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	2,649.98	„ „			115,505.30
	m. til læknis í Grýtubakkahreppi m. m.	250. „	„ „			
	n. til læknis í Grímsneshreppi m.m.	240. „	„ „			
	o. til læknis í Bólstaðahlíðarhreppi m. m.	1,000. „	416.66			
	p. til læknis í Skriðdalshreppi m. m.	„ „	„ „			
				4,149.98	416.66	4,566.64
25.	3. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri			„ „	„ „	„ „
26.	4. Fyrir tvær læknisferðir á ári til Öræfinga			150. „	150. „	300. „
26.	4. a. styrkur til Björns Ólafssonar, augnlæknis í Reykjavík			2,000. „	2,000. „	4,000. „
	b. styrkur til sama manns til læknisferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandferðaskipanna			204.10	187.85	391.95
27.	6. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík			1,000. „	1,000. „	2,000. „
28.	7. Ársútgjöld við holdsveikraspítalann:					
		1900. kr. a.	1901. kr. a.			
	a. laun til starfsmanna	4,923.69	4.938.57			
	b. viðurværi:					
		1900. kr. a.	1901. kr. a.			
	1. handa 60 sjúklingum	7,638.81	8.448.87			
	2. handa 17 starfsmönnum	3,450.43	3,811.88			
		11,089.24	12,260.75			
	c. klæðnaður sjúklinga	610.16	586.60			
	d. meðöl og sáraumbúnaður	1,203.33	1,346.45			
	e. eldsneyti	3,527.39	2,596.93			
	f. ljósmeti	523.41	592.39			
	g. viðhald á húsum	702.44	1,697.56			
	h. húsbúnaður og áhöld	799.65	1,213.68			
	i. þvottur og ræsting	706.78	711.35			
	k. greptrunarkostnaður	582.10	226.96			
	l. flutningskostnaður	22.95	54.99			
	m. til að skemmta sjúklingum	100.93	235.16			
	n. hestafóður	222.60	229. „			
	o. ýmisleg útgjöld	1,166.49	1,317.06			
				26,181.16	28,007.45	54,188.61
					flyt...	180,952.50

		1900 kr. a.	1901. kr. a.	alls kr. a.
	fluttar.....			180,952.50
29. 8.	Útgjöld við bólusetningar.....	909.75	402. „	1,311.75
30. 9.	Önnur útgjöld: 1900. kr. a. / 1901. kr. a.			
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík..... 1,200. „ / 1,200. „			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri..... 400. „ / 400. „			
	c. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði ..... 400. „ / 400. „			
	d. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði..... 400. „ / 400. „			
	e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík handa henni sjálfri ..... 24. „ / 24. „			
	f. til náms yfirsetukvenna... 4,634.05 / 3,058.90			
	g. til verkfæra handa yfirsetukonum..... 583.40 / 244.29			
	h. gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum 31. jan. 1896..... 8,190.45 / 27,035.36			
		15,831.90	32,762.55	48,594.45
31. 10.	Styrkur til að semja og gefa út nýja ljósmóðurfræði.....	800. „	„ „	800. „
32. 11.	Styrkur til útbúnings og áhalda handa spítala á Seyðisfirði.....	4,000. „	„ „	4,000. „
33. 12.	Til spítalabyggingar á Patreksfirði.....	„ „	3,000. „	3,000. „
			alls...	238,658.70

Við 34.—49. Útgjöld til samgöngumála, sbr. 12. gr. fjárlaganna.

34.—38. A. Útgjöld við póststjórnina:

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
34. A 1.	Laun:					
	a. handa póstmeistaranum ..	3,000. „	3,000. „			
	b. 1. handa póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur.....	8,100. „	8,100. „			
	2. handa póstafgreiðslum. í Reykjavík.....	2,500. „	2,500. „			
	c. handa brjefhirðingamönnum	5,649.67	5,835. „			
				19,249.67	19,435. „	38,684.67
35.—2.	Póstflutningur			39,348.62	42,045.43	81,394.05
36.—3.	Til póstvagnferða frá Reykjavík að Odda			600. „	600. „	1,200. „
37.—4.	Önnur útgjöld: 1900. kr. a. / 1900 kr. a.					
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans . 2,000. „ / 2,000. „					
	flyt... 2,000. „ / 2,000. „					121,278.72

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	2,000. „	2,000. „	.....		121,278. 72
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi.....	326. 25	353. 50			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður til sama....	516. „	70. „			
d. fyrir prentun.....	1,498. 08	808. 74			
e. til áhalda.....	1,904. 60	1,800. 66			
f. til brjefburðar í Reykjavík	400. „	400. „			
g. óviss útgjöld	200. „	412. 30			
h. til viðhalds húsi og áhöldum	1,500. „	100. „			
			8,344. 93	5,945. 20	11,290. 13
38 A 5. Til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum			497. 17	„ „	497. 17
				alls...	136,066. 02

Af þessum gjöldum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901 farið fram á að veitt verði sem viðbót: 1. póstflutningur 1901: 2,045 kr. 43 a.; 2. ferðakostnaður til póstmeistarans 1990: 316 kr.; 3. fyrir prentun 1900: 498 kr. 08 a.; 4. til áhalda 1900 og 1901: 404 kr. 60 a. + 300 kr. 66 a. = 705 kr. 26 a.; 5. óviss útgjöld 1900: 212 kr. 30 a.

Til 39—46. B. Til vegabóta.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
39. B 1. Til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum:					
a. laun.....	3,000. „	3,000. „			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar.....	1,177. 05	968. 96			
			4,177. 05	3,968. 96	8,146. 01
40—2. Til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur			150. 55	616. 35	766. 99
41—3. Til flutningabrauta.....			31,220. 09	20,678. 32	51,898. 41
42—4. Til þjóðvega.....			61,771. 32	46,529. 90	108,301. 22
43—5. Til fjallvega.....			6,527. 82	6,139. 28	12,667. 10
44—6. Styrkur til vegagjörðar yfir Breiðdalsheiði...			„ „	„ „	„ „
45—7. Styrkur til vegagjörðar frá Skipaskaga til Blautóss			2,400. „	„ „	2,400. „
46—8. Styrkur til brúargjörðar á Laxá í Dalasýslu.			500. „	1,200. „	1,700. „
				alls...	185,879. 64

Af þessum gjöldum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901 farið fram á að veitt verði sem viðbót: 1. ferðakostnaður verkfræðingsins 1900 og 1901: 1,146 kr. 01 e.; 2. til flutningabrauta 1,898 kr. 41 e.; 3. til þjóðvega 3,301 kr. 22 a.; 4. til fjallvega 2,667 kr. 10 a.

Við 47—49. C. Til gufuskipaferða.

	1900. kr. a.	1900. kr. a.	alls. kr. a.
47 C 1. Til hins sameinaða gufuskipafjelags	50,000. „	50,000. „	100,000. „
48 — 2. Til gufubátaferða:			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa.. 7,700. „ 7,700. „			
b. á Ísafjarðardjúpi.... 2,500. „ 2,500. „			
	10,200. „	10,200. „	20,400. „
49 — 3. styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn...	„ „	„ „	„ „
		alls...	120,400. „

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
D. Til ritsíma milli Íslands og útlanda	„ „	„ „	„ „

Við 50 C 118. Kirkju- og kennslumál, sbr. fjárlögin 13. gr.

Við 51 C 60. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
50 a. laun biskups	7,000. „	7,000. „	14,000. „
51 b. önnur gjöld:			
52 — 1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880	8,892. 77	8,955. 59	17,848. 36
52 — 2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	1,700. „	1,700. „	3,400. „
53 — 3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	653. 57	664. 13	1,317. 70
54 — 4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjarprestakalli	200. „	200. „	400. „
55 — 5. bráðabirgðar-uppbót á Meðallansþingum..	100. „	„	100. „
56 — 6. viðbót við eptirlaun handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	3,000. „	3,000. „	6,000. „
57 — 7. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	100. „	100. „	200. „
58 — 8. til að endurreisa $2^1/_2$ fallin prestmötukúgildi á Laugarbrekku.....	400. „	„ „	400. „
		flyt...	43,666. 06

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	.....	.....	43,666. 06
59 b. 9. styrkur til flutnings og byggingar staðarhúsa á Felli	600. „	„ „	600. „
60—10. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000. „	1,000. „	2,000. „
		alls...	46,266. 06

Við 61—84. B. Til kennslumála.

Við 61 B 62. I. Prestaskólinn:	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
61 a. laun	9,200. „	9,200. „	18,400. „
61 b. önnur útgjöld:	1900. kr. a.	1901. kr. a.	
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum.....	560. „	560. „	
2. námsstyrkur	800. „	800. „	
3. til tímakennslu.....	100. „	100. „	
4. til bókakaupa.....	376. 54	117. 40	
5. til eldiviðar og ljósa...	149. 50	103. 80	
6. til umsjónar	100. „	100. „	
7. ýmisleg útgjöld.....	128. 19	185. 23	
8. til þess að gefa út kennslubækur	„ „	175. „	
	2,214. 23	2,141. 43	4,355. 66
		alls...	22,755. 66

Við 63—64. II. Læknaskólinn.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
63 a. laun.....			3,200. „	3,200. „	6,400. „
64 b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur	1,200. „	1,200. „			
2. eldiviður, ljós og ræsting	327. 50	173. 20			
3. til bókakaupa og verkfæra	504. 48	429. 80			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	450. „	1,350. „			
5. húsaleigustyrkur handa 16 lærisveinum	1,040. „	1,240. „			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði.....	116. 66	100. „			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis „klinik“	14. 26	263. 91			
8. ýmisleg útgjöld.....	136. 30	262. 92			
			3,789. 20	5,019. 83	8,809. 03
				alls...	15,209. 03

Við 65—67. III. Hinn lærði skóli.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
65 a. laun			19,200. „	19,200. „	38,400. „
66 b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum...	600. „	600. „			
handa fimleikakennaranum	700. „	700. „			
handa dyraverði	1,000. „	1,000. „			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	200. „	200. „			
			2,500. „	2,500. „	5,000. „
67 c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ..	720. „	720. „			
2. til eldiviðar og ljósa...	1,352. 97	1,198. 09			
3. til skólahússins utan og innan	3,197. 76	1,392. 02			
4. til tímakennslu og próf-dómenda	980. 70	1,010. 85			
5 laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,300. „	1,300. „			
6. námsstyrkur	2,500. „	4,500. „			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum.....	700. „	720. „			
8. þóknun handa lækni...	100. „	100. „			
9. ýmisleg útgjöld.....	799. 88	826. 15			
10. fyrir prestsverk.....	48. „	48. „			
11. til vísindalegra áhalda við kennsluna:					
a. í náttúrusögu.....	271. 85	51. 25			
b. í efnafræði.....	297. 95	399. 21			
12. til að gefa út kennslubækur handa skólanum.	100. „	175. „			
13. til verkfæra við tilsögn í leikfimi	200. „	218. 35			
			12,569. 11	12,658. 92	25,228. 03
				alls...	68,628. 03

Við 68—69. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

	1900. kr. a.	1901 kr. a.	alls. kr. a.
68 a. laun	6,600. „	6,600. „	13,200. „
		flyt...	13,200. „

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls kr. a.
fluttar					13,200. „
69 b. önnur útgjöld:					
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna.	397. 55	394. 95			
2. til eldiviðar og ljósa.	587. 77	537. 50			
3. til skólahússins utan og innan	370. 85	130. 02			
4. ýmisleg útgjöld	500. 30	489. „			
5. til styrkveitingar námspiltum	400. „	400. „			
Eptirstöðvar frá f. á.	91. 29	„ „			
			2,347. 76	1,951. 47	4,299. 23
				alls...	17,499. 23

Við 70—71. V. Stýrimannaskólinn.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls kr. a.
70 a. laun			2,583. 33	3,000. „	5,583. 33
71 b. önnur útgjöld:					
1. tímakennslu	1,249. „	1,095. 75			
2. til áhalda o. fl.	1,288. 50	101. 16			
3. til eldiviðar og ljósa.	601. 09	469. 92			
4. ýmisleg útgjöld	769. 79	458. 13			
5. til að kaupa lóð	440. „	„ „			
			4,348. 38	2,124. 96	6,473. 34
				alls...	12.056. 67

Við 72—82. Til annarar kennslu.

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	1900. kr. a.	1001. kr. a.	alls. kr. a.
72 a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500. „	2,500. „			
2 til kvennaskóla Húnvetninga	2,200. „	2,200. „			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200. „	2,200. „			
Eptirstöðvar frá f. á.	475. „	„ „			
			7,375. „	6,900. „	14,275. „
73 b. 1. til barnaskóla annarstaðar en í kaupstöðum			5,300. „	5,500. „	10,800. „
74 - 2. til sveitakennara			5,500. „	5,500. „	11,000. „
75 c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.			2,500. „	2,500. „	5,000. „
76 d. til kennarafræðslu			2,800. „	2,800. „	5,600. „
				flyt...	46,675. „

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar.....			46,675. „
77 e.	námsstyrkur handa kennaraefnum.....	550. „	„ „	550. „
78 f.	til skólaiðnaðarkennslu.....	500. „	500. „	1,000. „
79 g.	til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík...	1,000. „	1,000. „	2,000 „
80 h.	styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	480. „	120. „	600. „
81 i.	til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	4,792. 63	4,668. 90	9,461. 53
82 j.	til síra Ólafs Helgasonar til að launa með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150. „	150. „	300. „
			alls...	60,586. 53

Við 77—78. VII. Til sundkennslu.

		1900. kr. a.	1901 kr. a.	alls. kr. a.
83 a.	í Reykjavík	200. „	200. „	400. „
84 b.	til sundkennslu annarsstaðar.....	395. 66	536. 06	931. 72
			alls...	1,331. 72

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
Við 85. VIII.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kennslu í teikning og trjeskurði í Reykjavík.....	600. „	600. „	1,200. „

Við 86—118. C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
86 1.	til landsbókasafnsins:			
	a. laun bókavarðar	1,500. „	1.500. „	3,000. „
	b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900. „	900. „	1,800. „
	c. fyrir bækur, handrit, bókband o. s. frv...	4,000. „	4,000. „	8,000. „
	d. til eldiviðar og áhalda o. fl.	450. „	450. „	900. „
	e. brunaábyrgðargjald fyrir safnið.....	300. „	300. „	600. „

		1900. kr. a.	1901. kr. a.		
87 2.	a. til bókasafns Norðuramtsins	500. „	500. „		
	b. til bókasafns Austuramtsins	400. „	400. „		
	c. til bókasafns Vesturamtsins	400. „	400. „		
				1,300 „	1,300. „ 2,600. „
				flyt...	16,900. „

		1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	.....	.....	16,900. „
88.	3. til landsskjalasafnsins:			
	a. laun skjalavarðar, sem landshöfðingi skipar	1,200. „	1,200. „	2,400. „
	b. til að koma safninu fyrir og til viðhalds.	500. „	200. „	700. „
89.	4. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	2,000. „	2,000. „	4,000. „
90.	5. til Þjóðvinafjelagsins	750. „	750. „	1,500. „
91.	6. til forngripasafnsins:			
		1900. kr. a.	1901. kr. a.	
	a. til að útvega forngripi og til áhalda.....	1,000. „	1,000. „	
	b. til umsjónar	600. „	600. „	
	c. til húsnæðis og hita...	2,000. „	2,000. „	
	d. til að flytja safnið og koma því fyrir	800. „	„ „	
		4,400. „	3,600. „	8,000. „
92.	7. til Fornleifafjelagsins til útgáfu árbókar....	300. „	300. „	600. „
93.	8. styrkur til að gefa út bækling um Ísland...	1,000. „	„ „	1,000. „
94.	9. til Náttúrufræðisfjelagsins	500. „	500. „	1,000. „
95.	10. til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni m. m.	800. „	800. „	1,600. „
96.	11. til að vinna að textaútgáfu af íslenzku fornbrjefasafni	800. „	800. „	1,600. „
97.	12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300. „	300. „	600. „
98.	13. til rannsóknar á byggingaefnum landsins og leiðbeiningar í húsagjörð	2,500. „	96. 42	2,596. 42
99.	14. styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar.....	800. „	1,200. „	2,000. „
100.	15. styrkur til Guðjóns Guðmundssonar til búnaðarnáms	500. „	500. „	1,000. „
101.	16. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	2,000. „	2,000. „	4,000. „
102.	17. til Páls Ólafssonar skálds	500. „	500. „	1,000. „
103.	18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi.....	800. „	800. „	1,600. „
104.	19. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300. „	300. „	600. „
105.	20. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók.....	500. „	500. „	1,000. „
106.	21. styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu, 4. bindi	400. „	„ „	400. „
			flyt...	54,096. 42

	1900. kr. a.	1901. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar.....			54,096. 42
107. 22. styrkur til að gefa út tímaritið „Lögfræðing“	200. „	200. „	400. „
108. 23. til cand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna.....	800. „	800. „	1,600. „
109. 24. til kapteins í sjóliðinu Ryders til tilrauna við skógarrækt hjer á landi.....	1,000. „	„ „	1,000. „
110. 25. styrkur til Stefáns kennara Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir.....	1,000. „	1,000. „	2,000. „
111. 26. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði.....	1,000. „	„ „	1,000. „
112. 27. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt.....	1,000. „	„ „	1,000. „
113. 28. til leikfjelags Reykjavíkur.....	300. „	300. „	600. „
114. 29. til snikkara Jóns Sveinssonar í Reykjavík fyrir byggingaruppdrátt til stýrimannaskólans..	250. „	„ „	250. „
115. 30. til cand. theol. Haralds Níelssonar, styrkur til utanfarar til að stunda hebreska tungu m. m.	600. „	„ „	600. „
116. 31. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni.....	600. „	600. „	1,200. „
117. 32. til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun m. m.....	400. „	400. „	800. „
118. 33. styrkur til hússtjórnarskólans í Reykjavík...	800. „	„ „	800. „
		alls...	65,346. 42

Við 119. Til skyndilána handa embættismönnum og annara lögboðinna fyrirframgreiðslna, sbr. fjárlögin 14. gr.,

hafa gengið 1900.....	4,965 kr. 30 a.
og 1901.....	5,291 — 36 —
alls...	10,256 kr. 66 a.

Við 120. Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl., sbr. fjárlögin 15. gr.,

hafa gengið 1900.....	46,163 kr. 90 a.
og 1901.....	47,026 — 12 —
alls...	93,190 kr. 02 a.

Við 121. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárlögin 16. gr.,

hafa gengið 1900	2,058 kr. 55 a.
og 1901	4,848 — 79 —
alls...	6,907 kr. 34 a.

Af gjöldum þessum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901 farið fram á að veitt verði í viðbót 3,907 kr. 34 a.

Við 122. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum, sbr. fjárlögin 19. gr.

Útborgað 1900	41,717 kr. 83 a.
og 1901	39,305 — „ —
alls...	81,022 kr. 83 —

Af gjöldum þessum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901 farið fram á að veitt verði í viðbót: Til að hlaða garð til varnar vitanum á Skagatá 2,209 kr. 24 a.

Við 123. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins, sbr. fjárlögin 17. gr.

Samkvæmt reikningunum fyrir árin 1900 og 1901 hafa tekjurnar numið alls:

1900	808,931 kr. 72 a.	
1901	875,100 — 32 —	
		1,684,032 kr. 04 a.

Gjöldin hafa alls numið:

1900	790,190 kr. 38 a.	
1901	819,764 — 21	
		1,609,954 — 59 —
Tekjuafgangur...		74,077 kr. 45 a.

Frumvarp til laga

um

frestun á framkvæmd laga 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

Framkvæmd laga 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs skal frestað fyrst um sinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ef önnur ráðstöfun verður eigi gjörð, öðlast lög 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs aptur gildi við ársbyrjun 1904, af því að framkvæmd laganna með lögum 8. nóvember 1901 var aðeins frestað til 1. janúar 1904.

Af þeim ástæðum, sem færðar eru í athugasemdunum við fjárlagafrumvar ið fyrir árin 1898 og 1899 við 12. gr. C. 1, og í athugasemdunum við lagafrumvarp það um að framangreind lög skyldu úr gildi numin, er lagt var fyrir alþingi 1901, verður stjórnin að telja það allsendis óráðlegt, að minnsta kosti sem stendur, að byrja á ný sjálfstæða eimskipaútgerð á kostnað landssjóðs. En af því að alþingi hefur hvorki 1897 nje 1901 viljað nema lögin frá 1895 úr gildi að fullu og öllu, hefur stjórnarráðið látið sjer nægja að fara fram á í lagafrumvarpi þessu, að framkvæmd laganna verði frestað fyrst um sinn.

Frumvarp til laga

um

gagnfræðaskóla á Akureyri.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

---

1. gr.

Gagnfræðaskólann á Möðruvöllum skal flytja til Akureyrar. Til að koma upp skólahúsi má verja 57,000 úr landssjóði.

2. gr.

Fræðigreinir þær, sem kenna skal þar, eru: íslenzka, danska, enska, landfræði og saga, einkum þó landfræði og saga Íslands ásamt yfirliti yfir löggjöf þess í landsrjetti og landsstjórn, reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrufræði, og telst þar til meginatriðin úr mannfræði og heilsufræði, eðlisfræði, meginatriðin úr efnafræði, dráttlist, söngur, leikfimi og skólaiðnaður.

3. gr.

Kennarar skólans eru 4, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri og hefur á hendi umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans. Hann hefur 3000 kr. í laun á ári og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefur 2400 kr., annar kennari 2000 kr. og þriðji kennari 1600 kr. að launum á ári.

4. gr.

Landshöfðingi hefur á hendi yfirumsjón skólans, og gefur út reglugjörð um kennsluna.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

5. gr.

1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi það, er saman kom í fyrra sumar, samþykkti lagafrumvarp, er gaf stjórninni heimild að verja allt að 50,000 kr. úr landssjóði til að reisa gagnfræðaskóla á Akureyri. Samtímis skoraði neðri deild á stjórnina í þingsályktun að hlutast til um, að hinn væntanlegi gagnfræðaskóli rúmaði 80—100 nemendur, jafnt konur sem karla, að námstíminn yrði 3 vetur og að heimavistir yrðu í skólanum að minnsta kosti fyrir $^3/_4$ nemenda.

Eptir því sem landshöfðingi hefur skýrt frá, var það tilgangur þingsins, að gjöra stjórninni mögulegt að hlutast til um, að skólinn væri byggður upp þegar á yfirstandandi ári, ef hún að öðru leyti sæi sjer það fært.

En landshöfðingi taldi fjárveitinguna í lagafrumvarpinu með öllu ónóga, ef skólahúsið ætti að fullnægja kröfum þeim, er koma fram í þingsályktuninni viðvíkjandi nemendafjölda og íbúð handa þeim.

Þegar hann sendi stjórnarráðinu lagafrumvarpið, lagði hann það því til í brjefi dags. 17. sept. 1902, er prentað er hjer á eptir sem fylgiskjal, að engar ráðstafanir væru gjörðar, fyrr en fengnar væru áætlanir frá byggingafróðum mönnum á Akureyri um kostnaðinn við að reisa nýtt skólahús, bæði með heimavistum og án þeirra, og áleit jafnframt rjettast að leita álits skólastjóra og kennara skólans bæði um hið áætlaða fyrirkomulag á skólahúsinu og breytingar þær á verksviði skólans, er neðri deild alþingis hafði farið fram á.

Umsagnir þær, er stjórnarráðið hefur fengið frá stjórnendum skólans, bera það með sjer, að mjög eru skiptar skoðanir um, hversu heppilegt það sje, að í skólahúsinu verði heimavistir fyrir nemendurna; skólastjóri hefur lagt á móti því, og hefur landshöfðingi fallizt á skoðun hans, einkanlega kostnaðarins vegna, en báðir kennararnir skólans og amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu hafa verið þeirri stefnu fylgjandi, er kom fram í framangreindri þingsályktun neðri deildar.

Það hefur eigi tekizt að fá uppdrætti og kostnaðaráætlanir viðvíkjandi hinu nýja skólahúsi fyr en svo seint, að stjórnarráðið hefur ekki fengið þær fyr en í vor, og yfirvöldin á Íslandi sáu sjer eigi fært að láta ýtarlega skoðun í ljósi um þær, er þau sendu þær til stjórnarráðsins. Kostnaður við nýtt skólahús, lagað eptir óskum neðri deildar, er í áætlunum þessum talinn allt að því tvöfallt hærri en fjárveitingin í lagafrumvarpinu, en ef húsið er reist án þess í því verði heimavistir fyrir nemendur, mundi það eptir dýrari áætluninni kosta allt að 6000 kr. meira, en veitt var til þess. Samkvæmt ódýrari áætluninni mundi fjárveitingin að vísu hrökkva til, en hvort hægt sje með nokkurri vissu að byggja á þessari áætlun, getur stjórnin ekki skorið úr eptir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru.

Í engri þessara áætlana er sett nein upphæð fyrir hússtæði eða fyrir húsgögn í skólann, og í tveim þeirra er áætluð miðhitunarvjel, en kostnaðurinn við hana ekki reiknaður með.

Að svo vöxnu máli hefur stjórnarráðinu þótt rjettast að leggja það til við Hans hátign konunginn, að lagafrumvarpi alþingis yrði synjað allrahæstrar staðfest-

ingar, og þinginu yrði gefið færi á að íhuga málið af nýju með hliðsjón af áætlunum þeim um kostnaðinn við hússbyggingnna, sem nú eru fengnar, þótt þær því miður sjeu ófullkomnar. Þegar sem sje eigi var hægt, sökum þess hve seint uppdrættirnir og áætlanirnar fengust, að reisa skólahúsið í sumar, er þingið hafði viljað gjöra mögulegt með því að samþykkja lagafrumvarpið, hefur eigi þótt rjett, eptir því sem fram kom um málið á alþingi í fyrra, að verja fjárveitingunni til skólahúss án heimavista, áður en þingið að nýju hefði látið uppi álit sitt um málið. Þar við bætist, að þótt frumvarpið hefði verið staðfezt, hefði þegar í sumar orðið að leggja fyrir alþingi frumvarp til viðaukalaga við þau, því eptir þeim gögnum að dæma, sem nú eru fengin, hefði skólahús án heimavista naumast orðið byggt án þess að fá viðbót við fjárveitinguna, og að minnsta kosti hefði orðið að fara fram á fjárveitingu til útbúnaðar skólans og húsgagna.

Stjórnarráðið hefur því í allraþegnsamlegustum tillögum sínum til Hans hátignar konungsins lagt til, að lagafrumvarpi því, er alþingi samþykkti 1902, yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og jafnframt leitað heimildar til, að lagafrumvarp þetta mætti leggja fyrir alþingi það, er kemur saman í sumar, og hefur Hans hátign þóknazt 23. maí þ. á. að fallast á þessar tillögur.

Í lagafrumvarp þetta hefur auk ákvæðanna um bygging skólahússins verið sett ákvæði um starfsvið skólans, samkæmt því sem farið var fram á í framangreindri þingsályktun, og á því lagafrumvarp þetta að koma að öllu leyti í stað laga 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum; skal um það annars farið þessum orðum

Um 1. gr.

Tvær af áætlunum þeim og uppdráttum, sem getið er hjer á undan og þinginu verður gefið færi á að kynna sjer, eru af skólahúsi með heimavistum; í hinni nákvæmari þeirra — frá trjesmið S. Jóhannessyni — er kostnaðurinn 95,800 kr. auk kostnaðar við miðhitunarfyrirkomulag, sem gjört er ráð fyrir að hafa í húsinu, og mundi það samkvæmt tilboði, sem stjórnarráðið hefur fengið, kosta 21,820 kr., þó mætti spara nokkuð af þessari upphæð, ef húsið væri gjört jafnara á alla vegu. Í hinni áætluninni — frá trjesmið Sn. Jónssyni — er boðizt til að reisa húsið með upphitunaráhöldum fyrir 92,800 kr.

Skólahús án heimavista er af trjesmiðunum áætlað að muni kosta eptir annari áætluninni 55,700 kr. auk kostnaðar við miðhitunarútbúnað í það, eptir hinni 37,500 kr. að meðtöldum ofnum í húsið.

Eptir áætlunum þessum að dæma, mundi svo mikill aukakostnaður leiða af því að gjöra heimavistir í skólanum handa nemendum, að stjórnarráðið verður að telja það næsta ótiltækilegt, því þótt því sje nú sleppt, hvort fjárhagurinn yfir höfuð leyfi að varið sje 100,000 kr. til gagnfræðaskólabyggingar, þá þykir 40—50,000 kr. aukakostnaður við heimavistir of mikill í samanburði við þýðing þá, sem það fyrirkomulag mundi hafa fyrir starfsemi skólans. Verður ekki búizt við því, að vextir af þeirri upphæð, sem til þess yrði varið, næðust inn að nokkrum mun með borgun þeirri, er heimta mætti af nemendum fyrir vist á skólanum, þegar haft er jafnframt tillit til hinna miklu útgjalda til upphitunar, viðhalds og eldsvoðaábyrgðar á svo stóru húsi. — Nokkuð öðru máli væri að gegna, ef hægt væri samkvæmt áliti byggingafróðra manna að gjöra kostnaðinn að mun minni með breytingum og lagfæringum á áætlunum þessum og uppdráttum, sem ef til vill væri ekki ómögulegt.

Stjórnarráðið hefur því látið sjer nægja að fara fram á, að sú upphæð verði veitt, sem með mun þurfa, ef heimavistir verða ekki í húsinu, en hins vegar nóg rúm

í því til að kenna eins mörgum nemendum og farið er fram á í þingsályktuninni. Það er ætlazt til að ofnar verði hafðir í húsinu, því miðhitunarfyrirkomulag mundi verða of dýrt. Það mundi eptir áætlun, sem stjórnarráðið hefur fengið, kosta um 15,700 kr.

Stjórnarráðið hefur ekki sjeð sjer fært að gjöra út um, hvorn uppdráttanna skuli taka, en ætlast til að þeir verði rannsakaðir nákvæmlega, áður en ákvörðun verður tekin, og hefur upphæð fjárveitingarinnar því hjer verið byggð á dýrari áætluninni, svo um báðar mætti velja.

Upphæðin hefur verið færð upp í 57,000 kr., af því haft hefur verið tillit til kostnaðar við útvegun ofna og hússtæðis, sem eigi er gjört í áætluninni; mætti þó ef til vill með nokkurri sanngirni ætlast til þess af Akureyrarkaupstað, að hann ljeti hússtæði í tje ókeypis.

Aptur á móti er nauðsynlegt, að veitt sje auk þessarar upphæðar fje til útbúnaðar skólahússins. En af því að stjórnarráðið hefur ekki haft neitt til stuðnings til að ákveða þessa upphæð, hefur það beðið landshöfðingja að útvega áætlun um það og gefið honum heimild til að koma síðan fram með breytingartillögu við 1. gr.

Um 2. gr.

Ákvæði þessi eru samhljóða lögunum frá 4. nóv. 1881 að einstaka breytingum undanskildum, er kennarar gagnfræðaskólans hafa farið fram á, sjerstaklega þeirri að meginatriðin úr mannfræði og heilsufræði eru talin sem námsgrein.

Um 3. gr.

Með því að stjórnarráðið fellst á tillögu alþingis um, að námstíminn verði 3 vetur, og telur víst, að töluvert fleiri nemendur njóti kennslu í hinu nýja skólahúsi en hingað til hefur átt sjer stað, er eptir tillögum kennaranna, er landshöfðingi hefur mælt með, farið fram á, að við kennaraliðið sje bætt einum kennara, og lagt til að hann fái 1600 kr. í laun. Vegna flutnings skólans til Akureyrar og af því dýrara er fyrir kennara að búa þar, er farið fram á, að laun fyrsta og annars kennara sje hækkuð um 400 kr. á ári.

Um 4.—5. gr.

Við ákvæði þessi er ekkert sjerstaklega að athuga.

Fylgiskjal. **(Þýðing).**

LANDSHÖFDINGINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík, 17. september 1902.

Alþingi það, sem saman kom í ár, hefur eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um breyting á lögum 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, sem borið hefur verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer að senda það hjermeð bæði í þeim búningi, er það kom frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Með lagafrumvarpi þessu hefur alþingi sumpart viljað fast ákveða það fyrir sitt leyti, að í stað gagnfræðaskólahúss þess á Möðruvöllum, er brann síðastliðinn vetur, skuli reisa skólahús á Akureyri, og sumpart með því að veita 50,000 kr. til

þess, viljað gefa stjórninni kost á, ef hún að öðru leyti sæi það fært, að gjöra ráðstafanir til þess að reisa skólahúsið af nýju þegar á næstkomandi ári.

Samtímis hefur neðri deild alþingis samþykkt ályktun, er jeg jafnframt sendi hjermeð bæði í þeim búningi, er hún kom frá þinginu, og í danskri þýðingu, þar sem skorað er á stjórnina að gjöra ráðstafanir til: að hinn væntanlegi gagnfræðaskóli á Akureyri rúmi 80—100 nemendur, að skólinn verði jafnt fyrir karla sem konur, að námstíminn verði 3 vetur, og að heimavistir verði í skólanum að minnsta kosti fyrir $^3/_4$ nemenda. Hin veitta 50,000 kr. upphæð — að ítöldum brunabótunum fyrir skólahúsið á Möðruvöllum — mundi að líkindum hrökkva fyrir kostnaði af að reisa nokkurn veginn hagkvæmt skólahús handa 80—100 nemendum, ef þeir nytu þar aðeins kennslu, en keyptu sjer húsnæði og fæði úti í bænum, sem hægt mundi að fá, þar sem Akureyrarkaupstaður hefur vaxið svo mjög á seinni árum, en jeg sje ekki, að þessi upphæð gæti með nokkru móti hrokkið til að reisa hús, þar sem, auk kennslustofa fyrir allt að 100 nemendur, bústað handa skólastjóra, fundarsals, bókasafnsherbergis, kennsluáhaldarúms, kennarastofu o. fl., ætti að vera rúm fyrir svefnhýsi handa hjer um bil 75 nemendum, körlum sem konum, svo og herbergi, þar sem þessir nemendur gæti haldið sig utan kennslustundanna og lesið undir þær.

Að svo vöxnu máli tel jeg rjettast, áður en frekari ráðstafanir eru gjörðar, að fá áætlun með uppdráttum um kostnað af að reisa skólahús á Akureyri handa hjer um bil 100 nemendum, sumpart án heimavista, og sumpart með heimavistum handa hjer um bil 75 nemendum, og leggja síðan málið fyrir næsta alþingi.

Af því það virðist vera vilji alþingis, að kennslutilhögun við tjeðan gagnfræðaskóla skuli breytt samtímis flutningi hans til Akureyrar, hef jeg beðið amtmanninn í Norður- og Austuramtinu, sem er yfirstjórnandi skólans, að leita álits kennaraliðs gagnfræðaskólans um þetta mál í heild sinni, og senda mjer það ásamt umsögn sinni, svo og að fá frá byggingafróðum mönnum á Akureyri áætlun um kostnað af að reisa optnefnt skólahús í báðum þeim myndum er fyr getur.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga
um
sölu jarðarinnar Arnarhóls.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

Stjórninni veitist heimild til að selja þá hluta af jörðinni Arnarhóli, sem eigi er þegar ráðstafað með lögum nr. 21, 21. júní 1900 og nr. 38, 6. nóv. 1902. Sú lóð skal þó undanskilin, sem hús hins núverandi landshöfðingjabústaðar standa á, og svo stórt svæði kringum þau, er þurfa þykir við notkun húsa þessara framvegis.

Selja má jörðina annaðhvort í eini lagi eða í pörtum, en engan hluta má selja fyrir lægra verð en upphæð þá, sem óvilhallir dómkvaddir menn meta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta stendur í sambandi við lagafrumvarp það um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, er lagt er samtímis fyrir þingið, þar sem meðal annars er farið fram á, að landshöfðingjaembættið verði lagt niður og hinum núverandi landshöfðingjabústað breytt í skrifstofuhús. Skal því vísað til athugasemda þeirra, er fylgja tjeðu lagafrumvarpi, og því aðeins bætt við hjer, að það virðist heppilegast, að stjórnin hafi frjálsar hendur að því er til sölunnar kemur. Það mun að vísu vera eðlilegast, að jörðin verði seld bæjarfjelagi Reykjavíkur, ef það vill kaupa hana, en stjórnin verður í öllu falli að fá heimild til að undanskilja einstöku lóðir eða að minnsta kosti að geta áskilið sjer endurkaupsrjett á þeim undir opinberar byggingar, sem þörf kann ða verða á, þar á meðal ef til vill undir ráðherrabústað.

Frumvarp til laga

um

aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

---

1. gr.

Samkvæmt stjórnarskipunarlögum, dagsettum í dag, um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, skal stofna stjórnarráð fyrir Island í Reykjavík, og skipa í það landritara og 3 skrifstofustjóra, og veitir konungur þau embætti.

2. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa að launum 9000 kr. á ári, og skal honum auk þess látinn í tje embættisbústaður og 2000 kr. á ári til risnu. Til að reisa embættisbústað og til útbúnings risnuherbergja þar má verja 50,000 kr. Þangað til ráðherrann fær bústað þennan til afnota, skal honum veitt 2000 kr. uppbót fyrir hann á ári. Kostnaður við viðhald ráðherrabústaðarins hvílir á landssjóði.

3. gr.

Eptirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eptirlaunalögum. Konungi skal þó heimilt að ákveða hærri eptirlaun, þó mega þau eigi nema meiru en eptirlaun geta hæst verið samkvæmt hinum almennu eptirlaunalögum.

4. gr.

Landritari hefur 6000 kr., og hver skrifstofustjóra 3500 kr., í laun á ári.
Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar má verja 16,000 kr. á ári.

5. gr.

Til að breyta hinum núverandi landshöfðingjabústað í stjórnarráðskrifstofur og búa þær út má verja 11,000 kr.

6. gr.

Landshöfðingjaembættið, landshöfðingjaritaraembættið og hin umboðslega endurskoðunarsýslan skulu lögð niður.

Frá 1. október 1904 skulu amtmannaembættin bæði lögð niður, og stiptsyfirvöldin jafnframt afnumin.

Landfógetaembættið skal lagt niður þegar embættið losnar. Til að gegna störfum þessa embættis má þá verja 2500 kr. á ári, og skal með konunglegri tilskipun ákveða, hvernig þeim skuli gegnt.

Á sama hátt skal fyrir skipa, hver störf amtmanna og stiptsyfirvalda skuli fengin stjórnarráðinu fyrir Ísland í hendur, og hverjum önnur störf þeirra skuli falin. Þeim mönnum, er forsetastöðurnar í hinum 4 amtsráðum landsins verða fengnar í hendur, má frá tjeðum tíma veita 300 kr. endurgjald á ári í skrifstofukostnað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta hefur inni að halda breyting þá á skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar Íslands, er sumpart verður nauðsynleg, sumpart að minnsta kosti eðlileg afleiðing af því, er frumvarp það til breytingar á stjórnarskránni, er lagt er fyrir þingið jafnframt því, öðlast lagagildi.

Þá er stjórnin lagði stjórnarskipunarlagafrumvarpið fyrir alþingi í fyrra, kom hún þegar í athugasemdunum við frumvarpið fram með tillögur til íhugunar fyrir alþingið um það, hvernig hún í aðalatriðunum hugsaði sjer, að umboðsstjórninni yrði breytt jafnframt og væntanlegar breytingar á stjórnarskránni kæmust á. Eptir nú að nefndir þær, er báðar þingdeildir höfðu kosið til þess að íhuga stjórnarskipunarlagafrumvarpið, höfðu látið álit sitt í ljósi um þessar bráðabirgðatillögur, beiddi stjórnarráðið landshöfðingja að koma fram með ýtarlegt álit og tillögur um málið og hefur lagafrumvarp þetta síðan verið samið með hliðsjón af öllum framkomnum tillögum.

Að því leyti er hið nýja skipulag ákveðið, að ákvæði stjórnarskipunarlagafrumvarpsins um flutning aðalstjórnarinnar til Reykjavíkur hefur í för með sjer afnám landshöfðingjaembættisins og landshöfðingjaritaraembættisins, og að nauðsynlegt verður að stofna stjórnardeildarforstjóra- eða landritaraembætti og nokkur skrifstofustjóraembætti, svo og að skipa svo marga menn til aðstoðar, sem þörf er á. Þótt störf landshöfðingja hljóti þannig að verða fengin stjórnarráðinu í hendur, leiðir það hinsvegar engan veginn óhjákvæmilega af stjórnarskipunarfrumvarpinu, að umboðsstjórninni verði breytt einnig að öðru leyti, enda var og drepið á það af þinginu í framangreindum nefndarálitum, að frekari breyting á skipun umboðsvaldsins ef til vill mætti bíða fyrst um sinn og þá fyrst verða gjörð að umræðuefni, er hin nýju stjórnarskipunarákvæði hefðu öðlazt gildi. Þeir liðir umboðsvaldsins, sem til greina kemur að breyta eða afnema, eru einkum amtmannaembættin, stiptsyfirvöldin, landfógetaembættið og hin umboðslega endurskoðun.

Hvað nú fyrst amtmannaembættunum viðvíkur, hefur stjórnarráðið ekki getað aðhyllzt aðferð þá, er þingið hefur drepið á í tjeðum nefndarálitum, en verður óhikað að telja það rjettast — eins og einnig var gjört ráð fyrir í athugasemdunum við stjórnarskipunarlagafrumvarpið í fyrra — að strax sjeu gjörð ákvæði um afnám embætta þessara. Í fyrsta lagi mundu ekki verða lítil vandkvæði á því að skipa aðalstjórnina þannig frá upphafi, að sú skipun ætti við meðan embætti þessi væru látin standa fyrst um sinn, og vinnukrapturinn þó nægur einnig eptir afnám þeirra, eða honum að minnsta kosti svo fyrir komið, að vandalaust yrði að bæta við embættismönnum svo að það raskaði ekki hinu upprunalega fyrirkomulagi. Í öðru lagi verður eigi betur sjeð en að úr því að aðalstjórnin hefur fengið aðsetur í Reykjavík, muni hver hagkvæm skipun á hinni æðri umboðsstjórn hafa afnám amtmannaembættanna í för með sjer. Með því að landshöfðingi hefur einnig fallizt á þessa skoðun, er hjer farið fram á, að strax sjeu gjörð ákvæði um þetta, enda skal og bent á það þessum málstað til stuðnings, að þingið hefur hvað eptir annað, þegar ekki hefur verið að ræða um flutning aðalstjórnarinnar til Reykjavíkur, látið í ljós ósk um afnám amtmannaembættanna. Hitt er annað mál, að það bæði í framkvæmdinni mundi mjög heppilegt, ef ekki nauðsynlegt, að láta dálítinn tíma líða eptir að stjórnarbreytingin hefur öðlazt gildi, þangað til afnám amtmannaembættanna væri látið koma til framkvæmda, og svo þykir það hins vegar eðlilegt — og væri þá hægt að nota þenna stutta tíma til þess — að gjörð sjeu þá fyrst, er stjórnarskipunarlögin hafa öðlazt gildi, fullnaðarákvæði um það, hvernig störfum amtmanna skuli skipt niður. Þetta verður skýrt frekar hjer á eptir.

Af afnámi amtmannaembættanna leiðir það að sjálfsögðu, að leggja verður niður stiptsyfirvöldin eins og þau nú eru skipuð, og fela störf þeirra öðrum valdsmönnum.

Landshöfðingi hefur þar að auki lagt það til, að störf hinnar umboðslegu endurskoðunar verði sameinuð aðalstjórninni, og falin sjerstakri skrifstofu þar ásamt störfunum við út- og innborganir við jarðabókarsjóð og samning hagfræðisskýrslna. Hefur stjórnarráðið getað fallizt á tillögu þessa að öllu leyti.

Hvað landfógetaembættinu loks viðvíkur, hvort leggja eigi störf þess undir stjórnarráðið, þá hafa nefndir beggja þingdeilda lagt það til, að störfum þessum verði eins og til þessa gegnt utan stjórnarráðsins, en það mætti gjöra annaðhvort með því að láta landfógetaembættið standa óhaggað eða fá þau í hendur öðru sjálfstæðu embætti, eða þá að fela landsbankanum að gegna þessum störfum. Landshöfðingi hefur fallizt á þetta, og telur hina síðastnefndu leið hentugasta og einkum ódýrasta, og hefur hann í tilefni af þessu fengið álit landsbankans, og er hann fús á að taka að sjer að gegna þessum störfum fyrir 2500 kr. þóknun á ári. Með því að stjórnarráðið eptir að hafa heyrt ummæli þingsins getur ekki haft neitt á móti því, að störf þessi verði eigi sameinuð aðalstjórninni, þykir engin ástæða til að svo vöxnu máli að fara fram á það, að landfógetaembættið sje lagt niður fyrr en það losnar. Þegar sem sje ekki er ætlazt til, að það verði sameinað stjórnarráðinu, er það þýðingarlaust fyrir fyrirkomulag og vinnukraft þess, hvort embættið verður lagt niður eða ekki, og sje það fyrst um sinn látið standa — sem ekki hefur neinn teljandi kostnaðarauka í för með sjer — fæst tími til að íhuga, hvernig þessum störfum haganlegast verður gegnt þegar hin nýja skipun embætta er komin á, og þá sjerstaklega hvort hægt muni á fulltryggi-

legan hátt að fela þau landsbankanum, sem stjórnarráðinu í sjálfu sjer ekki þykir nein ástæða til að efast um.

Með því nú að stjórnarráðið eins og að framan greinir fer fram á, að amtmannaembættin og stiptsyfirvöldin sjeu afnumin, og störf hinnar umboðslegu endurskoðunar lögð saman við stjórnarráðið, þykir óhjákvæmilegt, að stofnuð sjeu 3 skrifstofustjóraembætti, og svo líka að lagt verði töluvert meira fje til undirmanna og skrifstofukostnaðar, en gjört var ráð fyrir í athugasemdunum við stjórnarskipunarfrumvarpið.

Jafnframt er ætlazt til að haldið sje í Kaupmannahöfn afgreiðslu- eða skrifstofu, er lúti stjórnarráðinu fyrir Ísland, og verður hægt að gjöra nánari ákvæði um fyrirkomulag hennar og verksvið eptir að stjórnarskipunarlögin hafa öðlazt gildi. Til að greiða kostnaðinn við þessa skrifstofu ætlar stjórnarráðið sjer, undireins og stjórnarskipunarfrumvarpið er samþykkt og staðfest af konungi, að koma með tillögu um það á frumvarpinu til hinna dönsku fjárlaga fyrir 1904—05 að veittar verði 5,000 kr. á ári, 2,400 kr. af þeim handa forstöðumanni skrifstofunnar, sem eigi er ætlazt til að hafi veiting konungs, 800 kr. handa aðstoðarmanni, 400 kr. handa skrifara og 1,400 kr. í skrifstofukostnað. Útreikningur sá, er liggur til grundvallar fyrir þessum upphæðum, er nú aðeins byggður á bráðabirgðaáætlun um, hve víðtæk og hvernig þau störf verði vaxin, er ætla má, að falin verði skrifstofu þessari. En óski hinn væntanlegi Íslands ráðherra henni öðruvísi fyrir komið, svo hinar áætluðu upphæðir eigi ekki við, mun naumlega verða neitt því til fyrirstöðu, að þeim verði breytt seinna. Farið verður fram á, að hin nauðsynlegu skrifstofuherbergi verði látin í tje í stjórnarráðabyggingunni.

Að því er kemur til útvegunar nægilegs húsnæðis eptir að hin breytta skipun er komin á, telur landshöfðingi eigi nauðsynlegt að reisa stjórnarbygging, með því að breyta megi hinu núverandi landshöfðingjahúsi í stjórnarskrifstofur án þess að byggja þurfi við það, og geti þar þó einnig orðið rúm fyrir dyravarðarbústað. Og telur hann að kostnaður við þetta eptir lauslegri áætlun byggingafróðs manns fari eigi fram úr 5000 kr. Þar við bætist kostnaður við útvegun húsbúnaðar og annara áhalda, sem sje í eitt stórt herbergi handa ráðherra með litlu herbergi við hliðina, eitt stórt herbergi handa landritara, 3 herbergi handa 3 skrifstofustjórum, 3 önnur skrifstofuherbergi, eitt sendiboðaherbergi og rúm fyrir skjalasafn. Kostnaður við þetta er áætlaður 6000 kr. — Hins vegar telur landshöfðingi nauðsynlegt, að reist sje sjerstakt hús til bústaðar handa ráðherranum, og leggur hann til, að það sje byggt úr trje, sem sje bezt til fallið byggingarefni eptir loptslaginu. Kostnaðinn við það áætlar hann 40—50,000 kr., en álítur, að fá megi inn bæði þessa upphæð og kostnaðinn við breyting og útbúnað landshöfðingjahússins við sölu jarðar þeirrar, sem lögð er til landshöfðingjaembættisins.

Stjórnarráðið hefur að öllu leyti getað fallizt á tillögur landshöfðingja, þar á meðal einnig um sölu Arnarhóls, og verður sjerstakt lagafrumvarp lagt fyrir þingið um hana. Einkum þykir því einnig nauðsynlegt, að reistur verði sjerstakur embættisbústaður handa ráðherranum, því ekki mun mega gjöra ráð fyrir, að ávallt fáist í Reykjavík hentugur bústaður handa honum. Í ráðherrabústaðnum hyggur stjórnarráðið auk þess að gjöra verði nokkur herbergi, hentug til risnunota, og að landssjóður ætti að kosta útvegun og viðhald húsbúnaðar (stofugagna og borðbúnaðar) í þau.

Samkvæmt þessu hefur lagafrumvarp þetta verið samið, og eru áætlaðar 50,000 kr. alls til að reisa ráðherrabústað og til útbúnaðar risnuherbergja þar; en með því að bæði þessi upphæð og aðrir gjaldliðir, sem hjer eru nefndir, eru settir eptir lauslegri bráðabirgðaáætlun, hefur stjórnarráðið lagt fyrir landshöfðingja að útvega fyrir

alþingisbyrjun nákvæmari áætlanir til þess að leggja fyrir þingið, og gefið honum jafnframt umboð til að koma fram með breytingartillögur á fjárhæðum, ef þess gjörist þörf samkvæmt tjeðum áætlunum.

Annars skal um hin einstöku ákvæði lagafrumvarpsins ennfremur þessa getið:

Um 2. gr.

Eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á, að ráðherrann fái 9000 kr. í laun á ári, og að honum þar að auki sje látinn í tje embættisbústaður og 2000 kr. á ári í risnufje. Með því að líða mun nokkur tími eptir að stjórnarskipunarlögin hafa öðlazt gildi, þangað til hægt verður að fá ráðherranum bústaðinn til afnota, er farið fram á að veita honum 2000 kr. þóknun á ári í staðinn fyrir embættisbústað.

Um 3. gr.

Þessi ákvæði eru hin sömu, sem gilda í konungsríkinu samkvæmt eptirlaunalögum 24. febrúar 1858, 3. gr.

Um 4. gr.

Launin eru hjer jafnhá og gjört var ráð fyrir í athugasemdunum við stjórnarskipunarlagafrumvarpið, en hins vegar er farið fram á, að veitt verði töluvert hærri upphæð til aðstoðar og skrifstofukostnaðar, sumpart af því að gjöld þessi hækka við það, að hin umboðslega endurskoðun verður lögð saman við stjórnarráðið, sumpart af því, að landshöfðingi hefur talið nauðsynlegt að nota allan vinnukrapt aðstoðarmannanna, og verði því laun þeirra ekki sett lægra en 2000 kr. að meðaltali handa hverjum.

Hin áætlaða upphæð til aðstoðar og skrifstofukostnaðar skiptist þannig:

Til 3 aðstoðarmanna	6,000 kr.
— 3 skrifara.....	3,000 —
— 1 dyravarðar (auk leigulauss bústaðar)	600 —
— 1 sendiboða.....	400 —
— annars skrifstofukostnaðar.....	6,000 —
Alls...	16,000 kr.

Um 6. gr.

Störf hinnar umboðslegu endurskoðunar mun engin vandkvæði á að fá stjórnarráðinu í hendur undireins og stjórnarskipunarlögin hafa öðlazt gildi, en hins vegar væri, eins og að framan segir, mjög æskilegt, að viðvíkjandi amtmannaembættunum og stiptsyfirvöldunum væri ákveðinn nokkur frestur til þess að koma málunum fyrir og afhenda þau hinum ýmsu nýju yfirvöldum, er störfin verða falin. Það er því farið fram á að embætti þessi verði ekki lögð niður fyr en 1. október 1904. Þegar um svo stuttan tíma er að ræða, verður frestun á afnámi embættanna svo þýðingarlítil í fjárhagslegu tilliti, að kostnaðaratriðið getur ekki orðið því til fyrirstöðu, að stjórnarráðið sje sett strax á fót fullskipað, og ráðherrann fær þá hins vegar nægan tíma til að gjöra fullnaðarákvæði um, hvaða valdsmönnum störfin skulu falin, og til að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda á ákvæðum þessum. Ákvæðin um

þetta verður þá að gjöra með konunglegri tilskipun — eins og einnig er leitað heimildar til í þessari grein —, enda væri það og eðlilegast og haganlegast þó ekki stæði eins á og hjer.

Til stuðnings við íhugun þess, hvernig skipta eigi niður amtmannastörfunum og störfum stiptsyfirvaldanna, hefur stjórnarráðið fengið umsögn og tillögur landshöfðingja um það mál, og eru þær prentaðar hjer á eptir sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu. Stjórnarráðinu þykir þessar tillögur yfirleitt til þess fallnar, að hið nýja skipulag verði sniðið eptir þeim í aðalatriðum; það þætti þó eðlilegt, ef alþingi vildi segja álit sitt að minnsta kosti viðvíkjandi forsetastöðunum í amtsráðunum, og þá sjerstaklega hvort kjósa ætti menn í þær stöður eða, eins og landshöfðingi hefur lagt til, fela þær ákveðnum embættismönnum.

Viðvíkjandi landfógetastörfunum skal vísað til athugasemdanna hjer á undan; eins og með amtmannastörfin er leitað heimildar til að ákveða með konunglegri tilskipun, hvernig þeim skuli gegnt.

Eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á, að veittar verði mönnum þeim, sem forsetastaðan fyrir hinum 4 amtsráðum landsins verður falin, 300 kr. hverjum á ári í skrifstofukostnað.

Til leiðbeiningar um hina fjárhagslegu niðurstöðu af lagafrumvarpi þessu skal sett eptirfarandi yfirlit.

Hin nýju gjöld verða þessi:

Laun ráðherrans og risnufje	11,000 kr.
Laun landritara og 3 skrifstofustjóra	16,500 —
Aðstoðarfje og skrifstofukostnaður stjórnarráðsins	16,000 —
Til að gegna landfógetastörfunum	2,500 —
Skrifstofufje amtsráðsforsetanna	1,200 —
Alls...	47,200 kr.

Við afnám embætta vinnst þetta:

Laun *landshöfðingja*	8,000 kr.	
Til risnu ár hvert	2,000 —	
og þar að auki annað hvert ár (þingárin) 2,000 kr., eða á ári	1,000 —	
		11,000 kr.
Laun *landshöfðingjaritarans* að meðaltali		2,000 —
Skrifstofufje *landshöfðingja*		2,400 —
Laun 2 *amtmanna*, 5,000 kr. hvor		10,000 —
Skrifstofufje *amtmanna*		2,800 —
Laun *landfógeta*		3,500 —
Skrifstofufje *landfógeta*		1,000 —
Útgjöld við *hina umboðslegu endurskoðun*		4,300 —
Þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur		1,700 —
Alls...		38,700 kr.

Af þessu leiðir þá 8,500 kr. beinn kostnaðarauki á ári. Þar við bætist kostnaður við ferðir ráðherrans og eptirlaun, svo og aukakostnaður við útbúning stjórnarbyggingarinnar og við að reisa ráðherrabústað, en kostnaðurinn við þetta tvent síðasttalda mun þó fást inn með því að selja embættisjörð þá, er landshöfðingi nýtur í viðbót við laun sín, og er hún ekki talin með í útreikningnum hjer á undan.

Fylgiskjal. **(Þýðing).**

LANDSHÖFDINGINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík, 31. janúar 1903.

— — — —

Hina almennu *umsjón með lögreglunni* á stjórnarráðið auðvitað að hafa á hendi, en hins vegar er mjer næst að halda, að skipun hreppstjóra, tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 39. gr., megi fela hlutaðeigandi sýslumanni.

Stjórnarráðið ætti víst að veita *gjafsóknir* einnig fyrir undirrjettum utan Reykjavíkur, lög nr. 7, 12. júlí 1878, 1. gr., og bæði í gjafsóknarmálum og öðrum málum úrskurða ferðakostnaðarreikninga embættismanna, sbr. lög nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. gr.

Vald til að úrskurða *þvingunarsektir og sektahegningu*, kon. br. 26. júní 1782, 3. gr., kon. br. 19. okt. 1822, kon. úrsk. 18. des s. á., kon. br. 3. jan. 1823, tilsk. 8. jan. 1834, 10., 15. og 17. gr., 28. marz 1855, 14. gr., hegningarlög 25. júní 1869, 300. gr., tilsk. um afplánun fjesekta s. d., 1. og 3. gr., lög nr. 16, 14. sept. 1877, 15. og 29. gr., lög nr. 6, 12. júlí 1878, 16. gr., reglugj. 6. des. 1884, 9. gr., lög nr. 5, 19. febr. 1886, 9. gr. og lög nr. 31, 13. des. 1895, 22.—28. gr., skal fengið stjórnarráðinu í hendur, þó svo að starf amtmanna viðvíkjandi sáttaleitun í hjónaskilnaðarmálum, og þeirra vald til að kveðja hjónin að viðlögðum sektum á fund prests eða veraldlegs valdsmanns, op. br. 10. febr. 1818, tilsk. 18. okt. 1811 sjeu falin hlutaðeigandi sýslumönnum og bæjarfógetum.

Útnefning manna í öðru lögsagnarumdæmi virðast hlutaðeigandi sýslumenn eða bæjarfógetar geta haft á hendi án milligöngu æðra yfirvalds.

Störf amtmanna að *skipta- og yfirfjárráðamálum*, lög nr. 3, 12. apr. 1878, lög. nr. 20, 4. nóv. 1887, 4. gr., tilsk. 18. febr. 1847 álít jeg, að einnig ætti að fá stjórnarráðinu í hendur, þó mætti ef til vill fela hlutaðeigandi sýslumönnum og bæjarfógetum störf þeirra viðvíkjandi fjármálum hjóna, lög nr. 3, 12. jan. 1900, 15., 22. 28. og 29. gr.

Vald þeirra í *eldsvoða- og byggingamálum*, op. br. 6. jan. 1857, lög nr. 28, 8. nóv. 1883 og lög nr. 28, 13. sept. 1901, 2. gr. ætti að fá stjórnarráðinu í hendur.

Amtsráðin. Á síðustu árum hefur opt verið látið í ljósi, að það mundi lítill skaði þó amtsráðin væru lögð niður, og sýslunefndir fengju að því skapi meira vald, sbr. t. d. ritstjórnargrein í blaðinu „Þjóðólfi“ frá 16. þ. m. Án þess að fara langt út í þetta mál, skal jeg leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að jeg fyrir mitt leyti held ekki, að afnám amtsráðanna mundi horfa til neinna framfara fyrir sjálfstjórn sveitafjelaganna, heldur þvert á móti. En hvernig sem þessu nú er varið, verður fyrst um sinn að gjöra ráð fyrir amtráðunum. — Þegar amtmenn eru ekki lengur til þess að vera forsetar og framkvæmdarstjórar þeirra, lög nr. 30, 11. júlí 1890, 2. gr., verður að fela öðrum þessi störf, annaðhvort á þann hátt, að amtsráðin kjósi sjálf forseta sína, eða þá að það verði ákveðið með lögum, að einhver lögfræðislegur embættismaður skuli settur til að vera forseti og framkvæmdarstjóri þeirra. Jeg legg það til, að störf þessi verði fengin sýslumönnunum í Norðurmúlasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, hverjum fyrir það amt, er sýsla hans liggur í, gegn hæfilegri þóknun fyrir aukin skrifstofustörf, annaðhvort úr jafnaðarsjóði amtsins eða að nokkru leyti úr honum og að nokkru leyti úr landssjóði. 300 kr. til hvers tel jeg að mundi hæfilegt. Það sem eptir minni skoðun mælir með því fyrirkomulagi, er jeg fer hjer fram á, eru í fyrsta lagi þægindin við, að skrifstofa amtsráðanna verður þá á sama stað, og svo það, að bústaðir sýslumanna þessara liggja haganlega fyrir amtsráðsfundi, og ennfremur það, að því er hin þrjú fyrstnefndu sýslumannsembætti snertir, er embættin sem bæjarfógeti í hinum þrem smærri kaupstöðum landsins heyra til, að

sennilegt er að í þeim verði jafnan dugandi embættismenn, með því að embættin eru vel launuð. Þó þetta verði ekki að sama skapi sagt um Gullbringu- og Kjósarsýslu' er það þó eigi ósennilegt að þetta embætti verði talið framvegis með betri sýslumannaembættum. Sá er nú situr í því embætti er duglegur embættismaður.

Vald amtmanna til að *staðfesta samþykktir,* lög nr. 28, 14. des. 1877, 4. og 5. gr., lög nr. 5, 19. febr. 1886, 7. gr., lög nr. 34, 11. des. 1891, 3. og 4. gr., lög nr. 11, 13. apr. 1894, 3. og 4. gr., lög nr. 12, s. d., 3. og 4. gr., lög nr. 13, s. d., 3. og 4. gr., lög nr. 6, 15. febr. 1895, 3. og 4. gr., lög nr. 26, 13. sept. 1901, 1. gr. 2. hl., lög nr. 49, 20. des. s. á., 3. og 4. gr., lög nr. 50, s. d., 1. gr., ætti víst að fá stjórnarráðinu í hendur.

Barnsfaðernismál, meðgjafir. Viðvíkjandi ákvæðinu í op. br. 28. maí 1825 um, að amtið geti látið höfða barnsfaðernismál, mundi nægja að skipa svo fyrir, að hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti eptir beiðni barnsmóður eða þeirra, sem fyrir barninu eiga að sjá, skuli skyldur að gera þær ráðstafanir, er með þurfa í þessu efni. Mjer sýnist að vel mætti fela hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta, að ákveða framfærslueyri, tilsk. 14. okt. 1763 og 10. ág. 1798, svo og skerf barnsföður af kostnaðinum, er af barnsförum leiðir, lög nr. 4, 12. jan. 1900, 2. gr., og meðlag ekkju, er situr í óskiptu búi, með óskilgetnum börnum látins manns hennar, s. st. 3. gr. En þá væri þó víst rjettast að ákveða meðalmeðgjöf, eins og gjört er í Danmörku samkvæmt dönsku lögunum frá 12. apr. 1892 (nr. 73), 5. gr. En til þess mundi þurfa ákvæði í lögum.

Skipun yfirsetukvenna lög nr. 27, 17. des. 1875, 2. gr., væri að líkindum ástæða til, einkum vegna ákvæðanna í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, 2. gr., að fela landlækni.

Konungleg leyfisbrjef, tilsk. 21. des. 1831, kon. úrsk. 12. sept. 1864, ætti stjórnarráðið eflaust að gefa út og láta af hendi, þó mætti að líkindum láta sýslumenn og bæjarfógeta gefa út og selja af hendi leyfisbrjef til hjónabands.

Störf þeirra viðvíkjandi *fátækramálum,* reglugj. 8. jan. 1834, 3. gr., tilsk. 26. maí 1863, op. br. 17. apr. 1868, ætti að fá stjórnarráðinu í hendur. Að því er snertir úrskurð á þrætum milli sveitafjelaga í þurfamannamálum sjerstaklega, hefur amtmaður í reyndinni að mestu leyti ekki verið annað en milligöngumaður.

Störf þeirra viðvíkjandi *skipströndum,* lög nr. 2, 14. jan. 1876, 2., 4., 7., 12., 20.—23., 26. og 27. gr. ætti að fá stjórnarráðinu í hendur svo og störf þeirra viðvíkjandi vogreki, op. br. 2. apr. 1853. Það skal hjer aðeins drepið á það, að bráðlega þyrfti að endurskoða lögin um skipströnd.

Sættamál. Skipun sáttanefndarmanna, tilsk. 20. jan. 1797, 2. gr., mætti vel fela hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta, nema þá að þeir einnig utan Reykjavíkur verði kosnir af íbúum umdæmisins eptir sömu reglum og gilda í Reykjavík, tilsk. 10. júlí 1795, 12. gr.

Störf amtmanna viðvíkjandi *umsjón með jörðum landssjóðs,* stj. br. 25. maí 1880, ætti eflaust að fá stjórnarráðinu í hendur.

Störf þeirra viðvíkvandi *ráðstofunum gegn fjárkláða* og annari fjársýki, lög

nr. 40, 8. nóv. 1901, sbr. tilsk. 5. jan. 1866 og 4. marz 1871 ætti eflaust að fá stjórnarráðinu í hendur og mundi þá koma samræmi í þessar ráðstafanir.

Störf þeirra og vald viðvíkjandi *kosningum til alþingis*, lög nr. 16, 14. sept. 1877, 14., 15. og 29. gr., ætti að fá stjórnarráðinu í hendur. Því ætti og að fá störf þeirra viðvíkjandi *styrktarsjóðum* í kaupstöðunum handa alþýðufólki, lög nr. 30, 18. des. 1897, 4. gr., *nýbýlum*, lög nr. 15, 6. nóv. 1897, 4. gr., og móttöku yfirlýsinga viðvíkjandi *rjetti innborinna manna*, lög 19. marz 1898, sbr. augl. 11. maí s. á. Hins vegar get jeg ekki sjeð betur, en að störf þeirra við að gefa út leyfisbrjef til að skilja borði og sæng, tilsk. 23. maí 1880, 5. gr., 18. okt. 1811 og op.br. 10. febr. 1818, og leyfisbrjef til *verzlunar og veitinga áfengra drykkja*, lög nr. 26, 11. nóv. 1899, 2., 3. og 7. gr., vel megi fela hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta. Ákvæðin í *tilsk. 24. júlí 1789, 7. gr.* má víst telja úrelt að því er snertir störf sýslumanna og amtmanns viðvíkjandi lausum prestssetrum. Að því er hinum ýmsu *gjafasjóðum* viðvíkur, er standa undir stjórn amtmanna, álít jeg að stjórn þeirra mætti koma fyrir á þann hátt, er hjer greinir: Í stjórn gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, gjafabrjef 8. júlí 1830, staðf. 14. okt. 1831, sbr. gjafabr. 20. júní 1844, og gjafasjóðs sama handa fátækum í Svarfaðardalshrepp, gjafabr. 20. júní 1844, staðf. 17. maí 1845, sbr. gjafabr. 14. sept. 1846, komi í stað amtmanns sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu. Gjafasjóði Guttorms Þorsteinssonar handa fátækum í Hofssókn, skipulagsskrá 12. jan. 1841, staðf. 20. apr. s. á., gæti sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu stjórnað, og gjafasjóði Pjeturs Þorsteinssonar handa fátækum í Vallahreppi, skipulagsskrá 30. ág. 1792, staðf. 18. apr. 1793 og kbr. 29. marz 1823, sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu, báðir með tilsjón amtsráðsins. Stjórn gjafasjóðs Ørum & Wulff's, skipulagsskrá 17. júlí 1874, staðf. 19. s. m., virðist mega fela stjórn búnaðarskólans á Eiðum. Stjórn styrktarsjóðs konungslandseta í Suðuramtinu, kon. úrsk. 7. júní 1833, 9. okt. 1875, mætti fá stjórnarráðinu í hendur.

Það þarf ekki að taka það fram, að hinar ýmsu skýrslur, sem nú eru sendar amtmönnum, eigi að sendast beina leið til stjórnarráðsins, undir eins og amtmannaembættin hafa verið lögð niður.

Viðvíkjandi *stiptsyfirvöldunum* mætti fara að á tvennan hátt, annaðhvort að láta þau standa og aðeins láta annan lögfræðislegan embættismann koma í stað amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, eða þá að afnema þau, og leyfi jeg mjer að mæla með því. Störfum stiptsyfirvaldanna legg jeg til, að skipt verði á þann hátt, að eptirlitið með skólamálum (prestaskóla, læknaskóla og lærða skólanum), svo og eptirlitið með forngripasafninu og landsbókasafninu verði fengið stjórnarráðinu án nokkurs millilið̃s, og sömuleiðis störf stiptsyfirvalda við undirbúning verðlagsskráa, lög nr. 16, 6. nóv. 1897. Hin önnur störf stiptsyfirvalda mætti hins vegar fela biskupi einum. — — — — —

Reykjavík, 11. febrúar 1903.

Jeg hef tekið eptir því, að jeg í brjefi mínu 31. f. m. um hina væntalegu breyting á hinni æðstu umboðsstjórn hef gleymt að geta starfsemi amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu sem nefndarmanns í stjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi, sbr. lög

nr. 2, 4. febr. 1898, 5. gr., og valds amtmanna með tilliti til aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á spítala, sbr. lög nr. 3, s. d., 8. gr. Eptir minni skoðun ætti stjórnarráðið að skipa mann í stjórnarnefnd holdsveikraspítalans í stað amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, en vald amtmanna viðvíkjandi flutningi holdsveikra á spítalann ætti að fá stjórnarráðinu í hendur.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

---

1. gr.

Hvert það fjelag, er hjer á landi rekur þá starfsemi, að taka að sjer lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni — að sætjóni þó undanskildu —, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eptir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefur tekið að sjer hjer á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sjerstaklega fyrir hverja ábyrgðartegund, sem fjelagið við hefur, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári af ábyrgðum fjelagsins hjer á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hjer á landi á sama tímabili.

2. gr.

Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþykktum fjelagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hjer á landi, ábyrgðarbrjefafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hjer á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi fjelagsins, eins og þær eru samkvæmt tjeðum skýrslum, skal senda hinar nýju samþykktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefur verið gjörð á.

3. gr.

Ef við skipti á dánarbúi eða gjaldþrotabúi kemur fram lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er skal útborgast, eða komi það í ljós við þess konar skipti, að hinn látni eða gjaldþroti hefur tryggt líf sitt eða verið tryggður gegn slysum, eru hlutaðeigandi skiptarjettur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða fjelagi hún sje og með hvaða kjörum, áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr.

Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er greindar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10 til 200 kr. Ef það er ábyrgðarfjelag, er gjört hefur sig sekt í þessari vanrækslu, skal stjórn fjelagsins sæta sektunum, ef fjelagið hefur heimilisfang á Íslandi. Ef fjelagið hefur heimilisfang annarsstaðar, skal sá sæta sektunum, er rekur starfsemi hjer á landi sem erindreki þess eða fulltrúi. Sje enginn hafður til þess, skal ábyrgðarmaður blaðs þess hjer á landi, sem birtir, eða prentari sá, sem prentar auglýsingar fyrir fjelagið, sæta sektunum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi það, er kom saman 1902, samþykkti frumvarp til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur, sem borið var upp af þingmanna hálfu og miðaði til að útvega hagfræðisgögn til leiðbeiningar við væntanlega stofnun innlendra ábyrgðarfjelaga. Sömuleiðis samþykkti þingið þingsályktun og skoraði þar á stjórnina að láta rannsaka, hvort skilyrði væru fyrir hendi fyrir stofnun innlends lífsábyrgðarfjelags og ef svo reyndist, að leggja fyrir alþingi 1903 lagafrumvarp um þetta efni.

Þegar landshöfðingi sendi stjórninni hið fyrgreinda lagafrumvarp, ljet hann í ljósi í brjefi því, sem prentað er hjer á eptir sem fylgiskjal, að honum þætti ákvæði frumvarpsins eigi vel heppileg nje hagfelld, og sjerstaklega þætti honum ákvæðin í 4. gr. um, að öll útlend ábyrgðarfjelög, er starfa á Íslandi, skuli hafa einhvern aðalumboðsmann þar, óhafandi, með því að takmarkalaust ákvæði um það væri eigi einungis ósanngjarnt gagnvart fjelögum, sem aðeins taka að sjer fáeinar ábyrgðir á Íslandi, heldur mundi og ómögulegt að fram fylgja því.

Stjórnarráðið hefur að þessu leyti orðið að fallast á skoðun landshöfðingja, og hefur því sökum ákvæðanna í 4. gr. ekki getað þótt frumvarpið fallið til þess að verða að lögum. Hins vegar hefur að öðru leyti þótt mega verða við óskum þingsins um, að útveguð yrði hagfræðisgögn þau, sem hjer er um að ræða, að svo miklu leyti sem auðið er, án þess að leggja svo þungar skyldur á erlend ábyrgðarfjelög, að það gæti aptrað þeim með öllu frá að reka starfsemi á Íslandi, sem væri síður en svo hagur fyrir landið að vera án.

Af þessum ástæðum hefur stjórnarráðið lagt það til í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið til Hans hátignar konungsins, að tjeðu lagafrumvarpi alþingis 1902 yrði neitað allrahæstrar staðfestingar, og jafnframt leitað samþykkis til, að lagafrumvarp þetta megi leggja fyrir alþingi það, er kemur saman í ár, og hefur Hans hátign allramildilegast þóknast 24. apríl þ. á. að fallast á þessar tillögur.

Um framangreinda þingsályktun skal þess getið, að fyrst þá er skýrslur þær um lífsábyrgðarmálið, sem útvega á með lagafrumvarpi þessu, eru fengnar um eitt eða öllu heldur tvö ár, verður til nokkurs að snúa sjer með þau í höndum til manna, sem sjerstaklega þekkja til þessara mála, og leita álits þeirra, eins og alþingi hefur farið fram á, um það, hvort skilyrði sjeu fyrir hendi um stofnun innlends lífsábyrgðarfjelags, sem stjórnarráðið reyndar fyrirfram er í miklum efa um að sje. Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skal þessa getið:

Um 1. og 2. gr.

Í þessum greinum er það gjört ábyrgðarfjelögum að skyldu að láta í tje aðallega sömu upplýsingar og skýrslur og farið var fram á í 1.—3. gr. í frumvarpi alþingis. Eptir þeim hætti, sem optast er vátryggt gegn sætjóni, hefur þó þótt nauðsynlegt, að sætjónsábyrgðarfjelög sjeu undanþegin þeim skyldum, sem farið er fram á að leggja á önnur ábyrgðarfjelög.

um 3. gr.

Það er tilgangur með ákvæðum þessum að bæta upp skýrslur þær, sem látnar skulu í tje samkvæmt undanfarandi greinum, sjerstaklega að því er snertir lífs- og slysaábyrgðir, sem eru hjá fjelögum erlendis.

um 4. gr.

Sektir þær, er hjer er farið fram á, eru þær sömu, sem ákveðnar eru í 8. gr. laga 8. nóv. 1895. Eptir atvikum hefur eigi þótt rjett að beita dagsektum.

Með hegningu þeirri, sem farið er fram á undir vissum kringumstæðum að láta ábyrgðarmenn blaða og prentara sæta, er það tilgangurinn, að fá fjelög, sem eigi hafa umboðsmann á Íslandi, til þess að gefa skýrslur, með því að neyða blöð og prentara, sem annast auglýsingar fyrir slík fjelög, til að setja það skilyrði fyrir að auglýsa fyrir hlutaðeigandi fjelag, að það ræki skýrsluskyldu sína.

Fylgiskjal. **(Þýðing).**

LANDSHÖFDINGINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík, 12. september 1902.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefur eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur, sem borið hefur verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer að senda það hjermeð bæði í þeim búningi, er það kom frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Lög þessi gjöra öllum lífsábyrgðarfjelögum, brunabótafjelögum og öðrum ábyrgðarfjelögum, er starfa hjer á landi, að skyldu, að senda landshöfðingja ár hvert ágrip af reikningum sínum og skýrslu um upphæð tryggingarfjárins í heild sinni og iðgjaldagreiðslu, tölu ábyrgðarhafa o. fl.; ennfremur er öllum þess konar fjelögum gjört að skyldu að hafa einhvern aðalumboðsmann hjer á landi og tilkynna landshöfðingja, hver hann sje. Tilgangurinn með þessum ákvæðum er, eins og sagt er í nefndaráliti um málið í neðri deild alþingis (alþtíð. 1902 C. þskj. 148), sá, að útvega hagfræðisgögn til leiðbeiningar við stofnun innlendra ábyrgðarfjelaga; en það er mín skoðun, að hvorki sje skilyrði fyrir hendi fyrir stofnun sjálfstæðra ábyrgðarfjelaga hjer á landi, og eins finnst mjer ákvæði laga þessara hvorki vel heppileg nje hagfelld. Þótt það mætti rjettlæta, að lög gjöra erlendum ábyrgðarfjelögum, sem hafa umboðsmenn hjer á landi, að skyldu, að gefa skýrslur þær, sem greindar esru í 1. og 2. gr. laganna, — einkennilegt er það, að þar á meðal eru eigi taldar skýrslur um útborgaðar ábyrgðarupphæðir á ári hverju —, eru hins vegar ákvæðin í

4. gr. laganna um, að öll erlend ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skuli skyld að hafa einhvern aðalumboðsmann hjer, að því er jeg hygg, óhafandi, því auk þess sem það er ósanngjarnt að skylda ábyrgðarfjelag, sem hefur tekið að sjer eina eða örfáar ábyrgðir fyrir menn búsetta hjer á landi, til þess að hafa aðalumboðsmann hjer, yrði með öllu ómögulegt að hafa eptirlit með því, að þessu boði væri hlýtt.

Með þessum athugasemdum leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skjóta máli þessu til hæstvirtra aðgjörða stjórnarráðsins.

Magnús Stephensen.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

kosningar til alþingis.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

---

1. kafli.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrjett til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands veitir rjett til kosninga, með þeim nánari ákvörðunum, sem eru teknar fram hjer á eptir.

2. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi, eða sje bú hans undir skiptameðferð sem gjaldþrota.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit, eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eptirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefur heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Um kjörgengi til alþingis fer eptir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

2. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni, og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

9. gr.

Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skipta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skipta að öðru leyti með sjer verkum.

3. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr.

Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skipt kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sjerstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fyrir 1. júlímánaðar

næst á eptir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því að geta neytt kosningarrjettar þar. Rita skal í sjerstaka dálka fullt nafn kjósanda eptir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

12. gr.

Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sjer skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrjett, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarrjettar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett.

13. gr.

Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sje fullbúin 1. dag febrúarmánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaptans dag hvern næstu 14 daga eptir að hún var lögð fram. Staðfest eptirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje sleppt af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eptirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

16. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefur eptirlit með, að fylgt sje fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt

málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eptirrit af dóminum.

18. gr.

Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning optar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eptirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

4. kafli.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skript sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sjer í línu og ríflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sje minni að þvermáli að innan en $^1/_4$ úr þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $^1/_{12}$ þumlungs á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

O	
O	
O	

Seðillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr.

Landshöfðingi annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal

vandlega gæta þess, að eigi sjeu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr.

Sjö dögum eptir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgjörðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eptir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjórstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerepti og með áprentaðri utanáskript til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: „ónýttir seðlar“ og á tvö: „afgangsseðlar“.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereptsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskript sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna.

5. kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

23. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmennsku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minnsta kosti fjögra kjósenda í kjördæmi því, sem þingmannsefni leitar þingmennsku í, um að þeir styðji kosningu hans.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

24. gr.

Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að allt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

6. kafli.

Kjördagur.

25. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fara fram næsta virkan dag.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eptir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

7. kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gjöra það torvelt að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan, Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

28. gr.

Nægum tíma áður en kosningar eptir lögum þessum skulu fram fara í fyrsta sinn, skal landsstjórnin láta gera atkvæðakassa handa öllum undirkjörstjórnum í landinu, og annast um sending þeirra. Skulu kassarnir allir vera með sömu gjörð, eigi minni en 12 þuml. að lengd, 8 þuml. á breidd og 6 þuml. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eptir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 6 þuml. löng, $^1/_4$ þuml. víð að ofan, en víðari að neðan. Með kössunum skal og senda sterka ljereptspoka, hæfilega stóra, til að hafa utan um kassana, er undirkjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

8. kafli.

Kosningarathöfnin.

29. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

30. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 24. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

32. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Þvínæst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur gjör að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eptir.

34. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrjetti sínum.

35. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gjörir kross ⊗ *innan í* hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til; en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

36. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eptirrit af kjörskránni og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefur neytt kosningarrjettar síns.

37. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

38. gr.

Engin merki má á seðilinn gjöra önnur en krossinn í hringnum, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gjört geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eptir, er seðill sá ógildur.

39. gr.

Nú setur kjósandi skakkt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá, og má hann þá fá nýjan seðil, ef hann skilar kjörstjórninni hinum fyrra, og greiðir þá atkvæði á síðari seðilinn.

Þá er kjósandi hefur lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið.

40. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal en bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

41. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni hans eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á hann þá rjett á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

42. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerepti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereptspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann, sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ónýzt hafa (39. gr.) og í annað umslag þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

43. gr.

Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefur sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

44. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og allt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

45. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau ásamt lyklinum að atkvæðakassanum þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án

þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

9. kafli.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassann og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefur rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sje hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eptir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eptir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eptirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn eða þá kosna, sem hlotið hafa flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landshöfðingja eptirrit af gjörðabók sinni

viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem landshöfðingi því næst leggur fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og hann tók við þeim. Eptirritin og önnur kjörgögn leggur hann einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni eða hinum kjörnu alþingismönnum kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er landshöfðingi segir fyrir um, og senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og birtir hann það í B-deild stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eptir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

10. kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

53. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann

kæruna svo fljótt sem verða má til landshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærðan varðar, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

11. kafli.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eptir þingrof.

54. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B-deild stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

55. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr.

Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eptir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

12. kafli.

Kostnaður.

57. gr.

Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessir útgjöld greiðast úr landssjóði.

58. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

13. kafli.

Afbrot og hegningar o. fl.

59. gr.

Nú hefur bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann allt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Landshöfðingi úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki og getur hann á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sje samin svo fljótt, sem kostur er á.

60. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

61. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosning til alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

62. gr.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekri rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda meðan á kosn-kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðisseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

63. gr.

Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

64. gr.

Lög 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis eru úr gildi felld, að 18. gr. undanskilinni.

Ákvæði um stundarsakir.

I. Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1904, skal kjósa eptir þeim kjörskrám, sem gengu í gildi 1. júlí 1903.

II. Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklega málefni Íslands 5. janúar 1874, er eykur tölu hinna þjóðkjörnu

alþingismanna upp í 34, verður að lögum, og alþingi verður haldið, eptir að lögin hafa öðlazt gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir 4 nýju alþingismenn kosnir þannig:

2 af Reykjavíkurkaupstað,
1 af Ísafjarðarkaupstað og
1 af Akureyrarkaupstað.

Ef almennar kosningar fara fram til tjeðs alþingis, skulu þessir 4 kosnir á sama tíma og með sama hætti og aðrir alþingismenn, og falla þá við þær kosningar kaupstaðirnir Ísafjörður og Akureyri úr kjördæmum þeim, sem þeir teljast til samkvæmt 18. gr. kosningalaganna frá 14. sept. 1877.

Ef almennar kosningar fara ekki fram, segir konungur nákvæmar fyrir um kosning þessara 4 þingmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í brjefi frá stjórnarráði Íslands til landshöfðingja dags. 12. nóvember 1902 (stjórnartíðindi 1902 B, bls. 273—74) er skýrt frá ástæðum fyrir því, að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis frá 14. september 1877, er alþingi samþykkti síðastliðið ár, var synjað allrahæstrar staðfestingar. En eins og sagt er í tjeðu brjefi, varð stjórnin að vera samdóma óskum þeim, sem fram hafa komið frá þingi og þjóð um, að kosningafyrirkomulaginu yrði breytt, og það í öllu verulegu eins og frumvarp alþingis fór fram á. Stjórnarráðið hefur því samið lagafrumvarp þetta alveg í samhljóðan við frumvarp alþingis, nema hvað þeim ákvæðum er sleppt úr því, er stjórnin taldi að kæmi í bága við stjórnarskrána, og svo gjörðar nokkrar lítilvægar breytingar og viðaukar. Einnig hefur að því leyti verið farið eptir frumvarpi alþingis, að í frumvarp þetta hafa eigi verið sett ákvæði um breyting á skipun kjördæma, heldur er farið fram á (sbr. 64. gr.) að láta 18. gr. hinna gildandi kosningarlaga standa. Að vísu verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, er neðri deild alþingis ljet í ljósi í þingsályktun, er hún samþykkti síðastliðið ár, að breyta þurfi skipun kjördæmanna, hvað sem svo líður þeim breytingum, er þörf verður á, ef frumvarp það um breytingar á stjórnarskránni, sem lagt er fyrir þingið, öðlast gildi; en af því að þingið jafnframt hefur látið þá ósk í ljósi í þingsályktun, að leitað yrði álits allra sýslunefnda og bæjarstjórna, áður en frumvarp um nýja kjördæmaskipan væri samið, og landshöfðingi ennfremur hefur talið heppilegt, að amtsráðunum væri líka gefið færi á að koma fram með álit sitt um það mál, og þessu hefur ekki orðið komið í kring svo tímanlega, að gögn þessi yrðu notuð við samning lagafrumvarps þessa, þá hefur stjórnarráðið orðið að láta sjer það lynda, að engin ný ákvæði um kjördæmaskipan væru sett í frumvarpið. Þar sem því, sem sagt, er farið fram á að láta hin gildandi ákvæði um þetta atriði standa fyrst um sinn, er hins vegar bætt við frumvarpið ákvæðum um stundarsakir, þar sem ákvæði eru sett um það, hvernig hinum væntanlegu nýju alþingismönnum, sem eiga að bætast við samkvæmt stjórnarskipunarlagafrumvarpinu, skuli skipt niður á kjördæmi þau, sem nú eru.

Þess skal getið, að það hefur þótt eðlilegast að kalla lagafrumvarp þetta frumvarp til laga um kosningar til alþingis, þar sem ætlast er til, að aðeins ein grein úr hinum gildandi kosningarlögum haldi áfram að hafa gildi um stundarsakir; skal svo hjer á eptir skýrt frá því, að hverju leyti frumvarp þetta er frábrugðið frumvarpi alþingis, og þó sleppt að minnast á orðabreytingar einar:

Um 2. gr.

Úr skýringunni á orðunum „óflekkað mannorð“ hefur verið sleppt tilvísuninni í frumvarpi alþingis til núgildandi íslenzkra laga um uppreist á æru, þar sem um þetta atriði fer eptir gildandi lögum á hverjum tíma.

Um 5. gr.

Úr 5. gr. í frumvarpi alþingis er hjer sleppt ákvæði því, sem nefnt er í framangreindu brjefi stjórnarráðsins og talið er að komi í bága við stjórnarskrána, og er grein þessi því hjer samhljóða 5. gr. gildandi kosningalaga.

Um 11. gr.

Samhljóða 11. gr. í frumvarpi alþingis að öðru leyti en því, að fyrir nákvæmnis sakir er sagt með berum orðum, að að eins þeir, er heimili eigi í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, skuli teknir á kjörskrá.

Um 22. gr.

Um þær breytingar, er hjer eru gjörðar á fyrra hluta 22. gr. í frumvarpi alþingis, skal vísað til athugasemdanna við 42. gr. hjer á eptir.

Um 23. gr.

Inn í þessa grein, sem samsvarar 23. gr. í frumvarpi alþingis, að slepptu ákvæðinu um fjárframlag sem kjörgengisskilyrði, er eptir tillögum landshöfðingja bætt ákvæðunum í 23. og 24. gr. hinna gildandi kosningalaga um, að kjörgengi þingmannaefna þurfi eigi að sanna fyrir kjörstjórninni, og að enginn megi gefa kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi.

Um 25. gr.

Inn í þessa grein er bætt ákvæðum um, að þegar almennar kosningar hafa farið fram, gilda allar kosningar frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi, sem getur átt sjer stað, þegar eins stendur á og getur um í 51. gr., eða þegar uppkosning fer fram. Í samræmi við þetta eru reglurnar um aukakosningar í 3. hluta 54. gr. Þessi ákvæði eru tekin úr lögum konungsríkisins um kosningar til ríkisþingsins frá 7. febrúar 1901, 88.—89. gr.

Um 26. gr.

Af því að þinghús er ekki í öllum hreppum, hefur grein þessi eptir tillögum landshöfðingja verið orðuð dálítið öðruvísi en samsvarandi grein í frumvarpi alþingis.

Um 28. gr.

Inn í 2. hluta þessarar greinar hefur á eptir „hreppstjóri“ verið skotið: „eða bæjarfógeti“.

Um 34. gr.

Hjer er sleppt því ákvæði, sem átti við þau ákvæði í 5. gr. í frumvarpi alþingis, sem eigi eru tekin upp í frumvarp þetta.

Um 38. gr.

Þessi grein er samhljóða 38. gr. í frumvarpi alþingis að öðru leyti en því, að sleppt er 1. hluta hennar um, að kjörseðill sje ógildur og kosningarrjetti fyrirgert, ef kjósandi hefur látið sjá kjörseðil sinn. Stjórnarráðið telur það sem sje að minnsta kosti efamál, hvort hægt sje samkvæmt stjórnarskránni að ákveða, að kosningarrjetti sje fyrirgert, þegar þetta á sjer stað, og álítur það því einnig heppilegast að sneiða hjá vafaspurning þeirri, er kemur fram í sambandi við þetta, hvort kjósandi geti ekki krafizt þess, þegar kjörseðill hans fyrir fram er ógildur ger og hefur eigi verið látinn í atkvæðakassann, að sjer verði leyft að greiða atkvæði á nýjum seðli.

Um 42. gr.

Þegar nú sleppt er 1. málsgr. 38. gr. í frumvarpi alþingis, verða eigi neinir kjörseðlar til, sem fyrir fram sjeu úrskurðaðir ógildir — sem og í rauninni mun hið rjetta —, en þá verða það aðeins tvenns konar seðlar, auk þeirra sem lagðir hafa verið í atkvæðakassann, sem sendast eiga yfirkjörstjórn, sem sje þeir sem kjósandi sjálfur hefur ónýtt (39. gr.), og afgangsseðlar. Af þessu leiðir, að sleppt er hjer úr 2. hluta greinarinnar ákvæðinu í frumvarpi alþingis um, að senda skuli til yfirkjörstjórnar seðla, sem ógildir eru, og ennfremur gjörðar þær breytingar, er af þessu leiða, á ákvæðum 22. gr. um tölu og merking umslaganna.

Um 45. gr.

Samhljóða 45. gr. í frumvarpi alþingis að öðru leyti en því, að leiðrjett er prentvilla, sem komizt hefði inn í greinina, og að gjörðar eru nokkrar orðabreytingar, er leiða af breytingunum á 38. og 42. gr.

Um 51. gr.

Samhljóða 51. gr. í frumvarpi alþingis að öðru leyti en því, að orðinu „lögboðnum“ er breytt í „ákveðnum“, af því að dagur þessi verður ekki ávallt kallaður lögboðinn.

Um 53. gr.

Samhljóða 53. gr. í frumvarpi alþingis að undanskilinni orðabreyting í síðari málsgrein.

Um 54. og 55. gr.

Það hefur þótt rjettast að nefna uppkosning berum orðum bæði í 54. grein og í fyrirsögninni fyrir 11. kafla frumvarpsins meðal þeirra atvika, sem ákvæði hennar eiga við.

Auk þess er bætt nýju ákvæði við þessa grein um það, fyrir hve langan tíma aukakosning skuli gilda, sbr. 25. gr.

Loks er í yfirskript 11. kafla og byrjun 55. gr. orðunum „kosningar til aukaþings“ breytt í „kosningar eptir þingrof“, þar sem eigi þarf aukaþing að fara eptir þingrof.

Um 57. gr.

Af því að stjórnarráðinu þykir miklu eðlilegra, að ákvæðin um dagpeninga alþingismanna o. s. frv. sjeu sett í þessi lög, en í væntanleg ný lög um skipum kjördæma, hafa ákvæðin í 37. gr. hinna gildandi kosningalaga verið sett hjer sem ný gr., hin 57.

Um 59. gr.

Samhljóða 58. gr. í frumvarpi alþingis, með þessum breytingum:

Í 1. málsgrein er orðinu „hreppsnefnd“ breytt í „bæjarstjórn eða hreppsnefnd“, og samsvarandi breyting gjörð á 2. málsgrein.

Í 2. málsgrein er ennfremur farið fram á að láta landshöfðingja úrskurða sektir, því hent getur, að hlutaðeigandi dómari sje sjálfur hinn seki.

Um 60. gr.

Samhljóða 59. gr. í frumvarpi alþingis, að ákvæðunum um missi atkvæðisrjettar slepptum.

Um 61. gr.

Þessi ákvæði, sem mun mega telja góða viðbót við hin ákvæði frumvarpsins um að tryggja heimulega atkvæðagreiðslu, eru tekin eptir kosningalögum konungsríkisins, 92. gr. B.

Um 64. gr.

Sbr. 62. gr. frumvarps alþingis og athugasemdirnar við 57. gr. hjer á undan.

Um ákvæðin um stundarsakir.

Á líkan hátt og ákveðið var í frumvarpi alþingis er hjer farið fram á, að lagafrumvarp þetta öðlist gildi á venjulegan hátt, þó þannig, að nota skuli kjörskrár þær, sem samdar eru samkvæmt núgildandi lögum, ef kosningar fara fram fyrir 1. júlí 1904. Skal sjerstaklega tekið fram, að eigi hefur þótt næg ástæða til að setja lögleiðing lagafrumvarpsins í neitt samband við löggilding á nýrri kjördæmaskipun, og ekki hefur heldur þótt nægileg ástæða til að fresta því að láta lögin öðlast gildi þangað til næstu almennar kosningar fara fram; með því mundi einkum loku skotið fyrir, að lögunum yrði beitt við kosning hinna nýju þingmanna, sem fram verða að fara, ef stjórnarskipunarlagafrumvarp það, sem liggur fyrir þinginu, nær staðfestingu.

Annars er viðvíkjandi þessum kosningum eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að af hinum 4 nýju alþingismönnum skuli — þangað til ný kjördæmaskipun er komin á — 2 kosnir af Reykjavíkurkaupstað og 1 af hvorum kaupstaðanna Ísafirði og Akureyri.

Frumvarp til laga

um

breyting á 3. gr. laga 2. nóv. 1885 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

---

200 króna gjald það, sem greiða skal frá Prestbakkaprestakalli í Strandaprófastdæmi samkvæmt 3. gr. laga 2. nóv. 1885, fellur burt frá fardögum 1901.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 3. gr. laga 2. nóv. 1885 var ákveðið, að Óspakseyrarsókn, sem samkvæmt lögum 27. febr. 1880 heyrði til Prestbakkaprestakalli í Strandaprófastsdæmi, skyldi að 4 bæjum undanskildum tekin frá tjeðu prestakalli og leggjast til nágrannapresta kallsins Tröllatungu; jafnframt var nágrannaprestakallið hinumegin, Staður í Húnavatnsprófastsdæmi, lagt niður og Staðarsókn lögð til Prestbakka; frá Prestbakkaprestakalli átti svo eptir breytinguna að greiða 200 kr. árgjald til landssjóðs. Í frumvarpi því til laganna 2. nóv. 1885, er stjórnin lagði fyrir alþingi, var ekki gjört ráð fyrir, að frá Prestbakkaprestakalli skyldi eptir breytinguna greiða neitt gjald til landssjóðs, en ákvæðið um það var samþykkt á alþingi við 2. umræðu í efri deild með 6 atkvæðum gegn 5 eptir breytingartillögu frá 3 þingmönnum, og sjest það á umræðunum, að breytingartillaga þessi var byggð á þeirri skoðun eða áætlun, að tekjur Prestbakkaprestakalls myndu eptir breytinguna nema um 1540 kr., og gæti því vel borið 200 kr. afborgun, með því að presturinn samt sem áður myndi hafa um 1340 kr. í tekjur. Reynzlan hefur nú sýnt, að þessi útreikningur hefur verið gjörsamlega skakkur, því samkvæmt hinu endurskoðaða brauðamati, er staðfest er af konungi 24. febr. 1900, eru tekjur prestakalls þessa aðeins 1226 kr. 54 a., og að gjaldinu til landssjóðs frádregnu 1026 kr. 54 a.

Ákvæðið í optnefndum lögum 2. nóv. 1885, 3. gr. um 200 kr. árgjald frá Prestbakkaprestakalli, kom nú ekki til framkvæmda, svo lengi sem prestur sá sat í brauðinu, er þar var skipaður 1880, en er hann hafði fengið annað prestakall, frá fardögum 1901, og Prestbakkaprestakall hafði verið veitt öðrum presti, kom spurningin fram um ósanngirnina í afborguninni, og á alþingi 1901 var af þingmanna hálfu borið upp lagafrumvarp um afnám afborgunarinnar, sem hlutaðeigandi prófastur og stiptsyfirvöldin höfðu gefið beztu meðmæli. Frumvarpið var samþykkt í efri deild með 9 samhljóða atkvæðum, en fellt í neðri deild umræðulaust. En sökum þess að hlutaðeigandi prestur hefur reynzt að eiga ómögulegt með að inna af hendi hina lögákveðnu afborgun, hafa stiptsyfirvöldin nú farið fram á og landshöfðingi mælt með, að stjórnin legði fyrir alþingi frumvarp til laga um afnám hennar.

Það verður nú ekki heldur betur sjeð, en að full ástæða sje til að fella afborgun þessa burt sem ósanngjarna og lögum ósamkvæma. Bæði er hún upphaflega samþykkt eptir skakkri áætlun, og eins kemur hún alveg í bága við þá grundvallarreglu, sem annars er fylgt í lögum, að tekjur prestakalla skuli eigi rýra svo með lögboðnum greiðslum, að þær fari niður úr 1200 kr., sbr. lög um eptirlaun presta 27. febr. 1880, 6. gr. og lög um eptirlaun prestekkna 3. okt. 1884, 2. gr., eins og þeim er breytt með lögum 13. des. 1895; það verður og að telja sem viðurkenning á þessari grundvallarreglu, að á fjárlögunum, 13. gr. A. b. 6, er Reynistaðarprestakalli, — sem gjalda á 300 kr. frá samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, en hefur að afborgun frádregnri ekki nema 1198 kr. 19 a. í tekjur samkvæmt framangreindu brauðamati 24. febr. 1900 —, veitt bráðabirgðauppbót úr landssjóði, er jafngildir hinni lögboðnu afborgun.

Það virðist rjett, að afborgunin frá Prestbakkaprestakalli falli burt frá þeim tíma, er ákvæðið um greiðslu hennar átti að koma til framkvæmda, sem sje frá fardögum 1901.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

Reykjavíkur læknishjeraði skal frá 1. janúar 1904 skipt í tvö læknishjeruð, sem sje:

1. Reykjavíkur hjerað, er nær yfir Reykjavíkurkaupstað og Seltjarnarnesið sjálft, með Engey og Viðey, inn að Elliðaám og Fossvogi, og
2. Hafnarfjarðar hjerað, er nær yfir hinn hluta Seltjarnarneshrepps, Bessastaðahrepp, Garðahrepp og Mosfellshrepp.

Reykjavíkur hjerað telst til 1. flokks læknishjeraða, og Hafnarfjarðar hjerað til 3. flokks, sbr. 1. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjeraðslæknirinn í Reykjavíkur hjeraði, Guðmundur Björnsson hefur, í brjefi til landshöfðingjans, sem alþingi verður veitt færi á að kynna sjer, lagt það til, að Reykjavíkurhjeraði verði skipt í tvö læknishjeruð. Hjeraðslæknirinn hefur fært þær ástæður fyrir þessari tillögu sinni, sem landlæknirinn hefur fallizt á, að hin mikla fólksfjölgun í hjeraði hans á síðustu árum hafi gjört það ókleyft fyrir einn lækni að gegna öllum skyldustörfum embættisins, þar sem til þeirra telst, auk læknisþjónustu íbúanna, um 9500 manns, kennslustörf við læknaskólann, og þar hefur hjeraðslæknirinn 8 kennslustundir á viku. Þegar svo þar við bætist, að læknisstörfin utan Reykjavíkur taka mikinn tíma og fara í vöxt, sjerstaklega í Hafnarfirði, verður erfitt fyrir hjeraðslæknirinn að rækja öll störf embættisins á fullnægjandi hátt.

Landshöfðingi hefur fallizt á ástæður þær, er hjeraðslæknirinn færir til í brjefi sínu, og lagt það til, að hjeraðinu verði skipt eins og hann fer fram á. Stjórnarráðið verður einnig að telja það mjög óheppilegt, ef annríki hjeraðslæknisins við læknisstörf kæmu í bága við kennslu hans á læknaskólanum, og ennfremur — eins og landshöfðingi einnig hefur tekið sjerstaklega fram — að telja skipting hjeraðsins einkar heppilepa vegna Hafnarfjarðar, sem er í töluverðum uppgangi, og þar sem koma svo mörg erlend skip, einkum fiskiskip, að það væri mjög æskilegt að læknir væri skipaður þar, þó ekki væri nema vegna eptirlitsins með sóttvörnum.

Stjórnarráðinu hefur því þótt rjett að fara að tillögum hjeraðslæknis og fara fram á, að læknishjeraðinu verði skipt eins og hann hefur lagt til, þannig, að hið nýja Hafnarfjarðarhjerað teljist til 3. flokks læknishjeraða. Af breytingunni mun þá leiða 1500 kr. árleg útgjöld fyrir landssjóð.

Frumvarp til laga

um

breyting á gildandi ákvæðum um dómsmála og aðrar almennnings-auglýsingar.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

Dómsmála og aðrar almennings-auglýsingar, er birta á samkvæmt núgildandi ákvæðum í „Berlingatíðindum", skal frá 1. apríl 1904 í stað þess birta í Ríkistíðindunum („Statstidenden").

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum fyrir konungsríkið frá 23. jan. þ. á., sem öðlast gildi 1. apríl 1904, er ákveðið að stjórnin skuli annast um að útgefin verði Ríkistíðindi, er birta skal í þær dómsmála og aðrar almennings-auglýsingar, er samkvæmt núgildandi lögum á að birta í Berlingatíðindum og blöðum þeim utan Kaupmannahafnar, er til þess eru löggilt með konunglegu leyfisbrjefi, jafnframt er stjórninni gefin heimild til að láta prenta það í Ríkistíðindunum, er henni þykir ástæða til að birta almenningi.

Með því að telja verður óhagkvæmt eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi að halda ákvæðum þeim, er gilda á Íslandi, um að þess konar birtingar skuli í vissum tilfellum setja í Berlingatíðindi auk blaðs þess á Íslandi, sem til þess er löggilt, sbr. op.br. 27. maí 1859 um breyting á reglum þeim, er þá giltu á Íslandi um þetta efni, gjörði stjórnarráð Íslands fyrirspurn til stjórnarráðs innanríkismálanna um það, hvort búast mætti við, að þess konar auglýsingum frá Íslandi yrði veitt móttaka í Ríkistíðindunum, ef ákvæði í þá átt væru sett í íslenzk lög.

Stjórnarráð innanríkismálanna svaraði þessari spurningu játandi, og er hjer því farið fram á, að hinum núgildandi ákvæðum sje breytt þannig, að allsstaðar þar sem fyrirskipuð er nú birting þess konar auglýsingar í Berlingatíðindum, skuli í þess stað frá 1. apríl 1904 koma birting í Ríkistíðindunum.

Frumvarp til laga

um

líkskoðun.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

---

1. gr.

Ekki má loka kistu yfir líki nje jarðsetja það, nje — nema um sjórekin lík sje að ræða — flytja það burtu langan veg, áður líkskoðun hefur farið fram og dánarvottorð gefið verið samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sjer stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt

sje vakað yfir því, nje heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sje áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefur á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sje prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sje grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð hefur gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aptur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

2. gr.

Sje löggiltur læknir eigi búsettur lengra en 1 mílu frá þeim stað, er líkskoðun skal fram fara, þá skal hann lík skoða, en ef lengra er frá bústað læknis, skulu það gjöra 2 líkskoðunarmenn, nema vandamenn hins framliðna eða aðrir rjettir hlutaðeigendur vilji heldur kalla lækni til, eða lögreglustjóri skipar, að svo skuli vera. Hjeraðslæknar eru skyldir til líksskoðunar allsstaðar í umdæmum sínum, ef lögreglustjóri kveður þá til þessa, eða vandamenn hins framliðna eða aðrir, er hlut eiga að máli. Í forföllum hjeraðslæknis hvílir hin sama skylda á hverjum löggiltum lækni, er búsettur er í hjeraðinu.

3. gr.

Í hverjum þeim hrepp, þar sem líkskoðunarmenn skulu vera eptir ákvæðinu í 2. gr., eða, ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því umdæmi, sem hreppnum að þessu leyti er skipt af lögreglustjóra eptir uppástungu hreppsnefndar, skulu vera tveir líkskoðunarmenn og auk þess einn eða tveir varalíkskoðunarmenn, er komið geti í hinna stað, þá er þeir hafa lögleg forföll. Utan Reykjavíkur skal og nefna tvo menn til þess að halda líkskoðun í löglegum forföllum hlutaðeigandi læknis á þeim stöðum, þar sem honum samkvæmt 2. gr. er skylt að skoða líkin sjálfur. Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varalíkskoðunarmenn eptir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sjer þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til þess að biðja sjer lausnar, og metur lögreglustjóri þessar ástæður.

4. gr.

Eptir að líkskoðun hefur fram farið, gefur sá eða þeir, er hana hafa framkvæmt, út dánarvottorð. Vottorðið skal samið á þann hátt, er landshöfðingi skipar fyrir um, á prentuðum eyðublöðum, sem í því skyni skulu gefin út.

Þá er líkskoðunarmenn skulu líkskoðun halda, má hún eigi fram fara fyr, en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því aðeins að ótvíræð merki til rotnunar hafi sýnt sig áður. Undantekning frá þessari reglu má aðeins gjöra samkvæmt lögum þeim, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir, svo og í þeim tilfellum, er landshöfðingi til tekur nákvæmar.

5. gr.

Landshöfðingi lætur semja leiðbeiningu handa líkskoðunarmönnum, er lýsir hinum helztu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um, hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum til hvers líkskoðunar-

manns, þá er hann er skipaður. Ef hin skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sjer til hjeraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

6 gr.

Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sje að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefur látið í ljósi, að ekkert sje því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefur fyrir farið sjálfum sjer, og eins þegar lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endranær er hafin hefur verið rannsókn út úr mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en það hefur verið skoðað af hálfu lögreglustjórnarinnar, ef nauðsyn krefur með lækni, er hún hefur til þess kvaddan, og eigi fyr en lögreglustjóri hefur ritað á dánarvottorð það, sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sje neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að það sé grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari, leyfa að líkið sje grafið, þó svo, að það sje eigi gjört fyr en 6 dagar eru liðnir frá því að slysið vildi til eða líkið fannst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unnt hefur verið og gefið út dánarvottorð.

Að öðru leyti er það auðsætt, að svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða, er fyrir hendi eru, svo sem láta sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eptir 201. gr. almennra hegningarlaga handa Íslandi.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sje svo vaxið að þyngri refsing sje við lögð. Mál út af brotum þeim, er aðeins sæta refsingu eptir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð skal greiða lækni 2 kr. Sömu borgun fá líkskoðunarmenn til jafnra skipta. Ef tómthúsmenn, daglaunamenn, hjú eða aðrir í líkri stöðu eiga að greiða borgunina eða vandamenn þeirra, skal að eins greiða hálfa borgun.

Þá er læknir heldur líkskoðun, skal hann ætíð hafa fararbeina ókeypis og dagpeninga samkvæmt 6. gr. í lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. Enga borgun skal greiða fyrir vottorð um að barn sje andvana fætt, er læknir sá gefur, er sóttur hefur verið til sængurkonunnar.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnunum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

9 gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Athugasemdir við lagfrumvarp þetta.

Eins og sagt er í athugasemdunum við lagafrumvarp það um varnir gegn berklaveiki, sem lagt er nú fyrir þingið, mun mega telja lagaákvæði um líkskoðun eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að hægt verði að beita ákvæðum um sótthreinsun eptir dána menn berklaveika. Sumpart af þessari ástæðu, og sumpart af því að læknar eru nú orðnir svo margir, að skortur á þeim verður eigi framar talinn til fyrirstöðu fyrir lögum um líkskoðun, en það mun meðal annars hafa valdið því, að alþingi hefur hingað til eigi viljað aðhyllast lög um þetta efni, leggur stjórnarráðið lagafrumvarp þetta fyrir þingið, og er það í öllum aðalatriðum samhljóða lagafrumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1893. Skal því vísað til athugasemdanna við lagafrumvarp það (alþingistíðindi 1893 C. bls. 82—84) og til athugasemda við lagafrumvarp um líkskoðun, er lagt var fyrir alþingi 1891 (alþingistíðindi 1891 C. bls. 112—13). Frumvarp þetta er að því einu leyti frábrugðið frumvarpinu frá 1893, að í 2. gr. er gjörð orðabreyting, sem er bein afleiðing af lögunum 13. okt. 1899 um skipun læknishjeraða o. fl., og ennfremur í síðustu málsgrein sömu greinar farið fram á að skylda sú, er þar getur um, skuli hvíla á hverjum löggiltum lækni í forföllum hjeraðslæknis. Loks hefur þótt rjettast í 8. gr. að vísa til ákvæðanna í lögum 13. okt. 1899 viðvíkjandi rjetti lækna til ókeypis fararbeina og dagpeninga.

Frumvarp til laga

um

heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög.

(Lagt fyrir alþingi 1903.)

---

1. gr.

Bæði fyrir kaupstaðar- og hreppafjelög á Íslandi má gjöra heilbrigðissamþykktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn með ráði hjeraðslæknis frumvarp til samþykktar og sendir það landshöfðingja, er ber það undir landlækni, og staðfestir það svo eða synjar því staðfestingar.

Fyrir hreppana gjörir hreppsnefnd, hvort sem samþykkt skal gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, tillögu til sýslunefndar um, að henni verði komið á; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþykktar með ráði hjeraðslæknis. Frumvarpið

skal sent amtmanni, er ber það undir landlækni og leggur það síðan fyrir amtsráðið, er staðfestir það eða hafnar því.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá hlutaðeigandi stjórnarvald málið af nýju fyrir þá bæjarstjórn eða sýslunefnd, er samdi frumvarpið, ásamt leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gjöra, til þess frumvarpið geti öðlazt staðfesting.

2. gr.

Í heilbrigðisnefnd sitja í kaupstöðum bæjarfógeti, sem er formaður, hjeraðslæknir og einn bæjarfulltrúa, er bæjarstjórnin kýs til þess, og í hreppum, þar sem heilbrigðissamþykkt er komin á, hreppstjóri eða sýslumaður, ef hann býr í hreppnum, sem formaður, einn maður kosinn af hreppsnefnd og annar, er sýslunefnd til nefnir af íbúum hreppsins; skulu þessar nefndir sjá um, að heilbrigðissamþykktum sje fylgt.

Þar sem hjeraðslæknir situr ekki í heilbrigðisnefnd, skal honum heimilt, ef hann æskir þess, að taka þátt í umræðum nefndarinnar án þess þó að hafa atkvæðisrjett, og skal, ef þess er æskt í tækan tíma, senda honum skeyti um stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar.

3. gr.

Staðfestar heilbrigðissamþykktir skal prenta á kostnað hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og birta í B-deild stjórnartíðindanna.

4. gr.

Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipun heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, má í henni ákveða sektir, allt að 200 kr., er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur fyrir skipað samkvæmt heilbrigðissamþykkt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda, og greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gjörist, með lögtaki.

5. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykktum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög 13. sept. 1901 um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi og síðari málsliður 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872 eru úr gildi felld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í áliti því, sem samið var af nefnd, er neðri deild alþingis 1902 fól að hugleiða ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar á Íslandi, er farið fram á, að lög

13. sept. 1901 um heimild til að gjöra heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum sjeu rýmkuð á þann hátt, að hægt sje að gera þess konar samþykktir í öllum sveitum landsins.

Með því að stjórninni hefur þótt ástæða til að verða við þessum óskum, hefur lagafrumvarp þetta verið samið með ráði landshöfðingja, og hefur þótt eptir atvikum haganlegra að semja alveg nýtt frumvarp og láta það koma í stað laganna frá 13. sept. 1901, heldur en að semja viðaukalög við þau.

Um hin einstöku ákvæði þess skal getið þessa:

Um 1. gr.

Þessi ákvæði eru samhljóða 1. gr. nefndra laga með þeirri breyting, að gjöra má heilbrigðissamþykktir fyrir öll bæjar- og sveitarfjelög, og er farið fram á, að heilbrigðissamþykktir til sveita verði samdar á sama hátt og lögin fyrir skipa í kauptúnum og sjóþorpum.

Um 2. gr.

Þessi ákvæði samsvara 2. gr. í lögunum frá 13. sept. 1901 með þeim breytingum, sem leiða af því, að frumvarp þetta er víðtækara. Þó er þar að auki farið fram á, að heilbrigðisnefndir verði aðeins í þeim bæjar- og sveitarfjelögum, þar sem heilbrigðissamþykkt er komin á, og svo er jafnframt breytt ákvæðunum um stöðu hjeraðslæknis gagnvart heilbrigðisnefndum utan kaupstaða. Samkvæmt optnefndum lögum hefur hjeraðslæknir þar yfirumsjón með heilbrigðismálum, en ákvæði þetta er annars vegar óljóst og getur því valdið þrefi um valdsvið manna, og hins vegar miður vel til fallið, sjerstaklega þegar sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar, ef í yfirumsjón á annað borð á að vera falið meira en tillögurjettur gagnvart nefndinni. Í stað þessara ákvæða er því farið fram á, að þegar hjeraðslæknir situr ekki í heilbrigðisnefnd, skuli honum heimilt að taka þátt í fundum hennar og eiga rjett á að krefjast þess, að honum sjeu boðaðir þeir.

Um 3. gr.

Samhljóða 3. gr. í lögunum frá 1901.

Um 4. gr.

Hjer er lagt til að ákveða með berum orðum, að í samþykktum megi hafa sektarákvæði einnig fyrir þá, er óhlýðnast skipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, svo og, að nefndin megi láta vinna verk það, er hún hefur skipað samkvæmt samþykktinni, á kostnað þess, er vinna á, ef hann lætur það ógjört, eins og þingnefndin hefur farið fram á í áliti sínu.

Um 5. og 6. gr.

Við þessi ákvæði er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Frumvarp til laga

um

varnir gegn berklaveiki.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

---

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra sjúkdóma af berklaveikis uppruna, ef samfara er útferð, sem ætla má að sýkingarhætta standi af fyrir aðra.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika sjúklinga, er leita læknishjálpar í hjeröðum þeirra, hvort sem þeir leita þeirra sjálfra eða annara löggiltra lækna. Hinir síðartöldu eru skyldir að senda hjeraðslækni skýrslu um hvern berklaveikan mann, er þeir veita læknishjálp.

Um hver áramót skulu hjeraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag bæði á henni og á skýrslum hjeraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er leita til þeirra, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim, hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

4. gr.

Þegar einhver deyr úr berklaveiki, og hjeraðslæknir heldur ekki sjálfur lík skoðun, skal læknir sá, er það gjörir, tilkynna hjeraðslækni látið svo fljótt sem auðið er. Ef líkskoðunarmenn halda líkskoðun og telja eða gizka á, að dauðameinið hafi verið berklaveiki, hvílir sama tilkynningarskylda á þeim.

Ef hjeraðslæknir á þenna eða annan hátt fær vitneskju um, að berklaveikur sjúklingur sje dáinn, eða að þess konar sjúklingur hafi skipt um heimili, skal hann þegar í stað, að svo miklu leyti, sem honum þykir þurfa, fyrir skipa og annast sótthreinsun þeirra herbergja, er sjúklingurinn hefur dvalið í langvistum, svo og á eptirlátnum fötum og sængurfatnaði hans. Þessa muni má eigi senda í þvott eða aðgjörð, selja, gefa eða lána öðrum, fyr en þeir hafa verið sótthreinsaðir, og ekki má fá öðrum til íbúðar herbergi, sem berklaveikur maður hefur búið í, fyr en það hefur verið sótthreinsað.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur hjeraðslæknir látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

5. gr.

Kostnaður af sótthreinsunum og ónýtingu lausra muna samkvæmt 4. gr., svo og af að útvega bækur þær, er getur um í 2. gr., greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 2 til 50 kr. og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi 1902 skoraði í tveim þingsályktunum á stjórnina að gjöra ýmsar ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar á Íslandi, hefur stjórnarráðið því sjeð um, að samin hefur verið lýsing á berklaveikinni og á varúðarreglum gegn henni, og útbýtt ókeypis meðal almennings, svo og að prentaðar hafa verið helztu varúðarreglur gegn sjúkdómnum, til þess að hengja upp á opinberum stöðum og þar sem fjölkvæmt er.

Aptur á móti hefur stjórnarráðið eigi sjeð sjer fært að verða við þeirri ósk sem látin er í ljósi í þingsályktunum þessum, að hjeraðslæknum yrði skipað að grennslast eptir útbreiðslu berklaveikinnar í hjeruðum sínum og senda landlækni skýrslu fyrir 1. júní 1903 um, hve margir berklaveikir sjeu þar og á hve háu stigi. Stjórnarráðið hefur sem sje orðið að telja efasamt, hvort hægt væri á jafn stuttum tíma, og enda þótt hann væri talsvert lengri, að fá framkvæmda rannsókn af hendi hjeraðslækna á öllum landsbúum í þessu efni, að minnsta kosti yrði þá í öllu falli að láta þá takast sjerstakar ferðir og rannsóknir á hendur í þessu skyni, en þær myndu samkvæmt gildandi lögum verða æði dýrar landssjóði, auk þess sem óvíst væri nema menn færðust undan þessum rannsóknum. Með því að landlæknir hefur alveg fallizt á þetta, hefur stjórnarráðinu þótt rjettast að gjöra ekki frekari ráðstafanir sem stendur í þessu efni, en að setja í lagafrumvarp þetta um varnir gegn berklaveiki, ákvæði, sem miða til þess að útvega smátt og smátt þær skýrslur um útbreiðslu veikinnar, er þingið hefur beðið um.

Stjórnarráðið hefur sem sje alveg getað fallizt á þá skoðun, sem látin er í ljósi í tjeðum þingsályktunum, að þörf sje á að fá lög um varnir gegn þessum sjúkdómi. Það beiddi því landshöfðingja að semja með ráði landlæknis uppkast til slíkra laga.

Frá landshöfðingja hefur svo komið lagauppkast, sem landlæknir og Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson hafa samið í sameiningu, og hefur hann tjáð sig því samþykkan; því fylgja bæði athugasemdir og ýmsar skýrslur og athuganir viðvíkjandi útbreiðslu berklaveikinnar og vörnum gegn henni, allt samið af Guðmundi hjeraðslækni Björnssyni. Verður alþingi gefið færi á að kynna sjer öll þessi skjöl.

Stjórnarráðið hefur síðan samið lagafrumvarp þetta, aðallega með tjeðu lagauppkasti sem undirstöðu, og hefur Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson í erindi sínu og athugasemdum sínum við uppkastið gjört nákvæmlega grein fyrir aðalstefnu þess og takmörkun. Stjórnarráðið verður að vera á sömu skoðun og hann lætur þar í ljósi, að lagafrumvarp um þetta efni verði að takmarka svo, að í það sjeu aðeins sett ákvæði um mótvarnir gegn útbreiðslu sjúkdómsins, þegar ekki eru föng á að gera ráðstafanir til að bæla hann niður beinlínis með því að reisa lækningastofnanir. Til fyrirmyndar fyrir ákvæðum þessum eru tekin aðallega norsku lögin frá 8. maí 1900 um sjerstaklegar ráðstafanir gegn berklasjúkdómum. En hjá því hefur eigi orðið komizt að sleppa mörgum þýðingarmiklum ákvæðum þar, sjerstaklega þeim reglum, sem miðuð eru við það, að til sjeu mörg opinber sjúkrahús, og ennfremur hefur verið breytt dálítið

þeim ákvæðum, sem landlæknir og Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson hafa haldið úr norsku lögunum, einkanlega vegna þess að stjórnarráðinn hefur þótt rjettast — eins og líka Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson hefur stungið upp á —, að reynt sje að koma á sjerstökum lögum um líkskoðun, eins og farið hefur verið fram á áður, en alþingi hefur ekki viljað fallazt á, því lög um það verður að telja allþýðingarmikil, til þess að hægt verði að fram fylgja ákvæðunum um sótthreinsun eptir sjúklinga, sem dáið hafa úr berklaveiki, sem eru ein af aðalákvæðum lagafrumvarps þessa. Nokkrum ákvæðum, sem þykja eiga við ástandið á Íslandi, hefur ennfremur verið bætt inn í frumvarpið úr færeysku berklaveikislögunum frá 26. marz 1898.

Loks eru þau ákvæði uppkastsins ekki tekin í frumvarpið, er gáfu sóttvarnarnefndum heimild til að fyrir skipa ýmsar heilbrigðisráðstafanir, því stjórnarráðið álítur, að þau ákvæði og eins sjerstakleg ákvæði um berklaveik skólabörn og kennara, eigi heima í heilbrigðissamþykktum þeim fyrir hvert byggðarlag, sem í öðru lagafrumvarpi, sem samtímis verður lagt fyrir þingið, er farið fram á heimild til að gjöra í öllum bæjar- og sveitarfjelögum á Íslandi.

Annars skal um hin einstöku ákvæði getið þessa:

Um 1. gr.

Hún er tekin eptir norsku lögunum, sem gagnstætt bæði dönsku og færeysku lögunum láta ákvæði sín aðeins ná til þeirra berklasjúkdóma, er útferð hafa, er ætla má að sótthætta stafi af.

Um 2. gr.

Þessi ákvæði eru eins og hin undanfarandi tekin eptir uppkasti landlæknis og Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, og miða þau meðal annars til þess að útvega framangreindar skýrslur; þó er bætt við ákvæði um, að skýrsluskyldan hvíli einnig á öðrum læknum en hjeraðslæknum.

Um 3. gr.

Þessi ákvæði, sem eru samhljóða uppkasti læknanna, leggja ekki neinar nýjar skyldur á lækna, en það hefur þó þótt ástæða til að brýna þessar skyldur sjerstaklega fyrir þeim eins og hjer stendur á.

Um 4. gr.

Þessi ákvæði eru að ýmsu leyti frábrugðin þeim, sem læknarnir fara fram á, sumpart vegna þess að ætlazt er til, eins og áður segir, að samtímis verði settar reglur um líkskoðun með sjerstökum lögum, og sumpart hefur hjer verið farið eptir færeysku berklaveikislögunum. Stjórnarráðið verður sem sje að vera á þeirri skoðun, að tillaga læknanna um tilkynningarskyldu húsbænda mundi varla koma að tilætluðum notum. Því stundum mundi enginn húsbóndi vera, og opt mundi hann ókunnugur um eðli sjúkdómsins, og þó hann þekki sjúkdóminn, yrði ekki sjeð um að ákvæðunum sje hlýtt, nema þegar hjeraðslæknir einnig veit að maðurinn er berklaveikur. Stjórnarráðinn þykir því varhugavert að fyrir skipa reglur, sem mjög er óvíst um að fylgt yrði, og fer því næst fram á, að þegar maður hefur skipt um heimili, skuli sótthreinsun aðeins þá fyrir skipuð, er hjeraðslæknir hefur fengið vitneskju um, að hlutaðeigandi er berklaveikur, og álítur sótthreinsun nauðsynlega. Þegar maður deyr úr berklaveiki, verða engin vandkvæði í þessu efni, ef ákvæðin um líkskoðun öðlast gildi.

Síðasti hluti greinarinnar er loks tekinn eptir samsvarandi ákvæðum í 2. málsgr. 8. gr. í lögum 13. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Um 5. gr.

Það virðist rjettast, að öll útgjöld við sótthreinsanir o. fl. samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, og munu þau ekki verða mjög tilfinnanleg fyrir hann.

Um 6. gr.

Við ákvæði þau, sem hjer er farið fram á, er ekki neitt sjerstaklegt að athuga.

Um 7. gr.

Af því að lög þessi ættu að öðlast gildi um leið og væntanleg lög um líkskoðun, mun ekki vera hægt að láta þau ganga í gildi fyr en 1. júlí 1904.

Frumvarp til laga

um

verzlanaskrár, firma og prókúru.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

Fyrsti þáttur.

Verzlanaskrár.

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi á Íslandi skal lögreglustjóri halda verzlanaskrá, og skal bóka þar tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum að setja á skrár þessar.

2. gr.

Tilkynning til innritunar á verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriptir þeirra staðfestar af nótaríus.

3. gr.

Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá.

Ef verustaður er til greindur, skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er svo leggur úrskurð á það, án þess það þó skerði rjett hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

4. gr.

Valdsmaður sá, sem heldur verzlanaskrá, skal á kostnað tilkynnanda láta tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefur verið innrituð á skrána, í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennings-auglýsingar á Íslandi. Ef eigi er öðruvísi ákveðið í

lögunum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl þau, er fylgdu henni.

Stjórnin sjer um, að birt sje í hver árslok í B-deild stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á því ári.

5. gr.

Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um, hvernig verzlanaskrár skuli haldnar.

6. gr.

Nú telur einhver, að tilkynning, sem innrituð er á verzlanaskrá, sje honum til skaða, og eiga dómstólar þá að fella úrskurð um afmáun tilkynningarinnar.

7. gr.

Það, sem samkvæmt lögum þessum hefur skrásett verið og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið á vitorði annara nema ástæða sje til eptir atvikum að álíta, að þeir hvorki hafi haft vitneskju um það nje til þess ætlazt af þeim.

Nú hefur svofelld birting eigi fram farið, og verður þá það, er tilkynnt hefur verið eða tilkynna átti, eigi gjört gildandi gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um það.

Annar þáttur.

Firma.

8. gr.

Hver sá, sem rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, er háður eptirfarandi ákvæðum að því er viðvíkur nafni því, er hann rekur umsýsluna undir og undirskript í hennar þarfir (firma).

9. gr.

Firma einstaks manns skal vera fullt nafn hans, þó má skammstafa fornafnið. Í því má eigi vera neitt, sem bendir til fjelagsskapar eða ábyrgðartakmörkunar.

Firma fjelags með fullri ábyrgð skal, þegar nöfn allra fjelaganna eru ekki sett í það, vera að minnsta kosti nafn eins fjelaga með viðbót, sem bendir til fjelagsskapar.

Firma innskotsfjelags skal vera að minnsta kosti nafn eins fjelaga með fullri ábyrgð með viðbót, sem bendir til fjelagsskapar eða, ef innskot innskjótenda er í hlutabrjefum, til greinir, að fjelagið sje innskotshlutafjelag. Í firma fjelags með fullri ábyrgð og innskotsfjelags má eigi setja nöfn annara manna en fjelaga með fullri ábyrgð, eða neitt, sem miðar að því að takmarka ábyrgð fjelagsmanna þeirra, er fulla ábyrgð hafa.

Firma hlutafjelags skal til greina, að fjelagið sje hlutafjelag.

Í firma annara fjelaga með takmarkaðri ábyrgð skal standa eitthvað orð, sem merkir starfsemi fjelagsins; í slíku firma má eigi vera neitt mannsnafn.

10. gr.

Enginn má í firma sínu hafa heimildarlaust nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns. Í firma má eigi til greina fyrirtæki, er standa ekki í sambandi við umsýsluna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er til greinir ákveðna atvinnugrein, ef breytt hefur verið um hana í aðalatriðum.

Firmu þau er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glöggt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu í, skal því, ef samhljóðandi firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstaði eða hreppi, aðgreina firma sitt glöggt frá hinu eldra annaðhvort með viðbót við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi sendir firmatilkynning, en ætlar að reka umsýslu undir sínu eigin nafni, sbr. 16. gr., má ekki af ásettu ráði stæla skrásett firmu, sem hafa sama nafn inni að halda, með því að bæta við, sleppa úr eða breyta heiti sínu, eins og það hingað til hefur verið.

11. gr.

Ekkja, sem heldur áfram umsýslu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram umsýslu þeirri, sem kona hans hefur rekið áður eða eptir að þau giptust, má halda firmanu óbreyttu. Sama rjett hafa erfingjar, er halda áfram umsýslu hins látna með fullri ábyrgð sjálfra þeirra, ef hinn látni hefur leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir og hinn látni hefur ekki gjört aðra ráðstöfun.

12. gr.

Ef maður verður fjelagi í umsýslu, sem einstakur maður, fjelag með fullri ábyrgð eða innskotsfjelag hefur rekið hingað til, má halda firmanu óbreyttu eptir sem áður. Hið sama er, ef maður fer úr fjelagi með fullri ábyrgð eða innskotsfjelagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða ef hann er látinn og hefur eigi gjört aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

13. gr.

Þegar öðruvísi stendur á en nú er sagt, getur afsal til annars á firma eigi átt sjer stað. Þó skal heimilt, þegar umsýslur þær, sem getur um í 12. gr., afsalast einstökum manni, fjelagi með fullri ábyrgð eða innskotsfjelagi, að semja svo um, að hinn nýi hafandi megi halda firmanu óbreyttu með viðbót, sem gefur til kynna að kominn sje eptirmaður.

14. gr.

Þegar svo er um samið í fjelagi með fullri ábyrgð, að aðeins fleiri fjelagar í sameiningu hafi rjett til að undirrita firmað, skulu þeir, er rjett eiga á að undirrita það, jafnframt undirrita nöfn sín.

Firmaundirritun fyrir hönd hlutafjelags eða annars fjelags með takmarkaðri ábyrgð skal fylgja undirrituð nöfn þeirra, sem rjett hafa til að undirrita firmað.

15. gr.

Þegar fulltrúum (skuldajöfnunarmönnum, umboðsmönnum) er falið á hendur að stjórna umsýslu og þeim fenginn rjettur til að undirrita firmað, eða þegar erfingjar halda áfram um stundarsakir umsýslu að hafanda hennar látnum, skal undirrita firmað á þann hátt, að breytingin sjáist af undirskriptinni.

16. gr.

Tilkynning á firma einstaks manns er honum í sjálfsvald sett, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firma skal tilkynna, áður en umsýslan tekur til starfa; tilkynning skal gjöra til verzlanaskrár í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa umsýslunnar er. Hið sama gildir og, þegar umsýsludeild (útibú) er sett á fót undir sjerstakri stjórn; ef útibúið er ekki í sama umdæmi og aðalskrifstofan, skal hlutaðeigandi valdsmaður sem allra fyrst eptir að tilkynningin hefur verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennings-auglýsingar á Íslandi. Útibú frá erlendri umsýslu skal talið sjálfstæð umsýsla og stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafjelögum og öðrum fjelögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn fjelagsins; í öðrum fjelögum hvílir hún á öllum fjelögum, er hafa fulla ábyrgð.

Tilkynningin skal vera undirskrifuð af öllum tilkynningarskyldum mönnum.

17. gr.

Þegar tilkynning er gjörð á firma einstaks manns, skal hún auk firmans til greina:

1. fullt nafn hans og heimili,
2. hverrar almennrar tegundar umsýslan er, og
3. það bæjar og sveitarfjelag, þar sem skrifstofa umsýslunnar (útibúið) er.

18. gr.

Tilkynning á fjelagi með fullri ábyrgð skal auk firmans til greina:

1. fullt nafn og heimili allra fjelagsmanna,
2. hverrar almennrar tegundar umsýslan er,
3. það bæjar- eða sveitarfjelag, þar sem skrifstofa umsýslunnar (útibúið) er, og, svo framarlega sem hver einstakur fjelagi hefur ekki rjett til að undirrita firmað,
4. hver hafi rjett til þess, svo og hvort aðeins fleiri í sameiningu hafi rjett til þess.

Hið sama gildir um tilkynning innskotsfjelaga, þó skal standa í henni að auki með berum orðum, að fjelagið sje þessarar tegundar og, ef það er almennt innskotsfjelag, skýrsla um nafn hvers innskjótanda og innskot hans, eða, ef það er innskotshlutafjelag, skýrsla um atriði þau, er greind eru í 19. gr., liðunum 1 og 4 til 7, og skulu samþykktir fjelagsins fylgja. Þar að auki skal leggja með yfirlýsing frá innskjótendum eða frá tilsjónarnefnd þeirra, sjeu fyrir hendi fullnægjandi heimildarskilríki fyrir hana, um, að tilkynning sje gjörð með samþykki þeirra. Nöfn innskjótenda og upphæð innskota þeirra skal eigi auglýsa.

19. gr.

Tilkynning á hlutafjelagi skal auk firmans til greina:

1. dagsetningardag samþykkta þess,
2. tegund umsýslunnar,
3. það bæjar- eða sveitarfjelag, þar sem skrifstofa umsýslunnar (útibúið) er,
4. upphæð hins lofaða hlutafjár og skipting þess í hlutabrjef,
5. hvort hlutabrjefin hljóða upp á nafn eða handhafa,
6. hvort hlutir sjeu innborgaðir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar,

7. hvort auglýsingar fyrir fjelagsmenn eigi að birta í almennum frjettablöðum, og þá hverjum,
8. fullt nafn og heimili stjórnarmanna,
9. hverjum þeirra sje heimilt að undirrita firmað.

Tilkynningunni skulu fylgja samþykktir fjelagsins svo og tilhlýðileg umboðsskilríki fyrir stjórnarmennina.

20. gr.

Ákvæðin í 19. gr. um tilkynning á firma hlutafjelags, gilda að sínu leyti eins um önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, þannig að í tilkynningum um þau skal gefa skýrslu um ákvæði viðvíkjandi ábyrgð fjelagsmanna gagnvart öðrum, ef slík ákvæði hafa gjörð verið.

21. gr.

Nú verður einhver breyting á því, sem innritað er í verzlanaskrá, eða einhver af breytingum þeim, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning hafi eigi áður gjörð verið, gjöra tilkynning um þetta sem allra fyrst á sama hátt og fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar einhver breyting annars verður gjörð á samþykktum fjelaga þeirra, er getur um í 19. gr. sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefur verið ályktuð, og senda eitt eintak af ályktuninni.

Þegar umsýsla hættir, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, er þá er hafandi umsýslunnar eða hluttaki í henni með fullri ábyrgð eða ef um hlutafjelag eða annað fjelag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða, meðlimur í stjórn. Þegar hafandi umsýslu deyr, hvílir tilkynningarskyldan á búi hans; þegar fjelag með fullri ábyrgð hættir vegna láts eins fjelaga, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum fjelögunum með fullri ábyrgð og búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að umsýsla hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eptir breytinguna er hafandi umsýslunnar eða hluttaki í henni með fullri ábyrgð, eða, ef um hlutafjelag eða annað fjelag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða, meðlimur í stjórn.

Þegar umsýsla er flutt í annað bæjar- eða sveitarfjelag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gjörð fullkomin firmatilkynning.

Ef svo verður ákveðið með dómi, að tilkynning hefði eigi átt að innrita í verzlanaskrá, eða að eitthvað það, sem ritað hefur verið í skrána, sje fallið burt eða breytt, skal athugasemd um þetta gjörð á skránni, ef einhver málsaðila krefjast þess, og hún auglýst samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiptarjettur annast um, að gjörð verði athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiptanna.

22. gr.

Um leið og firma er tilkynnt, skulu þeir, sem rjett hafa til að undirrita firmað, skrifa firmaundirskriptina með eigin hendi í verzlanaskrána, nema slík firmaundirskript standi í tilkynningunni. Á sama hátt skal að farið, þegar tilkynning er gjörð um, að einhver hafi fengið heimild til að undirrita firma, er áður hefur tilkynnt verið.

23. gr.

Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr., eða vanrækir að gjöra einhverja tilkynning, sem fyrir er skipuð hjer á undan, eða nýja tilkynning, þegar tilkynning hans hefur verið vísað frá eða afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5 til 500 kr.

24. gr.

Með mál þau, sem getur um í 23. gr., fer sem um almenn lögreglumál.

Þriðji kafli.

Prókúra.

25. gr.

Ef hafandi firma, sem ákvæði þessara laga gilda um, hefur gefið einhverjum umboð, sem sagt er í með berum orðum að sje prókúra, eða hefur á annan hátt lýst einhvern prókúrumann sinn, þá hefur sá vald til fyrir umbjóðanda hönd að annast og afreka hvað eina, sem við kemur rekstri umsýslu hans, og undirrita firmað. Þó má prókúrumaður eigi selja eða veðsetja fasteignir umbjóðanda, nema hann hafi til þess umboð með berum orðum.

26. gr.

Prókúru má veita fleirum en einum þannig, að þeir aðeins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

27. gr.

Heimild þá, sem prókúrumaður hefur samkvæmt 25. gr., má ekki takmarka við ákveðinn tíma eða á annan hátt, svo að gilt sje gagnvart öðrum mönnum, er eigi hafa vitneskju um það.

28. gr.

Þegar prókúrumaður skrifar undir, á hann að setja við firmað viðbót, sem táknar umboð hans (per procura, p. p. eða þessi orð skammstöfuð á annan veg), og þar að auki undirskrifa nafn sitt. Þegar ræðir um sameiginlega prókúru, skal þess gætt, er mælt var fyrir um tölu undirskriptanna þegar prókúran var gefin.

29. gr.

Prókúrumaður getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

30. gr.

Prókúru má apturkalla hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi burt við dauða umbjóðanda.

31. gr.

Umbjóðandi getur tilkynnt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er innritað í eða ætti að innritast í, sje um frjálsa tilkynning að ræða, en

eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimilað er í 25 og 26. gr.

Jafnframt og prókúra er tilkynnt, skal prókúrumaður rita firmað og undirskript sína í verzlanaskrána eða sjerstakan viðauka við hana, nema það sje gjört í tilkynningunni.

32. gr.

Breyting eða apturköllun á tilkynntri prókúru skal tilkynna til upptöku á verzlanaskrána.

Fjórði kafli.

Almenn ákvæði.

33. gr.

Þegar fara á eptir ákvæðum laga þessara, ber þessa að gæta:

a. Innskotsfjelag er það fjelag talið, sem í eru einn eða fleiri fjelagar, er einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgjast með öllum eigum sínum skuldir fjelagsins (fjelagar með fullri ábyrgð), og einn eða fleiri fjelagar, er aðeins ábyrgjast með innskotum þeim eða því hlutafje, sem tilkynnt hefur verið til upptöku á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í umsýsluna (innskjótendur). Ef í slíkum fjelagsskap eru fleiri en einn fjelagi með fullri ábyrgð, er það jafnframt fjelag með fullri ábyrgð.
b. Þó einhver skjóti fje í umsýslu, án þess send sje tilkynning um það til upptöku á verzlanaskrána, þá hefur það engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá er hafa þess konar umsýslu, hvort sem það er einstakur maður eða fjelag.
c. Fjelag með takmarkaðri ábyrgð er talið hvert fjelag með umskiptilegri fjelagatölu og umskiptilegum fjárstofn, enda þótt fjelagar þess hafi fulla ábyrgð.

34. gr.

Þegar hafandi firma er lögsóttur út af einhverju atriði, er við kemur umsýslunni, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rjetti á þeim stað, þar sem umsýsluskrifstofan er samkvæmt tilkynningunni til verzlanaskrárinnar. Í þeim málum má og skoða umsýsluskrifstofuna sem heimili að því er birting á stefnu og fresti viðvíkur. Ef útibú frá umsýslunni er á öðrum stað, og stjórn þess hefur stofnað skuldbindinguna, má einnig höfða málið fyrir sáttanefnd og rjetti á þessum stað, og má þá skoða skrifstofu útibúsins sem heimili að því er birting á stefnu og fresti viðvíkur.

35. gr.

Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða fjelag, sem rekur verzlun með borgarabrjefi eða leyfisbrjefi til verzlunar — þar í talin einnig pöntunar- og framleiðslufjelög o. s.frv., ef starfsemi þeirra verður talinn atvinnuvegur — eða hefur stöðuga atvinnu

af að reka víxlara- eða bankastörf, flutningamiðlun, tryggingarumsýslu gegn iðgjöldum eða tryggingarerindrekastörf, svo og

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru fjelög, er samþykktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem rjett hafa til verzlunar en eru eigi tilkynningarskyldir, hlutafjelög og innskotsfjelög, þó eigi sjeu tilkynningarskyld, svo og innbyrðis-tryggingarfjelög mega þó tilkynna sig til upptöku á verzlanaskrár og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

36. gr.

Fyrir móttöku tilkynninga þeirra, sem fyrir skipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur úr verzlanaskrá og skjölum þeim, er henni heyra til, skulu greidd gjöld þau, er hjer segir og renna eiga til hlutaðeigandi lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning samkvæmt 16. gr. frá fjelagi ..... 8 kr.
fyrir áþekka tikynningu frá einstökum manni svo og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) ..... 4 —
fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. ..... 2 —

Þó skal skrásetja ókeypis tilkynning um að umsýslu sje hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal aðeins greitt einfalt gjald.

Fyrir tilkynningar viðvíkjandi sparisjóðum og fjelögum með umskiptilegri fjelagatölu eða umskiptilegum fjárstofn greiðist ekkert gjald.

Fyrir eptirrit af skránni viðvíkjandi einu einstöku firma og öllum skýrslum um það greiðast ..... 4 kr.
fyrir eptirrit af einni einstakri tilkynningu ..... 2 —
fyrir munnlega skýrslu viðvíkjandi einu einstöku firma ..... 80 a.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eptirrits af verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru innrituð.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hjer fara á eptir:

1. Þau skal tilkynna samkvæmt lögum þessum innan 3 mánaða eptir að þau hafa gengið í gildi.

2. Þau má taka upp á verzlanaskrá eins og þau hafa verið löglega notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal ávallt þá er hafendur umsýslu hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sje greint í firma því, sem þeir hafa notað, hnýtt við viðbótinni „takmörkuð ábyrgð“ eða „limiterað“ eða, ef um hlutafjelag eða innskotsfjelag er að ræða, orði sem táknar þetta fyrirkomulag fjelagsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þingsályktun einni, er alþingi samþykkti í fyrra sumar, var skorað á stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til firmalaga, og er hjer með látið að ósk þeirri, með því að telja má, að verzlunar- og viðskiptalífið hafi náð þeim viðgangi á Íslandi, að þörf sje nú á þesskonar lögum, og að hún verði enn þá meiri er fram í sækir.

Það hefur þótt eðlilegt að taka hin gildandi lög í konungsríkinu um verzlanaskrár, firma og prókúru frá 1. marz 1889 til fyrirmyndar fyrir lagaskipun á Íslandi um firmamál, og það því heldur sem þau í öllum aðalatriðum eru samhljóða lögum þeim, sem gilda í Svíþjóð og Noregi um þetta efni. Lögin í öllum 3 löndunum eru sem sje samin á grundvelli álits þess, er nefnd lögfróðra manna samdi 1884, sem stjórnir allra landanna höfðu skipað með því takmarki fyrir augum að koma á sameiginlegri lagaskipan á öllum Norðurlöndum um þessi mál.

Ákvæði tjeðra laga konungsríkisins, sem með einstaka lítilvægum afbrigðum hafa verið leidd í lög á Færeyjum með tilskipun 7. febr. 1890, virðast og að dómi landshöfðingja eiga við ástandið á Íslandi í öllum aðalatriðum, og hefur því í lagafrumvarpi þessu einungis verið vikið frá tjeðum lögum í þeim atriðum, þar sem það hefur verið nauðsynlegt eptir því sem þar til hagar.

Lagafrumvarp þetta hefur ekki þann tilgang að setja ákvæði viðvíkjandi rjettindum fjelagsmanna sín á milli í fjelagsskap, heldur er í því efni látið sitja við hin gildandi lög og grundvallarreglur þeirra. Aptur á móti er það aðaltakmark lagafrumvarpsins að gjöra almenningi kunnugt um hag og ástand fjelaga og umsýslumanna að svo miklu leyti, sem öðrum mönnum er áríðandi að hafa vitneskju um það, og þá sjerstaklega það atriði, hver sje hafandi umsýslu, og hverjum sje heimilt að ráðstafa málum þar, svo og hvernig ábyrgðinni sje fyrir komið. Og er reynt að ná þessu takmarki með því að láta yfirvöld halda verzlanaskrár, þar er umsýslumönnum sje heimilt eða gjört að skyldu að skýra frá þessum atriðum.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði, er miða til að tryggja aðra menn gegn því, að höfð sjeu heiti á umsýslum, er gefa ranga hugmynd um starfsvið þeirra eða ábyrgðarfyrirkomulagið, og loks nokkur ákvæði, er miða til að gjöra öðrum mönnum hægra fyrir að lögsækja firmahafendur.

Ákvæðin um hald *verzlanaskráa* eru í *fyrsta þætti* lagafrumvarpsins (1.—7. gr.), sbr. 36. gr. Þessi störf hefur í mörgum öðrum löndum í Norðurálfunni dómsvaldið á hendi, en á Norðurlöndum er það látið vera starf umboðsvaldsins, og samkvæmt því er hjer farið fram á að fela það lögreglustjórunum. Þetta fyrirkomulag er álitið heppilegra, af því þá getur hlutaðeigandi, ef tilkynningu hans hefur verið vísað frá, ekki aðeins samkvæmt almennum reglum leitað úrslita dómstólanna um úrskurð umboðsvaldsins, heldur getur hann einnig, ef hann kýs það heldur, farið þá leið að skjóta málinu til æðri yfirvalda, sbr. 3. gr. frumvarpsins, í stað þess að leita dómstólanna.

Í konungsríkinu annast stjórnin um, að út gefið sje safn af auglýstum tilkynningum, en hjer hefur þótt nægilegt, að skrá yfir þær sje birt á ári hverju í B-deild stjórnartíðindanna, sbr. 4. gr.

Annars er um ákvæðin í þessum þætti ekki neitt sjerstaklegt að athuga.

Í *öðrum þætti* frumvarpsins eru í 8.—15. gr. ákvæði um nafn það, er reka má umsýslur undir og undirrita má í þeirra þarfir, en í 16.—22. gr. eru reglur um það, hver hafi rjett og hverjum sje skylt að senda tilkynningar til verzlanaskránna, og loks er í 23. og 24. gr. sett ákvæði um brot gegn þessum reglum.

Ákvæðin um umsýslunafnið (9.—15. gr.) miða til að tryggja viðskipti manna á milli og gilda þau um hvern, sem rekur verzlun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað, án tillits til þess, hvort umsýslan er tilkynnt eða eigi. Aðalmarkmið ákvæða þessara er að hindra það, að við höfð sjeu umsýslunöfn, er geta villt aðra menn með því að gefa þeim skakka hugmynd annaðhvort um fyrirkomulag ábyrgðarinnar og þá menn, sem hafa hana, eða um tegund umsýslunnar. Um fyrra atriðið ákveður 9. gr., að umsýslunafnið skuli benda til þess, hvort í henni sjeu einn eða fleiri hluttakar með fullri ábyrgð, eða hvort ábyrgðin sje takmörkuð. Firma *einstaks manns* á því að inni halda nafn hans, og má ekki benda til fjelagsskapar eða takmarkaðrar ábyrgðar, og á bannið gegn hinu síðarnefnda að koma í veg fyrir það, að aðrir menn leiðist til að ætla, að umsýslan sje í höndum fjelags og mikið fje sje fyrir hendi til að reka hana. Í firma fjelaga, þar sem einn eða fleiri hafa fulla ábyrgð *(fjelög með fullri ábyrgð og innskotsfjelög)*, má aðeins setja nöfn eins eða fleiri þessara manna, en þar á móti ekki nöfn hluthafa, er hefur takmarkaða ábyrgð. Ef allir fjelagar í þesskonar fjelagi hafa ekki fulla ábyrgð, eða ef nöfn allra fjelagsmanna í fjelagi með fullri ábyrgð standa ekki í firma þess, á það að inni halda viðbót, sem bendir til fjelagsskapar; í þesskonar fjelögum á ennfremur að setja í firmað að minnsta kosti nafn eins fjelaga með fullri ábyrgð. Að því er loks viðvíkur *fjelögum án fjelagsmanna með fullri ábyrgð*, er gjörður greinarmunur á hlutafjelögum og öðrum fjelögum með takmarkaðri ábyrgð, þar sem í firma hlutafjelags skal standa orðið hlutafjelag, en má á hinn bóginn gjarnan hafa mannsnafn inni að halda, en í firma annara fjelaga með takmarkaðri ábyrgð má ekki standa mannsnafn, en á hinn bóginn þarf ekki að vera í þeim neitt, sem segir til að fjelagið hafi takmarkaða ábyrgð. Þessi ákvæði eru alveg samhljóða þeim, sem gilda í konungsríkinu og munu þau eigi þurfa frekari skýringa við; þess skal aðeins getið um hlutafjelög, að á Norðurlöndum hefur ekki þótt þurfa að hafa það stranga ákvæði, sem eru lög í mörgum ríkjum á meginlandi álfunnar, að í firma þeirra megi eigi standa mannsnafn. Það hefur hjer þótt mega telja aðra menn nógsamlega aðvaraða með hlutafjelagsnafninu, og liggur þessi skoðun til grundvallar fyrir ákvæðum enskra laga um þetta efni. Það hefur og verið haft tillit til þess, að hið strangara ákvæði hlyti sumpart að breyta gamalli venju í þessu efni, og sumpart mundi það valda viðskiptalífinu verulegra óþæginda, t. d. þegar fjelagi með fullri ábyrgð eða umsýslu einstaks manns er breytt í hlutafjelag, sem opt á sjer stað.

Í 10. gr. stendur því næst hitt aðalákvæðið, sem leiðir af grundvallarreglunni um rjettnefni firmans, það sem sje, að í umsýslunafninu má eigi til greina fyrirtæki er standa ekki í sambandi við umsýsluna.

Það er eigi neitt varhugavert við að fram fylgja þessari reglu til fulls, þannig að umsýsla verði að skipta um nafn, þegar starfseminni er breytt í aðalatriðum, en hins vegar er nokkru öðru máli að gegna um það, hvort halda eigi kröfunni um rjettnefni firmans fast fram, hvenær sem umsýsla skiptir hafanda. Hjer kemur það sem sje til greina, að í viðskiptalífinu er opt mikils um vert, að umsýslunafnið fái að halda sjer til þess að sýna, að umsýslan sje enn hin sama, þótt aðrir sjeu nú hafendur hennar.

Þetta atriði hefur leitt til þess, að firmalög Norðurlanda hafa takmarkað meginreglurnar um rjettnefni firmans með ákvæðum eins og þeim er hjer standa í 11.—13. gr.

Hjer er farinn sá meðalvegur, að leyft er aðeins að halda firmanu óbreyttu, þegar hinar gildustu ástæður eru fyrir því og jafnframt má ætla, að umsýslunni verði haldið í sem líkustu horfi og áður, þetta á sjer sem sje stað í fyrsta lagi samkvæmt 11. gr., er eptir orðunum á aðeins við firma einstaks manns, þegar ekkja tekur við umsýslu manns síns látins og maðurinn tekur við umsýslu konu sinnar, svo og er erfingjar halda áfram umsýslu með fullri ábyrgð fyrir sjálfa sig, og í öðru lagi samkvæmt 12. gr., þegar einhver gengur inn í umsýslu eða einhver fjelagsmanna gengur úr fjelagi með fullri ábyrgð eða innskotsfjelagi. Þegar svo stendur á, sem síðast segir, má þó aðeins halda nafni hins úrgengna í firmanu, ef hann er því samþykkur eða eptir atvikum erfingjar hans. Frekar hafa menn ekki viljað takmarka aðalregluna; þó er gefin heimild til, þegar um venjulegt afsal umsýslu er að ræða, að halda firmanu með viðbæti, sem segir til eptirmannsins, og er það gjört vegna framhaldandi reksturs umsýslunnar, enda er sá viðbætir nægileg viðvörun fyrir aðra.

Með því að ákvæðin um rjettnefni firma eru sett vegna viðskiptanna manna á milli, er það samkvæmt 10. gr. embættisskylda skrásetjara að gæta ákvæðanna þar um, að nafn annars manns eða nafn á fasteign hans sje eigi sett heimildarlaust í firmað, og að ekki sjeu sett á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp fleiri samhljóða firmu, og leiðir líka af þessu síðara ákvæð , að umsýsluhafendur geta með því að tilkynna umsýslunöfn fengið einkarjett á þeim á vissu svæði, og er það þýðingarmikið fyrir þá.

Viðvíkjandi ákvæðunum í 14. og 15. gr. skal þess getið, að það er auðvitað ekki í þeim gjört að skilyrði fyrir gildi undirskripta, að þær sjeu ritaðar á þann hátt, er þar segir.

Ákvæðin um firmatilkynning standa eins og áður var sagt í 16.—22. gr. Hjer er aðalspurningin, að hve miklu leyti eigi að gjöra að *skyldu að tilkynna firma*. Lög konungsríkisins láta ekki skylduna til þess ná til firma einstaks manns. Þó það geti haft þýðingu að geta fengið vitneskju af verzlanaskránum um það, hverjir sjeu hafendur umsýslna þeirra, sem nefndar eru í 8. gr., hefur þó eigi þótt rjett að leggja tilkynningarskyldu á hvern þann, er rekur slíka umsýslu, en það hefur verið látið nægja að leyfa tilkynning á firma einstaks manns, eins og farið er fram á í 1. málsgr. 16 gr. frumvarpsins. Það mun mega búast við því, að þessi heimild verði notuð af öllum stórum einstaklingsumsýslum sökum hagsmuna þeirra, er af tilkynning leiðir, t. d. einkarjettur sá á umsýslunafninu, er tilkynnt firmu fá samkvæmt 10. gr. Hins vegar skal tilkynna allar aðrar umsýslur, áður en þær taka til starfa, sbr. annars 8. gr. í sambandi við 35. gr.

Viðvíkjandi *ákvæðunum um innihald tilkynningar* skal þessa getið:

Boðið um, að heimili tilkynnanda skuli til greint, miðar bæði til þess að fá skýrt kveðið á um, hver tilkynnandi sje, og svo að gjöra skrásetjara hægar að snúa sjer til hans, ef tilkynning hans gefur tilefni til þess. Af því að nú skýrsla um þetta atriði hefur tiltölulega litla þýðing, er samkvæmt 21. gr. eigi krafist tilkynningar um seinni heimilaskipti. Skýrslan um tegund umsýslunnar á venjulega ekki að vera nákvæm, en aðeins að til greina „hið almenna ásigkomulag“ o: hvort ræða sje um verzlun, bankastarfsemi, handiðn o. s. frv., því ef leyfð væri nákvæmari tilkynning, t. d. að tiltekin væri sjerstök tegund verzlunar, mundi það hæglega geta leitt til þess, að menn álitu, að slík takmörkun fengi gildi gagnvart öðrum mönnum, ef hún væri tilkynnt í verzlanaskránni. Aðeins þegar um fjelög með takmarkaðri ábyrgð er að ræða, þykir eptir málavöxtum eðlilegt, að tilkynningin sje nákvæmari (umsýslutegundin til tekin).

Það liggur, sem sagt, fyrir utan svið lagafrumvarps þessa að setja reglur um,

hver hafa skuli heimild til að skuldbinda fjelög gagnvart öðrum mönnum, nema þá að það sje sagt í firmatilkynningunni, svo og um það, hvort samkomulag í þessu efni milli fjelagsmanna innbyrðis gildi gagnvart þeim, ef þeir hafa ekki vitneskju um það, en hins vegar verður nauðsynlegt að ákveða, að hve miklu leyti tilkynna megi til upptöku á verzlanaskrá samkomulag milli fjelagsmanna um undirskriptarheimildina og láta það fá gildi gagnvart öðrum. Firmalög Norðurlanda hafa farið þá leið í þessu efni, að þau gefa í takmörkuðum mæli heimild til að veita tilkynningum um undirskriptarheimild móttöku. Að því er viðvíkur fjelögum með fullri ábyrgð, er í 18. gr. frumvarpsins einungis heimilaðar tilkynningar um, að aðeins einstöku af handhöfum firmans hafi undirskriptarheimild eða aðeins fleiri þeirra í sameiningu, og er það þá talin hin almenna regla fyrir þessi fjelög gagnvart öðrum, að hver einstakur fjelagsmaður fyrir sig geti undirritað firmað. Aptur á móti er viðvíkjandi fjelögum með takmarkaðri ábyrgð ekkert almennt lagaákvæði um það, hvorki í dönskum nje íslenzkum lögum, hvort hver einstakur stjórnarmaður eða aðeins meiri hluti þeirra eða stjórnin í heild sinni geti skuldbundið fjelagið, ef ekkert er sagt um það með berum orðum í samþykktum þess. Hjer verður því, sjá 19. gr. nr. 9, sbr. 20. gr., að krefjazt þess, að glöggt sje kveðið á um þetta atriði, en bæði fyrir þessi fjelög og, eins og segir í 18. gr. nr. 4, fyrir fjelög með fullri ábyrgð eru aðeins leyfðar tilkynningar um almenna heimild til að undirrita firmað, en alls eigi leyft að tilkynna sjerstaklegar takmarkanir á undirskriptarheimildum, svo sem t. d. að fleiri fjelagsmanna eða stjórnarmanna þurfi til þess að gjöra áríðandi ráðstafanir, eða að einhver fjelaga hafi undirskriptarheimild í einni grein umsýslunnar, en ekki í annari. Ef hægt væri að setja svo gjörræðislegar takmarkanir á skrárnar svo þær hefðu gildi gagnvart öðrum mönnum, mundu þær verða eins mikið til að villa eins og til að leiðbeina.

Hin ákvæði þessa þáttar mun ekki þurfa að skýra frekar. Þess skal aðeins getið um 22. gr., að krafizt er eiginhandar undirskriptar í verzlanaskrárnar til þess að stuðla til að koma í veg fyrir falsanir, því við þær undirskriptir er þá hægt að bera saman undirskriptir, sem eiga að vera undirskriptir sömu manna.

Í *þriðja þætti* (25.—32. gr.) lagafrumvarpsins eru ákvæði um *prókúru*. Firmalög Norðurlanda hafa viðvíkjandi tilkynningu umboða til upptöku á verzlanaskrár fylgt þeirri aðferð, að gjöra engum neitt að skyldu að þessu leyti, heldur aðeins leyfa að tilkynna prókúruumboð, en svo nefnist heimild til að annast allt það fyrir hönd umbjóðanda, er snertir rekstur umsýslu hans, þó má prókúrumaður eigi án sjerstakrar heimildar selja eða veðsetja fasteignir hans. Eigi má þá tilkynna neina takmörkun á umboði þessu, en aptur á móti má ákveða, að aðeins fleiri í sameiningu megi með það fara (sameiginleg prókúra). Önnur umboð má eigi tilkynna til innfærzlu á skrárnar, og eru því engin ákvæði um þau í lögum um firmu og verzlanaskrár.

Með þessu fyrirkomulagi er reynt að koma til leiðar aðgreining frá öðrum umboðum á einni sjerstakri tegund þeirra, sem er mjög almennt notuð og skýrt er ákveðin í lögunum Á þenna hátt verður allt að þessu leyti ljósara og hægra viðfangs fyrir aðra menn, en ef leyft væri líka að tilkynna takmörkuð umboð. Því ef þetta síðarnefnda væri leyft á þann hátt, að hinar tilkynntu takmarkanir á umboðum hefðu líka gildi gagnvart öðrum mönnum, þar sem þær ef til vill á undan tilkynningunni, t. d. vegna stöðu þeirrar, er umboðsmaðurinn hafði í umsýslunni, höfðu ekki eptir almennum reglum gildi gagnvart öðrum mönnum, sem eigi höfðu vitneskju um þær, mundu

verzlanaskrárnar geta orðið til þess að blekkja menn alveg á sama hátt og á undan er sagt um gjörræðislegar takmarkanir á undirskriptarheimildum fjelagsmanna. Hins vegar væri það brot á meginreglu laganna (sbr. 7. gr.), ef leyft væri að setja eitthvað á skrá án þess það með því fengi fullt gildi gagnvart öðrum mönnum.

En með því að viðskiptalífið getur auðvitað ekki verið án umboða sem eru takmörkuð meira en prókúra, verður að sleppa tilkynningarskyldu viðvíkjandi umboðum yfir höfuð. Það mun þó mega telja víst að prókúrur verði venjulega tilkynntar, því hafendur umsýslna munu telja það heppilegast fyrir sig, sumpart af því að öðrum umsýslumönnum mun þykja varhugavert að semja við þann mann, sem ekki hefur tilkynnt umboð, og sumpart af þeirri ástæðu, að hægt verður því aðeins að aptur-kalla prókúru, svo gildi hafi gagnvart hverjum sem er, að hún hafi verið tilkynnt (sbr. 30. og 32. gr. í samb. við 7. gr.).

Með þessu fyrirkomulagi mun eigi vera þörf á neinum hegningarákvæðum, því ákvæði 7. gr. mun nægja til þess, að skipun 32. gr. verði hlýtt.

Ákvæði í 2. málsgr. 30. greinar er frábrugðið þeim reglum, sem annars gilda í því efni í einkamálum, en ástæðan fyrir því ákvæði er sú, að það mundi vanalega vera til skaða fyrir þann, sem tekur við umsýslunni eptir umbjóðanda, ef rekstur hennar yrði að stöðvast strax við lát hans.

Annars mun ekki vera frekar að athuga við ákvæði þessa þáttar, sem eru alveg samhljóða ákvæðum hinna dönsku firmalaga.

Um hin almennu ákvæði í *fjórða þætti* frumvarpsins skal þess getið, er hjer segir:

Um 33. gr.

Af því að fjelagsrjettinum hvorki á Íslandi nje í Danmörku hefur verið skipað með lögum, hefur verið nauðsynlegt að gefa skýringar á þeim fjelagategundum, er getur um í lögunum, að svo miklu leyti sem nokkur efi er þar á. Það er þó aðeins tilgangurinn að segja, hvað skilið er við þau í þessum lögum, sjerstaklega til þess að skrásetjari hafi skýr ákvæði að fara eptir viðvíkjandi firmatilkynningum þeim, sem honum berast. Aptur á móti eiga þessar skýringar eigi að gilda fyrir utan svið laga þessara, t. d. þegar ræðir um rjettarstöðu fjelagsmanna sjálfra eða skuldheimtumanna þeirra.

Viðvíkjandi ákvæðinu í staflið c. skal þess getið, að það á að útiloka allan efa um það, að kaupfjelög og framleiðslufjelög og þesskonar fjelög skuli háð ákvæðunum um fjelög með takmarkaðri ábyrgð, þó fjelagsmenn kunni að hafa þar fulla ábyrgð, enda eru þetta lög víðast hvar annarsstaðar.

Um 34. gr.

Þessi ákvæði miða til þess að ljetta mönnum málssókn gegn hafendum firmna. Er mönnum með þeim aðeins gefinn rjettur til, en ekki gjört að skyldu, að höfða mál fyrir þeim rjetti, þar sem umsýsluskrifstofan er, og standa því hinar almennu varnarþingsreglur óbreyttar jafnhliða þeim ákvæðum, sem hjer er farið fram á.

Um 35. gr.

Af því að í atvinnumálum gilda önnur lög á Íslandi en í konungsríkinu, og íslenzku lögin um gjaldþrotaskipti frá 13. apríl 1894, 4. gr. auk þess hafa orðið „verzlunarmenn“ í yfirgripsmeira skilningi en dönsku lögin um sama efni, er í þessari

grein farið fram á einstöku breytingar á samsvarandi ákvæðum í firmalögum konungsríkisins, þannig að hjer eru fleiri menn taldir „verzlunarmenn“ en í konungsríkinu.

Um 36. gr.

Samkvæmt lögum konungsríkisins renna gjöld þau er hjer ræðir um í opinbera sjóði, en hjer er farið fram á að láta þau renna til lögreglustjóranna, sem á hinn bóginn bera kostnaðinn við að útvega bækur og eyðublöð o. s. frv., en kostnaður við það er í konungsríkinu greiddur af því skrifstofufje, er lögreglustjórarnir fá úr ríkissjóði.

Auk þessara gjalda skal samkvæmt 2. gr. frumvarpsins greiða kostnað við birting tilkynningarinnar.

Í frumvarpinu er sleppt því ákvæði í lögum konungsríkisins, að gjaldið fyrir nótaríal-gjörðir samkvæmt lögum þeim skuli sett niður í 2 kr., því ef sett væri 2 kr. gjald á Íslandi, þá yrði það þvert á móti hækkun á gjaldinu, sjá 50. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur þær, er renna í landssjóð. Gjaldið fyrir gjörðir, er nótaríus framkvæmir, rennur auðvitað eins og að venju í landssjóð.

Um 37. gr.

Ákvæðin í 2. lið eiga að koma í veg fyrir þá ósanngirni gegn þeim umsýslum, sem nú eru, ef lögin krefðust þess, að umsýslunafni, sem lengi hefur verið notað, yrði breytt samkvæmt 9. og 10. gr. En þeirrar undanþágu virðast einungis þær umsýslur eiga að njóta, sem hafa notað þesskonar umsýslunöfn áður en frumvarp þetta var lagt fyrir alþingi.

Frumvarp til laga

um

vernd á vörumerkjum.

(Lagt fyrir alþingi 1903).

---

1. gr.

Hver, sem hjer á landi rekur verksmiðju- eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, getur, auk þess að hann hefur rjett til að nota nafn sitt eða firma eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, öðlazt með skrásetningu samkvæmt lögum þessum einkarjett til að við hafa sjerstaklegt vörumerki til að greina vörur sínar frá vörum annara í viðskiptum manna á milli. Þessi rjettur nær til allra vörutegunda, nema hann með skrásetningu hafi verið takmarkaður við ákveðnar vörutegundir.

Vörumerkið er sett á vöruna sjálfa eða umbúnað hennar (umbúðir, ílát og þess konar).

2. gr.

Vörumerkjaskráin skal haldin í Reykjavík fyrir land allt af skrásetjara, er landshöfðingi skipar; ráðherra Íslands ákveður laun hans og ritfje um tímann frá því lög þessi öðlast gildi þangað til 31. desember 1905, en þar á eptir skal hvorttveggja veitt á fjárlögunum.

3. gr.

Sá, sem vill fá vörumerki skrásett, skal afhenda eða senda skrásetjara í brjefi, sem borgað er undir, skriflega tilkynning, og skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og fullkomin skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og utanáskript; ef rjetturinn til vörumerkisins á aðeins að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og til greindar.

Tilkynningu skal fylgja:

1. mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, í hæsta lagi 10 centimetrar ($3_{,82}$ þumlungar) á lengd og 15 centimetrar ($5_{,74}$ þumlungar) á breidd;
2. tvær eptirsteypur (kliché) sömu stærðar, sem má prenta myndina með;
3. 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar.

Skrásetjari skal sem allra fyrst afhenda tilkynnanda eða, ef fullnægjandi utanáskript er til greind, senda honum með pósti skriflega viðurkenning fyrir móttöku á tilkynningunni og til taka, dag og klukkustund, er hann fjekk hana. Við viðurkenninguna skal festa eitt af eintökum vörumerkisins, sem send voru.

4. gr.

Ef einhver á þeim tíma, er þessi lög verða gefin út, notar löglega tiltekin merki á vörum sínum eða umbúnaði þeirra, getur enginn annar með tilkynningu öðlazt rjett til slíkrar notkunar, svo framarlega sem hinn innan 14 daga, eptir að lögin hafa öðlazt gildi, tilkynnir á þann hátt, er fyrir skipaður er í 3. gr., það eða þau merki, er hann notar.

5. gr.

Vörumerki má eigi skrásetja:

1. ef það einungis er tölur, bókstafir eða orð, er hafa ekki svo sjerstaklega einkennilegt lag, að það megi teljast mynd; þó má eigi neita skrásetning, ef merkið er orð, sem má telja sjerstaklega til búið heiti á ákveðnar vörutegundir, er til greindar eru í tilkynningunni samkvæmt 3. gr., og á ekki að gefa til kynna uppruna vörunnar, ásigkomulag, ákvörðun hennar vörumegn eða verð;
2. ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns;
3. ef í því eru opinber skjaldarmerki eða merki;
4. ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneyksli;
5. ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefur verið skrásett fyrir annan eða tilhlýðilega tilkynnt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sje við yfirleitt að villast á merkjunum, þótt ólík sje í einstaka atriðum; þó má skrásetning eigi neita, ef líkingin er fólginn í slíkum táknunum, sem getur um í 8. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.

6. gr.

Ef synjað er um skrásetning, skal gjöra tilkynnanda skriflega aðvart samkvæmt 3. gr. um synjunina og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann innan 3 mánaða þaðan frá skotið úrskurði skrásetjara til landshöfðingja, og skerðir það eigi rjett hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

7. gr.

Ef ekkert er skrásetningu til fyrirstöðu, skal hún fram fara og auglýsing um hana birt sem allra fyrst í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennings-auglýsingar á Íslandi, og skal þar að auki í hver árslok birt í B-deild stjórnartíðindanna auglýsing um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á því ári.

8. gr.

Ef í skrásettu vörumerki eru tölur, bókstafir eða orð, sem ekki verða skrásett út af fyrir sig samkvæmt 5. gr., eða sje það sett saman eingöngu eða að nokkru leyti úr táknum eða merkjum, sem almennt eru við höfð í ákveðnum umsýslugreinum, þá útilokar það ekki aðra frá að nota sömu táknanir fyrir vörumerki eða hluta úr því.

9. gr.

Rjett til skrásetts vörumerkis má eigi afhenda nema í sambandi við þá umsýslu, sem það er notað í.

Nú selur maður öðrum umsýslu sína, og fær sá þá rjettinn til skrásetts vörumerkis, sem notað er í umsýslunni, nema svo sje um samið, að hinn skuli halda vörumerkisrjettinum, eða að þeir megi báðir við hafa merkið hvor á sinni vörutegund.

10. gr.

Vernd á skrásettu vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gjörð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skrásetjari skal að minnsta kosti 4 mánuðum áður en hinir greindu frestir út renna, gefa þeim, sem merkið hefur verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 15. gr.), vísbending í ábyrgðarbrjefi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er eigi gjörð í tækan tíma; brjefið sendist til þess heimilis hjer á landi er hlutaðeigandi hefur til nefnt.

Nú vill einhver endurnýja skrásetning, og skal hann þá afhenda eða senda skriflega tilkynning, samda samkvæmt 3. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá, er þar er fyrir skipuð, og svo 10 kr. í skrásetningargjald. Ef merkið hefur verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skal jafnframt færðar sönnur á rjett tilkynnanda á merkinu.

Endurnýjun skal innrita í skrána sem allra fyrst, og skal tilkynnanda gefin viðurkenning eins og sú, er fyrir skipuð er í 3. gr. fyrir tilkynning um nýtt merki.

Ef skrásetjara þykir tilkynningu ábótavant, skal hann synja um endurnýjun; fer um skeyti um þá synjun og kæru út af henni eptir ákvæðum 6. gr.

11. gr.

Ef landshöfðingi að gefnu tilefni álítur, að ekki hefði átt samkvæmt ákvæðunum í 5. gr. nr. 3 eða 4 að skrásetja vörumerki, skipar hann að ógilda skrásetninguna; um lögmæti skipunar þessarar getur hlutaðeigandi þó leitað úrskurðar dómstólanna.

Nú er vörumerki skrásett, sem eingöngu hefur inni að halda tákn eða merki, sem almennt eru við höfð í ákveðnum umsýslugreinum, og getur þá hver sá, er rekur þess konar umsýslu, krafizt þess, að skrásetning sje afmáð. Bæði þegar svona stendur á, og eins þegar einhver annars telur, að skrásetning vörumerkis sje sjer til skaða, liggur afmáun skrásetningar undir úrskurð dómstólanna.

Ef synjað er um skrásetning vörumerkis samkvæmt 5. gr. nr. 5, og tilkynnandi höfðar mál gegn hafanda hins tilkynnta eða skrásetta merkis og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta og hinn hafi síðan tileinkað sjer það, má með dómi úrskurða honum rjett til að fá merkið skrásett með þeim einkarjetti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hinn tilkynnti það, svo framarlega sem hann höfðar mál út af þessu innan eins árs, eptir að auglýsing um skrásetning merkisins hefur verið birt í blaði því. sem löggilt er til að flytja almennings-auglýsingar á Íslandi.

12. gr.

Þegar skrásetning vörumerkis er lýst ógild, eða vernd á skrásettu vörumerki fellur burt, eða þegar sá, sem rjett hefur á merkinu, æskir þess, skal merkið afmá úr skránni og auglýsing um það birt bæði í blaði því, er löggilt er til að flytja almennings-auglýsingar á Íslandi, og í árslok í B-deild stjórnartíðindanna í sambandi við auglýsing þá, er getur um í 7. gr., um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á því ári.

13. gr.

Nú etur maður heimildarlaust á vörur, sem hafðar eru til sölu, eða á umbúnað þeirra, nafn eða firma annars eða nafn á fasteign annars manns, eða skrásett vörumerki annars, eða maður hefur vörur þær til sölu, sem auðkenndar eru á þenna hátt, og getur þá sá, er fyrir órjetti verður, höfðað mál og fengið úrskurðað með dómi, að hinum sje óheimilt að nota merkið eða hafa vörur þær til sölu, sem auðkenndar eru með því.

Ef sá hinn sami hefur haft vitneskju um rjett hins, verður hann sekur um 200 til 2000 kr., og sætir, ef brot er ítrekað, öðrum eins sektum eða fangelsi, og þar að auki má skylda hann til að bæta skaða þann, er af þessu hefur leitt, og taka burtu merki þau, er ólöglega hafa sett verið, eða, ef nauðsyn krefur, ónýta vörurnar eða umbúnað þeirra, svo framarlega sem hann hefur þær enn þá í vörzlum sínum eða á annan hátt ráð yfir þeim.

14. gr.

Ákvæðin í 13. gr. eiga einnig við, þegar nafn eða firma annars eða nafn á fasteign annars manns eða skrásett vörumerki annars er að vísu ekki notað óbreytt, en þó ekki gjörðar öðruvísi vaxnar breytingarnar en svo, að hætt er við yfirleitt að villast á nöfnunum eða merkjunum, þótt ólík sjeu í einstökum atriðum.

15. gr.

Með konunglegri tilskipun má gegn samsvarandi ívilnun ákveða, að verndar þeirrar, er þessi lög heimila, verði þeir einnig aðnjótandi, sem erlendis reka þess konar umsýslur, sem greindar eru í 1. gr. Skal þá jafnframt farið eptir þeim sjerstaklegu reglum, er nú skal greina, viðvíkjandi vörumerkjum þeim, sem skrásett verða:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að tilkynnandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í hinu landinu fyrir því að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Tilkynnandi skal gangast undir, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu, og til nefna umboðsmann búsettan hjer á landi, er höfða megi mál á móti í stað hans.
3. Vörumerkið skal eigi njóta yfirgripsmeiri verndar eða um lengri tíma en í hinu landinu.

Viðvíkjandi vörumerkjum, sem skrásett eru í öðru landi, þar sem íslenzkum vörumerkjum eru gjörðar samsvarandi ívilnanir, má með konunglegri tilskipun ennfremur setja eptirfarandi ákvæði:

4. Vörumerkið skal skrásetja í sömu mynd, sem það er gilt í hinu landinu, nema gagnstætt sje góðum siðum og almannareglum.
5. Þegar einhver tilkynnir vörumerki til skrásetningar hjer á landi í seinasta lagi 4 mánuðum eptir að það hefur verið tilkynnt í hinu landinu, skal gagnvart öðrum tilkynningum telja, að sú tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í hinu landinu.

6. Ef synjað er um skrásetningu samkvæmt 5 gr. nr. 5, og tilkynnandi höfðar mál gegn hafanda hins áður tilkynnta eða skrásetta merkis og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn síðan tileinkað sjer það, má með dómi úrskurða honum rjett til að fá merkið skrásett með einkarjetti til að nota það á þess konar vörum, sem hann hafði merkið á, þegar vernd komst á á báða bóga, svo framarlega sem hann höfðar mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á á báða bóga. Þetta takmarkar þó að engu leyti rjett þann, sem heimilaður er í 3. málsgr. 11. gr.

16. gr.

Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um fyrirkomulag og lögun vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skuli haldin, um auglýsingar samkvæmt lögum þessum, og um reikningsskil fyrir gjöldum þeim, er renna í landssjóð samkvæmt þeim.

17. gr.

Um mál, sem höfðuð eru samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. í lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál, og skal mál aðeins höfðað, ef sá krefst þess, er órjett hefur beðið af lagabrotinu.

18. gr.

Hverjum og einum er heimilt að fá vitneskju um það, sem stendur í skránni, annaðhvort með því að kynna sjer hana sjálfur eða fá eptirrit eptir henni, þó verður eigi krafizt, að skrásettar myndir sjeu þar sýndar.

Fyrir eptirrit af skránni eða af tilkynning í frumriti greiðist 2 kr. gjald til landssjóðs. Fyrir að kynna sjer skrána greiðist ekkert gjald.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagafrumvarp þetta er eins og lagafrumvarp það um verzlanaskrár, firma og prókúru, sem er lagt fyrir þingið, samið í tilefni af þingsályktun einni, er alþingi samþykkti í fyrra sumar, og er eins og hitt frumvarpið sniðið eptir hinni gildandi löggjöf konungsríkisins, sbr. lög 11. apríl 1890 um vernd á vörumerkjum og lög 18. des. 1898 um breyting á þeim, því að bæði eru þessi mál alþjóðlegs eðlis, og svo eru vörumerkjalög konungsríkisins liður í sameiginlegri lagaskipun fyrir öll Norðurlönd, og eins og svensku og norsku lögin samin á grundvelli álits þess, er nefnd lögfróðra manna úr öllum þrem löndum samdi 1882.

Með því að tjeð lög konungsríkisins þykja einnig að dómi landshöfðingja eiga við ástandið á Íslandi, hefur stjórnarráðið — eptir að það fyrst hefur skrifast á við stjórnarráð innanríkismálanna og fengið frá því umsögn vörumerkjaskrásetjarans um málið — samið lagafrumvarp þetta eptir tjeðum lögum og einungis vikið frá þeim í smávægilegum atriðum, þar sem það hefur verið nauðsynlegt eptir því sem til hagar á Íslandi.

Markmið frumvarpsins er að veita eignarrjettinum í iðnaðarmálum lagavernd á einu einstöku sviði, með því að gefa atvinnurekendum kost á að fá einkarjett á notkun vörumerkja. Einkarjettur þessi fæst með því, að merkið er skrásett af yfirvaldi, og auglýsing gefin út um það. Hins vegar er það ekki tilgangurinn að veita almenningi neina vernd beinlínis; hafanda einkarjettarins er einum heimilt að kæra brot á rjettinum, en almenningur fær enga frekari vernd en þá, sem heimiluð er með ákvæðum 280. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869, en annars væri ef til vill ástæða til að bæta þau ákvæði upp síðar með lagaákvæðum um ósannar vörutáknanir, eins og heimilað er í konungsríkinu með lögum um það efni 27. apr. 1894.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skal annars getið þessa:

Um 1. gr.

Það er gjört ráð fyrir því í þessari grein, að ekki þurfi neina skrásetning til þess að vernda nafn eða firma atvinnurekanda eða nafn á fasteign hans, þegar hann notar það sem merki á vörur sínar, en annars er rjetturinn til þess tryggður með sömu hegningarákvæðum, og þeim er vernda einkarjettinn á skrásettum vörumerkjum, sbr. 13. og. 14. gr.

Einkarjettur á öðrum vörumerkjum fæst þar á móti með skrásetningu, en hins vegar kemst eigi neinn einkarjettur á með notkun óskrásettra vörumerkja. Það fyrirkomulag er reyndar haft í ýmsum útlendum lögum, að notkun vörumerkis hefur einkarjett á því í för með sjer, og því öðrum bannað að við hafa eða skrásetja það merki. Þetta fyrirkomulag, sem ekki er haft í löggjöf Norðurlanda, veldur verulegum erfiðleikum í framkvæmdinni, einkanlega að því leyti, að sá, sem hefur fengið merkið skrásett, verður ef til vil að láta rjett sinn fyrir öðrum, sem notað hefur merkið áður án þess honum væri um það kunnugt. Það verður ekki heldur talin ósanngjörn krafa, að sá, sem æskir eptir vernd landsstjórnar á merki, lýsi því fyrir yfirvaldi og birti það. Frá þessari meginreglu er þó að nokkru leyti vikið í síðasta hluta 11. gr., sbr. einnig millibilsákvæðið í 4. gr.

Upphaflega var vörumerkjaverndin veitt aðeins iðnaðarmönnum, en lög frá seinni tímum hafa viðurkennt, að það einnig hefði þýðing fyrir verzlunarmenn að greina vörur sínar með merkjum frá vörum annara verzlunarmanna og þeir ættu að njóta sömu verndar, og hafa þau því látið hana ná til allra atvinnurekenda. Þetta er ennfremur þýðingarmikið fyrir úrlausn á öðru máli, sem skipað er á ólíkan hátt í hinum ýmsu löggjöfum, því sem sje, hvort veita eigi manni verndina fyrir allar vörur hans í einu eða aðeins fyrir ákveðnar vörutegundir, sem til greindar eru í skrásetningunni. Fyrir hinu síðarnefnda fyrirkomulagi má sem sje færa gildar ástæður, ef vörumerkin eru aðeins verksmiðjumerki; en þegar verndin er einnig látin ná til verzlunarmerkja, er það efalaust hagkvæmast að veita einkarjettinn fyrir allar vörur.

Vörumerkjaverndin er aðeins veitt, þegar það er tilgangur eigandans með að setja merki á vörur „að greina vörur sínar frá annara í viðskiptum manna á milli“. Þess vegna ná þessi lög ekki til merkja, er aðeins eiga að til greina tegund

vöru, verð, mæli, gæði o. s. frv., og ekki heldur til merkja, sem einungis eiga að sanna eða tryggja eignarrjettinn á vörum, t. d. sauðfjármörk bænda.

Til vörumerkja telst þá heldur ekki einkenning á vörum, sem er fólgin í sjerstaklegu umbúðaefni, sjerstaklegri umbúnaðaraðferð eða sjerstaklegri lögun á vörunni.

Um 2. gr.

Til þess að almenningur og atvinnurekendur geti kynnt sjer vörumerki þau, sem búið er að skrásetja, sem er þýðingarmikið, er nauðsynlegt að hafa yfirlit yfir þau á einni aðalskrifstofu. En jafnframt eru fullar ástæður fyrir því, að skrásetning merkja fari aðeins fram á þessari aðalskrifstofu, því aðeins á þann hátt geta yfirvöldin með vissu sjeð um, að enginn skrásetji merki, sem þegar er skrásett fyrir annan.

Það er því farið fram á, að höfð sje aðeins ein vörumerkjaskrá fyrir land allt, og að hana haldi skrásetjari, sem landshöfðingi skipar. Þetta starf skal auðvitað hafa á hendi maður, sem jafnframt hefur aðra starfsemi, en af því ekki er hægt að vita fyrir fram, hversu mikil störf verða stöðunni samfara, er farið fram á að láta ráðherra Íslands ákveða laun skrásetjara og endurgjald til hans fyrir skrifstofukostnað um tímann þangað til 31. desember 1905, en að þetta hvorttveggja skuli síðan veita á fjárlögunum.

Um 3. gr.

Vegna hinnar tvöfelldu birtingar á merkinu, sem boðin er í 7. gr., er krafizt að tvær eptirsteypur sjeu sendar af því til að prenta það með. Með því að liturinn er opt mikilvægur hluti merkisins, en hann verður ekki hægt að sjá af hinum prentuðu auglýsingum samkvæmt 7. gr., er jafnframt nauðsynlegt að krefjast, að send sje skrifstofunni og birt lýsing á merkinu, og krafizt er því næst, að 3 eintök sjeu send henni af myndinni til þess að eitt verði sent aptur með viðurkenningunni fyrir móttöku tilkynningarinnar og tvö geymd hjá skrásetjara.

Gjaldið fyrir skrásetning, sem eins og hin gjöldin, er getur um í lögunum, rennur auðvitað í landssjóð, á sumpart að bera kostnaðinn af launum og auglýsingum o. fl., og sumpart að koma í veg fyrir, að markaðurinn fyllist um of af ónauðsynlegum vörumerkjum, sem ekki hafa neina verulega peningalega þýðingu fyrir tilkynnanda.

Af því tilkynningartíminn ræður úrslitum milli fleiri tilkynninga, er skrásetjara boðið að senda tilkynnanda skriflega viðurkenning fyrir, hvenær hann hafi fengið tilkynning hans. Aptur á móti er ekki ástæða til að gjöra tilkynnanda skeyti um skrásetninguna, sbr. 6. gr.

Um 4. gr.

Eins og á undan segir gefur notkun vörumerkis ekki neinn einkarjett á því, en hins vegar þykir eðlilegt, að þeir, sem löglega hafa notað vörumerki áður en lögin öðluðust gildi, hafi forrjettindi til að fá einkarjett á merkinu með skrásetningu, svo framarlega sem þeir gjöra tilkynning um það innan skamms eptir að lögin hafa öðlazt gildi. Ákvæði það, sem hjer er farið fram á, hefur því verið tekið eptir hinum eldri lögum í konungsríkinu um vernd á vörumerkjum frá 2. júlí 1880, 13. gr.; ástæðan til að samsvarandi regla er eigi í hinum gildandi dönsku vörumerkjalögum er sú, að hægt var að fá vörumerki skrásett áður en þau gengu í gildi.

Um 5. gr.

Af því að enginn á að geta fengið einkarjett til að nota almennar tölur, bókstafi eða orð sem vörumerki, er það gjört að aðalreglu, að aðeins verði notuð myndmerki. Til myndmerkja teljast þó einnig tölur, bókstafir og orð, ef þau hafa sjerstaklega einkennilegt lag, og ennfremur eru almennar tölur, bókstafir eða orð talin myndmerki, ef við þau er bætt merki eða mynd, umgjörð eða þess háttar, þó er eigi hægt þegar svona stendur á að fá neinn einkarjett á þeim hlutum merkisins, sem eru almennar tölur, bókstafir eða orð, enda þótt þetta sje meginhluti merkisins, sbr. athugasemdirnar um 8. gr.

Þó er við þessar reglur bætt því ákvæði eptir dönsku lögunum 18. des. 1898 um breyting á vörumerkjalögum 11. apríl 1890, að skrásetja megi undir vissum kringumstæðum sem vörumerki, orð, sem sjerstaklega eru fundin upp á einstöku vörutegundir. Þetta ákvæði er byggt á því, að það hefur reynzt í verzlunarefnum þörf fyrir einkarjett til að nota orð út í bláinn sem vörutáknanir, og því hafa lög víðast hvar erlendis einnig heimilað vernd á þeim.

Í ákvæðinu í 2. lið um, að vörumerki megi eigi heimildarlaust hafa að inni halda nafn eð firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns, miðar orðið „heimildarlaust“ til að undanskilja sumpart þau tilfelli, þar sem heimild er fengin frá hlutaðeiganda, og sumpart þau, þar sem nafnið má telja almenningseign, af því það er einn hluti af heiti vörunnar.

Ákvæðið í 4. lið útilokar frá skrásetning ekki aðeins merki, er hneykslað geti almenning, heldur og þau, sem eru óviðurkvæmileg gagnvart einstökum manni, t. d. ef nafn látins manns er sett í vörumerki þannig að það hneyksli ættmenn hans.

Ákvæðið í 5. lið býður skrásetjara að neita að skrásetja merki, sem gengur of nærri merki, er áður hefur hlotið vernd. Ef tilkynnanda þykir frávísun þessi heimildarlaus, getur hann samkvæmt 6. og 11. gr. skotið málinu hvort sem hann vill til æðra yfirvalds eða dómstólanna.

Um 6. gr.

Við þessi ákvæði er ekki neitt sjerlegt að athuga.

Um 7. gr.

Í konungsríkinu eru gefin út sjerstök skrásetningartíðindi, þar sem birt eru öll skrásett vörumerki, en eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á, að þau á Íslandi sjeu birt í hver árslok í B-deild stjórnartíðindanna.

Með því að auglýsingin í frjettablaði er sett aðeins til leiðbeiningar fyrir aðra atvinnurekendur á Íslandi, er aldrei ástæða til að krefjast auglýsingar erlendis.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gjörð tilslökun á aðalákvæðinu í 5. gr. 5. lið og stendur hún í sambandi við það, að leyft er að hafa almennar tölur, bókstafi eða orð sem hluta af myndmerki. Ef nú tölur þessar, bókstafir o. fl. eru aðeins óverulegur hluti merkisins, er ekki nein ný regla í greininni, því einstakir hlutar af merki njóta yfirhöfuð engrar verndar, þegar ekki er hætt við að merkjunum verði blandað saman í heild sinni, sbr. 5. gr. 5. lið; en ef þessar tölur, bókstafir o. fl. eru aðalhluti merkisins, af því merkið t. d. aðeins fyrir það verður talið myndmerki að umgjörð er um tölurnar

eða bókstafina, þá er sú regla í greininni ný, að það útilokar ekki aðra frá að nota sömu tölur og bókstafi sem aðalhluta annars merkis, þótt það gæti leitt til misgripa.

Reglan er þannig nauðsynleg uppbót á ákvæðinu í 5. gr. 5. lið, og fyrir henni eru sömu ástæður, sem því valda, að bönnuð er skrásetning merkja sem eingöngu eru almennar tölur, bókstafir eða orð.

Sama regla er látin gilda þegar vörumerki eru eingöngu eða að nokkru leyti samsett af táknum eða merkjum, sem almennt eru við höfð í ákveðnum umsýslugreinum. Það á ekki heldur að veita einkarjett til að nota þessi merki, og ástæðan til að ekki er bönnuð skrásetning vörumerkja, sem aðeins hafa þessi einkenni inni að halda, er eingöngu sú, að ekki verður ætlazt til að skrásetjari þekki öll þess konar merki.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein verður tilkynning óþörf, þótt vörumerki manns gangi til annars; aptur á móti skal samkvæmt 10. gr. færa sönnur á rjett tilkynnanda á vörumerki, þegar það er tilkynnt til endurnýjunar af öðrum en þeim, er upphaflega tilkynnti það.

Um 10. gr.

Það verður að telja óheppilegt af ýmsum ástæðum að halda vörumerkjaverndinni uppi í lengri tíma en hagsmunir tilkynnanda útheimta, einkum fyrir það, að íllt verður að hafa glöggt yfirlit yfir ástandið, ef óþarflega mörg vörumerki njóta verndar. Til þess að komast eptir því, hvort það stöðugt hafi verulega þýðing, að rjettarverndinni sje haldið uppi, er því krafizt tilkynningar um endurnýjun við og við gegn lægra gjaldi. Ákvæði greinarinnar um, að hlutaðeigandi atvinnurekanda skuli gefin vísbending um, að fresturinn renni út innan skamms, koma í veg fyrir það, að sá, sem það ríður á miklu að halda einkarjettinum, hafi nokkur óþægindi af endurnýjunarskyldunni, svo teljandi sje.

Þess er ekki krafizt að eptirsteypur sjeu sendar, af því eigi skal birta almenningi auglýsing um endurnýjunina, en hins vegar virðist eðlilegt að geta um endurnýjunina meðal auglýsinganna í Stjórnartíðindunum.

Um 11. gr.

Málum um heimild skrásetjara til að synja skrásetningar má samkvæmt 6. gr. skjóta til æðra umboðsvalds, en úr spurningunni um afmáun skrásetningar skulu dómstólarnir venjulega skera. Aðeins þegar athygli er leitt að því, að skrásett vörumerki geti valdið hneyksli eða hafi inni að halda opinber skjaldmerki eða merki, t. d. skjaldmerki annars ríkis, er eðlilegt að umboðsvaldinu sje gefinn kostur á að afmá skrásetninguna strax, en skeyti verður þá að senda hlutaðeiganda um það samkvæmt 12. gr.

Í þriðja hluta greinarinnar er farið fram á eins árs frest til að höfða mál út af þessu, en samkvæmt dönsku lögunum er fresturinn 4 mánuðir, en vörumerkjaskrásetjarinn getur þess, að þessi frestur hafi í konungsríkinu eigi ósjaldan reynzt of naumur.

Um 12. gr.

Við þessi ákvæði er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Um 13. og 14. gr.

Viðvíkjandi ábyrgðarákvæðum þessum skal þess aðeins getið, að mál það, sem getur um í fyrra hluta 13. gr., er auðvitað almennt einkamál, er sá höfðar, er þykir einkarjetti sínum hallað með framboði á vörunni til sölu, hins vegar er sakamálið almennt lögreglumál, höfðað eptir beiðni þess, er órjettinn hefur beðið, sbr. 7. gr. Samkvæmt markmiði laga þessara og ætlunarverki þeirra, er sá einn talinn verða fyrir órjetti, er einkarjettur hans er brotinn, en almenningur nýtur eins og áður er sagt, eigi annarar verndar gegn því að hafðar sjeu vörur á boðstólum með ósönnum vörumerkjum, en þeirrar er hegningarlögin veitir honum.

Um 15. gr.

Ákvæði þessi eru samkvæm alþjóðlegum grundvallarreglum um vernd á vörumerkjum og samhljóða samsvarandi ákvæðum í dönsku vörumerkjalögunum. Þó er eitt einstakt ákvæði ekki tekið með úr lögum þessum, af því vörumerkjaskrásetjarinn kvað það hafa enga þýðingu í framkvæmdinni.

Þess skal getið, að vörumerkjaskrásetjarinn hefur sagt, að ekki mundi samkvæmt alþjóðlegum reglum gjörandi að hafa frest þann, er getur um í 5. lið, lengri en 4 mánuði.

Um 16.—19. gr.

Þessi ákvæði virðast eigi þurfa neinna skýringa við.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Ed.

20. Frumvarp

til laga um eftirlaun. Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_4$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landssjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en bættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öllu þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem

ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt, eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum

Ed. **21. Frumvarp**

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og læknar í 4. og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða.

2. gr Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kýs heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess $1^1/_3$% af launum sínum.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr. Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá keypt sér æfilangan lífeyri fyrir meir eða minna af ellistyrknum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

Ed. **22. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu. Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

Á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **23. Tillaga**

til þingsályktunar í fjárkláðamálinu. Flutningsmenn: Árni Jónsson. Ólafur Briem. Stefán Stefánsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til að taka fjárkláðamálið til íhugunar og koma fram með tillögur um ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum.

Nd. **24. Tillaga**

til þingsályktunar um samgöngumál. Flutningsmenn Lárus H. Bjarnason, H. Hafstein, Ó. Thorlacius, Hannes Þorsteinsson.

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um samgöngumál landsins.

Nd. **25. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Þórh. Bjarnarsyni, Stefáni Stefánssyni, Einari Þórðarsyni, Pétri Jónssyni, Birni Bjarnarson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga landbúnaðarmál.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um ráðherra-ábyrgð. Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Ráðherra Íslands má ábyrgðar krefja fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir sekur um orðið í embættisfærslu sinni, ef málið er svo vaxið, að hann með því hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við hin gildandi stjórnarskipunarlög eða önnur landslög.

2. gr.

Hver sá ráðherra, er þannig gagnsætt hinum gildandi stjórnarskipunarlögum eða öðrum landslögum, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, kemur því til leiðar:

a,) að skert sé í nokkru réttindi eða drottinvald konungs;
b,) að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er miði til að skerða frelsi, sjálfstæði eða sjálfsforræði landsins;
c,) að dregið sé lið inn í landið, eða beitt hervaldi gegn landsmönnum, án lagaheimildar eða samþykkis alþingis;
d,) að nokkuð það, sem ályktun alþingis þarf til, sé framkvæmt án samþykkis þess;
e,) að ályktun löggjafarvaldsins sé eigi fullnægt á þann hátt, sem sjórnarskráin mælir fyrir;
f,) að lög frá alþingi séu eigi lögð fyrir konung til staðfestingar;
g,) að synjað sé um skjöl, skilríki eða skýrslur, sem alþingi á heimting á, að því sé í té látið;

skal, svo framarlega sem brotið verður eigi metið landráðasök, hafa fyrirgjört embætti sínu, eða, ef stórsakir eru, dæmdur verða óverður til að hafa á hendi nokkurt embætti, umboð eða sýslun.

3. gr.

Sektum alt að 5000 kr., eða eftir atvikum sömu hegningu, sem ákveðin er í 2. gr., sætir sá ráðherra er gagnstætt stjórnarskránni eða öðrum landslögum, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, stuðlar að því:

a,) að tekjum landssjóðs eða þjóðeignum sé ótilhlýðilega varið eða stjórnað;
b,) að fé því, sem veitt er til landsþarfa, sé eigi varið til þess, sem það er ætlað, að svo miklu leyti, sem nauðsyn ber til;
c,) að eigi séu gjörðar nauðsynlegar ráðstafanir um afgreiðslu, birtingu og framkvæmd laga og tilskipana;
d,) að nokkrum sé varnað að neyta réttar síns til að senda konungi, alþingi eða hlutaðeigandi valdsmanni bænarskrár;
e,) að lagðar séu tálmanir fyrir lögheimiluð málfrelsi, fundafrelsi og prentfrelsi;

f,) að nokkrum sé embætti veitt, er eigi fullnægi öllum þeim skilyrðum, sem fyrir veitingu þess embættis eru sett í lögum;

g,) að nokkrum sé varnað að neyta atkvæðisréttar síns eða þingseturéttar með ófyrsynju-rannsókn eða ákæru um glæp:

h,) að yfirskoðunarmönnum landsreikninganna séu eigi sendir reikningarnir í tæka tíð eða synjað um skýrslur þær og skjöl, er þeim þurfa þykir.

4. gr.

Sé einhver ólöglega frá embætti settur, frelsi sviptur, fjármunum eða atvinnu, flæmdur frá verustað sínum eða landrækur gjör, skal ráðherra sá, er slíku hefir valdið eða að því stutt, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, sæta hegningu samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Ef dregið er lengur en heimilað er í hinum gildandi stjórnarskipunarlögum, að stefna saman alþingi, eða vanrækt að annast um, að nýjar kosningar fari fram í lögákveðna tíð, varðar það ráðherra hegningu samkvæmt 2. gr.

6. gr.

Sömu hegningu varðar það ráðherra, ef bráðabyrgðalög eru gefin út, án þess að brýna nauðsyn beri til, sérstaklega ef bráðabyrgða-fjárlög eru út gefin, eftir að alþingi eða önnurhvor deild þess hefir rofin verið, án þess þingið hafi átt kost á, að leiða fjárlögin til lykta, eða slík lög eru útgefin meðan fundum alþingis er frestað, hvort heldur fresturinn er með samþykki þingsins eða eigi.

Sama er og um það, ef nauðsynin að gefa út bráðabyrgðalög var fyrirsjáanleg meðan alþingi stóð yfir, án þess því hafi verið gefinn kostur á, að ráða málefni því til lykta.

7. gr.

Nú þykir ráðherra nauðsyn til bera, að brúka fé umfram það, er alþingi hefir veitt, eða á annan hátt, en ákveðið er, og verður hann þá sekur eftir 2. gr., ef hann hefir varið fénu gagnstætt því, sem bersýnilega mátti gjöra ráð fyrir að væri vilji þingsins,

8. gr.

Hafi ráðherra í málum þeim, er konungur eða alþingi lætur höfða gegn honum, brotið gegn almennum hegningarlögum, skal ákveða hegninguna eftir þeim, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum.

9. gr.

Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritara þegar hann á eigin ábyrgð gegnir störfum ráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland.

Ed. 27. **Frumvarp**

til laga um bæjarstjóru í Hafnarfirði. — Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson og J. Havsteen.

1. gr. Hafnarfjarðarverzlunarstaður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

Ur Skerseyrartanga í sjó frammi beina línu í Garðaborg, þaðan sjónhending í vörðu á háum kletti í Hrauninu, þaðan bein lína á íbúðarhúsið á Setbergi í vörðu á hraunjaðrinum fyrir sunnan og vestan Setberg. Úr þeirri vörðu beina leið í vörðu í vesturhallanda Árfjalls, þaðan í Fuglstapaþúfu hina efri, og úr henni heina línu yfir Fuglstapaþúfu hina neðri í sjó fram. Að öðru leyti takmarkast kaupstaðarsvæðið af sjó. Kaupstaðurinn skal skyldur til að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og viðhalda þeim.

Sýslumaðurinn í Gullbringu og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins, og hefir hann að launum 500 kr. úr landssjóði.

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórna af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Bæjarfógeti er oddviti stjórnarinnar; hann hefir atkvæðisrétt á fundum.

3. gr. Oddviti hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gjörir, og á bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf, eftir reglum, sem hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr. Bæjarfulltrúar skulu vera 6, og skulu kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrétt hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk og hafi greitt að minsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrétt hafa og ekkjur og ógiftar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrétt kvenna, og þeim skilyrðum, sem sett eru í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður og kvenmaður, er kosningarrétt hefir. Heimilt er þó kvenmönnum að skorast undan kosningu.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert, eftir samkomulagi, eða hlutkesti, verði samkomulagi ekki ákomið. Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eftir nýjár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sé samin um þá, sem kosningarrétt eiga; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en kjörstjórar eru: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, er lúta að því, að nokkur sé oftalinn eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á málið.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing

alment eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa því yfir fyrir kjörstjórninni munnlega eða skriflega, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarréttar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja þau saman. Að því búnu nefnir hann þá kosna fulltrúa, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sé sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests eða annars hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu. Kjörstjórnin sker úr þessu, en láti hann sér ekki lynda úrskurð hennar, skal málinu skjóta til bæjarstjórnarinnar. Sá sem hefir gegnt fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þá sýslu aftur fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram hefir farið, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eftir að kosning hefir fram farið eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfsmánaðar frá því, að kæruskjalið var afhent bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leita um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir ráðgjafanum, innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram kunna að hafa komið yfir hinum nýju kosningum.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en sá tími er liðinn, sem hann er kosinn til, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svifta hann kjörgengi; hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða víkja úr bæjarstjórninni um stund af því að hann hefir vanrækt, eða færst undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn bera kæru sína undir ráðgjafann á þann hátt, sem segir í næstu grein hér á undan.

12. gr. Oddviti stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gjörðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gjörð, verður auk oddvita, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða.

Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundalok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en ráðgjafinn samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, eða að ákvörðunin sé gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt um það í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðgjafanum skýrslu; en hann leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til ráðgjafans.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs 4 menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin kýs tvo menn til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarfógeta; skal annar þeirra kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur til að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti um 3 ár, nema honum sé fyrirmunað það af einhverjum atvikum, er bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn, eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er almanaksárið. Innan 1. dags. októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sé lagður á bæjarbúa. Því, sem ávantar til að standast straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eftir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags. nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis ráðgjafans má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

20. gr. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fult gjald eftir efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi og haft aðsetur annarsstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina.

Svo má og leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er séu rekin að minsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar ekki fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eftir efnum og ástæðum eftir því er hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði, án þess tillit sé haft til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Um kosningarrétt og kjörgengi til niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrétt og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara 2 frá að 3 árum liðnum; skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverra þriggja ára fresti 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama sem fyr segir um kosningu í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka á móti kosningu í bæjarstjórn, getur skorast undan að taka móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefir 6 ár, eða lengur, samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafn lengi og hann hefir í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sér oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (12. gr.).

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði, samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin, og skrá um gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni, eða á öðrum hentugum stað, eftir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem hafa flutt sig til kaupstaðarins eftir að niðurjöfnun fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkv. 19. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kæru gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflegar innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gert, má svo innan hálfsmánaðar

þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða ekki teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og yfir því, ef einhverjum er slept, sem þar á að standa. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sé slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið í bæjarstjórninni eða niðurjöfnunarnefndinni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem slept hefir verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti að minsta kosti numið því lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Hafnarfjarðarbæjar og einhvers annars sveitarfélags um það, hvernig eigi að skifta milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal ráðgjafinn skera úr því.

Ef einhver þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Séu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr. Bæjarstjórn og sérstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar, og í tækan tíma; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins þangað til á því þarf að halda til að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 mánuðgefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hefir í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarf-

ir, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv. skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landsstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðgjafans takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja, né veðsetja fasteignir hans, né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, né lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár og senda bæjafógetanum fyrir lok janúarmánaðar. Bæjarfógetinn lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis um hálfan mánuð, og skal um birtingu þess, svo og útásetningar út á reikninginn, fara að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sé af kaupstaðarbúum þeim, er hafa kosningarrétt samkvæmt 5. gr. Skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa starfið á hendi í 3 ár. Yfirskoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fékk hann. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum hans, en það skal hann hafa gert innan hálfsmánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum endurskoðanda og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega falin á hendur (3. gr.).

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sé réttur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. — Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til séu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðgjafanum reikning yfir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfiskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögleg gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal ráðgjafinn gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Ráðgjafinn gerir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fult gildi 1. dag júnímánaðar 1904.

Ákvarðanir um stundarsakir:

Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Hafn-

fjarðar hins vegar gera milli sín samning um skifti á eigum og skuldum sýslusjóðsins og sýsluvegasjóðsins. Ef nokkur ágreiningur verður um þau skifti liggur hann undir fullnaðarúrskurð ráðgjafans.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd hins nýja Garðahrepps gera einnig milli sín samning um skifti á eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Garðahrepps. Rísi nokkur ágreiningur út af þeim skiftum, sker ráðgjafinn einnig úr.

Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1904 til 31. desember sama ár. —

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Gerðaleir í Gullbringusýslu. Flutnm.: Björn Kristjánsson.

Við Gerðaleir í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **29. Frumvarp**

til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Þórhallur Bjarnarson.

1. gr. Að því er stjórn sveitarmála snertir skal Kjósar- og Gullbringusýsla skift í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er Gullbringusýsla, og eru í því þessir hreppar: Seltjarnarnesshreppur, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalanesshreppur, Miðnesshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Hitt sýslufélagið er Kjósarsýsla, og eru í því þessir hreppar: Kjósarhreppur, Kjalarnesshreppur og Mosfellshreppur. Hvert sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitarmálefna fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufélaginu um sig skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, er varða sýslufélagið samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er kosinn sé eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna. Sömuleiðis skal eftir sömu reglum kjósa varasýslunefndarmann fyrir hvern hrepp í hinum nýju sýslufélögum samkv. lögum 6. nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. janúar 1880.

3. gr. Allar eigur og skuldir sýslufélagsins skiftist milli hinna nýju sýslufélaga að $^2/_3$ eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, en að $^1/_3$ eftir tölu verkfærra manna.

4. gr. Landshöfðingi gerir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Nd. **30. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson. Jóhannes Ólafsson.

1. gr. Niðurjöfnun sú eftir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. gr. í lögum 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Á kaupfélög og pöntunarfélög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu svo sem hæfa þykir eftir veltu og arði í söludeild félagsins. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina.

2. gr. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á fasta verzlun í hreppnum ef hún er samtals rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigandinn hafi þar ekki aðsetur.

Svo má og leggja aukaútsvar á æðarvarps, fuglatekju, selveiði og laxveiði-ítök þó eigandinn noti eða láti nota ítökin skemur en 4 mánuði gjaldársins og hafi aðsetur eða lögheimili annarsstaðar en í hreppnum, þar sem ítakið liggur, svo og á þá menn, sem lögheimili hafa utanhrepps, en hafa jörð til eignar eða afnota og flytja af henni hey eða áburð í annan hrepp eða kaupstað.

Á stofna þá, sem taldir eru í þessari grein, má leggja aukaútsvar eftir því, er hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði án þess tillit sé haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða 2. gr. í lögum 9. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

3. gr. Með lögum þessum eru lög 9. ágúst 1889 og 6. marz 1896 um viðauka við tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 úr gildi numin.

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Staðarfell í Hvammsfirði í Dalasýslu. Flutningsmaður Björn Bjarnarson.

Við Staðarfell í Hvammsfirði í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **32. Tillaga**

til þingsályktunar um sérstakan strandgæzlubát á Faxaflóa. Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson.

Alþingi skorar á stjórnina, að hlutast til um, að útvegaður verði og sendur hingað svo fljótt sem verða má sérstakur fallbyssubátur til strandgæzlu á Faxaflóa.

Ed. **33. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á gildandi ákvæðum um dómsmála- og aðrar almenning-auglýsingar. Frá J. Havsteen.

Í stað orðanna: »Dómsmála og aðrar almennings-auglýsingar um dómsmál« o. s. frv., komi: »Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál« o. s. frv.

Fyrirsögn laganna breytist samkvæmt þessu, og verði á þessa leið: Frumvarp til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmála-auglýsingar.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki o. fl. Flutningsm. Eggert Pálsson.

1. gr. Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landssjóðs þannig:

1. af smjörlíki	10 aura	af hverju pundi
2. „ osti alls konar	5 —	„ — —
3. „ kartöflum	10 —	„ hverjum 10 pundum.

Brot úr tolleiningu, sem nema helmingi eða meir, skulu talin sem heil tolleining, en minni brotum skal slept.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða, enda sé skipsforðinn eigi meiri, en ætla má að nægi, eftir því sem tíðkazt hefir til þessa. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð landshöfðingja.

2. gr. Um innheimtu aðflutningsgjaldsins og eftirlit með flutningi á hinum tollskyldu vörum fer eftir ákvæðum toll-laga fyrir Ísland 8. nóv. 1901.

3. gr. Stjórnin annast um að sérprentuð útlegging á lögum þessum á danska, og enska tungu sé afhent lögreglustjórum til útbýtingar til kaupmanna og skipstjóra.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **35. Tillaga**

til þingsályktunar um mentamál. Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason. Hermann Jónasson. Eggert Pálsson. Hannes Hafstein. Ó. Thorlacius. Tryggvi Gunnarsson. Jóhannes Ólafsson. Hannes Þorsteinsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa nefnd til að íhuga menntamálið og gjöra tillögur um það.

Ed. **36. Tillaga**

til þingsályktunar um samgöngumál. Frá Sigurði Jenssyni. Valtý Guðmundssyni. Jóni Jakobssyni.

Efri deild alþingis ályktar að skipa nefnd til að íhuga samgöngumál landsins.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu. Flutningsmenn: Stefán Stefánsson. Ólafur Briem.

Við Selvík í Skagafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um heimild handa sýslunefndum og hreppsnefndum til að hækka vegagjald. Flutningsmenn Ólafur Ólafsson og Hannes Þorsteinsson.

Sýslunefndum og hreppsnefndum veitist heimild til, þar sem þörf krefur, að hækka alt að helmingi gjald það, er hver verkfær maður skal greiða til sýsluvega og hreppavega samkvæmt 11. og 17. gr. laga um vegi 13. apríl 1894.

Nd. **39. Frumvarp**

til heimildarlaga um áfangastaði. Flutningsmenn Hannes Þorsteinsson og Ólafur Ólafsson.

Sýslunefndum veitist heimild til að greiða úr sýslusjóði hæfilegt árgjald fyrir áfangastaði í sýslunni, þar sem hún álítur þá nauðsynlega.

Ed. **40. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. október 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

Barðastrandarlæknishéraði skal frá 1. jan. 1904 skift í 2 læknishéruð, sem sé:

1. Patreksfjarðarhérað, sem nær yfir Rauðasandshrepp, Tálknafjarðarhrepp og Barðastrandarhrepp fyrir vestan Vatnsdalsá.

2. Bíldudalshérað, er nær yfir Suðurfjarðahrepp og Dalahrepp í Barðastrandarsýslu.

Patreksfjarðarhérað telst til 2. flokks læknishéraða og Bíldudals til 5. flokks sbr. 1. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Nd. **41. Nefndarálit**

um stjórnarskrármálið.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefir skipað oss undirritaða í nefnd til þess enn af nýju að athuga frumvarp það til stjórnarskipunarlaga, sem samþykt

var af alþingi í fyrra, og sem nú, eftir þingrof og almennar kosningar, er lagt fyrir hið nýkosna alþingi til fullnaðarúrslita. Vér höfum rætt það og athugað í sambandi við mótbárur þær gegn einu atriði þess, sem brytt hefir á síðan á síðasta þingi, og leyfum oss hér með að láta uppi álit vort.

Það er samhuga skoðan nefndarinnar, að frumarpið hafi stórmikla og nauðsynlega stjórnarbót að færa, og getur hún, að því er *það* atriði snertir, látið sér nægja að skírskota til nefndarálitanna um stjórnarskrármálið í báðum deildum alþingis í fyrra. Nýafstaðnar kosningar hafa sýnt það ótvírætt, að þjóðin öll eða mjög yfirgnæfandi meiri hluti hennar aðhyllist frumvarpið, væntir sér góðs af því og óskar, að það sé samþykt óbreytt, og höfum vér ekki getað fundið neinn þann agnúa á frumvarpinu, sem verið gæti því til fyrirstöðu.

Til þess að koma í veg fyrir allan misskilning skulum vér taka fram, að vér teljum ekki að öllum hinum gömlu stjórnbótakröfum Íslands sé fullnægt með frumvarpi þessu; en hins vegar teljum vér stórmikið unnið af því, sem hefir verið aðalkjarninn í stjórnbótakröfunum, án þess að neinu sé slept af áðurfengnum réttindum.

Vér finnum ástæðu til að taka það fram sérstaklega, að ákvæði frumvarpsins um að ráðherrann skuli bera lög og aðrar mikilvægar stjórnarathafnir upp fyrir konungi í ríkisráðinu, er *ekki* þess eðlis, að samþykt þess geti á nokkurn hátt valdið vafa um það, að vér eftir sem áður höldum óskertum sérréttindum þjóðar vorrar og landsréttindakröfum hennar. Ákvæðið verður bersýnilega að skiljast í samræmi við þá meginsetning, sem stendur í 1. grein stjórnarskrárinnar, að Ísland skuli hafa löggjöf sína og stjórn *út af fyrir sig* í öllum þeim málefnum, sem varða það sérstaklega, þannig, að löggjafarvaldið sé hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendum. Konungur getur, eftir beinum ákvæðum frumvarpsins, ekki falið *neinum öðrum* en ráðherra Íslands einum að framkvæma neitt af því æðsta valdi, sem honum ber í löggjöf og landsstjórn Íslands eftir stjórnarskrá þess. Þegar af þessum ástæðum er óhugsandi, að í ákvæðinu um flutning málanna fyrir konungi í ríkisráðinu felist nokkuð það, sem veiti *öðrum* ráðgjöfum konungs nokkurt vald yfir sérmálum Íslands, eða rétt til að láta þau til sín taka. Í ástæðum frumvarpsins er það og skýrt tekið fram, að það geti »auðvitað ekki komið til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna fari að skipta sér af neinu því, sem er sérstaklegt mál Íslands«. Þessi orð sýna, að núverandi stjórn vor er á sama máli og vér um þetta atriði, og þykir mega telja víst, að yfirlýsing þessi sé sett í frumvarpsástæðurnar með fullri vitund hinna ráðherranna, og þannig viðurkend af þeim.

Á þessum skilningi var bygt, er frumvarpið var samþykt í fyrra, og á þeim skilningi byggir nefndin enn.

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um, að Ísland skuli hafa stjórn sérmála sinna út af fyrir sig, kemst nú fyrst til fullra framkvæmda að því, er löggjöf og landsstjórn snertir, nú er stjórnarathöfnin er verklega aðgreind frá öllum öðrum stjórnarstörfum í ríkinu, og ráðherrann ásamt stjórnarráði sínu verður í landinu

sjálfu. Hingað til hefir, eins og kunnugt er, ráðherrastörfunum verið gegnt af mönnum, sem jafnframt hafa haft önnur (dönsk) ráðgjafaembætti á hendi, og stöðugt verið við hlið konungs. Þegar nú ráðgjafinn flyzt langar leiðir burtu frá konungi, er hann þó verður að bera undir helztu mál landsins, verður nauðsynlegt að setja einhverja fasta reglu um það, hvernig sambandinu milli konungs og ráðherra Íslands skuli hagað. Vér lítum svo á, að ákvæðið um að ráðherrann skuli »fara svo oft sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir«, sé slík fyrirkomulagsregla, og það er svo langt frá því, að þar með sé viðurkent gildi danskra grundvallarlaga á Íslandi, að því er þvert á móti slegið föstu með ákvæðinu, að hér sé um fyrirkomulag að ræða, sem taki til hins *íslenzka* löggjafarvalds að ákveða um, svo sem önnur sérstök málefni Íslands. Með hinum tilvitnuðu orðum er engin heimild gefin til þess, að sérstakleg málefni Íslands séu *rædd* (»forhandles«) í ríkisráðinu; þau ákveða að eins, að ráðherrann hitti konunginn *þar*, og beri *þar* upp fyrir *honum* — ekki öðrum — mál þau, er hann hefir að flytja. Með því að tiltaka þann stað, vinst það, að ekki þarf að setja nein önnur ákvæði viðvíkjandi því, á hvern hátt ríkisstjórnin skuli fá vitneskju um hverju framvindur í hinni sérstöku löggjöf vorri og stjórn. En það er viðurkent, að hún hafi eðlilegan rétt til þess, er Danmörk ber alla ábyrgð gagnvart öðrum þjóðum.

Ennfremur vinst það, að ráðherra Íslands verður til staðar til að standa fyrir máli sínu og Íslands, ef einhver annar ráðgjafi konungs skyldi hreifa nokkru, er kæmi of nærri sérmálasviði Íslands. Auk þess hefir þetta fyrirkomulag þann kost, að það er í fullu samræmi við stjórnarháttu ríkisins. — Þótt vér nú ekki getum séð, að það sé »stjórnarfarsleg nauðsyn«, að velja þetta fyrirkomulag, þar sem væntanlega mætti finna aðra vegi, sem ekki kæmi í bága við stöðu þá í ríkinu, sem Íslandi er mörkuð í gildandi lögum, þá sjáum vér ekki annað fyrirkomulag hagfeldara og umsvifaminna en það, sem frumvarpið fer fram á, og viljum vér óhikað aðhyllast það, eins og það liggur fyrir, með þeim formála, er að framan greinir.

Staða ráðherra Íslands verður í verulegum atriðum frábrugðin stöðu hinna annara ráðherra konungs. Hann verður skipaður eftir stjórnarskrá Íslands, ekki eftir grundvallarlögunum. Hann er íslenzkur embættismaður, búsettur á Íslandi, launaður af landssjóði Íslands, ekki af ríkissjóði. Hann hefir að eins á hendi sérmál Íslands, og má ekki gegna neinu öðru ráðgjafaembætti. Valdsvið hans liggur fyrir utan valdsvið grundvallarlaganna og dómsvald ríkisréttarins. Hann ber ábyrgð fyrir alþingi einu, er ljóslega sést á því, að orðin »fyrir sitt leyti« í 3. gr. stjórnarskrárinnar eru felld úr í frumvarpinu. Hann svarar til sakar fyrir hæstarétti, og á ekki sæti í ríkisþinginu né atkvæði um málefni konungsríkisins, eins og á hinn bóginn hinir ráðgjafarnir geta ekki með undirskript sinni gefið gildi neinum ákvörðunum viðvíkjandi þeim málum, er liggja undir verksvið hans. Hann situr ekki í ríkisráðinu að staðaldri, heldur kemur hann þar

að eins endrum og sinnum í ákveðnum erindum. Hann á ekki sæti á ráðgjafasamkundum (Ministerraad), og málum þeim, sem hann flytur, getur ekki orðið ráðið til lykta á þann hátt, sem um ræðir í 16. gr. hinna dönsku grundvallarlaga, heldur verður hann jafnan að leita úrskurðar konungs *eins* í ríkisráðinu. Hann verður laus við flokkaskiptingar og stjórnarskipti í Danmörku, en stendur og fellur með fylgi því, sem hann hefir á alþingi og á Íslandi, enda göngum vér að því vísu, að hann verði skipaður af konunginum með undirskript ráðgjafans fyrir Ísland.

Staða Íslandsráðherrans í ríkisráðinu er þannig alt annars eðlis en ríkisráðseta ráðgjafans fyrir Ísland hefir verið í framkvæmdinni til þessa. Sérstaða hans í ríkisráðinu er nú orðin sjálfsögð og ómótmælanleg, og þess vegna er ekki lengur ástæða til að hafa móti því, að hann beri þar upp sérmál vor fyrir konung.

Þar sem vér þannig erum fullkomlega sannfærðir um, að það ákvæði frumvarpsins, sem um hefir verið rætt hér að framan, geti ekki á neinn hátt skert réttindi eða sjálfstæði Íslands, né dregið neitt af því valdi, sem landstjórninni ber eftir 1. gr. stjórnarskrárinnar, úr höndum hennar, en vér hinsvegar álítum stórmikið uppfylt af sjálfstjórnarkröfum þjóðarinnar með þessu frumvarpi, er það verður að stjórnskipunarlögum, þá hikum vér eigi við að ráða hinni háttvirtu þingdeild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt í öllum greinum.

Alþingi, 8. júlí 1903.

Lárus H. Bjarnason, formaður. H. Hafstein, skrifari og framsögumaður. Eggert Pálsson.

Guðl. Guðmundsson. Hannes Þorsteinsson.

Magnús Andrésson. Skúli Thoroddsen.

Nd.

42. Frumvarp

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækka þannig, að austurtakmörk séu merkjaskurður og garður austan við Rauðarármýri (Félagstún) frá sjó upp að Laugavegi, suðurtakmörk lína frá enda nefnds garðs við Laugaveg í suðurhorn Grænuborgartúns, og þaðan lína með suðurjaðri Sauðagerðistúns vestur í Kaplaskjólsveg, og vesturtakmörkin lína þaðan í enda Framnesvegar við Grandabót.

Merkjasteinar skulu settir fyrir verzlunarlóðinni.

Nd.

43. Frumvarp

til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað. Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

1. gr. Þá er beðið er um útmælingu á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn

heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eftir tillögu byggingarnefndar.

2. gr. Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsbréfi 3. apríl 1844 viðvíkjandi Brúarkirkju í Hofteigsprestakalli. Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Aukaþóknun sú, 20 ál. fyrir hverja messuferð, sem sóknarbændum Brúarkirkju hefir verið skylt að greiða prestinum í Hofteigi samkvæmt konungsbréfi 3. apríl 1844, skal niður falla við næstu prestaskifti.

Ed. **45. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

Háttv. e. d. alþingis hefir kosið oss undirskrifaða til að íhuga ofanneínt frumvarp, og segja álit vort um það, og verður það á þessa leið.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, en er samið eftir frumvarpi því um sama efni, sem alþingi samþykti í fyrra. Fer það í sömu átt og alþingisfrumvarpið, og hefir hin sömu aðal-ákvæði og það. Frumvarpið fer fram á, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að árlega sé safnað skýrslum um starfsemi vátryggingarfélaga hér á landi, að undanskildum sjóvátryggingarfélögum, og um öll þau atriði í framkvæmdum þeirra, sem geta haft þýðingu fyrir almenning. Að þetta sé gjört, er æskilegt bæði frá hagfræðislegu sjónarmiði yfirleitt, því að starfsemi félaga þessara er þegar orðin allþýðingarmikill þáttur í þjóðarhag vorum, og einnig með tilliti til þess, að skýrslur þessar eru nauðsynlegar til leiðbeiningar þegar spurning verður um það að setja hér á stofn vátryggingarfélög í ýmsum greinum; reynsla þeirra félaga, sem hafa starfað hér á landi að vátryggingum, verður þá vafalaust vissasti grundvöllurinn, er á má byggja, en áminstar skýrslur eiga að geta frætt um reynsluna.

Að þessu athuguðu álítum vér frv. vel fallið til þess að það verði gjört að lögum, og ráðum vér hv. deild til að samþykkja það með breytingum þeim, sem vér skulum nú gjöra grein fyrir.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins á að undanþiggja sjóvátryggingarfélög skyldum þeim, sem lagagrein þessi annars leggur á vátryggingarfélög. Vér getum þó eigi séð, að ástæða sé til þess, að því er snertir innlend sjóvátryggingarfélög. Hitt sjáum vér að getur verið vandkvæðum bundið, að heimfæra ákvæði laganna til útlendra (þar á meðal danskra) vátryggingarfélaga, sem að eins taka að sér einstakar ábyrgðir fyrir hérlenda menn, enda er vafasamt að

um þau verði sagt, að þau »*reki hér á landi þá starfsemi*« (sbr. upphaf 1. gr. frv.). Samkvæmt þessu leggjum vér það til, að bætt sé við 1. gr. ákvæði um, að lagagreinin taki eigi til *útlendra* vátryggingarfélaga, að því leyti sem þau tryggja fyrir sætjóni, og að innskotsorðin framarlega í greininni: »að sætjóni þó undanskildu« falli í burtu.

. Að öðru leyti eru breytingartillögur vorar að eins orðabreytingar, sem vér eigi þykjumst þurfa að rökstyðja sérstaklega, en þessar eru vorar

Breytingartillögur

við frumvarpið:

Við 1. gr.

1. Fyrir: »eða vátryggi« í 2. línu, komi: »eða að vátryggja«.
2. Orðin: »— að sætjóni þó undanskildu —« í 3. línu falli burt.
3. Fyrir: ábyrgðartegund« í 7. línu komi: »tegund ábyrgðar«.
4. Fyrir: »viðhefur« í 7. línu komi: »tekur að sér«.
5. Fyrir: »af ábyrgðum« í 8. línu, komi: »fyrir ábyrgðir«.
6. Aftan við greinina bætist ný málsgrein þannig orðuð: »Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti sem þau tryggja fyrir sætjóni«.

Við 2. gr.

7. Fyrir: »téðum skýrslum« í 2. málsgrein; komi: »skýrslum þessum«.
8. Fyrir: »og skýrslur þær« í 2. málsgrein 3. línu, komi: »og sendar eru skýrslur þær«.

Við 3. gr.

9. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
»Nú kemur fram við skifti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysa-»ábyrgð, er greiðast skal, en það kemur í ljós við skiftin að hinn látni eða »þrotamaðurinn hefir o. s. frv.«
10. Orðið: »hlutaðeigandi« í 3. línu, falli burt.

Við 4. gr.

11. Greinin orðist þannig: »Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum »tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr. varðar sektum frá 10—200 »kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir »heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heim-»ilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum. »Hafi félagið engan erindreka eða fulltrúa hér á landi, skal ábyrgðarmaður »blaðs þess, sem birtir auglýsingar fyrir félagið hér á landi, sæta sektunum, eða að öðrum kosti prentari sá, sem prentar þær.

Efri deild alþingis 7. júlí 1903.

Eiríkur Briem,	Kristján Jónsson,	Sigurður Jensson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **46. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 17, 13. sept. 1901 um breyting á tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

1. gr. Í byggingarsamþykt þeirri, sem um getur í 5. gr. laga nr. 17, 13. sept. 1901 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, má ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt áminstri samþykt og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra.

2. gr. Gjöld eftir 1. gr. greiðast af leyfisþegum og beiðendum og skulu hafa lögtaksrétt. Þau renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um brúargerð á Héraðsvötn. Flutningsmenn: Ólafur Briem og Stefán Stefánsson.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Héraðsvötn í Skagafirði hjá Ökrum, og verja til þess alt að 27000 króna úr landssjóði.

Nd. **48. Frumvarp**

til heimildarlaga um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi. Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson og Ólafur Ólafsson.

Heimilt er, þar sem þörf krefur, að láta aðalkosningu í hreppsnefnd fara fram á hreppaskilaþingum á haustin.

Ed. **49. Frumvarp**

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, er birta á samkvæmt núgildandi ákvæðum í »Berlingatíðindum«, skal frá 1. apríl 1904 í stað þess birta í Ríkistíðindunum (»Statstidenden«).

Nd. **50. Tillaga**

til þingsályktunar um fiskiveiðamál. Flutningsmenn: H. Hafstein, Jóh. Ólafsson.

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til þess að íhuga fiskiveiðamál landsins.

Nd. **51. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög.

Nefndin hefir tekið frumvarp þetta til íhugunar og komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að verða við marg-ítrekaðri ósk Kjósarsýslubúa um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög. En nefndin er þeirrar skoðunar, að meiri jöfnuður verði á sýslufélagaskiftingunni, ef Seltjarnarnesshreppur er látinn fylgja Kjósarsýslu sýslufélaginu, enda eru atvinnuvegir þessa hrepps svo náskyldir atvinnuvegum Kjósarsýslubúa.

Nefndin vill því ráða til að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu, að

1. grein frumvarpsins orðist þannig:

> Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Kjósar- og Gullbringusýslu skipt í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarnesshreppur. Hitt sýslufélagið er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðnesshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur.
> Hvert sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitarmálefna fyrir sig.

Neðri deild alþingis, 8. júlí 1903.

Hannes Þorsteinsson, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Magnússon.

Ed. **52. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. okt 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. Flutningsmaður Guðjón Guðlaugsson.

Staðarhreppur í Húnavatnssýslu, Bæjar- og Óspakseyrarhreppar í Strandasýslu skulu vera sérstakt læknishérað, er nefnist Borðeyrarhérað.

Héraðið telst til 5. flokks.

Nd. **53. Tillaga**

til þingsályktunar um sérstakan strandgæzlubát á Faxaflóa. (Eins og hún var samþykt við eina umr. í Ed.)

Alþingi skorar á stjórnina, að hlutast til um, að útvegaður verði og sendur hingað svo fljótt sem verða má sérstakur fallbyssubátur til strandgæzlu á Faxaflóa.

Nd. 54. **Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör. Frá landbúnaðarmálanefndinni.

1. gr. Rétt til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða félag, er flytur út í einu lagi til sölu erlendis 300 pund eða meir af íslenzku smjöri, er nær verði því, sem til er tekið í 2. gr., enda sé smjörið búið til á smjörbúi, sem forstaða er veitt af manni, er kann til smjörgerðar fyrir erlendan markað.

2. gr. Verðlaunin miðast við hæsta verð smjörmatsnefndarinnar dönsku í Kaupmannahöfn fyrir þá viku, sem hið íslenzka smjör er selt í, þannig að smjör, sem selst 26 aurum eða meir undir þessu matsverði, fær engin verðlaun, en seljist það 25—21 eyri undir matsverðinu, eru verðlaun veitt 5 aurar á hvert danskt pund, og er smjörið er selt 20 aura eða minna undir matsverðinu, þá 10 aura á pundið.

3. gr. Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til landshöfðingja, og færir skilríki fyrir rétti sínum til þeirra. Skilríki þau eru: farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, og sýni hún þyngd þess og tölu íláta, sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og eiginvottorð við drengskap og samvizku um, að þyngd og verð smjörsins sé rétt tilgrein á sölureikningnum.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu eigi komin til landshöfðingja, þegar fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er salan fór fram, og verður umsókn sú eigi til greina tekin.

4. gr. Landshöfðingi sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 11. nóvember 1899.

•

Nd. 55. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja. Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson og Hermann Jónasson.

1. gr. Árlega gjaldið og leyfisbréfsgjaldið fyrir að reka verzlun með áfenga drykki, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, greiðist hvort um sig með 1000 krónum.

2. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir að verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum, sem um ræðir í 3. gr. laganna, greiðist með 1200 kr.

3. gr. Árlega gjaldið og leyfisbréfsgjaldið fyrir rétt til veitinga áfengra drykkja, sem um ræðir í 6. og 7. gr. laganna, greiðist hvort um sig með 600 kr. í kaupstöðum og 400 krónum utan kaupstaða.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um undanþágu frá lögum 6. nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Flutnm.: Björn Kristjánsson og Þórh. Bjarnarson.

1. gr. Heimilt er innlendum mönnum að hirða fisk þann og flytja hann á land, sem útlend fiskiskip vilja láta af hendi, þótt utan hafna sé. Hver sá, sem tekur við fiski utan hafna úr útlendu eða utanríkis fiskiskipi, er skyldur til, þegar er hann kemur að skipshlið, og án þess að hleypa nokkrum manni upp á skipið, að fá hjá skipstjóra skriflega yfirlýsingu upp á æru og samvizku um, að á skipinu sé ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um, að hafi næman sjúkdóm eða lík manna, sem dánir séu úr slíkum sjúkdómum. Að öðrum kosti er óheimilt að hirða fiskinn eða flytja hann í land. Vottorð skipstjóra skal senda í hvert skifti svo fljótt sem verður viðkomið til næstu sóttvarnarnefndar.

2. gr. Ef vanrækt er að fá yfirlýsingu þá frá skipstjóranum, er 1. gr. ræðir um, varðar það sekt 20—100 kr.

Ed. **57. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefir tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti, sem þau tryggja fyrir sætjóni.

2. gr. Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþyktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþyktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefir verið gjörð á.

3. gr. Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða

slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin að hinn látni eða þrotamaðurinn hefir trygt líf sitt eða verið trygður gegn slysum, er skiptaréttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum, áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum. Hafi félagið engan erindreka eða fulltrúa hér á landi, skal ábyrgðarmaður blaðs þess, sem birtir auglýsingar fyrir félagið hér á landi, sæta sektunum, eða að öðrum kosti prentari sá, sem prentar þær.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. laga 2. nóv. 1885 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

200 króna gjald það, sem greiða skal frá Prestsbakkaprestakalli í Strandaprófastsdæmi samkvæmt 3. gr. laga 2. nóv. 1885, fellur burt frá fardögum 1901.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

Á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmála-auglýsingar. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, er birta á samkvæmt núgildandi ákvæðum í »Berlingatíðindum«, skal frá 1. apríl 1904 í stað þess birta í Ríkistíðindunum (»Statstidenden«).

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Flutnm.: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Að Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður, og skal verzlunarsvæðið ná yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir, frá Hólsá að svo nefndri Bogavör, og beina sjónhending þaðan í Traðarland.

Ed. 62. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vernd á vörumerkjum.

H. e. d. hefir skipað oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga ofannefnt frv., sem stjórnin hefir lagt fyrir alþingi, og segja álit vort um það. Vér höfum samkvæmt umboði þessu íhugað frv. rækilega á mörgum fundum, og höfum vér komist að þeirri niðurstöðu, að það sé veruleg réttarbót fyrir skipun þess félagsmáls, sem það ræðir um. Lagafrv. er samið beint eftir áskorun alþingis í ályktun, er samþykt var í fyrra, og það er að efni til samhljóða lögum fyrir Danmörku 11. apríl 1890 og 18. desbr. 1898, sem að sínu leyti eru yfirleitt samhljóða sænskum og norskum lögum um sama efni, en allir þessir lagabálkar eru samdir eftir áliti og tillögum frá nefnd lögfróðra manna úr áminstum þrem ríkjum, er hafði málið til meðferðar og undirbúnings árið 1882. Með því nú að málið er í eðli sínu alþjóðlegt mál, þó að það lúti löggjafarvaldi einstakra ríkja, og með því að verzlunarmál vor hafa um langan aldur sætt áþekkum kjörum og lotið áþekkum lögum og verzlunarmál Dana, má ætla að þetta frumvarp, sem samið er eftir áliti þeirra manna, er bezt bera skyn á málið á Norðurlöndum, eigi einnig allvel við hér á landi, enda leggjum vér það til, að það sé samþykt óbreytt að efni til, nema að því einu leyti, að vér förum fram á, að lágmark sektarinnar eftir 13. gr. 2. málsgr. sé 100 kr. — Að öðru leyti eru allar breytingartillögur vorar breytingar á orðum, orðalagi, orða niðurskipun og setningaskipun o. s. frv., en þær eru svo margar, að vér höfum kosið að rita frv. að mestu leyti upp af nýju með þessum breytingum, og getur þá h. deild kosið, hvort hún vill heldur aðhyllast tillögur vorar eða greinir frv., en þó leggjum vér það til, að breytingarnar verði samþyktar, því að vér teljum þær til bóta, og vonum að frv. verði auðskildara eftir en áður.

En þessar eru vorar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. grein. Greinin orðist þannig: Hver sá, er hér á landi rekur verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, hefir rétt til að nota nafn sitt eða firma eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, en getur jafnframt samkvæmt lögum þessum með skrásetningu öðlast einkarétt til að hafa sérstakt vörumerki til að greina vörur sínar frá vörum annara í viðskiptum manna á milli. Þessi réttur nær til allra vörutegunda, hafi hann eigi með skrásetningunni verið bundinn við ákveðnar vörutegundir.

Vörumerkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar.

Við 2. grein. Greinin orðist þannig: Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land alt af skráritara, er landshöfðingi skipar; ráðherra Íslands ákveður laun hans og ritfé frá því lög þessi öðlast gildi þangað til 31. desember 1905, en upp frá því skal hvorttveggja veitt á fjárlögunum.

Við 3. grein. Greinin orðist þannig: Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í borguðu bréfi tilkynningu

um það; skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og póstskrift; eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3,82 þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5,74 þumlungar) á breidd.
2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni, til að prenta hana eftir.
3. 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar.

Skráritari skal svo fljótt sem kostur er á afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenning fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fekk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins.

Við 4. grein. Greinin orðist þannig: Nú notar einhver, þá er lög þessi ganga í gildi, ákveðin merki á vörum sínum eða umbúðum þeirra, og getur þá enginn annar með tilkynningu öðlast rétt til notkunar þeirra merkja, ef sá er merkin notaði, tilkynnir þau innan 2 vikna frá því, er lögin öðluðust gildi á þann hátt, er fyrirskipað er í 3. gr.

Við 5. grein. Greinin orðist þannig: Vörumerki skal eigi skrásetja:

1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa svo einkennilegt lag, að þau megi teljast mynd; þó skal eigi neita um skrásetning, ef merkið er orð, sem er sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, er tilgreindar eru í tilkynningunni samkv. 3. gr., og á ekki að lýsa uppruna vörunnar, ásigkomulagi hennar eða ákvörðun, vörumegni eða verði.
2. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars mann.
3. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldmerki.
4. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneykslí.
5. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefir verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstöku atriðum; þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 8. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.

Við 6. gr. Greinin orðist þannig: Ef synjað er um skrásetning skal gjöra tilkynnanda skriflega aðvart samkv. 3. gr. um synjunina og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann innan þriggja mánaða skotið honum til landshöfðingja, og skal honum engu að síður heimilt að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

Við 7. gr. Greinin orðist þannig: Þá er skrásetning hefir fram farið, skal svo fljótt sem unt er auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi, og skal þar að auki við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna auglýsing um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á því ári.

Við 8. grein. Greinin orðist þannig: Nú eru í skrásettu vörumerki

tölustafir, bókstafir eða orð, sem ekki verða skrásett út af fyrir sig samkv. 5. gr., eða vörumerkið er sett saman eingöngu eða að nokkru leyti af táknum eða merkjum, sem alment eru notuð í einhverjum atvinnugreinum, þá sviftir það ekki aðra rétti til að hafa sömu tákn fyrir vörumerki eða einhvern hluta þess.

Við 9. grein. Greinin orðist þannig: Skrásett vörumerki má eigi láta af hendi, nema með atvinnugrein þeirri, sem það er notað við.

Nú selur maður atvinnugrein sína, og eignast kaupandi þá hið skrásetta vörumerki, sem notað er við atvinnuna, nema svo sé um samið, að seljandi skuli halda vörumerkinu eða þeir megi báðir nota merkið, hvor á sinni vörutegund.

Við 10. grein. Greinin orðist þannig: Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir, gefa þeim, sem merkið hefir verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 15. gr.), vísbending í ábyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma; bréfið sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefir til nefnt.

Nú vill einhver endurnýja skrásetning og skal hann þá afhenda eða senda skriflega tilkynning, samda samkv. 3. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá, er þar er fyrirskipuð, og 10 kr. í skrásetningargjald. Ef merkið hefir verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal ríta í skrána svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkenning eins og fyrirskipað er í 3. gr. fyrir tilkynning um nýtt merki.

Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 6. gr.

Við 11. grein. Greinin orðist þannig: Nú álítur landshöfðingi, að ekki hefði átt samkv. ákvæðunum í 5. gr. nr. 3 eða 4 að skrásetja vörumerki, og skipar hann þá að ógilda skrásetninguna; um lögmæti skipunar þessarar má leita úrskurðar dómstólanna.

Nú er vörumerki skrásett, og eru í því að eins tákn eða merki, sem alment eru notuð í sérstökum atvinnugreinum, og getur þá hver, er rekur þess konar atvinnu, krafizt þess, að skrásetningin sé ógild. Þegar þetta kemur fyrir, svo og þegar einhver álítur skrásetning vörumerkis sér til skaða, liggur spurningin um ógilding skrásetningarinnar undir úrskurð dómstólanna.

Nú er synjað um skrásetning vörumerkis samkv. 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem hefir hið umbeðna eða skrásetta merki, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta og að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hann tilkynti það, svo framarlega, sem hann höfðar mál út af þessu innan eins árs, eftir að aug-

lýsing um skrásetning merkisins hefir verið birt í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi.

Við 11. grein. Greinin orðist þannig: Þegar skrásetning vörumerkis er felld úr gildi eða vernd á skrásettu vörumerki fellur burt eða þegar sá, sem rétt hefir til merkisins, æskir þess, skal afmá merkið úr skránni og skal birta auglýsing um það í blaði því, er löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Islandi, og við árslok í B-deild Stjórnartíðindanna, ásamt auglýsing þeirri, er getur um í 7. gr., um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið á árinu.

Við 13. grein. Greinin orðist þannig: Nú setur maður heimildarlaust á söluvarning eða umbúðir hans nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns eða maður hefir vörur til sölu, sem auðkendar eru á þennan hátt, og getur þá sá, er fyrir órétti verður, höfðað mál og fengið dómsúrskurð fyrir því, að honum sé óheimilt að nota merkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkendar eru með því Hafi honum verið kunnugt um rétt hins, verður hann sekur um 100 kr. til 2000 kr.; sé brotið ítrekað getur það varðað fangelsi; auk þess má skylda hann til að bæta skaða þann, er af því hefir leitt, og taka burtu merki þau, er ólöglega hafa sett verið, eða, ef nauðsyn krefur, ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega, sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefir umráð yfir þeim.

Við 14. grein. Greinin orðist þannig: Ákvæðum 13. greinar skal einnig beitt, þegar nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns er notað með svo lítilvægum breytingum að hætt er við að villast á nöfnunum eða merkjunum, þótt ólík séu í einstökum atriðum.

Við 15. grein. Greinin orðist þannig: Með konunglegri tilskipun má einnig veita vernd þá, er lög þessi heimila, þeim mönnum erlendis, sem reka einhverja þá atvinnu, sem um er getið í 1. gr., með því skilyrði, að hérlendir menn verði sömu réttinda aðnjótandi í hinu landinu. Skal þá farið eftir þeim sérstöku reglum, er nú skal greina um vörumerki þau, sem skrásett verða:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í hinu landinu fyrir því, að vörumerki njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann búsettan hér á landi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal eigi njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma, en í hinu landinu.

Um vörumerki, skrásett í öðru landi, þar er íslenzk vörumerki njóta sömu réttinda, má enn fremur setja þessi ákvæði með konunglegri tilskipun:

4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í hinu landinu, nema gagnstæð sé velsæmi eða allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar hér á landi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í hinu landinu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í því landi.

6. Nú er synjað um skrásetningu samkv. 5. gr. nr. 5 og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgr.

Við 16. grein. Óbreitt frv. gr.

Við 17. grein. Greinin orðist þannig: Um mál, sem höfðuð eru samkv. 13. gr. 2. málsgr. í lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál, en mál skal að eins höfða eftir kröfu þess, er fyrir órétti hefir orðið sökum lagabrotsins.

Við 18. grein. Greinin orðist þannig: Öllum skal heimilt að kynna sér það, sem stendur í vörumerkjaskránni, annaðhvort með því að skoða hana eða fá eftirrit eftir henni; þó verður þess eigi krafizt, að skrásettar myndir séu sýndar í eftirritum.

Fyrir eftirrit eftir skránni eða af frumritaðri tilkynningu greiðist 2 kr. gjald til landssjóðs Fyrir að skoða skrána greiðist ekkert gjald.

Við 19. grein. Óbreytt frv. gr.

Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögnin verði: Frumvarp til laga um vörumerki.

Efri deild alþingis, 11. júlí 1903.

J. Havsteen formaður. Kristján Jónsson skrifari og framsögumaður. Jón Jakobsson.

Nd.

63. Tillaga

til þingsályktunar um að skora á stjórnina að nema úr gildi auglýsing 12. júlí 1902 um bann gegn því, að fluttar séu til Íslands ósútaðar húðir og skinn, nema söltuð séu og óhert. Flutningsm.: Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að nema úr gildi auglýsing 12. júlí 1902 um bann gegn því, að fluttar séu til Íslands ósútaðar húðir og skinn, nema söltuð séu og óhert, en setja í þess stað önnur tryggingarákvæði, er girði fyrir sýkingarhættu af innflutningi slíkra húða (sbr. lög 11. des. 1891).

Ed.

64. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Gerðaleir í Gullbringusýslu. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Við Gerðaleir í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Að því, er stjórn sveitarmála snertir, skal Kjósar- og Gullbringusýslu skift í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarnesshreppur. Hitt sýslufélagið er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalanesshreppur, Miðnesshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur.

Hvert sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitarmálefna fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufélaginu um sig skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, er varða sýslufélagið samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er kosinn sé eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna. Sömuleiðis skal eftir sömu reglum kjósa varasýslunefndarmann fyrir hvern hrepp í hinum nýju sýslufélögum samkv. lögum 6. nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. janúar 1880.

3. gr. Allar eigur og skuldir sýslufélagsins skiftist milli hinna nýju sýslufélaga að $^2/_3$ eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, en að $^1/_3$ eftir tölu verkfærra manna.

4. gr. Landshöfðingi gerir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Ed. **66. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Staðarfell í Hvammsfirði í Dalasýslu. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Við Staðarfell í Hvammsfirði í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **67. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki og fl.

Hin háttv. neðri deild alþingis hefir vísað til landbúnaðarmálanefndarinnar frumvarpi til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki o. fl.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekkert að athuga við frumvarp þetta og álítur stefnu þess heppilega og nauðsynlega og ræður því eindregið hinni háttvirtu deild til að samþykkja það.

Alþingi 10. júlí 1903.

Björn Bjarnarson, formaður. Hermann Jónasson, skrifari. Eggert Pálsson, framsögum. Ólafur Briem.

Með fyrirvara að því, er smjörlíkistollinn snertir.

Þórh. Bjarnarson.

Nd. **68. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör (þgskj. 54). Frá Eggert Pálssyni.

Við 1. gr.: Orðin: »enda sé smjörið — erlendan markað« falli burt.

Nd. **69. Breytingartillaga.**

við frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör. Frá Pétri Jónssyni.

Við 1. gr.: orðin: »enda sé smjörið búið til« o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

Ed. **70. Frumvarp**

til laga um fólksinnflutninga til Íslands. Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 10,000 kr. til þess að greiða fyrir innflutningi útlendinga til Íslands, einkum frá Norðurlöndum, og sérstaklega frá Noregi og Finnlandi.

2. gr. Þeim innflytjendum, er setjast vilja að á Íslandi og byrja þar búskap, má stjórnin veita til eignar og umráða ákveðna tölu dagslátta af óræktuðu landi á íslenzkum þjóðjörðum, samkvæmt ákveðnum reglum, sem stjórnin sjálf setur og auglýsir fyrirfram. Þó má land það, er stjórnin þannig afhendir, eigi án frekari heimildar nema meiru en 3 ferhyrningsmílum að öllu samtöldu.

3. gr. Sé eigi alt það land, sem stjórnin hefir útmælt hverjum einstökum innflytjanda, að fullu ræktað eða undirbúið til ræktunar á fimm ára fresti, skal innflytjandinn hafa fyrirgert eignarrétti sínum til þess, og verður landið þá aftur eign landssjóðs, án þess að innflytjandinn geti krafist nokkurs endurgjalds fyrir þær jarðabætur, er hann kann að hafa gert á því.

4. gr. Til lána handa innflytjendum, sem taka vilja land til ræktunar samkvæmt 2. og 3. gr., má stjórnin verja úr landssjóði alt að 50,000 kr., samkvæmt ákveðnum reglum, er stjórnin sjálf setur og auglýsir fyrirfram.

Ed. **71. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Islands. Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

Alþingi skorar á stjórnina að gera ráðstafanir til að laða útlendinga, einkum frá Norðurlöndum, og sérstaklega frá Noregi og Finnlandi, til þess að flytja til Íslands og setjast þar að, meðal annars með því,

að gefa út á útlendum tungum og breiða út smáritlinga um Ísland,

landslag þess, loftslag, atvinnuvegi og framtíðarskilyrði, prýdda myndum af nafnkunnum stöðum;

að tryggja innflytjendum sérstaka ívilnun á fargjaldi til Íslands;

að bjóða innflytjendum, einkum fjölskyldumönnum, ákveðna tölu dagslátta af óræktuðu landi til eignar og umráða, með því skilyrði, að eignarréttinum sé fyrirgert og það verði aftur eign landsins, sé það eigi að fullu ræktað eða undirbúið til ræktunar innan ákveðins tíma (t. d. eftir 3—5 ár);

að bjóða innflytjendum lán til húsagerðar, verkfærakaupa og búpenings, gegn veði í landeign þeirra, húsum og búslóð.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn. Flutningsm. Guðl. Guðmundsson. Ólafur Ólafsson.

1. gr. Kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, er kosið hafa sér prest eða forstöðumann, geta eftirleiðis leitað til ráðherrans fyrir Ísland til þess að fá staðfesting kosningarinnar. Staðfesting ráðherrans á kosningunni veitir kirkjufélaginu öll hin sömu réttindi, sem í lögum 19. febr. 1886, eru talin fylgja konunglegri staðfesting.

2. gr. Nú deyr prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, er kosning hans hefir hlotið staðfesting, eða hann fyrir uppsögn eða af öðrum ástæðum hættir starfa sínum, og njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins undanþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886, til þess, er þeir hafa kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið staðfesting á kosning hans, þó eigi um lengri tíma en 6 mánuði.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Flutningsmenn Guðl. Guðmundsson, H. Hafstein, Lárus H. Bjarnason, Ólafur Briem.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir, fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Hrísa í Eyjafjarðarsýslu	Kr.	1900 00
2.	Skáldalæk í sömu sýslu	—	1600 00
3.	Syðra-Garðshorn í sömu sýslu	—	2200 00
4.	Ytra-Garðshorn í sömu sýslu	—	1600 00
5.	Grund í Svarfaðardal í sömu sýslu	—	2500 00
6.	Tjarnargarðshorn í sömu sýslu	—	1800 00
7.	Ytra-Holt í sömu sýslu	—	2000 00
8.	Böggversstaðir í sömu sýslu	—	8000 00

9. Reykhús í sömu sýslu . . . . . — 1000 00
10. Möðruvelli í Hörgárdal í sömu sýslu . . . . . — 9000 00
11. Þórustaði í Kaupangssveit í sömu sýslu . . . . — 2600 00
12. Hraunbæjarkot í sömu sýslu . . . . . — 1200 00
13. Munaðarhól í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu . — 2800 00
14. Seljaland í Vestur-Skaptafellssýslu . . . . . — 1350 00

2. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fé.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1905.

Nd. **74. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefir tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti, sem þau tryggja fyrir sætjóni.

2. gr. Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþyktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþyktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefir verið gjörð á.

3. gr. Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin að hinn látni eða þrotamaðurinn hefir trygt líf sitt eða verið trygður gegn slysum, er skiptaréttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum, áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum. Hafi félagið engan erindreka eða fulltrúa hér á landi, skal ábyrgðarmaður blaðs þess, sem birtir auglýsingar fyrir félagið hér á landi, sæta sektunum, eða að öðrum kosti prentari sá, sem prentar þær.

Nd. **75. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör. Frá Birni Kristjánssyni.

Við 3. gr. aðra málsgrein. Á eftir orðunum: »og sýni hún þyngd þess« komi: með umbúðum.

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894.

Frá samgöngumálanefndinni.

Sýslunefndum veitist vald til þess að hækka fyrir eitt ár í senn sýsluvegagjaldið samkvæmt 11. gr. laga um vegi frá 13. apríl 1894 úr 1 kr. 25 aur. upp í alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Hreppsnefndum veitist sama vald að því er snertir hækkun á hreppavegagjaldi samkvæmt 17. gr. nefndra laga.

Nd. **77. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki o. fl. (þsk. 34). Flutningsm.: Hannes Þorsteinsson.

Við 1. gr. stafl. 1. Í stað »10 a.« komi: 5 aura
— — — — 3. Í stað »10 a.« komi: 5 aura

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um breyting á 24. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafirði frá 8. okt. 1883. Flutningsmaður H. Hafstein.

Gjalddagi bæjargjalda í Ísafjarðarkaupstað, skal eftirleiðis vera 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Ed. **79. Breytingaratkvæði**

við breytingaratkvæði nefndarinnar í málinu: frumvarp til laga um vernd á vörumerkjum. Frá Eiríki Briem.

Við 9. gr. Fyrir orðið: »atvinnugrein« á tveim stöðum komi: »sýslan«.

Ed. **80. Tillaga**

til þingsályktunar um mentamál. Flutningsmenn Jón Jakobsson og Eiríkur Briem.

Efri deild alþingis ályktar að skipa nefnd til að íhuga mentamál landsins og gera tillögur um þau.

Ed. **81. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Heiðruð efri deild kaus oss í nefnd til að athuga og gjöra tillögur um frv. til laga um kosningar til alþingis, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið. Vér höfum farið nákvæmlega yfir frv. þetta á mörgum fundum, og athugað það í öllum greinum og látum nú upp svofelt álit um það.

Eins og mönnum er kunnugt og stjórnin einnig tekur fram í athugasemdum sínum, er frv. þetta í flestum atriðum samhljóða frv. því um sama efni, sem alþingi samþykti í fyrra sumar, en stjórnin treystist eigi að leggja fyrir konung til staðfestingar, sökum nokkurra galla, sem henni þóttu á því vera, sérstaklega þess, að henni þótt ákvæðið í 23. gr. frv. um 50 kr. framlag af hálfu þingmannaefna, og í 59. gr. ákvæðið um missi kosningarréttar fyrir að kjósa á 2 stöðum, fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar í 17. og 18. gr. hennar um kosningarrétt og kjörgengi til alþingis. Ennfremur líkaði henni eigi ákvæðið í 5. gr. frv., er leyfði kjósanda með vissum skilyrðum að neyta kosningarréttar síns í því kjördæmi, þar sem hann ekki á kjördegi hafði haft löglegt heimilisfang í heilt ár.

Þessi ákvæði hefir stjórnin því numið burt; að öðru leyti eru engar stórvægilegar breytingar frá frv. alþingis, þótt orðum sé á stöku stað vikið lítið eitt við og smáviðaukar gerðir, svo sem í 23. gr., þar sem 2 síðustu málsgreinum er skotið inn til fyllri skýringar og nánari ákvörðunar, samkvæmt gildandi kosningarlögum; í 25. gr. ákvæði um, frá hverjum tíma kosningar skuli gilda, og í 54. gr. ákvæði um, hversu lengi aukakosning gildi.

Efnisbreytingar hefir stjórnin gert á frv., eins og nefnt er, þar sem hún taldi það koma í bága við stjórnarskrána, og auk þess á fáeinum stöðum öðrum:

1. Úr 38. gr. er felt ákvæðið um, að láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, sé seðillinn ógildur og kosningarrétti kjósanda fyrirgert í það skifti; og úr 60. gr. (59. gr. alþ. frv.) er felt ákvæðið um hegning fyrir að kjósa á 2 stöðum.
2. Bætt er inn nýrri grein, 57. gr., sem eftir núgildandi kosningarlögum tekur ákvæðin um dagpeninga og ferðakostnað alþingismanna inn í frv.
3. Í 59. gr. lætur stjórnarfrv. landshöfðingja ákveða dagsektir fyrir vanrækslu kjörstjórna og gjöra ráðstafanir til að innheimta þær með lögtaki og sjá um, að bætt sé úr vanrækslunni með samningu kjörskrá. Í alþingisfrv. var sýslumanni ætlað þetta verk.
4. Í 61. gr. er bætt við ákvæði, eftir kosningarlögum konungsríkisins, til tryggingar heimulegri atkvæðagreiðslu.
5. Í 2. ákvæði um stundarsakir eru reglur um, hvernig hinir 4 nýju alþingismenn, sem stjórnarskrárfrv. gerir ráð fyrir, skuli kosnir, ef það frv. verður að lögum, og alþingi verður haldið áður en ný kjördæmaskipun er komin á.

Nefndin telur nú flestar af þessum breytingum stjórnarinnar vera til bóta og felst á þær. Að vísu getum vér ekki látið oss skiljast, að framboðsfé það, sem sett var ákvæði um í frv. alþingis í fyrra, komi í bága við stjórnarskrána, eftir réttum skilningi; og vér álítum enn sem fyr, að þetta ákvæði sé heppilegt og gagnlegt til að afstýra hégómlegum og meiningarlausum framboðum, sem ástæða sé til að óttast, ef engar skorður eru settar. En gagnvart ákveðinni synjun stjórnarinnar viljum vér eigi ráða alþingi til að halda þessu ákvæði, en heldur reyna að ná sama marki með því að herða verulega á ákvæðinu um tölu meðmælenda þingmannaefna, sem vér viljum hækka úr 4 upp í 12, og þykir oss það að engu leyti ísjárvert, með því að hver sá frambjóðandi, sem nokkurt verulegt fylgi hefir meðal kjósanda, mun eiga hægt með að afla sér 12 meðmælenda.

Úrfellingu stjórnarinnar í 38. gr. frv. getum vér eigi talið heppilega né á nægum rökum bygða, því að án slíks ákvæðis sjáum vér ekki, hver ráð eru til þess að aðaltilgangi laganna, að kosningin skuli vera leynileg, verði náð. Viljum vér því halda þessu ákvæði, en gefa slíkum kjósanda færi á að kjósa á ný með ákveðnum takmörkunum. Á hitt getum vér fallist, að hæpið sé, hvort heimild sé til að svifta þann kjósanda kosningarrétti, sem látið hefir sjá seðil sinn eða kosið á 2 stöðum (59. gr. alþ. frv.), og föllumst vér því á að fella þessi ákvæði burt, eins og stjórnin hefir gjört.

Innskot 57. greinar þykir oss óþarft og eigi heppilegt, þar sem ákvæði um dagpeninga og ferðakostnað alþingismanna eru í raun og veru óviðkomandi lögum um kosningar, enda gætu auðveldlega breytingar á þeim ákvæðum orðið æskilegar eða nauðsynlegar fyr eða síðar, og væri þá betra að geta breytt þeim, án þess að þurfa að raska kosningarlögunum. Vér leggjum því til að fella þessa gr. burtu.

61. gr. teljum vér góða viðbót og þarfa.

Í 62. gr. þykir oss eðlilegra og réttara að hafa síðari málsgrein á und-

an, þar sem hún ræðir um minna brot, og setja fyrri málsgreinina þar á eftir, með því að í henni er talað um svæsnari brot og þyngri hegningu.

Með því að nokkur líkindi eru að vorri ætlun til þess, að töluverður skoðanamunur kunni að verða um ákvæðin um hina 4 nýju þingmenn, þykir oss heppilegra að kippa burt úr frv. II. ákvæði um stundarsakir, og setja það efni í sérstakt frv., svo að öll kosningarlögin, sem væntanlega í heild sinni ná samþykki þingsins, þurfi eigi fyrir þennan skoðamun að brekjast á milli þingdeildanna; enda er kjördæmaskipun í sjálfu sér annars eðlis en sjálfar kosningarnar.

Fyrir breytingum þeim, sem vér stingum upp á, mun að öðru leyti verða gerð nánari grein í framsögu málsins.

Samkvæmt framangreindu leggjum vér til að þingdeildin samþykki frv. með þessum breytingum:

1. Við 22. gr. Fyrir »ónýttir seðlar« komi: »ógildir seðlar«.

2. Aftan við gr. bætist: og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

3. Við 23. gr. Önnur málsgrein orðist þannig: Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu hans.

4. Við 25. gr. Aftan við fyrri málsgrein bætist orðin: *á undan.*

5. Við 39. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðillinn merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sér stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslu að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram, unz allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

6. Við 40. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. — Þvínæst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

7. Við 42. gr. Önnur málsgrein orðist svo:

Þá skal oddviti leggja í umslag sér alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (39. gr.) og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

8. Við 57. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist eftir því.

9. Við 62. gr. Málsgreinarnar skifti um sæti: hin síðari komi fyrst.

10. Við 64. gr. Á eftir *18.* bætist inn: og *37.*

11. Við II. ákvæði um stundarsakir. Ákvæðið falli burt og sömuleiðis talan við fyrra ákvæðið.

Efri deild alþingis 14. júlí 1903.

Eiríkur Briem formaður. Hallgr. Sveinsson skrifari og framsögumaður. Sigurður Jensson

Guðjón Guðlaugsson. Guttormur Vigfússon.

Ed. **82. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Við Selvík í Skagafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **83. Frumvarp**

til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Að því, er stjórn sveitarmála snertir, skal Kjósar- og Gullbringusýslu skift í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarnesshreppur. Hitt sýslufélagið er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalanesshreppur, Miðnesshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur.

Hvert sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitarmálefna fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufélaginu um sig skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, er varða sýslufélagið samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er kosinn sé eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna. Sömuleiðis skal eftir sömu reglum kjósa varasýslunefndarmann fyrir hvern hrepp í hinum nýju sýslufélögum samkv. lögum 6. nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. janúar 1880.

3. gr. Allar eigur og skuldir sýslufélagsins skiftist milli hinna nýju sýslufélaga að $^2/_3$ eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, en að $^1/_3$ eftir tölu verkfærra manna.

4. gr. Landshöfðingi gerir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Ed. **84. Frumvarp**

til heimildarlaga um áfangastaði. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Sýslunefndum veitist heimild til að greiða úr sýslusjóði hæfilegt árgjald fyrir áfangastaði í sýslunni, þar sem hún álítur þá nauðsynlega.

Ed. **85. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 5. gr., 1. málsgr. 14. gr., 15. gr., 17. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svo hljóðandi greinar:

1. gr. (2. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo oft sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður Íslands greiðir laun og eftirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.

Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherrann veitir þau embætti, sem landshöfðingja hingað til hefir verið falið að veita.

2. gr. (3. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum.

3. gr. (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvert ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

4. gr. (1. málsgr. 14. gr. stjórnarskrárinnar).

Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu.

5. gr. (15. gr. stjórnarskrárinnar).

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri þeildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

6. gr. (17. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosningarrétt til alþingis hafa:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta; þó skulu þeir, er með sérstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrétt sinn;

b, allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minsta kosti 4 kr. á ári sem aukaútsvar;

c, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbréf eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefir veitt heimild til þess;

d, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sé þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann sé orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sé fjár síns ráðandi og honum sé ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Með lögum má afnema auka-útsvarsgreiðsluna eftir stafl. b. sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

7. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

8. gr. (1. liður 25. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Með tekjum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands.

9. gr. (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aftur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hér aftur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þingið þá málið til lykta eftir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig séu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, þarf aftur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með frumvarpinu.

10. gr. (34. gr. stjórnarskrárinnar).

Ráðherra Íslands á, samkvæmt embættisstöðu sinni, sæti á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd. Atkvæðisrétt hefir ráðherrann, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

11. gr. (36. gr. stjórnarskrárinnar).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

12. gr. (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherrans.

13. gr. (2. ákv. um stundarsakir).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal hæstiréttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðherra Íslands út af embættisrekstri hans, eftir þeim málfærslureglum, sem gilda við téðan rétt.

Ed. **86. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um vörumerki. Frá nefndinni.

Við 3. gr. 3. Á eftir: »auglýsingar hennar« komi: er renni í landssjóð.

Við 9. gr. Fyrir: »atvinnugrein« á 2 stöðum komi: atvinnu.

Við 10. gr. Á eftir: »í skrásetningargjald« komi: til landssjóðs.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Rétt til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða félag, er flytur út í einu lagi til sölu erlendis 300 pund eða meir af íslenzku smjöri, er nær verði því, sem til er tekið í 2. gr.

2. gr. Verðlaunin miðast við hæsta verð smjörmatsnefndarinnar dönsku í Kaupmannahöfn fyrir þá viku, sem hið íslenzka smjör er selt í, þannig að smjör, sem selst 26 aurum eða meir undir þessu matsverði, fær engin verðlaun, en seljist það 25—21 eyri undir matsverðinu, eru verðlaun veitt 5 aurar á hvert danskt pund, og er smjörið er selt 20 aura eða minna undir matsverðinu, þá 10 aura á pundið.

3. gr. Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til landshöfðingja, og færir skilríki fyrir rétti sínum til þeirra. Skilríki þau eru: farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, og sýni hún þyngd þess með umbúðum og tölu íláta, sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og eigin vottorð við drengskap og samvizku um, að þyngd og verð smjörsins sé rétt tilgrein á sölureikningnum.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu eigi komin til landshöfðingja,

þegar fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er salan fór fram, og verður umsókn sú eigi til greina tekin.

4. gr. Landshöfðingi sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 11. nóvember 1899.

Ed.

88. Frumvarp

til laga um vörumerki. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Hver sá, er hér á landi rekur verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, hefir rétt til að nota nafn sitt eða firma eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, en getur jafnframt samkvæmt lögum þessum með skrásetningu öðlast einkarétt til að hafa sérstakt vörumerki til að greina vörur sínar frá vörum annara í viðskiptum manna á milli. Þessi réttur nær til allra vörutegunda, hafi hann eigi með skrásetningunni verið bundinn við ákveðnar vörutegundir.

Vörumerkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar.

2. gr. Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land alt af skráritara, er landshöfðingi skipar; ráðherra Íslands ákveður laun hans og ritfé frá því lög þessi öðlast gildi þangað til 31. desember 1905, en upp frá því skal hvorttveggja veitt á fjárlögunum.

3. gr. Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í borguðu bréfi tilkynninguum það; skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og póstskrift; eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3,82 þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5,74 þumlungar) á breidd.
2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni, til að prenta hana eftir.
3. 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar.

Skráritari skal svo fljótt sem kostur er á afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenning fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fekk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins.

4. gr. Nú notar einhver, þá er lög þessi ganga í gildi, ákveðin merki á vörum sínum eða umbúðum þeirra, og getur þá enginn annar með tilkynningu öðlast rétt til notkunar þeirra merkja, ef sá er merkin notaði, tilkynnir þau innan 2 vikna frá því, er lögin öðluðust gildi á þann hátt, er fyrirskipað er í 3. gr.

5. gr. Vörumerki skal eigi skrásetja:

1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa svo einkenni-

legt lag, að þau megi teljast mynd; þó skal eigi neita um skrásetning, ef merkið er orð, sem er sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, er tilgreindar eru í tilkynningunni samkv. 3. gr., og á ekki að lýsa uppruna vörunnar, ásigkomulagi hennar eða ákvörðun, vörumegni eða verði.

2. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns.
3. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldmerki.
4. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneykslí.
5. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefir verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstöku atriðum; þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 8. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.

6. gr. Ef synjað er um skrásetning skal gjöra tilkynnanda skriflega aðvart samkv. 3. gr. um synjunina og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann innan þriggja mánaða skotið honum til landshöfðingja, og skal honum engu að síður heimilt að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

7. gr. Þá er skrásetning hefir fram farið, skal svo fljótt sem unt er auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi, og skal þar að auki við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna auglýsing um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á því ári.

8. gr. Nú eru í skrásettu vörumerki tölustafir, bókstafir eða orð, sem ekki verða skrásett út af fyrir sig samkv. 5. gr., eða vörumerkið er sett saman eingöngu eða að nokkru leyti af táknum eða merkjum, sem alment eru notuð í einhverjum atvinnugreinum, þá sviftir það ekki aðra rétti til að hafa sömu tákn fyrir vörumerki eða einhvern hluta þess.

9. gr. Skrásett vörumerki má eigi láta af hendi, nema með atvinnugrein þeirri, sem það er notað við.

Nú selur maður atvinnugrein sína, og eignast kaupandi þá hið skrásetta vörumerki, sem notað er við atvinnuna, nema svo sé um samið, að seljandi skuli halda vörumerkinu eða þeir megi báðir nota merkið, hvor á sinni vörutegund.

10. gr. Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir, gefa þeim, sem merkið hefir verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 15. gr.), vísbending í áþyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma; bréfið sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefir til nefnt.

Nú vill einhver endurnýja skrásetning og skal hann þá afhenda eða

senda skriflega tilkynning, samda samkv. 3. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá, er þar er fyrirskipuð, og 10 kr. í skrásetningargjald. Ef merkið hefir verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal rita í skrána svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkenning eins og fyrirskipað er í 3. gr. fyrir tilkynning um nýtt merki.

Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 6. gr.

11. gr. Nú álítur landshöfðingi, að ekki hefði átt samkv. ákvæðunum í 5. gr. nr. 3 eða 4 að skrásetja vörumerki, og skipar hann þá að ógilda skrásetninguna; um lögmæti skipunar þessarar má leita úrskurðar dómstólanna.

Nú er vörumerki skrásett, og eru í því að eins tákn eða merki, sem almennt eru notuð í sérstökum atvinnugreinum, og getur þá hver, er rekur þess konar atvinnu, krafizt þess, að skrásetningin sé ógild. Þegar þetta kemur fyrir, svo og þegar einhver álítur skrásetning vörumerkis sér til skaða, liggur spurningin um ógilding skrásetningarinnar undir úrskurð dómstólanna.

Nú er synjað um skrásetning vörumerkis samkv. 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem hefir hið umbeðna eða skrásetta merki, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta og að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hann tilkynti það, svo framarlega, sem hann höfðar mál út af þessu innan eins árs, eftir að auglýsing um skrásetning merkisins hefir verið birt í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi.

12. gr. Þegar skrásetning vörumerkis er felld úr gildi eða vernd á skrásettu vörumerki fellur burt eða þegar sá, sem rétt hefir til merkisins, æskir þess, skal afmá merkið úr skránni og skal birta auglýsing um það í blaði því, er löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Islandi, og við árslok í B-deild Stjórnartíðindanna, ásamt auglýsing þeirri, er getur um í 7. gr., um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið á árinu.

13. gr. Nú setur maður heimildarlaust á söluvarning eða umbúðir hans nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns eða maður hefir vörur til sölu, sem auðkendar eru á þennan hátt, og getur þá sá, er fyrir órétti verður, höfðað mál og fengið dómsúrskurð fyrir því, að honum sé óheimilt að nota merkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkendar eru með því Hafi honum verið kunnugt um rétt hins, verður hann sekur um 100 kr. til 2000 kr.; sé brotið ítrekað getur það varðað fangelsi; auk þess má skylda hann til að bæta skaða þann, er af því hefir leitt, og taka burtu merki þau, er ólöglega hafa sett verið, eða, ef nauðsyn krefur, ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega, sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefir umráð yfir þeim.

14. gr. Ákvæðum 13. greinar skal einnig beitt, þegar nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns er

notað með svo lítilvægum breytingum að hætt er við að villast á nöfnunum eða merkjunum, þótt ólík sèu í einstökum atriðum.

15. gr. Með konunglegri tilskipun má einnig veita vernd þá, er lög þessi heimila, þeim mönnum erlendis, sem reka einhverja þá atvinnu, sem um er getið í 1. gr., með því skilyrði, að hérlendir menn verði sömu réttinda aðnjótandi í hinu landinu. Skal þá farið eftir þeim sérstöku reglum, er nú skal greina um vörumerki þau, sem skrásett verða:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í hinu landinu fyrir því, að vörumerki njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann búsettan hér á landi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal eigi njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma, en í hinu landinu.

Um vörumerki, skrásett í öðru landi, þar er íslenzk vörumerki njóta sömu réttinda, má enn fremur setja þessi ákvæði með konunglegri tilskipun:

4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í hinu landinu, nema gagnstæð sé velsæmi eða allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar hér á landi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í hinu landinu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í því landi.
6. Nú er synjað um skrásetningu samkv. 5. gr. nr. 5 og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgr.

16. gr. Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um fyrirkomulag og lögun vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skal haldin, um auglýsingar samkvæmt lögum þessum og um reikningsskil fyrir gjöldum þeim, er renna í landssjóð samkvæmt þeim.

17. gr. Um mál, sem höfðuð eru samkv. 13. gr. 2. málsgr. í lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál, en mál skal að eins höfða eftir kröfu þess, er fyrir órétti hefir orðið sökum lagabrotsins.

18. gr. Öllum skal heimilt að kynna sér það, sem stendur í vörumerkjaskránni, annaðhvort með því að skoða hana eða fá eftirrit eftir henni; þó verður þess eigi krafizt, að skrásettar myndir séu sýndar í eftirritum.

Fyrir eftirrit eftir skránni eða af frumritaðri tilkynningu greiðist 2 kr. gjald til landssjóðs Fyrir að skoða skrána greiðist ekkert gjald.

19. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðars við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu. Flutningsmaður Hermann Jónasson.

Við Kálfshamarsvík í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlnuarstaður.

Ed. **90. Nefndarálit**

í málinu um eftirlaun og um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Eftir að vér höfum vandlega íhugað þessi mál, sem h. efri deild alþingis fól oss til athugunar, skulum vér lýsa áliti voru á þessu málefni.

Svo sem kunnugt er, eru frumvörp þau, sem nú liggja fyrir þinginu, í þeim búningi, sem þau höfðu fengið, er þau dagaði uppi á aukaþinginu 1902, þar sem þau vegna naums tíma urðu eigi útrædd. Hér í deildinni voru bæði frumvörpin, sem áttu að fylgjast að, samþykt með ríflegum meiri hluta, en í n. d. var þeim vísað til annarar umræðu, en komust eigi lengra. Eftir þessum undirtektum þingsins virðist mega ályktа, að frv. hafi yfir höfuð fallið þingmönnum vel í geð.

Mál þetta hefir nú verið til meðferðar á þinginu nokkurn veginn stöðugt í meira en 10 ár, sökum þess að bæði í dagblöðum og á almennum fundum hafa jafnaðarlega heyrzt raddir, sem töldu eftirlaun embættismanna eftir núgildandi lögum, tilskip. 31. maí 1855, mikils til of há eftir högum þjóðarinnar, og heimtuðu þau því ýmist afnumin með öllu eða að minsta kosti lækkuð mjög verulega. Hvort sem nú hér í upphafi mest kom fram álit og vilji einstakra manna eða sannur almennur þjóðarvilji, þá er það efalaust, að með mörgum og endurteknum fundarályktunum hefir því smám saman verið »slegið föstu«, að þjóðin heimti verulegar breytingar á gildandi eftirlaunaákvæðum í lækkunarátt-ina og telji sig eigi færa um að rísa undir hinni vaxandi eftirlaunabyrði, sem meðal annars leiðir af stórvægilegri fjölgun læknaembættanna. Á alþingi hefir þessi stefna jafnan átt marga talsmenn, einkum í nd., enda hafa þingmenn eigi þótzt geta leitt málið hjá sér gagnvart háróma kröfum kjósendanna. Hinsvegar hefir því stöðugt verið haldið fram, bæði af ýmsum þingmönnum og af stjórninni, að meira væri gert úr eftirlaunahæðinni en ástæða væri til, ástæður embættismanna væru eigi sanngjarnlega íhugaðar og metnar, og að sízt mætti lækka eftirlaun þeirra tilfinnanlega, nema laun ýmsra þeirra væru jafnframt verulega aukin, og þá yrði sparnaðurinn fyrir landssjóð harla lítill eða alls enginn. Af þessum eða þeim líkum ástæðum hefir frv. þingsins um lækkun eftirlauna hvað eftir annað verið synjað staðfestingar, en óánægjan haldist við eða aukist.

Nokkrar ástæður eru þó að vorri hyggju til að ætla, að mál þetta sé á síðustu árum skoðað og rætt með meiri rósemi og stillingu heldur en stundum áður, og með meiri fúsleika til að líta með sanngirni á báðar hliðar þess og ná

um það viðunanlegu samkomulagi. Það er í sjálfu sér eigi æskilegt, að í þessu tilliti haldist við sífelt óánægjuefni, en miklu ákjósanlegra að málinu gæti orðið ráðið til lykta á þann hátt, sem báðir málspartar mættu við una. Og ýmislegt bendir á, að til þess sé nú hinn hentugi tími og að það muni eigi verða auðveldara síðar. Nefndin lítur nú svo á, að ákvæði eftirlaunafrv. séu vel viðunandi og jafnvel allrífleg, að því er snertir allan flokk hinna láglaunaðri embætta, en aftur á móti miður fullnægjandi fyrir embætti með hinum hærri launum. Tilraunir til að setja í frv. ákvæði, sem bæti úr þessu, hafa þó eigi áður fyrri getað náð nægu fylgi í þinginu, og vér ætlum að svo muni enn vera. Fyrir því var í fyrra tekið það ráð, eftir samkomulagi hjá meiri hluta nefndarinnar, sem þessi deild þá skipaði í málið, að bæta hin ónógu eftirlaun hærri embættanna, sérstaklega með því að skylda embættismenn til að verja árlega $1^1/_3$ % af launum sínum til að kaupa sér geymdan lífeyri, eða 2 % til að safna sér ellistyrk. Sú viðbót, sem á þennan hátt ynnist, án þess að embættismönnum væri íþyngt mjög tilfinnanlega, mundi gera eftirlaunakjörin í heild sinni sæmilega viðunandi. — Nefndin hefir aftur tekið þetta atriði til íhugunar og eigi getað fundið nein betri úrræði.

Vér ráðum því deildinni til að fallast á frumvörp þau, sem oss hafa verið fengin til meðferðar, óbreytt að aðalefni, og með mjög smávægilegum orðabreytingum. — Þess skal þó getið, að aftan við ellistyrksfrv. bætum vér einni grein, sem þar átti að vera, en hafði fallið burt af vangá. — Gagnvart þeim athugasemdum og aðfinslum, sem hreyft var við frv. hér í deildinni við 1. umræðu, höfum vér tekið þau atriði til íhugunar, en eigi getað fundið nægа ástæðu til breytinga á frv.

Oss þykir þannig rétt, að eftirlaunakjör embættismanna, sem slasast við þjónustu embættisins, svo að þeir neyðast til að fá lausn, séu ákveðin í ríkara lagi, bæði vegna þess, að slíkt gefur hvöt til röggsemi og samvizkusemi í rekstri embættisins, og svo þess, að líkindi eru til að þessir menn verði í efnalegu tilliti alloftast illa staddir. Þetta kemur auk þess tiltölulega mjög sjaldan fyrir og er naumast hætt við að það geti orðið misbrúkað.

Að embættismaður, er hefir haft embætti, sem niður er lagt, og því hefir notið biðlauna og síðan eftirlauna, fái, ef hann tekur á ný við embætti, eigi minni tekjur en fylgdu fyrra embætti hans, er í samræmi við ákvæðin í 4. gr. stjórnarskrárinnar, þá er konungur flytur mann úr einu embætti í annað. Að öðru leyti er ákvæðið um þetta í niðurlagi 2. gr. frv. um eftirlaun í fullu samræmi við 7. gr. tölul. 1.

Um leið og nefndin vísar til töflu þeirrar, sem samin var á síðasta þingi til að sýna hlutfallið milli eftirlaunanna eftir hinum eldri ákvæðum og eftir hinu fyrirliggjandi frv., — en taflan er prentuð sem þingskjal 135 í C-deild þingtíðindanna bls. 186–187*, — skírskotum vér til enn frekari skýringar málinu til áþekkrar töflu, sem formaður hefir samið, að því er snertir ellistyrk og geymd-

*) I töflunni er í 1. dálki misprentað 15 í stað 19 í þjónustuára-tölunni, og í 3. dálki neðstu línu 1175 í stað 1075 (eftirlaun eftir 35 ára þjónustu).

an lífeyri, og sem fylgir þessu nefndaráliti. Með því að leggja saman samanheyrandi tölur úr báðum töflunum kemur sú tala fram, sem koma á sem framfærslueyrir í stað núgildandi eftirlaunaupphæðar.

Með þessum athugasemdum ráðum vér deildinni til að samþykkja hin fyrirliggjandi frumvörp, með þessum breytingum:

1. 12. gr. frv. um eftirlaun orðist þannig:

Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkv. tilskip. 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna, áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

2. 5. gr. í frv. um ellistyrk o. s. frv. orðist þannig:

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá og keypt sér ævilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hluta af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

3. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi 6. grein:

Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar þau öðlast gildi.

Efri deild alþingis, 15. júlí 1903.

Eiríkur Briem	Halfgr. Sveinsson	Guðjón Guðlaugsson
formaður.	skrifari.	framsögum.

Ed. 91. Ellistyrkur og geymdur lífeyrir embættismanna.

(Fylgiskjal við nefndarálit í eftirlaunamálinu).

Laun embættisins.	Maður, sem fær embætti 30 ára gamall.				Maður, sem fær embætti 40 ára gamall.			
	Ellistyrkur (4% renta) þá er hann er		Geymdur lífeyrir árlega frá því að hann er		Ellistyrkur (4% renta) þá er hann er		Geymdur lífeyrir árlega frá því að hann er	
	65 ára.	70 ára.	65 ára.	70 ára.	65 ára.	70 ára.	65 ára.	70 ára.
1500 kr.	2209 kr.	2851 kr.	228 kr.	455 kr.	1249 kr.	1683 kr.	120 kr.	244 kr.
2500 kr.	3683 —	4751 —	381 —	757 —	2082 —	2804 —	201 —	407 —
3000 kr.	4419 —	5702 —	457 —	909 —	2499 —	3365 —	241 —	488 —
4000 kr.	5892 —	7602 —	609 —	1212 —	3332 —	4487 —	321 —	651 —
5000 kr.	7366 —	9502 —	761 —	1515 —	4165 —	5609 —	402 —	814 —

Ed. **92. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Hin háttv. Ed. hefir skipað oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga ofannefnt frv., sem stjórnin hefir lagt fyrir alþingi, og til sömu nefndar hefir deildin vísað tveimur öðrum frumvörpum með samhljóða fyrirsögn, þingskj. 40 og 52. Þessi 3 frumvörp höfum vér íhugað rækilega á fundum vorum, og skulum nú leyfa oss að láta uppi álit vort.

Í frumvörpum þessum er farið fram á að stofna 3 ný læknishéruð, 1. í nágrenni Reykjavíkur, 2. í Barðastrandarsýslu og 3. í Strandasýslu og vestasta hluta Húnavatnssýslu, og mundu hin árlegu útgjöld, sem af því leiddu fyrir landssjóðinn, nema samtals 4100 kr., auk óákveðinnar eftirlaunabyrði, að því er hið fyrsttalda hérað snertir. Þessa aukning á útgjöldum landssjóðs til læknaskipunarinnar verður nefndin að telja mjög varhugaverða, einkum þegar litið er til þess, að útgjöldin til hennar samkvæmt fjárlagafrumvarpi því, er nú liggur fyrir þinginu, þegar nema 237,840 kr. fyrir fjárhagstímabilið eða 118,920 kr. á ári, og eru þar þó ótalin öll útgjöld til eftirlauna og styrktarfjár til lækna, ekkna þeirra og barna, sem enn er ekki komið í ljós, hve miklu muni nema, en sem hljóta að verða alltilfinnanleg fyrir landssjóðinn, því meir sem lengra líður frá. Nefndin álítur því að landssjóður sé ekki að svo komnu fær um að leggja fram, svo að nokkru nemi, meira fé til læknaskipunarinnar en gert er með núgildandi lögum, enda var svo tilætlast, að sú læknaskipun, sem komið var á með lögunum frá 13. okt. 1899, skyldi vera fullnaðarskipun, er haldist gæti um lengri tíma án frekari breytinga. Þegar litið er á læknafjöldann (þá, sem laun eða styrk hafa úr landssjóði) í samanburði við fólksfjöldann í landinu, þá virðist líka skipun þessi í því tilliti allviðunanleg, þar sem 1 læknir kemur á hver 1900 manna, sem mun vera meira en í nokkru öðru landi. Sé hins vegar miðað við strjálbygð landsins og vegalengd þá, er margir eiga að sækja til læknis, þá er hinni núgildandi læknaskipun víða mjög ábótavatn. En úr þessu verður ekki bætt nema með því að íþyngja landssjóði óhæfilega mikið; því auðsætt er, að, ef nú væri þegar farið að hreifa verulega við hinni núverandi skipun með stofnun nýrra læknishéraða, einum 4 árum eftir að hún er á komin, þá mundu skjótt koma til þingsins álíka bænir frá öðrum héruðum, þar sem þörfin á greiðari aðgang að læknishjálp, ef til vill, er engu minni en á þeim stöðum, sem átt er við í hinum umræddu frumvörpum.

Af þessum ástæðum sér nefndin sér ekki fært að leggja til, að stofnað sé að sinni nokkurt nýtt læknisembætti, og ræður því h. háttv. deild til að fella frumvörpin á þingskj. 40 og 52. En að því er stjórnarfrumvarpið snertir, þá virðist meiri hluta nefndarinnar ekki ógjörningur að skipa því máli án verulegra útgjalda fyrir landssjóðinn, og án þess að nokkurt nýtt læknishérað sé stofnað. Þetta álítur meiri hluti nefndarinnar að megi gera, með því að leggja efri hluta Seltjarnarnesshrepps, Bessastaða-, Garða- og Mosfellshrepp undir Kjósar hérað, en nema aftur frá því héraði Þingvallahrepp, er leggist undir Grímsneshérað, og innri hluta Hvalfjarðarstrandarhrepps, er leggist undir Skipa-

skagahérað. Á þessu skipulagi væru engin vandkvæði, ef ákveðið væri, að læknirinn í Kjósarhéraði skyldi sitja í miðju héraði, t. d. í Kollafirði eða þar í grend. En þetta virtist meiri hluta nefndarinnar ekki tiltækilegt vegna Hafnarfjarðar, sem nú er orðinn allfjölmennur bær (um 800 íbúa) og í töluverðum uppgangi og þar skipaferð mikil. Þar er því mikil þörf á lækni, þó ekki væri nema vegna eftirlitsins með sóttvörnum, en auk þess virðist eðlilegast að læknirinn sitji einmitt á þeim stað í héraðinu, þar sem fólkið er flest saman komið og flestir geta því notið hans. Það virðist því nauðsynlegt að ákveða, að læknissetrið í Kjósarhéraði skuli vera í Hafnarfirði. Af því mundi að vísu leiða, að Kjósarbúum yrði gert miklu örðugra en áður að vitja læknis, en úr því álítur meiri hluti nefndarinnar að mætti að nokkru leyti bæta, með því að gera lækninum að skyldu að fara á ári hverju án sérstaks endurgjalds 6 lækningaferðir upp í Kjós, 3 að sumarlagi og 3 að vetrarlagi. Sem uppbót fyrir þessar ferðir og jafnframt með tilliti til þess, að læknirinn verður að búa í kaupstað, virðist sanngjarnt að hækka laun læknisins upp í 1500 kr., en án eftirlaunaréttar, og yrðu þá hin auknu útgjöld fyrir landssjóðinn einar 200 kr. á ári.

Samkvæmt þessu leyfir meiri hluti nefndarinnar sér að leggja til, að fyrirsögn stjórnarfrumvarpsins haldist óbreytt, en að frumvarpið sjálft orðist þannig:

Á Reykjavíkur, Skipaskaga, Grímsness og Kjósar læknishéruðum skal gera þær breytingar, er hér segir:

Reykjavíkur hérað skal ná yfir Reykjavíkurkaupstað og Seltjarnarnesið sjálft, með Engey og Viðey, inn að Elliðaám og Fossvogi.

Skipaskaga hérað skal ná yfir Hvalfjarðarstandarhrepp allan og hina 4 syðstu hreppa Borgarfjarðarsýslu.

Grímsness hérað skal ná yfir Skeiða, Gnúpverja, Biskupstungna, Grímsness, Grafnings og Þingvalla hreppa í Árnessýslu.

Kjósar hérað skal ná yfir Kjósarsýslu, efri hluta Seltjarnarneshrepps, Bessastaða og Garðahrepp.

Kjósar hérað telst til 4. flokks læknishéraða (sbr. 1. og 3. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.) og skal læknissetur í því héraði vera í Hafnarfirði, en læknirinn skyldur til að fara á ári hverju 6 lækningaferðir upp í Kjós, án sérstaks endurgjalds, og auglýsa fyrirfram, hvenær þær verða farnar.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum í þessum héruðum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra samkvæmt lögum þessum.

Alþingi 15. júlí 1903

J. Jónassen
formaður og framsögumaður.

Valtýr Guðmundsson
skrifari.

Ósamþykkur að því er snertir breytingu á Kjósarhéraði og flutningi héraðslæknisins til Hafnarfjarðar. Ræð eg því hinni háttv. deild til þess að fella málið.

Þorgr. Þórðarson.

Ed. **93. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Vér, sem hin háttv. Ed. hefir falið að íhuga frv. þetta, höfum rækilega rætt það á fundum vorum, og skulum vér nú leyfa oss að láta uppi álit vort um það.

Eins og skjöl þau, sem fram hafa verið lögð á lestrarsal þingsins, þessu máli viðvíkjandi, bera með sér, er Hafnarfjörður nú í miklum uppgangi og þar kominn svo mikill þilskipastóll, að bærinn mun nú í hlutfalli við mannfjölda vera einn hinn stærsti útgerðarstaður landsins. Á svæði því, sem ætlast er til að kaupstaðurinn nái yfir, telst íbúatalan nú vera nærfelt 800 manna og eftir undanförnum vexti hans verður þess að líkindum skamt að bíða að hún verði 1000 eða meira. Af þessum skjóta vexti leiðir, að bærinn tekur miklum breytingum á ári hverju, svo að íbúum hans þykir brýna nauðsyn til bera, að hann fái stjórn sína út af fyrir sig í bæjarmálum, með því það hafi þegar reynst allmikill hnekkir fyrir framfarir og menningu í bænum, að hann er hluti af stærra sveitarfélagi og sýslufélagi, sem að ýmsu leyti er annars eðlis. Það hefir því á almennum sveitarfundi fyrir Garðahrepp 25. febr. þ. á. verið samþykt að fá verzlunarstaðnum skift út úr hreppnum, og á fundi, sem haldinn var í Hafnarfirði 1. marz s. á. var með yfirgnæfandi atkvæðafjölda samþykt að biðja um bæjarréttindi

Vér verðum að álíta að full ástæða sé til að verða við þessum óskum, með því að Hafnarfjörður hafi ýms skilyrði til að geta tekið miklu meiri framförum, ef hann fær stjórn sína út af fyrir sig. Höfn er þar ágæt, talin hin bezta sunnanlands og einasta fulltrygga höfn fyrir skip í vetrarlægi. Bryggjustæði er þar ágætt og að líkindum einnig hentugt að gera þar skipakví. Væri því nokkuð gert til að bæta höfnina og landtökur við hana, mundi óvíða betri útskipunarstaður á landinu. En þess er ekki að vænta, að nokkuð verði gert í þá átt, fyr en bærinn fær stjórn út af fyrir sig.

Bæjarstæðið sjálft, sem er kringum alla höfnina, má yfirleitt teljast gott og mætti þar gera góðar götur. En sem stendur er bæði götulagning og húsaskipun í hinu mesta ólagi, með því að hver getur nú bygt þar eftir eigin geðþótta, og mundi slíkt, ef svo búið ætti að standa til lengdar, skemma bæjarstæðið svo, að engin tiltök væru að fá það lagfært. Í heilbrigðislegu tilliti mundi bærinn vinna mikið við að fá sérstaka stjórn, ekki sízt að því, er snertir útvegun góðs neyzluvatns, sem mjög er auðvelt að gera, en vatnsból það, sem nú er notað af meiri hluta bæjarmanna, óhæfilegt. Lækur allstór af uppsprettuvatni rennur gegnum bæinn, og er nú verið að reisa við hann trésmíðaverksmiðju, sem reka á með vatnsafli. Vélarnar eða túrbínan verður þannig, að í samband við hana mætti með litlum kostnaði setja rafmagnsvél til að upplýsa bæinn, bæði á götum úti og í húsum inni. En lítt hugsandi að nokkuð verði úr slíkum framkvæmdum, nema bærinn hafi sérstaka stjórn.

Þar sem það þannig virðist auðsætt, að það gæti að ýmsu leyti haft mikla þýðingu fyrir þrif og menningu Hafnarfjarðar, að íbúar hans fengju að

skipa málum sínum sjálfir með sérstakri stjórn, en það hins vegar virðist ekki geta komið í bága við hagsmuni neins annars, telur nefndin rétt að veita þessum verzlunarstað bæjarréttindi. Að vísu mundi það, með því fyrirkomulagi, sem nú tíðkast í öðrum kaupstöðum landsins og líka er farið fram á í frumvarpinu, hafa nokkur útgjöld í för með sér fyrir landssjóðinn, þar sem gert er ráð fyrir 500 kr. launum til bæjarfógeta. En meðan fylgt er sömu reglu og hingað til um styrkveitingu til barnaskóla, þá yrðu þessi útgjöld aðallega á pappírnum; því ef Hafnarfjörður yrði gerður að kaupstað, félli styrkurinn til barnaskóla þar niður, en sá styrkur nemur nú því sem næst sömu upphæð og farið er fram á í frv., að veitt sé til að launa bæjarfógeta. Samt sem áður vill nefndin ekki leggja til, að laun bæjarfógetans verði ákveðin hærri en 300 kr., og mundu þau þá nema töluvert minna en sá styrkur, sem nú er veittur til barnaskóla þar, svo að landssjóður hefði ekki einungis engin útgjöld, heldur beinlínis hagnað af því, að Hafnarfjörður fengi bæjarréttindi.

Að því er frumvarpið sjálft snertir, þá er það algerlega sniðið eftir lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði og í flestum greinum orðrétt eins og þau lög, að svo miklu leyti sem við getur átt. Þó hefir nefndin álitið réttara að taka upp í frv. einstöku ákvæði úr þeim lögum, sem hér hafa verið burtu felld eða orðuð á annan veg og mun frekari grein verða gerð fyrir því við framsögu málsins í deildinni.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfum vér oss að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, en leyfum oss jafnframt að ráða til að samþykkja við það svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr. Fyrir »500 kr.« komi: 300 kr.

Við 4. gr. Fyrir orðin »og skulu kosnir« komi: Þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gerist, eftir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir o. s. frv.

Við 7. gr. Á eftir orðinu »nýjár« bætist inn í: nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis.

Við 8. gr. Á undan orðunum »hálfa stund« bætist inn í: að minsta kosti.

Við 10. gr. Fyrir »ráðgjafanum« komi: landshöfðingja.

Við 11. gr. Fyrir »ráðgjafann« komi: landshöfðingja.

Við 12. gr. (niðurl.). Fyrir »ráðgjafinn« komi: landshöfðingi.

Við 13. gr. Fyrir »ráðgjafanum« komi: landshöfðingja og fyrir »ráðgjafans« komi: landshöfðingja.

Við 14. gr. Fyrir »formaður barnaskólanefndarinnar« komi: sóknarpresturinn.

Við 18. gr. Aftan við greinina bætist:

Lögregluþjóna og næturverði setur bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

Við 19. gr. Fyrir »ráðgjafans« komi: landshöfðingja.

Við 21. gr. Á eftir »3 og 2 nefndarmenn« bætist inn í: til skiftis.

Við 22. gr. Fyrir »niðurjöfnun« komi: aðalniðurjöfnun.

Við 23. gr. Fyrri liður þessarar greinar orðist svo:

Ff ágreiningur verður milli Hafnarfjarðarbæjar og annars íslenzks sveitafélags um það, hvernig eigi að skifta milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Hafnarfjarðar og sveitarfélags í Danmörku, skal ráðherra Íslands leggja úrskurð sinn á málið.

Við 26. gr. Fyrir »3 bæjarfulltrúum« komi: 2 bæjarfulltrúum.

Við 29. gr. Fyrir »ráðgjafans« komi: landshöfðingja.

Við 30. gr. Fyrir orðin »útásetningar út á reikninginn fara að á« komi: um athugasemdir við reikninginn, fara á.

Við 31. gr. Fyrir »senda ráðgjafanum reikning yfir« komi: senda landshöfðingja reikning fyrir. Fyrir »viðhaft ólögleg gjöld« komi: greitt ólögmæt gjöld. Fyrir »ráðgjafinn« komi: landshöfðingi. Fyrir »komið ábyrgð« komi: komið fram ábyrgð.

Við 32. gr. Fyrir »ráðgjafinn« komi: landshöfðingi.

Við ákv. um stundarsakir. Fyrir »ráðgjafans« komi: landshöfðingja, og fyrir »ráðgjafinn« komi: landshöfðingi.

Alþingi 15. júlí 1903.

J. Havsteen, formaður. Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.

Kristján Jónsson.

Nd. **94. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur. Flutningsm. Ólafur Briem.

1. Framan við frumvarpið bætist ný grein svolátandi:

Hver sá maður, sem er kominn til lögaldurs, er skyldur til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í té, þegar þess er krafizt, fullkomna skýrslu um eignir sínar og skuldir.

2. Þar á eftir komi önnur ný grein:

Forstöðumenn fastra verzlana, kaupfélaga og pöntunarfélaga eru skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í té skýrslur um allar skuldir, er verzlanirnar eða félögin eiga útistandandi hjá landsmönnum.

Nd. **95. Nefndarálit**

um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1900 og 1901.

I. Reikningurinn 1900.

Tekjubálkurinn.

3. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.

Í athugasemdum sínum hafa yfirskoðunarmenn vakið athygli á því, að allur vínfangatollurinn og mikill hluti af öðrum landssjóðstekjum úr Dalasýslu

fyrir árið 1900, alls kr. 5234.98, hafi eigi verið greiddur fyr en eftir nýjár 1901, sumpart i jarðabókarsjóð og sumpart með ávísun útgefinni 26. marz sama ár. — Með greiðsluaðferð þessari er algerlega brotið á móti reglum þeim, sem settar eru í ráðgjafabréfi 24. júní 1892, en með því landshöfðingi hefir skýrt frá því, að hlutaðeigandi reikningshaldari hafi fengið áminningu, og að innborganir hans fyrir árið 1902 séu í sæmilegu lagi, þá finnur nefndin ekki ástæðu til frekari aðgerða.

6. Óvissar tekjur.

1. Ut af athugasemd yfirskoðunarmanna um tekjur af sölu Stjórnartíðinda hefir landshöfðingi skýrt svo frá, að það litla, sem inn er borgað, gangi upp í útsendingarkostnað. Réttara væri, að allur sá kostnaður sé færður til útgjalda í 10. gr. C. 1. c., en söluverð tíðindanna sé talið með óvissum tekjum, eins og áður hefir átt sér stað.

2. Eftir því sem yfirskoðunarmenn komast að orði í athugasemd um sölu Alþingistíðinda, liggur beinast við að skilja hana svo, að engin reikningsskil hafi verið gerð síðan 1893. Þessu er þó eigi þannig farið. Þvert á móti er það stöðug venja á hverju reglulegu alþingi, að leggja fram skilagrein fyrir sölu og afhendingu tíðindanna frá næsta þingi á undan eða tveim næstu þingum, ef aukaþing hefir verið haldið. Á alþingi 1901 var lögð fram skilagrein, að því er snertir þingtíðindin 1899, og á þessu þingi má búast við reikningsskilum fyrir Alþingistíðindunum 1901 og 1902.

7. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs.

Til húsabóta á Kjósar- og Gullbringusýslu jörðum árið 1900 hefir verið varið kr. 1275.00, þar á meðal til að kaupa íbúðarhús á Meiðastaði kr. 1050.00, en yfirskoðunarmenn álíta, að samkvæmt athugasemdinni í 3. gr. fjárlaganna hafi í mesta lagi mátt verja til þessa kr. 421.31, sem sé helmingi af nettóupphæð jarða-afgjaldanna fyrra ár fjárhagstímabilsins. Út af þessu vill nefndin taka það fram, að hún skilur svo ákvæðið í 3. gr. fjárlaganna, um styrkveitingar til húsabóta, að til þeirra megi verja alt að helmingi af brúttó upphæð afgjaldanna, og að einnig sé rétt, að miða upphæðina við alt fjárhagstímabilið. — Nú eru afgjöld af Kjósar- og Gullbringusýslu jörðum bæði árin samtals kr. 2715.10, og fer húsabótastyrkurinn eigi fram úr helmingnum af þeirri upphæð.

Að því er sérstaklega snertir húskaupin á Meiðastöðum, verður ekki séð af reikningunum, að hinn aðfarandi leiguliði hafi lagt neitt til kaupanna. — Að vísu hefir landshöfðingi í svari sínu til yfirskoðunarmanna skýrt svo frá, að leiguliðinn hafi boðist til að fullgera húsið, og að sá kostnaður hafi numið alt að því eins miklu og kaupverðið, en upplýsingu vantar um, hvort skoðun á húsinu hafi farið fram fyrir og eftir aðgerðina.

9. Greiðslur frá prestaköllum.

Vanskil á árgjöldum brauða hafa verið þriðjungi meiri þetta ár en næsta ár á undan, og eru skuldirnar í árslok 1900 samtals kr. 2421.00. Út af þessu hefir landshöfðingi látið í ljós, að vanskilunum muni aldrei linna fyr en kjör prestastéttarinnar séu bætt. Ef þetta er rétt, virðist landsstjórninni standa næst að hlutast til um nauðsynlegar umbætur þar að lútandi.

Gjaldabálkurinn.

11. Ýmisleg útgjöld.

1. c. Með kostnaði við að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur eru færðar til reiknings útgjalda-eftirstöðvar af útgáfukostnaði tíðindanna frá 1899 kr. 826.90, sem hafa verið útborgaðar eftir að fjárlögin fyrir 1898 og 1899 voru gengin úr gildi. Nefndin er því samþykk, að leitað verði aukafjárveitingar fyrir téðri upphæð.

12. Útgjöld við læknaskipunina.

1. Eins og tekið er fram af yfirskoðunarmönnum, hafa laun 9 héraðslækna, sem fengu veitingu fyrir embættum sínum 6. apríl 1900, verið útborguð frá 1. apríl í staðinn fyrir 1. maí, sbr. opið bréf 31. maí 1855, og nema hin ofborguðu mánaðarlaun, að frádregnum aukalæknisstyrk, sem við þetta hefir sparast, kr. 481.68. Ut af þessu hefir landshöfðingi haldið því fram, að landsstjórninni hafi verið heimilt að veita héraðslæknum þeim, er skipaðir voru samkvæmt hinum nýju læknalögum, laun frá 1. apríl 1900, enda hafi veitingabréfin af sérstökum ástæðum ekki verið undirskrifuð fyr en 6. s. m. Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að við svo búið megi standa, en álítur þó réttara, að útborgun launanna sé samþykt með sérstakri atkvæðagreiðslu um 4. gjaldlið landsreikningsins.

13. Útgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru um fram fjárveitingu:

ferðakostnaður póstmeistara	kr. 316.00
fyrir prentun	— 498.08
til áhalda	— 404.60

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga 1900 og 1901, 3. gr.

II. Reikningurinn 1901.

Tekjubálkurinn.

6. Greiðslur frá prestaköllum.

Upp í eftirstöðvar af árgjöldum brauða frá f. á. hefir verið greitt á árinu 680.00. Til þeirrar innheimtu voru sendir málflutningsmenn frá Reykjavík, og borgun til þeirra greidd úr landssjóði kr. 444.50. Hafa yfirskoðunarmenn vakið athygli á því, að innheimtan hafi þannig gleypt mestra hluta þess, er inn hefir komið. Í svari sínu hefir landshöfðingi skýrt svo frá, að enn sé eigi út séð um, að hve miklu leyti landssjóður fái kostnað þennan endurgoldinn. — Nefndin telur það neyðarúrræði, að hafa þurfi slíkan kostnað, sem þennan, hvort sem hann greiðist af prestum þeim, er hlut eiga að máli, eða lendir til fulls á landssjóði, og álítur, að það ætti að verkefni landsstjórnarinnar, að finna ráð til þess, að afstýra slíkum ófögnuði.

Gjaldabálkurinn.

7. Til hegningarhússins og fangelsanna.

Til eldiviðar og ljósa og til útgjalda við húsið sjálft og áhöld þess hefir

verið varið umfram fjárveitingu kr. 294,39. Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að við svo búið megi standa, án þess leitað sé aukafjárveitingar fyrir þessum lítilvægu umframgreiðslum.

8. Ymisleg útgjöld.

1. Sundurliðun á kostnaði við að gefa út Stjórnartíðindi og landshagsskýrslur er ekki alls kostar nákvæm, eins og yfirskoðunarmenn hafa bent á. Til þess að gera hann greinilegri eftirleiðis, hefur landshöfðingi hreift því, að veita ætti fé til landshagsskýrslna sérstaklega í fjárlögunum, en ekki í sambandi við B-deild Stjórnartíðindanna. Þessa tillögu aðhyllist nefndin og vísar henni til fjárlaganefndarinnar.

9. Utgjöld við læknaskipunina.

1. Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að héraðlækni Davíð Scheving Thorsteinsson hafi verið útborguð óskert laun fyrir júlí og ágúst 1901, bæði í Ísafjarðarhéraði og Stykkishólmshéraði, er komi í bága við 4. gr. launalaganna 15. okt. 1875. Landshöfðingi hefur að vísu kannast við, að nefndur héraðslæknir hefði ekki átt að fá meir en hálf launin í Stykkishólmshéraði fyrir umrædda tvo mánuði, en hefir jafnframt lagt það til, að við svo búið verði látið standa í þetta sinn, og það hafa yfirskoðunarmenn einnig gert að sinni tillögu. Nefndin vill heldur ekki eftir atvikum mæla á móti því, en álítur réttast, að með tilliti til þessa sé 4. gjaldliður landsreikningsins sérstaklega borinn upp til atkvæða.

2. Til viðhalds á húsum holdsveikraspítalans, húsbúnaðar og áhalda, þvotta og ræstingar og til ýmislegra gjalda hefir verir varið fram yfir fjárveitingu kr. 1539,65, en með því þessar umframgreiðslur hafa eftir svari landshöfðingja verið alveg óhjákvæmilegar, er nefndin því samþykk, að við svo búið megi standa.

10. Utgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

póstflutningur	kr. 2045,54
til áhalda	— 300,66
óviss gjöld	— 212,30

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga 1900 og 1901, 3. gr.

11. Til vegabóta.

2. Á fjárhagstímabilinu hefir verið greitt fram yfir fjárveitingu:

ferðakostnaður verkfræðings	kr. 1146,01
til flutningabrauta	— 1898,41
til þjóðvega	— 3301,22
til fjallvega	— 2667,10

og eru þessar upphæðir teknar í frumvarp til fjáraukalaga 1900 og 1901, 3. gr.

13. Fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum.

Til að hlaða garð til varnar vitanum á Skagatá hefur verið varið um-

fram fjárveitingu kr. 2209,24, og er upphæðin tekin í frumvarp til fjáraukalaga 1900 og 1901, 2. gr.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1903.

Guðl. Guðmundsson, form. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Ólafur Thorlacius.

Nd. **96. Nefnarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901.

Í 2. gr. frumvarpsins vantar að taka upp fjárveitingu til lúkningar útgáfukostnaði Stjórnartíðinda og landshagsskýrslna frá 1899, kr. 826.90, sbr. nefndarálit um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1900 og 1901 I. 11. gr. 1. c. Að því er snertir kostnað við að hlaða garð til varnar vitanum á Skagatá, var hin upphaflega fjárveiting 2500 kr. áætluð upphæð, en reyndist of lág. Sama má að nokkru leyti segja um hin auknu útgjöld við póststjórnina og til ferðakostnaðar verkfræðingsins, sem talin eru í 3. gr. frumvarpsins. Aftur á móti er öðru máli að gegna um umframgreiðslurnar til vegabóta, sem nema kr. 7866,73, með því fjárveitingar til þeirra verða að skoðast sem fastar, þannig, að landsstjórnin sé bundin við þær, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Samt sem áður vill nefndin mæla með því, að umrætt fé verði veitt, með sérstöku tilliti til þess, að hér er að ræða um samgöngubætur, sem fjárveitingarvaldið hefir látið sér einkar umhugað um að koma í sem bezt horf. Jafnvel þó umframgreiðslan til óvissra útgjalda í 4. gr. frumvarpsins sé afarhá, hefir nefndin ekkert sérstakt þar við að athuga, með því fjárveitingin eftir eðli sínu er áætluð upphæð.

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 2. gr. Á eftir »Ýmisleg útgjöld« bætist inn í:
   Við tölulið 1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur 826 kr. 90 a.
2. Við 3. gr. Óviss útgjöld. Fyrir »1900« komi: 1901.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1903.

Guðl. Guðmundsson form. Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Ólafur Thorlacius.

Nd. **97. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningum fyrir 1900 og 1901.

Í 4. gjaldlið eru færðar til reiknings kr. 491.68, er nokkrir héraðslæknar hafa fengið ofborgaðar, á þann hátt, að þeim eru greidd laun fyrir apríl-

mánuð 1900, þótt þeir væru ekki skipaðir í embætti fyr en 6. s. m. Í þessum gjaldlið eru einnig fólgnar kr. 125.00, er héraðslæknir Davíð Scheving Thorsteinsson fekk otborgaðar sem settur læknir í Stykkishólmshéraði í júlí og ágúst 1901, eftir að hann hafði fengið veitingu fyrir Ísafjarðarhéraði. Í áliti sínu um athugasemdir yfirskoðunarmanna I. 12. gr. og II. 9. gr. 1. tölul. hefir nefndin fallist á, að við svo búið verði látið standa.

Að öðru leyti hefir nefndin ekkert við frumvarpið að athuga, og leggur til að það verði samþykt, þó með þeim fyrirvara, að 4. gjaldliður sé sérstaklega borinn upp til atkvæða.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1903.

Guðl. Guðmundsson form. Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Ólafur Thorlacius.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um aðra skipun á biskupsembættinu.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason og Magnús Andrésson.

1. gr.

Biskupsembættið skal sameinað forstöðumannsembættinu við prestaskólann, þegar núverandi biskup lætur af embætti, og skal jafnframt ákveða með konunglegri tilskipun, hver störf biskupinn skuli hafa á hendi.

2. gr.

Biskups- og forstöðumannsembættið skal launað með 5000 kr. árslaunum, og leggist embættinu auk þess 500 kr. ári sem skrifstofufé handa biskupnum.

Nd. **99. Nefndarálit**

um kláðamálið (með 3 fylgiskjölum).

Vér undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis skipaði í nefnd til þess að íhuga fjárkláðamálið og koma fram með tillögur um ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum, leyfum oss nú að skýra frá þeirri niðurstöðu, sem vér höfum komizt að.

Á aukaþinginu í fyrra, samþykti neðri deild tillögu um, að skora á stjórnina, að hlutast til um, að verkleg kensla í kláðalækningum kæmist á, svo fljótt sem auðið væri, í því skyni, að undirbúa öfluga tilraun til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum. I nefndaráliti búnaðarmálanefndarinnar um málið í fyrra er það skýrt tekið fram (þingskj. 193), að markmið allra ráðstafana og framkvæmda í fjárkláðamálinu eigi framvegis að vera *alger útrýming fjárkláðans úr landinu.* Fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir þinginu, ber það með sér, að stjórnin hefir algjörlega fallizt á þessa skoðun, og orðið við áskorun neðri deildar, þar sem í frumvarpinu eru ætlaðar 77,500 krónur, sumpart til kláðalækningakenslu, sumpart til baðlyfja, kaupa og ýmissa ráðstafana til útrýmingar kláðanum.

Fé því, sem veitt var á núgildandi fjárlögum til að fá aðstoð kláðafróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláða í Norður- og Austuramtinu, var þegar á næstliðnum vetri varið til þess, að kenna mönnum kláðalækningar á Norðurlandi, fræða menn um fjárkláðann og varnir gegn honum, og gjöra lækningatilraunir. Til þessa starfs réði amtmaðurinn hinn þaulreynda norska kláðalækni O. Myklestad. Fór hann um allar sýslur amtsins til þess að kynna sér ástandið, en hélt jafnframt fyrirlestra hér og hvar og kendi mönnum að lækna. Alls hélt hann fyrirlestra fyrir 300 mönnum og kendi um 160 manns að baða, en tveim mönnum kendi hann sérstaklega að þekkja kláðann, finna hann og lækna. Var annar þeirra, Davíð Jónsson frá Kroppi í Eyjafirði, sendur austur í Múlasýslur seinni hluta vetrar til kláðarannsókna og til þess að leiðbeina mönnum við lækningar.

Hér í Suður- og Vesturamtinu er ætlast til að kensla fari fram í kláðalækningum næstu tvo vetur á Hvanneyri, til undirbúnings algjörðrar útrýmingar í þessum ömtum (sbr. ástæður fjárl. frv.). Af þessu er auðsætt, að stjórnarvöldin *eru nú öll orðin á einu máli um það, að útrýma beri fjárkláðanum svo fljótt sem auðið er*, og undirtektir þingmanna á privatfundi þingsins 9. þ. m. sýndu ljóslega, að yfirgnæfandi meirihluti þingsins er á sömu skoðun. Og þar sem oss auk þess er kunnugt um, að allur almenningur að minsta kosti á Norður- og Austurlandi óskar einkis fremur en að losna við kláðann sem allra fyrst, álítum vér tíma til kominn, að hefja nú þegar leiðangurinn gegn þessari meinvætti sauðfjárræktarinnar með þeim liðsafla, sem þegar er fenginn og æfður undir forustu O. Myklestads, sem vér vitum allra manna reyndastan og sigursælastan í slíku stríði. Hann hefir um 40 ár fengist við kláðalækningar í Noregi og tekist með stökum dugnaði og hyggindum að útrýma kláðanum þar algjörlega, eftir samróma vitnisburði háyfirvaldanna þar og ýmissa merkra manna. Sbr. fylgiskj. I—III.

Það er því eindregin tillaga vor, *að herra Myklestad verði skipaður aðalframkvæmdarstjóri við útrýmingu kláðans um land alt, og að útrýmingar tilraunirnar verði þegar byrjaðar á næsta vetri* í Austur- og Norðuramtinu, og svo verði á næstu árum haldið áfram vestur og suður um land þar til alt sauðfé landsins er ein og tvíbaðað. Búumst vér við að þessu verði lokið á 3—4 vetrum og höfum þá örugga von um, að þessari landplágu verði að þeim tíma liðnum létt af landinu fyrir fult og alt.

Eftir því sem næst verður komist, er kláðinn nú sem stendur útbreiddur um alt land, að Rangárvalla- Vestmannaeyja- og Vesturskaftafellssýslum ef til vill undanteknum. Myklestad álítur, að hann sé á flestum bæjum í Norðuramtinu og Davíð Jónsson ætlar, að hann sé hér og hvar um alt Austuramtið og magnist þar óðum. Á einum bæ í Norðfirði, þar sem skoðað hafði verið fyrir 5 dögum og engin kind talin grunsöm, fann Davíð 24 kindur með kláða.

Í Suður- og Vesturamtinu fundust við kláðaskoðunina í apríl í vor 433 kindur í 5 sýslum á 106 bæjum, og langflestar þeirra eða 307 í Strandasýslu. Í fyrra töldu skýrslurnar ekki nema 146 kindur á 77 bæjum. — En eins og margsinnis hefir verið sýnt og sannað eru skýrslur hinna skipuðu skoðunar-

manna engan vegin áreiðanlegar, og gefa manni litla hugmynd um ástandið eins og það er í raun og veru. Til sönnunar því má benda á dæmið úr Norðfirði, sem getið var hér að framan. En óhætt er að fullyrða, að svo framarlega sem skýrslurnar bera það með sér, að kláði hafi fundist hér og hvar á einhverju tilteknu svæði, þá er engin kind á því svæði grunlaus. Alt sauðfé á Íslandi frá Jökulsá á Breiðamerkursandi austur, norður og vestur um land, að Þjórsá má því telja grunsamt, og það hefir tiltölulega lítið að segja hvað margt af því er með kláða einhvern tiltekinn skoðunardag, því það þarf alt að baðast rækilega, hver einasta kind, eigi maður að geta gjört sér nokkra von um algerða kláðaútrýmingu.

En hvað mundi slík útrýmingartilraun kosta?

Eftir seinustu skýrslu um kvikfé á Íslandi 1901, var tala sauðfjárins á öllu landinu 482,189. Nú er því miður vitanlegt, að framtalið til búnaðarskýrslnanna er ekki eins rétt og það ætti að vera, og ekki gott að gizka á, hve langt það er frá réttu lagi. En sé gert ráð fyrir, að undandrátturinn fari ekki fram úr 15% verður fjártalan 554,517 eða nokkuð yfir ½ miljón. Baðlyf það, sem Mylkestad hefir notað í Noregi, og ræður eindregið til að einnig sé viðhaft hér, er eingöngu tóbaksblöð. Tvö pund eða 1 kilo af því tóbaki, sem hann býst við að hafa til baðananna, ætlar hann að muni kosta hingað komið í hæsta lagi 1 kr. Ef gjört er ráð fyrir, að 1 kilo þurfi að jafnaði til þess að baða 7 kindur einu sinni, og að tvíbaða þurfi að minnsta kosti ¼ af öllu sauðfé landsins þá fara til þess 99,014 kilo eða 198,028 pd., er kosta 99,014 kr. Þennan kostnað á landssjóður að sjálfsögðu að bera eftir gildandi lögum. — Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig þetta skiftist niður eftir ömtum:

I. *Austuramtið*:

Fjártala	í amtinu og Seyðisfj.kaupst. eftir búnaðarsk. 1901	115,876		
	+ 15% af 115,876 fyrir vantaln.	17,381	= 133,257	
Tóbak	til einnar böðunar af 133,257 kindum	19,036 kilo.		
—	til ¼ böðunar	4,759 —		= 23,795 kilo.

II. *Norðuramtið*:

Fjártala	í amtinu og Akureyrarkaupst. eftir búnaðarsk. 1901	142,458		
	+ 15% af 142,485 fyrir vantalningu	21,368	163,826	
Tóbak	til einnar böðunar af 163,826 kindum	23,403 kilo.		
—	til ¼ böðunar	5,851 —		= 29,254 kilo.

III. *Vesturamtið*:

Fjártala í amtinu og Ísafj.kaupst. eftir

	búnaðarsk. 1901	96,340		
	+ 15% af 96,340 fyrir vantaln.	14,451	110,791	
Tóbak	til einnar böðunar af 110,791 kind	15,827 kilo.		
—	til 1/4 böðunar	3,956 —		= 19,783 kilo.

IV. *Suðuramtið*:

Fjártala	í amtinu og Reykjavík eftir búnaðarsk. 1901	127,515		
	+ 15% af 127,515 fyrir vantaln.	19,127	= 146,642	
Tóbak	til einnar böðunar af 146,642 kindum	20,948		
—	til 1/4 böðunar af 146,642 . .	5,237 kilo.		= 26,185 kilo.
		Samtals:	99,017 kilo.	= 99,017 kr.

Fjártala	á öllu landinu eftir búnaðarsk. 1901	482,189		
	+ 15% af 482,189 fyrir vantaln.	72,328	= 554,517	
Tóbak	til að einbaða alt fé á landinu og til að tvíbaða 1/4 af 554,517			= 99,017 kilo.

Annar kostnaður við útrýminguna, sem vér leggjum til að greiðist úr landssjóði, er fyrst og fremst laun framkvæmdarstjóra og tveggja aðstoðarmanna, og andvirði eirpotta þeirra, sem Myklestad telur nauðsynlega til tóbakssuðunnar. Álítur hann, að ekki verði komist af með færri en 200 potta ef böðunin eigi að ganga fljótt og liðlega, og kostar hver þeirra um 80 kr. eða samtals 16,000 krónur. En þess ber að gæta, að pottar þessir verða hér um bil í fullu verði að loknu verkinu, og eru mesta búmanns þing. Þetta fé ætti því að miklu leyti að endurborgast landssjóði. Svo er til ætlast, að 200 lærðir baðarar gangi stöðugt að verkinu og baði um 80 kindur á dag. Mundi láta nærri að 8780 dagar gengi til þess að einbaða alt fé á landinu og tvíbaða 1/4 þess, að þeim dögum meðtöldum, sem færu til ferðalaga. Væri dagsverkið metið 3 kr. að meðaltali þá yrði kaup baðaranna alls um 26 þús. kr. (26,340 kr.) eða c. 5 aura á hverja kind. Vér vorum í nokkrum vafa um það, hvort heppilegra væri að greiða þennan kostnað úr landssjóði eða láta fjáreigendur bera hann. En það varð þó að lokum ofan á í nefndinni að leggja það til, að kaup baðaranna skyldi greitt úr landssjóði. Reyndar játum vér að full sanngirni mæli með því, að fjáreigendur hver um sig beri drjúgan skerf af útrýmingarkostnaðinum. En á hinn bóginn dylst oss ekki, að almenningur muni taka útrýmingarráðstöfunum með því ljúfara geði, sem þær eru ódýrari fyrir einstaklinginn, og fyrir því

muni framkvæmdirnar ganga greiðlegar og vonin um góðan árangur verða vissari og á þetta hljótum vér að leggja mesta áherzlu.

I fjárlagafrumvarpinu eru ætlaðar liðugar 10 þús. kr. til kenslu í kláðalækningum að meðtöldum 2000 kr. byggingarkostnaði á Hvanneyri. Þessi upphæð er óþarflega há, eftir því sem vér ætlumst til að kenslunni sé hagað. — Næstliðinn vetur var varið um 600 kr. til kenslu í Norðuramtinu, og vér álítum að komast megi af með 8—900 kr. næsta vetur í hinum ömtunum, þar eð vér gjörum ráð fyrir, að kenslan fari fram jafnhliða útrýmingarböðununum. — Kenslu kostnaðurinn næstliðinn vetur var greiddur af jafnaðarsjóði Norðuramtsins, og teljum vér sjálfsagt, að hann verði endurgreiddur af landssjóði. Loks verður að áætla einhverja upphæð til ýmissa óvissra útgjalda, og mætti það tæplega vera minna en 8,600 kr.

Kostnaðaráætlunin verður þá eitthvað á þessa leið:

1.	Tóbak	kr.	99,000
2.	Eirpottar 200	—	16,000
3.	Laun, dagpeningar og ferðakostnaður O. Myklestad .	—	13,800
4.	Laun aðstoðarmanna	—	4,800
5.	Laun baðara	—	26,300
6.	Kensla	—	1,500
7.	Óviss útgjöld (baðlyf o. fl.)	—	8,600
		kr.	170,000

Mörgum mun að líkindum vaxa þessi upphæð í augum. En þegar þess er gætt, að ekki mun fjærri lagi, að kláðinn baki landinu álíka mikinn kostnað *árlega*, og ef til vill miklu meiri, þá verður upphæð þessi tiltölulega lítil. Mörgum athugulum bændum hefir talizt svo til, að hið beina og óbeina tjón, sem af kláðanum leiðir, mundi árlega nema frá 40—75 aura á kind, en útrýmingarkostnaður sá, er landssjóður greiðir eitt skifti fyrir öll, fer þó ekki fram úr 30½ eyri á hverja kind. Hér við bætist svo andvirði þeirrar vinnu, sem fjáreigendur leggja fram við lækningarnar, flutningskostnaður á baðlyfjum og áhöldum, eldiviður og bačker, sem vér ætlumst til að fjáreigendur leggi til ókeypis. Vér höfum ekki álitið þörf á að áætla nokkuð um þennan kostnað.

Eftir því sem vér álítum að útrýmingunni yrði hagað skiftast útgjöld landssjóðs niður á næstu ár hér um bil á þessa leið:

		1903.	1904.	1905.
1.	Tóbak . . . . . kr.	53.035	45.965	7.000
2.	Pottar . . . . . —	16.000	»	»
3.	Laun Myklestads . . . . —	800	6.500	6.500
4.	—— aðstoðarmanna . . . —	800	2.000	2.000
5.	—— baðara . . . . . —	3.600	22.700	»
6.	Kensla . . . . . —	1.000	500	»
7.	Óviss útgjöld . . . . . —	600	500	500
		75,835	78,165	16,000

Nefndinni var ljóst að ráðstafanir þær og framkvæmdir, sem hún leggur til að gerðar séu til útrýmingar kláðanum, geta að ýmsu leyti ekki samrýmst gildandi lögum um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, sem öll eru miðuð við það, að veikindin séu í byrjun eða að minsta kosti lítið útbreidd. En þar sem vitanlegt er að kláðinn er alment útbreiddur nálega um land alt ættu lög um útrýmingu hans að miðast við það ástand. Það hefði því legið beinast við, að nema hin eldri lög úr gildi og semja ný lög um næm fjárveikindi, sem væru í fullu samræmi við tillögur vorar. En þetta þótti oss of umfangsmikið og tókum heldur það ráð að semja frumvarp til nokkurs konar bráðabirgðalaga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, og leyfum vér oss að leggja það fyrir hina háttvirtu deild.

I frumvarpi þessu er stjórninni veitt heimild til að skipa einn framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir kláðaútrýmingunni um land alt; henni er og gert að skyldu að semja reglugjörð um framkvæmd verksins og veitt heimild til að ákveða sektir fyrir brot á þeirri reglugjörð. Þá er tiltekið hvernig kostnaðinum skuli skift milli landssjóðs og fjáreiganda og loks kveðið svo á, að framkvæmd hinna eldri laga skuli frestað fyrst um sinn að því leyti sem þau samrýmast ekki ákvæðum frumvarpsins.

Væntum vér þess að hin háttvirta deild og þingið í heild sinni fallist á tillögur vorar og ráði þessu velferðarmáli heppilega til lykta.

Alþingi 16. júlí 1903.

Árni Jónsson formaður. Stefán Stefánsson skrifari og framsögumaður. Magnús Andrésson

Ólafur Thorlacius. Jóhannes Ólafsson.

Fylgiskjöl.

I.

Fra Direktören for det civile Veterinærvæsen.

I andledning af Hr. Amtmandens skrivelse af 10. januar d. a. angaaende faareskabsygens optræden og bekjæmpelse paa Island, hvilken skrivelse har interesseret mig meget at læse, skal jeg angaaende Hr. Amtmandens forspörgsel meddele följende:

Hr. Agronom Myklestad kan jeg trygt anbefale som en erfaren og kyndig mand til at behandle faareskab og at oplære andre i saadan behandling. Han har indlagt sig stor fortjeneste ved faareskabsygens behandling og endelige udryddelse her i landet, for hvilket arbeide det kgl. selskab for Norges vel i sin tid har givet ham offentlig paaskjönnelse.

Faareskabsyge er her i landet ikke optraadt siden 1894, da den blev udryddet i et par dalförer i Kristians amt, hvor den havde vist sig. Ogsaa den gang var det væsentlig ved Hr. Myklestads arbeide, at sygdommen blev standset.

Jeg kan ikke antage at tilfælde af denne sygdom skulde kunne holdes skjult her i landet, da den ifölge gjældende lov er gjenstand for anmeldelse til offentlig myndighed, lige-

som der nu findes saavidt mange offentlig ansatte dyrlæger i amterne, at jeg antager, at opdukken af sygdommen snart vilde blive bekjendt.

Kristiania den 31. januar 1903.

Malm.

Amtmanden over Norder- og Öster Amtet, Hr. P. J. Briem,

Akureyri Island.

Rétt eptirrit staðfestir

Páll Briem

II.

Sten pr. Bergen 4/4 1903.

Fra Stortingsmand Konow.

Hr. Amtmand Páll Briem, Akureyri.

Jeg har herigjennem den Ære at erkjende Modtagelsen af Hr. Amtmandens Skrivelse af 17. f. M. hvis Indhold i höi Grad har interesseret mig. Som Hr. Amtmanden bekjendt, har Faareskaben ogsaa i Norge indtil Slutningen af forrige Aarhundrede været en stor Landeplage, som navnlig herjede i de vestlige Landsdele og fremfor alt i de bergenhusiske Amter. For Sönder-Bergenhus Amt, som efter den seneste Statistik tæller 215000 Stykker Faar, ansatte man den aarlige Skade, som forvoldtes ved Faareskaben, til henimod Kr. 100.000.00. Efterat det for omtrent 50 Aar siden var begyndt at gaa ind i den almindelige Bevidsthed, at man her stod lige overfor et Onde, som man alene kunde haabe at overvinde gennem Anvendelse af planmæssige og energiske Forföininger, og Lovgivningen havde aabnet Stats- og Amtsmyndigheden adgang til at iværksætte saadanne, gik man i Gang med Forberedelserne til Udryddelseskrigen, i det de forskjellige Amtsstyrer fattede Vedtægter til Formaalets Fremme. Det laa nær til for Söndre-Bergenhus Amt som det Distrikt, hvor Faareskaben havde voldt den störste Skade, at tage det tyngste Tag i Arbeidet for dens Bekjæmpelse. Her oprettede man i Aar 1862 en Forsögsstation. Man var saa heldig i Spidsen for denne at faa særdeles dygtige Mænd. Man erhvervede en sikker og gennemfört Methode for Behandlingen, og nogle Aar efter skred man til en almindelig Rensning af alle Faarebesætninger. Den mödte i Begyndelsen adskillig Modstand og Uvilje hos Faareejerne i flere Strög af Amtet, men viste sig snart at svare til sin Hensigt. Skaben var i det store og hele taget udryddet. Det kunde dog ikke undgaaes, at der hist og her fandtes Kilder til Smitte, og under den mangelfulde og mindre gjennemförte Kontrol, som paa enkelte Steder i de följende Aar blev udvist, tog Faareskaben sig op igjen i forskjellige Distrikter. Man blev i enkelte Strög endog nödt til nogle Aar efter at foretage gjennemgaaende Kurbehandling af samtlige Besætninger. Disse senere Udrensninger blev foretaget af Hr. Agronom Möklestad, som gjennem mangeaarig Beskjæftigelser med Skabkureringen fremfor nogen anden havde erhvervet sig Indsigt og Erfaring i Anvendelse af den sikreste Methode for Udryddelsen af Skaben, og som ved sine sjeldne praktiske Anlæg, sin ökonomiske Sands og sin usædvanlige Energi og Nöiagtighed i disse Aar indlagde sig stor Fortjeneste af de herjede Bygder. Det lykkedes med rimelige Udlæg i Löbet af nogle Aar at faa Ondet fuldstændigt udryddet i Söndre-Bergenhus Amt, og senere har man — saavidt jeg ved — ikke havt et eneste Exempel paa, at det har vist sig paa ny. Det gode Resultat af Arbeidet i Söndre-Bergenhus havde til Følge, at Opmærksomheden blev henledet paa Hr. Möklestad inden andre af Vestlandets Amter, hvor man ogsaa i gjennem flere Aar havde lagt Vind paa at bekjæmpe Faareskaben, men hvor man

paa Grund af manglende Planmæssighed og Gennemförthed under Arbeidet ikke havde magtet at udrykke Ondet. Efter Foranstaltning af Myndigheden foretog Hr. Möklestad successivt Befaring af Stavanger, Nordre-Bergenhus, Romsdals- og Kristians Amter, overalt med samme Resultat. Faareskaben blev helt og fuldstændigt udryddet, og har senere hen — saavidt mig bekjendt — ikke vist sig. Som hjemmehörende i det Distrikt, der mere end noget andet i ældre Tid led under Faareskabens Herjinger, som bosat lige i Nærheden af det Sted, hvor den förste methodiske Behandling af Faareskaben i 1862 og senere blev foretaget, som mangeaarig Ordförer for Distriktet og dets Repræsentant i Amtsthing og Storthing, har jeg havt Anledning til at följge de oven omtalte Forföininger fra förste Færd af. Det er min Overbevisning, at man sjelden her til Lands har havt et saa vakkert Exempel paa en Række offentlige Foranstaltninger, planmæssigt og ökonomisk gjennemfört og kronede med et ubetinget heldigt og til Hensigten svarende Udfald. Resultatet har ogsaa været at Faareholdet i det vestlige Norge i den sidste Mandsalder er blevet en ganske anderledes indbringende Næringsgren end tidligere.

Ukjendt med Forholdene paa Island tör jeg selvsagt ikke have nogen sikker Formening om, hvorvidt den samme Fremgangsmaade, bragt i Anvendelse, vil före til det samme Resultat, som den har gjort her. Men jeg skulde dog antage at Islændingerne, forsaavidt Forholdene ikke stille sig meget forskjellige mod hvad de er hos os, vil have Fordel af at gaa den samme Vei i denne Sag, som vi har gjort i Norge. Og hvis saa maatte være Tilfældet, og Hr. Möklestad evner at blive fuldt fortrolig med Folk og Forhold paa Island, er det min Overbevisning at man vil have vanskeligt for at finde en mere praktisk, erfaren, ökonomisk, nöiagtig og ihærdig Leder af Forföiningerne end ham.

Jeg tör sluttelig anmode Hr. Amtmanden om med min ærbödigste Hilsen at modtage mine bedste Önsker om et Heldigt Udfald af denne Sag, ligesom jeg önsker Held og Fremgang for alt, hvad der tjener til Islands Gavn.

Med Höiagtelse Deres ærbödige

Konow.

Rétt eftirrit staðfestir

Páll Briem.

III.

Hr. Amtmanden i Nordur og Austuramt Island.

Efter Forespörgsel hos Repræsentanter fra Amterne Nordre-Bergenhus, Söndre-Bergenhus, Stavanger, Romsdal og Kristians Amt kan jeg under Henvisning til Hr. Amtmandens Skrivelse af Februar sidstleden give det Svar, at Hr. Agronom O. Myklestads Kurmethode aldeles har dræbt og udryddet Faareskabsygen i nævnte Amter. Dette stemmer ogsaa med min personlige Viden.

Andre Methoder var tidligere, men forgjæves, forsögte.

Jeg kan derfor trygt anbefale Hr. Myklestads Methode ogsaa for Island.

Kristiania i Storthinget 23. Mai 1903.

Edv. Liljedahl,

Storthings præsident.

Rétt eptirrit staðfestir

Páll Briem

Nd. **100.** Frumvarp

til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum.

Frá nefndinni í fjárkláðamálinu.

1. gr. Landstjórninni veitist heimild til að gera ráðstafanir til algerðar útrýmingar fjárkláða og ráða til þess starfa einn framkvæmdarstjóra fyrir land alt. En hann tekur sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. gr. Eftir tillögum framkvæmdarstjórans semur landstjórnin reglugjörð um framkvæmd verksins, og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglugjörðinni.

3. gr. Baðlyf þau og baðpottar, er með þarf í hvern hrepp, skal flutt þangað frá næstu kauptúnum á kostnað fjáreigenda í hreppnum. Hreppsnefndin annast um flutninginn og jafnar flutningskostnaðinum niður á fjáreigendur eftir fjártölu og innheimtir hann. Gjald það má taka lögtaki. Húsbóndi hver leggur ókeypis til baðker, nægilega aðstoð við böðun og skoðun fjár á heimili hans og flutning baðlyfja vg böðunaráhalda til næsta bæjar.

Allur annar kostnaður við ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum greiðist úr landssjóði.

4. gr. Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilskip. 4. marz 1871 og laga 8. nóv. 1901 skal frestað að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er það tölublað af B-deild Stjórnartíðindanna kemur út, sem skýrir frá staðfesting þeirra.

Ed. **101. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um kosningar til alþingis.

Í nefndaráliti voru um kosningarlögin er það tekið fram, að nefndin ætli sér að koma með sérstakt frumvarp um kosningu hinna 4 nýju þingmanna, sem bætast við tölu þjóðkjörinna þingmanna, ef frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskránni 5. jan. 1874 verður að lögum.

Í nefndinni hefir verið verulegur skoðunarmunur í þessu máli, en það hefir þó að síðustu verið samþykt í nefndinni, að koma með eftirfylgjandi frumvarp um kosningu þessara nýju þingmanna. Þar sem gjöra má ráð fyrir, að innan skamms verði samþykt lög um nýja kjördæmaskipun í landinu, og öll líkindi eru til, að að eins verði kosið einu sinni eftir því fyrirkomulagi, sem nú verður sett, þá má að vísu segja, að ekki skifti miklu, hvar þessir þingmenn eru kosnir, en nefndin vildi reyna að koma kosningum þessum svo fyrir, að öllum kjósendum í landinu gæfist kostur á, að taka þátt í þeim. Vér ætlum að vér í frumvarpinu höfum tekið fram alt eða flest af því, sem nauðsynlegt er, til þess að kosning ar þessar geti farið skipulega fram, en ákvæði 5. gr. eiga að bæta úr því, ef vafi skyldi verða um einhver atriði, er snerta framkvæmd á lögum þessum.

Alþingi 16. júlí 1903.

Eiríkur Briem, formaður. Hallgr. Sveinsson, skrifari og framsögum. Sigurður Jensson.

Með fyrirvara:
Guðjón Guðlaugsson. Guttormur Vigfússon.

Ed. **102. Frumvarp**

til laga um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

Frá nefndinni í kosningarlagamálinu.

1. gr. Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, er eykur tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna upp í 34, verður að lögum, og alþingi verður haldið, eftir að lögin hafa öðlast gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir 4 nýju alþingismenn kosnir þannig, að fyrir hvert amt með þeim kaupstað, sem í því liggur, verði kosinn einn þingmaður.

2. gr. Hver sem býður sig fram við þessar kosningar skal tilkynna yfirkjörstjórn (kjörstjórn) í kjördæmi hverju í amtinu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í amti því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku. um að þeir styðji kosningu hans.

Um kosningu þessara þingmanna fer að öðru leyti í hverju af hinum núverandi kjördæmum eftir því, sem gildandi kosningarlög mæla fyrir um kosningu annara þingmanna, að því undanskildu, að kjörstjórnin lýsir engan kosinn þingmann.

3. gr. Yfirkjörstjórn (kjörstjórn) hvers kjördæmis sendir landshöfðingja nákvæma skýrslu um kosninguna; telur svo landshöfðingi saman atkvæðin, sem hver frambjóðandi hefir fengið til samans í öllum kjördæmunum í amtinu, og lýsir þann rétt kjörinn þingmann fyrir hvert amt, sem þar hefir fengið flest atkvæði. Hafi tveir eða fleiri fengið sömu atkvæðatölu, skal hlutkesti ráða.

4. gr. Þegar hlutkesti ræður úrslitum, skal landshöfðingi kveðja til tvo óvilhalla menn fyrir hvert þingmannsefni, sem hlutkesti á að varpa um, til að vera við á meðan, verði því ekki komið við, að kveðja til þingmannaefnin sjálf eða umboðsmenn þeirra.

5. gr. Ef nákvæmari ákvæði þurfa um þessar kosningar, segir ráðherrann fyrir um það, og skal fylgt ákvæðum gildandi kosningarlaga, þar sem því verður við komið.

Nd. **103. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í Reykjavík. Frá mentamálanefndinni.

1. gr. Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík, og má verja til húss og muna alt að 55,000 krónum úr landssjóði.

2. gr. Skólinn sé jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og 20—30 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr. Skólaárið sé frá 1. október til 14. maí; þrjár ársdeildir séu í skólanum,

en jafnframt sé kenslunni svo hagað, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sér af á einum vetri.

4. gr. Kenslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka og danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó allra helzt að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar.

Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr. Við skóla þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2600 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr., og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

6. gr. Ráðherrann hefir á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugjörð hans.

7. gr. Kostnaðurinn við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um ófriðun á sel. Flutningsm.: Hannes Þorsteinsson. Ólafur Olafsson.

1. gr. Í ám, vötnum og lónum, ósum og fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur, skal selur hvervetna ófriðaður, og skal þar um seladráp farið eftir hinum gildandi almennu veiðilögum. Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. júlí, má þó eigi skjóta sel nær löglega friðuðu æðarvarpi en einn fjórðung mílu.

2. gr. Hagi svo til eftir staðháttum og fjarlægð, að vafasamt er, hvort friðað selalátur, sem í nánd er, geri laxagöngu mein, skal sýslumaður sá, er í hlut á, kveðja 4 menn valinkunna og óhlutdræga í gerðardóm, sem hann sjálfur skal vera oddviti í, og skal sá dómur kveða á um það til fullnustu, hvort friðun þess selaláturs skal haldast við eða eigi.

3. gr. Nú vill maður, sem á land eða landsnytjar beggja megin við ár, vötn, lón eða ósa, þar sem selur fer um, eða heldur sér, eða fleiri vilja, sem land eiga eða landsnytjar sinn hvoru megin, viðhalda sel á þeim stöðvum, og skal hverjum manni, meti gerðardómur, skipaður samkvæmt 2. gr., að laxaför sé hindruð með þeim, vera heimilt að skjóta þar sel, þannig, að sá, er landsnytjar á, eignast tvo þriðju hluti sels þess, sem drepinn er, en sá, er drepur, þriðjung.

4. gr. Þá er gerðardómur er skipaður, samkvæmt 2. og 3. gr., skal þeim, er hlut eiga að máli eða umboðsmönnum þeirra, jafnan gefinn kostur á að skýra frá málavöxtum á undan málsúrslitum. Um kostnað við gerðardóminn fer á sama hátt og í landamerkjamálum.

5. gr. Lög þessi ná ekki til Þjórsár.

Ed. **105. Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Rétt til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða félag, er

flytur út í einu lagi til sölu erlendis 300 pund eða meir af íslenzku smjöri, er nær verði því, sem til er tekið í 2. gr.

2. gr. Verðlaunin miðast við hæsta verð smjörmatsnefndarinnar dönsku í Kaupmannahöfn fyrir þá viku, sem hið íslenzka smjör er selt í, þannig að smjör, sem selst 26 aurum eða meir undir þessu matsverði, fær engin verðlaun, en seljist það 25—21 eyri undir matsverðinu, eru verðlaun veitt 5 aurar á hvert danskt pund, og er smjörið er selt 20 aura eða minna undir matsverðinu, þá 10 aura á pundið.

3. gr. Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til landshöfðingja, og færir skilríki fyrir rétti sínum til þeirra. Skilríki þau eru: farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, og sýni hún þyngd þess með umbúðum og tölu íláta, sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og eigin vottorð við drengskap og samvizku um, að þyngd og verð smjörsins sé rétt tilgreint á sölureikningnum.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu eigi komin til landshöfðingja, þegar fullir 9 mánuðir eru liðnir frá því, er salan fór fram, og verður umsókn sú eigi til greina tekin.

4. gr. Landshöfðingi sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 11. nóvember 1899.

Nd. **106. Frumvarp**

til laga um vörumerki. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Hver sá, er hér á landi rekur verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, hefir rétt til að nota nafn sitt eða firma eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, en getur jafnframt samkvæmt lögum þessum með skrásetningu öðlast einkarétt til að hafa sérstakt vörumerki til að greina vörur sínar frá vörum annara í viðskiptum manna á milli. Þessi réttur nær til allra vörutegunda, hafi hann eigi með skrásetningunni verið bundinn við ákveðnar vörutegundir.

Vörumerkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar.

2. gr. Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land alt af skráritara, er landshöfðingi skipar; ráðherra Íslands ákveður laun hans og ritfé frá því lög þessi öðlast gildi þangað til 31. desember 1905, en upp frá því skal hvorttveggja veitt á fjárlögunum.

3. gr. Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í borguðu bréfi tilkynninguum það; skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og póstáskrift; eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3,82 þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5,74 þumlungar) á breidd.
2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni, til að prenta hana eftir.
3. 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar, er renni í landssjóð.

Skráritari skal svo fljótt sem kostur er á afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenning fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fekk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins.

4. gr. Nú notar einhver, þá er lög þessi ganga í gildi, ákveðin merki á vörum sínum eða umbúðum þeirra, og getur þá enginn annar með tilkynningu öðlast rétt til notkunar þeirra merkja, ef sá er merkin notaði, tilkynnir þau innan 2 vikna frá því, er lögin öðluðust gildi á þann hátt, er fyrirskipað er í 3. gr.

5. gr. Vörumerki skal eigi skrásetja:

1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa svo einkennilegt lag, að þau megi teljast mynd; þó skal eigi neita um skrásetning, ef merkið er orð, sem er sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, er tilgreindar eru í tilkynningunni samkv. 3. gr., og á ekki að lýsa uppruna vörunnar, ásigkomulagi hennar eða ákvörðun, vörumegni eða verði.
2. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns.
3. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldmerki.
4. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneykslí.
5. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefir verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstöku atriðum; þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 8. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.

6. gr. Ef synjað er um skrásetning skal gjöra tilkynnanda skriflega aðvart samkv. 3. gr. um synjunina og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann innan þriggja mánaða skotið honum til landshöfðingja, og skal honum engu að síður heimilt að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

7. gr. Þá er skrásetning hefir fram farið, skal svo fljótt sem unt er auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Islandi, og skal þar að auki við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna auglýsing um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á því ári.

8. gr. Nú eru í skrásettu vörumerki tölustafir, bókstafir eða orð, sem ekki verða skrásett út af fyrir sig samkv. 5. gr., eða vörumerkið er sett saman eingöngu eða að nokkru leyti af táknum eða merkjum, sem alment eru notuð í einhverjum atvinnugreinum, þá sviftir það ekki aðra rétti til að hafa sömu tákn fyrir vörumerki eða einhvern hluta þess.

9. gr. Skrásett vörumerki má eigi láta af hendi, nema með atvinnu þeirri, sem það er notað við.

Nú selur maður atvinnu sína, og eignast kaupandi þá hið skrásetta vörumerki, sem notað er við atvinnuna, nema svo sé um samið, að seljandi skuli halda vörumerkinu eða þeir megi báðir nota merkið, hvor á sinni vörutegund.

10. gr. Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir, gefa þeim, sem merkið hefir verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 15. gr.), vísbending í ábyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma; bréfið sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefir til nefnt.

Nú vill einhver endurnýja skrásetning og skal hann þá afhenda eða senda skriflega tilkynning, samda samkv. 3. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá, er þar er fyrirskipuð, og 10 kr. í skrásetningargjald til landssjóðs. Ef merkið hefir verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal rita í skrána svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkenning eins og fyrirskipað er í 3. gr. fyrir tilkynning um nýtt merki.

Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 6. gr.

11. gr. Nú álítur landshöfðingi, að ekki hefði átt samkv. ákvæðunum í 5. gr. nr. 3 eða 4 að skrásetja vörumerki, og skipar hann þá að ógilda skrásetninguna; um lögmæti skipunar þessarar má leita úrskurðar dómstólanna.

Nú er vörumerki skrásett, og eru í því að eins tákn eða merki, sem almennt eru notuð í sérstökum atvinnugreinum, og getur þá hver, er rekur þess konar atvinnu, krafizt þess, að skrásetningin sé ógilt. Þegar þetta kemur fyrir, svo og þegar einhver álítur skrásetning vörumerkis sér til skaða, liggur spurningin um ógilding skrásetningarinnar undir úrskurð dómstólanna.

Nú er synjað um skrásetning vörumerkis samkv. 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem hefir hið umbeðna eða skrásetta merki, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta og að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hann tilkynti það, svo framarlega, sem hann höfðar mál út af þessu innan eins árs, eftir að auglýsing um skrásetning merkisins hefir verið birt í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi.

12. gr. Þegar skrásetning vörumerkis er felld úr gildi eða vernd á skrásettu vörumerki fellur burt eða þegar sá, sem rétt hefir til merkisins, æskir þess, skal afmá merkið úr skránni og skal birta auglýsing um það í blaði því, er löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Islandi, og við árslok í B-deild

Stjórnartíðindanna, ásamt auglýsing þeirri, er getur um í 7. gr., um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið á árinu.

13. gr. Nú setur maður heimildarlaust á söluvarning eða umbúðir hans nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns eða maður hefir vörur til sölu, sem auðkendar eru á þennan hátt, og getur þá sá, er fyrir órétti verður, höfðað mál og fengið dómsúrskurð fyrir því, að hinum sé óheimilt að nota merkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkendar eru með því Hafi honum verið kunnugt um rétt hins, verður hann sekur um 100 kr. til 2000 kr.; sé brotið ítrekað getur það varðað fangelsi; auk þess má skylda hann til að bæta skaða þann, er af því hefir leitt, og taka burtu merki þau, er ólöglega hafa sett verið, eða, ef nauðsyn krefur, ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega, sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefir umráð yfir þeim.

14. gr. Ákvæðum 13. greinar skal einnig beitt, þegar nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns er notað með svo lítilvægum breytingum að hætt er við að villast á nöfnunum eða merkjunum, þótt ólík sèu í einstökum atriðum.

15. gr. Með konunglegri tilskipun má einnig veita vernd þá, er lög þessi heimila, þeim mönnum erlendis, sem reka einhverja þá atvinnu, sem um er getið í 1. gr., með því skilyrði, að hérlendir menn verði sömu réttinda aðnjótandi í hinu landinu. Skal þá farið eftir þeim sérstöku reglum, er nú skal greina um vörumerki þau, sem skrásett verða:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í hinu landinu fyrir því, að vörumerki njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann búsettan hér á landi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal eigi njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma, en í hinu landinu.

Um vörumerki, skrásett í öðru landi, þar er íslenzk vörumerki njóta sömu réttinda, má enn fremur setja þessi ákvæði með konunglegri tilskipun:

4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í hinu landinu, nema gagnstæð sé velsæmi eða allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar hér á landi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í hinu landinu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í því landi.
6. Nú er synjað um skrásetningu samkv. 5. gr. nr. 5 og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál

út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgr.

16. gr. Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um fyrirkomulag og lögun vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skal haldin, um auglýsingar samkvæmt lögum þessum og um reikningsskil fyrir gjöldum þeim, er renna í landssjóð samkvæmt þeim.

17. gr. Um mál, sem höfðuð eru samkv. 13. gr. 2. málsgr. í lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál, en mál skal að eins höfða eftir kröfu þess, er fyrir órétti hefir orðið sökum lagabrotsins.

18. gr. Öllum skal heimilt að kynna sér það, sem stendur í vörumerkjaskránni, annaðhvort með því að skoða hana eða fá eftirrit eftir henni; þó verður þess eigi krafizt, að skrásettar myndir séu sýndar í eftirritum.

Fyrir eftirrit eftir skránni eða af frumritaðri tilkynningu greiðist 2 kr. gjald til landssjóðs Fyrir að skoða skrána greiðist ekkert gjald.

19. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

Ed. **107. Breytingartillaga**

við frumv. till laga um eftirlaun (þgskj. 20). Frá Valtý Guðmundssyni.

Í stað orðanna »fær ávalt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eftirlaun« í 2. gr. komi: fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu.

Ed. **108. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um líkskoðun.

Nefnd sú, er hin háttvirta deild hefir skipað til að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það mjög ítarlega, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að gjöra verulegar breytingar á frumvarpinu til þess, að ráðlegt sé að gjöra það að lögum.

Frumvarp þetta er að mestu leyti samhljóða frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi 1891, og mætti þá þegar megnri mótspyrnu, einkum sakir þess mikla kostnaðar, er það hafði í för með sér fyrir landsbúa.

Nefnd sú, er þá hafði frumvarpið alllengi til meðferðar, sá sér ekki fært að breyta því svo, að það yrði aðgengilegt fyrir þá, er móti mæltu; var hún síðbúin með nefndarálit sitt og lagði til, að frumvarpið yrði felt.

Árið 1893 lagði stjórnin frumvarpið aftur óbreytt fyrir þingið; var þá á ný skipuð nefnd til að athuga það. Nefndin gjörði engar verulegar breytingar á frumvarpinu og mætti frumvarpið því aftur sömu mótspyrnu og árið 1891, og var felt frá annari umræðu í neðri deild alþingis.

Þar sem oss var fullljóst að frumvarpið óbreytt mundi mæta sömu mót-

spyrnu á þinginu nú og 1891 og 1893, en oss hinsvegar duldist eigi, að frumvarpið hefir mikla þýðingu fyrir lög um varnir gegn berklaveiki, þá álítum vér tiltækilegast að breyta frumvarpinu svo, að líkskoðun færi að eins fram, þegar hið opinbera fyrirskipaði, en í stað hennar væri sú skylda lögð á alla húsbændur og húsráðendum, að tilkynna lögreglustjóra eða hreppstjóra öll mannalát á heimilum þeirra, og skyldi það gjört á fyrirskipuðum eyðublöðum.

Á þennan hátt áleit nefndin, að synt væri fyrir það sker — kostnaðinn við líkskoðun —, er frumvarpið hafði ávalt strandað á, á undanförnum þingum, án þess að það misti nokkuð af þeirri miklu þýðingu, sem það hefir fyrir lög um varnir gegn berklaveiki.

Leggur nefndin því til, að á frumvarpinu séu gjörðar svofeldar breytingar:

Við 1. gr., sem verður 2. gr. Í stað orðanna »áður líkskoðun — laga þessara« komi: áður en dánarvottorð hefir verið gefið út eða líkskoðun hefir fram farið samkvæmt lögum þessum og ótvíræð rotnunarmerki eru í ljós komin.

Við 2. gr. Þessi grein falli burt. Í stað hennar komi ný grein, sem verður 1. gr. (2) er orðist þannig:

Þegar maður deyr skal húsbóndi hans tafarlaust, eða að minsta kosti svo fljótt sem unt er, tilkynna lát hans lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal það gjört á fyrirskipuðum eyðublöðum. Hreppstjóri skal sjá um, að jafnan séu eyðublöð þessi til á öllum heimilum í hreppnum.

Í hvert sinn er lögreglustjóri eða hreppstjóri fær dánarskýrslu, sem hann álítur fullnægjandi, gefur hann út dánarvottorð, en þyki honum dánarskýrslan eigi greinileg eða að einhverju leyti athugaverð, kallar hann líkskoðunarmenn eða lækni til þess að skoða líkið, og gefa þeir þá út dánarvottorð.

Líkskoðun má eigi fram fara fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð rotnunarmerki séu á líkinu. Undantekningu frá þessari reglu má að eins gjöra samkvæmt lögum, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir eða í þeim tilfellum, er landshöfðingi nákvæmar ákveður.

Dánarskýrslur og dánarvottorð skal rita á prentuð eyðublöð, er landshöfðingi fyrirskipar.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Í hverjum hreppi skulu vera 2 líkskoðunarmenn, eða ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því líkskoðunarumdæmi, sem hreppnum er skipt í af lögreglustjóra eftir tillögum hreppsnefndar, og auk þess einn eða tveir varamenn, er gegni líkskoðunarstörfum í forföllum hinna.

Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varamenn eftir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sér þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til að skorast undan því, og metur lögreglustjóri ástæður þeirra.

Við 4. gr. Þessi grein falli burt.

Við 5. gr. Í stað orðanna »handa líkskoðunarmönnum» komi: til að semja dánarskýrslur og fremja líkskoðun.

Í stað orðanna: »til hvers líkskoðunarmanns« komi: á hvert heimili og hverjum líkskoðunarmanni, þá er hann er skipaður.

Við 6. gr. Í stað orðanna: »út úr mannsláti« komi: út af mannsláti.

Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð fá líkskoðunarmenn 2 kr. til jafnra skifta.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gera réttarverk.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Efri deild alþingis 16. júlí 1903.

J. Jónassen, form. og framsm. Þorgr. Þórðarson, skrifari. Guttormur Vigfússon.

Ed.

109. Frumvarp.

til laga um túngirðingar. Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Guttormur Vigfússon og Jón Jakobsson.

1. gr. Landsstjórnin skal annast um kaup á gaddavír og járnteinum, er nægi til að girða tún allra jarðeigenda og ábúenda á Íslandi, er þess óska, með því skilyrði, að verkinu sé lokið innan ársloka 1908, ennfremur skal hlutast til um, að efnið verði flutt á þær hafnir, sem óskað er og strandferðaskipin koma á. En sýslunefndir velja sér menn á höfnunum, er veita girðingaefninu móttöku, og gjöra aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, og skulu sýslusjóðir kosta uppskipun, geymslu og afhending efnisins.

2. gr. Á öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skal girðingarefnið kostað að öllu leyti af landssjóði, en á eignum einstakra manna og stofnana skal hann kosta það að $^2/_3$ hlutum.

3. gr. Af kostnaði þeim, er landssjóður leggur fram til girðinganna greiðast árlega í 30 ár 4 krónur af hundraði hverju, er innheimtist hjá ábúendum á manntalsþingum, eftir sömu reglum sem önnur manntalsþingsgjöld, og reiknast gjaldið frá þeim tíma er efnið kemur á þá höfn, sem um er beðið. Hafi leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð komið upp hjá sér girðingu úr tré eða járni, getur hann fært hana úr stað til annara nota á jörðinni, og fengið í staðinn nýja girðingu um túnið, sem aðrir leiguliðar landssjóðs eða kirkna.

4. gr. Þar sem hlaðinn er að minsta kosti álnar hár garður úr grjóti eða torfi, er þykir vel hæfur undir vírgirðingu, leggur landssjóður einn til viðbótina, svo framarlega, sem hún eigi nemur meiru en $^2/_3$ af kostnaði við að girða með vír á jafnsléttu, og garðurinn er ekki eldri en frá því ári, er lög þessi öðlast gildi.

5. gr. Sýslunefndir annast um að vel hæfir menn mæli lengd allra girðingarstaða um tún sýslunnar, og skulu þeir gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eigi að leggjast, og annað, sem að þeim lýtur. Skoðunargerð þessari skal lokið fyrir 1. nóvember 1904 og skoðunarmenn gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæðis á öðrum jörðum í

sýslunum, og annað það, er lýtur að skoðunargjörðinni. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, sem landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti 2 samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni, en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allan kostnað við skoðun þessa og mælingu borga sýslusjóðir.

6. gr. Nú óskar ábúandi og skoðunarmaður álítur hagkvæmt, að innan girðingar verði meira land en túnið, og má þá lengja girðinguna, ef túnið fær sömu vörn og á sama ári, og ábúandi kostar að öllu leyti þá girðingu, sem er fram yfir þá lengd, er þurfti til varnar sjálfu túninu.

7. gr. Þegar einhver ábúandi eða eigandi jarðar vill girða tún sitt og fá til þess styrk úr landssjóði, getur hann, eftir að skoðun þeirri er lokið, sem ræðir um í 5. gr., snúið sér til oddvita sýslunefndarinnar og æskt þess, að hann útvegi hjá landsstjórninni efni í hina ákveðnu girðingu, og ef jörðin er eigi landssjóðs eða kirkjueign, skal hann um leið afhenda $^1/_3$ hluta af hinu áætlaða verði, er sendist landsstjórninni með pöntuninni.

8. gr. Landsstjórnin gefur út áætlun fyrir hvert ár um verð á hverjum faðmi í vírgirðingu samskonar og ákveðin er í 11. gr., og skal sú áætlan gilda, sem fastákveðið verð næsta ár, að því er snertir framlag ábúenda þeirra, sem borga eiga nokkurn hluta girðingarefnisins.

9. gr. Sýslunefndir velja einn eða fleiri hæfa og valinkunna menn til þess, að skoða og meta hinar fullgjörðu girðingar. En fullgjörð girðing telst því að eins, að allar hliðar túnsins, sem ekki hafa örugga vörn af vatni, sjóklettum eða öðru slíku séu algirtar með lokuðum hliðum (grindum á járnum). Skoðunarmaður skýrir svo nákvæmlega frá hvernig verkið er af hendi leyst, og hvort girðingarefnið hefir ekki verið notað alt og eingöngu til hinnar ákveðnu girðingar. Oddvitar sýslunefnda skýra svo landsstjórninni við hver árslok frá því, hvað gjört hefir verið í sýslu hverri á árinu, að túngirðingum þessum.

10. gr. Nú hefir einhver ekki notað alt það girðingarefni, sem hann hefir fengið, eða varið því í annað en hina ákveðnu girðingu, og skal hann þá skyldur til þess, að borga fullu verði það, sem hann þannig hefir vanrækt að nota eða notað án heimildar til annars.

11. gr. Vírgirðing á jafnsléttu telst gild, þegar 8 álnir eru milli teina, 5 vírsnúrur 4 yddar í girðingunni, og teinarnir eigi styttri en 60 þuml.

12. gr. Skoðunarmaður sá, er ræðir um í 5. gr., ákveður hve langa járnteina þurfi á hverjum stað og hve margar vírsnúrur ofan á hlaðna garða, grindur í hlið með umbúning og máttarstólpa með nauðsynlegum stýfum á hornum og þar sem girðing beygist eða nauðsynlegt þykir vegna lengdar girðingarinnar, leggur ábúandi sjálfur til, enda ræður hann hvert efni til þess er notað.

13. gr. Nú fer ferðamaður um veg, sem liggur í gegn um girt svæði, og er hann þá skyldur að loka hliðum á eftir sér; vanræki hann það, varðar það 10—100 kr. sektum, er renna að hálfu til ábúanda, og að hálfu til sveitarsjóðs, þar sem brotið er framið.

14. gr. Skyldir skulu jarðeigendur, hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir, að sjá um, að girðingum þessum verði haldið við framvegis og þær endurbættar eftir þörfum; má enginn flytja neitt af girðingarefni þessu burt af jörðu, né heldur er nokkrum fráfaranda heimilt að selja viðtakanda það, sem landssjóður hefir lagt til, enda

þótt garður, sem hlaðinn kynni að vera undir vír, sé matinn til verðs. Ekki má heldur telja vírgirðingar þessar meðal jarðabóta búnaðarfélaga, þegar um styrkveitingu til þeirra úr landssjóði er að ræða, nema að því leyti, sem ábúandi hefir lengt girðinguna á sinn kostnað fram yfir það, er túnstærðin krafði, sbr. 6. gr. Þó má taka garð, sem kynni að vera hlaðinn undir vírinn, til greina sem aðra jarðabót í réttu hlutfalli við fullkomna grjót- eða torfgirðingu, en draga verður þar frá þann þriðjung sem ábúanda bar að leggja fram móti landssjóðs tillaginu.

15. gr. Ef jörð fer í eyði, svo að hætt verði að nota girðinguna og halda henni við og eigi greitt hið ákveðna hundraðsgjald, annast sýslumaður um að girðingin verði seld við uppboð og rennur andvirðið hlutfallslega til landssjóðs og þess, sem girðinguna hefir kostað.

16. gr. Enginn má hafa gaddavír í traðir né girðingar, sem liggja langs með alfaravegi, nema garður sé undir og vírinn eigi settur á þá brún hans, sem að veginum snýr, eða annað gjört því til varnar, að vírinn skaði menn, skepnur eða farangur, sem um veginn fer. Ef garður er hlaðinn verður hann að vera að minsta kosti $1^3/_4$ al. á hæð, en sé þetta hjá leiguliða, sem er skyldur að vinna jarðarbætur samkvæmt byggingarbréfi, skal kostnaður við garðinn koma í stað tilsvarandi hluta þeirra jarðabóta.

Brot móti þessari grein varða sektum, 20—100 krónum, er renna í sýslusjóð þeirrar sýslu, sem brotið er framið í og skal girðingin upptæk þegar er brotið er sannað, ef eigandi tekur hana eigi tafarlaust upp sjálfur eða bætir úr þessu á annan hátt. Með mál út af þessu skal farið, sem með opinber lögreglumál.

Ed. **110. Frumvarp**

til laga um heimild til lántöku handa landssjóði. Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Guttormur Vigfússon og Jón Jakobsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka alt að 500,000 króna lán handa landssjóði til að kaupa fyrir efni í túngirðingar á Íslandi.

Ed. **111. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum. Frá Hallgr. Sveinssyni, Sigurði Jenssyni og Kristjáni Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd milli þinga til að taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og að koma fram með ákveðnar tillögur um

1. hagkvæma skipun kirkjumálanna, er veiti þjóðkirkjunni slíkt sjálfstæði og sjálfstjórn í sínum eigin málum, sem hún eftir eðli sínu og 45. gr. stjórnarskrárinnar á heimtingu á og þarfnast til að geta fullnægt ákvörðun sinni.

2. hagfelda skipun prestakalla í landinu;

3. nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta og prófasta, bæði að því, er snertir launin sjálf og innheimtu þeirra.

Ed. **112. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Að Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður, og skal verzlunarsvæðið ná yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir, frá Hólsá að svo nefndri Bogavör, og beina sjónhending þaðan í Traðarland.

Nd. **113. Nefndarálit**

um gagnfræðaskóla á Akureyri.

Vér, sem hin háttvirta neðri deild skipaði til þess, að athuga frumv. til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri, leyfum oss í fám orðum að skýra frá skoðun vorri og tillögum í þessu máli.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir sýnir, að stjórnin hefir fallist á þau þrjú atriði, sem komu fram í þingsályktunartillögu um gagnfræðaskóla á Akureyri á aukaþinginu í fyrra (þingskj. 181)

»að skólinn rúmi 80—100 nemendur,
að hann verði jafnt fyrir konur sem karla og
að námstíminn verði 3 vetur«,

en hvorki landshöfðingi né stjórnarráðið hafa viljað fallast á þriðja atriði tillögunnar, »að heimavistir verði í skólanum, að minsta kosti fyrir $^3/_4$ nemenda«. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er þess getið, að amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu, sem er yfirstjórnandi skólans, og báðir kennarar skólans hafi lagt það eindregið til, að heimavistir yrðu í skólanum, en skólastjóri hafi lagt á móti því, og á hans skoðun hafi svo landshöfðingi fallist »*einkanlega kostnaðarins vegna*«. Stjórnarráðinu vex einnig kostnaðurinn í augum. Eftir áætlunum þeim, sem fyrir liggja frá tveim smiðum á Akureyri, er verðmunurinn á skólabyggingu með heimavistum og heimavistarlausri 40—54 þús. kr., og þykir stjórnarráðinu sá aukakostnaður við heimavistirnar »ofmikill í samanburði við þýðing þá, sem það fyrirkomulag mundi hafa fyrir starfsemi skólans«. »Nokkuð öðru máli væri að gegna«, segir ennfremur í ástæðunum, »ef hægt væri samkvæmt áliti byggingafróðra manna, að gjöra kostnaðinn að mun minni með breytingum og lagfæringum á áætlunum þessum og uppdráttum, sem ef til vill væri ekki ómögulegt«. Af þessu er auðsætt, að það er kostnaðurinn einn, sem veldur því, að stjórnarráðið er mótfallið heimavistunum, og yrði hann minkaður að mun, þyrfti naumast að búast við mótspyrnu af hans hálfu.

Vér höfum nú leitað álits byggingafróðs manns hér í Reykjavík um það, hvað skólabygging handa 100 nemendum með bústað fyrir skólastjóra og 70 heimavistum mundi kosta; og hefir hann skýrt oss frá, að kostnaðurinn við slíka byggingu, að ofnum meðtöldum, mundi ekki fara fram úr 70 þús. kr. En væri miðstöðvarhitun í húsinu, mundi það verða talsvert dýrara. — Þessi áætlun er 20—40 þús. kr. lægri en áætlanir þær, sem fyrirliggja. Vér efumst ekki

um, að svo framarlega, sem þessi áætlun hefði verið lögð fyrir stjórnina, þá hefði hún ekki hikað sér við að fallast á heimavistatillögu síðasta þings. Hér er að eins að ræða um 13 þús. kr. hækkun á þeirri upphæð, sem stjórnin fer fram á í frumvarpinu, að veittar séu til heimavistalausrar skólabyggingar. Geta varla verið skiptar skoðanir um það, að svo framarlega að heimavistirnar séu nokkurs virði, þá sé þetta fyrir þær gefandi, og þótt miklu meira væri.

Vér álítum það að minsta kosti enga frágangssök, að verja 70 þús. kr. til skólabyggingar handa 100 nemendum, einkum þegar þess er gætt, að skólinn á um 30 þús. kr. upp í byggingarkostnaðinn, svo það eru eiginlega ekki nema 40 þús. kr., sem landssjóður leggur til.

Vér erum þeirrar skoðunar, að skólinn komi ekki að fullum notum ef hann er heimavistalaus. Hann yrði ekki eins vel sóttur úr fjarlægum héruðum, og þeim, sem sæktu hann, yrði skólavistin óþægilegri og dýrari, og enganveginn eins notasæl. Akureyri er smábær og mjög örðugt fyrir aðkomumenn að fá sér þar húsnæði. Þeir, sem næstir eru og kunnugastir, myndu ná í þau fáu húsnæði, sem völ er á, en þeir, sem lengra eru að og engan þekkja, myndu standa uppi ráðalausir, þegar þeir kæmu á skólann, og yrðu annaðhvort að hverfa heim aftur eða neyðast til að sæta einhverjum ókjörum, eins og reyndin varð á í fyrra haust. Fæðið hlyti líka að verða þeim margfalt dýrara með því móti að búa á strjálingi út um bæ, og kaupa sér kost hingað og þangað, í stað þess að hafa með sér matfélag eins og á Möðruvöllum. Það fyrirkomulag hefir reynst svo vel, og orðið nemendum svo ódýrt, að sjálfsagt virðist að halda því framvegis. Það var beinlínis þessu fyrirkomulagi að þakka, hve Möðruvallaskólinn var vel sóttur, og þar af leiðandi kom að fullum notum hin síðari árin.

Þótt ekkert tillit sé tekið til uppeldisgildis heimavistanna, sem engan veginn má gleyma og er alment viðurkent, þá ætti það, sem hér er sagt, að vera næg ástæða til þess að hafa heimavistir í Akureyrarskólanum.

Vér verðum því að leggja það til, að 60—70 heimavistir verði í skólanum. Ætti þeim að vera þannig háttað, að hverir 4 nemendur hefðu tvö herbergi fyrir sig; gætu þeir sofið í öðru og lesið í hinu. Skólinn ætti að leggja þeim til ljós, hita og ræsting á herbergjum þeirra. Þeir ættu ennfremur að fá matreiðslu og þjónustu á skólanum og matast þar í sameiningu, með öllu hinu sama fyrirkomulagi og áður var á Möðruvöllum. Fyrir þetta ættu þeir svo að greiða eitthvert ákveðið gjald, er skólastjóri innheimti eða sá, sem hann felur umsjón með heimavistunum.

Vér ætlumst til, að hver nemandi borgi 30 kr. fyrir matreiðslu og þjónustu eins og á Möðruvöllum. Ef þeir svo þar að auki greiða 30 kr. hver fyrir heimavistina að öðru leyti, sem vér reyndar álítum full hátt, þá ætti skólinn að hafa 2100 kr. tekjur af 70 heimavistum, þegar þær væru fullskipaðar. Ætti það að nægja til þess að standast hinn árlega kostnað, sem af heimavistunum leiddi, svo landssjóði yrðu þær kostnaðarlausar (sbr. kafla úr bréfi frá yfirstjórnanda skólans, amtm. Páli Briem, sem vér látum prenta sem fylgiskjal). Yfir höfuð hefir það vakað fyrir nefndinni að gjöra hinn árlega kostnað við skólann sem minstan að skólanum skaðlausum, en spara minna til byggingarinnar eitt skifti

fyrir öll, svo hún fullnægði kröfum tímans og yrði í alla staði góð og hentug. Fyrir því leggur nefndin til, að laun kennaranna séu færð niður og hinum föstu kennurum fækkað. Þó álítur nefndin ekki sanngjarnt að kennarar Möðruvallaskólans flytji bótalaust frá Möðruvöllum til Akureyrar, þar sem að ætla má, að veran þar verði þeim miklum mun dýrari. Hún leggur því til, að þeir fái 400 kr. uppbót hvor á ári, ef þeir halda áfram starfi sínu við skólann, eins og stjórnin hefur farið fram á. Í frumvarpinu er ætlast til að kennarar séu 3 og hafi að launum 2400, 2000 og 1600 kr., en nefndin leggur til að laun 1. og 2. kennara séu færð niður í 2000 og 1600 kr., en í stað 3. kennara verði fengin tímakensla. Styður nefndin þessa síðustu tillögu við það, að örðugt muni að fá einn mann til þess að kenna þær námsgreinir, sem kennara vantar í nú sem stendur, nfl. söng, dráttlist, leikfimi og skólaiðnað. — Aðrar efnisbreytingar leggur nefndin ekki til, að gjörðar séu á frumv., en vill orða það nokkuð á annan veg.

1. 1. gr. orðist þannig:

Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólahússbyggingar 70,000 kr. úr landssjóði.

2. 2. grein orðist þannig:

Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaiðnaður og leikfimi.

3. 3. grein orðist þannig:

Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr. svo hljóðandi:

Í skólanum skulu vera 60—70 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. 4. gr. verði 5. gr. og orðist þannig:

Ráðherrann hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

6. 5. gr. verði 6. gr.

Alþingi 17. júlí 1903.

H. Hafstein, formaður. Stefán Stefánsson, skrifari og framsögum. Einar Þórðarson.

Hannes Þorsteinsson, með fyrirvara. Björn Bjarnarson.

Fylgiskjal.

(Kafli úr bréfi amtmanns Páls Briems til landshöfðingja 30. des. 1902).

Að því er snertir heimavistir, þá er forstöðumaður skólans algerlega á móti þeim, en að mínu áliti eru heimavistir pilta æskilegar, ef þeim er heppilega fyrirkomið. — Ástæður skólastjóra eru þær, að það sé hið versta uppeldi, að leggja það band á unga menn, sem heimavistirnar þurfi að hafa í för með sér.

Þetta band segir hann, að hafi leitt til alvarlegs sundurlyndis, milli hans sem skólastjóra og nemenda, og hafi þeir síðar kannast við það.

Einnig segir skólastjóri, að heimavistirnar hafi verið þannig, að nemendur hafi kvartað um að nám sitt hindraðist fyrir ónæði og skarkala.

Skólastjórinn kveðst viss um, að nemendur muni geta fengið sér húsnæði í húsum einstakra manna á Akureyri, og að endingu tekur skólastjórinn fram, að heimavistarskóli muni kosta margfalt meira en heimavistalaus skóli.

Viðvíkjandi þessu vil eg taka það fram, að það er auðsjáanlega alveg rétt, að heimavistalaus skóli verður svo miklu ódýrari en heimavistarskóli, ef eingöngu er litið á útgjöld skólanna, en það verður einnig að líta á tekjur þeirra og gá að því, hvor skólanna verður dýrari fyrir landið og nemendurna, þegar á alt er litið. Í því efni virðist eðlilegast að bera saman latínuskólann og Möðruvallaskólann.

Við Möðruvallaskólann hafa verið heimavistir og hafa þeir fengið matreiðslu og þjónustu hjá ábúanda Möðruvalla.

Samkvæmt meðfylgjandi eftirriti af skýrslu ábúanda Möðruvalla, skólakennara Stefáns Stefánssonar, hefir fæðið fyrir nemendur á Möðruvöllum verið frá kr. 74,70 til 87,50 yfir 220 daga eða frá 33—39½ eyrir á dag. Matreiðsla og þjónusta hefir verið 30 kr. yfir veturinn, og hefir því fæði, matreiðsla og þjónusta verið frá 48—53 aurar á dag fyrir hvern nemanda.

Húsnæði, ljós og hiti á Möðruvöllum hefir tæplega haft meiri kostnað í för með sér en 600 kr., eða um 15 kr. fyrir hvern nemanda um 220 daga.

Ef miðað er við kostnað fyrir hvern nemanda á Möðruvöllum, svo sem hér segir:

1.	Fæði	kr.	87 00
2.	Þjónusta og matreiðsla	—	30 00
3.	Húsnæði, ljós og hiti	—	15 00
	Þá er þetta alls	kr.	132 00

eða um 220 daga, 60 aurar a dag.

Fyrir nemendur á latínuskólanum hefir kostnaðurinn verið á mánuði fyrir fæði 24—30 kr., fyrir þjónustu 2 kr. og fyrir húsnæði 3—5 kr.

Samkvæmt þessu er kostnaðurinn 29—37 kr. á mánuði, eða alt að því helmingi meiri en á Möðruvöllum.

Eg get eigi séð að fæði, þjónusta og matreiðsla þurfi að verða dýrari í gagnfræðaskóla á Akureyri en á Möðruvöllum, en aftur á móti má búast við því, að heimavistirnar verði þeim mun betri, að þær verði helmingi dýrari, eða um 30 kr., fyrir hvern nemanda yfir veturinn.

Ef miðað er við 70 heimavistir, þá verður kostnaðurinn:

1.	Fæði (70 × 87 00)	kr.	6090 00
2.	Matreiðsla og þjónusta (70 × 30.00) .	—	2100 00
3.	Húsnæði, ljós og hiti (70 × 30.00) .	—	2100 00
	Alls	kr.	10.290 00

Við latínuskólann verða þetta um 220 daga í minsta lagi 220 kr.
eða fyrir 70 nemendur . . . . . kr. 15.400.00

Samkvæmt þessu er svo langt frá því að heimavistalaus skóli sé kostnaðarminni en heimavistarskóli, að hann er hér um bil þriðjungi dýrari, það er með öðrum orðum 5000 kr. sparnaður við 70 heimavistir.

Að því er snertir uppeldisgildi heimavistanna, þá virðist mér, að reynsla skólastjóra J. A. Hjaltalíns geti ekki verið óyggjandi.

Til þess hefir hún verið of skammvinn, auk þess, sem húsnæðið á Möðruvöllum hefir ekki verið heppilegt; það, sem verður að miða við, eru heimavistir við skóla í útlöndum. — Þær eru tíðar við landbúnaðarskóla, unglingaskóla, lýðháskóla og kennaraskóla í útlöndum.

Að mínu áliti er það alveg réttur dómur um uppeldisgildi heimavistar, sem stendur í Brockhaus konversations-Lexikon 14. útg. 1898 I. bls. 484 undir orðinu Alumnat. En þar segir svo: »Heimavistaruppeldið hefir sína yfirburði, einkanlega að því, er snertir einfalda lífernishætti og reglusemi, jafnleika og strangleika, aga og venju á skipulegt samlíf. Aftur á móti vantar það hin fjörgandi, siðbætandi og lagandi áhrif familiulífsins, auk þess sem það leggur tálmanir í veg fyrir heppilegan þroska á sérkenniseðli nemendanna«.

Ókostirnir koma einkum fram þar sem nemandinn elst upp við skólann, jafnvel frá barnæsku. En þar, sem nemendur eru að eins $7^1/_2$ mánuð á skólanum og það einungis í 3 ár, þá getur það ekki hindrað eðlilegan þroska á sérkenniseðlinu, og þar sem nemendur lifa bæði fyrir og eftir skólaveruna fulla 4 mánuði af skólaárinu einhverju familíulífi, þá get eg ekki séð annað, en að ókostirnir hverfi að miklu leyti, en kostirnir verði eftir.

Það virðist liggja í augum uppi, að í heimavistaskóla, sem hér er um að ræða, getur eigi verið að tala um reglulegt uppeldi, en nemendur verða að stunda nám sitt á ákveðnum tíma, koma á ákveðnum tíma til máltíða, hafa reglulegan svefntíma, forðast ólæti, skarkala, nautn áfengra drykkja, tóbaksreykingar o. s. frv.

Fyrir það virðist einungis geta verið gott fyrir unglinga að komast undir dálítinn aga, svo að þeir læri að hlýða, vera reglusamir og taka nauðsynlegt tillit til annarra.

Samkvæmt þessu er heimavistaskóli kostnaðarminni en heimavistalaus skóli, auk þess sem heimavistirnar hafa ýms bætandi áhrif á nemendurna, sem þeir fara á mis við í heimavistalausum skóla.

Það, sem virðist vera aðalatriðið, er spurningin hver eigi að borga húsnæði, ljós og hita fyrir nemendur. Það virðist vaka fyrir mönnum, að landið eigi að kosta heimavistirnar að því er snertir húsnæði, ljós og hita, en það virðist ekki vera nein nauðsyn á því.

Það er í öllu tilliti eðlilegt að skólinn taki borgun fyrir þetta eins og það kostar hann.

Nd. **114. Tillaga**

til þingsályktunar um lestrarbók handa alþýðuskólum. Frá mentamálanefndinni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að skipa 3 manna nefnd til þess að annast um samningu lestrarbókar handa alþýðuskólum, og má verja til þess alt að 2000 kr. á fjárhagstímabilinu úr landssjóði.

Nd. **115. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. Frá Ólafi Ólafssyni.

Aftan við orðin »í suðurhorn Grænuborgartúns« komi: Og þaðan bein lína í merkjastein á Skildinganesmelum, og þaðan sem landamerki ráða til sjávar við Skerjafjörð. Að vestan ræður landamerkjalína milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarnesshrepps norður í Grandabót.

Ed. **116. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun. Frá Sigurði Jenssyni og Jóni Jakobssyni.

Við 2. gr. fyrir $^1/_4$ komi $^1/_5$.

Ed. **117. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr. Kosningarrétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim nánari ákvörðunum, sem eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi, eða sé bú hans undir skiftameðferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sér, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni, og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (séu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sé fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrétt hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fyrir 1. júlímánaðar næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því að geta neytt kosningarréttar þar. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósanda eftir stafrofsröð, heimili stétt og aldur.

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sé fullbúin 1. dag febrúarmánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum af þeim sé slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eðs bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar, send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef

svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefur eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.


Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr. Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri hoðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Séu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu, og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sér í línu og ríflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé minni að þvermáli að innan en $^{2}/_{4}$ úr þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $^{1}/_{12}$ þumlungs á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Seðillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðiblöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. Sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgjörðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku lérefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

V. Kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn

23. gr. Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku í, um að þeir styðji kosningu hans.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sé sönnuð fyrir kjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sér í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

24. gr. Hvert þingmannsefni á rétt á, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

VI. Kafli.

Kjördagur.

25. gr. Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fara fram næsta virkan dag á undan.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

VII. Kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gjöra það torvelt að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr. Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sé eigi á sliku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

28. gr. Nægum tíma áður en kosningar eftir lögum þessum skulu fram fara í fyrsta sinn, skal landsstjórnin láta gera atkvæðakassa handa öllum undirkjörstjórnum í landinu, og annast um sending þeirra. Skulu kassarnir allir vera með sömu gjörð, eigi minni en 12 þuml. að lengd, 8 þuml. á breidd og 6 þuml. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 6 þuml. löng, $^1/_4$ þuml. víð að ofan, en víðari að neðan. Með kössum skal og senda sterka léreftspoka, hæfilega stóra, til að hafa utan um kassana, er undirkjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

VIII. Kafli.

Kostningarathöfnin.

29. gr. Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórarnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

30. Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 24. gr.), séu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

32. gr. Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða um-

boðsmenn þeirra undir. Þvínæst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr. Kjörskjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur gjör að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

34. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum.

35. Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross ⊗ *innan* í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandi vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

36. gr. Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

37. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

38. gr. Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í hringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill ógildur.

39. gr. Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðillinn merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sér stað, skulu seðl-

arnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslu að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram, allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið.

40. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. — Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

41. gr. Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni hans eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

42. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja lérefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í léreftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann, sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rétt á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sér alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (39. gr.) og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

43. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvert umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

44. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

45. gr. Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal

kjörstjórnin leggja þau ásamt lyklinum að atkvæðakassanum þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með bréfið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

IX. kafli.

Kosningarúrslit.

46. gr. Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana, og telja atkvæðin.

47. gr. Þingmannsefni hvert hefir rétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr. Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á, að sannfærast um, að öll innsiglin séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, og réttir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn eða þá kosna, sem hlotið hafa flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rétt á, að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landshöfðingja eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem landshöfðingi því næst leggur fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og hann tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur hann einnig fyrir þingið.

49. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

50. gr. Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni eða hinum kjörnu alþingismönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er landshöfðingi segir fyrir um, og senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og birtir hann það í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr. Sé atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddur.

X. Kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

53. gr. Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, skal hann þá innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til landsshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XI. Kafli.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

54. gr. Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir

55. gr. Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XII. Kafli.

Kostnaður.

57. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl,

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

XIII. kafli.

Afbrot og hegningar o. fl.

58. gr. Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi rullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Landshöfðingi úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til, að þær verði innheimtar með lögtaki og getur hann á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

59. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

60. gr. Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosning til alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

61. gr. Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekri rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

62. gr. Hver, sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

63. gr. Lög 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis eru úr gildi feld, að 18. og 37. gr. undanskilinni.

Ákvæði um stundarsakir.

Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1904, skal kjósa eftir þeim kjörskrám, sem gengu í gildi 1. júlí 1903.

Nd. **118. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Fjárlaganefndin hefir rætt og athugað frumvarp þetta nákvæmlega og skjöl þau, er henni hafa borist því viðvíkjandi, og er álit hennar á þessa leið:

Við 3. gr.

Fjárveiting þá, er hér ræðir um álítur nefndin óskylt að greiða, enda kemst stjórnin svo að orði í athugasemdum sínum við þessa upphæð: »Stjórnarráðið verður nú reyndar að vera á þeirri skoðun, að eigi geti hvílt á landssjóði að lögum nein ábyrgð á þessum skaða, er stafar frá starfsemi hlutaðeigandi sýslumanns, sem innheimtumanns við frjálst uppboð, en eigi sem embættismanns, og að eins samkvæmt samningi við þá, er létu halda uppboðið«. Í þessu efni er nefndin samdóma og hyggur því að fordæmi það, sem skapaðist við þessa greiðslu, geti eftirleiðis beint að landssjóði svo mörgum svokölluðum »sanngirnisk röfum« sömu tegundar, að eigi sæi út yfir. Enda hafa ýmsir innlendir menn liðið mikinn skaða við sama tækifæri, án þess að fá hann bættan. Nefndin leggur því til, að þessi grein falli burt.

Að öðru leyti sýnist nefndinni eigi ástæða til, að breyta þeim fjárveitingum, sem í frumvarpinu standa. En nefndinni hafa borist erindi, sem hún álítur að taka verði til greina, sem sé:

1. Málaleitun frá Birni lækni Blöndal í Hvammstungu um launauppbót fyrir það, að honum var haldið sem lækni í Blönduóshéraði frá 1. jan. 1900 til 1. júní 1901 á aukalæknislaunum, ufl. 1000 kr. Hefir hann farið þess á leit, að hann fengi sem uppbót, mismun þann, sem er á lögákveðnum launum Blönduósshéraðs 1700 kr. og 1000 kr. árslaunum fyrir ofannefnt tímabil (17 mánuði).

Eins og kunnugt er, komu hin núgildandi læknaskipunarlög í gildi 1. jan. 1900, og voru aukalæknum þá veitt hin nýju heruð frá 1. apríl s. á., að þessum eina lækni undanteknum. Þar sem læknir þessi eigi að síður gegndi héraðslæknisstörfum í héraði, sem var óveitt áðurnefnt tímabil, virðist nefndinni rétt, að miða laun hans frá 1. apríl 1900 við laun þau, er hann nú hefir, sem skipaður héraðslæknir.

Nefndin leggur því til að veita honum sem uppbót mismuninn á 1500 kr. og 1000 kr. árslaunum fyrir tímabilið frá 1. apríl 1900 til 1. júní 1901, sem nemur 583 kr. 33 aurum.

2. Þingmaður Snæfellinga hefir skrifað fjárlaganefndinni þess efnis, að tekin væri upp í fjárlögin eða fjáraukalögin alt að 800 kr. upphæð til þess, að fá vita á Elliðaey færðan í hentugri stað á eynni en nú er hann á, og til þess að bæta um ljóskerið, svo vitinn lýsi um stærra svæði. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það, að þeim, sem settu vitann niður, eða stóðu fyrir bygging hans, verður eigi um kent, að hann lenti á svona óheppilegum stað. Ennfremur er það kunnugt, að af fjárveiting alþingis til vitans sparaðist ríflega sú upphæð, sem nú er farið fram á til endurbóta honum, og loks er það, að endurbótin er mjög þýðingarmikil. Nefndin leggur því til, að ofannefnd upphæð til Elliðaeyjarvitans sé veitt á þessum lögum.

3. Þá hefir og nefndinni borist málaleitan frá ekkju vitavarðar Jóns heit. Gunnlaugssonar á Reykjanesi, þess efnis, »að henni verði veittur eftirlaunastyrkur úr landssjóði, og ef unt er, eitthvert endurgjald fyrir túngræðslu þá o.fl.

er maður hennar sál. hafði unnið á Reykjanesi án endurgjalds«, Beiðni þessari fylgir skýrsla um nefndar jarðarbætur, og ber hún með sér, að Jón heit. hefir ræktað og girt (að mestu með grjóti) nál. 4 dagsl. af túni og dálítinn matjurtagarð. Er enginn vafi á því, að túnið, sem álíta má eign landssjóðs er á annað þús. kr. virði. Ýms fleiri þarfavik hefir og Jón heit. gert á lóð vitans, sem framvegis gera þægindi vitaverðinum. Það er því enginn vafi, að það er launasparnaður fyrir landssjóð, að hafa afnot túns og fleiri þægindi, sem Jóni heitnum eru að þakka, til þess að bjóða vitaverðinum á Reykjanesi. Og þegar nú ekkja hans er komin á elliár og stendur eftir efnalaus, virðist nefndinni einsætt að verða við málaleitan hennar að því leyti, að greiða henni sanngjarna þóknun fyrir umbætur manns hennar á lóð vitans, og telur nefndin, að það megi ekki minna vera en 600 kr.

4. Nemendur Möðruvallaskólans, 9 að tölu, sem verið hafa í skólanum báða veturna 1901—1902 og 1902—1903 hafa sent alþingi áskorun um að veita sér húsaleigustyrk, 30 krónur hvorum, fyrir síðastliðinn vetur, sökum þess, að þeir mistu af heimavist í skólanum við bruna hans í marz 1902.

Nefndinni virðist krafa þessi rétt, því bæði er á það að líta, að nemendur þessir réðust á skólann sem heimavistarskóla, samkvæmt reglugjörð hans, og á hinn bóginn var ekki óeðlilegt, að því fé, sem skólanum var ætlað til kostnaðar við heimavistirnar, yrði varið sem húsaleigustyrk til nemendanna, eftir að skólahaldið fluttist til Akureyrar. Nefndin leggur til að 270 kr. séu veittar í þessu skini.

5. Loks hefir nefndin fengið áskorun frá nefndinni í fjárkláðamálinu um, að tekið sé upp í frumvarpið 22800 kr. fjárveiting til kostnaðar við útrýming fjárkláða í Norður- og Austuramtinu. Nefndin felst á þessa tillögu, og skírskotar til nefndarálitsins í fjárkláðamálinu þessu til stuðning.

Samkvæmt framanskrifuðum ástæðum leyfir nefndin sér að koma með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

1. 3. gr. falli burt.
2. Við 4. gr. sem verður 3. gr. bætist nýr töluliður:

3. Til Björns héraðslæknis Blöndals á Hvammstanga: Uppbót á launum hans frá 1. apríl 1901 til 30. maí 1901 . . . . . kr. 583 33

Við 5. gr. sem verður 4. gr.

Á eftir 4. lið komi 2 liðir svohljóðandi:

Við E. vitar við k

5. Til Elliðaeyjarvitans til þess að færa hann á hentugasta stað á eynni alt að . . . . . — 800 00

6. Við E. Vitar við c. Til ekkjunnar Sigurveigar Jóhannesdóttur á Reykjanesi í viðurkenningarskyni fyrir umbætur, er maður hennar gerði á lóð vitans . . . . . — 600 00

3. Við 6. gr., sem verður 5. gr.

Á undan fjárveitingarliðnum, sem merkist 2 komi nýr liður:

1. Við B IV. Húsaleigustyrkur til 9 nafngreindra nemenda

við Möðruvallaskólann veturinn 1902—1903 30 kr. handa hverjum . . . . . — 270 00

4. Á eftir þessari grein komi ný grein (6. gr.) svo hljóðandi:
Sem viðbót við gjöld þau til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, sem telin eru í 14. gr. B. fjárlaganna, veitist
Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu — 22800 00

Alþingi 17. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögum. Árni Jónsson. Hermann Jónasson.
Jóh. Jóhannesson. Stefán Stefánsson. Þórh. Bjarnarson.

Ed. **119. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi (í nefndaráliti þingskj. 92).

Frá Kristjáni Jónssyni.

1. Fyrir: »Kjósarhérað skal ná« komi: »Kjósarhérað nefnist Hafnarfjarðarhérað og skal ná«.
2. Á eftir orðunum: »efri hluta Seltjarnarnesshrepps« komi: »að Fossvogi«.
3. Fyrir: »Bessastaða« komi: »Bessastaðahrepp«.
4. Fyrir: »Kjósarhérað telst til 4. flokks«, komi: »Hafnarfjarðarhérað telst til 3. flokks«.

Nd. **120. Nefndarálit**

um frv. til viðaukalaga við lög nr. 17. 13. sept. 1901 um breyting á tilsk. 20. apr. 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Um frumvarp þetta, er vísað hefir verið til undirritaðrar nefndar, leyfum vér oss að láta uppi þannig lagað álit:

Í byggingarsamþykt, er samin hefir verið fyrir kaupstaðinn Reykjavík, sem enn er að vísu eigi staðfest af landshöfðingja, er gjört ráð fyrir að veita megi, þar sem sérstaklega stendur á, undanþágur frá hinum almennu ákvæðum samþyktarinnar, t. d. um fyrirkomulag á reykháfum, tröppum o. s. frv., og vill bæjarstjórnin mega áskilja gjald fyrir slíkt leyfi. — Við það hefir nefndin eigi neitt að athuga, og þar sem hin tilvitnuðu lög 13. sept. 1901 eigi innihalda neina heimild til að áskilja slík gjöld, þá er þetta frv. að því leyti nauðsynlegur viðauki við lögin.

Um störf byggingarfulltrúa, er væntanlega verður skipaður, inniheldur frumvarpið þau ákvæði, að fyrir þau megi ákveða hæfileg gjöld, að því leyti, er þau eru framkvæmd í þarfir einstakra manna, að gjöld þessi renni í bæjarsjóð,

og að þau sé lögtæk. Hér er það sýnilega í ráði haft, að skipa »architekt« sem fastan starfsmann í þjónustu bæjarstjórnarinnar og launa hann úr bæjarsjóði. Er þá jafnframt gjört ráð fyrir, að hann taki að sér ýms störf í þarfir einstakra manna, er í erindisbréfi hans verði nánar tiltekin og bundin ákveðnum taxta, til þess að fyrirbyggja það, að hann geti sett bæjarbúum óhóflega háa borgun fyrir byggingafróða aðstoð. — Að vísu bindur frv. ákvæði sín við skipulag á þessum málum, sem enn er eigi í framkvæmd komið, en þar sem nefndin verður að álíta það skipulag á byggingarmálum kaupstaðarins, er bæjarstjórnin eftir þessu vill koma í framkvæmd, að þessu leyti heppilegt, sér nefndin ekki neitt á móti því, að veita heimildir þær, er frumvarpið fer fram á.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Neðri deild alþingis 18. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður og framsögumaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari.

Ólafur Ólafsson.

Nd. **121. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir lóðarsölu í Reykjavík.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði heimilað að ákveða endurgjald, eftir tillögu byggingarnefndar, fyrir þær lóðir, er eftirleiðis verða útmældar undir húsabyggingar í landareign bæjarins. Til þessa hefir bæjarstjórnina brostið heimild, því í hérað lútandi lögum, tilsk. 17. nóv. 1786 5., stjórnarbréf 15. sept. 1791, ennfremur opið bréf 28. des. 1836 3, er svo kveðið á, að lóðir skuli útmældar endurgjaldslaust, og er það sérstaklega vafalaust, að þessi ákvæði gilda fyrir verzlunar- eða kaupstaðarlóðina.

Nefndin verður nú að vera á þeirri skoðun, að það sé bæði eðlilegt og heppilegt eftir atvikum, að bæjarstjórnin geti áskilið borgun fyrir lóðir. Það virðist geta orðið nokkur tekjugrein fyrir bæjarsjóðinn, og líka, ef til vill, stutt að því, að götur verði lagðar yfir lóðarspildur, áður en hús eru þar sett, og þannig stutt að skipulegri niðurröðun bygginga. Ennfremur virðist þetta fyrirkomulag geta orðið til þess, að bæjarstjórnin hafi það á valdi sínu, að leggja nokkurn hemil á forsjárlítinn ofurhug í húsabyggingum, og án efa verður þetta heimildar-ákvæði til þess, að hinar þegar bygðu lóðir hækka mikið í verði. En nefndin getur eigi talið það neina óréttmæta né óeðlilega aukning á auðmagni kaupstaðarins. — Með ákvæðinu í 2. gr. er girt fyrir það, að einstakir menn geti látið mæla sér út stór byggingarsvæði og látið þau liggja ónotuð um lengra árabil, til þess að græða fé á verðhækkun lóðarinnar, og telur nefndin það ákvæði einkar-nauðsynlegt.

Við orðalag frumvarpsins hefir nefndin ekki verulegt að athuga og leggur því til, að það verði samþykt óbreytt.

Neðri deild alþingis 18. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður og framsögumaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari.

Ólafur Ólafsson.

Ed. **122. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningu fjögurra nýrra þingmanna (þingskjal 102).

Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrir niðurlag greinarinnar: »að fyrir hvert amt . . . . einn þingmaður« komi:

2 af Reykjavíkurkaupstað,
1 af Ísafjarðarkaupstað,
1 af Akureyrarkaupstað.

Ef almennar kosningar fara fram, skulu þessir 4 þingmenn kosnir samtímis og með sama hætti sem aðrir alþingismenn, og falla þá við þær kosningar kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður úr kjördæmum þeim, sem þeir teljast til eftir 18. gr. kosningarlaganna 14. sept. 1877.

Fari almennar kosningar þar í móti eigi fram, segir konungur nákvæmar fyrir um kosningu þessara 4 þingmanna.

Nd. **123. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1900 og 1901 og fjáraukalögunum 27. sept. 1901 fyrir hin sömu ár, veitast 19,733 kr: 29 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ymisleg útgjöld, við tölulið 1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur	826 kr. 90 a.
Við tölulið 11. d., sbr. 2. gr. framangreindra fjáraukalaga, til að hlaða garð til varnar vitanum á Skagatá	2,209 — 24 -
	3,036 — 14 -

3. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:		
Við tölulið 2. Til póstflutnings:		
1901	2,045 kr.	43. a.
Við tölulið 4. Önnur útgjöld:		
Við c. Ferðakostnaður póstmeistarans:		
1900	316 —	»» -
Við d. Fyrir prentun:		
1900	498 —	08 -
Við e. Til áhalda:		
1900	404 —	60 -
1901	300 —	66 -
Við g. Óviss útgjöld:		
1901	212 —	30 -
Við B. Til vegabóta:		
Við tölulið 1. b. Ferðakostnaður verkfræðingsins:		
1900 og 1901	1,146 —	01 -
Við tölulið 3. Til flutningabrauta	1,898 —	41 -
Við tölulið 4. Til þjóðvega	3,301 —	22 -
Við tölulið 5. Til fjallvega	2,667 —	10 -
	12,789 kr.	81 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæð þá, sem talin er í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, veitast 3,907 kr. 34 a.

Ed. **124. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsbréfi 3. apríl 1844 viðvíkjandi Brúarkirkju í Hofteigsprestakalli. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Aukaþóknun sú, 20 ál. fyrir hverja messuferð, sem sóknarbændum Brúarkirkju hefir verið skylt að greiða prestinum í Hofteigi samkvæmt konungsbréfi 3. apríl 1844, skal niður falla við næstu prestaskifti.

Nd. **125. Nefndarálit**

um kennaraskóla í Reykjavík.

Frá mentamálanefndinni.

Nefndin, sem skipuð var til að íhuga og gjöra tillögur um mentamál landsins, hefir leyft sér að bera fram í háttv. neðri deild frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Kennaraskóli, og hann myndarlegur og vel úr garði gjörður, er fyrsta sporið til umbóta á alþýðumentun vorri, enda mun þess nú alment vera óskað, og það af fylstu rökum, að eigi sé lengur frestað stofnun hans.

Kjör alþýðukennara eru, enn sem komið er, svo bágborin, og verða,

eftir efnahag landsins, þótt bætt verði að stórum mun, sem vér vonum, aldrei glæsileg, og þarf því sem bezt að hlynna að aðsókn á kennaraskólann, og teljum vér heimavistir á skólanum, þar sem utanbæjar-nemendur hefðu ókeypis hús, hita og ljós, eitt allra bezt ráðið. Með því fyrirkomulagi gæti og fæði nemenda orðið mjög ódýrt.

Heimavistir nemenda hafa það í för með sér, að stofnkostnaður verður all-mikill, og með 30 heimavistum og 2 kensluæfingarbekkjum í sjálfu skólahúsinu, verður það vart reist og gjört úr garði að öllum innanhússmunum fyrir minni upphæð en til er tekin í frumvarpinu, og mun betur verða gjörð grein fyrir því, er málið verður rætt í deildinni.

Vér getum búist við efasemdum um það, að aðsóknin verði svo mikil, nú um nokkurt áraskeið, að 30 heimavistir verði notaðar, en hitt er víst, að landið þarf svo marga alþýðukennara, að á skólanum þyrftu að vera minst 40 nemendur, en kenslutíminn fyrir allan þorrann eru þrír vetur. Þess er og að gæta, að vér ætlum nú fyrst um sinn, að komið verði við eins árs kenslu fyrir sveitakennara, eða farkennara, og er eigi minst ástæða að hlynna að þeim með ódýra skólavist. Árið sem leið fengu 154 sveitakennarar styrk úr landssjóði, og þegar þess er gætt, hve fáir þeir eru enn í sumum sýslum, stórum og fjölmennum, og kennaraþörfin er langt um meiri en nú er fullnægt, ætlum vér að í raun og veru sé eigi of langt farið með 30 heimavistum.

Yrði aftur á móti fastákveðið lágmark heimavistanna, þær yrðu 20 að tölu, og jafnframt væri slept að hafa æfingabekki í sjálfum skólanum, yrði húsið stórum minna, og stofnkostnaður gæti farið niður í 40,000 kr. Nefndin kaus nú fyrir sitt leyti að setja hærra markið í frumvarpið; hið lægra markið álítur hún fært, en alls eigi farandi á stað með minna.

Með kennaraskóla í Reykjavík er sjálffallin niður kennarafræðsla í Flensborg, og sömuleiðis telur nefndin, að þá verði jafnframt hætt að styrkja gagnfræðakenslu á þeim stað. Það, sem við þetta tvent sparast, dregur langt til þess að reka hinn fyrirhugaða kennarskóla, og alls eigi horfandi í hinn óverulega aukna kostnað árlega.

Þessa breytingu hugsar nefndin sér vel gjörlega, af því að hún fulltreystir því, að kennararnir við Flensborgarskólann stöðu sinnar vegna og viðurkendra hæfilegleika, gangi fyrir öðrum, vilji þeir gjörast kennarar við kennaraskólann í Reykjavík.

Sú mótbára getur legið nærri, að mun ódýrara væri að leggja í kostnað til stækkunar og aðgjörðar á skólahúsinu í Flensborg og hafa skólann þar, en bæði mundi þurfa að byggja húsið upp að nýju, og svo er nefndin einhuga á því, að Reykjavík sé margra hluta vegna langtum heppilegri staður fyrir skólann, allrahelzt vegna þess, að í Reykjavík verður kensluæfingum betur komið við, og þar völ á færustum stundakennurum. Nefndinni er það og kunnugt, að þurfi á því að halda, mundi bæjarstjórn Reykjavíkur heimila bekki í barnaskólanum til æfinga, og greiða sama gjald fyrir kensluna og hún annars greiðir.

Það vill nefndin taka fram, að munir þeir, sem fyrir landssjóðsfé hafa

verið keyptir til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg, yrðu að sjálfsögðu eign kennaraskólans í Reykjavík.

Alþingi 18. júlí 1903.

H. Hafstein, form. Stefán Stefánsson, skrifari. Þórh. Bjarnarson, framsögum.

Björn Bjarnarson. Hermann Jónasson.

Nd. **126. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894.

(Frá fjárlaganefnd neðri deildar).

1. gr. Viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur að Geysi hvílir á landssjóði að öllu leyti, svo og viðhald annara flutningabrauta, að svo miklu leyti sem þær liggja um fjöll eða óbygðir. Viðhaldskostnað flutningabrauta, sem í bygð liggja, skal greiða úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði þeirrar sýslu, sem sá hluti flutningabrautarinnar, sem gjört er við, liggur í.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1905.

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um líkskoðun (eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Þegar maður deyr skal húsbóndi hans tafarlaust, eða að minsta kosti svo fljótt sem unt er, tilkynna lát hans lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal það gert á fyrirskipuðum eyðublöðum. Hreppstjóri skal sjá um, að jafnan séu eyðublöð þessi til á öllum heimilum í hreppnum.

Í hvert sinn er lögreglustjóri eða hreppstjóri fær dánarskýrslu, sem hann álítur fullnægjandi, gefur hann út dánarvottorð, en þyki honum dánarskýrslan eigi greinileg eða að einhverju leyti athugaverð, kallar hann líkskoðunarmenn eða lækni til þess að skoða líkið, og gefa þeir þá út dánarvottorð.

Líkskoðun má eigi fram fara fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð rotnunarmerki séu á líkinu. Undantekningu frá þessari reglu má að eins gera samkvæmt lögum, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir eða í þeim tilfellum, er landshöfðingi nákvæmar ákveður.

Dánarskýrslur og dánarvottorð skal rita á prentuð eyðublöð, er landshöfðingi fyrirskipar.

2. gr. Ekki má loka kistu yfir líki né jarðsetja það, né — nema um sjórekin lík sé að ræða — flytja það burtu langan veg, áður dánarvottorð hefir verið gefið út eða líkskoðun hefir fram farið samkvæmt lögum þessum og ótvíræð rotnunarmerki eru í ljós komin. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sér stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt sé vakað yfir því, né heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sé áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefir á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sé prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sé grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð hefir gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aftur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

Í hverjum hreppi skulu vera tveir líkskoðunarmenn, eða ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því líkskoðunarumdæmi, sem hreppnum er skift í af lögreglustjóra eftir tillögum hreppsnefndar, og auk þess einn eða tveir varamenn, er gegni líkskoðunarstörfum í forföllum hinna.

Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varamenn eftir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sér þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til að skorast undan því, og metur lögreglustjóri ástæður þeirra.

4. gr. Landshöfðingi lætur semja leiðbeiningu til að semja dánarskýrslur og fremja líkskoðun, er lýsir hinum helztu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um, hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum á hvert heimili og hverjum líkskoðunarmanni, þá er hann er skipaður. Ef hinn skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sér til héraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

5. gr. Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sé að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefir látið í ljósi, að ekkert sé því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefir fyrirfarið sjálfum sér, og eins þegar lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endranær er hafin hefir verið rannsókn út af mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en það hefir verið skoðað af hálfu lögreglustjórnarinnar, ef nauðsyn krefur með lækni, er hún hefir til þess kvaddan, og eigi fyr en lögreglustjóri hefir ritað á dánarvorð það, sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sé neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að það sé grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari, leyfa að líkið sé grafið, þó svo, að það sé eigi gjört fyr en 6 dagar eru liðnir frá því að slysið vildi til eða líkið fanst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unt hefir verið og gefið út dánarvottorð.

Að öðru leyti er það auðsætt, að svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða, er fyrir hendu eru, svo sem láta sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eftir 201. gr. almennra hegningarlaga handa Íslandi.

6. gr. Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sé svo vaxið að þyngri refsing sé við lögð. Mál út af brotum þeim, er að eins sæta refsingu eftir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr. Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð fá líkskoðunarmenn 2 kr. til jafnra skifta.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnunum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra réttarverk.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Nd. **128. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Frá Ólafi Ólafssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem orðist þannig: 3. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfestingu ráðgjafans samkvæmt 1. gr., skulu lausir við gjöld fyrir aukaverk, svo og offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll, lausafjártíund, fasteignartíund og kirkjugjald af húsum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar. — Þeir, sem ekki eru í neinu slíku kirkjufélagi, eru aftur á móti eigi undanþegnir nokkru lögboðnu gjaldi til prests og kirkju.

Nd. **129. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 128.

Flutningsm. Guðl. Guðmundsson.

Breytingartillagan orðist þannig:

Ný 3. gr. bætist við svo hljóðandi:

»Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra, skulu vera lausir við fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnar, svo og við kirkjugjald af húsum«.

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Sýslunefndum veitist vald til þess að hækka fyrir eitt ár í senn sýsluvegagjaldið samkvæmt 11. gr. laga um vegi frá 13. apríl 1894 úr 1 kr. 25 aur. upp í alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Hreppsnefndum veitist sama vald að því er snertir hækkun á hreppavegagjaldi samkvæmt 17. gr. nefndra laga.

Ed. **131. Frumvarp**

til laga um breyting á 24. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafirði frá 8. okt. 1883. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Gjalddagi bæjargjalda í Ísafjarðarkaupstað, skal eftirleiðis vera 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Nd. **132. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Til frádrags frá tekjum þeim, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 veitast þær 500 kr., sem taldar eru í 2. gr. hér á eftir, og sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í sömu lögum og 3. gr. fjáraukalaga 25. september 1902 fyrir árin 1902 og 1903 veitast 45,597 kr. 64 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 3.—6. gr. hér á eftir.

2. gr. Af tekjum þeim af fasteignum landssjóðs, sem taldar eru í 3. gr. fjárlaganna tölul. 1, greiðast ábúandanum á Fitjakoti í Kjalarneshreppi, Hans Gíslasyni, 500 kr., án afgjaldshækkunar, sem endurgjald fyrir hús, er hann hefir reist á jörðunni.

3. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

1.	Við tölulið 6. Utgjöld við holdsveikraspítalann. Við a, laun starfsmanna	133 kr.	33 a.
2.	Til að útvega húsbúnað í sóttvarnarhús í Reykjavík, sbr. fjáraukalög 25. september 1902, 3. gr. 2 a. .	1,200 —	»» -
3.	Til Björns héraðslæknis Blöndals á Hvammstanga: Uppbót á launum hans frá 1. apríl 1901 til 30. maí 1901	583 —	33 -
		1,916 —	66 -

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

1.	Við B. Vegabætur. Við tölulið 3. til flutningabrauta .	6,000 kr.
2.	Við tölulið 4. til þjóðvega	10,000 —
3.	Við C. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn (endurveiting)	400 —
4.	Við E. Vitar. Við e. Gróttuvitinn. Við tölulið 4. til viðhalds á húsi og áhöldum.	

Jafnframt og samþykt er, að 2,500 kr. þeim, er veittar voru í 2. gr. fjáraukalaga 27. september 1901

til að kaupa býlið Gróttu og endurbæta híbýli þar, hefir verið varið til að kaupa helminginn af téðu býli og reisa nýjan vitamannsbústað, gefst heimild til að greiða eftirstöðvarnar af kostnaðinum við téðan bústað, 250 kr., af upphæð þeirri sem er veitt í lið þessum fyrir fjárhagstímabilið 1902 og 1903.

5. Við E. Vitar. Við k. Til Elliðaeyjarvitans til þess að færa hann á hentugasta stað á eynni alt að . . . . 800 —

6. Við E. Vitar. Við c. Til ekkjunnar Sigurveigar Jóhannesdóttur á Reykjanesi í viðurkenningarskyni fyrir umbætur, er maður hennar gerði á lóð vitans . . . 600 —

17,800 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

1. Við B IV. Húsaleigustyrkur til 9 nafngreindra nemenda við Möðruvallaskólann veturinn 1902—1903, 30 kr. handa hverjum . . . . . 270 kr. 00 a.

3. Við B. V. b. 2. til áhaldakaupa o. fl. handa stýrimannaskólanum . . . . . 2,310 — 98 -

2,580 — 98 -

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, sem talin eru í 14. gr. B. fjárlaganna, veitist: Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu , . . kr. 22,800 00

Ed. **133. Frumvarp**

til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_4$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir

notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði

getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Ed.

134. Breytingartillaga

við breytingartill. (þingskjal 122) við frumvarp til laga um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

Frá Guttormi Vigfússyni og Valtý Guðmundssyni.

1. Fyrir: »2 af Reykjavíkurkaupstað« komi: 1 af Reykjavíkurkaupstað.
2. Á eftir: »Akureyrarkaupstað« komi: 1 af Seyðisfjarðarkaupstað.

Ed.

135. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær

laun úr landssjóði, svo og læknar í 4. og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða.

2. gr. Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kýs heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess $1^1/_3$% af launum sínum.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr. Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá og keypt sér æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn eða hluta af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar þau öðlast gildi.

Ed. 136. Breytingartillaga

við breytingartillögu nefndarinnar við frumv. til laga um breyting á lögum um skipun læknahéraða 14. okt. 1875. (þgskj. 92). Frá Kristjáni Jónssyni.

Á eftir: »Gnúpverja« komi: »Hrunamanna«.

Nd. 137. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

Mál það, er felst í frumvarpi þessu, var til meðferðar á síðasta þingi, og þá samþykt frumvarp, er fór í sömu átt. En því var synjað staðfestingar, einkum fyrir þá sök, að það hafði inni að halda ákvæði um, að öll ábyrgðarfélög, er starfsemi rækju hér á landi, væru skyld til að hafa hér aðalumboðsmann. Þessu ákvæði er slept í stjórnarfrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, og verður nefndin að telja það mikinn galla, því að auk þess sem þetta væri bezta trygging fyrir því, að félögin fullnægðu skyldu sinni að senda fyrirskipaðar skýrslur á réttum tíma, hlyti það að gefa starfsemi þeirra miklu meiri festu og afla þeim trausts hjá almenningi. Samt sem áður sér nefndin ekki fært að ráða til að taka upp aftur þetta ákvæði móti eindregnum andmælum landshöfðingja. Á hinn bóginn telur meiri hluti nefndarinnar (Hannes Þorsteinsson og Lárus Bjarnason) naumast gjörlegt, að samþykkja það ákvæði stjórnarfrumvarpsins, að láta ábyrgðarmenn blaða, er birta auglýsingar fyrir félögin, sæta sektum fyrir vanrækslu þeirra að senda landshöfðingja lögboðnar skýrslur, ef þau hafa engan

erindreka eða fulltrúa hér á landi. Minni hlutinn (Ólafur Briem) lítur svo , að þótt þetta ákvæði sé eigi allskostar sanngjarnt eða eðlilegt, þá felist þar í nauðsynleg trygging þess, að unt verði að framfylgja lögunum, svo að þau komi að tilætluðum notum, og fyrir því sé ekki ráðlegt að fella það burt.

Að því er snertir viðaukatillögur á þingskjali 94, álítur meiri hlutinn eigi takandi í mál að samþykkja fyrri tillöguna, enda verður hún tekin aftur af flutningsmanni. Síðari tillöguna aðhyllist nefndin og vill auka við hana ákvæði um, að í hinum fyrirskipuðu skýrslum um verzlunarskuldir sé einnig skýrt frá inneign manna og tölu þeirra, sem annaðhvort skulda eða eiga fé inni í verzlunum. Að öðru leyti skal þess getið, að nefndin álítur haganlegt, að umræddar skýrslur séu þannig sundurliðaðar, að þær sýni upphæð skulda og inneignar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. En öll hin nánari ákvæði um þetta eiga heima í reglugjörð, er sett verður um fyrirkomulag skýrslnanna og undirbúning þeirra samkvæmt 2. gr. laga 8. nóv. 1895.

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið, eftir tillögu meiri hlutans með þeirri breytingu:

að niðurlag 4. gr. »Hafi félagið engan erindreka« o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

Enn fremur leggur nefndin það til, að síðari viðaukatillagan á þingskjali 94 verði samþykt sem ný grein aftan við frumvapið, með þessum breytingum:

1. Orðin »hlutaðeigandi stjórnarvöldum« falli burt.
2. Á undan orðunum »í té« bætist inn í: árlega.
3. Aftan við greinina bætist: svo og um inneign landsmanna í verzlununum eða félögunum og um tölu viðskiftamanna, er skulda eða eiga inni við árslok, í hverju sveitarfélagi og bæjarfélagi fyrir sig.

Neðri deild alþingis 21. júlí 1903.

Hannes Þorsteinsson form. Ólafur Briem skrifari og framsögum.

Lárus H. Bjarnason.

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. Frá samgöngumálanefndinni.

1. gr. Hvert það skip, sem flytur farþega frá Íslandi til útlanda á óæðra farrúmi, skal vera háð eftirliti lögreglustjórnarinnar, en »óæðra« er farrúmið, ef það er lakara en 2. farþegarúm á millilandaskipum þeim, er landsstjórnin notar. Skal það að minsta kosti vera fullnægjandi skilyrðum þeim, sem sett eru í 10.—12. gr. laga um tilsjón með útflutningum frá 14. janúar 1876.

2. gr. Skipstjóri má ekki taka við farþegum í óæðra farrúm, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á, til að taka slíka farþega, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltaka, hve marga farþega megi taka í farrúmið, enda hafi lögreglustjóri áður sannreynt á þann hátt, er 7. gr. nefndra laga frá 14. janúar 1876 tiltekur, að farrúmið fullnægi skilyrðum þeim, sem því er sett að framan.

Skipstjóra ber að heimta af þeim, sem selja farbréf til flutnings á óæðra farrúmi, tvíritaða skrá yfir alla þá, sem þeir hafa selt slík farbréf. Skráin skal vera útbúin eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi semur, og skal sá, er farbréfin seldi, rita neðan á hana æru og samvizku vottorð um, að hann hafi eigi selt fleiri farbréf en skráin greinir.

3. gr. Á síðustu höfn, sem skipstjóri leggur frá til útlanda, skal lögreglustjóri sannprófa, að ekki fari á óæðra farrúmi fleiri en veitt var leyfi til á hinni fyrstu höfn að taka mætti á skipið, enda afhendi skipstjóri lögreglustjóra í því skyni annað eintakið af skrá þeirri, er ræðir um í næstu grein á undan, með árituðu æru og samvizku vottorði sínu um, að farþegar séu ekki fleiri en taldir eru á skránni.

4. gr. Brot á lögum þessum varða skipstjóra alt að 500 kr. sekt, er renni í landssjóð, og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál.

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir, eða meira, að stærð, skulu vera skyld að nota leiðsögn hinna skipuðu hafnsögumanna Ísafjarðarkaupstaðar í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Undanþegin þessari skyldu eru þó herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr. Fyrir hafnsöguna ber skipstjóra að greiða hafnsögugjald eftir taxta þeim, er nú gildir um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, eða síðar kann settur að verða.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **140. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. gr. 5. (Elliðaeyjarvitann) áeftir orðunum »hentugasta stað á eynni«, bætist inn í þessi orð: og gera nauðsynlegar umbætur á honum.

Ed.

141. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1900 og 1901 og fjáraukalögunum 27. sept. 1901 fyrir hin sömu ár, veitast 19,733 kr: 29 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hér á eftir.

2. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ymisleg útgjöld, við tölulið 1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur	826 kr. 90 a.
Við tölulið 11. d., sbr. 2. gr. framangreindra fjáraukalaga, til að hlaða garð til varnar vitanum á Skagatá	2,209 — 24 -
	3,036 — 14 -

3. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:	
Við tölulið 2. Til póstflutnings:	
1901	2,045 kr. 43. a.
Við tölulið 4. Önnur útgjöld:	
Við c. Ferðakostnaður póstmeistarans:	
1900	316 — »» -
Við d. Fyrir prentun:	
1900	498 — 08 -
Við e. Til áhalda:	
1900	404 — 60 -
1901	300 — 66 -
Við g. Óviss útgjöld:	
1901	212 — 30 -
Við B. Til vegabóta:	
Við tölulið 1. b. Ferðakostnaður verkfræðingsins:	
1900 og 1901	1,146 — 01 -
Við tölulið 3. Til flutningabrauta	1,898 — 41 -
Við tölulið 4. Til þjóðvega	3,301 — 22 -
Við tölulið 5. Til fjallvega	2,667 — 10 -
	12,789 kr. 81 e.

4. gr. Sem viðbót við upphæð þá, sem talin er í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, veitast 3,907 kr. 34 a.

Ed.

142. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1900 og 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

	Fjárveiting	Reikningur
1. Tekjur.	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé	84,000 »	83,694 01
2. Húsaskattur	12,000 »	14,631 »
3. Tekjuskattur	27,000 »	29,702 04
4. Aukatekjur	60,000 »	66,949 96
5. Erfðafjárskattur	4,000 »	7,285 36
6. Vitagjald	18,000 »	17,939 43
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	4,000 »	6,870 12
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	92,000 »	135,029 67
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	233,727 22
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000 »	197,959 98
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	360,000 »	432,315 19
12. Tekjur af póstferðum	70,000 »	76,053 46
13. Óvissar tekjur	5,000 »	22,090 09
14. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	46,000 »	46,097 »
15. Tekjur af kirkjum	200 »	637 91
16. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgastaðafjalli	4,000 »	4,991 57
17. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs	84,000 »	88,293 01
Borgað upp í lán, fjárveiting: 77,732 kr. 03 a. reikningur: 155,381 kr. 23 a.		
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000 »	15,337 23
19. Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000 »	6,750 91
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 »	2,423 97
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	6,772 77
22. Tillag úr ríkissjóði	120,500 »	120,500 »
23. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	.....	67,600 »
24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	.....	380 14
Alls...	1,399,900 »	1,684,032 04

II. Gjöld.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	26,800 »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	39,600 »	39,579 35
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,166 67	53,599 41
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	175,000 »	175,394 67
C. Ýmisleg útgjöld	131,832 »	131,320 60
4. Til útgjalda við læknaskipunina	197,260 08	238,658 70
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	133,500 »	136,066 02
B. Til vegabóta	166,600 »	185,879 64
C. Til gufuskipaferða	120,800 »	120,400 »
D. Til ritsíma	35,000 »	» »
6. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	47,100 »	46,266 06
B. Til kenslumálefna	204,916 »	199,266 87
C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta	69,150 »	65,346 42
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200 »	10,256 66
8. Eftirlaun og styrktarfé	90,000 »	93,190 02
9. Til óvissra útgjalda	3,000 »	6,907 34
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	.....	81,022 83
11. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	.....	74,077 45
Alls...	1,498,924,75	1,684,032 04

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1901	1,060,151 kr. 89 a.
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.	56,396 — 16 —
Peningaforði landssjóðs s. d.	375,247 — 62 —
Í landsbankanum á hlaupareikningi s. d.	120,000 — » —

Nd.

143. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, er kosið hafa sér prest eða forstöðumann, geta eftirleiðis leitað til ráðherrans fyrir Ísland til þess að fá staðfesting kosningarinnar. Staðfesting ráðherrans á kosningunni veitir kirkjufélaginu öll hin sömu réttindi, sem í lögum 19. febr. 1886 eru talin fylgja konunglegri staðfesting.

2. gr. Nú deyr prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, er kosning hans hefir hlotið staðfesting, eða hann fyrir uppsögn eða af öðrum á-

stæðum hættir starfa sínum, og njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins undanþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886, til þess, er þeir hafa kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið staðfesting á kosning hans, þó eigi um lengri tíma en 6 mánuði.

3. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra, skulu vera lausir við fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnar, svo og við kirkjugjald af húsum.

Nd. **144. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólabyggingar 70,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaíðnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera 60—70 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Ráðherrann hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Nd. **145. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri. Frá nefndinni.

Aftan við 5. grein komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

Nd. **146. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr. Kosningarrétt til alþingis hafa allir þeir, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands veitir rétt til kosninga, með þeim nánari ákvörðunum, sem eru teknar fram hér á eftir.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sé hann eigi fjár síns ráðandi, eða sé bú hans undir skiftameðferð sem gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrétt, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, haft lögheimili í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarréttar síns.

6. gr. Um kjörgengi til alþingis fer eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands.

II. kafli.

Kjörstjórnir.

7. gr. Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og 2 menn, er sýslunefnd kýs, eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sér, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú forfallast annarhvor hinna kosnu manna í yfirkjörstjórninni, og kemur þá varamaður af sama flokki í hans stað. Verði yfirkjörstjórn af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, þá kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar.

8. gr. Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af landshöfðingja, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

9. gr. Undirkjörstjórn skal vera í hverjum hreppi, og sitja í henni hreppstjóri (séu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt oddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sé fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild.

Undirkjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sér verkum.

III. kafli.

Samning kjörskrár.

10. gr. Kjörskrár semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild.

11. gr. Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrétt hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fyrir 1. júlímánaðar næst á eftir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því að geta neytt kosningarréttar þar. Rita skal í sérstaka dálka fult nafn kjósanda eftir stafrofsröð, heimili stétt og aldur.

12. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári. Á skrá sér skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er skráin er samin, en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrétt.

13. gr. Kjörskrá skal semja í janúarmánuði, svo að hún sé fullbúin 1. dag febrúarmánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað. Fjórtán dögum áður en kjörskrá er fram lögð, skal auglýsa, hvar það verður gjört, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

14. gr. Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því, er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sé slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eðs bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem eigi hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

15. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar. Þegar búið er að leiðrétta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sé á undan genginn.

16. gr. Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar, send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra landshöfðingja frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef

svo er ekki, hverjar vanti. Landshöfðingi hefur eftirlit með, að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar.

17. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarréttar, má heimta, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrétt, skal taka hann upp á kjörskrá þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

18. gr. Kjörskrár gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eftir, að báðum dögum meðtöldum. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (12. gr.), hafa rétt til að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kjördag hafa fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

IV. kafli.


Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

19. gr. Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri hoðið sig fram til kosningar í kjördæmi heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannsefnin kosinn eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Séu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit.

Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannsefna í kjördæminu, og skulu þau standa í stafrófsröð.

Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sér í líuu og ríflegt millibil milli lína. Hæfilegt bil skal vera framan við nöfnin, og framan við nafn hvers þingmannsefnis skal vera feitur hringur prentaður, sem ekki sé minni að þvermáli að innan en $^1/_4$ úr þumlungi og umgjörð hringsins eigi minni en $^1/_{12}$ þumlungs á breidd. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Seðillinn skal vera um 5 þumlunga á breidd.

20. gr. Landshöfðingi annast um prentun á eyðiblöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Yfirkjörstjórn annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti og skal vandlega gæta þess, að eigi séu fullgjörðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða undirkjörstjórnum, og forðast skal hún, að láta nokkurn mann sjá kjörseðlana, áður en hún sendir þá.

21. gr. Sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgjörðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

22. gr. Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku lérefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt léreftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

V. Kafli.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn

23. gr. Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu hans.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sé sönnuð fyrir kjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sér í fleirum en einu kjördæmi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

24. gr. Hvert þingmannsefni á rétt á, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hrepp umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rétt til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

VI. Kafli.

Kjördagur.

25. gr. Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn tíundi dagur septembermánaðar. Beri þann dag upp á sunnudag, skal kosning fara fram næsta virkan dag á undan.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

VII. Kafli.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

26. gr. Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gjöra það torvelt að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sé sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sé kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

27. gr. Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sé eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

28. gr. Nægum tíma áður en kosningar eftir lögum þessum skulu fram fara í fyrsta sinn, skal landsstjórnin láta gera atkvæðakassa handa öllum undirkjörstjórnum í landinu, og annast um sending þeirra. Skulu kassarnir allir vera með sömu gjörð, eigi minni en 12 þuml. að lengd, 8 þuml. á breidd og 6 þuml. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 6 þuml. löng, $^1/_4$ þuml. víð að ofan, en víðari að neðan. Með kössunum skal og senda sterka léreftspoka, hæfilega stóra, til að hafa utan um kassana, er undirkjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Kostnaður við þetta greiðist úr landssjóði í fyrsta sinn, en ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, sem hreppstjóri eða bæjarfógeti skal vandlega geyma, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

VIII. Kafli.

Kosningarathöfnin.

29. gr. Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir undirkjörstjórarnir; séu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

30. Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

31. gr. Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 24. gr.), séu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

32. gr. Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða um-

boðsmenn þeirra undir. Þvínæst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlaböggli. Þessa skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

33. gr. Kjörskjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörzlu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur gjör að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

34. gr. Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu og að hann hafi afsalað þar kosningarrétti sínum.

35. Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir kross ⊗ *innan* í hringinn, við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandi vill velja, með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til, en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

36. gr. Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

37. gr. Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

38. gr. Engin merki má á seðilinn gera önnur en krossinn í hringnum, hvorki rispu né blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, er slíkur seðill ógildur.

39. gr. Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðillinn merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sér stað, skulu seðl-

arnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslu að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, unz atkvæðagreiðslu er lokið.

40. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlé verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrétt, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. — Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

41. gr. Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni hans eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

42. gr. Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja lérefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í léreftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki er hnýtt saman, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann, sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rétt á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sér alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (39. gr.) og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

43. gr. Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

44. gr. Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, séu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

45. gr. Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal

kjörstjórnin leggja þau ásamt lyklinum að atkvæðakassanum þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rétt á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með bréfið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

IX. kafli.

Kosningarúrslit.

46. gr. Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana, og telja atkvæðin.

47. gr. Þingmannsefni hvert hefir rétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er hann bauð sig fram í, sé hann eigi sjálfur viðstaddur, Að öðru leyti skal athöfn þessi fram fara fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé ekki þingmannsefni eða umboðsmenn hans viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr. Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á, að sannfærast um, að öll innsiglin séu ósköddud. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, og réttir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn eða þá kosna, sem hlotið hafa flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rétt á, að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landshöfðingja eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem landshöfðingi því næst leggur fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og hann tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur hann einnig fyrir þingið.

49. gr. Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

50. gr. Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni eða hinum kjörnu alþingismönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er landshöfðingi segir fyrir um, og senda landshöfðingja tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og birtir hann það í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr. Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má.

Undir eins og undirkjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr. Sé atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

X. Kafli.

Úrskurður um kjörgengi.

53. gr. Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, skal hann þá innan 14 daga frá því, er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til landsshöfðingja. Sendir landshöfðingi þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir alþingi.

XI. Kafli.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

54. gr. Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir

55. gr. Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

56. gr. Hve nær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

XII. Kafli.

Kostnaður.

57. gr. Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl,

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

XIII. kafli.

Afbrot og hegningar o. fl.

58. gr. Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Landshöfðingi úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til, að þær verði innheimtar með lögtaki og getur hann á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gjört aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að kjörskrá sé samin svo fljótt, sem kostur er á.

59. gr. Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

60. gr. Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosning til alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

61. gr. Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í atkvæðahylkið, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða gjöri sig seka í frekri rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

62. gr. Hver, sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

63. gr. Lög 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis eru úr gildi feld, að 18. og 37. gr. undanskilinni.

Ákvæði um stundarsakir.

Ef kosningar til alþingis fara fram fyrir 1. júlí 1904, skal kjósa eftir þeim kjörskrám, sem gengu í gildi 1. júlí 1903.

Nd. **147. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda.

Útfaralöggjöfin reisir sæmilega traustar skorður við því, að illa fari um útfara meðan á sjóferð þeirra stendur. Skipin, sem flytja þá, standa undir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar. En nú kvað sumir útflutningsstjórar hafa farið kringum þessi lög með því, að láta vanaleg mannflutningaskip flytja útfarana sem almenna farþega til næstu útlendu hafnar, en það hefir aftur leitt til þess, að oft hefir farið illa um þá vegna þrengsla, og þar af leiðandi ills aðbúnaðar.

Úr þessu á frumvarp nefndarinnar að bæta, svo sem kostur er á. Það nær að vísu ekki til 1. og 2. farrúms á millilandaskipunum. Það þótti ógjörningur að hefta svo farfrelsi venjulegra ferðamanna, enda kvað útfarar nálega undantekningarlaust fara á svokölluðu 3. farrými, og til þeirra ná lögin.

Frumvarpið fer með slíka farþega sem reglulega útfara, og setur þeim til varnar á sjóferð þeirra sömu tryggingu og útförum er sett á reglulegum útfaraskipum. Lengra varð ekki farið, enda mun mega fullyrða, að útfaralögin tryggi útförum forsvaranlega meðferð, sé laganna gætt svo sem til er ætlast.

Neðri deild alþingis 21. júlí 1903.

H. Hafstein, form. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.

Guðl. Guðmundsson. Magnús Andrésson. Einar Þórðarson.

Jón Magnússon. Ólafur Thorlacius.

Nd. **148. Tillaga**

til þingsályktunar um áfengissölu lyfsala. Flutningsmenn: Einar Þórðarson. Ólafur Thorlacius. Guðl. Guðmundsson. Ólafur Ólafsson. Skúli Thoroddsen. Magnús Andrésson.

Alþingi skorar á stjórnina, að leggja bann fyrir að lyfsalar selji spiritus, æther, æther spirituosus, æther spirit. camphoratus eða nokkurt lyf, ef aðalefni þess er spiritus eða æther, án lyfmiða eða oftar en einu sinni eftir sama lyfmiða.

Ed. **149. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Við Kálfshamarsvík í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **150. Tillaga**

til þingsályktunar um lestrarbók handa alþýðuskólum. (Eins og hún var samþykt við eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að skipa 3 manna nefnd til þess að annast um samningu lestrarbókar handa alþýðuskólum, og má verja til þess alt að 2000 kr. á fjárhagstímabilinu úr landssjóði.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frumv. til laga um aðra skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar Íslands.

Vér undirskrifaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefir skipað í nefnd til þess að athuga frumvarp stjórnarinnar um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, höfum nú rætt það með oss, og eftir nákvæma íhugun getum vér í öllum aðalatriðum fallist á frumvarpið og ástæður þær, sem fyrir því eru færðar, bæði að því, er snertir niðurlagning hinna gömlu embætta og skipan hinna nýju. Breytingartillögur þær við frumvarpið, er vér höfum fram að bera, eru því nær eingöngu fjárhagslegs eðlis, og skulum vér stuttlega færa ástæður fyrir þeim.

Vér álítum, að óþarft sé að ætla ráðherranum hærri laun en landshöfðingi hefir haft, og leggjum því til, að launin séu færð niður í 8000 krónur, auk embættisbústaðar og 2000 kr. risnufjár. Að vísu verður ráðherrann þá að því leyti lakar settur en landshöfðingi, að landshöfðingi hefir haft að meðaltali 3000 kr. í risnufé á ári og leigulaus afnot Arnarhólstúnsins, sem nú er ætlast til að verði selt til þess að koma upp ráðherrabústaðnum. En hins vegar gengur nefndin út frá því, að talsverður aukakostnaður verði við ferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar, dvöl og risnu þar, sem búizt er við, að verði borgað eftir reikningi af landssjóði, og að því, er snertir risnufé á þingsumrum, álítur nefndin viðfeldnara, að þingmenn geti komið saman í samkvæmi undir forstöðu forsetanna, heldur en sem gestir ráðherrans. Þykir nefndinni vel á því fara, að þessu verði fyrirkomið á samskonar hátt og nú tíðkast á ríkisþinginu í Danmörku, og ætlast því ekki til, að ráðherrann haldi svo nefndar alþingisveizlur eftirleiðis.

Nefndin felst á það, að rétt sé að leggja ráðherranum til embættisbústað sem hluta af launum hans, og að byggja þurfi nýtt hús í því skyni.

Vér erum þeirrar skoðunar, að landshöfðingjahúsið sé mjög hentugt til þess að setja þar í stjórnarskrifstofurnar, og sjáum ekki annað vænna. Sérstaklega skal það tekið fram, að vér álítum ekki hentugt, að setja stjórnarskrifstofurnar í neðra stafgólf alþingishússins, jafnvel þótt auðið væri að færa Landsbókasafnið burt þaðan þegar í stað, enda er að vorri hyggju nóg annað við húsrúm það að gjöra. En jafnvel þótt vér þannig séum stjórninni samdóma um, að reisa þurfi hús til embættisbústaðar fyrir ráðherrann, teljum vér ekki nauðsynlegt að vinda að því bráðan bug. Það er hvort sem er óhjákvæmilegt, að ráðherrann útvegi sér bústað og risnuherbergi sjálfur fyrst í stað, jafnvel þótt

ákveðið væri að flýta byggingunni sem mest, og skiftir þá litlu, hvort það bráðabyrgðaástand er nokkru lengur eða skemur.

Vér höfum kynt oss teikning þá og áætlun um kostnað við byggingu ráðherrabústaðar, sem landsstjórnin hefir útvegað og afhent nefndinni. En það er hvorttveggja, að áætlunin er að dómi byggingarfróðra manna, sem nefndin hefir haft í ráðum með sér, ekki áreiðanleg, enda álítum vér réttara, að slík bygging verði bygð úr steini eða steinsteypu, þegar hún verður bygð, en ekki úr tré, eins og áætlunin gerir ráð fyrir. Það vantar þannig áætlun, er til grundvallar gæti orðið lögð fyrir ákvæði um það, hve miklu fé megi verja til byggingarinnar og útbúnaðar risnuherbergja, og ætlumst vér því til, að slíkt verði síðar ákveðið í sérstökum lögum, eftir að stjórnin hefir útvegað nýja, nákvæma áætlun um kostnaðinn.

Uppbót þá, er ráðgjafanum ber fyrir embættisbústaðinn, þangað til hann fær hann til afnota, álítum vér nægilegt að setja 1600 kr. í stað 2000 kr., sem frumvarpið fer fram á.

Að því er snertir eftirlaun ráðherrans, þykir oss of mikið, eftir launahæðinni, að konungur geti hækkað þau svo mjög, sem frumvarpið fer fram á. Hinsvegar viðurkennum vér, að eftirlaunin gætu orðið of lág tiltölulega, ef að eins ætti að miða við embættisár, og leggjum því til, að konungur geti hækkað þau alt að 4000 kr., sem er miðað við helming launa.

Laun landritarans kunnum vér eigi við að ákveða hærri en amtmannalaun eru eftir núgildandi lögum. Vér gjörum ekki ráð fyrir, að hann, stöðu sinnar vegna, þurfi á risnufé að halda, nema þegar hann gegnir ráðherrastöðunni á eigin ábyrgð, og fellur þá til hans tiltölulegur hluti þess risnufjár, sem ráðherranum er ætlað. Vér leggjum því til, að laun hans verði færð niður í 5000 kr. Laun þriggja aðstoðarmanna álítum vér nægilega hátt sett 1500 kr. handa hverjum, að minsta kosti fyrst um sinn, þó að ætlað sé til, að notaður sé allur erfiðiskraftur þeirra, og leggjum því til, að aðstoðar- og skrifstofukostnaður færist niður í 14500 kr. á ári.

Vér gjörum ráð fyrir því, að störfum verði skift þannig milli stjórnarskrifstofanna, að hin fyrsta hafi aðallega á hendi störf þau, sem lúta að dómsmálum og skólamálum og kirkjumál, hin önnur, atvinnumál og samgöngumál og póstmál, og hin þriðja endurskoðun og reikningsmál, en auðvitað verður það ráðherrans verk, að skifta störfum með þeim til fullnustu. Hin þriðja skrifstofa ætti og að hafa alt eftirlit með landshagsskýrslum og sjá um, að þær séu samdar. En með því að sú skrifstofa mun verða mjög önnum kafin, álítum vér ekki heimtandi, að allar landshagsskýrslur séu dregnar þar saman, og búnar undir prentun, og þess vegna teljum vér nauðsynlegt, að nokkurt fé yrði ætlað á fjárlögunum, eins og að undanförnu, til borgunar fyrir að semja skýrslurnar eður draga þær saman.

Nefndin felst á það, að landsbankanum verði falið að gegna landfógetastörfunum, þegar það embætti losnar, og að til þess sé varið alt að 2,500 kr. En vér göngum út frá því, að fé landssjóðs verði haldið aðskildu frá starfsfé bankans, og að það verði geymt út af fyrir sig í sérstakri féhirzlu, er lokuð sé

tveimur læsingum, sem ráðherrann og bankastjórinn geymir lykla að, sinn að hvorri.

Vér getum í flestum atriðum aðhylst tillögur landshöfðingjans um það, hvernig skipta skuli störfum amtmanna og styftsyfirvalda milli stjórnarráðsins og annara stjórnarvalda. Þó eru ýms mál, sem hann hefir ætlað stjórnarráðinu, er vér teljum mætti fela sýslumönnum á hendur, og álítum vér réttara að fela þeim svo mikið, sem unt er eftir hlutarins eðli, til þess að gera allar leiðir sem styztar og greiðastar, heldur en að draga of mikið af störfum saman á einn stað. Þannig ætlum vér að fela mætti sýslumönnum og bæjarfógetum, auk þess, sem landshöfðingi hefir talið, að úrskurða áminning samkvæmt 179. gr. hinna almennu hegningarlaga og eftirlitið með fangelsunum, vald til að úrskurða upphæð sekta samkvæmt 300. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869, þvingunarsektir samkvæmt 15. gr. laga 14. sept. 1877, sektir samkv. 7., sbr. 16. gr., laga um lausafjártíund 12. júlí 1878, rglgj. 6. desbr. 1884, 9. gr., 8., sbr. 9. gr. laga um friðun á laxi 19. febr. 1886 og 22.—26. gr. í lögum um skrásetning skipa 13. desbr. 1895 o. fl. þvíuml. Enn fremur álítur nefndin, að réttast sé að fela sýslumönnum — ekki landlækni — skipun yfirsetukvenna, heimild til að gefa út — auk hjónavígslubréfs — leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, leyfisbréf þau, sem um ræðir í tilsk. 21. desbr. 1831, 1. b. og d. og konungsúrskurði 12. sept. 1864 a. b. c. og d. Enn fremur virðist mega fela sýslumönnum auglýsing vogreka op. br. 2. apríl 1853 og störf amtmanna viðvíkjandi nýbýlum, samkv. lögum 6. nóv. 1897. Nefndin felst á, að rétt sé, að ákveðin sé, meðalmeðgjöf um leið og sýslumönnum og bæjarfógetum er falið að ákveða framfærzlueyri, og kemur nefndin fram með lagafrumvarp í því skyni. Störf amtmannsins í Suður- og Vesturamtinu, sem dómara í synodalréttinum, telur nefndin réttast að fela forstjóra landsyfirréttarins, en forsetastörfin í amtsráðunum álítum vér rétt að ráðherrann feli einhverjum sýslumanna í amtinu, og þykir oss bezt við eiga, að skrifstofuþóknun hans greiðist af jafnaðarsjóði.

Viðvíkjandi skrifstofu þeirri, sem ætlast er til að ráðherrann hafi í Kaupmannahöfn, skulum vér að endingu að eins taka það fram, að vér föllumst algerlega á það, að hún sé að eins undirdeild af stjórnarskrifstofum ráðaneytisins, og að forstöðumaður hennar, sem verður að vera sem handgengnastur ráðherranum, sé að eins útnefndur af honum, en hafi eigi konunglega veiting. Aptur á móti teljum vér mjög nauðsynlegt, að hægt sé að fá vel hæfan, áreiðanlegan og kunnugan mann í þessa stöðu, sem getur orðið allmikilsvarðandi, er um það er að ræða að útvega ráðherranum nauðsynlegar upplýsingar, og framkvæma erindi hans í ýmsum greinum, og teljum vér ekki nægа trygging fyrir því, að slíkur maður gæti fengist í Kaupmannahöfn fyrir hina tilgreindu upphæð 2400 krónur; virðist oss því réttara, að laun hans væri ákveðin nokkru hærri.

Að svo mæltu ráðum vér hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumv. með þeim breytingum, sem tillögur eru gjörðar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi 21. júlí 1903.

Jón Magnússon, form. H. Hafstein, skrifari og framsm. Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.
Jóhannes Ólafsson. Ólafur Ólafsson.
Lárus H. Bjarnason

með þeim fyrirvara, að eg tel líklegt, *að* ráðherrann geti komist af með 1200 kr. á ári sem húsaleigu, sé á annað borð kostur á hæfilegu húsi handa honum, *og að* mér finst það hvorki eiga við né vera í sjálfu sér rétt, að *þingið* fari *að svo stöddu* fram á hækkun á launum forstöðumanns skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, úr því að stjórnarráðið telur þau viðunanleg, enda mun meiri hluti þingmanna vera á þeirri skoðun, að sitja megi við tillögur stjórnarinnar um þetta atriði.

Nd. **152. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá nefndinni.

Við 2. gr.: 1. Í stað 9000 komi 8000.
2. Í stað orðanna: »Til að reisa . . . . . hvílir á landssjóði« komi: Þangað til ráðherraun fær embættisbústaðinn til afnota, skal honum veitt 1600 króna uppbót fyrir hann á ári.

Við 3. gr.: Í stað orðanna: »Þó mega þau eigi nema meira — hinum almennu eftirlaunalögum« komi: Þó eigi yfir 4000 krónur.

Við 4. gr.: 1. Í stað 6000 komi: 5000.
2. Í stað 16000 komi: 14500.

Við 6. gr.: 1. Fyrir framan 2500 kr. bætist inn: alt að.
2. Í stað orðanna: »má frá téðum tíma — skrifstofukostnað« komi: skal greiða af jafnaðarsjóði þóknun fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 300 kr. Þó mega amtsráðin hækka upphæð þessa.

Nd. **153. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan. 1900. Frá nefndinni um skipun æðstu umboðsstjórnar.

Fúlga sú, sem krefjast má að sveitarsjóðir greiði samkvæmt 4. gr. laga 12. jan. 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl., skal eigi vera hærri en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í.

Sýslunefndirnar skulu ákveða upphæð meðalmeðlags fyrir 5 ár í senn fyrir hvert sveitarfélag.

Nd. **154. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls.

Hin háttv. neðri deild alþingis hefir vísað máli þessu til nefndarinnar, er athuga skyldi frumvarpið um aðra skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar, og hefir nefndin fallist á það, að rétt sé að koma jörð þessari, sem til langframa hefir verið lögð til launa æðsta innlenda valdsmanni, í peninga, í því skyni, að verja andvirðinu til þess að koma upp embættisbústað þeim, sem gjört er ráð fyrir að leggja ráðherra Íslands. Til þess að fá sem mest upp í kostnaðinn við bygging þessa á þennan hátt, álízt nauðsynlegt, að stjórnin hafi sem óbundnastar hendur við sölu á jörðunni, sérstaklega að söluheimildin sé ekki einskorðuð við einn vissan kaupanda, eins og gjört hefir verið á því, er snertir tiltekna hluta af lóð jarðarinnar með lögum nr. 21, 21. júní 1900 og lögum nr. 30, 6. nóv. 1902.

Eins og það er sjálfsagt að undanskilja sölunni lóð þá, sem hinn núverandi landshöfðingjabústaður, sem ætlast er til að breytt verði í stjórnarbyggingu, stendur á, og hæfilegt svæði kringum húsin, svo verður og að sjá fyrir því, að hið opinbera geti fengið hentugar lóðir undir þær opinberu byggingar, sem búist er við að reistar verði innan skamms. Það virðist því nauðsynlegt að ákveða, að svo framarlega sem jörðin sé seld í einu lagi, þá beri að áskilja landssjóði endurkaupsrétt á lóðum undir téðar byggingar fyrir tiltölulegan hluta söluverðs allrar lóðarinnar, eftir stærð hinnar endurkeyptu lóðar.

Til þess að taka af öll tvímæli um það, hvort Ræktunarstjóðurinn eigi tilkall til andvirðis jarðarinnar eftir lögum 2. marz 1900, telur nefndin rétt að ákveða beint í lögunum, að andvirði þessarar jarðar renni í landssjóð.

Samkvæmt ofanrituðu vill nefndin ráða h. h. deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breyting, er nú skal greina:

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Andvirðið rennur í landssjóð. Sé jörðin seld í einu lagi, skal áskilja landssjóði endurkaupsrétt á tilteknum lóðum undir opinberar byggingar, fyrir tiltölulegan hluta söluverðs allrar lóðarinnar, eftir stærð lóðar þeirrar, sem endurkeypt er.

Alþingi 21. júlí 1903.

Jón Magnússon, formaður.	H. Hafstein, skrifari og framsögumaður.
Skúli Thoroddsen.	Ólafur Ólafsson. Jóhannes Ólafsson.
Björn Kristjánsson.	Lárus H. Bjarnason.

Nd. **155. reyting artillögur**

við frumv. til laga um breyting á 6. gr. laga 13. apríl 1894 um vegi (þskj. 126).

Flutningsmaður Hannes Þorsteinsson.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum: »flutningabrauta, sem í bygð liggja« bætist: »og ekki eru þjóðvegir«.

2. Á eftir orðunum »skal greiða« í sömu gr. bætist: »að öllu leyti«.
3. Aftan við 1. gr. bætist: »en sé flutningabrautin þjóðvegur greiðist viðhaldskostnaðurinn úr landssjóði að hálfu leyti.

Ed. **156. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Á Reykjavíkur, Skipaskaga, Grímsness og Kjósar læknishéruðum skal gera þær breytingar, er hér segir:

Reykjavíkur hérað skal ná yfir Reykjavíkurkaupstað og Seltjarnarnesið sjálft, með Engey og Viðey, inn að Elliðaám og Fossvogi.

Skipaskaga hérað skal ná yfir Hvalfjarðarstrandarhrepp allan og hina 4 syðstu hreppa Borgarfjarðarsýslu.

Grímsness hérað skal ná yfir Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness, Grafnings og Þingvalla hreppa í Árnessýslu.

Hafnarfjarðar hérað skal ná yfir Kjósarsýslu að Fossvogi, yfir Bessastaðahrepp og Garðahrepp.

Kjósar hérað telst til 4. flokks læknishéraða (sbr. 1. og 3. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.) og skal læknissetur í því héraði vera í Hafnarfirði, en læknirinn skyldur til að fara á ári hverju 6 læknisferðir upp í Kjós, án sérstaks endurgjalds, og auglýsa fyrirfram hvenær þær verða farnar.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum í þessum héruðum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra samkvæmt lögum þessum.

Nd. **157. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894 (þskj. 126). Flutningsm. Hannes Þorsteinsson.

Aftan við orðin »skal greiða« í síðari málsgrein 1. gr. bætist: »að hálfu leyti úr landssjóði, en að hálfu leyti o. s. frv.

Ed **158. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um líkskoðun. Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu »húsbóndi hans« komi: eða húsráðandi.
2. Við 4. gr. Fyrir »semja . . . . líkskoðun« komi: semja leiðbeining fyrir líkskoðun og dánarskýrslum.
3. Við 5. gr. Annari málsgrein 7. línu sé breytt þannig, að fyrir orðin »það sé grafið« komi: líkið sé grafið.

4. Við 5. gr. Þriðja málsgrein. Orðin: »Að öðru leyti er það auðsætt, að« fall burt.

5. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð, fá líkskoðunarmenn 2 kr. til jafnra skifta, og auk þess ferðakostnað samkv. fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra réttarverk.

Gjöld þau, er ræðir um í grein þessari, greiðist úr landssjóði.

Nd. **159. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja.

Nefndin telur aðalatriðið í frumvarpinu vera það, að vínsölustöðum fjölgi eigi, hitt álítur nefndin að skifti minna, hvort hækkað er árlega gjaldið þau ár, sem vínseljendur eiga eftir að nota leyfi sitt; enda mætti búast við að hækkun á árlegu gjaldi leiddi í hinum stærstu kaupstöðum til samlagsverzlunar á áfengi í stórum stýl, svo að tilgangur frumvarpsins næðist eigi. Nefndin felst því á að leyfisbréfagjöldin tvöfaldist, þó með þeirri undantekningu, að leyfisbréfagjaldið fyrir veitingar í kaupstöðum og verzlunarstöðum haldist óbreytt, þar sem enn er rekin verzlun með áfenga drykki, af ástæðum, er fram verða teknar í framsögunni.

Nefndin leyfir sér því að ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

Við 1. gr. Orðin: »árlega gjaldið og« falli burtu.
Orðin: »1. og«, og orðin »hvort um sig« falli burtu.

Við 3. gr. Orðin: »Árlega gjaldið og« falli burt.
Orðin: »6. og«, og orðin »hvort um sig« falli burt.
Aftan við greinina bætist:

Þó nær ákvæði þetta, um hækkun leyfisbréfsgjaldsins fyrir rétt til veitinga áfengra drykkja, eigi til kaupstaða og verzlunarstaða meðan þar er rekin verzlun með áfenga drykki.

Neðri deild alþingis 22. júlí 1903.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Hermann Jónasson, skrifari.

Þórh. Bjarnarson, framsögum. Hannes Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson.

Nd. **160. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. Frá nefndinni í fiskiveiðamálinu.

1. gr. Af hvalafurðum skal greiða útflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis	kr. 1,25
2.	Af hverjum 100 pd. af hvalkjötsmjöli	— 0,50
3.	Af hverjum 100 pd. af hvalguano	— 0,25
4.	Af hverjum 100 pd. af hvalbeinamjöli	— 0,25

2. gr. 1. gr. laga 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum er úr lögum numin.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **161. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. Frá Ólafi Ólafssyni.

Í stað orðanna: »norður í Grandabót« komi: sunnan frá Skerjafirði eftir mörkum og norður í sjó.

Nd. **162. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ráðherraábyrgð.

Vér búumst við því, að ábyrgð ráðherrans verði hér sem annarsstaðar aðallega þingleg, en teljum þó rétt, að sett séu sérstök ábyrgðarlög fyrir jafnsérstæðan embættismann sem ráðherrann er, og nauðsynlegt, að þau verði til jafnframt honum.

Að því er samning laganna snertir, hurfum vér frá því, að telja upp brot þau, er hugsanlegt væri að ráðherrann yrði sekur um. Bæði hefði slík upptalning aldrei orðið nándar nærri tæmandi, og í annan stað hefði það orðið nefndinni ofraun, á jafnstuttum tíma og henni er markaður, að leggja undirbúningslaust hæfilega refsingu við hverju broti, enda telur nefndin hina aðferðina í sjálfu sér heppilegri, að skifta brotunum niður í aðalflokka og leggja viðtæka hegningu við broti á hverjum flokki.

Svo sem breytingartillögur nefndarinnar bera með sér, eru flokkarnir þrír. Í fyrsta flokki eru stjórnarskrárbrot, í öðrum flokki önnur lagabrot og í þriðja flokki brot á góðri ráðsmensku (Conduitebrot). Innan þessara þriggja aðalflokka er aftur skilið milli framkvæmdarbrota og vanrækslubrota. Og um alla flokkana gildir það, samkvæmt 1. gr., að refsing liggur því að eins við, að brotið sé af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi.

Hegningin er embættismissir eða sektir, og þótti rétt að taka það beint fram, að í stað sektanna komi einfalt fangelsi, er sé tiltekið í dóminum.

Því er bætt við í 7. gr., að ráðherrann skuli vera skaðabótaskyldur eftir almennum reglum, bæði gagnvart hinu opinbera og einstaklingum. Jafnframt er það ákveðið, sérstaklega til hægðarauka fyrir einstaklinga, að gjöra skuli út um skaðabæturnar jafnframt refsingunni.

Loks þótti ástæða til að fela hæstarétti með berum orðum, til bráðabirgða, dómsvald í málum móti landritaranum, með því að ekki þótti líklegt, eða að minsta kosti ekki víst, að hæstiréttur mundi taka við málum móti honum án sérstakrar heimildar.

Að öðru leyti fara breytingartillögur nefndarinnar fram á, að samrýma frumvarpið betur hinu væntanlega nýja stjórnarfyrirkomulagi.

Leyfum vér oss því að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum.

Fyrirsögnin orðist svo:

FRUMVARP

til laga um ábyrgð ráðherra Íslands.

1. gr. orðist svo:

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill hins opinbera eða einstaklings í hættu.

2. gr. orðist svo:

Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum:

a., ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þingið hafi átt kost á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og ef hann lætur farast fyrir að bera undir konung lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum.

b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir.

c. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

3. gr. orðist svo:

Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

a. með því að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt.

b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

4. gr. orðist svo:

Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið hinu opinbera eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega

gat forðað hinu opinbera eða einstaklingi við tjóni, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

4.. 5., 6. og 7. gr. falli burtu.

8. gr. verði 5. gr. og orðist svo:

Brot gegn 2. gr. varða embættismissi eða sektum frá 500—5000 kr. ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

Viðbætist ný grein, er verður

6. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

Viðbætist ný gr. er verður

7. gr.

Hafi ráðherrann bakað hinu opinbera eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

9. gr. verði 8. gr. og orðist svo:

Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstiréttur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum eftir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

10. gr. verði 9. gr.

Neðri deild alþingis 22. júlí 1903.

H. Hafstein, form. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður. Skúli Thoroddsen.

Hermann Jónasson. Guðl. Guðmundsson.

Ed. **163. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningu fjögurra nýrra þingmanna. Frá Guttormi Vigfússyni, J. Havsteen og J. Jónassen.

1. Við 1. gr. Fyrir niðurlag greinarinnar: »að fyrir hvert amt . . . einn þingmaður» komi:

1 af Reykjavíkurkaupstað,

1 af Ísafjarðarkaupstað,

1 af Akureyrarkaupstað og
1 af Seyðisfjarðarkaupstað.

Ef almennar kosningar fara fram, skulu þessir 4 þingmenn kosnir samtímis og með sama hætti sem aðrir alþingismenn, og falla þá við þær kosningar kaupstaðirnir Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður úr kjördæmum þeim, sem þeir teljast til eftir 18. gr. kosningarlaganna 14. sept. 1877.

Fari almennar kosningar þar á móti eigi fram, segir konungur nákvæmar fyrir um kosningu þessara 4 þingmanna.

2. 2., 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins falli burtu.

Ed. **164.** Breytingartillaga
við frumv. til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (Þgskj. 156).

Frá nefndinni.

Fyrir: »Kjósarhérað telst til 4. flokks« komi: Hafnarfjarðarhérað telst til 4. flokks.

Ed. **165.** Frumvarp
til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Til frádrags frá tekjum þeim, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 veitast þær 500 kr., sem taldar eru í 2. gr. hér á eftir, og sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í sömu lögum og 3. gr. fjáraukalaga 25. september 1902 fyrir árin 1902 og 1903 veitast 45,597 kr. 64 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 3.—6. gr. hér á eftir.

2. gr. Af tekjum þeim af fasteignum landssjóðs, sem tíðkast eru í 3. gr. fjárlaganna tölul. 1, greiðast ábúandanum á Fitjakoti í Kjalarneshreppi, Hans Gíslasyni, 500 kr., án afgjaldshækkunar, sem endurgjald fyrir hús, er hann hefir reist á jörðunni.

3. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

1.	Við tölulið 6. Utgjöld við holdsveikraspítalann. Við a, laun starfsmanna	133 kr.	33 a.
2.	Til að útvega húsbúnað í sóttvarnarhús í Reykjavík, sbr. fjáraukalög 25. september 1902, 3. gr. 2 a. .	1,200 —	»»
3.	Til Björns héraðslæknis Blöndals á Hvammstanga: Uppbót á launum hans frá 1. apríl 1900 til 30. maí 1901	583 —	33
		1,916 —	66

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

1.	Við B. Vegabætur. Við tölulið 3. til flutningabrauta .	6,000 kr.
2.	Við tölulið 4. til þjóðvega	10,000 —
3.	Við C. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn (endurveiting)	400 —
4.	Við E. Vitar. Við e. Gróttuvitinn. Við tölulið 4. til viðhalds á húsi og áhöldum. Jafnframt og samþykt er, að 2,500 kr. þeim, er veittar voru í 2. gr. fjáraukalaga 27. september 1901 til að kaupa býlið Gróttu og endurbæta híbýli þar, hefir verið varið til að kaupa helminginn af téðu býli og reisa nýjan vitamannsbústað, gefst heimild til að greiða eftirstöðvarnar af kostnaðinum við téðan bústað, 250 kr., af upphæð þeirri sem er veitt í lið þessum fyrir fjárhagstímabilið 1902 og 1903.	
5.	Við E. Vitar. Við k. Til Elliðaeyjarvitans, til þess að færa hann á hentugasta stað á eynni og gera nauðsynlegar umbætur á honum, alt að	800 —
6.	Við E. Vitar. Við c. Til ekkjunnar Sigurveigar Jóhannesdóttur á Reykjanesi í viðurkenningarskyni fyrir umbætur, er maður hennar gerði á lóð vitans . . .	600 —
		17,800 kr.

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

1.	Við B IV. Húsaleigustyrkur til 9 nafngreindra nemenda við Möðruvallaskólann veturinn 1902—1903, 30 kr. handa hverjum	270 kr. 00 a.
3.	Við B. V. b. 2. til áhaldakaupa o. fl. handa stýrimannaskólanum	2,310 — 98 -
		2,580 — 98 -

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, sem talin eru í 14. gr. B. fjárlaganna, veitist: Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu , . . kr. 22,800 00

Nd.

166. Nefndarálit

um frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Nefndin hefir fengið í hendur ýms skjöl, er snerta sölu þjóðjarða þeirra, sem taldar eru í 1. gr. frumvarpsins, svo sem bónarbréf leigulíða, álitsskjöl umboðsmanna og virðingargjörðir sýslunefnda samkvæmt ákvæðum auglýsingar 17. nóv. 1879. Enn fremur hafa nefndinni borist samskonar skjöl viðvíkjandi þjóð-

jörðunum Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu og ½ Vattarnesi og Berunesi í Suður-Múlasýslu.

Jarðir þær, sem falaðar hafa verið til kaups eða í jarðaskiftum, eru því 17 að tölu, en þar af eru 6, sem nefndin ræður frá að selja að svo komnu:

1. Böggversstaðir í Eyjafjarðarsýslu, af þeirri ástæðu, að útlit er fyrir, að í landi jarðarinnar geti myndast sjóþorp á svo nefndum Böggversstaðasandi og ef til vill verzlunarstaður.

2. Reykhús í sömu sýslu, sökum þess, að jörðin liggur nálægt Akureyri, og að þar eru heitar laugar, sem gera hana mjög vel lagaða til ræktunarstöðva.

3. Hraukbæjarkot í sömu sýslu, af því að það er hjáleiga og á óskift land með annari jörð, sem er eign landssjóðs.

4. Munaðarhóll á Hjallasandi í Snæfellsnessýslu, fyrir þá sök, að þar er löggiltur verzlunarstaður og allmargt af þurrabúðum, sem fremur eru líkur til að fjölgi.

5. ½ Vattarnes í Suður-Múlasýslu, sakir þess, að jörðin er vel löguð til að vera veiðistöð, enda er talsvert af verskálum og þurrabúðum í landi jarðarinnar.

6. Berunes sökum vantandi skilríkja.

Að því, er snertir sölu þjóðjarða yfirleitt, eru skoðanir nefndarmanna nokkuð skiftar. Meiri hlutinn (Hannes Hafstein, Ólafur Briem og Ólafur Ólafsson) eru eindregið fylgjandi þeirri stefnu, að rétt sé að gefa leiguliðum þjóðjarða kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar fyrir fult verð, að því leyti sem engar sérstakar ástæður eru því til fyrirstöðu. Minni hlutinn (Árni Jónsson og Tryggvi Gunnarsson) álítur þar á móti þjóðjarðasöluna að ýmsu leyti varhugaverða. Þrátt fyrir þennan skoðanamun hefir öll nefndin orðið ásátt um að verðleggja 11 af þeim jörðum, sem hér er um að ræða. Í því efni hefir nefndin fylgt þeirri meginreglu, að láta verðið til jafnaðar samsvara 25 faldri upphæð afgjaldsins eftir 5 ára meðaltali, en þó hefir hún sumstaðar vikið frá þessu af sérstökum ástæðum.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. 1. Fyrir 1900.00 komi 2100.00
2. — - — 2. —— 1600.00 —— 1800.00
3. — - — 3. —— 2200.00 —— 2600.00
4. — - — 4. —— 1600.00 —— 1900.00
5. — - — 5. —— 2500.00 —— 3200.00
6. Við 1. gr. 6. Fyrir 1800.00 komi 2100.00
7. — - — 7. —— 2000.00 —— 2400.00
8. — - — 8. Töluliðurinn falli burt.
9. — - — 9. Sömuleiðis.
10. — - — 10. Fyrir 9000.00 komi 11000.00
11. — - — 11. —— 2600.00 —— 2800.00
12. — - — 12. Töluliðurinn falli burt.
13. — - — 13. Sömuleiðis.
14. — - — 14. Fyrir 1350.00 komi 1500.00

15. Aftan við greinina bætist:

Kirkjubæjarklaustur í sömu sýslu 4500.00

Landssjóði er áskilinn forkaupsréttur að Möðruvöllum í Hörgárdal, ef jörðin verður seld.

Neðri deild alþingis 22. júlí 1903.

Ólafur Briem skrifari og framsögum. H. Hafstein. Ólafur Ólafsson.

Með fyrirvara samkvæmt nefndarálitinu:

Tryggvi Gunnarsson formaður. Árni Jónsson.

Nd.

167. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og læknar í 4. og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða.

2. gr. Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kýs heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess $1^1/_2$% af launum sínum.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landsstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans.

5. gr. Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá og keypt sér æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hluta af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar þau öðlast gildi.

Nd.

168. Frumvarp

til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun 1/4 þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt 2/3 af embættistekjum sínum í eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta 2/3 af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landssjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða bið-

laun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast 1/3 af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Nd.

169. Frumvarp

til laga um líkskoðun (eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Þegar maður deyr skal húsbóndi hans eða húsráðandi tafarlaust,

eða að minsta kosti svo fljótt sem unt er, tilkynna lát hans lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal það gert á fyrirskipuðum eyðublöðum. Hreppstjóri skal sjá um, að jafnan séu eyðublöð þessi til á öllum heimilum í hreppnum.

Í hvert sinn er lögreglustjóri eða hreppstjóri fær dánarskýrslu, sem hann álítur fullnægjandi, gefur hann út dánarvottorð, en þyki honum dánarskýrslan eigi greinileg eða að einhverju leyti athugaverð, kallar hann líkskoðunarmenn eða lækni til þess að skoða líkið, og gefa þeir þá út dánarvottorð.

Líkskoðun má eigi fram fara fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð rotnunarmerki séu á líkinu. Undantekningu frá þessari reglu má að eins gera samkvæmt lögum, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir eða í þeim tilfellum, er landshöfðingi nákvæmar ákveður.

Dánarskýrslur og dánarvottorð skal rita á prentuð eyðublöð, er landshöfðingi fyrirskipar.

2. gr. Ekki má loka kistu yfir líki né jarðsetja það, né — nema um sjórekin lík sé að ræða — flytja það burtu langan veg, áður dánarvottorð hefir verið gefið út eða líkskoðun hefir fram farið samkvæmt lögum þessum og ótvíræð rotnunarmerki eru í ljós komin. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sér stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt sé vakað yfir því, né heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sé áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefir á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sé prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sé grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð hefir gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aftur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

3. gr. Í hverjum hreppi skulu vera tveir líkskoðunarmenn, eða ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því líkskoðunarumdæmi, sem hreppnum er skift í af lögreglustjóra eftir tillögum hreppsnefndar, og auk þess einn eða tveir varamenn, er gegni líkskoðunarstörfum í forföllum hinna.

Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varamenn eftir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sér þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til að skorast undan því, og metur lögreglustjóri ástæður þeirra.

4. gr. Landshöfðingi lætur semja leiðbeining fyrir líkskoðun og dánarskýrslum, er lýsir hinum helztu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um, hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum á hvert heimili og hverjum líkskoðunarmanni, þá er hann er skipaður. Ef hinn skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sér til héraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

5. gr. Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sé að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefir látið í ljósi, að ekkert sé því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefir fyrirfarið sjálfum sér, og eins þegar lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endranær er hafin hefir verið rannsókn út af mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en það hefir verið skoðað af hálfu lögreglustjórnarinnar, ef nauðsyn krefur með lækni, er hún hefir til þess kvaddan, og eigi fyr en lögreglustjóri hefir ritað á dánarvottorð það, sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sé neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að líkið sé grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari, leyfa að líkið sé grafið, þó svo, að það sé eigi gjört fyr en 6 dagar eru liðnir frá því að slysið vildi til eða líkið fanst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unt hefir verið og gefið út dánarvottorð.

Svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða, er fyrir hendi eru, svo sem láta sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eftir 201. gr. almennra hegningarlaga handa Íslandi.

6. gr. Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sé svo vaxið að þyngri refsing sé við lögð. Mál út af brotum þeim, er að eins sæta refsingu eftir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr. Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð fá líkskoðunarmenn 2 kr. til jafnra skifta, og auk þess ferðakostnað samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra réttarverk.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Nd **170. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík. Frá Herm. Jónassyni og Jóh. Jóhannessyni.

Við 1. gr. Í stað: »55000« komi: 40000.

Við 2. gr. Í stað: »20—30« komi: 20.

Nd. **171. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík, frá Birni Kristjánssyni og Skúla Thoroddsen.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins: Fyrir »Reykjavík» komi: Flensborg í Hafnarfirði.
2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Kennaraskóla skal setja á stofn í Flensborg í Hafnarfirði og má verja allt að 12 þús. krónum úr landssjóði til viðgerðar og breytinga á Flensborgarskólahúsinu.
3. Við 2. gr. Fyrir: »og 20—30 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur« komi: og skulu vera heimavistir við skólann fyrir nemendur eftir því sem húsrúm leyfir.

Nd.

172. Breytingartillaga

við frumv. til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894 (þgskj. 126).

Frá Eggert Pálssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »svo og viðhald annara flutningabrauta — óbygðir« komi: svo og viðhald flutningabrauta þeirra, sem jafnframt eru þjóðvegir.

Við sömu gr. Á eftir orðunum: »sem í bygð liggja« komi: og eigi eru þjóðvegir.

Ed.

173. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

Stjórnarskipunarlagafrumvarp þetta, sem vér höfum til meðferðar, er orð fyrir orð samhljóða frumvarpi því, sem í fyrra var samþykt af báðum deildum alþingis; samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar hefir nefnt frumvarp af nýju verið lagt fyrir þingið, og hefir h. neðri deild þegar samþykt það óbreytt af sinni hálfu, og er það nú komið undir atkvæði h. efri deildar, en deildin hefir falið oss undirrituðum að íhuga málið í nefnd, og láta uppi álit vort um það. Vér höfum átt nokkra fundi um málið og höfum orðið vel sammála um það, og er það eindregið álit vort, að deildin eigi að samþykkja frumvarpið, og ráða með því móti til lykta að sinni hinni langvinnu stjórnarbaráttu vorri, því að enginn efi leikur á því, að frumvarpið, þannig samþykt, muni öðlast staðfestingu konungs. Vér getum til stuðnings þessu áliti voru vitnað til álits nefndar þeirrar, sem í fyrra hafði málið til meðferðar í þessari deild, en nefndarálitið er prentað í Alþingistíð. 1902, C deild, þingskj. 147. Að öðru leyti viljum vér að þessu sinni gjöra eftirfarandi athugasemdir um málið, eins og oss nú þykir það horfa við.

Stjórnarbótarákvæði frumvarpsins eru árangurinn af baráttu þeirri, sem háð hefir verið hér á landi um nokkurt árabil, með því markmiði fyrir augum, að koma stjórnarhögum landsins í viðunanlegt horf; framan af áttust við í baráttu þessari 2 andvígir flokkar, og vafalaust þóttust þeir báðir vinna að því eða vinna í þá átt, að landið fengi svo ríflega stjórnarbót, sem kostur væri á og við mætti una. Í fyrra, á aukaþinginu 1902, urðu

flokkar þessir sammála um það, að frv. þetta, sem vér nú höfum til meðferðar, hefði þau ákvæði um umbætur á stjórnarhögum vorum, sem væru eigi að eins mjög vel viðunanleg, heldur og ákjósanleg fyrir oss, og þetta álit hefir h. neðri deild nú í sumar fallist á af nýju og staðfest með atkvæði sínu.

En þessi eru aðal-umbótarákvæði frv.: Eftir því fáum vér *sérstakan* ráðgjafa, er hefir á hendi framkvæmd sérmála vorra, og má eigi hafa annað ráðgjafaembætti á hendi; hann á að tala og rita íslenzka tungu, og skal hafa aðsetur hér á landi, í Reykjavík; hann einn ber sérmál vor upp fyrir konungi, og hann ber ábyrgð á allri stjórnarathöfninni, en alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans, og komið ábyrgð fram á hendur honum; hann er stjórnskipulega skyldur til að mæta á alþingi, svo að þingið getur samið við hann og unnið með honum að landsmálum. Auk þessa veitir frv. alþingi stjórnskipulegan rétt til þess að eiga setu að minsta kosti 8 vikur í senn, það er: lengir alþingistímann um 2 vikur, fjölgar þjóðkjörnum þingmönnum um 4, breytir tölu þeirra í efri deild þannig, að þeir verða þar jafnan í meiri hluta, rýmkar kosningarréttinn að nokkrum mun, fellir niður takmörkun þá á fjárráðarétti alþingis, sem felst í 25. gr. stjórnarskrárinnar; breytir ákvæðunum í 28. og 36. grein stjórnarskrárinnar þannig, að minni hlutinn (í sameinuðu þingi og í þingdeild) getur eigi ónýtt ályktanir meiri hlutans með því einu móti að mæta eigi á þingfundi.

Þótt skiftar kunni að vera skoðanir um nokkur hin síðasttöldu ákvæði frv., þá sýnir þó þessi upptalning á aðalákvæðum þess það, sem allir eru og sammála um, að það býður oss mjög verulegar umbætur á stjórnarfari voru, og að það fullnægir hinum brýnustu og helztu stjórnbótarþörfum vorum. Þó að það eigi fullnægi öllum þeim kröfum, sem vér gætum gert og ef til vill vildum gera, til umbóta á stjórnarhögum landsins, þá ber þess að gæta, að á áliti nefndarinnar er nú að sinni eigi nokkur útsjón til þess, að vér fáum frekari kröfum fullnægt; saga málsins að undanförnu, afstaða þess nú, margítrekaðar yfirlýsingar stjórnarinnar, og síðast ummæli ráðgjafans í athugasemdunum við frv., sem lagðar voru fyrir þingið í fyrra, — alt þetta bendir ótvíræðilega í þá átt, að eigi séu nú tiltök að fara lengra í sjálfstjórnaráttina en frv. fer, ef vér eigi viljum eiga það á hættu að spilla öllu málinu og fella það niður. Það hefir nú eigi heldur neinum blandast hugur um það, að frv. bjóði oss stórvægilegar stjórnarfarsumbætur, sem vér eigi megum drepa hendi við, svo framarlega það eigi hefir önnur þau ákvæði, sem álitist geta skaðvænleg eða háskasamleg fyrir sjálfstæði lands vors eða fyrir hina stjórnarlegu stöðu vora í ríkinu. Þessu hefir verið haldið fram úr einni átt síðan í fyrra, að frv. þá var samþykt á þinginu, og þykir nefndinni rétt, að athuga þær aðfinningar við frv., sem opinberlega hafa verið gerðar við það í þessu efni, að svo miklu leyti sem þær virðast geta haft nokkra þýðingu eða hafa fengið nokkra áheyrn hjá almenningi.

Nefndin getur eigi kannast við það, að í meðferð málsins að undanförnu felist nokkuð það atvik, né heldur að stjórnarskrárfrv. sjálft hafi nokkuð það ákvæði, er bendi til þess eða skilið verði á þá leið, að vér með frv. afsölum oss rétti til þess síðarmeir að krefjast frekari umbóta á stjórnarhögum vorum eða gjörum oss það erfiðara, ef reynslan skyldi leiða í ljós, að þær væri æskilegar. Vér fullyrðum það, að engin sönnun hafi verið sýnd fyrir þessu, enda vitum vér það vel, að þeir, sem hér á þingi hafa mest starfað að þessu máli, hafa gjört það með þeirri öruggu sannfæringu og fullvissu, að ekkert slíkt gæti til mála komið. Og vissulega ber þó þeim að sanna hið gagnstæða,

sem halda því fram. Frumvarpið sjálft gefur enga átyllu til þess, að líta svo á. —

Þá getur nefndin með engu móti kannast við það, að ákvæðið í 1. gr. frv., að ráðherrann skuli bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, feli í sér viðurkenningu um það, að grundvallarlög Danmerkur-ríkis hafi lagagildi fyrir þetta land. Það er hverjum manni augljóst, að frv.-greinin segir ekkert um það, hvorki beinlínis né óbeinlínis, og ákvæðið gæti staðist sem sjálfstætt ákvæði, þótt áminzt grundvallarlög væri eigi til, því að konungur mundi alt að einu hafa sitt »ríkis-ráð«. Það sýnist full-augljóst, að með þessu ákvæði eru hin dönsku grundvallarlög eigi lögleidd hér á landi, hafi þau eigi verið orðin lög hér áður; en það hafa þau eigi verið, því að þau hafa eigi verið gefin fyrir Ísland, eigi samin á íslenzku né þýdd á íslenzku, eigi birt fyrir þegnunum hér á landi og eigi lögð fyrir þing þjóðarinnar. — Háskasemi ákvæðisins í 1. grein frv. um ríkisráðið getur því eigi verið fólgin í því, að grundvallarlögin dönsku séu lögleidd með því hér á landi, eða gildi þeirra fyrir oss viðurkent, því að hvorugt hefir gjört verið, en það er með öllu óheimilt, að leggja frekara í orð frv. en þau sjálf segja. —

En nú mætti segja, og það hefir verið sagt, að ákvæðið að efni til sé háskasamlegt fyrir stjórnarfarslegt sjálfstæði vort og sérstöðu, alveg án tillits til þess, í hvaða sambandi það standi við grundvallarlög Danmerkur. Þessu verður eigi svarað, nema með því að rannsaka ákvæðið sjálft. Það hljóðar þannig: »Hann (ráðherrann) skal . . . fara . . . til Kaupmannahafnar til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnar-ráðstafanir«. Vér viljum þó fyrst taka það fram, sem að vísu er vikið að áður, að vér erum þess fullvissir, að verði ákvæðinu »í ríkisráðinu« kipt úr frv., þá höfum vér skapað oss endalok þessa máls að sinni, þau sem sé, að frv. verður neitað staðfestingar, málið lagt á hylluna, og stjórnarbótin greftruð um ófyrirsjáanlegan tíma. En hugsum oss alt að einu hitt, að frv. þannig breytt næði konungsstaðfestingu; mundu þá eigi áminzt mál vor alt að einu verða borin upp í ríkisráðinu? Jú, vissulega; vér erum í engum efa um það, það mundi verða gjört eftir gamalli stjórnarvenju og fyrir »stjórnarfarslega nauðsyn«. Og nefndin fær með engu móti séð það, að vér værum betur settir, þegar mál vor væru þannig borin upp í ríkisráðinu, eftir gamalli venju eða »fyrir stjórnarfarslega nauðsyn«, heldur en ef þau væru borin þar upp eftir beinu ákvæði í stjórnarskrá vorri. Þess má og geta hér, að þegar ákvæðið um flutning málanna í ríkisráðinu er tekið upp í stjórnarskrá vora, þá er það orðið sannarlegt og viðurkent sérmál vort, sem vér höfum rétt til að breyta á stjórnskipulegan hátt, eins og vér að öðru leyti höfum lagalegan rétt til að breyta stjórnarskrá vorri.

Þegar vér skoðum efni hins umrædda ákvæðis í 1. gr. frv., er rétt að skoða það með hliðsjón af orðum ráðherrans sjálfs um það í athugasemdunum við frv., því að vér höfum augljósan rétt til þess að taka þessi orð sem lögmæta og skuldbindandi skýringu á ákvæðinu. En ráðgjafinn segir svo í ástæðunum (bls. 5): »Að þessar stjórnarathafnir séu bornar upp í ríkisráðinu, er nú sem fyr *stjórnarfarsleg nauðsyn*, og eins og það er sjálfsögð meginregla, að málin séu borin upp af þeim ráðgjafa sjálfum, sem stendur fyrir þeirri grein mála, sem þau heyra undir, eins mun það og, þegar um íslenzk mál er að ræða, vera haganlegast í raun og veru, að þau séu borin upp af ráðgjafa Íslands sjálfum, þar sem hann er nákunnugur högum og háttum landsins, og stendur í beinu sambandi við alþingi. Og návist hans þar yrði með öllu nauðsynleg,

er vafi kæmi upp um það, hvort eitt eða annað af þeim málum, sem hann vildi hafa fram í ríkisráðinu, stofnaði eigi *eining ríkisins í hættu* eða kynni eigi að *skerða jafnrétti allra danskra ríkisborgara.* Því að þar sem það auðvitað gæti eigi komið til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna færi að skipta sér af neinu því, sem er sérstaklegt mál Íslands, þá er það hinsvegar eins sjálfsagt, að það væri skylda allra hinna ráðgjafanna að mæla í móti, ef Íslandsráðgjafinn gerði tilraun til að ráðast á annaðhvort þessara tveggja atriða, alveg á sama hátt og það væri réttur og skylda Íslandsráðgjafans að mæla í móti, ef reynt yrði frá Dana hálfu að losa um sambandið við Ísland, eða halla jafnrétti Íslendinga í konungsríkinu á við aðra danska þegna«. —

Þannig farast ráðherranum orð. Þar sem hann telur það stjórnarfarslega nauðsyn að málin, sem um er að ræða, séu borin upp fyrir konung í ríkisráðinu, þá skiljum vér þetta á þá leið, og teljum að það verði eigi skilið á aðra leið en þá, að það að hans áliti sé og hafi verið óhjákvæmilegt samkvæmt stjórnarfyrirkomulagi ríkisins, in specie sambandi Íslands og Danmerkur, að þessi mál vor komi fyrir konung í ríkisráðinu. Vér teljum það alsendis óheimilt, að vitna til þessa ákvæðis sem sönnunar fyrir því, að grundvallarlög Dana séu að áliti ráðherrans lög hér í landi eða lög fyrir málefni vor. Ef það hefði verið álit hans, og hann leitt þessa »stjórnarfarsnauðsyn« þar af, þá hefði hann alveg vafalaust skírskotað með beinum orðum til grundvallarlaganna, til þess að staðfesta þessa skoðun sína. Að hann *eigi* gerir það, bendir augljóslega í þá átt, að hann fyrir sitt leyti álítur að nefnd grundvallarlög nái ekki til íslenzkra mála. Að öðru leyti eru hin tilvitnuðu orð ráðgjafans mjög ljós; hann segir, að það sé fullkomin fjarstæða (að það geti alls ekki komið til mála), að nokkur hinna ráðgjafanna fari að skifta sér af sérmálum Íslands, eða yfirleitt því, sem Íslandsráðgjafinn vildi hafa fram í ríkisráðinu, nema því að eins, að vafi kæmi upp um það, hvort mál þessi eigi *stofnuðu eining ríkisins í hættu* eða kynnu eigi að skerða *jafnrétti allra danskra ríkisborgara.* Með þessum orðum er afmörkuð og viðurkend sérstaða Íslandsráðgjafans í ríkisráðinu. Enginn annar en hann getur borið sérmál Íslands upp fyrir konungi; hinir ráðgjafarnir hafa engan rétt til þess að hafa áhrif á úrslit þessara mála, nema því að eins, að spurning sé um, að með þeim sé eining ríkisins stofnað í hættu eða skert jafnrétti borgaranna. Þessu getum vér varla haft á móti, meðan vér erum í sambandi við Danmörku. Vér getum eigi með réttu andmælt því, að þeir hafi þetta eftirlit, það er, gæti þess, að löggjöf vor og stjórnarráðstafanir stofni eigi eining ríkisins í hættu eða misbjóði jafnrétti ríkisborgaranna. En sé þetta viðurkent, þá þykir oss það einsætt, að það liggur beinast við, að eftirlit þetta fari fram í ríkisráðinu, og að ráðherra vor fyrir því beri mál vor þar upp. Hvort sem mál vor eru borin upp í ríkisráðinu eða ekki, verður með engu móti fyrir það bygt, að *annarleg* áhrif geti komist að. Vér getum engu um það ráðið, hverir tala við konung vorn eða ráðgjafa vorn, en vér vitum þó, að í ríkisráðinu eru það eigi aðrir en ráðgjafar ríkisins, sem hafa tækifæri til þess, að leitast við að beita áhrifum sínum.

Þegar margnefnt ákvæði í 1. gr. frv. er skoðað í sambandi við ofanrituð ummæli ráðherrans, og skilið með hliðsjón af þeim, en til þess höfum vér fylstu heimild, þá fáum vér eigi annað séð, en að það viðurkenni sérstöðu ráðherra vors í ríkisráðinu, lögskilnað mála vorra frá ríkismálunum og sérmálum Danmerkur, og sjálfstæði vort og frjálsræði, að því er meðferð sérmála vorra snertir. Ákvæðið segir eftir vorum skilningi,

að *ráðherra vor og enginn annar* skuli bera upp lög vor og mikilvægar stjórnarráðstafanir í ríkisráðinu, og að hann skuli bera þau þar upp fyrir *konungi vorum* og *engum öðrum*. Hinir ráðgjafarnir geta engin afskifti haft af málum vorum þar, nema því að eins, að konungur leiti ráða þeirra um þau, — en það getum vér vitanlega eigi meinað honum að gjöra; hvorki utan ríkisráðs né innan — eða þeir álíti, að eining ríkisins sé stofnað í hættu eða jafnrétti ríkisborgaranna skert, ef tillögur ráðherra vors fái framgang. Það er oss að minsta kosti ljóst, að það er á engan hátt hættara við því, að mótstaða sé hafin gegn tillögum ráðherra vors í ríkisráðinu en utan þess. En hvernig sem á þetta er litið — og má vera að ýmislega verði á það litið — þá er hitt þó víst, að engin framkvæmd í sérmálum Íslands verður ályktuð í ríkisráði af konungi, nema með samþykki og að fenginni meðundirskrift ráðherra vors, hversu svo sem hinir ráðgjafarnir kynnu að styðja ályktunina. Hinu verður eigi neitað, að það kunni að geta komið fyrir, að konungur synji um samþykki sitt til ráðstöfunar, er ráðherra vor vill fá framgengt, og að þetta kunni að stafa af tillögum hinna ráðherranna í ríkisráðinu. En við þetta er það að athuga, að konungur hefir, hvernig sem á er litið, stjórnlagalegan rétt til að neita *að* samþykkja ráðstafanir eða gjöra ályktanir, sem ráðgjafar hans bera fram fyrir hann, og að engin tök eru til þess, að vér getum ráðið við áhrif þau, sem í þessu efni kunna að ná til konungsins og verka á vilja hans. Afleiðingin hlýtur þá að verða sú ein, að ráðherra vor leggur niður embætti sitt, ef tillögur hans eru ekki teknar til greina, en í því liggur einmitt veruleg trygging fyrir því, að mjög sjaldan muni koma til þess, að konungur neiti að taka tillögur hans til greina.

Þegar það er haft hugfast, *að* ráðherra vor verður skipaður samkvæmt stjórnarskrá Ísland en ekki eftir grundvallarlögum Danmerkur, *að* hann verður skipaður til þess eingöngu að veita forstöðu sérmálum vorum, sem liggja fyrir utan valdsvið grundvallarlaganna, og *að* um embættisábyrgð hans eru settar reglur í frumv. (2. gr. og 13. gr.), sem á að verða stjórnlög Íslands, þá getur það eigi komið til nokkurra mála, að hann beri ábyrgð gjörða sinna í sérmálum vorum fyrir ríkisþinginu danska og ríkisrétti, sem eigi hafa neitt vald yfir þessum málum.

Með framanrituðum athugasemdum höfum vér viljað rökstyðja það, að vér ekki álítum ríkisráðs-ákvæðið í 1. gr. stjórnarskrárbreytingarfrumvarpsins að neinu leyti háskalegt fyrir oss.

Vér leyfum oss því að leggja það til, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

Efri deild alþingis, 22. júlí 1903.

Eiríkur Briem, formaður.	Kristján Jónsson, skrifari og framsögumaður.	Guðjón Guðlaugsson.
	Guttormur Vigfússon.	Valtýr Guðmundsson.

Nd. **174. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðra skipun á biskupsembættinu.

Vér, sem neðri deild alþingis kaus í nefnd, til þess að athuga frumvarp til laga um aðra skipun á biskupsembættinu, skulum nú láta uppi álit vort um það.

Frumvarp þetta er í samhljóðun við almenna ósk um það, að embættakostnaðurinn, sem mörgum mönnum ofbýður, sé minkaður meðal annars með því, að fækka embættum, þar sem því verður við komið. Raddir hafa heyrzt í þá átt, að nú, þegar stjórnarskiftin verða og amtmannsembættin lögð niður, sé einnig kominn tími til að leggja biskupsembættið niður. En það teljum vér ekki tiltækilegt af ýmsum ástæðum, sem hér þarf ekki að greina, þar eð frumvarpið gefur ekki tilefni til þess. Því að það fer ekki í þá átt, að *afnema* biskupsembættið, heldur að gjöra þá skipun á því, að nokkur af störfum þeim, er því nú fylgja, séu við næstu biskupaskifti lögð frá því, en í þess stað taki biskupinn við forstöðu prestaskólans, svo að úr þeim tveim embættum verði eitt, með launum þeim, er nú eru lögákveðin fyrir biskupsembættið og 500 kr. til skrifstofukostnaðar.

Nefndin fær ekki betur séð, en að breyting þessi sé til bóta, eigi að eins fyrir þá sök, að hún mundi spara landinu fjárútgjöld til eins af hinum hálaunaðri embættum, og þó vel það, eða alls 4500 kr. á ári hverju, auk væntanlegra eftirlauna, heldur einnig fyrir þá sök, að hún mundi gjöra einn þátt í umboðsstjórninni umsvifaminni og óbrotnari, létta af biskupinum störfum, er lítt eru kirkjuleg og ekki þarf eins valinn mann og hann til að leysa fullvel af hendi, og gjöra biskupinum með því mögulegt, að njóta sín betur til þess að starfa meir beinlínis en ella til eflingar kristindóminum í landinu.

Þetta skulum vér nú leitast við að sýna fram á.

Meðal skrifstofustarfa biskupsins er það, að taka móti skýrslum presta og prófasta af öllu landinu: um gifta, fædda, dána; um manntal; um fermda; um blinda; um heyrnar- og málausa o. fl. Þá er biskupinn hefir fært skýrslur þessar til dagbókar, rannsakað þær og gjört úr sumum þeirra aðalskýrslu fyrir land alt, sendir hann þær flestar landshöfðingja.

Oss finst nú einsætt, að skýrslur þessar séu framvegis látnar ganga, ekki til biskups, heldur beina leið frá próföstum til þeirrar stjórnarskrifstofu, er fær slíkt til meðferðar. Að eins skýrslu um uppgjafapresta og prestsekkjur, skýrslu um messugjörðir og skýrslu um kirkjur þarf biskupinn að fá og að eiga greiðan aðgang að hinum hjá stjórninni.

Sem stiftsyfirvald tekur biskupinn móti bónarbréfum allra umgangskennara á landinu, hátt á annað hundrað manns, og skýrslum þeirra um kensluna. Hann ranns kar skýrslur þessar, reiknar út, hve háan styrk hver kennari á að fá eftir réttu hlutfalli. En það fer eftir kenslutíma og nemendafjölda hjá kennurunum. Síðan sendir hann skjöl þessi landshöfðingja með tillögum sínum um styrkveitinguna. Þessari miklu fyrirhöfn viljum vér að sé létt af biskupinum, og að umrædd bónarbréf séu látin ganga beina leið til veitingavaldsins.

I bréfi landshöfðingja 31. jan. þ. á. til stjórnarráðs Íslands er það lagt til, að störfum stifsyfirvaldanna verði skift á þann hátt, að eftirlitið með skólamálum, svo og eftirlitið með forngripasafninu og landsbókasafninu verði fengið stjórnarráðinu án nokkurs millilíðs og sömuleiðis störf stifsyfirvaldanna við undirbúning verðlagsskráa. Stjórnarráðið hefir fallist á þá tillögu og búumst vér við, að þetta verði gjört. En með því er miklum störfum létt af biskupi.

Biskupinn hefir vald til að veita leyfi til að ferma börn, er ekki hafa

náð fullum lögboðnum fermingaraldri (14 ár), ef þau vantar ekki meir en hálft ár upp á hann. Um leyfi þetta er all-mikið sótt, og veldur það biskupi mikilla bréfaskrifta. Vér sjáum nú ekki betur, en það væri hættulaust, auk þess sem það er umsvifaminna, að prófastarnir fengju vald til að veita undanþágu þá, er hér ræðir um, eða jafnvel að prestarnir réðu þessu sjálfir, en gerðu í fermingarskýrslum sínum grein fyrir, af hverjum ástæðum þeir hefðu fermt barn yngra en 14 ára, þegar það kemur fyrir.

Aftur gjörum vér ráð fyrir, að biskupinn hafi umsjón yfir kirkjum og prestaköllum og eignum þeirra, og því fylgja ætíð nokkur skrifstofustörf, en þó sennilega minni framvegis en áður sökum þess, að landamerki kirkjujarða og ítök kirkna munu nú víðast vera orðin ákveðin samkvæmt landamerkjalögunum.

Að öðru leyti hefur biskupinn að sjálfsögðu eins og áður eftirlit með hegðun og embættisfærslu presta, skipar prófasta, vígir presta, sér um að til séu *nægar* guðsorðabækur, hefur forsæti á synodus, gefur tillögu um brauðaveitingar og skipun kirkna og prestakalla og úthlutun styrktarfjár handa uppgjafaprestum og prestsekkjum, hefur umráð yfir nokkrum sjóðum eins og hingað til (prestekknasjóðnum o. fl.), og visiterar kirkjur, þegar hann fær því viðkomið.

Fátt eða ekkert af þessu er svo vaxið, að það útheimti mikil *dagleg* skrifstofustörf.

Núverandi forstöðumaður prestaskólans hefur kent á skólanum 11—12 stundir á viku. En ekki hafa allir fyrirrennarar hans í embættinu haft svo margar kenslustundir. Með samkomulagi við meðkennendur sína mundi hann að líkindum geta haft þær nokkru færri, ef hann þyrfti þess, eða vildi, og einnig geta hagað svo til, að hann kendi helzt þær námsgreinar, er kennarinn þarf ekki *mjög langan tíma daglega til að búa sig undir.*

Þegar nú litið er til þess, að í biskupsembættið mun æfinlega hér eftir eins og hingað til, verða skipaður einhver færasti maðurinn meðal guðfræðinga landsins, þá teljum vér það engum efa undirorpið, að honum væri ekki ofvaxið að gegna ásamt biskupsembættinu forstöðuembætti prestaskólans, ef hann væri laus við öll þau framangreind skrifstofustörf, er vér viljum leggja frá biskupsdæminu.

Störf hans yrðu varla til muna meiri eða erfiðari en nú, en þau yrðu honum geðfeldari. Þá yrði starfsemi hans meir vísindaleg og fræðandi, og sú vinna yrði honum ánægjulegri, en að vera neyddur til að verja mestum hlutanum af tíma sínum til að rita embættisbréf, og eiga við skýrslur og önnur þvílík skrifstofustörf.

Alls eigi verður það heldur talið ósamboðið *tign* biskupsdæmisins, að hann eigi einhvern þátt í að fræða prestsefnin og búa þau undir stöðu þeirra. Hann gæti varla annað veglegra og miklvægara starf unnið. Og það er augljóst, að á þann hátt gæti hann helzt haft góð áhrif á nemendur prestaskólans. Þá yrði hann gagnkunnugur nemendunum, og milli hans og þeirra gæti myndast náið vinsemdarsamband, er dagleg umgengni og viðkynning skapar.

Þessi kunnugleiki biskupsins á prestsefnum og prestum væri þýðingar-

mikill yfir höfuð, og meðal annars sértaklega þá, er hann ætti að gefa tillögur við brauðaveitingar.

Í sambandi við þetta skal það tekið fram, að vér álítum, að rétt væri að fá biskupinum — og það nú þegar við stjórnarskiftin — meira vald en hann nú hefir í beint kirkjulegum málum. Þannig ætti hann einn að ráða því, hverir af umsækjendum um prestakall skuli í kjöri vera.

Fyrirkomulag það, sem hér er farið fram á, er alveg samskonar og það, að landlæknirinn hefir verið forstöðumaður læknaskólans, og er það enn, þótt störf landlæknis við löggjöf síðari ára hljóti að hafa aukizt til muna.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, höfum vér orðið sammála um, að fallast á frumvarpið að efni til, en að breyta orðalaginu á því, og eru

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar við frumvarpið þessar:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »Biskupsembættið — lætur af embætti« komi: Forstöðumannsembættið við prestaskólann skal sameinað biskupsembættinu, þegar biskupsembættið losnar.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna »Biskups og forstöðumannsembættið« komi: Embættið.
3. Í stað »embættinu« í sömu (2. gr.) komi: því.
4. Að fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: Frumvarp til laga um sameining forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið.

Með þessum breytingum ráðum vér deildinni til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi 23. júlí 1903.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Magnús Andrésson, skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson. Jóh. Jóhannesson. Pétur Jónsson.

Nd. **175. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað.
2. Við 1. gr. Í stað orðanna: »vera skyld að nota leiðsögn hinna skipuðu hafnsögumanna Ísafjarðarkaupstaðar í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum« komi: hvort sem þau nota hafnsögu, eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar.

Nd. **176. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Islands

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson og Einar Þórðarsson.

Í stað orðanna í 3. gr.: »Konungi skal þó« til enda greinarinnar komi: Konungi skal þó heimilt að ákveða ráðherranum alt að 3000 króna eftirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eftirlaunalögunum.

Nd. **177. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð. Flutningsmaður: Pétur Jónsson.

Á Grenivík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **178. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Á Reykjavíkur, Skipaskaga, Grímsness og Kjósar læknishéruðum skal gera þær breytingar, er hér segir:

Reykjavíkur hérað skal ná yfir Reykjavíkurkaupstað og Seltjarnarnesið sjálft, með Engey og Viðey, inn að Elliðaám og Fossvogi.

Skipaskaga hérað skal ná yfir Hvalfjarðarstrandarhrepp allan og hina 4 syðstu hreppa Borgarfjarðarsýslu.

Grímsness hérað skal ná yfir Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness, Grafnings og Þingvalla hreppa í Árnessýslu.

Kjósarhérað nefnist *Hafnarfjarðar hérað* og skal ná yfir Kjósarsýslu, efri hluta Seltjarnarnesshrepps að Fossvogi, Bessastaðahrepp og Garðahrepp.

Hafnarfjarðarhérað telst til 4. flokks læknishéraða (sbr. 1. og 3. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.) og skal læknissetur í því héraði vera í Hafnarfirði, en læknirinn skyldur til að fara á ári hverju 6 læknisferðir upp í Kjós, án sérstaks endurgjalds, og auglýsa fyrirfram hvenær þær verða farnar.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum í þessum héruðum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra samkvæmt lögum þessum.

Nd. **179. Frumvarp**

til laga um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

(Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.)

1. gr. Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, er eykur tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna

upp í 34, verður að lögum, og alþingi verður haldið, eftir að lögin hafa öðlast gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir 4 nýju alþingismenn kosnir þannig:

1 af Reykjavíkurkaupstað,
1 af Ísafjarðarkaupstað,
1 af Akureyrarkaupstað og
1 af Seyðisfjarðarkaupstað.

Ef almennar kosningar fara fram, skulu þessir 4 þingmenn kosnir samtímis og með sama hætti sem aðrir alþingismenn, og falla þá við þær kosningar kaupstaðirnir Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður úr kjördæmum þeim, sem þeir teljast til eftir 18. gr. kosningarlaganna 14. sept. 1877.

Fari almennar kosningar þar á móti eigi fram, segir konungur nákvæmar fyrir um kosningu þessara 4 þingmanna.

Nd. **180. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í Reykjavík. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík, og má verja til húss og muna alt að 40,000 krónum úr landssjóði.

2. gr. Skólinn sé jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr. Skólaárið sé frá 1. október til 14. maí; þrjár ársdeildir séu í skólanum, en jafnframt sé kenslunni svo hagað, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sér af á einum vetri.

4. gr. Kenslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka og danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó allra helzt að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar.

Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr. Við skóla þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2600 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr., og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

6. gr. Ráðherrann hefir á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugjörð hans.

7. gr. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Ed. **181. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólabyggingar 70,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og

landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaiðnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera 60—70 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Ráðherrann hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Stjórninni veitist heimild til að selja þá hluta af jörðunni Arnarhóli, sem eigi er þegar ráðstafað með lögum nr. 21, 21. júní 1900 og nr. 38, 6. nóv. 1902. Sú lóð skal þó undanskilin, sem hús hins núverandi landshöfðingjabústaðar standa á, og svo stórt svæði kringum þau, er þurfa þykir við notkun húsa þessara framvegis.

Selja má jörðina annaðhvort í einu lagi eða í pörtum, en engan hluta má selja fyrir lægra verð en upphæð þá, sem óvilhallir dómkvaddir menn meta.

Andvirðið rennur í landssjóð. Sé jörðin seld í einu lagi, skal áskilja landssjóði endurkaupsrétt á tilteknum lóðum undir opinberar byggingar, fyrir tiltölulegan hluta söluverðs allrar lóðarinnar, eftir stærð lóðar þeirrar, sem endurkeypt er.

Nd. **183. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar

hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefir tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti, sem þau tryggja fyrir sætjóni.

2. gr. Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþyktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþyktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefir verið gjörð á.

3. gr. Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin að hinn látni eða þrotamaðurinn hefir trygt líf sitt eða verið trygður gegn slysum, er skiptaréttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum, áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, kaupfélaga og pöntunarfélaga eru skyldir til að láta árlega í té skýrslur um allar skuldir, er verzlanirnar eða félögin eiga útistandandi hjá landsmönnum, svo og inneign landsmanna í verzlunum eða félögunum og um tölu viðskiftamanna, er skulda eða eiga inni við árslok, í hverju sveitarfélagi og bæjarfélagi fyrir sig.

Nd. 184. **Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Nefndin hefir rætt og athugað frumvarp þetta, og hefir henni komið saman um, að ástæða sé til að leggja aukaútsvar á laxveiði og hvalveiði utanhreppsmanns, þótt þessar veiðar séu stundaðar styttri tíma en 4 mánuði af árinu; sömuleiðis álítur nefndin, að sleppa beri 4 mánaða tímatakmarkinu við »ábúð á jörðu eða jarðarhluta«; einnig er

það álit nefndarinnar að utanhreppsmaður, sem hefir jörð eða jarðarhluta til fullra leiguliða afnota eigi að greiða aukaútsvar til þess sveitarfélags, þar sem jörðin liggur.

Nefndin hefir nú samið eftirfylgjandi frumvarp, er hún leggur til að tekið verði í staðinn fyrir frumvarpið á þingskjali 30, sem flutningsmenn taka aftur:

FRUMVARP

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög.

1. gr. Á hvalveiði svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanns má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu.

Eigandi laxveiði ber ábyrgð á að aukaútsvarið sé greitt.

2. gr. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörðu eða jarðarhluta og leiguliða afnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þó rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins.

Alþingi 23. júlí 1903.

Jón Magnússon, formaður. Jóhannes Ólafsson, skrifari. Björn Kristjánsson.

Pétur Jónsson. Hermann Jónasson.

Nd. **185. Frumvarp**

til laga um friðun fugla. Flutningsm.: Hannes Þorsteinsson. Stefán Stefánsson.

1. gr. Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: Maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingur, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbrystingar.

2. gr. Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: Ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur, helsingjar og aðrar gæsategundir.

3. gr. Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hér segir:

a) rjúpur, frá 15. jan. til 15. september.

b) allar andategundir, aðrar en þær sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 15. september.

c) svanir, frá 15. maí til 15. september.

d) fýll, frá 1. marz til 10. ágúst.

e) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Allar þær fuglategundir, sem hér hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 10. ágúst.

Net og skot má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði.

4. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 1 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot alt að 20 kr.

5. gr. Egg alfriðaðra fugla samkvæmt 1. gr. má ekki taka né skemma, að viðlagðri 1 kr. sekt fyrir hvert hreiður þessara fugla, sem rænt er eða spilt, og tvöfaldast sektin við ítrekun alt að 20 kr.

6. gr. Mál þau, sem rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjár-

ins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

7. gr. Hér með eru úr gildi feld lög 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra.

Ed. **186. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúru.

Hv. efri d. alþ. skipaði oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga stjórnarfrumvarpið um verzlunarskrár, firmu og prókúru; höfum vér átt marga fundi um mál þetta, og rætt og athugað lagafrumvarpið eftir föngum, og skulum nú gefa h. deild eftirfarandi álit um það.

Á alþingi í fyrra var samþykt ályktun um, að skora á landstjórnina að semja og leggja fyrir þingið frumvarp til firmalaga fyrir Ísland; til þess að fullnægja þessari ályktun hefir stjórnin samið þetta frumvarp um firmu, og önnur skyld mál, og lagt það fyrir þingið. Frumvarpið er nálega í öllum greinum samhljóða lögum um sama efni fyrir Danmörku frá 1. marz 1889, en þau eru með lítilvægum afbrigðum lögleidd á Færeyjum 1890, og eru í öllum aðalatriðum samhljóða löggjöf þeirri, er sett hefir verið í Svíþjóð og Noregi um þetta efni, en löggjöf þessi öll er bygð á áliti og tillögum nefndar lögfróðra manna — frá þrem ríkjunum, Danmörku, Svíþjóð og Noregi, sem hafði málið til undirbúnings og meðferðar árið 1884. Málið er því mjög rækilega undirbúið, og lögin vönduð að efni til, og með því að efni þeirra í eðli sínu er alþjóðlegt, má ætla, að þau eigi einnig vel við hér á landi, enda hefir verzlun vor og meiriháttar atvinnurekstur um mjög langan aldur fyrir ýms atvik fylgt dönskum lögum og lagast eftir dönskum hugmyndum. Það er því ekkert eðlilegra en það, að vér í þessu efni tökum oss danska eða skandinaviska löggjöf til fyrirmyndar. Alþingis ályktunin er vottur um það, að það þykir vera þörf á firmalögum, en jafnframt verður eigi hjá því komizt að setja reglur um kaupmannaskrár eða verzlanaskrár. Að lög um prókúra-umboð sé bráðnauðsynleg, er víst nokkuð vafasamt, en það var handhægt að láta þau fylgjast með firmalögunum, og sýnist oss það vel mega vera. —

Nefndin hefir eigi viljandi gjört neinar efnisbreytingar á frumvarpinu, en hún hefir samið það af nýju að miklu leyti, því að það er ekki íslenzkt mál og ekki auðskiljanlegt mál á því. Vér höfum alls eigi farið svo langt í því að umsteypa frumvarpinu, eins og nauðsynlegt hefði verið, því að til þess hafði nefndin eigi nægilegan tíma, en vér vonum samt, að breytingar vorar séu til verulegrar bóta, og ráðum vér því hér með hv. deild til að samþykkja þær; verði þær samþyktar, nær frv. fram að ganga óbreytt að efni til. — En þessar eru vorar:

BRYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúru.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

I öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar.

Við 2. gr. Fyrir: »á verzlanaskrá« komi: í verzlanaskrá.

Við 3. gr. Fyrir: »skal þeirri tilkynning vísað frá. — Ef verustaður er tilgreindur skal« (í 1. og 2. málslið) komi: og skal.

Orðið: »svo« í 3. málsgr. falli burt.

Fyrir: »án þess það þó skerði rétt« í sömu málsgr. komi: en óskertur skal þó réttur.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Skrásetningarvaldmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgi skjöl hennar.

Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíndanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.

Við 6. gr. Greinin orðist þannig.

Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og eiga dómstólar þá að fella úrskurð um, hvort afmá skuli tilkynninguna.

Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi nema atvik séu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það né til þess verði ætlazt af þeim.

Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

Við: Annar þáttur.

Fyrir: »Firma« í yfirskriftinni komi: Firmu.

Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handíðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (*firma*).

Við 9. gr. Greinin orðist þannig:

Firma eins manns skal vera fult nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

Firma félags þess, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minsta kosti hafa nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp á það.

Firma samlagsfélags skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns,

er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlags-hluta-félag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.

Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera.

Við 10. gr. Greinin orðist þannig:

Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gjörð á henni.

Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

Við 11. gr. Greinin orðist þannig:

Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gjört aðra ráðstöfun.

Við 12. gr. Greinin orðist þannig:

Nú gjörist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda o. s. frv. (frv.gr. óbreytt).

Við 13. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskifti hafi orðið.

Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan.

Við 14. gr. Greinin orðist þannig:

Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað.

Við 15. gr. Greinin orðist þannig:

Nú er fulltrúum (skuldalúkningamönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni.

Við 16. gr. Greinin orðist þannig:

Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna áður en atvinnurekstrinn byrjar; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útbú), er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útbúið ekki í sama umdæmi, sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má, eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Utbú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins, annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

Við 17. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar firma eins manns er tilkynt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fult nafn hans og heimili;
2. tegund atvinnunnar; og
3. það bæjar eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnar (útbúsins) er.

Við 18. gr. Greinin orðist þannig:

Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. fult nafn og heimili allra félagsmanna;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitar-félag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er, og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað;
4. hver hafi rétt til þess, svo og hvort að eins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess.

Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það alment samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþyktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gjörð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra.

Við 19. gr. Greinin orðist þannig:

Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.
4. Upphæð framboðins hlutafjár og skifting þess í hluti;
5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;
7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum;
8. fult nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

Við 20. gr. Greinin orðist þannig:

Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

Við 21. gr. Greinin orðist þannig:

Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynningu um þetta svo fljótt sem unt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþyktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykt og senda eitt eintak af henni.

Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

Þegar atvinna flytzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðili krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiftaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiftanna.

Við 22. gr. Greinin orðist þannig:

Um leið og firma er tilkynt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynt verið.

Við 23. gr. Greinin orðist þannig:

Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr. eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

Við 24. gr. Greinin orðist þannig:

Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

Við 25. gr. Greinin orðist þannig:

Ef firma-hafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir hönd umbjóðanda að annast alt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúru-hafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

Við 26. gr. Fyrir: »fleirum«, komi: fleiri mönnum.

Við 27. gr. Greinin orðist þannig:

Umboð prókúru-hafa samkvæmt 2. grein má ekki binda við ákveðin tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

Við 28. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar prókúru-hafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.

Við 29. gr. Fyrir: »prókúrumaður«, komi: prókúruhafi.

Við 30. gr. Greinin orðist þannig:

Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

Við 31. gr. Greinin orðist þannig:

Umbjóðandi getur tilkynt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef tilkynning er gefin af firma-hafa, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimtað er í 25. og 26. gr.

Um leið og prókúra er tilkynt, skal prókúru-hafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

Við 32. gr. Greinin orðist þannig:

Sé tilkyntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynt og tekið upp í verzlanaskrána.

Við 33. gr. Greinin orðist þannig:

Við framkvæmd laga þessara skal það athugað er hér segir:

a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru 1 eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná, eða hlutafé það, sem tilkynt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag.

c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

Við 34. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar firma-hafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útbú á öðrum stað og stjórn útbúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað, og skoða skrifstofu útbúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

Við 35. gr. Greinin orðist þannig:

Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslu-félög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða banka-störf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög.

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru félög, er samþyktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

Við 36. gr. Greinin orðist þannig:

Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning félags, samkvæmt 16. gr. . . . . kr. 8.00

Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) . . . . . — 4,00

Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. . . . . — 2,00

og þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sé hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald.

Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald.

Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast . . . . . kr. 4,00

Fyrir eftirrit af einni tilkynningu . . . . . — 2,00

Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma . . . . . — 0,80

Heimilt er öllum yfirvöldum, að krefjast ókeypis eftirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð.

Við 37. gr. Við tölul. 1. Tölul. orðist þannig:

Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

Við tölul. 2. Tölul. orðist þannig:

Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: »takmörkuð ábyrgð« eða »limitað«, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um verzlanaskrár, firma og prókúru-umboð

Efri deild alþingis, 23. júlí 1903.

J. Havsteen formaður. Kristján Jónsson skrifari og framsögumaður.

Jón Jakobsson.

Nd. **187. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 3. gr. laga 2. nóv. 1885 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

I frumvarpinu er farið fram á uppgjöf árgjaldsskuldar af Prestsbakka í Strandasýslu frá fardögum 1901, og að árgjaldið jafnframt falli burt eftirleiðis.

Samskonar frumvarp var flutt í efri deild á þinginu 1901 og þá felt í neðri deild með miklum atkvæðamun; nú hefir stjórnin lagt það fyrir þingið, og efri deild hefir fyrir sitt leyti fallist á það.

Fjárlaganefndin, sem fekk mál þetta til meðferðar, kannast við, að þetta prestakall má illa við árgjaldi, en bæði er það, að nefndin vill eigi leggja með uppgjöf áfallinnar skuldar, presturinn vissi að hverju hann gekk, er hann sótti um brauðið, og í annan stað vill hún ekki slíta þetta eina prestakall út úr og semja lög um niðurfall árgjalds á því einu.

Margar beiðnir hafa legið fyrir fjárlaganefndinni um uppgjöf árgjalda eða uppbætur á fátæk brauð, og mun nefndin leggja það til, að hækkuð sé í einu lagi fjárveiting til bráðabirgðauppbóta brauðum, og gæti Prestsbakki þá notið góðs af því, ef kirkjustjórninni sýnist svo. Nefndin treystir sér ekki til að gjöra upp á milli hinna einstöku brauða, en væntir þess, að hin nýja stjórn undirbúi rækilega fyrir næsta þing hagfeldari skipun prestakalla og nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta.

Af framangreindum ástæðum ræður nefndin deildinni til að fella frumvarpið.

Alþingi 23. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður.	Pétur Jónsson, skrifari.	Þórh. Bjarnarson, framsögum.

Árni Jónsson. Hermann Jónasson. Jóh. Jóhannesson. Stefán Stefánsson.

Nd **188. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn. Frá Ólafi Ólafssyni, Guðl. Guðmundssyni, Skúla Thoroddsen, Einari Þórðarsyni, Magnúsi Andréssyni, Ólafi Briem, Þórh. Bjarnarsyni.

Aftan við orðin í 2. gr.: »Er til eru tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886« komi: og í 3. gr. þessara laga.

Ed. **189. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækka þannig, að austurtakmörk séu merkjaskurður og garður austan við Rauðarármýri (Félagstún) frá sjó upp að Laugavegi, suðurtakmörk lína frá enda nefnds garðs við Laugaveg í suðurhorn Grænuborgartúns, og þaðan lína með suðurjaðri Sauðagerðistúns vestur í Kaplaskjólsveg, og vesturtakmörkin lína þaðan í enda Framnessvegar við Grandabót.

Merkjasteinar skulu settir fyrir verzlunarlóðinni.

Ed. **190. Frumvarp**

til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Þá er beðið er um útmælingu á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn

heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eftir tillögu byggingarnefndar.

2. gr. Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **191. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 17, 13. sept. 1901 um breyting á tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Í byggingarsamþykt þeirri, sem um getur í 5. gr. laga nr. 17, 13. sept. 1901 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, má ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt áminstri samþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra.

2. gr. Gjöld eftir 1. gr. greiðast af leyfisþegum og beiðendum, og skulu hafa lögtaksrétt. Þau renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Ed. **192. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Landstjórninni veitist heimild til að gera ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláða og ráða til þess starfa einn framkvæmdarstjóra fyrir land alt. En hann tekur sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. gr. Eftir tillögum framkvæmdarstjórans semur landstjórnin reglugjörð um framkvæmd verksins, og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglugjörðinni.

3. gr. Baðlyf þau og baðpottar, er með þarf í hvern hrepp, skal flutt þangað frá næstu kauptúnum á kostnað fjáreigenda í hreppnum. Hreppsnefndin annast um flutninginn og jafnar flutningskostnaðinum niður á fjáreigendur eftir fjártölu og innheimtir hann. Gjald það má taka lögtaki. Húsbóndi hver leggur ókeypis til baðker, nægilega aðstoð við böðun og skoðun fjár á heimili hans og flutning baðlyfja og böðunaráhalda til næsta bæjar.

Allur annar kostnaður við ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum greiðist úr landssjóði.

4. gr. Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilskip. 4. marz 1871 og laga 8. nóv. 1901 skal frestað að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er það tölublað af B-deild Stjórnartíðindanna kemur út, sem skýrir frá staðfesting þeirra.

Nd. **193. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 11. nóvbr. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. Frá Birni Bjarnarson og Ólafi Ólafssyni.

Í 1. gr. 1. tölul. fyrir: »kr. 1,25« komi: 2,00.
Í 1. gr. 2. tölul. fyrir: »kr. 0,50« komi: 1,00.
Í 1. gr. 3. tölul. fyrir: »kr. 0,25« komi: 0,60.
Í 1. gr. 4. tölul. fyrir: »kr. 0,25« komi: 0,60.

Nd. **194. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningar til alþingis. Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 57. gr. 1. Orðin »og undirkjörstjóra« falli burt.
2. Í stað orðanna: »svo og endurgjald -- húsnæðis o. fl.« komi: Yfirkjörstjórnir og undirkjörstjórnir fá endurgoldinn kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Ed. **195. Tillaga**

til þingsályktunar um áfengissölu lyfsala. (Eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd.)

Alþingi skorar á stjórnina, að leggja bann fyrir að lyfsalar selji spiritus, æther, æther spirituosus, æther spirit. camphoratus eða nokkurt lyf, ef aðalefni þess er spiritus eða æther, án lyfmiða, eða oftar en einu sinni eftir sama lyfmiða.

Nd. **196. Frumvarp**

til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Samkvæmt stjórnarskipunarlögum, dagsettum í dag, um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, skal stofna stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík, og skipa í það landritara og 3 skrifstofustjóra, og veitir konungur þau embætti.

2. gr. Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8000 kr. á ári, og skal honum auk þess látinn í té embættisbústaður og 2000 kr. á ári til risnu. Þangað til ráðherrann fær embættisbústaðinn til afnota, skal honum veitt 1600 kr. uppbót fyrir hann á ári.

3. gr. Eftirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum. Konungi skal þá heimilt að ákveða ráðherranum alt að 3000 króna eftirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eftirlaunalögunum.

4. gr. Landritari hefir 5000 kr., og hver skrifstofustjóra 3500 kr., í laun á ári. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar má verja 14500 kr. á ári.

5. gr. Til að breyta hinum núverandi landshöfðingjabústað í stjórnarráðsskrifstofur og búa þær út má verja 11,000 kr.

6. gr. Landshöfðingjaembættið, landshöfðingjaritaraembættið og hin umboðslega endurskoðunarsýslan skulu lögð niður.

Frá 1. október 1904 skulu amtmannaembættin bæði lögð niður, og stiftsyfirvöldin jafnframt afnumin.

Landfógetaembættið skal lagt niður þegar embættið losnar. Til að gegna störfum þessa embættis má þá verja alt að 2500 kr. á ári, og skal með konunglegri tilskipun ákveða, hvernig þeim skuli gegnt.

Á sama hátt skal fyrir skipa, hver störf amtmanna og og stiftsyfirvalda skuli fengin stjórnarráðinu fyrir Ísland í hendur, og hverjum önnur störf þeirra skuli falin. Þeim mönnum, er forsetastöðurnar í hinum 4 amtsráðum landsins verða fengnar í hendur, skal greiða af jafnaðarsjóði þóknun fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 300 kr. Þó mega amtsráðin hækka upphæð þessa.

Nd. **197. Frumvarp**

til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill hins opinbera eða einstaklings í hættu.

2. gr. Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum:

a., ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þingið hafi átt kost á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og ef hann lætur farast fyrir að bera undir konung lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum.

b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir.

c. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

3. gr. Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

a. með því að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt.

b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága

við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

4. gr. Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið hinu opinbera eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað hinu opinbera eða einstaklingi við tjóni, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

5. gr. Brot gegn 2. gr. varða embættismissi eða sektum frá 500—5000 kr. ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

6. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

7. gr. Hafi ráðherrann bakað hinu opinbera eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

8. gr. Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstiréttur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum, eftir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland.

Nd.

198. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir að reka verzlun með áfenga drykki, sem um ræðir í 2. gr. laga 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, greiðist með 1000 krónum.

2. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir að verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum, sem um ræðir í 3. gr. laganna, greiðist með 1200 kr.

3. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir rétt til veitinga áfengra drykkja, sem um

ræðir í 7. gr. laganna, greiðist með 600 kr. í kaupstöðum og 400 krónum utan kaupstaða. Þó nær ákvæði þetta, um hækkun leyfisbréfsgjaldsins fyrir rétt til veitinga áfengra drykkja, eigi til kaupstaða og verzlunarstaða, meðan þar er rekin verzlun með áfenga drykki.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **199. Frumvarp**

til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. Flutningsmenn: H. Hafstein. Þórh. Bjarnarson.

1. gr. Kosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum skulu vera leynilegar, og hlutfallskosningar, og skulu þær fram fara á þann hátt og segir í eftirfarandi greinum.

2. gr. Kosningin fer fram eftir listum, þar sem stungið er upp á vissum tulltrúum. Listar þessir skulu afhentir oddvita kjörstjórnarinnar fyrir hádegi á þriðja degi á undan kosningu, og skulu undir hvern lista hafa ritað eigi færri en 5 kjósendur sem meðmælendur; jafnframt skal afhenda skrá, er greinilega sýni nöfn meðmælenda, bústað þeirra og stöðu.

Sá meðmælandi, sem afhendir listann, á heimtingu á að fá vottorð oddvita ritað á afrit af honum, að hann hafi fengið listann og hvenær.

Frambjóðendalistinn má hafa inni að halda færri nöfn en kjósa á, en standi á honum fleiri nöfn, er hann ógildur. Nafn hvers frambjóðanda skal vera svo greinilega letrað, með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sé á hver hann sé, eða hægt sé að villast á honum og öðrum kjörgengum manni. Nú er einhver þeirra, er á lista standa, ekki kjörgengur, eða nafn hans er svo ógreinilegt, að kjörstjórnin getur ekki vitað við hvern er átt, og skal þá strika nafn hans af listanum.

Þegar kjörstjórn þykir ástæða til vera að álíta einhvern lista ógildan, eða strika nafn af lista, skal það gert með úrskurði, er færður sé í kjörbókina. Eftirrit af úrskurðinum skal, áður en kosningin byrjar, fengið þeim meðmælanda, sem afhent hefir listann.

Þeir listar, er kjörstjórnin hefir ekkert að athuga við, skulu merktir hver með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.), og nöfnin á hverjum lista tölusett (1, 2, 3 o. s. frv.) á undan nafninu, í þeirri röð og þau standa á listanum.

3. gr. Kjörstjórnin sér um útvegun á kjörseðlum og þar til svarandi umslögum sem nægja þykir, og skal nota þessa kjörseðla og umslög við kosninguna, því að hún fer fram á þann hátt að kjósandi afhendir slíkan kjörseðil innlagðan í umslag.

Á kjörseðli skal prentað með skýru letri »listi A.«, »listi B.«, »listi C.« o. s. frv. í svo mörgum línum og listarnir eru, og skal hver standa í línu fyrir sig og prentað lágrétt strik á milli. Ekkert annað orð eða bókstafur, og ekkert nafn, tala eða merki má standa á kjörseðli, hvorki prentað, skrifað eða á annan hátt á hann sett.

Umslögin skulu vera ógagnsæ og þannig löguð, að þau alveg hylji kjörseðil, sem innan í er lagður. Á hverju umslagi skal prentað eða stimplað kosningarár og dagur. Ekkert annað nafn, orð, tala eða merki má standa á umslaginu, hvorki prentað, skrifað, eða á annan hátt á það sett.

Bæjarstjórnin sér um, að atkvæðakassi og kjörherbergi séu til og skal kjörherbergi vera þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig, að eigi verði í það gengið nema úr því húsi. Tjald skal vera fest fyrir glugga, er vera kynni á herberginu, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Herbergið skal vera svo bjart, að hægt sé að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera borð og hæfilega margir almennir svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði úr honum náð, nema hann sé opnaður.

4. gr. Á kjörstaðnum skal frá því kosningargjörðin hefst, á stað sem á ber frambjóðendalistarnir hanga prentaðir eða greinilega skrifaðir og táknaðir með bókstöf um sínum. Ennfremur skal vera uppfest þar prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, sem hefir inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara laga.

5. gr. Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá hverjir séu í kjörstjórninni, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkvæmt 3. gr.; hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann er tómur, lokar honum síðan og lætur hann inn í kjörherbergið.

Í kosningarstofu mega eigi, nema með leyfi kjörstjórnar, vera auk hennar, aðrir en frambjóðendur og 2 meðmælendur fyrir hvern lista, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við manninn og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrétt, afhendir hún kjósanda kjörseðil ásamt umslagi, og gengur hann síðan inn í kjörherbergið, og má þar enginn vera inni. Þar inni markar hann kross × á kjörseðlinum við þann bókstafinn á þeim lista, er hann vill kjósa, leggur síðan listan inn í umslagið, gengur að vörmu spori út úr herberginu og afhendir oddvita umslagið með kjörseðlinum í, og leggur oddviti svo í augsýn kjósanda niður í atkvæðakassann, án þess að opna umslagið. Annar úr kjörstjórninni gjörir merki við nafn þess kjósanda, er hefir greitt atkvæði, og hinn úr kjörstjórninni ritar nafn hans niður á skrá. Sérhver kjósandi, er vill neyta kosningarréttar síns, verður að mæta sjálfur.

Ef kjörseðill eða umslag ónýtist á einhvern hátt, eftir að það er kjósanda afhent, en áður en það er lagt niður í atkvæðakassann, þá getur kjósandinn farið aftur til oddvita og fengið nýjan kjörseðil og umslag.

Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og kjörstjórnin álítur, að svo sé, og skal þá einn úr kjörstjórninni veita honum nægilega aðstoð í því skyni inni í kjörherberginu.

6. gr. Kosningargjörðin má eigi standa yfir skemur en 3 tíma. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórnin sjálf atkvæði og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfninni sé nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi er kosið hefir, skal skyldur til fyrir rétti, í hvaða máli sem er,

að skýra frá, hvern hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverjum frambjóðanda.

Enginn úr kjörstjórninni eða nokkur sá, sem samkv. 5. gr. er staddur í herbergi því, þar sem kjörseðlum er veitt móttaka, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósanda ráð, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli atkvæði gefa. Heldur ekki má neinn af þeim nokkru sinni skýra neinum öðrum frá því, hvort nokkur kjósandi hafi verið inni, beðið um kjörseðil, og afhent hann aftur, eða nokkru sinni skýra neinum öðrum frá því, sem hann á kjörstaðnum kann að hafa orðið áskynja um, hvern einhver kjósandi hafi kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varðar fangelsi, ekki minna en 4 vikna einföldu fangelsi.

7. gr. Upplestur atkvæða fram fer í heyranda hljóði, og hefst þegar að kosningargjörð lokinni og fram fer þannig: Oddviti kjörstjórnarinnar opnar kassann, tekur kjörseðlana einn í einu út úr umslaginu, og les þá upp hátt og greinilega, og leggur þá síðan til hliðar alla á einn stað.

Kjörseðill er ógildur, ef atkvæði er á honum greitt um annað en einn af listunum. Sé í umslagi fleiri en einn kjörseðill, eru þeir ógildir. Enn fremur er kjörseðill ógildur 1) þegar ekki er full vissa fyrir, hverjum lista kjósandi vill greiða atkvæði, 2) þegar útlit kjörseðils eða umslags þess, er hann var í, gefur ástæðu til að álíta, að kjörseðill hafi eigi verið afhentur af kjörstjórninni, eða hann eigi verið merktur í atkvæðaherberginu, 3) ef á kjörseðli eða umslaginu er skrifað, teiknað eða á annan hátt eitthvað það markað, sem bendir á, að það sé af ásettu ráði skýrt frá, hver atkvæði hafi greitt, eða yfirleitt eitthvað það er táknað á kjörseðil eða umslag, er gefur kjörseðli séreinkenni, og ætla má, að enginn annar en kjósandi hafi gjört það.

Jafnskjótt og oddviti les upp kjörseðlana skrá hinir kjörstjórarnir, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista. Eftir að allir kjörseðlar eru upp lesnir, bera þeir sig saman; skakki hjá þeim í einhverju, skal lesa upp alla kjörseðlana á ný. Að lokum eru kjörseðlarnir taldir og athugað hvort þeir séu eins margir og skrá sú, er haldin var samkvæmt 5. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarréttar síns, sýnir.

8. gr. Þá er kjörstjórnin hefir gengið úr skugga um, að kosningin hafi farið fram á löglegan hátt, skal leggja saman öll þau atkvæði, er hver frambjóðendalisti hefir fengið. Síðan er atkvæðatölu hvers lista deilt með 1, 2, 3, o. s. frv., unz hverjum lista er deilt með svo hárri tölu, sem tala þeirra kjósenda verður, er listanum getur fremst hlotnazt. Stærsta talan, er þannig kemur út, gefur þeim lista, er hana hefir öðlazt, rétt til 1. fulltrúa; næst hæsta útkomutalan gefur listanum, sem hann hefir öðlazt, 2. fulltrúann, og svo koll af kolli, unz allir fulltrúarnir eru kosnir. Séu tvær útkomutölur jafn-háar, ræður hlutkesti. Af hverjum lista fyrir sig, skal taka nöfn þeirra, sem kosnir eru, í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum; nú er nafn á einhverjum lista þegar kosið á öðrum lista, og skal þá strika það út. Nú er frambjóðendalisti tæmdur, og á þó rétt á einum fulltrúa til, þá skal taka þann fulltrúa af þeim lista, er þessum lista hefir næstan atkvæðafjölda.

9. gr. Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn með meiri hluta kosningu, en að öðru leyti eftir framanskráðum reglum.

10. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin 2.—6. málsgrein í 8. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum s. d. um bæjarstjórn á Ísafirði, 8. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Nd. **200. Frumvarp**

til laga um, að stjórninni veitist heimild að makaskifta þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi. Flutnm. Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Ráðherra Íslands veitist heimild til að hafa makaskifti á þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi. Sem milligjöf við makaskiftin greiðast úr landssjóði 700 krónur, er leggjast til prestakalls Mýrdalsþinga til æfinlegra vaxtanota fyrir sóknarprestinn.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 201. Frumvarp

til laga um eftirlit með með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða veruflutninga. Frá nefndinni í fiskiveiðamálinu.

1. gr. Öllum þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða veruflutninga, og skrásett eru hér á landi, skulu fylgja svo margir skipsbátar, að skipverjar geti allir farið í land í senn, ef þörf krefur.

2. gr. Rétt er, að útgerðarmaður sendi lögskráningarstjóra, eða umboðsmanni hans, í skrásetningarumdæmi því, er skip hans eru í, í síðasta lagi fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skriflega tilkynningu um það, hvaða þilskip hann ætlar að nota til fiskiveiða eða veruflutninga á því ári, og hve marga menn hann hefir áformað að láta lögskrá á hvert þeirra, og skal lögskráningarstjóri eða umboðsmaður hans, þá þegar gera skoðunarmönnum þeim, er nefndir eru í 3. gr., aðvart, og skulu þeir þá tafarlaust skoða skip þau, er þeir hafa fengið tilkynningu um.

Nú framkvæmir lögskráningarstjóri eigi sjálfur störf þau, er lög þessi leggja honum á herðar, og má hann þá eigi fela neinum framkvæmd þeirra, er sjálfur er útgerðarmaður, eða veitir þilskipaútgerð forstöðu.

3. gr. Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera svo margir skipaskoðunarmenn, er þurfa þykir. Lögskráningarstjóri útnefnir skoðunarmennina,

og ákveður starfsvæði þeirra, og skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo hæfir til starfans, sem föng eru á.

Skoðunargjörðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, og kjósa þeir sér oddamann, ef ágreiningur verður.

Að skoðunargjörðinni lokinni senda skipaskoðunarmennirnir lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans, bréflega skýrslu um hana, og getur útgerðar maður krafizt, að þeir eiðfesti hana, ef þörf þykir.

4. gr. Álíti skipaskoðunarmenn, að skip sé þannig úr garði gjört, að lífi eða heilsu skipverja sé hætta búin, sakir þess hve skipið er veikbygt, eður og sakir fúa, eða annara galla, ónógra og gamalla segla, eða reiða, eða af því, að fyrirmælum 1. gr. er eigi fullnægt, þá má alls eigi lögskrá menn á slíkt skip, fyr en sannað er með vottorði skoðunarmanna, að bætt sé úr því, sem ábótavant þótti.

Nú virðist skoðunarmönnum að íbúðarrúm skipverja séu illa útbúin, of lítil eða loft ill fyrir þá tölu skipverja, sem ætlað er rúm í þeim, og má þá eigi lögskrá fleiri menn á skipið en skoðunarmenn meta, nema læknirinn í því læknishéraði telji það óhult.

5. gr. Fyrir skoðunargjörð ber hvorum skoðunarmanna 3 kr. fyrir hvert skip, er þeir skoða. Sama borgun ber og oddamanni, þegar hann er kvaddur til.

Gjöld þessi, sem og borgun til læknis, er hann skoðar íbúðarrúm skipa, greiðist af útgerðarmanni, og má taka þau lögtaki.

6. gr. Ef skoðunargjörð sú, er þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa, eða önnur hérlend þilskipaábyrgðarfélög, láta árlega fram fara, að því er skip þau snertir, sem í sjóábyrgð eru, fullnægir skilyrðum laga þessara, þá er landsjórninni heimilt að samþykkja, að skoðunargjörð sú, er téð félög láta fram fara, komi í stað skoðunargjörðar þeirrar, er lög þessi mæla fyrir um.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða alt að 1000 kr. sektum, nema þyngri hegning liggi við eftir hegningarlögunum.

8. gr. Mál, sem rísa út af broti gegn lögum þessum, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **202. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. des. 1877 um tekjuskatt. Frá fiskiveiðanefndinni.

1. gr. Þeir, sem reka hvalaveiðar, skulu greiða tekjuskatt af atvinnu, svo sem aðrir atvinnurekendur, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum 14. des. 1877.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **203. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. Flutningsm. Jóh. Jóhannesson og Stefán Stefánsson.

Við 1. gr. 1. Fyrir: »kr. 1,25« komi: kr. 2,00.

Við 1. gr. 2. Fyrir: »kr. 0,50« komi: kr. 0,75.

Ed. **204. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefir tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti, sem þau tryggja fyrir sætjóni.

2. gr. Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþyktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþyktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefir verið gjörð á.

3. gr. Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin að hinn látni eða þrotamaðurinn hefir trygt líf sitt eða verið trygður gegn slysum, er skiptaréttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum, áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, kaupfélaga og pöntunarfélaga eru skyldir til að láta árlega í té skýrslur um allar skuldir, er verzlanirnar eða félögin eiga útistandandi hjá landsmönnum, svo og inneign landsmanna í verzlunum eða félögunum og um tölu viðskiftamanna, er skulda eða eiga inni við árslok, í hverju sveitarfélagi og bæjarfélagi fyrir sig.

Ed. **205. Frumvarp**

til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Stjórninni veitist heimild til að selja þá hluta af jörðunni Arnarhóli, sem eigi er þegar ráðstafað með lögum nr. 21, 21. júní 1900 og nr. 38, 6. nóv. 1902. Sú lóð skal þó undanskilin, sem hús hins núverandi landshöfðingjabústaðar standa á, og svo stórt svæði kringum þau, er þurfa þykir við notkun húsa þessara framvegis.

Selja má jörðina annaðhvort í einu lagi eða í pörtum, en engan hluta má selja fyrir lægra verð en upphæð þá, sem óvilhallir dómkvaddir menn meta.

Andvirðið rennur í landssjóð. Sé jörðin seld í einu lagi, skal áskilja landssjóði endurkaupsrétt á tilteknum lóðum undir opinberar byggingar, fyrir tiltölulegan hluta söluverðs allrar lóðarinnar, eftir stærð lóðar þeirrar, sem endurkeypt er.

Ed. **206. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, er kosið hafa sér prest eða forstöðumann, geta eftirleiðis leitað til ráðherrans fyrir Ísland til þess að fá staðfesting kosningarinnar. Staðfesting ráðherrans á kosningunni veitir kirkjufélaginu öll hin sömu réttindi, sem í lögum 19. febr. 1886 eru talin fylgja konunglegri staðfesting.

2. gr. Nú deyr prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, er kosning hans hefir hlotið staðfesting, eða hann fyrir uppsögn eða af öðrum ástæðum hættir starfa sínum, og njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins undanþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886, og í 3. gr. laga þessara, til þess, er þeir hafa kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið staðfesting á kosning hans, þó eigi um lengri tíma en 6 mánuði.

3. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra, skulu vera lausir við fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnar, svo og við kirkjugjald af húsum.

Nd. **207. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir, eða meira, að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Undanþegin þessari skyldu eru þó herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr. Fyrir hafnsöguna ber skipstjóra að greiða hafnsögugjald eftir taxta þeim, er nú gildir um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, eða síðar kann settur að verða.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **208. Frumvarp**

til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur að Geysi hvílir á landssjóði að öllu leyti, svo og viðhald annara flutningabrauta, að svo miklu leyti sem þær liggja um fjöll eða óbygðir. Viðhaldskostnað flutningabrauta, sem í bygð liggja, skal greiða að hálfu leyti úr landssjóði, en að hálfu leyti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði þeirrar sýslu, sem sá hluti flutningabrautarinnar, sem gjört er við, liggur í.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1905.

Nd. **209. Viðaukatillaga**

við frumv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (þgskj. 73).

Flutningsmaður: Hermann Jónasson.

Aftan við 1. gr. tölul. 14 bætist:

Ægissíða í Húnavatnssýslu . . . . . kr. 2700.00

Nd. **210. Frumvarp**

til laga um skifti á jörðunni Árbakka í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu og jörðunni Yztagili í Engihlíðarhreppi í sömu sýslu.

Flutningsmaður: Hermann Jónasson.

Stjórninni veitist heimild til að hafa jarðaskifti án milligjafar á þjóðjörðunni Árbakka í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu og bændaeigninni Yztagili í Engihlíðarhreppi.

Nd. **211. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan. 1900. Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Pétur Jónsson, Árni Jónsson, Jóh. Jóhannesson, Stefán Stefánsson, Hermann Jónasson.

Í staðinn fyrir: »Sýslunefndirnar skulu ákveða« komi: Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu ákveða.

Nd. **212. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi. Flutningsmaður: Jón Magnússon, þingmaður Vestmanneyinga.

1. gr. Í Reykjavík skal stofnaður kennsluskóli handa lögfræðingum.

2. gr. Við skóla þennan skulu skipaðir 2 fastir kennendur, og skal annar þeirra jafnframt vera forstöðumaður skólans og hafa í laun 4000 kr., en laun hins kennarans skulu vera 3000 kr.

3. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

4. gr. Þeir, sem leysa af hendi fullkomið burtfararpróf á skólanum, öðlast aðgang til embætta á Íslandi jafnt lögfræðingum frá Kaupmannahafnarháskóla.

Nd. **213. Breytingartillaga.**

við frumvarp til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Frá nefndinni.

Aftan við 2. gr. bætist:

Kostnaður við embættisferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar greiðist af landssjóði.

Nd. **214. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905.

Nefnd sú, sem hin háttv. neðri deild hefir falið frumvarp þetta til íhugunar og meðferðar, hefir nú athugað það eftir föngum, svo og bænarskrár þær. er þinginu hafa borizt máli þessu viðvíkjandi, og fjölda mörg skjöl önnur, er að því lúta. Skulum vér skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

I.

Tekjukaflinn.

2. gr.

Vér hyggjum, að tekjuliðir í þessari grein sé hvergi of hátt áætlaðir, svo nokkru muni, en þar á móti sé ástæða til að áætla suma liði nokkru hærri. Og þótt þetta sé ekki þýðingarmikið atriði, leggur nefndin til, að þessir liðir séu hækkaðir:

1. Húsaskattur í 8000 kr. á ári. Síðasta ár var hann tæplega það (7980 kr.), en hækkun hans virðist stöðug.
2. Tekjuskatturinn í 16000 kr. á ári. Næstliðið ár nam hann nærfelt 17000 kr., og hefir farið stöðugt hækkandi undanfarin ár.
3. Aukatekjur upp í 34,000 kr. á ári. Einnig þær hafa farið vaxandi til jafnaðar undanfarin ár, og 1902 námu þær fullum 40,000 kr.
4. Vitagjald upp í 10,000 kr. á ári. Gjald þetta hækkar einnig árlega, og meðaltal þess síðustu 3 ár er 9784 kr.
5. Aðflutningsgjald á kaffi og sykri upp í 240 þús. kr. á ári. Gjald þetta fer svo stöðugt vaxandi, að litlar líkur eru til, að sú sí-hækkun staðnæmist fyrst um sinn. Síðasta ár nam gjald þetta 255 þús. kr., og meðaltal síðustu 3 ára var 230,709 kr., en síðustu 2 ára 243,645 kr.
6. Tekjur af póstferðum upp í 40,000 kr. á ári. Hér gerum vér ráð fyrir viðlíka árlegri hækkun og á undanförnum árum.
7. Óvissar tekjur upp í 5000 kr á ári. Hér gerir nefndin ráð fyrir nokkrum sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar. Síðasta ár nam þessi tekjugrein 14,655 kr., svo að hér er borð fyrir báru.

Í útgjaldakaflanum hefir í 10. B. b. verið talið til frádráttar kostnaði við hegningarhúsið »arður af verkum 615 kr.«, sem réttast virðist að telja sem sérstakan lið tekjumegin, og leggur nefndin til, að á eftir 14. lið í þessari grein komi arður þessi sem nýr liður, að upphæð 600 krónum á ári.

4. gr. 1.

Við þennan lið hefir nefndin leyft sér að stinga upp á athugasemd, sem felur stjórninni að breyta veðlánum einstakra manna í viðlagasjóði, þeim sem eru afborgunarlaus, en með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán, þannig, að lánþegi lúki skuldinni með 6% á ári á 28 árum. Nefndin álítur heppilegt, að landssjóður dragi inn þessi lán smátt og smátt, og holt fyrir lánþega að losa sig við þau á þann hátt, en á hinn bóginn hættulegt að segja þeim upp snögglega, bæði fyrir lánþega og landið í heild sinni, því sú breyting gæti hleypt niður verði veðanna. Lán þessi nema nú við síðustu árslok kr. 237607.12.

5. gr. 1.

Presturinn á Staðastað, séra Vilhjálmur Briem, hefir beiðst þess, að árgjaldi því, er á Staðastaðarprestakalli hvílir samkvæmt prestakallalögunum 27. febr. 1880, að upphæð 300 kr., verði létt af, sökum þess, hve brauðið sé nú gengið af sér, kirkjujarðir ýmist í eyði eða niðurníðslu og sóknartekjur í sífeldri rýrnun sökum síhnignandi efnahags gjaldenda. Jafnframt hefir nefndur prestur lýst yfir, að hann væri fús á að verja hinu eftirgefna árgjaldi til umbóta kirkjujörðum prestakallsins. Nefndinni er nú, bæði af skýrslu prestsins og fleira nokkuð kunnugt um hið bágborna ástand um þessar slóðir, en hefir jafnframt þá skoðun, að hlutaðeigandi prestur sé mörgum fremur líklegur til að rétta við hag prestakallsins og hlynna að framförum í sínu bygðarlagi. Þess vegna sé honum trúandi fyrir nokkru fé frá hinu opinbera í þessu skyni, og á hinn bóginn mjög óheppilegt, ef hann neyddist til að sækja frá brauðinu.

II.

Útgjaldakaflinn.

8. gr.

Landshöfðingi hefir með bréfi til nefndarinnar óskað, að í þessa grein væri tekin upp fjárveiting 150 kr. fyrir mánuðinn til húsaleigukostnaðar landshöfðingjans, frá því hann verður að flytja burt úr bústað sínum, og þangað til landshöfðingjaembættið verður algerlega lagt niður. Leggur nefndin til, að upphæðin fyrra árið í 8. grein sé hækkuð um 1200 kr. í þessu augnamiði.

10. gr. B.

Breytingartillögur nefndarinnar við þennan lið, eru einungis formbreytingar til þess að koma á eðlilegri niðurröðun á undirliðina. Og samkvæmt því, sem áður er tekið fram, er frádrátturinn »arður af verkum« færður inn í tekjukaflann, og hverfur því hér. Liðurinn 4. g. verður settur inn síðar í frumvarpinu.

10. gr. C.

Viðvíkjandi liðnum C. 1. a. (þóknun fyrir útgáfu stjórnartíðindanna) vill nefndin taka það fram, að við væntanleg stjórnarskifti ætlast hún til að þessi gjaldliður hverfi, og að útgáfa stjórnartíðindanna verði eitt af skyldustörfum stjórnarskrifstofunnar.

Samkvæmt bendingu landsreikninganefndarinnar leggur fjárlaganefndin það til, að liðurinn C. 1. b. skiftist í tvent, þannig, að fjárveitingar til B-deildar stjórnartíðindanna og til landshagsskýrslnanna sé aðgreindar.

Samkvæmt tillögu landshöfðingja tekur nefndin upp 2000 kr. fjárveiting á ári »til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga«. Nái þessi fjárveiting tilgangi sínum, þá er hún afarnauðsynleg, og býst nefndin við, að hæstv. landshöfðingi geri nánar grein fyrir væntanl. árangri af henni.

11. gr. 6.

Viðvíkjandi þessum lið leggur nefudin það til, að laun til starfsmanna holdsveikraspítalans sé færð niður um 500 kr., og hefir fyrir augum laun sérstaks gjaldkera. Virðist nefndinni, að stjórnin muni geta komið þessu starfi fyrir án sérstaks kostnaðar. Jafnframt vill nefndin benda á, að henni virðist vinnumannakostnaðurinn furðu hár.

Ennfremur leggur nefndin til, að liðurinn til geymsluhússgerðar sé lækkaður í 2500 kr. úr 4000 kr. Hyggur nefndin að spítalanum geti vel nægt geymsluhús, sem koma má upp fyrir 2500 kr.

11. gr. 8.

Nefndinni hefir verið tilkynt, að spítalinn í Reykjavík verði lagður niður við næstu áramót, og fellur þá styrkurinn til hans að sjálfsögðu niður.

11. gr. 10.

Nefndin getur eigi verið stjórninni samdóma um fjárveiting þá, sem hér er um að ræða. Nefndinni er nefnil. kunnugt um, að Stefán læknir Gíslason hafði aldrei fengið heimild til að setjast að á Úlfsstöðum, heldur flutt þangað að eigin geðþótta, einmitt eftir það, að sá hluti hins upphaflega (14.) læknishéraðs, sem Úlfsstaðir liggja í, var gerður að sérstöku aukalæknisumdæmi, og því sama sem genginn undan því héraði, er hann hafði veiting fyrir. Auk þess eru litlar líkur til, að það valdi stórkostnaði fyrir hann, að flytja frá Úlfsstöðum, þar eð hann er hættur búskap, hefir þar litlu til kostað, getur selt jörðina engu lægra verði en hann keypti og hefir átt og á líklega enn kost á einni af þeim jörðum, sem ákveðin er fyrir læknissetur, með góðum kjörum. Tillaga nefndarinnar er því, að þessi fjárveiting sé feld.

12. gr. A.

Við þennan lið leggur nefndin það til, að upphæðin (1. b. 2.) handa þremur póstafgreiðslumönnum í Reykjavík sé færð niður um 200 krónur, eða með öðrum orðum, að póstþjónn sá, sem í ráði er að bætt sé þar við, hafi 800 krónur í laun í stað 1000. Virðist ekki þörf á hærri launum í samanburði við venjuleg laun verzlunarmanna í Reykjavík, enda eðlilegt, að sá, er kemur óreyndur og óæfður að starfi, hafi fyrst í stað lægri laun, en hinn, sem reyndur er og æfður.

Þá leggur og nefndin til, að upphæðin (4. g.) til bréfburðar í öðrum kaupstöðum (en Rvík) hækki í 200 krónur.

Eftir ósk póstmeistara leggur nefndin til, að liðurinn A. 6 færist upp um 300 kr. til þess að byggja geymsluskúr fyrir póstkoffortin.

12. gr. B

Jafnvel þótt tillögur nefndarinnar geri enga sérstaka breyting á upphæð vegafjárins frá því, sem í frumvarpinu stendur, þá er nefndin engan veginn samþykk þeirri meðferð vegafjárins, sem lýsir sér í frumvarpinu. Tillögur stjórnarinnar eru að vísu alveg byggðar á tillögum verkfræðings landsins (Sigurðar Thoroddsens), sem alþingi 1901 fól alla aðalumsjón með vegagerðum landssjóðs. En starf þessa verkfræðings nú í nærfelt 10 ár í þessum málum, og hin mikla tiltrú, sem alþingi 1901 sýndi honum, virðist ekki hafa borið þann árangur, sem vænta mátti A alþingi hefir oftar en einu sinni verið kvartað yfir undirbúningi vegamálsins, og þess óskað, að yfirlit (Plan) lægi fyrir þinginu viðvíkjandi öllum landssjóðsvegum. Farartálmar á hinum ýmsu vegum væri samanbornir, metin samgöngu- og flutningaþörf og flutningsörðugleikar, og fyrirhuguðum vegafyrirtækjum þannig þokað í röð, eftir verðleikum. Með slíkt yfirlit fyrir augum myndi þingið eiga hægt með að átta sig á, hvað gera ætti, og þá ekki þrefa um smáræði. Sá maður, er gerði úr garði gott yfirlit í þessa stefnu, og fylgdi því fram með lifandi áhuga og óhlutdrægni, h a n n ætti skilið traust þings og stjórnar. En á meðan svo er ekki, sýnist nefndinni ekki farandi geyst að vegamálinu, enda kallar nú að svo margt annað jafnframt á þessu þingi, og það er heldur ekki á færi þingsins

með þeim tækjum, sem það hefir, að gera yfirlit yfir samgöngubætur, eins og það sem að framan er nefnt. Þó miða breytingartillögur nefndarinnar í þá áttina.

Á frumvarpinu er t. d. fé því 40,000 kr., sem ætlað er til lagningar flutningabrautum, skift í 4 staði jafna. Með sömu fjárveitingum framvegis mundi það taka 10—20 ár að gera hvern þann vegarkafla til verulegs flutningsléttis fyrir hlutaðeigandi héruð, auk þess sem t. d. flutningabraut á Fagradal verður eigi að neinu gagni sem akvegur fyr en hún er nærfelt fullgerð. Nefndin leggur nú til, að ofannefnd upphæð til akbrautalagninga hækki um 5,000 kr., og skiftist einungis í tvent, nefnilega til brautar upp frá Borgarnesi (15 þús. kr.) og á Fagradal (30 þús. kr.). Nefndin er á því máli, að samband á milli Norðurlands og Reykjavíkur eigi aðallega, og sem fyrst, að verða gegnum Borgarnes, þannig, að stöðugar bátaferðir árið í kring verði frá Reykjavík til Borgarness, og þaðan sem greiðastur vegur til Norðurlands. Samkvæmt því verður flutningabrautin upp frá Borgarnesi með þeim efstu á dagskrá, en þjóðvegurinn frá Reykjavík til Borgarfjarðar að bíða. Viðvíkjandi Fagradalsbrautinni er það hugsun nefndarinnar, að hún verði fullgerð á 2 næstu fjárhagstímabilum, úr því snúist er að henni, enda er nefndin á því, að þar sé hin mesta flutningaþörf.

Nefndin leggur til, að til viðhalds flutningabrautum sé síðara árið ætlað einungis 7000 kr. eða alls 19000 kr, og er það með tilliti til frumvarps þess til breytingar á vegalögunum, sem nefndin hefir flutt á þinginu.

Féð til þjóðvega leggur nefndin til, að hækki einungis um 2000 kr., en hún ætlast til öðruvísi skiftingar á því, nefnilega:

1. Til Suðuramtsins 8000 kr. (í stað 12000 kr.); stjórnin hefir ætlast til, að talsverðu væri varið til byrjunar á akfærum vegi upp Mosfellssveitina (á þjóðveginum), en samkvæmt því, sem að framan er sagt um Borgarfjarðarbrautina, er nefndin því mótfallin, og hefir því lækkað upphæðina í þetta amt.
2. Til Vesturamtsins 20,000 kr. (í stað 15000 kr.). Tillögur verkfræðingsins og stjórnarinnar þessari fjárhæð viðvíkjandi felst nefndin á að mestu, en vill bæta 5000 kr. við veginn milli Stykkishólms og Borgarness, í því skyni, að þeim sé varið til norðurhlutans.
3. Til Norðuramtsins 30000 kr. (í stað 22000 kr.). Um þenna fjórðung liggur þýðingarmesti þjóðvegur landsins fyrir útlenda og innlenda langferðamenn, og liggur hann þar á ofan að mestu um fjölbygðar sveitir. Í viðbót við athugasemdir stjórnarinnar, þessum vegi viðvíkjandi, vill nefndin benda á, að nauðsynlegt er að brúa Norðurá í Skagafjarðarsýslu, og ef til vill fleiri smáár, sem haust og vor verða að fullum farartálma. Verkfræðingur landsins bendir og á, að færa þurfi til veg í Langadal í Húnavatnssýslu. Þá er og þjóðvegurinn í Þingeyjarsýslu mjög vanræktur, nýbyrjaður kafli, sem hætt er við, og liggur undir eyðilegging ef ekki er fullgerður.
4. Til Austuramtsins 12000 kr. (í stað 19000 kr.). Lækkun sú, er nefndin stingur upp á, er einkum með tilliti til aukningar á akbrautafénu í þennan fjórðung. Stjórnin bendir á, að bæta þurfi sérstaklega veginn í Geithellahreppi, og ætlast nefndin til, að til hans sé varið alt að helmingi upphæðarinnar. En af því, sem verkfræðingurinn hefir bent á í sínum tillögum, virðist nefndinni, að Nesjavegur-

inn verða að bíða að þessu sinni, samkvæmt upplýsingum, sem hún hefir fengið.

Nefndin leggur til, að veitt sé til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Keflavík 3000 kr. hvort árið gegn jafnmiklu framlagi frá héraðsbúum. Hérað þetta vill leggja allmikla byrði á sig, til þess að koma vegi þessum upp, en nýtur lítið þess fjár, sem veitt er til þjóðvega og akvega, og mælir því mikið með fjárveiting þessari. Hinsvegar álítur nefndin óþarft, að á þessum vegi sé komið upp reglulegri akbraut.

12. gr. B.

Síðast í þessum lið leggur nefndin til að komi fjárveiting 50,000 kr. til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði, samkv. lögum þeim, er alþingi 1902 samþykti um hana. Það er enginn efi á, að alþingi ætlaðist til, að brú þessi yrði bygð sem fyrst, og nefndin sér eigi næga ástæðu til að draga það fram yfir næsta fjárhagstímabil, enda álítur nefndin, að hér sé um brýna samgöngubót að ræða.

12. gr. C.

1. Viðvíkjandi gufuskipaferðunum felst nefndin á aðgerðir stjórnarinnar og tillögur í því efni, samkvæmt því, er hún gerir grein fyrir í athugasemdum sínum við frumv. Að vísu er fjárframlag það, er frumvarpið fer fram á, tiltölulega mjög hátt. En þar sem eigi er nema harðra kosta völ sættir nefndin sig eftir samráði við samgöngumálanefndina bezt við þá niðurstöðu, sem stjórnin hefir komizt að. Auk þess hafa og fengist nokkurar ívilnanir til bóta með munnlegum samningi við erindsreka gufuskipafélagsins, kaptein P. Christiansen. Má þar fyrst nefna ívilnun í fargjaldi fyrir 25 stúdenta og 50 handiðnamenn og alþýðumenn árlega, sem nefndin leggur til að verði tekin upp í skilyrðin fyrir fjárveitingunni.

Í öðru lagi lofaði nefndur erindsreki því fyrir félagsins hönd, að flutningsgjald með skipunum skyldu eigi hærra vera en yfirstandandi fjárhagstímabil, og að sá, er greiddi 5000 kr. eða þar yfir til félagsins í flutningsgjald á ári samkvæmt taxta, skyldi fá 5% auka-afslátt.

Loks var og samið um nokkrar lagfæringar á ferðaáætlun þeirri, er fjárveitingin í frumvarpinu er miðuð við. Mun sú áætlun verða prentuð ásamt þeim breytingum, er munnlega samdist um. Væntir nefndin þess, að stjórnin annist um framkvæmd þessara loforða, jafnt og þeirra skilyrða, sem á fjárlögunum standa.

Sem skilyrði af hálfu gufuskipafélagsins var sett, auk þess sem í athugasemdum stjórnarinnar er getið, að farþegar á 1. farrými á millilandaskipunum keypti fæði á skipinu jafnt á milli hafna sem á milli landa, og gekk nefndin að því.

Nefndin leggur til, að athugasemdin á eftir liðnum falli burt, því engar líkur sé til, að til hennar taki, og þar að auk þykir nefndinni engu tali taka að hafa hinar sömu ferðir og nú fyrir 30,000 kr. hærra tillag úr landssjóði.

2. Viðvíkjandi flóabátunum leggur nefndin til að aukin sé fjárveiting til Faxaflóabátsins um 4000 kr. til að halda uppi ferðum í Borgarnes árið um kring. Komist vetrarferðir á, telur nefndin sjálfgefið að landpóstar vestur og norður tækju sig upp frá Borgarnesi, sem yrði til verulegs sparnaðar, auk mikils hagræðis fyrir héruðin með þessari samgöngubót. Samgöngumálanefndin, sem og hafði gert tillögur um vetrarferðirnar, fór fram á 5000 kr. viðbót, en fjárlaganefndin gjörir sér von um að komast megi af með minni upphæðina.

Að gefnu tilefni bætir nefndin Vestmannaeyjum við sem viðkomustað í athugasemdinni.

12. gr. D.

Nefndin gerir engar breytingatillögur við þennan lið, og felst á, að gefa stjórninni svo lausar hendur til framkvæmda málinu sem fjárveitingin leyfir. Að vísu má geta þess, að nefndinni hefir borizt tilboð frá ensku félagi, »The General International Wireless Telegraph & Telephon Co. Ltd. of London E. C.«, um að setja upp »Orling Armstrong« þráðlausrar fjarritunar system milli Íslands og Bretlands yfir Færeyjar, eða frá Íslandi til einhvers annars staðar, sem er í fjarritunarsambandi við umheiminn, og biður um einkaleyfi til þessa, gegn 2000 pd. sterl. árlegu tillagi úr landssjóði um 20 ár, þó þannig, að fyrsta árstillag sé eigi greitt fyr en »fjarritunarsystem« þetta hefir verið notað í 12 mánuði með viðunanlegum árangri.

Með því að nefndin annars eigi veit nein deili á þessu félagi, og hefir engin tæki til að afla sér kunnugleika á því, þá verður hún að vísa áminstri málaleitan til stjórnarinnar.

12. gr. E.

Eftir áskorun til þingsins frá héraðsbúum leggur nefndin til, að veittar sé alt að 3000 kr. til byggingar nýs vita á Skipaskaga, og til árskostnaðar við hann, eftir að hann er kominn upp, alt að 300 kr. (síðara árið). Þetta er því skilyrði bundið, að héraðsbúar leggi til vitabyggingarinnar það, sem hann kynni að kosta yfir 3000 kr. — Nefndin hefir miðað upphæð þessa við bendingar Aasbergs, skipstjóra á »Laura«; þar að auki hafa upplýsingar um nauðsyn þessa vita fyrir almennar skipaferðir inn Faxaflóa frá flestum skipstjórum póstskipanna og strandferðabátanna, hvatt nefndina til að veita þetta fé, enda er vitinn sérstaklega ómissandi, ef stöðugar gufuskipaferðir frá Reykjavík til Borgarness komast á að vetrarlagi.

Í þessu sambandi vill nefndin taka það fram, að það er afarþýðingarmikið að fá yfirlit yfir alla hina nauðsynlegustu vita, er landið þarfnast, gert af kunnugum og vel vitafróðum manni, er drægi upp nákvæmt vitakerfi kringum land, þar sem markað væri fyrir hinum þýðingarmestu vitum, og fylgdi áætlun um stærð hvers vita um sig og byggingarkostnað. Fengi þingið slíkt yfirlit, þyrfti það eigi að fálma í blindni í þessu máli, tæki þá væntanlega vitabyggingarnar fyrir, eftir sanngjarnri röð, og hefði trygging fyrir, að þeir vitar er bygðir væru, kæmu að sem beztu haldi. Væntir nefndin, að stjórnin veiti þessu máli athygli.

13. gr. A. b.

Nefndin leggur til, að töluliðirnir 2. 4. 5. 6. og 8. undir þessum staflið (b.) sé færðir saman í eitt og fjárveitingin aukin um 200 kr. eða upp í 5000 kr. á ári. Ætlast nefndin alls eigi til, að fjárveitingarnar undir liðunum 4. 5. 6. og 8. falli niður fyrir þá sök, ef sömu kringumstæður eru fyrir hendi og þá, er þær voru veittar. Hækkunina á liðnum setur nefndin með sérstöku tilliti til Prestbakkaprestakalls.

13. gr. A. b. 11.

Jafnvel þótt nefndin stingi eigi upp á breyting á þessari fjárveiting, virðist henni eigi ástæða til, að landssjóður leggi fram fé til sléttunar lóð þeirri, sem keypt verður til kirkjugarðsstæðis, samkvæmt því, sem þó er ráðgert í athugasemd við sömu fjárveiting í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar 1901, og nú er skýrskotað til. Þess vegna leggur nefnd-

in til, að fyrirsögninni verði breytt á þá leið, að fjárveitingin verði einungis höfð til lóðarkaupa, enda æskilegt, að lóðin sé keypt sem stærst nú þegar.

13. gr. B. II.

Nefndinni virðist rétt, að hafa ákvæðin um ferðastyrk handa læknaefnum (B. II. b. 4.) nákvæmari en í frumvarpinu.

Stjórn Reykjavíkurspítala hefir ritað fjárlaganefndinni þess efnis, að hún myndi leggja spítalann niður, og gerir hún tilboð um kaup á spítalahúsinu til handa landssjóði með lóð þeirri, sem fylgir, fyrir 15,000 kr.

Jafnvel þótt húsið sé farið að firnast og eigi hentugt, virðist nefndinni kaupið eigi óaðgengilegt, en á hinn bóginn þörf á að tryggja landssjóði not af húsinu fyrst um sinn, sérstaklega fyrir læknaskólann. Leggur því nefndin til, að á þessum lið sé veitt nægileg fjárhæð til þess að kaupa húsið og gera við það.

13. gr. B. III. C. 4.

Yfirkennari Steingr. Thorsteinsson hefir ritað fjárlaganefndinni þess efnis, að fá fjárveiting til tímakenslu í latínuskólanum hækkaða um c. 160 kr. á ári í því augnamiði, að kenslustundir hans sjálfs í skólanum mætti fækka úr 24 ofan í 19 á viku. Með því að yfirkennarinn er kominn yfir sjötugsaldur, og að öðru leyti einnig hins bezta maklegur, sýnist nefndinni rétt að létta á honum störfum, eins og áður hefir átt sér stað í samskonar kringumstæðum, og leggur því til, að liðurinn sé hækkaður í 1200 kr. í þessu skyni.

13. gr. VI. a.

Samkvæmt umsókn frá kvennaskólanum í Reykjavík leggur nefndin til, að upphæðin til kenslu í heimilisiðnaði hækki upp í 500 kr. á ári, og hefir þá skólinn 3000 kr. styrk alls á ári.

Þá hefir og kvennaskóli Húnvetninga sótt um mjög aukinn fjárstyrk. Nefndinni virðist nú rétt, að svo framarlega sem hinir norðlenzku kvennaskólar báðir til samans hafa um 80 nemendur, þá hljóti þeir og til samans tvöfaldan styrk á við Reykjavíkurskóla, en að styrkurinn skiftist á milli þeirra alt að því að hálfu leyti eftir nemendatölu hvors skólans um sig.

Í þessu sambandi vill nefndin geta þess, að farsælla mundi vera, að styrkja einungis einn góðan kvennaskóla á Norðurlandi, og gera það fult eins rækilega og nú. Og þegar gagnfræðaskóli er kominn á fót á Akureyri fyrir 80—100 nemendur og konur eiga þar jafnan aðgang að og karlar, og þar sem vandað kvennaskólahús stendur nú á Blönduós, þá sýnist nefndinni heppilegra, úr því sem komið er, að hlíta við þann kvennaskóla einn.

13. gr. B. VI. b.

Umsókn hefir komið fyrir hönd Ólafsvíkurbúa um styrk til sumarskóla þar í kauptúninu. Nefndinni virðist eigi hægt að styrkja slíkt fyrirtæki á meðan alla reynslu skortir um aðsókn og not slíks skóla, enda er hann hugmynd ein enn þá. En kæmist skólinn á og sýndist nauðsynlegur, jafnt og vetrarskóli, telur nefndin sjálfsagt, að hann fái jafnan styrk að tiltölu og aðrir barnaskólar í sjóþorpum og kauptúnum, af fé því, sem til þeirra er veitt.

Birzt hafa og tillögur um það, að láta eigi skóla í kaupstöðum vera undanþegna landssjóðsstyrk, og viðurkennir nefndin, að sumir kaupstaðir eru eigi öllu betur settir með barnakenslu heldur en kauptún, að öðru en því, að þeir hafa sjálfstætt skattálöguvald. En einmitt með tilliti til þess o. fl., sýnist nefndinni heppilegra, að gera engar breytingar í þessu efni fyr en fullkomnara skipulagi og nokkurn veginn samræmi er komið á alþýðu og barnaskóla.

13. gr. B. VI.

g.

Stúdentafélagið í Reykjavík hefir sótt um aukinn fjárstyrk til að halda uppi alþýðufyrirlestrum.

Jafnvel þótt nefndin eigi treysti sér til, að fullnægja óskum félagsins, leggur hún til, að fjárveitingin sé aukin um 200 kr. á ári.

h.

Fjárveiting þessi hefir nú um mörg ár verið óbreytt á fjárlögunum, og var upphaflega í því skyni að stuðla að því, að í Reykjavík gæti fengist kensla í organslætti fyrir menn víðs vegar af landinu. Hefir organisti Jónas Helgason, sem styrk þennan hefir fengið að undanförnu, unnið með frábærri elju að útbreiðslu söngþekkingarinnar í landinu, og hefir styrknum því verið vel varið, á meðan söngfræðsla og tilsögn í organslætti var óvíða fáanleg annarsstaðar.

Nú er það hvorttveggja, að sönglist og hljóðfæraslætti hefir farið mjög fram á síðari árum, kröfurnar vaxa stórum til þeirra, er vera eiga leiðtogar í þeim efnum, og víða á landinu er hægt að fá góða tilsögn í söng og hljóðfæraslætti. Og í öðru lagi er Jónas Helgason nú tekinn að eldast, og hefir því eðlilega eigi þá yfirburði, sem áður var, í þeim efnum, sem hér er um að ræða, enda mun hann hafa í hyggju að hætta störfum sínum sem organleikari við dómkirkjuna. Þar eð nú heldur eigi liggur fyrir nein bein tillaga eins og stendur um það, að hafa þessa upphæð til þess að styrkja einhvern af vorum hæfustu yngri mönnum, t. d. séra Bjarna Þorsteinsson, til þess að koma á endurbótum í kirkjusöng og efla sönglist og hljóðfæralist yfir höfuð — þá leggur nefndin til, að þessi liður sé feldur.

En eins og síðar mun tekið fram er nefndin á einu máli um það, að um leið og þessi breyting er gerð, eigi mjög vel við, að sýna organista Jónasi Helgasyni viðurkenningu fyrir hans langa og trúa starf.

i.

Nefndin sér ekki nægа ástæðu til að halda þessum lið á fjárlögunum, og leggur því til, að hann falli burt.

m.

Eftir þeim kunnugleika, sem nefndin hefir fengið um þennan skóla, þá virðist hann að öðrum þræði hafa verið barnaskóli.

Álítur hún því eigi nægar ástæður til að taka hann einn út úr til þess, að veita honum sérstakan styrk, og leggur því til, að fjárveiting þessi falli niður.

13. gr. B. VIII.

Stefán Eiríksson er alkunnur orðinn fyrir elju og lægni sem kennari í tréskurði, teikningum og skólaiðnaði, og hafa nemendur hans sýnt miklar framfarir. En með því

hann hefir eigi lært skólaiðnað með það fyrir augum að kenna hann öðrum, vill hann kynna sér slíkar aðferðir í beztu skólum erlendis, og gera sig þannig sem hæfastan til að kenna skólaiðnað í skólum hér í Reykjavík. Sækir hann því um nokkurn fjárstyrk til þessa, og leggur nefndin til, að honum sé veittar 500 kr. fyrra árið.

Samkvæmt tillögum frá mentamálanefndinni leggur nefndin það til, að Guðmundi Finnbogasyni mag. art. sé veittar 1200 kr. á ári í 2 ár sem laun, og 1000 kr. á ári til ferðakostnaðar, til þess að ferðast um landið og kynna sér og gefa skýrslu um ásigkomulag alþýðufræðslunnar bæði í skólum og á heimilum, svo og staðhætti og kringumstæður, er hljóta að ráða svo miklu um það, hvernig lýðmentaninni verði haganlegast fyrir komið, og með sem beztum árangri.

Nefndin lítur svo á, að hér sé um eðlilegt og nauðsynlegt áframhald að ræða af starfi því, sem Guðm. Finnbogason var kvaddur til fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, því að það þurfi að líta yfir jarðveginn hér heima fyrir áður en sáð er í hann fræðslu þeirri, sem hann hefir safnað í útlöndum.

14. gr. A. 1.

Nefndin getur eigi fallizt á að hækka laun bókavarðarins við landsbókasafnið jafnmikið og stjórnin stingur upp á. Að vísu er 500 króna hækkun eigi meiri en svarar þeim stundafjölda, sem við er bætt í skilyrðunum á frumvarpinu. En þegar þess er gætt, að stundafjöldi bókavarðar á safninu er lágur í samanburði við launin, þá sýnist hækkun þessi eigi þurfa að vera eins mikil. Nefndin leggur því til, að þessi liður færist niður um 300 kr.

Aftur á móti sýnist nefndinni, að stjórnin ekki ætli nægilegt fé til bókakaupa og handrita, þegar þess er gætt, hve miklar afborganir safnið hefir árlega af eldri kaupum. Nefndin leggur því til, að upphæðin til þess að kaupa bækur og handrit hækki um 1000 kr. á ári.

Nefndin leggur einnig til, að fjárveitingin til þess að semja spjaldskrá við safnið sé hækkuð í sömu upphæð og á núgildandi fjárlögum, 1200 kr. Starfið við spjaldskrár er seinlegt og varir því í mörg ár, með sama áframhaldi, áður en lokið er fyrirliggjandi bókum. Er því réttara að flýta því en seinka, eða að öðrum kosti leggja árar í bát. En til þess vill nefndin eigi ráða.

Eftir bendingum kunnugra manna þykir nefndinni rétt að stundir þær, sem safnið er opið síðari hluta dags, sé frá kl. 6—8, heldur en frá 5—7.

14. gr. A. 2.

Á eftir þessum lið leggur nefndin til, að komi nýr liður, nefnil. fjárveiting 1000 kr. á ári til sýslubókasafna. Mentamálanefndin hefir stungið upp á og mælt með þessari fjárveiting og skilyrðunum fyrir henni. Eins og kunnugt er verða amtsbókasöfnin almenningi að litlum notum, og er hugsunin sú, að ef sýslubókasöfn risu upp og næðu hylli, þá leystu þau betur af hendi hlutverk amtsbókasafnanna.

14. gr. A. 3.

Nefndin getur eigi fallizt á tillögu stjórnarinnar um að færa laun skjalavarðarins upp um þriðjung. Að vísu viðurkennir nefndin fyllilega elju og alúð skjalavarðarins við safnið, og að hann sé nytja og fræðimaður, sem verður er sæmilegra launa. En þegar talið er saman það, sem hann hefir af ríkisfé og landsfé fyrir störf sín, og sem hann eðlilega verður að verja miklum tíma til frá landskjalasafninu, sýnist nefndinni eigi

ástæða til að hækka launin meir en um 200 kr. og hefir hann þá föst laun 3000 krónur.

14. gr. A. 8.

Þennan lið leggur nefndin til að hækka um 200 kr. fyrra árið, og gerir ráð fyrir að kostnaðarauki við það, að koma safninu fyrir í nýjum stað, og að koma því í betri röð og reglu en áður hefir verið, geti eigi numið öllu minna.

14. gr. A. 13.

Nefndin leggur til að þessi liður falli burt.

14. gr. A. 14.

Eftir framkominni áskorun um aukinn styrk til stórstúku Goodtemplaranna stingur nefndin uppá að færa styrkinn upp um 200 kr. á ári.

Ennfremur hefir »Bindindissameining Norðurlands« óskað styrks af þinginu til útbreiðslu bindindi. Félag þetta á einnig gott skilið, og leggur nefndin til, að því sé veittar á ári 300 krónur. Þykist nefndin eigi þurfa að færa rök að því, hve þýðingarmikla starfsemi bindindisfélögin hafa með höndum.

14. gr. A. 15.

Hér leggur nefndin til að komi inn fjárveiting sú til útgáfu dómasafnsins, sem að framan er feld niður, 150 kr. á ári.

14. gr. A. 17.

Leikfélag Reykjavíkur hefir sótt til alþingis um mjög aukinn fjárstyrk. Enginn efi er á, að leikmentun hefir menningarlega þýðingu fyrir hverja þjóð, og að þeir, sem fyrir henni berjast hér í Reykjavík, hafa sýnt lofsverðan áhuga. Þetta hefir og Reykjavíkurbær viðurkent, og vilji bærinn auka styrk til félagsins, leggur nefndin til, að styrkurinn úr landssjóði hækki um helming eða verði alt að 600 kr. á ári.

14. gr. A. 18–20.

Nefndin leggur til, að allir þessir liðir falli burt.

Um »Sögufélagið« er það að segja, að nefndin sér enga þörf á slíku félagi, þar sem elzta og eitthvert merkasta félag landsins, Bókmentafélagið, hefir hið sama verkefni með höndum. Væri nær að þeim kröftum, sem varið er til sögufélagsins, væri beitt til þess að efla framkvæmdir þess.

Því síður sér nefndin næga ástæðu til að styrkja Jósafat Jónasson til ættfræðisrannsókna.

Nokkuð öðru máli er að vísu að gegna með orðabók Sigfúsar Blöndals; en þar sem allsennilegt er, að bóksali greiddi nokkur ritlaun fyrir slíka bók og heppilegra væri að styrkja útgáfu hennar á sínum tíma, er bókin væri fullsamin, getur nefndin eigi aðhylst fjárveitinguna.

14. gr. A. 21.

Á eftir þessum lið leggur nefndin til að komi nokkrir fjárveitingaliðir nýir, nefnilega:

1. Til Jóns Jónssonar sagnfræðings sama upphæð og á núgildandi fjárlögum. Fyrirlestrar Jóns og rit hafa mælst svo vel fyrir, og virðast hafa svo vekjandi og fræðandi áhrif, að styrk þessum til hans sýnist vel varið. Hækkun á styrknum, samkvæmt umsókn Jóns, treystir nefndin sér eigi til að mæla með.

2. Til Bjarna prests Þorsteinssonar á Siglufirði 1000 krónur til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga. Safn þetta er mjög stórt, og mikið verk að raða því, rita athugasemdir og skýringar við það. Hefir síra Bjarni starfað að þessu styrklítið í nærfelt 20 ár, og ætlar nú með þessum styrk að leggja síðustu hönd á verkið. Starf þetta er engu ómerkara en fræðistörf þau, er um langan aldur hafa verið styrkt hér í landi öðru framar.
3. Til Helga Péturssonar 1000 kr., til þess að rannsaka kolalög norðan lands og austan og fleira, er að jarðfræði landsins lýtur. Helgi er orðinn nafnkunnur fyrir rannsóknir sínar, og þess vegna vert að styrkja hann, auk þess, sem það getur haft sérstaka þýðingu að grenslast jarðfræðislega eftir kolalögum þeim, sem vart verður við hér á landi.
4. Til Bjarna Sæmundssonar til þess að halda áfram fiskirannsóknum 600 kr. hvort árið. Jafnvel þótt nefndin álíti sjálfstæðar og fullkomnar fiskirannsóknir of dýrar til þess að vér orkum þeim, að svo komnu, vill nefndin styrkja þennan áhugamann til þess að geta unnið að þeim í frítímum sínum.
5. Til Ásgríms Jónssonar 600 kr. á ári til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis. Þessi maður hefir litla tilsögn fengið, og að eins getað varið frítímum sínum frá daglegri vinnu til þess að afla sér þeirrar kunnáttu, er hann hefir fengið í málaraíþrótt. Eigi að síður bera sýnishorn þau, sem hann hefir sýnt af málverkum eftir sig, með sér, að hann er miklum hæfileikum gæddur til málaralistar.
6. Til organleikara Jónasar Helgasonar 1000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar. Um þessa fjárveitingartillögu er getið að framan, og þarf hún eigi frekari skýringa við.
7. Til Stefáns Björnssonar 600 kr. til þess að læra teikning og skólaiðnað. Eins og kunnugt er, þá eru eigi kennarar til í þessum námsgreinum, nema hér í Reykjavík, og þó eigi aflögu. Nú þegar gagnfræðaskóli kemur upp á Akureyri í endurbættri mynd, er óhjákvæmilegt að hafa hæfan mann til þess að kenna þessar námsgreinar. Í því skyni leggur nefndin til, að styrkur þessi sé veittur, og með því skilyrði, að styrkþegi taki að sér kenslu þessa að forfallalausu.

14. gr. B. 1. a.

Stjórn búnaðarskólans á Hólum hefir sótt um mjög mikið aukinn styrk til búnaðarkensluunar þar. Eins og kunnugt er, þá er skólinn nú einungis vetrarskóli í bóklegum námsgreinum, en gert er ráð fyrir, að útvega nemendum verklega kenslu og æfing í jarðyrkjustörfum á fyrirmyndarbúum eða stofnunum. Ætlazt er og til að hafa tvö hálfsmánaðar kenslutímabil hvern vetur við skólann fyrir bændur og bændaefni. Um 40 nemendur verða á skólanum næsta vetur, og fleiri hafa sótt, svo auðsætt er, að lífnun er í þessum skóla eins og stendur, og nemendafjöldi miklu meiri en á hinum búnaðarskólunum. Leggur því nefndin til, að veita honum nokkrn meira fé, þannig, að til skólahaldsins sjálfs fái hann 1000 kr. viðbót fyrra árið og til verklegrar fræðslu nemendanna 500 kr. hvort árið.

Þá sækir og Eiðaskólinn um aukinn styrk, sérstaklega vegna byggingar á íbúðarhúsi skólans, sem óumflýjanlegt er að gera sem fyrst. Skóli þessi mun lítið hafa verið styrktur til bygginga áður í samanburði við hina búnaðarskólana, og leggur því

nefndin til að styrkurinn til hans fyrra árið sé aukinn um 1000 kr., í því skyni, auk þess, sem vænta má, að honum verði veitt lán úr landssjóði til byggingarinnar.

Loks hefir skólastjóri Torfi Bjarnason sótt um 3500 kr. árlegan styrk og alt að 20,000 kr. láni til skólans í Ólafsdal til þess nú að geta komið á einn stað öllum skuldum, sem á skólanum hvíla, og haldið honum áfram styrklausum af hálfu amtsins, með engu minni krafti en áður. Hefir hann og í huga endurbætur á kenslunni, sérstakleg aukna kenslu í plægingum. Nefndin álítur rétt, að þessi skóli, sem jafnan hefir reynzt með vorum beztu búnaðarskólum, fái jafnan styrk við hina skólana.

14. gr. B. 1. b.—h. og 10.—11.

Nefndin ræður til að halda óbreyttri fjárupphæð frumvarpsins til Búnaðarfélags Íslands, en í þeirri upphæð felist frá stafl. e. til sama félags til gróðrartilrauna 3000 kr. hvort árið, og falli sá liður burt sem sérstakur liður. Félagið fengi þá 6000 kr. minna á fjárhagstímabilinu en því er ætlað, og er það sumpart með hliðsjón af því að nefndin ætlar Ræktunarfélagi Norðurlands verulegan styrk, og í annan stað getur nefndin eigi búist við að jafnmikið gangi til kynbóta á næsta fjárhagstímabili og stjórn félagsins áætlar. Nefndinni barst beiðni frá Hrossakynbótafélagi Húnvetninga um 3000 kr. styrk á fjárhagstímabilinu, er mest gengi til girðinga og húsabóta. Nefndin ætlast til þess að Búnaðarfélagið styrki þennan kynbótafélagsskap í Húnavatnssýslu verulega, og dreifi eigi kröftunum til hrossakynbóta. Nefndin lætur þess og getið, að hún efar, að félagið þurfi að hafa þrjá ráðunauta, og ætlar að mætti fækka um einn.

Frá landbúnaðarnefndinni kom áskorun um, að taka upp 2000 kr. fjárveiting til sölutilrauna á kjöti á erlendum markaði, sem fjárlaganefndin aðhyllist í líku formi og á síðustu fjárlögum.

Þá hafði Ræktunarfélag Norðurlands beiðzt 10,000 kr. fjárstyks hvort árið. Fyrir þinginu hefir legið rækileg skýrsla um fyrirkomulag og áform þess félags, og þar sem nefndin telur þennan nýja félagsskap einkar líklegan til stórverulegra búnaðarframfara á Norðurlandi vili nefndin taka upp 8000 kr. fjárveiting hvort árið til félagsins.

Viðvíkjandi skógræktartilraununum getur nefndin eigi fyllilega fallizt á tillögur stjórnarinnar; þótt henni dyljist ekki, að tilraunir þessar miði til stórmikilla hagsbóta fyrir landið, sér hún sér ekki fært að veita meira fé til þeirra en á gildandi fjárlögum, einkum vegna þess, að hún leggur til, að allmikið fé sé veitt Ræktunarfélagi Norðurlands, sem ætlar sér að gangast fyrir skógræktartilraunum í þeim landsfjórðungi. Ætti félag þetta að geta tekið að sér gróðurteigana á Grund og Hálsi eða að minsta kosti veitt nauðsynlegt fé til þeirra. Liðir þeir í áætluninni, sem ætlaðir eru til þessara staða gætu þá fallið niður. Sömuleiðis mætti ætla nokkru minna til skógstjórnarferða, aðstoðar o. s. frv. en áætlað er í aths. við frumvarpið.

Viðvíkjandi 10. lið lítur nefndin svo á, að hann megi falla niður að þessu sinni, og nægilegt sé að styðja tvo menn til að stunda skóggræðslu (11. tölul.).

Frá prestinum í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd barst nefndinni beiðni um styrk, svo að hann gæti friðað skóglendi prestakallsins. Skóginum þar stendur mest eyðing af þeirri hefð, sem kirkjujarðir hafa til viðarhöggs til eldsneytis, og verður eigi við því gjört bótalaust til kirkjulandseta. Svo mjög sem nefndin er hlynt friðun skóga á opinberum eignum, sá hún sér vegna ónógs undirbúnings ekki fært að gjöra nokkrar tillögur um þetta, en lætur því máli skotið til landsstjórnarinnar. Sennilega er hér að eins um óverulega uppbót að ræða til að friða þennan skóg.

Nefndin mun síðar gjöra tillögur um Hallormsstaðar og Hálsskóg.

Samkvæmt nýjum lögum um verðlaun fyrir útflutt smjör, og þar sem treysta má því, að útflutningur smjörs aukist, ræður nefndin til að hækka stafliðinn g. upp í 5000 kr. hvort árið.

Verkfræðingur Jón Þorláksson, sem ráðinn er til byggingarannsókna með 150 kr. launum um mánuðinn, hefir skýrt nefndinni frá, að bæði þurfi hann að kaupa ýms áhöld og hafa töluverðan útbúnað hér til rannsóknanna, og þess vegna ferðast allmikið erlendis fyrra árið; fer hann því fram á, að hækkað sé féð í 4000 kr. fyrra árið og 3500 kr. hið síðara. Nefndin tekur þetta til greina á þann hátt, að hækka upphæðina fyrra árið í því skyni, sem hér er sagt, upp í 4000 kr.

14. gr. B. 5—7.

Í stað þessara þriggja gjaldliða, er samtals nema 37,750 kr. fyrra árið og 40,75 síðara árið, kemur eftir því, sem málið nú horfir við í þinginu, að eins einn töluliður með 78,500 kr. fyrra árið og 16,000 kr. hið síðara.

Þá leggur nefndin til, að hér komi nýr liður til að rannsaka lungnadrep og skitupest í Norður- og Austuramtinu 2000 kr. fyrra árið. Þessar sóttir fjárins, og þá einkum skitupestin, eru til svo stórkostlegs tjóns í ýmsum bygðum landsins, og þá sérstaklega á Fljótsdalshéraði, að eigi má draga það að snúast alvarlega við þeim. Nefndin telur heppilegast að fá Magnús dýralæknir austur í Múlasýslur í næstkomandi febrúarmánuði, og er honum ætluð 4 mánaða dvöl og ferð í þeim sýslum og í Þingeyjarsýslu. Dagpeningar og ferðakostnaður um þennan tíma, að viðbættum nokkrum kostnaði við kaup á kindum til uppskurðar, er áætlaður framt að 1500 kr., og til viðbótar 500 kr. til áframhaldandi rannsókna erlendis á sóttkveykjuefninu. Nefndin vildi eigi í þessu nauðsynjamáli ætla of naumt, en að sjálfsögðu verður kostnaður við þetta greiddur eftir reikningi.

14. gr. B. 8.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hefir sótt um 4500 kr. styrk á ári til þess að halda uppi iðnaðarskóla í Reykjavík. Enn fremur sækir sama félag um 800 króna styrk til þess, að geta hjálpað ungum og efnilegum iðnaðarmönnum til þess að fullkomna sig í iðn sinni erlendis. Jafnframt hafa sótt til þingsins um styrk til iðnaðarnáms Jón Gíslason, Þorkell Þorkelsson og Halldór Guðmundsson, alt efnilegir nemendur í Kaupmannahöfn, og hafa lagt fram góð meðmæli. Mentamálanefndin hefir mælt með umsókn iðnaðarmannafélagsins, og lagt til, að því væri veitt 4000 krónur til skólahaldsins og 600 krónur til utanfarastyrkveitinga. Á þetta felst fjárlaganefndin og bætir við til styrks hinna að ofan nafngreindu iðnaðarnemenda 1100 kr. fyrra árið og 600 kr. síðara árið, þar af 500 kr. vegna Haldórs Guðmundssonar.

14. gr. B. 12.

Stjórnin ætlar 13500 kr. fyrra árið og 4000 kr. síðara árið til að stofnsetja og reka efnarannsóknarstofu í Reykjavík, í tilefni af þingsályktunartillögunni frá alþingi síðastliðið sumar. Af þessari upphæð ætlar stjórnin 7000 kr. fyrra árið til að byggja sérstakt hús handa efnarannsóknastofunni og 3000 kr. til árslauna forstöðumanni.

Nú hefir nefndin, eins og að framan er getið, lagt það til að kaupa hús Reykjavíkurspítalans undir læknaskólann með það fyrir augum að efnarannsóknirnar fái það húsrúm, er losnar við það, að spítalahaldið legst niður. Hér er um stórt tvílyft hús að

ræða, með kjallara undir og loftherbergjum og fylgir allstórt útihús og fær nefndin því eigi skilið annað en að bæði skólanum og rannsóknunum verði fullvel komið fyrir í húsinu nú um sinn. Aftur dylst nefndinni eigi að nokkurra aðgjörða þurfi við á húsinu að því er við kemur afnotum þess til efnarannsókna, og ætlar til þess 1000 kr. fyrra árið.

Að því, er árslaun forstöðumanns snertir, telur nefndin nóg byrjunarlaun fyrir ungan mann 2000 kr. á ári, en felst að öðru leyti á tillögur stjórnarinnar um kostnaðinn við að stofnsetja og reka efnarannsóknarstofuna, og verða þá eftir tillögum nefndarinnar upphæðirnar 6500 kr. fyrra árið og 3000 kr. síðara árið.

14. gr. B. 13.

Nefndin felst á, að nauðsynlegt sé að hafa yfirmatsmenn á gæðum fiskifarma í Reykjavík og Ísafirði, en álítur að þóknun til þeirra sé nægilega hátt sett 2000 krónur hvort árið, og leggur því til, að fjárveitingin lækki úr 2400 kr. árlega ofan í 2000 kr.

Dráttbrautarfélag Reykjavíkur hefir sótt um 10,000 króna styrk til þess að kaupa frá Englandi »Patent slip«, sem það ætlar að setja upp í Reykjavík. Félag þetta hafði áður gert tilraun til þess að gera dráttbraut fyrir þilskip, en fyrirtæki það mistókst fyrir fákunnáttu manns þess, er því hafði verið útvegaður frá útlöndum til þess að koma brautinni upp. Það er nú auðsætt, að þar sem skipastóll landsins hefir stórum vaxið síðustu árin, þá er bráðnauðsynlegt, að til sé tæki hér á landi, og það víðar en á einum stað, til þess að draga skipin á land til aðgerða, í stað þess með ærnum kostnaði að senda skipin til aðgerðar í útlöndum. Þegar nú dráttbrautarfélagið hefir beðið talsvert fjártjón við tilraun þá, sem að framan er getið, þá leggur nefndin til, að félaginu sé veittur hinn umbeðni styrkur, þó með þeirri takmörkun, að styrkurinn eigi nemi meir en helmingi kostnaðarins við fyrirtækið, enda sé hann og eigi útborgaður, fyr en verkið er fullgert og tryggilega af hendi leyst.

Þá hefir og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar sótt um alt að 45,000 kr. styrk til hafskipakvíar á höfn kaupstaðarins, sem áætlað er að muni kosta 60,000 kr., gegn því að kaupstaðurinn leggi til fjórðung kostnaðarins. Fylgir umsókn þessari teikning af hinni fyrirhuguðu skipakví, og lausleg kostnaðaráætlun eftir menn á Akureyri.

Nefndin er umsækjendum sammála um að reynslan hafi þegar margsinnis sýnt, að brýna nauðsyn beri til, að sjá þilskipum landsmanna fyrir öruggu vetrarlægi, og telur landssjóði skylt að styðja að því. Hinsvegar virðist nefndinni sjálfsagt, að slík fyrirtæki hafi árlegar tekjur af skipum, þeim sem þau nota, og sé því hlutverk landssjóðs einungis að styðja að stofnun þeirra með fjárstyrk, er eigi fari fram úr þriðjungi kostnaðarins, en alls eigi að kosta þau að meira leyti.

Að því, er sérstaklega snertir skipakví þá, er hér ræðir um, virðist nefndinni undirbúningur málsins eigi fullkominn. Það er þannig eigi nægileg vissa fyrir því, að eigi megi fá við Eyjafjörð hentugri stað fyrir vetrarlægi þilskipa en þann, sem bæjarstjórnin hefir hugsað sér, eigi heldur fyrir því, að skipakví sú, er í ráði er að byggja, verði nægileg eða full trygg, og kostnaðaráætlunin loks ófullkomin. — En það telur nefndin sjálfsagt, að eigi verði lagt í svo stórt fyrirtæki, nema undirbúningurinn sé hinn tryggilegasti, og áreiðanlegur verkfræðingur hafi valið staðinn og gert áætlun, og hafi yfirumsjón með verkinu. Hún leggur því til, að veittur sé alt að 15000 kr. styrkur til

skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip, að því áskildu að framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

Með því að nefndin lítur svo á, að flutningabrautir þær, sem árlega er verið að leggja hér á landi, mundu koma að ólíkt meiri notum, ef vagnar þeir, er eftir þeim eiga að ganga, yrðu knúðir áfram af ódýrra afli en hestaflinu, og hinir svonefndu motor-vagnar hinsvegar eru orðnir talsvert almennir á líkum vegum erlendis, þá telur hún sjálfsagt, að tilraun sé gerð til að nota þessa vagna hér á landi. Hún hefir því samið svo um við konsúl D. Thomsen í Reykjavík, að hann fái slíkan vagn sendan hingað frá útlöndum, og geri með honum tilraunir á vegunum héðan frá Reykjavík, gegn því að hann fái 2000 kr. styrk til þess úr landssjóði, og leggur til, að upphæð sú sé veitt.

19. gr.

Nefndin telur sjálfsagt og nauðsynlegt, að lánveitingum úr viðlagasjóði til mjólkurbúa eða rjómabúa sé haldið áfram, ella kæmi afturkippur í hina ánægjulegu hreyfingu, sem komin er á með stofnun slíkra fyrirtækja. Og þar sem nefndinni er kunnugt um, að nokkur slík bú eru stofnuð, án þess að hafa orðið lánsstyrks aðnjótandi, þar eð lánsheimildin var unnin upp, og treyst á væntanleg lán úr landssjóði, á næsta fjárhagstímabili, álítur nefndin nauðsynlegt, að færa upphæðina úr 20,000 kr. upp í 30,000 kr. á fjárhagstímabilinu.

Eins og áður er getið, sækir skólastjóri Torfi Bjarnason um lán úr landssjóði til búnaðarskólans í Ólafsdal. Nefndin er þeirrar skoðunar, að heiðursmanni þeim, sem hér á hlut að máli, verði eigi neitað um nauðsynlega hjálp, og leggur því til, að honum verði veitt 18,000 kr. lán með skilyrðum þeim, sem tekin eru fram við lánsheimildina á breytingartillögunum.

Jóhannes snikkari Reykdal í Hafnarfirði fer þess á leit, að honum verði veitt alt að 8000 króna lán til þess að koma upp trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Nefndin er á sömu skoðun og þingið 1901 um það, að styrkja beri slíkt fyrirtæki, og þar sem lánsheimild sú, er þá var veitt, verður eigi notuð, leggur nefndin til, að lánið verði honum veitt, en gegn ábyrgð sýslufélags Gullbringusýslu, og með svipuðum kjörum að öðru leyti og lánið til trésmiðanna í Reykjavík.

Þá hefir verksmiðjufélagið á Akureyri sótt um 15000 kr. styrk eða 50000 kr. lán, til þess að koma upp klæðaverksmiðju í Akureyrarbæ. Þar sem nefndin er þeirrar skoðunar að styðja eigi að nauðsynlegum iðnaði í landinu, en lánsheimild sú, sem er á núgildandi fjárlögum, eigi hefir verið notuð, leggur nefndin til, að nefndu félagi verði veitt 50000 kr. lán með sömu skilyrðum og eru í lánsheimild gildandi fjárlaga, að öðru leyti en því, að felt sé í burtu ákvæðið um ábyrgð hluthafa.

Nefndinni hefir borizt beiðni frá vélafræðing Ólafi Hjaltested um það, að honum verði veitt 10,000 kr. lán til þess að koma á fót vélasmiðju í Reykjavík, aðallega í því skyni, að smíða landbúnaðarverkfæri og gera við þau, umbæta útlend landbúnaðarverkfæri og vélar, þannig, að þau eigi við hér á landi. Jafnframt hefir hann skýrt frá, að hann hafi í undirbúningi sláttuvél, er hann hyggur sérstaklega sniðna eftir þörfum vorum. Þessi maður er þegar orðinn kunnur fyrir hugvit sitt og uppfundningar, og má því vænta góðs árangurs af starfi hans. Nefndin leggur því til að lán þetta verði veitt gegn trygging þeirri, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda.

Eins og drepið er á hér að framan, álítur nefndin að nauðsynlegt sé, að til séu hér á landi fleiri en einn staður, þar sem hægt sé að draga skip á land til aðgerðar. Nú hafa þrír nafngreindir menn sótt um lánsstyrk til þingsins alt að 30,000 kr. til þess að koma upp fullkominni dráttbraut í Hafnarfirði, sem áætlað er að kosti 60,000 kr.

Nefndin leggur til, að þeim verði veitt alt að 20,000 kr. lán úr landssjóði í þessu skyni, þó eigi yfir þriðjung kostnaðarins, og að öðru leyti með þeim skilyrðum, sem breytingartillagan um þetta ber með sér.

Nefndin álítur rétt, að taka upp lánsheimild til þilskipasmíða og þiskipakaupa frá útlöndum með svipuðu sniði og á gildandi fjárlögum, þó eigi yfir 30,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og leggur nefndin áherzlu á, að lánin komi að eins þeim mönnum að notum, er hafa fiskiveiðar að bjargræðisvegi.

Alþingi 28. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari. Árni Jónsson. Hermann Jónasson. framsm.

Jóh. Jóhannesson. Stefán Stefánsson. Þórh. Bjarnarson.

Nd. **215. Viðaukatillaga.**

við frumv. til laga um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan 1900. Flutningsmenn: Björn Bjarnarson, Stefán Stefánsson, **Þórh. Bjarnarson,** Árni Jónsson, Hermann Jónasson, Pétur Jónsson.

1. **Frumvarpsgreinin** verði 1. gr.
2. **Aftan við frumvarpsgreinina** bætist svo látandi 2. grein.

Nú deyr barnsfaðir, er kannast hefir við faðerni óskilgetins barns, án þess úrskurðuð hafi verið meðlagsfúlga sú, er honum ber að greiða, og má þá krefjast meðalmeðlags af dánarbúi hans á þann hátt, er segir í 3. gr. ofannefndra laga 12. jan. 1900.

Nd. **216. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894. Frá **Eggert Pálssyni, Hannesi Þorsteinssyni, Ólafi Ólafssyni, Magnúsi Andréssyni, Jóhannesi Ólafssyni, H. Hafstein, Lárusi H. Bjarnasyni.**

1. **Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði**

2. gr. **Flutningabrautir þær, sem sýslusjóðir eða sýsluvegasjóðir eiga að kosta viðhald á til móts við landssjóð, skulu, áður en sú breyting, er ræðir um í 1. gr., kemst á, vera skoðaðar af verkfræðing landsins og tveim mönnum, er viðkomandi sýslunefnd útnefnir; og teljist þær ekki í gildu ástandi, skal landssjóður greiða fult álag á þær eftir mati skoðunarmanna.**

2. **2. grein verði 3. gr.**

Nd. **217. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson, Magnús Andrésson, Hermann Jónasson, Jóh. Jóhannesson, Björn Kristjánsson, Hannes Þorsteinsson, Eggert Pálsson, Björn Bjarnarson, Jóhannes Ólafsson, Guðl. Guðmundsson, Jón Magnússon.

Aftan við 1. gr. komi tölul. 15:

Munaðarhóll í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu . . . 2800,00.

Nd. **218. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað. Frá Sk. Thoroddsen, Magnúsi Andréssyni, Guðl. Guðmundssyni, Ólafi Briem; Ól. Ólafssyni og Ólafi Thorlacius.

Við 2. gr. Í stað orðanna »Fyrir hafnsöguna ber skipstjóra að greiða hafnsögugjald« komi: Hafnsögugjaldið greiðist

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala. Flutningsmenn: H. Hafstein og Jóh. Jóhannesson.

1. gr. Allir hvalir, nema smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir allskyns skotum hvervetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sé eða fastir á grynningum, eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sé síldveiði eða veiðarfærum spillt.

2. gr. 1. gr. laga 19. febr. 1886 um friðun hvala, svo og lög um breyting á lögum þessum 15. jan. 1892 eru úr gildi felld.

Nd. **220. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík. Frá Birni Kristjánssyni, Skúla Thoroddsen, Magnúsi Andréssyni, Ólafi Ólafssyni, Hannesi Þorsteinssyni, Eggert Pálssyni.

Við fyrirsögn frumvarpsins: Fyrir »Reykjavík« komi: Flensborg í Hafnarfirði.

Við 1. grein: Greinin orðist svo:

Kennaraskóla skal setja á stofn í Flensborg í Hafnarfirði, og má verja

alt að 15 þús. krónum úr landssjóði til viðgerða og breytinga á Flensborgarhúsinu.

Við 2. grein: Fyrir »og 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur« komi: og skulu vera heimavistir við skólann fyrir nemendur eftir því sem húsrúm leyfir.

Nd. **221. Frumvarp**

til laga um sameining forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Forstöðumannsembættið við prestaskólann skal sameinað biskupsembættinu, þegar biskupsembættið losnar, og skal jafnframt ákveða með konunglegri tilskipun, hver störf biskupinn skuli hafa á hendi.

2. gr.

Embættið skal launað með 5000 kr. árslaunum, og leggist því auk þess 500 kr. ári sem skrifstofufé handa biskupnum.

Nd. **222. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Af hvalafurðum skal greiða útflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis	kr. 2,00
2.	Af hverjum 100 pd. af hvalkjötsmjöli	— 0,50
3.	Af hverjum 100 pd. af hvalguano	— 0,25
4.	Af hverjum 100 pd. af hvalbeinamjöli	— 0,25

2. gr. 1. gr. laga 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum er úr lögum numin.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **223. Frumvarp**

til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Samkvæmt stjórnarskipunarlögum, dagsettum í dag, um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, skal stofna stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík, og skipa í það landritara og 3 skrifstofustjóra, og veitir konungur þau embætti.

2. gr. Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8000 kr. á ári, og skal honum auk þess látinn í té embættisbústaður og 2000 kr. á ári til risnu. Þangað til ráðherrann fær embættisbústaðinn til afnota, skal honum veitt 1600 kr. uppbót fyrir hann á ári.

Kostnaður við embættisferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar greiðist af landssjóði.

3. gr. Eftirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum. Konungi skal þó heimilt að ákveða ráðherranum alt að 3000 króna eftirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eftirlaunalögunum.

4. gr. Landritari hefir 5000 kr., og hver skrifstofustjóra 3500 kr., í laun á ári. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar má verja 14500 kr. á ári.

5. gr. Til að breyta hinum núverandi landshöfðingjabústað í stjórnarráðsskrifstofur og búa þær út má verja 11,000 kr.

6. gr. Landshöfðingjaembættið, landshöfðingjaritaraembættið og hin umboðslega endurskoðunarsýslan skulu lögð niður.

Frá 1. október 1904 skulu amtmannaembættin bæði lögð niður, og stiftsyfirvöldin jafnframt afnumin.

Landfógetaembættið skal lagt niður, þegar embættið losnar. Til að gegna störfum þessa embættis má þá verja alt að 2500 kr. á ári, og skal með konunglegri tilskipun ákveða, hvernig þeim skuli gegnt.

Á sama hátt skal fyrir skipa, hver störf amtmanna og og stiftsyfirvalda skuli fengin stjórnarráðinu fyrir Ísland í hendur, og hverjum önnur störf þeirra skuli falin. Þeim mönnum, er forsetastöðurnar í hinum 4 amtsráðum landsins verða fengnar í hendur, skal greiða af jafnaðarsjóði þóknun fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 300 kr. Þó mega amtsráðin hækka upphæð þessa.

Ed.

224. Frumvarp

til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill hins opinbera eða einstaklings í hættu.

2. gr. Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum:

a., ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þingið hafi átt kost á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og ef hann lætur farast fyrir að bera undir konung lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum.

b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir.

c. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

3. gr. Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

a. með því að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt.

b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

4. gr. Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið hinu opinbera eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað hinu opinbera eða einstaklingi við tjóni, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

5. gr. Brot gegn 2. gr. varða embættismissi eða sektum frá 500—5000 kr. ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

6. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

7. gr. Hafi ráðherrann bakað hinu opinbera eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

8. gr. Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstiréttur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum, eftir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland.

Ed.

225. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir að reka verzlun með áfenga drykki, sem

um ræðir í 2. gr. laga 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, greiðist með 1000 krónum.

2. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir að verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum, sem um ræðir í 3. gr. laganna, greiðist með 1200 kr.

3. gr. Leyfisbréfsgjaldið fyrir rétt til veitinga áfengra drykkja, sem um ræðir í 7. gr. laganna, greiðist með 600 kr. í kaupstöðum og 400 krónum utan kaupstaða. Þó nær ákvæði þetta, um hækkun leyfisbréfsgjaldsins fyrir rétt til veitinga áfengra drykkja, eigi til kaupstaða og verzlunarstaða, meðan þar er rekin verzlun með áfenga drykki.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed.

226. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan. 1900 (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Fúlga sú, sem krefjast má að sveitarsjóðir greiði samkvæmt 4. gr. laga 12. jan. 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl., skal eigi vera hærri en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu ákveða upphæð meðalmeðlags fyrir 5 ár í senn fyrir hvert sveitarfélag.

2. gr. Nú deyr barnsfaðir, er kannast hefir við faðerni óskilgetins barns, án þess úrskurðuð hafi verið meðlagsfúlga sú, er honum ber að greiða, og má þá krefjast meðalmeðlags af dánarbúi hans á þann hátt, er segir í 3. gr. ofannefndra laga 12. jan. 1900.

Nd.

227. Frumvarp

til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði.

Flutningsmenn: H. Hafstein og Stefán Stefánsson.

1. gr. Í landhelgi við Ísland má eigi nota útlend skip við síldarsöltun eða aðra verkun síldar til útflutnings, né heldur innlend skip, sem eru í samfloti við útlend skip. Eigi má ljá né leigja innlend skip til síldarsöltunar öðrum en þeim, er rétt hafa til veiðiskapar í landhelgi.

2. gr. Nú er innlent skip léð eða leigt til síldarsöltunar eða annarar síldarverkunar í landhelgi, og er það þá á ábyrgð skipseiganda, að það sé eigi notað til málamynda-úthalds fyrir útlenda menn, og verður því eigandi sekur eftir lögum þessum, ef það sannast, að réttur eigandi síldarúthalds þess, er síldarinnar aflaði, hefir eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi.

3. gr. Rétt er að lögreglustjóri skipi eftirlitsmenn, einn eða fleiri við hvern fjörð, þar sem síldveiði er, til þess að hafa umsjón með síldveiðinni, og gæta þess, að fylgt sé fyrirmælum laga þeirra, er að síldarveiðum lúta, og tiltekur hann starfssvæði þeirra. Ef ágreiningur verður um það hvernig fylgja skuli fyrirmælum gildandi laga um síldveiði og upsaveiði með nót, sker umsjón-

armaður úr. Heimilt er þeim, sem eigi vill fylgja úrskurði eftirlitsmanns, að skjóta máli sínu til dóms og laga, en bæta verður hann kostnað allan og skaða er af því hlýzt, að úrskurðinum er eigi þegar fylgt, ef hann reynist lögmætur.

4. gr. Í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem eftirlitsmenn eru skipaðir, skal greiða til launa eftirlitsmönnum 5 aura gjald af hverri tunnu síldar, sem út er flutt. Gjald þetta skal innheimt ásamt útflutningsgjaldinu af lögreglustjóra og gerir hann fyrir því árlegan reikning, sem sendist stjórnarráðinu ásamt útflutningsgjaldsreikningnum. Um upphæð borgunar þeirrar, er greiðist hverjum eftirlitsmanni, fer eftir samningi við lögreglustjóra.

5. gr. Af öllum síldarnótum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skal greiða útflutningsgjald, 1 kr. fyrir hvern ferbyrningsfaðm í nótinni. Sérhver sá, sem sendir af stað síldarnót til flutnings frá landinu, er skyldur til að skýra lögreglustjóra frá því, áður nótin er flutt á skip, og afhenda um leið vottorð, gefið upp á æru og samvizku, um stærð nótarinnar. Auk þess er skipstjóri á skipi, sem síldarnót er útflutt með, skyldur til að láta uppi æru og samvizkuvottorð, er sýni, að hann hafi ekki tekið við öðru eða meira af því tagi til flutnings en því, er vottorð útflytjanda greinir.

Rétt er og sýslumanni að láta mæla nótir, er út á að flytja, ef honum virðist ástæða til, og skal greiða kostnaðinn við það úr landssjóði, nema það komi í ljós við mælinguna, að útflytjandi hafi gefið upp minni nót en rétt var, þá skal hann bera kostnaðinn, og auk þess greiða þrefalt útflutningsgjald af nót þeirri, er ranglega var frá skýrt. Að öðru leyti fer um innheimtu og reikningsskil á útflutningsgjaldinu á sama hátt og segir í lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

6. gr. Nú vill einhver flytja síldarnætur úr einu lögsagnarumdæmi í annað, og skal hann þá afhenda lögreglustjóra vottorð það, sem um ræðir í 5. gr., og jafnframt afhenda honum til tryggingargeymslu jafna upphæð, og greiða ber í útflutningsgjald. Fyrir greiðslu þessari skal lögreglustjóri fá honum móttökuskilríki, og fær nóteigandi upphæðina aftur borgaða gegn vottorði frá lögreglustjóra í því umdæmi, sem nótirnar eru fluttar til, um að þær séu þangað komnar.

7. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum frá 300—3000 kr. Sektirnar renna að hálfu til upplýstrarmanns og að hálfu til landssjóðs.

Ed. **228. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8, um vegi frá 13. apríl 1894.

Vér, sem hin háttv. efri deild alþingis kaus í nefnd, til þess að athuga frumvarp þetta, skulum nú láta uppi álit vort um málið.

Oss dylst það engan veginn, að þær lögákveðnu tekjur og sem jafnframt eru þær einustu, er sýsluvegir og hreppavegir njóta sér til viðhalds og endurbóta, eru svo afarlitlar í hlutfalli við fjárþörfina, að full nauðsyn virðist

bera til þess, að auka þessar tekjur, og því virðist oss, að tilraun sú, sem gerð er í frumvarpi þessu til aukningar á tekjum veganna, með því að gefa hlutaðeigandi stjórnarvöldum heimild til þess að hækka sýsluvega og hreppavegagjaldið að miklum mun, sem bygt er á tölu verkfærra manna, sé í alla staði eðlileg og réttmæt.

Á hinn bóginn verðum vér að álíta, að hækkun þessi sé helzt til mikil, þegar litið er á gjaldþol sveitarsjóðanna og sömuleiðis gjaldþegnanna sjálfra, og í annan stað þykjumst vér hafa ástæður til þess, að vera eigi allsendis óhræddir um, að það geti komið fyrir, að sýslunefndir og hreppsnefndir kunni að beita heimild þessari nokkuð freklega og á stundum ekki svo sanngjarnlega sem æskilegt væri, ef heimildin er veitt, án þess að hún sé háð eftirliti frá hálfu æðri stjórnarvalda, og ef um einhver mistök væri að gera í þessu efni, þá yrðu þau þess meiri og þyngri sem gjaldhækkunin væri meiri.

Af þessum ástæðum leyfum vér oss, að stinga upp á eftirfylgjandi breytingum:

1. við fyrri málsgrein, að á eftir orðunum »vald til þess« komi: að áskildu samþykki amtsráðs o.s. frv.
2. við sömu málsgrein í staðinn fyrir »3 kr.« komi: 2 kr. 25 a.
3. við síðari málsgr. eftir orðin »sama vald« bætist inn í: að áskildu samþykki sýslunefndar.

Með þessum breytingum ráðum vér til þess, að hin háttv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi 28. júlí 1903.

J. Havsteen, formaður.	Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsm.	Kristján Jónsson.

Nd. **229. Frumvarp**

til laga um afnám svonefndra Maríu- og Péturslamba. Flutningsmaður Jóh. Jóhannesson.

Fóðurskylda svonefndra Maríu- og Péturslamba skal afnumin frá fardögum 1904 að telja, í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefir átt sér stað. Frá sama tíma greiðist hlutaðeigandi prestaköllum uppbót úr landssjóði, er sé jöfn meðaltali téðrar tekjugreinar, eftir verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í þeim síðustu fimm árin.

Nd.

230. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá fjárlaganefndinni.

1. 2. gr. 2. fyrir »7000—7000—14000« komi 8000—8000—16000
2. - — 3. — »14500—14500—29000« —— 16000—1600—32000
3. - — 4. — »32000—32000—64000« —— 34000—34000—68000
4. - — 6. — »8500—8500—17000« —— 10000—10000—20000
5. - — 11. — »220000—220000—440000« —— 240000—240000—480000
6. - — 14. — »38000—380000—76000« —— 40000—40000—80000
7. - — Á eftir 14. lið komi nýr liður, sem verður:
   15. (liður) Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík 600—600—1200.
8. - — 15. fyrir »2500—2500—5000« komi 5000—5000—10000
9. 4. — 1. Við liðinn bætist þessi athugasemd:
   Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár.
10. 5. — 1. Við liðinn komi þessi athugasemd:
    Heimilt er að verja árgjaldi af Staðastaðarprestakalli, 300 krónum hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins.
11. 8. — Fyrir: »12400« (fyrra árið) komi: 13600 (saml. breytist eftir því).
12. 10. — B. 3. Liðurinn orðist þannig:

3. til hegningarhússins í Reykjavík

	1000 kr.	1000 kr.
a. laun umsjónarm.		
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns . .	200 —	200 —
c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —
d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 —	1225 —
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —
f. þvottur . . .	30 —	30 —
g. til þess að útvega verkefni . . .	500 —	500 —
h. Útgjöld við húsið sjálft og áhöld .	400 —	400 —
i. þóknun handa dómkirkjupresti- num	100 —	100 —

j. þóknun handa
lækni . . . . 60 — 60 —
k. ýmisleg útgjöld . 150 — 150 — = 4415 — 4415
Orðin »arður af verkum talin 615—615« falli burt.

13. 10 gr. B. 3 c. Liðurinn verði töluliður 4.
14. — — — 4 verði 5. töluliður.
15. — — — 4 g. liðurinn falli burt.
16. — — C. 1 b. liðurinn skiftist í 2 liði þannig hljóðandi:
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin . . . . . 1290 kr.
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin . . . . . 1290 —
Stafliðatalan breytist samkvæmt þessu:
17. — — c. 5. nýr liður á eftir: Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga 2000—2000
18. 11. gr. 6. a fyrir: »5265—5265« komi, 4765—4765.
19. — — - r. fyrir: »4000« komi 2500.
20. — — 8. a Liðurinn falli burt og
stafliðatalan breytist eftir því: a. fyrir b. o. s. frv.
21. — — 10. liðurinn falli burt.
22. 12. gr. A. 1. b. 2. Fyrir »3500 kr.« komi: 3300 kr.
23. — — — 4. g. Fyrir »100 kr.« komi: 200 kr.
24. — — — 6. Aftan við fyrirsögnina bætist:
og til að gera skúr fyrir póstkoffortin
fyrir: »800« komi 1100.
25. — — — B. 3. Athugasemdin orðist þannig (innanstryks):
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið . 30000 kr.
— flutningabrauta í Borgarfirði — ——————— . 15000 —
— Viðhalds flutningabraut 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls . . . . . 19000 —
64000 —
26. — — B. 4. Fyrir »68000«, komi: 70000.
27. — — - 4. Athugasemdin orðist þannig:
Til vegabóta í Suðuramtinu 8000
— —— - Vesturamtinu 20000
— —— - Norðuramtinu 30000
— —— - Austuramtinu 12000
70000
28. — — — 6. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir hljóðandi þannig:
7. Tillag til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Keflavík 3000—3000 kr. gegn því, að jafnmikið fé verði lagt til vegarins annarsstaðar frá.
29. — — — 8. Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum Nr. 40. $^{6}/_{11}$ 1902, alt að 50000 kr. (f.á.)

30. 12. gr. C. 1. Í enda málsgreinarinnar um skilyrðin bætist: og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 fátækum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað.

Athugasemdin á eftir: »veiti ríkisþingið eigi — — — 1902 og 1903« falli burt.

31. 12. gr. C. 2. a. Liðurinn orðist svo:

Í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring alt að 14200 kr. Samtalan út breytist eftir því.

32. 12. gr. C. 2. b. Aftan við aðra málsgrein athugasemdanna bætist: og Vestmannaeyja.

Orðið »og« á undan »Holtavara« falli burtu.

33. 12. gr. E. k. Liðurinn breytist þannig:

Til vita á Skipaskaga:

1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) 3000

34. 2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að . . . . 75—300

Athugasemdin um ljóskerið falli burt.

35. 13. gr. A. b. 2. Liðurinn orðist þannig:

Til bráðabyrgðauppbótar brauðum . . . . . 5000—5000 (athugasemdin óbreytt).

36. 13. gr. A. b. 4. Liðurinn falli burt.

37. — — — — 5. Sömuleiðis.

38. — — — — 6. Sömuleiðis.

39. — — — — 8. Sömuleiðis.

40. — — — —11. Fyrirsögn liðsins orðist þannig:

Til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að . . . . . , ...

41. — — — Á eftir 11. tölul. komi nýr liður:

12. Til séra Magnúsar Th. Magnússonar til þess að halda upp íslenzkri guðsþjónustu í Kaupmannahöfn tvisvar á mánuði 250—250 kr.

42. — — B. II. Inn í liðinn b. 4. bætist á eftir — — »læknaefnum«: alt að 100 kr. handa hverjum.

43. — — B. II. Á eftir b. 8. komi 2 liðir nýir þannig hljóðandi:

c. Til þess að kaupa Reykjavíkurspítala með lóð (fyrra árið) 15000 kr.

d. Til aðgerðar og viðhalds húsinu og nauðsynlegra gjalda af því . . . . . 1600—200

44. — — B. III. c. 4. fyrir »1050—1050» komi: 1200—1200

45. 13. gr. B. VI. a. 2. fyrir »300—300« komi: 500—500
46. — — — — — 3. fyrir »2200—2200« komi: 1500—1500
47. — — — — — 4. fyrir »2200—2200« komi: 1500—1500
48. — — — — — Á eftir þessum lið komi nýr liður (B. 6. a. 5.)
Til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 35 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að 3000—3000 kr.
49. — — — — g. fyrir »300—300« komi: 500—500
50. — — — — h. þessi liður falli burt.
51. — — — — i. þessi liður falli burt.
52. — — — — m. þessi liður falli burt.
53. 13. gr. B. VIII. Nýr liður þannig (undirliður undir VIII).
Til sama manns til þess að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis . . . . . 500 kr. (f. á.)
54. 13. gr. B. VIII. Í enda greinarinnar komi nýr liður (IX.) svo hljóðandi:
Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi . . . . . 2200—2200 kr.
Þar af laun hans á ári 1200 kr.
Ferðakostnaður eftir reikningi alt að . . 1000 — = 2200 kr.
55. 14. gr. A. 1. a. Fyrir: »2000« komi: 1700
56. — — — — c. Fyrir: »3500« komi: 4500
57. — — — — e. Fyrir: »800« komi: 1200
58. — — — — i. Fyrir: »5—7 e. m.« í athugasemdinni á eftir liðnum komi: 6—8 e. m.
59. 14. gr. A. 2. Á eftir liðnum og athugasemdinni komi nýr liður:
3. Til sýslubókasafna alt að 100 kr. til hvers, 1000—1000, gegn því að jafnmikið tillag komi annarsstaðar að, og að sendar séu skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.
60. 14. gr. A. 3. a. Fyrir: »1800—1800« komi: 1400 - 1400
61. — — — 8. Fyrir: »800« (fyrra árið) komi: 1000
62. — — — 13. Liðurinn falli burt.
63. — — — 14. Fyrir: »800—800« komi: 1000—1000
64. — — — — Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:
Til »Bindindissameiningar Norðurlands« 300—300 kr.
65. — — — 15. Á eftir þessum lið bætist nýr liður svo hljóðandi:
Til að gefa út dómasafn alt að 15 kr. fyrir hverja örk . . . . . 150—150 kr.
66. — — — 17. Fyrir: »300—300« komi: 600—600
Athugasemdin orðist svo:
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykja-

víkur veiti félaginu að minsta kosti tvo hluti á móts við landssjóðsstyrkinn:

Liðatalan breytist samkvæmt otanskrifuðum breytingum.

67. 14. gr. A. 18. Liðurinn falli burt.
68. — — — 19. Liðurinn falli burt.
69. — — — 20. Liðurinn falli burt.
70. — — — 21. Á eftir þessum lið (sem verður 20. liður) komi: nýir liðir:

21. Styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, alt að . . . . . kr. 1200—1200 kr. Af þessari upphæð greiðist 600 kr. hvort árið, sem ritlaun fyrir sögufræðilegar ritgerðir, 40 krónur fyrir hverja örk.

71. 22. Styrkur til séra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga (fyrra árið) . . . 1000 kr.

72. 23. Styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan (fyrra árið) . . . . . 1000 kr.

73. 24. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna . . . . . 600—600 kr.

74. 25. Styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis . . . . , 600—600 kr.

75. 26. Til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar (fyrra árið) . . . . . 1000 kr.

76. 27. Til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað (fyrra árið) . . . . 600 kr.

77. 14. gr. B. 1. a. 1. Fyrir: »2500« (fyrra árið) komi: 3500 —
78. — — — - - - Þar næst komi nýr liður, er svo hljóðar:
Til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu fyrir nemendur hans . . . . . 500—500 kr.
79. — — — - - 2. Fyrir: »2500« (fyrra árið) komi: 3500
80. — — — - - 3. Á eftir þessum lið komi nýr liður, er hljóðar þannig:
Til skólans að Ólafsdal . . . . . 3500—2500 kr.
Liðirnir undir B. 1. a. breytist samkvæmt þessu.
81. — — — - - d. Á eftir þessum lið komi nýr liður e, er svo hljóðar:
Til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis (fyrra árið) . . . . . 2000 kr.
82. — — — - - e. Fyrir þennan lið komi nýr liður, er hljóðar þannig:
Til ræktunarfélags Norðurlands 8000—8000 kr.
83. — — — - - f. Fyrir: »8650—7350« komi: 6000—5000.
84. — — — - - g. Fyrir: »2000—2000« komi: 5000—500c.

85. 14. gr. B. 1. h. Fyrir: »3000« fyrra árið komi: 4000
og við liðinn bætist þessi athugasemd:
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

86. 14 gr. B. 5. Fyrir þennan lið komi nýr liður, er hljóðar svo:
Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu . . . . . 78500—16000

87. 14. gr. B. 6. Liðurinn falli burt.

88. 14. gr. B. 7. Liðurinn falli burt.

89. 14. gr. B. 7. Hér komi nýr liður, sem verður 6. liður:
Til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í Norður- og Austuramtinu (fyrra árið) . . . . . 2000 kr.

90. 14. gr. B. 8. (sem verður 7. liður) fyrir: »1400—1455« komi: 5700—5200
Athugasemdin orðist þannig (innanstryks):
Til þess að koma upp tekniskum skóla í Reykjavík á ári . . . . . 4000 kr.
Til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári) . . . . . 1200 kr.
og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar . 500 kr.

91. 14. gr. B. 10. Liðurinn falli burt.

92. 14. gr. B, 12. Fyrir: »13500—4000« komi: 6500—3000.
Við liðinn komi þessi athugasemd:
Þar af laun forstöðumanns 2000 kr. á ári.

93. 14. gr. B. 13. Fyrir: »2400—2400« komi: 2000—2000
Töluliðatalan breytist samkvæmt ofanskrifuðum breytingum.

94. 14. gr. B. Á eftir 13. lið bætast við 3 nýir töluliðir svohljóðandi:

95. — — - 14. Styrkur til dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að kr. 10000,00 (fyrra árið). Styrkurinn veitist með því skilyrði að félagið verji að minsta kosti eins miklu fé til fyrirtækisins og styrknum nemur og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.

96. — — - 15. Styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að 15000,00 (fyrra árið).
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.

97. — — - 16. Styrkur til konsuls D. Thomsens í Reykjavík til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á akvegunum hér 2000 kr. (fyrra árið).

98. 19. gr. Aftan við greinina bætist:
Úr viðlagastjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga.

Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

98. Úr viðlagasjóði má lána skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal 18000 kr. gegn fyrsta veðrétti í jörðunum Ólafsdal, Belgsdal og Litla-Múla með öllum þeim húsum, mannvirkjum og kúgildum, er hann á á þessum jörðum. Lánið sé afborgunarlaust meðan lántakandi heldur sjálfur uppi búnaðarskóla í Ólafsdal, og ávaxtist með 4% árlega, en sé alt afturkræft með ársfyrirvara, ef hann hættir að veita skólanum forstöðu.

99. Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

100. 19. gr. Úr viðlagasjóði má verja alt að 50000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

101. Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavik gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

102. Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Agúst Flygenring alt að 20000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautiuni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

103. Sjávarbændum og hlutafélögum, er þeir eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6000 kr. til hvers skips og að eins, gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Alþingi 28. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Árni Jónsson. Hermann Jónasson. Jóh. Jóhannesson.

Stefán Stefánsson. Þórh. Bjarnarson.

Nd. **231. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um friðun fugla. Flm. Guðl. Guðmundsson.
Við 3. gr.: 1. Stafl. d. falli burt.
2. Aftan við staflið c. bætist:
Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl hverri í sínu héraði; þó má friðunartíminn eigi byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Nd. **232. Breytingartillögur**
við frumv. til laga um friðun fugla. Frá Skúla Thoroddsen.
Við 1. gr. Á eftir »steindeplar« bætist inn í: kríur.
Við 2. gr. Orðin: »kjóar . . . sefandir . . . fiskiendur, helsingjar og aðrar gæsategundir« falli burtu.
Við 4. gr. Í stað orðanna: »1 kr. sekt« komi: 2 kr. sekt.
Við 4. gr. Í stað orðanna: »alt að 20 kr. sekt« komi: alt að 40 kr.
Við 5. gr. Í stað orðanna: »1 kr. sekt« komi: 5 kr. sekt.
Við 5. gr. Í stað orðanna: »alt að 20 kr.« komi: alt að 50 kr.

Nd. **233. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Flutningsmenn: Björn Bjarnarson, Jón Magnússon, Skúli Thoroddsen, Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, Magnús Andrésson.
Í 1. gr. 13. lið: fyrir 2800 kr., komi: 3500 kr.

Nd. **234. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.
1. Við 1. gr. Á eftir orðunum: »Á hvalveiði«, komi: og síldarveiði með nót.
2. Við 1. gr. A eftir orðunum: »Eigandi laxveiði« — komi: og síldarútvegs.

Nd. **235. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög. Flutningsmaður Magnús Andrésson.

Eftir síðari málsgrein 1. greinar, orðin: »Eigandi laxveiði ber ábyrgð á, að aukaútsvarið sé greitt«, komi: enda hafi hann eigi, áður en lög þessi koma í gildi, leigt öðrum veiðina og gert um það skriflegan samning. Hafi hann það gert, ber hann ekki ábyrgð á greiðslu aukaútsvarsins þann tíma, sem leigusamningurinn nær yfir.

Nd. **236. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu.

Flutningsmenn: Magnús Andrésson. Lárus H. Bjarnason.

Á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **237. Frumvarp**

til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúrumboð. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Fyrsti kafli.

Verzlanaskrár.

1. gr. Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar.

2. gr. Tilkynning til innritunar í verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestir af nótarius.

3. gr. Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

4. gr. Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgi skjöl hennar.

Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

5. gr. Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.

6. gr. Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og eiga dómstólar þá að fella úrskurð um, hvort afmá skuli tilkynninguna.

7. gr. Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi nema atvik séu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það né til þess verði ætlazt af þeim.

Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

Annar kafli.

Firmu.

8. gr. Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (*firma*).

9. gr. Firma eins manns skal vera fult nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

Firma félags þess, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minsta kosti hafa nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp á það.

Firma samlagsfélags skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlags-hluta-félag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.

Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera.

10. gr. Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gjörð á henni.

Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

11. gr. Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns

með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gjört aðra ráðstöfun.

12. gr. Nú gjörist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefir eigi gjört aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

13. gr. Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskifti hafi orðið.

Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan.

14. gr. Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað.

15. gr. Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni.

16. gr. Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna áður en atvinnurekstur hefst; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útbú), er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útbúið ekki í sama umdæmi, sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má, eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Útbú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins, annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

17. gr. Þegar firma eins manns er tilkynt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fult nafn hans og heimili;
2. tegund atvinnunnar; og
3. það bæjar eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.

18. gr. Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. fult nafn og heimili allra félagsmanna;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitar-félag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er,

og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað;

4. hver hafi rétt til þess, svo og hvort að eins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess.

Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það alment samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþyktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gjörð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra.

19. gr. Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.
4. Upphæð framboðins hlutafjár og skifting þess í hluti;
5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;
7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum;
8. fult nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

20. gr. Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

21. gr. Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynningu um þetta svo fljótt sem unt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþyktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykt og senda eitt eintak af henni.

Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess

að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breyt inguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

Þegar atvinna flytzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskr , eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðila krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiftaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiftanna.

22. gr. Um leið og firma er tilkynt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynt verið.

23. gr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr. eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

24. gr. Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál

Þriðji kafli.

Prókúra.

25. gr. Ef firma-hafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir hönd umbjóðanda að annast alt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúru-hafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

26. gr. Prókúru má veita fleiri mönnum en einum þannig, að þeir að eins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

27. gr. Umboð prókúru-hafa samkvæmt 2. grein má ekki binda við ákveðin tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

28. gr. Þegar prókúru-hafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.

29. gr. Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

30. gr Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

31. gr. Umbjóðandi getur tilkynt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef tilkynning er gefin af firma-hafa, en

eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimtað er í 25. og 26. gr.

Um leið og prókúra er tilkynt, skal prókúru-hafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

32. gr. Sé tilkyntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynt og tekið upp í verzlanaskrána.

Fjórði kafli.

Almenn ákvæði.

33. gr. Við framkvæmd laga þessara skal það athugað er hér segir:

a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru 1 eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná, eða hlutafé það, sem tilkynt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag.

c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

34. gr. Þegar firma-hafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útbú á öðrum stað og stjórn útbúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað, og skoða skrifstofu útbúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

35. gr. Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslu-félög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða banka-störf, miðlunarstörf við veruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög.

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru félög, er samþyktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

36. gr. Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning félags, samkvæmt 16. gr. . . . . kr. 8.00

Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) . . . . . — 4.00

Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. . . . . — 2,00

og þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sé hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald.

Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald.

Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast . . . . . kr. 4,00

Fyrir eftirrit af einni tilkynningu . . . . . — 2,00

Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma . . . . . — 0,80

Heimilt er öllum yfirvöldum, að krefjast ókeypis eftirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð.

37. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir:

1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: »takmörkuð ábyrgð« eða »limitað«, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

Nd.

238. Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir, fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Hrísa í Eyjafjarðarsýslu	Kr. 2100 00
2.	Skáldalæk í sömu sýslu	— 1800 00
3.	Syðra-Garðshorn í sömu sýslu	— 2600 00
4.	Ytra-Garðshorn í sömu sýslu	— 1900 00
5.	Grund í Svarfaðardal í sömu sýslu	— 3200 00

6. Tjarnargarðshorn í sömu sýslu . . . . . — 2100 00
7. Ytra-Holt í sömu sýslu . . . . . — 2400 00
8. Möðruvelli í Hörgárdal í sömu sýslu . . . . . — 11000 00
9. Þórustaði í Kaupangssveit í sömu sýslu . . . . — 2800 00
10. Munaðarhól í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu . — 2800 00
11. Seljaland í Vestur-Skaptafellssýslu . . . . . — 1500 00
12. Ægissíðu í Húnavatnssýslu . . . . . — 2700 00
13. Kirkjubæjarklaustur í Vestur-Skaptafellssýslu . . — 4500 00

Landssjóði er áskilinn forkaupsréttur að Möðruvöllum í Hörgárdal, ef jörðin verður seld.

2. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fé.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1905.

Ed.

239. Frumvarp

til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hvert það skip, sem flytur farþega frá Íslandi til útlanda á óæðra farrúmi, skal vera háð eftirliti lögreglustjórnarinnar, en »óæðra« er farrúmið, ef það er lakara en 2. farþegarúm á millilandaskipum þeim, er landsstjórnin notar. Skal það að minsta kosti vera fullnægjandi skilyrðum þeim, sem sett eru í 10.—12. gr. laga um tilsjón með útflutningum frá 14. janúar 1876.

2. gr. Skipstjóri má ekki taka við farþegum í óæðra farrúm, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á, til að taka slíka farþega, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltaka, hve marga farþega megi taka í farrúmið, enda hafi lögreglustjóri áður sannreynt á þann hátt, er 7. gr. nefndra laga frá 14. janúar 1876 tiltekur, að farrúmið fullnægi skilyrðum þeim, sem því er sett að framan.

Skipstjóra ber að heimta af þeim, sem selja farbréf til flutnings á óæðra farrúmi, tvírítaða skrá yfir alla þá, sem þeir hafa selt slík farbréf. Skráin skal vera útbúin eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi semur, og skal sá, er farbréfin seldi, rita neðan á hana æru og samvizku vottorð um, að hann hafi eigi selt fleiri farbréf en skráin greinir.

3. gr. Á síðustu höfn, sem skipstjóri leggur frá til útlanda, skal lögreglustjóri sannprófa, að ekki fari á óæðra farrúmi fleiri en veitt var leyfi til á

hinni fyrstu höfn að taka mætti á skipið, enda afhendi skipstjóri lögreglustjóra í því skyni annað eintakið af skrá þeirri, er ræðir um í næstu grein á undan, með árituðu æru og samvizku vottorði sínu um, að farþegar séu ekki fleiri en taldir eru á skránni.

4. gr. Brot á lögum þessum varða skipstjóra alt að 500 kr. sekt, er renni í landssjóð, og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál.

Ed. **240. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir, eða meira, að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Undanþegin þessari skyldu eru þó herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr. Hafnsögugjaldið greiðist eftir taxta þeim, er nú gildir um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, eða síðar kann settur að verða.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed. **241. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitafélög.

Nefnd sú, er hin háttvirta efri deild kaus til að íhuga frumvarp þetta, hefur rætt það á fundum sínum og sannfærzt um, að frumvarpið hefði mikla þýðingu fyrir heilbrigðismálefni landsins, ef það yrði að lögum.

Neðri deild alþingis 1902 skipaði nefnd til þess að hugleiða ráðstafanir gegn berglaveiki hér á landi, og tók nefnd þessi það fram í nefndaráliti sínu að æskilegt væri, að lög frá 13. sept. 1901 um heimild til að gjöra heilbrigðissamþyktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum, yrðu rýmkuð svo, að samþyktir um heilbrigðismálefni mætti einnig gjöra til sveita.

Stjórnin hefir tekið þessar bendingar berklaveikisnefndarinnar til greina, og því lagt frumvarp þetta fyrir þingið.

Vér álítum að frumvarpið sé vel úr garði gjört frá stjórnarinnar hendi, og því eigi fundið ástæðu til að breyta öðru en orðalagi á 3. málsgrein í 1. gr.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfylgjandi breytingu:

BREYTINGARTILLAGA.

Í stað »Fyrir hreppana — verði komið á« komi: Að því, er hreppana snertir, gjörir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir

allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar o. s. frv. (frv.gr.).

Efri deild alþingis, 28. júlí 1903.

J. Jónassen, form. og framsögumaður. Þorgr. Þórðarson, skrifari. Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **242. Breytingartillaga**

við frv. til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga. Frá nefndinni í fiskiveiðamálinu.

Við 1. gr. Orðin: »í síðasta lagi fyrir lok janúarmánaðar« falli burtu.

Ed. **243. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson, Guttormur Vigfússon, Sigurður Jensson.

Í 4. gr. eftir 1. tölul. bætist inn nýr liður svo hljóðandi:

Til borgunar á eftirstöðvum skulda fyrir brúargerð yfir Laxá á þjóðveginum með fram Hrútafirði að vestanverðu . . . 809 kr. 3 aurar.

2. tölul. verði 3. o. s. frv.

Nd. **244. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 216. Frá fjárlaganefndinni.

Í stað orðanna í annari gr. »af verkfræðing landsins — mati skoðunarmanna« komi: »af verkfróðum manni, er landstjórnin tilnefnir, og tveim mönnum kosnum af hlutaðeigandi sýslunefnd, og teljist brautirnar ekki í gildu standi, skal gera að þeim, sem þarf, á kostnað landssjóðs.

Ed. **245. Frumvarp**

til laga um lyfjasölu héraðslækna. Flm. J. Jónassen.

1. gr. Í þeim læknishéruðum, þar sem ekki er löggilt lyfjabúð, hefir héraðslæknirinn einkarétt til þess að láta af hendi fyrir borgun læknislyf þau, sem lyfsalar hafa einkarétt til að selja eftir gildandi lögum, en gæta verður hann þess, er fyrir er mælt í 18. gr. í erindisbréfi héraðslækna 25. febr. 1824.

Þó skal öðrum læknum, sem rétt hafa til lækninga, heimilt að láta af hendi

fyrir borgun meðöl þau, er þeir sjálfir ráðleggja sjúklingum, ef þeir hafa fengið lyf þessi hjá héraðslækninum eða einhverjum lyfsala innanlands.

2. gr. Nú er lyfjabúð löggilt í læknishéraði, þar sem hún ekki hefir verið áður, og á héraðslæknir þá ekki rétt til skaðabóta fyrir missi réttinda, sem um ræðir í 1. gr.

3. gr. Hver, sem gjörir sig sekan í ólöglegri meðalasölu, skal sæta sektum frá 50—500 kr., sem fellur til landssjóðs, og sé brot endurtekið skal meðalaforði auk þess upptækur. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Ed. **246. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga 1902—1903.

Flutningsmenn: J. Havsteen, Eiríkur Briem, Guðjón Guðlaugsson.

1. Ný 2. gr. bætist inn þannig:
   »2. gr. Aðflutningsgjald af tollskyldum vistaforða, er landmælingadeild hins danska herstjórnarráðs hefir flutt inn 1902—1903, til afnota við störf sín hér á landi, kr. 252.25 a., fellur burt«.
2. Greinatalan breytist þessu samkvæmt, svo og tilvitnanin í 1. gr.
3. Upphæðin í 1. gr. »500 kr.« verði »752 kr. 25 a.«
4. Í 1. gr. bætist inn á eftir »í 2«: »og 3«.

Ed. **247. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Frá landshöfðingja.

Aftan við frumvarpið bætist ný grein svo látandi:

Lán það, sem var veitt þáverandi forstöðumanni Möðruvallaskólans 8. júní 1883 að upphæð 1000 kr. til vegagjörðar frá Gæsum að Möðruvöllum í skólans þarfir, og sem nú er að eftirstöðvum kr. 446,57, fellur burtu frá 8. júní 1902.

Ed. **248. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Undirskrifuð nefnd hafði frv. þetta til meðferðar í byrjun þings, og var það þá samþykt af h. e. d., og afgreitt til h. n. d. En nú hefir h. n. d. gjört breytingar á frv., og það því komið hingað aftur.

Breytingarnar eru þessar:

1. Felt hefir verið aftan af 1. grein þetta ákvæði: »Hafi félagið engan erind reka eða fulltrúa hér á landi, skal ábyrgðarmaður blaðs þess, sem birtir auglýsingar fyrir félagið hér á landi, sæta sektunum, eða að öðrum kosti prentari sá, sem prentar þær«. Að vísu sjáum vér eigi, að það hafi verið nægilega rökstutt, að fella þessa klausu úr frumvarpinu, með því að hún átti að tryggja það, að ætíð væri hægt, að halda sér að einhverjum hér á landi, ef brotið væri gegn lögunum, en nú verður það eigi hægt, ef félagið eigi á heimilisfang hér á landi, og hefir eigi erindreka eða fulltrúa hér. — En þó viljum vér eigi leggja það til, að ákvæðið verði tekið upp aftur breytt eða óbreytt ofan í ályktun n. d., enda ætlum vér, að mjög sjaldan muni koma til þess, að ábyrgðarfélög starfi hér á landi, án þess að hafa hér erindreka eða fulltrúa.
2. Í hv. Nd. hefir verið bætt nýrri grein við frv., sem er 5. gr. frv. Þar sem þessi grein leggur þá skyldu á fastar verzlanir, kaupfélög og pöntunarfélög, að láta árlega í té skýrslur um allar skuldir, er verzlanirnar eða félögin eiga útistandandi hjá landsmönnum, svo og inneign landsmanna hjá þeim, blandast oss eigi hugur um, að ákvæði þetta mundi verða ákaflega óvinsælt hjá allri verzlunarstéttinni, að það mundi verða mjög hæpið, að skýrslur þessar nokkru sinni gætu fengizt sæmilega áreiðanlegar, og að það verður að telja það óráðlegt, að hið opinbera blandi sér þannig og svo mjög inn í viðskifti einstakra manna, — nema brýna nauðsyn beri til. — Vér viljum eigi mæla með þeirri stefnu í löggjöfinni.

Samkvæmt þessu leggjum vér það til að frumv. verði samþykt með þeirri *breytingu:*

að 5. gr. falli burt.

Efri deild alþingis, 29. júlí 1903.

Eiríkur Briem,	Kristján Jónsson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Sigurður Jensson.

Nd. **249. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (þskj. 238). Flutningsmenn: H. Hafstein, Þórh. Bjarnarson, Jóh. Jóhannesson, Einar Þórðarson, Pétur Jónsson, Björn Bjarnarson.

1. Við tölulið 5: fyrir . . kr. 3200 komi: . . kr. 3000
2. — — 8: — . . — 11000 — : . . — 10000

Aftan við 9. tölulið komi nýir töluliðir:

3. 10. Böggversstaðir í sömu sýslu . . . kr. 8500
4. 11. Reykhús í sömu sýslu . . . . . — 1050
5. Við tölulið 10., sem verður 12. töluliður:
   fyrir . . . kr. 2800 komi: . . — 3200

Tala töluliðanna á eftir breytist samkvæmt þessu.

Nd. **250. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í landbúnaðarmálefnum. Frá landbúnað arnefndinni.

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga til að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins, og semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga, er lagt verði fyrir alþingi 1905.

2. Alþingi skorar á landsstjórnina, að leggja fyrir embættismenn og sveitarstjórnarvöld landsins, að láta nefndinni í té allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er unt og nefndin kynni að óska eftir.

Nd. **251. Frumvarp**

til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Eggert Pálsson, Ólafur Ólafsson, Jón Magnússon og Þórh. Bjarnarson.

Endurborgun á eftirstöðvum láns þess úr landssjóði Íslands til brúar á Ölfusá, er samkvæmt lögum nr. 3, 3. maí 1889 2. og 3. gr. sbr. lög 6. nóv. 1902, hvíla á sýslufélögum Árness og Rangárvallasýslna og jafnaðarsjóði Suðuramtsins fellur niður að öllu leyti frá 6. septbr. 1904.

Ed. **252. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls (þgskj. 205). Frá Kristjáni Jónssyni.

Á eftir: »6. nóv. 1902« í 1. málslið komi: þó þannig, að Reykjavíkurkaupstaður njóti forkaupsréttar.

Nd. **253. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga. Flutningsmenn: H. Hafstein, Lárus H. Bjarnason, Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson, Hermann Jónasson, Björn Bjarnarson.

1. 2. gr. orðist þannig:

Hver sá maður eða félag, sem gerir út þilskip til veiðiskapar eða vöruflutninga, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skip, fyr en skoðunargerð hefir fram farið eftir lögum þessum.

2. Við 3. gr. Eftir fyrstu málsgrein, á eftir orðunum: »föng eru á«, komi svolátandi málsgrein:

Nú vill skipsútgerðarmaður fá skoðunargjörð framkvæmda, og skal hann þá snúa sér til skipskoðunarmanns á þeim stað, er skipið á að leggja út frá, með skriflegri beiðni um skoðunina, og jafnframt skýra frá, hve margir skipverjar er ætlazt til að verði á skipinu; skal hann sjá um, að skoðun fram fari tafarlaust

Ed.

254. Frumvarp

til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur að Geysi hvílir á landssjóði að öllu leyti, svo og viðhald annara flutningabrauta, að svo miklu leyti sem þær liggja um fjöll eða óbygðir. Viðhaldskostnað flutningabrauta, sem í bygð liggja, skal greiða að hálfu leyti úr landssjóði, en að hálfu leyti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði þeirrar sýslu, sem sá hluti flutningabrautarinnar, sem gjört er við, liggur í.

2. gr. Flutningabrautir þær, sem sýslusjóðir eða sýsluvegasjóðir eiga að kosta viðhald á til móts við landssjóð, skulu, áður en sú breyting, er ræðir um í 1. gr., kemst á, vera skoðaður af verkfróðum manni, er landsstjórnin tilnefnir, og tveim mönnum kosnum af hlutaðeigandi sýslunefnd, og teljist brautirnar ekki í gildu standi, skal gera að þeim, sem þarf, á kostnað landssjóðs.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1905.

Ed.

255. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Af hvalafurðum skal greiða útflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis	kr. 2,00
2.	Af hverjum 100 pd. af hvalkjötsmjöli	— 0,50
3.	Af hverjum 100 pd. af hvalguano	— 0,25
4.	Af hverjum 100 pd. af hvalbeinamjöli	— 0,25

2. gr. 1. gr. laga 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum er úr lögum numin.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed.

256. Frumvarp

til laga um sameining forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Forstöðumannsembættið við prestaskólann skal sameinað biskupsembættinu, þegar biskupsembættið losnar, og skal jafnframt ákveða með konunglegri tilskipun, hver störf biskupinn skuli hafa á hendi.

2. gr.

Embættið skal launað með 5000 kr. árslaunum, og leggist því auk þess 500 kr. ári sem skrifstofufé handa biskupnum.

Ed.

257. Frumvarp

til laga um kennaraskóla í Reykjavík. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík, og má verja til húss og muna alt að 40,000 krónum úr landssjóði.

2. gr. Skólinn sé jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr. Skólaárið sé frá 1. október til 14. maí; þrjár ársdeildir séu í skólanum, en jafnframt sé kenslunni svo hagað, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sér af á einum vetri.

4. gr. Kenslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka og danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó allra helzt að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar.

Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr. Við skóla þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2600 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr., og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

6. gr. Ráðherrann hefir á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugjörð hans.

7. gr. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Nd.

258. Skrá

um beiðslur, umsóknir og erindi, sem komið hafa fyrir fjárlaganefnd neðri deildar alþingis 1903.

1. Beiðni frá mag. Benedikt Gröndal um að halda framvegis þeim vísindastyrk, sem hann hefir haft hingað til.
2. Beiðni frá báta-ábyrgðarfélagi Ísfirðinga um að þær 4000 kr., sem þingið veitti til þilskipaábyrgðar á Vestfjörðum árið 1893, verði veittar félaginu sem varasjóður.
3. Umsókn frá Jóni G. Sigurðssyni um styrk úr landssjóði til byggingar þjóðjörðunni Laug í Biskupstungum.
4. Beiðni frá hreppsnefnd Laxárdals i Dalasýslu um styrk til vegarlagningar frá Heiðarbrekkum að Búðardal.
5. Beiðni frá séra Árna Þorsteinssyni á Kálfatjörn, að því prestakalli verði veitt 125 kr. uppbót fyrir næsta fjárhagstímabil.
6. Skýrslur frá Stefáni tréskurðarmanni Eiríkssyni um teikni- og skurðkenslu.
7. Beiðni frá Þóru Melsted um að styrkur sá, sem kvennaskólanum í Reykjavík er veittur til heimilisiðnaðar, verði færður upp í 600 kr.
8. Beiðni frá prestinum á Stað í Grindavík um uppbót fyrir skemdir á túni og varnargörðum staðarins.
9. Beiðni Indriða Benediktssonar í Liverpool á Englandi um 1800 kr. á ári til verzlunarerindrekastarfa og rannsókna á markaði fyrir íslenzkar vörur.
10. Beiðni frá séra Vilhjálmi Briem á Staðastað um að verða undanþeginn árgjaldi af brauðinu.
11. Beiðni frá séra Arna Þórarinssyni Miklaholtspresti sama efnis.
12. Erindi frá amtmanni Vesturamts viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hvanneyri

13. Beiðni frá cand. mag. Helga Péturssyni um 1000 kr. til jarðfræðisrannsókna.
14. Beiðni frá formanni náttúrufræðisfélagsins um 800 kr. styrk handa félaginu á ári.
15. Erindi frá þingmönnum Árnesinga um 5000 kr. fjárveiting til gistihússbyggingar við Hólmsbrú.
16. Erindi frá hinum sömu um vita á Loftsstaðahól í Árnessýslu.
17. Erindi frá þingmanni Borgfirðinga um vita á Akranesi.
18. Beiðni frá Sighvati Bjarnasyni bankabókara um eftirlaun handa Sigurveigu Jóhannesdóttur, ekkju Jóns vitavarðar Gunnlaugssonar.
19. Beiðni frá cand. Ásgeiri Torfasyni um efnarannsóknastofnan.
20. Erindi frá samgöngumálanefnd um fjárveitingar til gufubátaferða (15000 kr. á Faxaflóa, 10000 kr. á Breiðafirði, 3500 kr. á Ísafirði og Eyjafirði).
21. Erindi frá sömu nefnd um strandferðirnar.
22. Erindi frá mentamálanefndinni um að veita Guðmundi cand. mag. Finnbogasyni alls 2400 kr. á ári.
23. Beiðni frá Birni lækni Blöndal um 991 kr. 70 a. launauppbót.
24. Erindi frá þingmanni Snæfellinga um Elliðaeyjarvitann.
25. Erindi frá póstmeistara um geymsluhús handa póstkoffortum.
26. Erindi frá þingmanni Snæfellinga um 7000 kr. til hafskipabryggju í Stykkishólmi.
27. Erindi frá sama um 1000 kr. til sumarskóla í Ólafsvík.
28. Erindi frá þingmönnum Múlsýslinga um 2000 kr. til sjúkraskýlis á Brekku í Fljótsdal.
29 Beiðni frá Vestur-Skaptfellingum, ásamt erindi þingmanns þess kjördæmis, um styrk til vatnsveitinga í Meðallandi.
30. Beiðni frá Guðmundi héraðslækni Björnssyni um 500 kr. styrk handa frú Björgu Blöndal í Khöfn til þess að gefa út þýðing á danskri bók um »mat og drykk«.
31. Erindi frá landlækni viðvíkjandi spítalahúsinu í Reykjavík.
32. Beiðni frá Stefáni Björnssyni um 600 kr. styrk í tvö ár til þess að fullkomna sig í tréskurðarlist.
33. Beiðni frá leikfélagi Reykjavíkur um 2000 kr. styrk árlega.
34. Beiðni frá Þórarni málara Þorlákssyni um 1000 kr. styrk til fullkomnunar í »fagteikningu«.
35. Beiðni lúðrafélagsins í Reykjavík um 1000 kr. styrk á ári.
36. Beiðni frá lærisveinum Möðruvallaskólans árin 1901—1902 og 1902—1903 um húsaleigustyrk m. m. fyrir síðastliðinn vetur á Akureyri.
37. Beiðni frá Erlendi Þórðarsyni o. fl. um 20000 kr. lán úr viðlagasjóði til tóvinnuvéla við Varmá í Ölfusi.
38. Beiðni frá ekkjufrú Sigríði Þorkelsdóttur um 300 kr. eftirlaunaviðbót.
39. Beiðni frá héraðslæknisekkju Magneu Ásgeirsson um 300 kr. árlegan framfærslustyrk fyrir sig og barn sitt.
40. Beiðni frá Hannesi Hanssyni pósti um 300 kr eftirlaun.
41. Beiðni frá skipstjóra Matthíasi Þórðarsyni um 600 kr. styrk hvort árið til þess að rannsaka og gefa leiðbeiningar um fiskiveiðamál.
42. Beiðni frá þilskipaeigendum við Faxaflóa um 10000 kr. styrk til dráttbrautar (Patent slip).
43. Beiðni frá Jóni söðlasmið frá Hlíðarendakoti um 300 kr. fjárveitingu handa sér hvort árið sem viðurkenningu fyrir ritgerðir hans um fiskiveiðar.
44. Beiðni frá Jóhannesi snikkara Reykdal um alt að 8000 kr. láni úr viðlagasjóði til að koma upp trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði.

45. Beiðni frá yfirkennara Steingr. Thorsteinsson um c. 160 kr. hækkun á tímakenslufé til lærða skólans.
46. Erindi frá ingeniör Jóni Þorlákssyni til alþingis um rannsókn á byggingarefnum og leiðbeining í húsagerð.
47. Beiðni frá forstöðunefnd kvennaskólans á Blönduósi um 5500 kr. styrk til skólans hvort árið.
48. Bréf frá sýslumanni Húnavatnssýslu snertandi styrkveitingar úr landssjóði til kvennaskólans á Blönduósi.
49. Beiðni frá adjunkt Bjarna Sæmundssyni um 800 kr. styrk hvort árið til fiskirannsókna.
50. Beiðni frá Jóni Gunnarssyni fyrir hönd stórkaupm. J. P. T. Bryde's um 30000 kr. lán úr landssjóði til að byggja dráttarbraut í Hafnarfirði.
51. Beiðni frá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal um alt að 20000 kr. láni úr landssjóði.
52. Beiðni frá félaginu »Bindindissameining Norðurlands« um 500 kr. styrk til eflingar bindindi.
53. Beiðni frá vélfræðing Ólafi Hjaltested um 10000 kr. lán úr landssjóði til þess að koma á fót vélaverksmiðju í Reykjavík.
54. Beiðni frá »Verksmiðjufélaginu á Akureyri« um 15000 kr. styrk eða 50000 kr. lán til að koma upp klæðaverksmiðju.
55. Beiðni frá Ásgrími Jónssyni um 600 kr. styrk hvort árið til að fullkomna sig í málaralist erlendis.
56. Beiðni frá séra Einari Thorlacius um 200 kr. árlega til að friða skóglendi á prestssetrinu Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.
57. Beiðni frá cand. phil. Guðm. Guðmundssyni um 600 kr. styrk hvort árið til að geta lokið við ljóðverk sitt »Strengleikar« o. fl.
58. Beiðni frá séra Bjarna Þorsteinssyni um 1000 kr. styrk til að fara til Khafnar til þess að fullkomna söfnun þeirra íslenzkra þjóðlaga, er finnast þar í handritum.
59. Beiðni frá cand. phil. Jóni Jónssyni sagnfræðing um 2000 kr. árlegan styrk til að rita sögu einokunarverzlunarinnar á Íslandi og halda opinbera fyrirlestra í Reykjavík um efni úr sögu Íslands.
60. Áskorun frá fjöldamörgum Reykjavíkurbúum til alþingis um að veita cand. phil. Jóni Jónssyni sagnfræðing framvegis styrk til að halda fyrirlestra um Íslandssögu.
61. Beiðni frá Stúdentafél. í Reykjavík um 1000 kr. styrk á ári um næsta fjárhagstímabil til alþýðufræðslu.
62. Beiðni frá Guðm. Magnússyni prentara um 1200 kr. ferða- og mentastyrk.
63. Beiðni frá organista Hallgr. Þorsteinssyni á Sauðárkrók um 200 kr. styrk til að fullkomna sig í söngfræðisþekkingu.
64. Skýrsla um alþýðufræðslu Stúdentafélagsins.
65. Beiðni frá vélfræðing Halldóri Guðmundssyni um 500 kr. ferðastyrk til að kynna sér notkun vatnsaflsins til framleiðslu rafurmagns.
66. Beiðni frá Ræktunarfélagi Norðurlands um styrk til félagsins.
67. Beiðni frá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal um alt að 3500 kr. styrk til Ólafsdalsskólans.
68. Beiðni frá Rögnvaldi cand. philos. Ólafssyni um 700 kr. styrk á ári til að halda áfram námi í húsagerðarlist við tekniska skólann í Khöfn.
69. Beiðni frá Iðnarmannafélagi Ísfirðinga um 1200 kr. styrk til þess að senda mann til út landa til að læra að gera við steinolíuvélar (Motora).
70. Beiðni frá Jóni Bjarnasyni um 200 kr. uppbót úr landssjóði fyrir skemdir á ábúðarjörðu hans Skorrastöðum í Norðfirði.

71. Beiðni frá Arna Davíðssyni um 150 kr. uppbót úr landssjóði fyrir skemdir á ábúðarjörð hans Grænanesi í Norðfirði.
72. Beiðni frá Bergi Einarssyni um 400 kr. styrk til þess að fullkomna sig í sútaraiðn í Danmörku.
73. Beiðni frá nokkrum búendum á Austurdal í Skagafjarðarsýslu um fjárstyrk til þess að koma á kláfdrætti á Jökulsá hinni eystri.
74. Beiðni frá Búa Ásgeirssyni á Stað í Hrútafirði um 1000 kr. styrk til að húsa svo bústað sinn, að hann geti veitt ferðamönnum viðunanlega gistingu.
75. Beiðni frá ungfrú Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um 600 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil til þess að kenna kvenfólki ókeypis leikfimi í Reykjavík.
76. Beiðni frá Páli Þorkelssyni um 3000 kr. fjárstyrk til þess að gefa út fullnægjandi sýnishorn af teiknmáli (Ideografi).
77. Beiðni frá Sighvati Grímssyni Borgfirðing um 600 kr. styrk til að rannsaka og afrita óprentuð handrit viðkomandi íslenzkum prestaæfum.
78. Beiðni frá héraðslækni Georg Georgssyni um 1500 kr. styrk til utanfarar til að fullkomna sig í handlækningum og kynna sér meðferð á berklaveiki.
79. Beiðni frá Steinunni Árnadóttir um 600 kr. styrk hvort árið til að nema tannlækningar í Kaupmannahöfn.
80. Beiðni frá Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík um 1200 kr. styrk til utanfarar, til að ná fullkomnun í skipa- og bátasmíðum.
81. Beiðni frá Jóni Vigfússyni í Borás í Svíþjóð um 2000 kr. styrk til náms við tekniskan iðnaðarskóla í Svíþjóð.
82. Beiðni frá Þorfinni Jónssyni í Tryggvaskála um 100 kr. styrk til að koma upp skýli fyrir ferðamenn og hesta þeirra.
83. Beiðni frá Hólmgeir Jenssyni um 800 kr. styrk á ári til að halda áfram dýralækningum í norðurhluta Vesturamtsins.
84. Beiðni frá Þorkeli Hreinssyni um 300 kr. árlegan styrk handa dóttur sinni, sem dvelur á vitfirringastofnuninni Karensminde.
85. Beiðni frá Magnúsi organista Einarssyni á Akureyri um, að fá að halda 300 kr. styrk sínum til að kenna ókeypis orgelspil og kirkjusöng.
86. Beiðni frá séra Jóni Jónssyni á Stafafelli um 100 kr. bráðabyrgðauppbót á ári fyrir tekjumissi.
87. Beiðni frá séra Stefáni M. Jónssyni á Auðkúlu í Húnavatnsprófastsdæmi um 300 kr. launauppbót.
88. Beiðni frá Karli Finnbogasyni um 500 kr. styrk til að ljúka námi sínu á kennaraskóla í Khöfn.
89. Beiðni frá Sigurði Sigurðssyni um 500 kr. styrk til að ljúka námi sínu á kennaraskóla í Khöfn.
90. Erindi og skýrsla frá búnaðarskólanum á Eiðum.
91. Beiðni frá Konráði stúdent Stefánssyni um 800 kr. styrk á ári til að nema rafmagnsvélafræði.
92. Beiðni frá Stefáni Pálssyni um 800—1000 kr. styrk til að læra að gera við áttavita.
93. Beiðni frá stórtemplar Good-Templara (Þórði héraðslækni Thoroddsen) um 4000 kr. til félagsins til bindindis útbreiðslu.
94. Beiðni frá Jóni Helgasyni á Seyðisfirði til að fullkomna sig í lýðháskólamentun.
95. Beiðni frá Sigfúsi stúdent Einarssyni um 800 kr. styrk á ári til að fullkomna sig í söng-list.

96. Erindi frá Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík með beiðslum ýmsra iðnaðarmanna (Þorkels Þorkelssonar, Jóns Gíslasonar o. fl.), og um iðnaðarskóla í Reykjavík.
97. Beiðni frá Eyfirðingum um 45000 kr. til skipakvíar á Eyjafirði.

Nd. **259. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

Máli þessu, sem komið er frá hinni h. Ed., hefir verið vísað til undirritaðrar nefndar, er sett var í kosningarlagamálinu.

Nefndin hefir ekkert að athuga við orðfæri frumvarpsins og getur einnig eftir atvikum fallist á efni þess. Hún lítur svo á, að þessi skipun, sem farið er fram á í frumvarpinu, muni yfirleitt vera hagfeldust og fyrirhafnarminst, þegar til þess kemur, að kjósa þá 4 nýju þingmenn, sem bætast eiga við samkvæmt breytingu á stjórnarskránni. En það er eindregin skoðun nefndarinnar, að þessi kjördæmaskipun, sem hér ræðir um, sé einungis til bráðabirgða, og geti ekki og eigi ekki að vera neitt bindandi fyrir það, hvernig hinni almennu kjördæmaskipun verður fyrir komið, eða hvernig á sínum tíma verður ákveðið um tölu þingmanna úr hverjum landsfjórðungi.

Sérstaklega vill formaður nefndarinnar taka það fram, að hann áliti miklu réttara, að einn eða fleiri af þessum 4 þingmönnum hefði verið settur á landsveitakjördæmi, heldur en að hafa þá alla í kaupstöðunum. En þó fylgir hann nefndinni að því máli, að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 30. júlí 1903.

Hannes Þorsteinsson, form. Árni Jónsson, skrifari og framsögum. Jón Magnússon.
Björn Kristjánsson. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **260. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Sýslunefndum veitist vald til þess, að áskildu samþykki amtsráðs, að hækka fyrir eitt ár í senn sýsluvegagjaldið samkvæmt 11. gr. laga um vegi frá 13. apríl 1894 úr 1 kr. 25 aur. upp í alt að 2 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann.

Hreppsnefndum veitist sama vald, að áskildu samþykki sýslunefndar, að því er snertir hækkun á hreppavegagjaldi samkvæmt 17. gr. nefndra laga.

Ed. **261. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir, eða meira, að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Undanþegin þessari skyldu eru þó herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr. Hafnsögugjaldið greiðist eftir taxta þeim, er landsstjórnin setur eftir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefir það lögtaksrétt.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **262. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 14. gr. Á eftir 14. gr. A 21 komi nýr liður svohljóðandi:
Styrkur til Sighvats Gr. Borfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta, fyrra árið 400 kr.

Við 16. gr. Á eftir orðin »til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 250 kr.

Nd. **263. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (þgskj. 238). Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 10. Töluliðurinn falli burt.
2. Við 1. gr. 12. Fyrir 2700 komi: 2900.

Nd. **264. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (þskj. 249). Frá nefndinni.

1.	Við 3. tölul.	Fyrir	. .	kr.	8500	komi:	. . . .	kr.	10,000
2.	— 4. —	—	. .	—	1050	— :	. . . .	—	1100

Nd. **265. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen og Birni Kristjánssyni.

Við 14. gr. Á eftir 14 .gr. B 8 komi nýr liður svo látandi: Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar, fyrra árið . . . . . 800 kr.

Nd. **266. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen og Birni Kristjánssyni.

Við 14. gr. Á eftir 14. gr. A 12. komi nýr liður svo hljóðandi: Til Þorsteins Erlingssonar skálds 600 kr. 600 kr.

Ed. **267. Viðaukatillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 (þgskj. 165). Frá Valtý Guðmundssyni, Kristjáni Jónssyni og Hallgr. Sveinssyni.

A undan 1. tölulið í 5. gr. bætist inn í svolátandi liður, sem verði 1. töluliður:

Við B. IV. Til fyrsta og annars kennara Möðruvallaskólans sem uppbót fyrir flutning skólans til Akureyrar og veruna þar frá 1. október 1902 til 31. desember 1903 600 kr. til hvors . . . . . 1200 kr.

Tölulíðirnir og samlagningin breytist samkvæmt þessu.

Nd. **268. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 Flutningsm. Einar Þórðarson og Ólafur Thorlacius.

Við 14. gr. A. bætist þessi liður: Styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn, 500 kr. til hvors (fyrra árið) 1000 kr.

Nd. **269. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Einari Þórðarsyni.

Við 11. gr. á eftir 8. lið komi nýr liður:

Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal seinna árið . . . . . 1600 kr.

Styrkurinn veitist með þeim skilyrðum, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 8 sjúklinga og að minsta kosti jafn mikið fé sé lagt fram á móti landssjóðstillaginu.

Sþ. **270. Skýrsla**

frá verðlaunanefndinni um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1901, samkvæmt 3. gr. í reglunum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, 24. ág. 1881, gaf samkvæmt erindisbréfi sínu út auglýsing, sem birt var í Ísafold, þar sem þeim, sem óskuðu eftir að vinna til verðlauna af téðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1903 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir. En oss hafa engin slík rit borizt, og ekki hefir oss heldur þótt ástæða til að nota heimild þá, sem oss er veitt í erindisbréfi voru, að veita, þegar svo á stendur, nokkuð af verðlaunafénu sem verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefir á prent, síðan alþingi var síðast haldið, þótt höfundurinn hafi eigi ætlazt til verðlauna. Verðlaunafé geymist því alt til næsta tímabils.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vér hér með þess heiðurs að gefa hinu heiðraða alþingi.

Reykjavík 29. júlí.

Björn M. Ólsen. *Eiríkur Briem.* *Stgr. Thorsteinsson.*

Til Alþingis 1903.

Nd. **271. Frumvarp**

til laga um að undirbúa nýtt jarðamat Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

1. gr. Allar jarðir á landinu skal meta til dýrleika í hundruðum króna.

2. gr. Í hverri sýslu skal matið framkvæmt af 3 mönnum, er sýslumaður kveður til. Matsmenn skulu leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stjórnar matinu, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

3. gr. Hverja jörð skal meta til peningaverðs, eins og hún mundi vera sanngjarnlega seld eftir gæðum sínum. Með jörðum skal eigi meta kúgildi. Að öðru leyti skal matið framkvæmt eftir reglugjörð, er landshöfðingi semur. Þar skal og tiltekinn tími, hvenær matinu á að vera lokið, enda fari það fram á sama tíma um land alt.

4. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynt, að mat eigi fram að fara, svo tímanlega, að hann geti verið þar viðstaddur. Sé eigandi eða umboðsmaður ónægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefnd, er leggur úrskurð á það, eftir að hún hefir leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

5. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar. Þegar matinu er lokið, skal hann senda gjörðabókina með öllum fylgiskjölum til landshöfðingja.

6. gr. Jarðir þær, sem liggja undir kaupstaði, skulu metnar af 3 mönnum, er bæjarfógeti tilnefnir, enda stjórnar hann matinu og gegnir sömu störfum og sýslumenn utan kaupstaða. Aðfinningar við mat á slíkum jörðum skulu bornar upp fyrir bæjarstjórn.

7. gr. Í fæðispeninga og ferðakostnað fær sýslumaður og hver matsmanna 4 kr. fyrir hvern dag, er þeir þurfa að vera fjarverandi frá heimili sínu til að vinna að jarðamatsstörfum. Kostnað við ritföng, sendiferðir o. fl. skal endurgjalda eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar.

8. gr. Allan kostnað við jarðamatið skal greiða úr landssjóði.

Nd. **272. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um líkskoðun.

Undirrituð nefnd, sem kosin var til að íhuga frv. þetta, sem komið er til Nd. frá h. Ed., leyfir sér hérmeð að koma fram með álit sitt um málið.

Ástæður þær, sem alment eru færðar fyrir því að þörf sé á líkskoðun eru þessar: 1. Með líkskoðun fæst meiri trygging fyrir því að menn sé eigi kviksettir. 2. Líkskoðun getur orðið til þess, að koma upp morðum, sem annars aldrei mundu vitnast. 3. Líkskoðun getur orðið til þess, að leiða í ljós næmar farsóttir, og þannig gert mögulegt að stemma stigu fyrir þeim, þegar í byrjun. 4. Almenn líkskoðun gefur þýðingarmiklar upplýsingar um dauðamein manna.

Að því, er tvær hinar fyrst töldu ástæður snertir, þá koma þær varla til greina hér á landi. Um kviksetningu getur naumast verið að ræða, nema þar sem menn, er orðið hafa bráðkvaddir, eru jarðsettir á stuttum fresti. Hér á landi mun það nú orðinn almennur siður að vitja læknis ávalt, þegar dauðann ber brátt að, og ennfremur er það siður hér að láta lík standa uppi eina til tvær vikur, svo að kviksetningarhættan má heita engin.

Morð eru hér mjög fátíð, svo að eigi virðist þörf á almennri líkskoðun af þeirri ástæðu.

Aftur á móti mundi líkskoðun hafa nokkra þýðingu í þá átt að koma upp farsóttum, sem eru í byrjun, þegar læknis hefir eigi verið vitjað, en einkum þó til þess, að fá yfirlit yfir dauðamein landsmanna. Nú sem stendur vantar oss allar skýrslur um dauðamein manna; vér vitum t. d. eigi með neinni vissu, hve margir deyja úr berklaveiki í landinu; vér vitum ekki með neinni vissu, hvern árangur þær ráðstafanir hafa haft, sem gjörðar hafa verið til að sporna við útbreiðslu sullaveikinnar o. fl. þvílíkt, af því að allar skýrslur um dauðaorsakir vantar.

Það, sem fyrir oss er aðalatrið í þessu máli, er því að fá sem nákvæmastar skýrslur um dauðameinin í landinu, því að á þeim hljóta að miklu leyti að byggjast þær ráðstafanir, sem gjörðar verða til útrýmingar ýmsum innlendum sjúkdómum, jafnframt því, sem þær gefa ótvíræðar bendingar um árangur ráðstafananna. Þessu takmarki álítur nefndin að hægt sé að ná á miklu umsvifaminni og ódýrari hátt en farið er fram á í frv. háttv. efri deildar. Vér leggjum það til, að prestum sé falið að innfæra í sérstakan dálk í kirkjubókunum dauðamein allra, sem þeir jarðsetja, eftir þeim upplýsingum sem þeir geta fengið beztar. Til sveita verða prestar að afla sér þeirra upplýsinga, sem hér að lúta, hjá aðstandendum hins látna. Það er auðvitað að þær eru stundum ekki sem áreiðanlegastar, en úr því höfum vér viljað bæta á þann hátt, að gefa héraðslækn-

um kost á að sjá skýrslu prestanna, áður en þær yrðu sendar landsstjórninni, svo að þeir gætu lagað það á þeim, sem þeim væri kunnugt um að ekki væri rétt. Í kaupstöðum og kauptúnum viljum vér gera þeim læknum að skyldu að gefa manni dánarvottorð, er stunda hann í banalegunni. En þegar enginn læknir stundar sjúklinginn í banalegunni, þá skal héraðslæknir halda líkskoðun að manninum látnum.

Samkvæmt þessu leyfum vér oss að leggja það til, að frv. sé samþykt með breytingum í þá átt, er vér nú höfum bent á. En þessar eru

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar við frv.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar prestur jarðsetur lík, skal hann auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftunardags) innfæra í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur beztar fengið.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Í kaupstöðum og kauptúnum þeim, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið lætur læknir ókeypis, ritað á eyðublað, er landshöfðingi lætur gjöra. Skal þar tilgreint nafn, heimili, staða, dauðadagur og dauðaár og dauðamein.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Nú deyr maður í kaupstað eða kauptúni því, er læknir situr í, án þess að læknir hafi stundað hann í banalegunni, og skal þá innan 24 tíma frá andlátinu sækja héraðslæknirinn til þess að skoða líkið. Þá er hann hefir gert það, sendir hann hlutaðeigandi sóknarpresti þegar dánarvottorð. Fyrir líkskoðun þá fær læknir 1 kr.

Sömu reglu skal fylgt, þegar ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna í banalegunni.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Landshöfðingi lætur alla presta fá næg eyðublöð undir tvíritaðar dánarskýrslur, er þeim ber að gefa um hver áramót. Skal þar vera sérstakur dálkur fyrir dauðamein. Annað eintak af skýrslunni sendir hver prestur hlutaðeigandi sýslumanni, en hitt héraðslækni áleiðis til landlæknis.

Héraðslæknir rannsakar skýrsluna með tilliti til dauðaorsaka, og þyki honum eitthvað ábótavant við hana, bætir hann úr því, eftir því, sem auðið er.

Við 5., 6. og 7. gr. Þessar greinar falli burt.

8. gr. verði 5. gr.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: Frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Alþingi 31. júlí 1903.

Magnús Andrésson	Ólafur Thorlacius
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Björn Bjarnarson. Einar Þórðarson. Jóhannes Ólafsson.

Ed. **273. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. (þgskj. 239). Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrir: »vera fullnægjandi«, komi: fullnægja.
— 2. — 1. málsgr. síðast. Fyrir: »sem því er sett« komi: sem sett eru.
— 2. — 2. málsgr. Fyrir: »slík farbréf« komi: farbréf þessi.
— 2. — — — Fyrir: »útbúin« komi: gjörð.

Nd. **274. Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmaður Ólafur Briem.

1. Við 12. gr. B. Á eftir 6. tölulið komi þrír nýir liðir:
Tillag til sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðars. 1000—1000 kr. gegn því að sýslufélagið leggi til vegarins jafnmikið fé.
2. — — — — Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði 300—300 kr.
3. — — — — Til kláfdráttar á Jökulsá hinni eystri (fyrra árið) 400 kr.

Nd. **275. Breytingartillaga**

við brtill. nefndarinnar (þskj. 263) Frá Hermanni Jónassyni.

Við 2. tölul. Fyrir 2900 komi: 2800.

Nd. **276. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904 og 1905. Flutningsm. Guðl. Guðmundsson.

Við 14. gr. B. 1. Á eftir staflið e. bætist nýr liður:
Til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki . . . . . 4500 kr. fyrra árið.

Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.

Nd. **277. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904 - 1905. Frá Hermanni Jónassyni.

Við 13. gr. B. VI. 3. aftan við liðinn komi nýr liður: til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum 500—500.

Nd. **278. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá samgöngumálanefndinni:

1. Við 12. A. eftir 3 bætist nýr 4. liður svohljóðandi:
   Til póstflutninga með motorbátum.
   a. milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar ..... 400—400
   b. milli Stykkishólms og Flateyjar ..... 400—400
2. Við 12. gr. C. 2 a.
   Í stað alt að »10200—10200« komi: 15200—15200
   að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.
3. Nýr liður c, viðbætist:
   Til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið 10000
4. Nýr liður d viðbætist:
   Til gufubátsferða um Eyjafjörð seinna árið 3500
   Eftir orðin »Styrkurinn undir a. og b.« komi: c. og d.
5. Á eftir seinustu málsgrein undir c komi:
   Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b., c. og d.

Nd. **279. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Birni Kristjánssyni.

Við 12. gr. E. staflið i. Fyrir 75—75 komi: 100—100.

Nd, **280. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 16. gr. Aftan við greinina bætist:
Enn fremur til organleikara Jónasar Helgasonar 400 kr. hvort árið.
Aðalupphæðin 86 þús. kr. breytist eftir því.

Nd. **281. Breytingartillögur**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1905—1905.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við nr. 31 – 12. gr. c. 2. a. Á eftir orðunum í athugasemdinni: »milli Borgarness og Reykjavíkur« komi: og Reykjavíkur og venjulegra viðkomustaða í Gullbringusýslu.

Nd. **282. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá Birni Kristjánssyni, Birni Bjarnarsyni.

Við 14. gr. A. Á eftir 14. gr. A. 27 komi nýr 28. liður svo hljóðandi:
Styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng . . . . 800—800

Nd. **283. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Skúli Thoroddsen.

Við 12. gr. Á eftir 12. gr. E. h. komi:

Til vitabyggingar á Vestmannaeyjum, fyrra árið, alt að				8000 kr.
Til vitahalds í Vestmannaeyjum:				
1, Til vitavarðar	133 kr. 33 a.		400 kr. 00 a.	
2, fyrir olíu	50 — 00 —		150 — 00 —	
3, — lampakveiki o. fl	33 — 33 —		100 — 00 —	
4, — steinkol	33 — 33 —		100 — 00 —	
5, til viðhalds á vita, áhöldum og aðflutning	» — » —		100 — 00 —	
		249,99		850,00
Til vitabyggingar á Öndverðarnesi, fyrra árið, alt að				8000 kr.
Til vitahalds á Öndverðarnesi:				
1, Til vitavarðar	133 kr. 33 a.		400 kr. 00 a.	
2, fyrir olíu	50 — 00 —		150 — 00 —	
3, — lampakveiki o. fl.	33 — 33 —		100 — 00 —	
4, — steinkol	33 — 33 —		100 — 00 —	
5, til viðhalds á vita og áhöldum	» — » —		100 — 00 —	
6, til aðflutnings	25 — 00 —		75 — 00 —	
		274,99		925,00

Nd. **284. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 16. gr. Á eftir orðin: »meðan börn hennar eru í ómegð 200 kr.« komi:
Til Hannesar Hanssonar pósts 200.

Við 11. gr. Á eftir 11. gr. 9 komi nýr liður svo látandi: Styrkur til Þorkels Hreinssonar, til að standast kostnað við dvöl vitfirrtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni í Karensminde 150—150

Nd. **285. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Eggert Pálssyni og Magnúsi Stephensen.

Við 4. gr. 2. Athugasemdina fyrir orðin: skal helmingurinn 3000 kr. eftirgefinn komi: skulu tveir þriðjungar 4000 kr. eftirgefnir.

Nd. **286. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun fugla.

Vér undirritaðir, sem kosnir vorum til að íhuga frumvarp til laga um friðun fugla leyfum oss hér með að láta uppi álit vort um það mál.

Á síðari árum hafa komið fram ýmsar raddir úr ýmsum áttum um, að hinni núgildandi fuglafriðunarlöggjöf vorri væri mjög ábótavant, og að hún þyrfti lagfæringar við í ýmsum greinum. Sérstaklega hefir verið kvartað um, að sumar fuglategundir vorar t. d. rjúpur og svanir væru friðaðar of stuttan tíma af árinu þ. e. frá 1. apríl til 20. júlí, og væri því hætt við að fuglum þessum yrði jafnvel eytt, ef friðunartími þeirra yrði ekki lengdur til muna. En eins og menn vita, hafa mjög margir mikinn arð af rjúpnaveiði og einnig af svanaveiði, og mundi það því verða til mikils tjóns, ef fuglar þessir væru svo að segja strádrepnir. Sérstaklega er rjúpnaveiði mjög arðberandi víðsvegar um land og ber því brýna nauðsyn til að vernda sem bezt jafn þýðingarmikla atvinnugrein landsmanna.

En úr því að svo mikil þörf er á breytingu í þessu efni, þá er hagkvæmast, að fuglafriðunarlögin séu tekin fyrir í heild sinni og veruleg breyting á þeim gerð í ýmsum atriðum í líka átt og frv. fer fram á.

Að því er snertir fuglategundir þær, sem nú eru friðaðar árið um kring, fellst nefndin á, að full ástæða sé til að bæta við þeim fuglum, sem gert er í 1. gr. frumvarpsins, en það eru: snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, tildrur, sandlóur og jaðrakan, en hins vegar finnst henni ekki ástæða til að alfriða rauðbrysting og leggur því til, að hann sé feldur úr tölu hinna alfriðuðu fugla.

Nefndin er einnig samdóma því, að upptalning frv. í 2. gr. um fugla þá, er ófriðaðir skulu árið um kring sé heppileg, en leggur að eins til, að aðrar gæsategundir en helsingjar séu ekki ófriðaðar.

Hinni sérstöku friðun einstakra fuglategunda í 3. gr. frv. hefir nefndinni þótt ástæða til að breyta, og telur rjúpuna nægilega friðaða frá 1. marz til 1. september ár hvert, og andategundir aðrar, en þær sem nefndar eru í annari gr. frá 1. apríl til 1. september. Hinsvegar leggur hún til, að friðunartími á svönum byrji $1^1/_2$ mánuði fyr, en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Að því er friðun á fýl snertir hefir nefndinni þótt hyggilegast að einskorða hana ekki við ákveðinn tíma, heldur gefa sýslunefndum heimild til að ákveða friðunartíma fyrir fugl þennan í sínu héraði, sakir þess, að nefndinni hafa verið gefnar upplýsingar um, að sama friðunartímatakmark væri óhentugt fyrir öll þau pláss, þar sem fugl þessi er mest veiddur, og enda þótt ákvæði frv. séu samkvæm gildandi lögum, hefir nefndin viljað taka tillit til umsagna kunnugra manna í þessu efni. Sömuleiðis hefir henni ekki fundist ástæða til að banna háfa við lunda- eða fýlaveiði,

enda var ákvæði um það í frv. því er neðri deild samþykti 1901. — Friðunartímann á öðrum hálffriðuðum fuglum hefir nefndinni þótt nægilegt að lengja frá 20. júlí til 1. ágúst, hefir ekki viljað fara lengra, enda munu ungar flestra þessara fugla vera orðnir fleygir og færir um mánaðarmótin júlí—ágúst.

Þá leggur nefndin til, að sektir fyrir hvern friðlýstan fugl, sem drepinn er á friðunartímanum séu hækkaðar upp í 2 kr. alt að 40 kr. fyrir margfalda ítrekun.

Nefndin var á einu máli um það, að nauðsyn bæri til að friða eggin engu síður en fuglana, en þykir ekki ástæða til að fara lengra en frumvarpið gerir, að friða aðeins egg hinna alfriðuðu fugla. Enda þótt réttast væri að ákveða sektirnar fyrir eggjarán mismunandi háar eftir því hve fuglar eru sjaldgæfir, hefir nefndin ekki séð sér fært að fara fram á slíka sundurliðun, enda er hætt við, að hún hefði litla þýðingu í framkvæmdinni, en sektirnar hefir þótt rétt að hækka um helming úr 1 kr. upp í 2 kr. og við margfalda ítrekun alt að 40 kr.

Með því að það mundi þykja hart aðgöngu og harla ósanngjart, ef ekki væri leyfilegt að skjóta friðaða fugla eða taka egg alfriðaðra fugla í vísindalegar þarfir eða handa söfnum, hefir nefndin lagt til, að ráðherrann geti veitt undanþágu frá lögum þessum, þá er svo á stendur. En til þess að koma í veg fyrir að leyfi þetta yrði almennt veitt, og lögin ef til vill með því gerð þýðingarminni hefir nefndin lagt til, að það yrði ekki veitt öðrum en vísindalega mentuðum fuglafræðingum, því að með því er loku skotið fyrir, að hinir og þessir fugla- og eggjasafnendur, geti fengið leyfi þetta undir því yfirskyni að þeir séu t. d. umboðsmenn erlendra safna.

Með breytingum þessum, er hér hefir verið stuttlega vikið að, og frekar mun verða gerð grein fyrir við framsögu málsins, telur nefndin, að frv. sé vel fallið til þess að verða að lögum, og ræður deildinni eindregið til að fallast á það, með því að ekki megi lengur una við hin núgildandi friðunarlög. En breytingartillögurnar eru þessar:

Við 1. gr. »rauðbrystingur« falli burtu.

Við 2. gr. »og aðrar gæsategundir« falli burtu.

3. gr. orðist þannig:

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hér segir:

a) rjúpur frá 1. marz til 1. september.

b) allar andategundir aðrar en þær sem þegar eru taldar frá 1. apríl til 1. september.

c) svanir frá 1. apríl til 15. september.

d) lundi frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl hverri í sínu héraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hér hafa ekki verið nefndar skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði.

Við 4. gr. Í stað »1 kr.« komi, 2 kr.

— - — Í stað »20 kr.« komi: 40 kr.

— 5. — Í stað »1 kr.« komi 2 kr.

— - — Í stað »20 kr.« komi: 40 kr.

Aftan við 5. gr. bætist ný grein, er verði 6. gr.:

Ráðherranu getur veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum undanþágu frá ákvæðum þessara laga.

6. gr. verði 7. gr.

7. gr. verði 8. gr.

Neðri deild alþingis 31. júlí 1903.

Stefán Stefánsson, formaður. Hannes Þorsteinsson, skrifari og framsögum. Tryggvi Gunnarsson.

Nd. **287.** **Breytingartillögur**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Skúla Thoroddsen.

Við 72. tölul. (14. gr. A. 23). Á eftir orðin: »norðanlands og austan« komi: sem og á Vestfjörðum.

Við 97. tölul. (14. gr. B. 16). Í stað »2000 kr.« komi: 1200 kr.

Landstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þenna, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.

Nd. **288.** **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá Jóhannesi Ólafssyni.

14. gr. B. 9.

Fyrir: »600—600« komi: 700—700.

Nd. **289.** **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá Jóhannesi Ólafssyni.

14. gr. B. 3.

Fyrir: »300—300« komi: 600—600.

Nd. **290.** **Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Birni Bjarnarson.

Eftir 12. gr. B. 8 komi nýr liður, 9. liður.

Tillag til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu 1000—1000 gegn því, að jafnmiklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.

Nd. **291. Breytingartillaga.**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Á eftir 14. gr. A. 11 komi nýr liður svo hljóðandi:

Til Guðm. Guðmundssonar skálds, til þess að ljúka við skáldritið »Strengleikar« o. fl. 500,00—500,00.

Nd. **292. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skifti á jörðunni Árbakka í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu og jörðunni Yztagili í Engihlíðarhreppi í sömu sýslu.

Eftir þeim skýrslum, er nefndin hefir fengið í hendur, er jörðin Árbakki 19 hundruð að dýrleika; tún er grasgefið, að mestu slétt og girt og fóðrar 5 kýr; engjar blautar en víðlendar, sumarland kjarngott og vetrarbeit góð. Til hlunninda telst mótak, lítill trjáreki og útræði. Landskuld 132 álnir og kúgildaleigur 20 álnir. Jörðin er virt af umboðsmanni 2600 kr. en af sýslunefnd 2000 kr.

Jörðin Yztagil er 19,3 hundruð að dýrleika; tún er í góðri rækt og gefur af sér 120—130 hesta af töðu, engjar greiðfærar og fást af þeim 400 hestar af útheyi, sumarland gott, en vetrarbeit stopul sökum snjóþyngsla. Landskuld 8 sauðir veturgamlir, en þar af fær leiguliði 2 fyrir að vinna jarðabætur; kúgildaleigur eru 40 pd. smjörs. Jörðin er virt 2000 kr.

Aðalmunur téðra jarða er fólginn í því, að á Árbakka er talsvert meira töðufall og í öðru lagi er jörðin vel löguð til fiskiúthalds. Með tilliti til þessa er nefndin algerlega mótfallin umræddum jarðaskiftum og ræður h. deild til að fella frumvarpið.

Neðri deild alþingis 31. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Ólafur Briem skrifari og framsögum.

Árni Jónsson. Ólafur Ólafsson. H. Hafstein.

Ed. **293. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. des. 1877 um tekjuskatt. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Þeir, sem reka hvalaveiðar, skulu greiða tekjuskatt af atvinnu, svo sem aðrir atvinnurekendur, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum 14. des. 1877.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **294. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Ólafi Ólafssyni og Hannesi Þorsteinssyni.

Við 12. gr. B. 4. Í stað »12000 kr.« komi: 20000 kr. Þar af 12000 til flutningabrautar frá Flatholti upp að Stóru-Laxá í Árnessýslu.

Nd. **295. Viðaukatillaga**

við breytingartill. fjárlaganefndarinnar (þgsk. 230).

Frá Hannesi Þorsteinssyni og Ólafi Ólafssyni.

Á eftir tölulið 99 komi nýr töluliður:

Ur viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að . . . . . 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, og ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% af lánsupphæðinni.

Nd. **296. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1904 og 1905. Frá Hannesi Þorsteinssyni og Ólafi Ólafssyni.

Við 10. gr. C. Á eftir stafl. 6 komi nýr stafliður:

Til nauðsynlegra húsabóta á landssjóðsjörðunni Laug 800 kr. f. á.

Nd. **297. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar um frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Björn Bjarnarson, Ólafur Briem.

Við 14. gr. B. bætist nýr, 17. töluliður.

Styrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi seinna árið alt að 4700 kr. að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til bryggjunnar annarsstaðar frá.

Nd. **298. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Við 14. gr. B. bætist nýr töluliður er verði 18. liður.

Styrkur til Bjarna Þorkelssonar til utanfarar til að fullkomna sig í stórskipasmíði og bátasmíði 1200 kr. fyrra árið.

Ed. **299. Frumvarp**

til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Öllum þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, og skrásett eru hér á landi, skulu fylgja svo margir skipsbátar, að skipverjar geti allir farið í land í senn, ef þörf krefur.

2. gr. Hver sá maður eða félag, sem gerir út þilskip til veiðiskapar eða vöruflutninga, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skip, fyr en skoðunargerð hefir fram farið eftir lögum þessum.

3. gr. Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera svo margir skipaskoðunarmenn, er þurfa þykir. Lögskráningarstjóri útnefnir skoðunarmennina, og ákveður starfsvæði þeirra, og skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo hæfir til starfans, sem föng eru á.

Nú vill skipsútgerðarmaður fá skoðunargjörð framkvæmda, og skal hann þá snúa sér til skipskoðunarmanns á þeim stað, er skipið á að leggja út frá, með skriflegri beiðni um skoðunina, og jafnframt skýra frá, hve margir skipverjar er ætlazt til að verði á skipinu; skal hann sjá um, að skoðun fram fari tafarlaust.

Skoðunargjörðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, og kjósa þeir sér oddamann, ef ágreiningur verður.

Að skoðunargjörðinni lokinni sendi skipaskoðunarmennirnir lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans, bréflega skýrslu um hana, og getur útgerðar maður krafizt, að þeir eiðfesti hana, ef þörf þykir.

4. gr. Álíti skipaskoðunarmenn, að skip sé þannig úr garði gjört, að lífi eða heilsu skipverja sé hætta búin, sakir þess hve skipið er veikbygt, eður og sakir fúa, eða annara galla, ónógra og gamalla segla, eða reiða, eða af því, að fyrirmælum 1. gr. er eigi fullnægt, þá má alls eigi lögskrá menn á slíkt skip, fyr en sannað er með vottorði skoðunarmanna, að bætt sé úr því, sem ábótavant þótti.

Nú virðist skoðunarmönnum að íbúðarrúm skipverja séu illa útbúin, of lítil eða loft ill fyrir þá tölu skipverja, sem ætlað er rúm í þeim, og má þá eigi lögskrá fleiri menn á skipið en skoðunarmenn meta, nema læknirinn í því læknishéraði telji það óhult.

5. gr. Fyrir skoðunargjörð ber hvorum skoðunarmanna 3 kr. fyrir hvert skip, er þeir skoða. Sama borgun ber og oddamanni, þegar hann er kvaddur til.

Gjöld þessi, sem og borgun til læknis, er hann skoðar íbúðarrúm skipa, greiðist af útgerðarmanni, og má taka þau lögtaki.

6. gr. Ef skoðunargjörð sú, er þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa, eða önnur hérlend þilskipaábyrgðarfélög, láta árlega fram fara, að því er skip þau

snertir, sem í sjóábyrgð eru, fullnægir skilyrðum laga þessara, þá er landstjórninni heimilt að samþykkja, að skoðunargjörð sú, er téð félög láta fram fara, komi í stað skoðunargjörðar þeirrar, er lög þessi mæla fyrir um.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða alt að 1000 kr. sektum, nema þyngri hegning liggi við eftir hegningarlögunum.

8. gr. Mál, sem rísa út af broti gegn lögum þessum, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed.

300. Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir, fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Hrísa í Eyjafjarðarsýslu	Kr. 2100 00
2.	Skáldalæk í sömu sýslu	— 1800 00
3.	Syðra-Garðshorn í sömu sýslu	— 2600 00
4.	Ytra-Garðshorn í sömu sýslu	— 1900 00
5.	Grund í Svarfaðardal í sömu sýslu	— 3000 00
6.	Tjarnargarðshorn í sömu sýslu	— 2100 00
7.	Ytra-Holt í sömu sýslu	— 2400 00
8.	Möðruvelli í Hörgárdal í sömu sýslu	— 10000 00
9.	Þórustaði í Kaupangssveit í sömu sýslu	— 2800 00
10.	Böggversstaði í sömu sýslu	— 10000 00
11.	Reykhús í sömu sýslu	— 1100 00
12.	Munaðarhól í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu .	— 3500 00
13.	Seljaland í Vestur-Skaptafellssýslu	— 1500 00
14.	Ægissíðu í Húnavatnssýslu	— 2900 00
15.	Kirkjubæjarklaustur í Vestur-Skaptafellssýslu . .	— 4500 00

Landssjóði er áskilinn forkaupsréttur að Möðruvöllum í Hörgárdal, ef jörðin verður seld.

2. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fé.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1905.

Nd. **301. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen.

Aftan við 19. gr. frv. bætist:

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2\%$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Nd. **302. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen.

14. gr. A. 21: Liðurinn falli burtu.

Til vara:

Í stað 1,000—1,000 í 14. gr. A. 21. komi: 600—600

Við 14. gr. B. 13. Í stað 2,400—2,400 komi: 1,600—1,600.

Nd. **303. Breytingartillögur**

við breytingartillögu fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá fiskiveiðanefndinni.

1. Við 19. gr., tölulið 102. Töluliðurinn orðist svo:

   Úr viðlagasjóði má veita hlutafélagi í Hafnarfirði alt að 20,000 kr. lán til þess, að koma upp dráttarbraut (patent-slip) í Hafnarfirði.

   Lán þetta má þó eigi nema meiru en þriðjungi af virðingarverði dráttarbrautarinnar að húsum og áhöldum meðtöldum, og sé trygt með 1. veðrétti í allri eigninni, enda sé húsunum og áhöldum þeim, sem í þeim eru, haldið í brunabótaábyrgð, er landsstjórnin telur trygga.

   Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum, sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum.
2. Við 19. gr. tölulið 103.
   a. Í stað orðanna: »má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr.« komi: má lána úr viðlagasjóð alt að 30,000 kr. hvort árið.
   b. Í staðinn fyrir »6000 kr.« komi: 8000 kr.
3. Aftan við 19. gr. bætist:

   Þær 4000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem varasjóður þess félags.

Nd. **304. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1904 og 1905.

Flutningsmenn: Ólafur Thorlacius, Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson.

Við 14. gr. A. tölulið 21: Orðin: »Af þessari upphæð — 40 kr. fyrir hverja örk« falli burt.

Ed. **305. Breytingartillaga**
við viðaukatillögu við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 (þgskj. 267).
Frá Valtý Guðmundssyni.

Fyrir »600 kr. til hvors . . . . . 1200 kr.«
komi: 500 kr. til hvors . . . . 1000 kr.

Nd. **306. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.
Frá Birni Kristjánssyni.

Við 13. gr. B. VI. h. Fyrir: »1000—1000«
komi: 2000—2000.

Styrkurinn veitist söngfróðum manni, sem verið hefir í útlöndum mörg ár og haft hefir kenslu í söngfræði og hljóðfæraslætti fyrir aðal-atvinnuveg.

Nd. **307. Nefndarálit**
í málinu: Frv. til laga um vörumerki.

Háttvirt n. d. hefir kosið oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga frumv. það til laga um vörumerki, sem háttv. e. d. hefir þegar fjallað um. Vér höfum nú á nokkrum fundum athugað frv. þetta allítarlega. Frv. er komið frá stjórninni og hefir allítarlegar reglur inni að halda um vörumerki og vernd þeirra. Teljum vér það allmikla réttarbót og nauðsynlega, og væntum að það stuðli til þess að auka vöruvöndun í landinu. Eins og eðlilegt er og rétt, er frv. sniðið eftir og nálega samhljóða öðrum skandinaviskum lögum um sama efni, og þar sem að háttv. e. d. hefir tekist að bæta frv. mjög að máli og orðfæri, og vér hinsvegar ekki finnum neina verulega galla á því, ráðum vér til þess, að það verði samþykt óbreytt. Vér höfum að vísu verið í nokkrum vafa um það, hvort nauðsynlegt væri að setja sérstakan skráritara í tilefni af því, í stað þess að fela stjórnarskrifstofunni hér störfin, en þar sem vér þykjumst þess fullvissir, að þar verði ærið að starfa, og störf þau hinsvegar, er frv. leggur skráritaranum á herðar, geta að minsta kosti með tímanum orðið allumfangsmikil, höfum vér eigi fundið nægja ástæðu til þess að stinga upp á breytingu í þessa átt. Eins álítum vér og nauðsynlegt að skráritarar sendi viðurkenningu fyrir tilkynningu um vörumerki í ábyrgðarbréfi, en væntum að það verði gjört, þótt eigi sé það beint fyrirskipað í 3. gr. frumvarpsins. Nokkrum fleiri smábreytingum hefðum vér stungið upp á, ef oss hefði þótt nokkur þeirra þess verð að hrekja frv. milli deildanna þeirra vegna.

Alþingi 1. ágúst 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Jóh. Jóhannesson. skrifari.
Björn Bjarnarson. H. Hafstein. Björn Kristjánsson.

Nd. **308. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Frá samgöngumálanefndinni.

Við 12. gr. B. 1.
Athugasemdin falli burt.

Nd. **309. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Tryggvi Gunnarsson, Guðl. Guðmundsson, Ólafur Thorlacius, Magnús Stephensen, Ólafur Ólafsson.

Við 11. gr.
Eftir 2. lið komi nýr liður, er verði 3.
Til Guðmundar héraðslæknis Björnssonar — til að launa aðstoðarlæknir í Reykjavík . . . . . 1000—1000.

Nd. **310. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1904—1905.

Frá Lárusi H. Bjarnason og Birni Kristjánssyni.

Við 14. gr. A. 21. Aftan við töluliðinn bætist nýr liður:
Til stud. Konráðs Stefánssonar til þess að nema rafmagnsvélafræði við tekniska háskólann í Mittweida á Saxlandi . . . . kr. 800—800.

Ed. **311. Nefndarálit**
um frv. til laga um fólksinnflutninga til Íslands.

Hin háttv. Ed. hefir falið oss undirrituðum að íhuga frumvarp þetta og jafnframt vísað til vor tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksflutningum til Íslands, sem stendur í nánu sambandi við frumvarpið. Vér höfum rætt mál þetta á nokkrum fundum og skulum nú leyfa oss að láta uppi álit vort.

Nefndin álítur að raddir þær, sem fram hafa komið bæði í ræðum og ritum nú síðustu árin um vaxandi vinnufólkseklu í landinu, hafi við svo góð rök að styðjast, að vert sé að gefa þeim gaum, og gera einhverjar tilraunir til að bæta úr fólksskortinum, sem einkum er farinn að verða alltilfinnanlegur fyrir landbúnað vorn. Og sú leið virðist þá liggja beinust við, að reyna að fá hinn vantandi vinnukraft frá útlöndum, enda ætti það ekki að reynast neinn ógjörningur, þegar litið er til þess, hve hátt kaupgjald er orðið hér á landi í samanburði við það verkkaup, sem víða á sér stað í útlöndum. En um þetta er mönnum lítt kunnugt erlendis og því ekki að vænta að verkafólk leiti hingað, nema einhverjar sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess. Nefndinni virðist því rétt að verja nokkru fé úr landssjóði í þessu skyni, en álítur, að 5000 kr. mundu nægja til að gera hina fyrstu tilraun í þessu efni. Ráðstafanir þær, sem farið er fram

á í tillögunni að gerðar séu, felst nefndin á að mestu leyti, en með því hún leggur mesta áherzlu á að fá hingað verkafólk og þurrabúðarmenn, sem setjist að við sjávarsíðuna, ræður hún til að gera nokkrar breytingar bæði á tillögunni og frumvarpinu.

Að því er það atriði snertir, að farið er fram á, að heimila stjórninni að bjóða innflytjendum ókeypis land til eignar og umráða, þá álítur nefndin að ýmsum af eyðijörðum landssjóðs, sem ekki fást bygðar, verði vart betur varið á annan hátt, og hefir nefndin þá einkum í huga þjóðjarðir í Snæfellsnessýslu, þar sem 17 jarðir hafa lagst í eyði í Staðarsveitinni á síðustu 20 árum. Nefndin álítur og að slíkt tilboð mundi að mun stuðla að því að glæða tilhneiging manna til að flytja hingað. En meiri hluti nefndarinnar hugsar sér þetta þó helzt á þann veg, að innflytjendum sem aðallega stunduðu aðra atvinnu (ynnu sem verkmenn hjá öðrum), væri gefinn kostur á að fá lítinn blett til ræktunar á líkan hátt og ákveðið er í lögum 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn, þó ástæða gæti verið til að hafa blettinn nokkru stærri, en þar er gert ráð fyrir, svo að hann gæti numið nokkrum (t. d. 5) dagsláttum.

Aftur þykir meiri hlutanum ekki líklegt, að menn mundu ráðast hingað til að stunda hér landbúskap einvörðungu eða jafnvel ráðlegt að stuðla að því, að menn kæmu hingað í þeim tilgangi, því það mundi að líkindum leiða til mikilla vonbrigða og þá ef til vill verða frekari innflutningum til hnekkis, auk þess sem vandræði gætu hlotist af þeim, sem kynnu að flosna upp á búskapnum. Aftur álítur minnihlutinn ekki örvænt um, að útlendir innflytjendur, sem kynnu að jarðrækt, gætu vel lifað hér góðu lífi á landbúskap, og að búskaparlag þeirra jafnvel gæti orðið öðrum til fyrirmyndar og menn lært af þeim nýjar aðferðir við ræktun landsins.

Niðurstaðan hefir því orðið sú hjá nefndinni í heild sinni, að ráða til að haga ákvæðunum þannig, að stjórnin hefði sem frjálsastar hendur í því efni, hve mikið land hún vildi úthluta hverjum innflytjanda, en ætlast þó til að fyrst um sinn sé aðallega gerð tilraun með að bjóða mönnum tiltölulega smáa lóðarbletti til ræktunar til stuðnings við aðra atvinnu, og leggur því til að ákvæðið um lán handa innflytjendum, sem byrja vilji búskap, falli burt. Jafnframt leggur nefndin til, að skilyrðin fyrir því að innflytjendur fái full eignarráð yfir því landi, sem þeim er útmælt, séu gerð miklu aðgengilegri en í frumvarpinu, því ákvæði þess í því efni eru augsýnilega alt of ströng.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sér að koma fram með svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

A. við tillögu til þingsályktunar um að gera ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Íslands (þingskj. 71).

1. Orðin »og sérstaklega frá Noregi og Finnlandi« í 1. málsgrein falli burt.
2. Fyrir orðin: »sé það eigi að fullu .... (t. d. 3—5 ár)« í 4. málsgr. komi: sé eigi $^1/_4$ þess ræktaður eða undirbúinn til ræktunar innan 5 ára.
3. Síðasta málsgreinin falli burt.

B. við frumvarp til laga um fólksinnflutninga til Íslands (þingskj. 70).

1. Við 1. gr. Fyrir »10,000 kr.« komi: 5000 kr.
2. Við 1. gr. Orðin: »og sérstaklega frá Noregi og Finnlandi« falli burt.
3. Við 2. gr. Á eftir »þjóðjörðum« bætist inn í: sérílagi eyðijörðum.
4. Við 2. gr. Orðin: »þá má land það ... öllu samtöldu« falli burt.
5. Við 3. gr. »Fyrir »alt það land« komi: $^1/_4$ þess lands.

6. Við 3. gr. Fyrir »að fullu ræktað eða undirbúið« komi: ræktaður eða undirbúinn.

7. Við 4. gr. Þessi grein falli burt.

Alþingi 1. ágúst 1903.

J. Havsteen
formaður.

Guttormur Vigfússon.

Valtýr Guðmundsson
skrifari og framsögumaður.

Nd. **312. Frumvarp**

til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Fyrsti kafli.

Verzlanaskrár.

1. gr. Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar.

2. gr. Tilkynning til innritunar í verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestar af nótaríus.

3. gr. Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

4. gr. Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar.

Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

5. gr. Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.

6. gr. Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og eiga dómstólar þá að fella úrskurð um, hvort afmá skuli tilkynninguna.

7. gr. Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi nema atvik séu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, né til þess verði ætlazt af þeim.

Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

Annar kafli.

Firmu.

8. gr. Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (*firma*).

9. gr. Firma eins manns skal vera fult nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

Firma félags þess, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minsta kosti hafa nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp á það.

Firma samlagsfélags skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlags-hluta-félag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.

Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera.

10. gr. Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gjörð á henni.

Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

11. gr. Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gjört aðra ráðstöfun.

12. gr. Nú gjörist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í

firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefir eigi gjört aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

13. gr. Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskifti hafi orðið.

Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan.

14. gr. Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað.

15. gr. Nú er fulltrúum (skuldaraukningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni.

16. gr. Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna áður en atvinnureksturinn byrjar; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útbú) er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útbúið ekki í sama umdæmi, sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má, eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Islandi. Útbú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins; annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

17. gr. Þegar firma eins manns er tilkynt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fult nafn hans og heimili;
2. tegund atvinnunnar; og
3. það bæjar eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.

18. gr. Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. fult nafn og heimili allra félagsmanna;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitar-félag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er; og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað;
4. hver hafi rétt til þess, svo og hvort að eins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess.

Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það alment

samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþyktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gjörð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra.

19. gr. Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.
4. Upphæð framboðins hlutafjár og skifting þess í hluti;
5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;
7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum;
8. fult nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

20. gr. Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

21. gr. Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynningu um þetta svo fljótt sem unt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþyktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna hvaða dag breytingin hefir verið samþykt og senda eitt eintak af henni.

Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

Þegar atvinna flytzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðila krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiftaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiftanna.

22. gr. Um leið og firma er tilkynt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynt verið.

23. gr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr. eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

24. gr. Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál

Þriðji kafli.

Prókúra.

25. gr. Ef firma-hafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir hönd umbjóðanda að annast alt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúru-hafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

26. gr. Prókúru má veita fleiri mönnum en einum þannig, að þeir að eins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

27. gr. Umboð prókúru-hafa samkvæmt 2. grein má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

28. gr. Þegar prókúru-hafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöf um, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.

29. gr. Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

30. gr Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

31. gr. Umbjóðandi getur tilkynt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef tilkynning væri gefin af firma-hafa, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimtað er í 25. og 26. gr.

Um leið og prókúra er tilkynt, skal prókúru-hafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

32. gr. Sé tilkyntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynt og tekið upp í verzlanaskrána.

Fjórði kafli.

Almenn ákvæði.

33. gr. Við framkvæmd laga þessara skal það athugað er hér segir:

a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag.

c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

34. gr. Þegar firma-hafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útbú á öðrum stað og stjórn útbúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað, og skoða skrifstofu útbúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

35. gr. Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslu-félög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða banka-störf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög.

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru félög, er samþyktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

36. gr. Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning félags, samkvæmt 16. gr. . . . . kr. 8.00
Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) . . . . . — 4.00
Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. . . . . — 2,00

Þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sé hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald.

Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald.

Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast . . . . . kr. 4,00
Fyrir eftirrit af einni tilkynningu . . . . . — 2,00
Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma . . . . . — 0,80

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð.

37. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir:

1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkaða ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: »takmörkuð ábyrgð« eða »limitað«, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

Nd.

313. Breytingartillaga

við breytingartillögur fjárlaganefndar (þgskj. 230). Frá Guðl. Guðmundssyni, Sk. Thoroddsen, Birni Kristjánssyni.

Við tölul. 66: 1. Í stað »600 — 600« komi: 1000 — 1000. Til vara: »800 — 800«.
2. Í stað »landssjóðsstyrkinn« komi: hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum

Nd.

314. Breytingartillaga

við frumv. til fjárlaga 1904—1905. Flutningsmenn: Ólafur Thorlacius, Lárus H. Bjarnason, Guðl. Guðmundsson.

Við 14. gr. 1. Tölulið i. Aftan við bætist nýr liður:

Til þess að kaupa handritasafn Jóns Þorkelssonar skjalavarðar, alt að 10,000 kr. f. á.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir höfum kynt okkur handritasafn dr. phil. Jóns Þorkelssonar landsskjalavarðar, sem samkvæmt skrá yfir það er alls um 480 bindi, og ætlum við, að vel megi gefa 20 kr. upp og ofan fyrir hvert bindi í safninu eða alt að 10,000 kr. fyrir alt safnið, og það verð megi telja mjög sanngjarnt. Að vísu eru í safninu, svo sem gerist í svo stórum söfnum, mörg bindi lítils virði, með fram fyrir þá sök, að efni þeirra er til í öðrum söfnum, en svo eru aftur á móti í þessu safni rúm 200 rit, sem hvergi eru til annarsstaðar, sum afar merkileg, og teljum vér þar til bréf einstakra manna, kvæðasöfn, annála og fleira af þess kyns uppteiknunum og skýrslum; mundi uppskrift þessara rita seinna, ef þess væri auðið, eigi kosta öllu minna en safnið alt, ef það fengist fyrir það verð, sem áður er nefnt. Við hikum því ekki við að lýsa því yfir, að við teljum það í alla staði mjög æskilegt, að safnið verði keypt handa bókasafni, helzt landsbókasafninu, og með öllu ótækt, að láta svo stórmerkilega fjársjóðu bókmenta og sögulegs fróðleiks fara nú út úr landinu, ef þess er kostur, að eignast þá fyrir sanngjarnt verð.

Reykjavík 15. júlí 1903.

Finnur Jónsson, prófessor

Pálmi Pálsson, adjunkt.

Ed. **315. Nefndarálit**

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um lestrarbók handa alþýðuskólum.

Nefnd sú, er kosin var af hv. efri deild til að íhuga mentamál landsins og gera tillögur um þau, hefir meðal annars fengið til meðferðar tillögu til þingsályktunar frá hv. neðri deild um lestrarbók handa alþýðuskólum, er fer fram á, að landstjórnin skipi 3 manna nefnd til þess að annast um, að samin verði lestrarbók handa alþýðuskólum, og megi til þess verja alt að 2000 krónum á næsta fjárhagstímabili úr landssjóði.

Nefndin viðurkennir að vísu hina miklu gagnsemi góðra alþýðlegra rita, og telur þau mjög þýðingarmikinn og jafnframt ódýran lið í menningartilraunum þjóðanna, en hins vegar ber þess að gæta, að slík rit, ef góð eru, eiga vísa von fleiri lesenda en flestar aðrar bækur, þar sem þau bæði eru notuð í alþýðuskólum og einnig á fjölmörgum heimilum einstakra manna, og hafa því meiri skilyrði til að verða arðvænleg fyrir útgefendur en flest önnur rit, þótt eigi séu þau kostuð eða styrkt af opinberu fé, enda er það alltítt um þess konar rit, að þau fá sérstök meðmæli kenslumálastjórna til notkunar í opinberum skólum, ef þau eru þess verð, en það eru mikilsverð hlunnindi fyrir útgefendurna.

Að því er sérstaklega snertir afskifti landstjórnarinnar af undirbúningi að riti því, er tillagan fer fram á, að samið verði, þá virðist nefndinni landstjórnin eigi líklegri til heppilegra framkvæmda í þeim efnum en bóksalar landsins í samráði og samvinnu við kennara þess.

Auk þess fær nefndin eigi séð, að sú 2000 króna fjárveiting, er farið er fram á í tillögunni, eigi þar heima, heldur telur hún eðlilegast, að þess konar styrkveitingar komi fram í fjárlögunum.

Af framangreindum ástæðum sér nefndin sér eigi fært að vera með tillögunni, og ræður því h. háttv. deild til að fella hana.

Efri deild alþingis þ. 31. d. júlímán. 1903.

J. Havsteen, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og framsögum. Sigurður Jensson.

Nd. **316. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að makaskifta þjóðjörðinni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi.

Jafnvel þótt nefndin sé yfirleitt mótfallin því, að þjóðjarðir séu látnar af hendi í skiftum fyrir aðrar jarðir, vill hún eftir atvikum mæla með þeim jarðaskiftum, sem farið er fram á í frumvarpinu, af þeirri ástæðu, að jörð sú, er landssjóði stendur til boða, hið fyrverandi prestssetur Fell í Mýrdal, er eign þjóðkirkjunnar, svo að með skyldum er að skifta, enda eru skiftin hagkvæm að því leyti, að áðurnefnd jörð er sökum legu sinnar óhæfilegur bústaður fyrir þjónandi prest í Mýrdalsþingum, en þjóðjörðin Norður-Hvammur vel fallin til að gera hana að prestssetri.

Í bónarbréfi sóknarprestsins, er héraðsfundur hefir mælt með, er þess farið á leit, að Norður-Hvammi sé skift fyrir $^2/_3$ Fells, en í frumvarpi því, sem fyrir liggur, er svo ráð fyrir gjört, að landssjóður fái alla jörðina til eignar, en greiði 700 kr. sem milligjöf við makaskiftin. Hvorugt þetta getur nefndin aðhylst, sökum þess, að umrædd jörð hefir stórkostlega skemst af vatnaágangi, og er því jafnvel haldið fram, að hún liggi undir áframhaldandi skemdum. Nefndin vill því setja það skilyrði fyrir makaskiftunum, að landssjóður fái til eignar alla prestssetursjörðina Fell milligjafarlaust.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu.

Við 1. gr. Orðin: »Sem milligjöf — sóknarprestinn« falli burt.

Alþingi 1. ágúst 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður.

H. Hafstein. Árni Jónsson. Ólafur Ólafsson.

Nd. **317. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 230. Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 86. Orðin: »í Norður- og austuramtinu« falli burt.
2. — 98. Fyrir: nafnið »Litla-Múla« í annari málsgrein komi: Stóra-Múla.

Nd. **318. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmaður Ólafur Briem.

1. Við 12. gr. B. 3. til flutningabrauta. Fyrir 64000 kr. komi: 74000 kr.

2. Athugasemdin orðist þannig (innanstryks):

Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið	30000 kr.
— flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið	15000 —
— flutningabrautar í Skagafirði fyrir fjárhagstímabilið	10000 —
— viðhalds flutningabrautum 12000 kr. fyrra árið og 7000 kr. síðara árið, alls	19000 —
	74000 kr.

Ed. **319. Nefndarálit**

um milliþinganefnd í kirkjumálum.

Vér höfum hugleitt þingsályktunartillöguna um skipun milliþinganefndar í kirkjumálum og leitazt við að gjöra oss ljóst, hvort það sé nauðsynlegt eða æskilegt að slík nefnd verði sett.

Auk þingsályktunartillögunnar sjálfrar, sem borin er fram eftir ályktun síðustu Synodusar, höfum vér haft til athugunar alveg samkyns tillögu, sem þinginu hefir borizt frá prestafundi í hinu forna Hólastifti, og hefir verið borin þar fram og samþykt, rúmri viku síðar en synodus var haldin, og að því er séð verður án nokkurs sambands við ályktun þess fundar, en einungis sprottin af hinni alment viðurkendu þörf á að taka kirkjumálið í heild til ítarlegrar íhugunar.

Hin norðlenzka ályktun leggur sérstaka áherzlu á nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta, og nefnir hóflega fækkun prestakalla, sem einna líklegast ráð til þess, í sambandi við þá breytingu, að prestar verði losaðir við innheimtu launanna.

Sömuleiðis hefir oss verið afhent til athugunar erindi frá prestafundi Húnvetninga um kirkjumálið, þar sem ráð er gjört fyrir breytingu á skipun prestakalla og í sambandi við það skorað á kirkjustjórnina um að binda sem minst nú fyrst um sinn veitingu þeirra prestakalla, sem losna, en sjá þeim fyrir lausri þjónustu.

Oss blandast nú eigi hugur um, að nálega í öllum greinum hins mjög viðtæka kirkjumáls séu mikilvæg atriði, sem þarfnist rækilegrar íhugunar og hagfeldra umbóta, og að engin tök séu á að fá slíku framgengt á annan hátt en með skipun milliþinganefndar, eins og tillagan fer fram á, og að þar sem verkefnið sé svo mikið og heimti meðal annars sem fullkomnastan kunnugleik viðsvegar út um landið, megi nefndin naumast vera fámennari en tillagan ætlast til, nefnilega 5 manna nefnd.

Verkefni nefndarinnar hugsum vér oss, að eigi að ná til allra þeirra atriða, sem tillagan nefnir. Einnig þykir oss rétt, vegna þeirra hreyfinga, sem á hefir bólað hjá oss á hinum síðustu áratugum, að það sé sérstaklega tekið fram, að nefndin skuli leitast við að gjöra sér grein fyrir afstöðu þjóðar vorrar til hinnar vandasömu spurningar um sambandið á milli þjóðfélagsins og kirkjufélagsins, þó að íhugun þessa atriðis sé að sjálfsögðu fólgin í víðtækri og rækilegri íhugun kirkjumálsins í heild sinni. — Sömuleiðis ætlumst vér til, að af hendi landsstjórnarinnar verði séð um, að nefndin eigi góðan og greiðan aðgang að þeim skýrslum, sem hún þarfnast til að leysa starf sitt sem bezt af hendi, og viljum vér láta tillöguna bera þetta með sér. — Hugsum vér oss að vísu, að flestar af skýrslum þessum muni nú þegar vera til í undirbúningsskjölum síð-

asta brauðamats, í brauðamatinu sjálfu, í álitsskjölunum um prestalaunafrumvarpið frá 1899, í ýmsum héraðsfundargjörðum og öðrum þeim skilríkjum, sem til eru í skjalasafni biskupsdæmisins, landshöfðingjadæmisins og íslenzka ráðaneytisins; en þær, sem enn kynnu að þykja vanta, mætti gjöra ráðstöfun til að útvega undir eins og skipun nefndarinnar væri fastráðin, þó að menn vildu gera ráð fyrir, að hin núverandi stjórn teldi sjálfa nefndarskipunina verkefni hinnar væntanlegu nýju stjórnar. En eigi verður séð, að nefndarskipunin þurfi að dragast lengur en í hæsta lagi til næsta vors, og ætti nefndin þá að geta tekið til starfa einhverntíma á árinu 1904.

Að sjálfsögðu þarf, ef þingsályktunartillagan nær fram að ganga, sem vér verðum að gjöra ráð fyrir, að ætla hæfilega fjárveitingu til hennar á fjárlögunum. Vér hyggjum, að kostnaðurinn þurfi ekki að verða ýkjamikill; en bæði teljum vér hann óhjákvæmilegan, eftir þeirri nauðsyn, sem hér rekur á eftir, og teljum það enda ekki ósennilegt, að hann geti að fullu vegið upp á móti þeirri tímatöf og vandkvæðum, sem hljóta að leiða af meðferð einstakra atriða kirkjumálsins og prestaskipunarmálsins á hverju einasta þingi, án þess að nokkru verulegu sé þó nær eftir en áður um viðunanlegt ástand í þessum efnum.

Samkvæmt framangreindu ráðum vér h. heiðr. þingdeild að fallast á þingsályktunarlillöguna, með þessum breytingum.

1. Byrjun tillögunnar orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að gjöra sem fyrst ráðstafanir til að safna öllum nauðsynlegum skýrslum , er snerta hag kirkjunnar, og skipa 5 manna nefnd o. s. frv.

2. Á eftir 1. lið tillögunnar komi svohljóðandi 2. töluliður.

hvort eða að hve miklu leyti það verði að álítast nauðsynlegt, að kirkja og ríkisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefir verið.

Tölur hinna liðanna breytist samkvæmt þessu.

Alþingi 1. ágúst 1903.

Kristján Jónsson, formaður. Hallgr. Sveinsson, skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **320. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Til frádrags frá tekjum þeim, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 veitast þær 752 kr. 25 a., sem taldar eru í 2. og 3. gr. hér á eftir, og sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í sömu lögum og 3. gr. fjáraukalaga 25. september 1902 fyrir árin 1902 og 1903 veitast 47,853 kr. 24 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 3.—6. gr. hér á eftir.

2. gr. Aðflutningsgjald af tollskyldum vistaforða, er landmælingadeild hins danska herstjórnarráðs hefir flutt inn 1902—1903, til afnota við störf sín hér á landi, kr. 252,25 a., fellur burt.

3. gr. Af tekjum þeim af fasteignum landssjóðs, sem taldar eru í 3. gr. fjárlaganna tölul. 1, greiðast ábúandanum á Fitjakoti í Kjalarneshreppi, Hans Gíslasyni, 500 kr., án afgjaldshækkunar, sem endurgjald fyrir hús, er hann hefir reist á jörðunni.

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

1. Við tölulið 6. Utgjöld við holdsveikraspítalann. Við a, laun starfsmanna . . . . . 133 kr. 33 a.
2. Til að útvega húsbúnað í sóttvarnarhús í Reykjavík, sbr. fjáraukalög 25. september 1902, 3. gr. 2 a. . 1,200 — »» -
3. Til Björns héraðslæknis Blöndals á Hvammstanga: Uppbót á launum hans frá 1. apríl 1900 til 30. maí 1901 . . . . . 583 — 33 -

1,916 — 66 -

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

1. Við B. Vegabætur. Við tölulið 3. til flutningabrauta . 6,000 kr.
2. Til borgunar á eftirstöðvum skulda fyrir brúargerð yfir Laxá á þjóðveginum meðfram Hrútafirði að vestanverðu 809 03
3. Við tölulið 4. til þjóðvega 10,000 00
4. Við C. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn (endurveiting). 400 00
5. Við E. Vitar. Við e. Gróttuvitinn. Við tölulið 4. til viðhalds á húsi og áhöldum.

   Jafnframt og samþykt er, að 2,500 kr. þeim, er veittar voru í 2. gr. fjáraukalaga 27. september 1901 til að kaupa býlið Gróttu og endurbæta híbýli þar, hefir verið varið til að kaupa helminginn af téðu býli og reisa nýjan vitamannsbústað, gefst heimild til að greiða eftirstöðvarnar af kostnaðinum við téðan bústað, 250 kr., af upphæð þeirri sem er veitt í lið þessum fyrir fjárhagstímabilið 1902 og 1903.
6. Við E. Vitar. Við k. Til Elliðaeyjarvitans, til þess að færa hann á hentugasta stað á eynni og gera nauðsynlegar umbætur á honum, alt að 800 00
7. Við E. Vitar. Við c. Til ekkjunnar Sigurveigar Jóhannesdóttur á Reykjanesi í viðurkenningarskyni fyrir umbætur, er maður hennar gerði á lóð vitans . . . 600 00

18,609 kr. 03

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

1. Við B. IV. Til fyrsta og annars kennara Möðruvallaskólans sem uppbót fyrir flutning skólans til Akur-

eyrar og veruna þar frá 1. október 1902 til 31. desember 1903 500 kr. til hvors . . . . . 1000 kr. 00 a.

2. Við B IV. Húsaleigustyrkur til 9 nafngreindra nemenda við Möðruvallaskólann veturinn 1902—1903, 30 kr. handa hverjum . . . . . 270 kr. 00 a.

3. Við B. V. b. 2. til áhaldakaupa o. fl. handa stýrimannaskólanum . . . . . 2,310 — 98 -

3,580 — 98 -

7. gr. Sem viðbót við gjöld þau til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, sem talin eru í 14. gr. B. fjárlaganna, veitist: Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu., . . kr. 22,800 00

8. gr. Lán það, sem var veitt þáverandi forstöðumanni Möðruvallaskólans 8. júní 1883 að upphæð 1000 kr. til vegagjörðar frá Gæsum að Möðruvöllum í skólans þarfir, og sem nú er að eftirstöðvum kr. 446,57, fellur burtu frá 8. júní 1902.

Nd. **321. Frumvarp**

til laga um dánarskýrslur. Frá líkskoðunarnefndinni.

1. gr. Þegar prestur jarðsetur lík, skal hann auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftunardags) innfæra í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur beztar fengið.

2. gr. Í kaupstöðum og kauptúnum þeim, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið lætur læknir ókeypis, ritað á eyðublað, er landshöfðingi lætur gjöra. Skal þar tilgreint nafn, heimili, staða, dauðadagur og dauðaár og dauðamein.

3. gr. Nú deyr maður í kaupstað eða kauptúni því, er læknir situr í, án þess að læknir hafi stundað hann í banalegunni, og skal þá innan 24 tíma frá andlátinu sækja héraðslæknirinn til þess að skoða líkið. Þá er hann hefir gert það, sendir hann hlutaðeigandi sóknarpresti þegar dánarvottorð. Fyrir líkskoðun þá fær læknir 1 kr.

Sömu reglu skal fylgt, þegar ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna í banalegunni.

4. gr. Landshöfðingi lætur alla presta fá næg eyðublöð undir tvíritaðar dánarskýrslur, er þeim ber að gefa um hver áramót. Skal þar vera sérstakur dálkur fyrir dauðamein. Annað eintak af skýrslunni sendir hver prestur hlutaðeigandi sýslumanni, en hitt héraðslækni áleiðis til landlæknis.

Héraðslæknir rannsakar skýrsluna með tilliti til dauðaorsaka, og þyki honum eitthvað ábótavant við hana, bætir hann úr því, eftir því, sem auðið er.

Ed. **322. Frumvarp**

til laga um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Bæði fyrir kaupstaðar- og hreppafélög á Íslandi má gjöra heilbrigðissamþyktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, með ráði héraðslæknis, frumvarp til samþyktar og sendir það landshöfðingja, er ber það undir landlækni, og staðfestir það svo eða synjar því staðfestingar.

Að því, er hreppana snertir, gjörir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþyktar með ráði héraðslæknis. Frumvarpið skal sent amtmanni, er ber það undir landlækni og leggur það síðan fyrir amtsráðið, er staðfestir það eða hafnar því.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá hlutaðeigandi stjórnarvald málið af nýju fyrir þá bæjarstjórn eða sýslunefnd, er samdi frumvarpið, ásamt leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gjöra, til þess frumvarpið geti öðlast staðfesting.

2. gr. Í heilbrigðisnefnd sitja í kaupstöðum bæjarfógeti, sem er formaður, héraðslæknir og einn bæjarfulltrúa, er bæjarstjórnin kýs til þess, og í hreppum, þar sem heilbrigðissamþykt er komin á, hreppstjóri eða sýslumaður, ef hann býr í hreppnum, sem formaður, einn maður kosinn af hreppsnefnd og annar, er sýslunefnd til nefnir af íbúum hreppsins; skulu þessar nefndir sjá um, að heilbrigðissamþyktum sé fylgt.

Þar sem héraðslæknir situr ekki í heilbrigðisnefnd, skal honum heimilt, ef hann æskir þess, að taka þátt í umræðum nefndarinnar án þess þó að hafa atkvæðisrétt, og skal, ef þess er æskt í tækan tíma, senda honum skeyti um stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar.

3. gr. Staðfestar heilbrigðissamþyktir skal prenta á kostnað hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og birta í B-deild stjórnartíðindanna.

4. gr. Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipun heilbrigðisnefndar samkvæmt samþyktinni, má í henni ákveða sektir, alt að 200 kr., er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað samkvæmt heilbrigðissamþykt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda, og greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeigenda, ef þörf gjörist, með lögtaki.

5. gr. Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

6. gr. Lög 13. sept. 1901 um heilbrigðissamþyktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi og síðari málsliður 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872 eru úr gildi feld.

Nd. **323. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

(Eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.).

1. gr. Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefir tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti, sem þau tryggja fyrir sætjóni.

2. gr. Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþyktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþyktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefir verið gjörð á.

3. gr. Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin að hinn látni eða brotamaðurinn hefir trygt líf sitt eða verið trygður gegn slysum, er skiptaréttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum, áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

Ed. **324. Frumvarp**

til laga um þingsköp til bráðabirgða fyrir alþingi. —

Frá nefndinni í stjórnarskrármálinu. —

Breytingar þær á þingsköpum alþingis, eins og þau eru sett með lögum

7. apríl 1876, er leiða af stjórnarskipunarlögum um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, þá er þau ganga í gildi, má til bráðabirgða ákveða með konunglegri tilskipun.

Nd. **325. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Frumvarp þetta, sem stjórnin lagði fyrir hina h. Ed., er í flestum atriðum samhljóða frumv. því, sem alþingi samþykti í fyrrasumar, en sem eigi náði konungs staðfestingu, af því að stjórnin taldi á því nokkra galla.

Nefndin, sem sett var í mál þetta í hinni h. Ed., hefir í sínu ítarlega áliti (þingskjal 81) tekið til athugunar þau ákvæði, sem stjórnin gat ekki felt sig við í frumv. alþingis. Þar er einnig bent á efnisbreytingar þær, sem stjórnin hefir gert á frumvarpinu.

Með því nú að þannig eru komnar fram skýringar um það, að hverju leyti frumv. stjórnarinnar er breytt frá því frumv., sem samþykt var á síðasta þingi, og með því að vér erum samdóma skoðun nefndarinnar í Ed. á þessum atriðum, þá álítum vér eigi þörf á að ræða um þau atriði hér í nefndarálitinu.

Að öðru leyti hefir nefndin nákvæmlega athugað frumv., og borið það saman við hin áðurnefndu frumvörp. Hefir hún ekki fundið ástæðu til að koma fram með neinar breytingartillögur á frumv., heldur vill leggja til, að það verði samþykt óbreytt.

Samkvæmt því getur nefndin ekki aðhylst breytingartill. þá, sem fram er komin á þingskj. 194. Þessi breyttill. fer fram á það, að fella niður þóknun til undirkjörstjóra, 4 kr. á dag, fyrir ferðakostnað og fæðispeninga. Hér getur eigi orðið nema um mjög lítil útgjöld að ræða fyrir sveitar- og bæjarsjóði, mætti áætla þau 12—24 kr. fyrir hvern, og það að eins að öllum jafnaði 6. hvert ár. Nefndin lítur einnig svo á, að störf undirkjörstjóranna séu svo þýðingarmikil, að það sé rétt að ætla þeim þóknun fyrir þau, og það þeim mun fremur sem meiri hluti þeirra mundu verða meðal þeirra manna, sem að öllum jafnaði verða öðrum fremur að vinna borgunarlaust að sveitarmálum og gagni almennings.

Nefndin er því, eins og áður er sagt, á einu máli um það, að ráða til, að þetta þýðingarmikla mál verði afgreitt óbreytt af hinni h. Nd.

Alþingi 1. ágúst 1903.

Hannes Þorsteinsson,		Árni Jónsson,
formaður.		skrifari og framsögumaður.
Jóh. Jóhannesson.	Jón Magnússon	Björn Kristjánsson.

Nd. **326. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 318.

Frá Pétri Jónssyni.

Við 1. lið. Fyrir: »74,000 kr.« komi: 86,000 kr.
— 2. — Á eftir »— — Skagafirði — — 10,000 kr.«
komi: til flutningabrautar í Þingeyjarsýslu fyrir fjárhagstímabilið 12,000 kr.

Nd. **327. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 265

Frá fjárlaganefndinni.

Fyrir: »800 kr.« komi: 600 kr.

Nd. **328. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905.

Frá Eggert Pálssyni og Ólafi Ólafssyni.

Við 16. gr. Á eftir orðunum: »Til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.« komi: til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.

Nd. **329. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

12. gr. C. 2 a.

Frá Eggert Pálssyni.

Athugasemdin orðist þannig: Af upphæðinni undir staflið a. má verja 300 krónum til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. mai til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmanneyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.

Nd. **330. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Jóni Magnússyni.

14. gr. A. 3. c.: Fyrir »í skjalasafninu«: komi: handa skjalasafninu.

Nd.

331. Atkvæðaskrá

við 2. umr. um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. (12.—13. gr.).

Brt. = Breytingartillaga. Hver breytingartillaga er sett á hornklofa.

N. = Breytingartillögur fjárlaganefndar þsk. 230, 317, 327.

NB. Þar sem engin skjalatala eða merki stendur við, þá eru það greinar stjórnarfrumvarpsins.

12. gr.

Til samgöngumála veitast 567,142 kr.:

		1904 kr.	1905 kr.	alls kr.
	A.			
	Til útgjalda við póststjórnina:			
	1. laun:			
1.	a. handa póstmeistaranum .... 3,000 kr.			
2.	b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur ..... 9,500 —			
3.	2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík..... 3,500 —			
	[Brt. Fyrir »3500 kr.« komi: 3,300 kr. (N.)]			
4.	c. handa bréfhirðingamönnum..... 6,500 —			
5.	2. póstflutningur	41,000	41,000	
6.	Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram			
7.	3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.	600	600	
	[Brt. (278): Við 12. A. eftir 3 bætist nýr 4. liður svohljóðandi: Til póstflutninga með motorbátum.			
8.	a. milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar ..... 400—400			
9.	b. milli Stykkishólms og Flateyjar 400—400]			
	4. önnur útgjöld:			
10.	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans..... 2,000			
11.	b. fyrir ábyrgð á mistalningu $1^0/_{00}$ um 200			
12.	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans..... 200			

			1904	1905	Alls.
13.	d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000	kr.	kr.	kr.
14.	e. til áhalda.....	1,500			
15.	f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
16.	g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	100			
	[Brt. Fyrir »100 kr.« komi: 200 kr. (N.)]				
17.	h. óviss gjöld	200 kr.			
18.	i. til viðhalds húsi og áhöldum.....	100 —			
19.	5. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		1,000		
20.	6. til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður		800		
	[Brt. Aftan við fyrirsögnina bætist: og til að gera skúr fyrir póstkoffortin fyrir: »800« komi 1100.]				
	B.				
	Til vegabóta:				
	1. til verkfræðings landsins:				
21.	a. laun	3,000			
22.	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
23.	Verkfræðingnum skal undir yfirumsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og og verkamanna.				
	[Brt. (308): Athugasemdin falli burt].				
24.	2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að		1,500	1.500	3,000
25.	3. til flutningabrauta		.....	.....	64,000
	[Brt. (318): Fyrir 64000 kr. komi: 74000 kr.				
	Brt. (326): við sömu (318) brt.: fyrir 74000 kr. komi: 86000 kr.]				
	Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið	10,000			
	Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið	10,000			
	Til flutningabrautar í Húnavatnssýslu fyrir fjárhagstímabilið	10,000			
	Til flutningabrautar í Skagafjarðarsýslu fyrir fjárhagstímabilið	10,000			
	Til viðhalds flutningabrauta 12000 kr. hvort árið	24,000			
		64,000			
	[Brt. N.: Athugasemdin orðist þannig (innanstryks):				
	Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið	30,000			

		1904 kr.	1904 kr.	1904 alls kr.
	Til flutningabrauta í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið 15,000			
	Til Viðhalds flutningabraut 12000 fyrra árið og 70000 síðara árið, alls 19,000			
	Brt. (önnur við frv. á þgsk. 318): Athugasemdin orðist þannig (innanstryks):			
	Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið 30,000			
	Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið..... 15,000			
	Til flutningabrautar í Skagafirði fyrir fjárhagstímabilið.....: 10,000			
	Til viðhalds flutningabrautum 12000 kr. fyrra árið og 7000 kr. síðara árið, alls 19,000			
	Brt. (á þgsk. 326 við þessa brt. á þgsk. 318): Á eftir . . . Skagafirði . . . 10000 komi: Til flutningabrautar í Þingeyjarsýslu fyrir fjárhagstímabilið 12000 kr.].			
26.	4. til þjóðvega ..... [Brt. (N). Fyrir »68,000«, komi: 70,000]			68,000
	Til vegabóta í suðuramtinu ..... kr. 12,000			
	- — - Vesturamtiuu ... — 15,000			
	- — - Norðuramtinu..... — 22,000			
	- — - Austuramtinu ..... — 19,000			
	68,000			
	fyrir fjárhagstímabilið.			
	[Brt. N: Athugasemdin orðist þannig:			
	Til vegabóta í Suðuramtinu..... 8,000			
	- — - Vesturamtinu 20,000			
	- — - Norðuramtinu 30,000			
	- — - Austuramtinu 12,000			
	70,000			
	Brt. (294) við fyrsta lið athugas. í stjórnarfrv.: Í stað »12000« kr. komi: 20000 kr. þar af 12000 til flutningarbrautar frá Flatholti upp að Stóru-Laxá í Árnessýslu].			
27.	5. til fjallvega	5,000	5,000	10,000
28.	6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.	4,000	4,000	8,00
	[Brt. (N): Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir hljóðandi þannig:			
	7. Tillag til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Keflavík 3000—3000 kr. gegn því að jafnmikið fé verði lagt til vegarins annarsstaðar frá.			
	8. Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902, alt að 50000 kr. (f. á.).			

		1904 kr.	1905 kr.	alls kr.
	Brt. (290) við þessa breytingartillögu:			
	Eftir 12. gr. B. 8 komi nýr liður, 9. liður:			
	Tillag til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu 1000—1000 gegn því, að jafnmiklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.			
	Brt. (274) við stjórnarfrv.:			
	Á eftir 6. tölulið komi þrír nýir liðir:			
	Tillag til sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu 1000—1000 kr. gegn því því að sýslufélagið leggi til vegarins jafnmikmikið fé.			
	Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði 300—300 kr.			
	Til kláfdráttar á Jökulsá hinni eystri (fyrra árið) 400 kr.].			
	C.			
29.	1. Til gufuskipaferða:			
	Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að 13 ferðir verði farnar á öðrum skipum milli Kaupmannahafnar og Færeyja, og að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903	75,000	75,000	
	Veiti ríkisþingið eigi hækkun á ríkissjóðstillaginu úr 40.000 kr. upp í 65,000 kr. á ári, veitist stjórninni heimild til að verja alt að því 80,000 kr. á ári til að halda gufuskipaferðunum uppi milli landanna og kringum Ísland eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903.			
	[Brt. (N): Í enda málsgreinarinnar um skilyrðin bætist: og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 fátækum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað.			

		1904 kr.	1905 kr.	alls kr.
	Athugasemdin á eftir: »veiti ríkisþingið eigi — — — 1902 og 1903« falli burt].			
	2. til gufubátaferða:			
30.	a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að ..... 10,200 kr.			
	[Brt. (N): Liðurinn orðist svo: Í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring alt að 14,200 kr. Samtalan út breytist eftir því.			
	Brt. (281) við þessa breytingartillögu nefndarinnar:			
	Á eftir orðunum í athugasemdinni: »milli Borgarness og Reykjavíkur« komi: og Reykjavíkur og venjulegra viðkomustaða í Gullbringusýslu.			
	Brt. (278) Í stað alt að »10200—10200 komi 15200—15200 að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring].			
31.	b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
	[Brt. (278): Nýr liður c, viðbætist: Til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið 10,000			
	Nýr liður d viðbætist: Til gufubátsferða um Eyjafjörð seinna árið. .... 3,500]			
	Ásetlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
	Af upphæðinni undir staflið a. má verja 200 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
	Styrkurinn undir staflið a. og b. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
	[Brt. (N) við aðra málsgrein athugasemda þessara:			
	Aftan við aðra málsgrein athugasemdanna bætist: og Vestmanneyja.			
	Orðið »og« á undan »Holtavara« falli burt.			
	Brt. (329) við sömu málsgrein:			

		1904 kr.	1904 kr.	1904 kr. alls
	Athugasemdin orðist þannig: Af upphæðinni undir staflið a. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmanneyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
	[Brt. (278) við 3. málsgrein og viðaukatill. aftan við hana:			
	Eftir orðin »Styrkurinn a. og b.« komi: c. og d.			
	Á eftir seinustu málsgrein undir c. komi:			
	Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b., c. og d.]			
	D.			
32.	Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi	35,000	35,000	
	E.			
	Til vita:			
33.	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
34.	b. til eftirlitsferða	100	100	
	c. til vitans á Reykjanesi:	kr.		
35.	1. til launa vitavarðar	1,200		
36.	2. fyrir olíu	200		
37.	3. — lampakveiki o. fl.....	150		
38.	4. — steinkol.....	160		
39.	5. flutningskostnaður	250		
40.	6. til viðhalds á húsi og áhöldum.....	300		
41.	7. eftirgjald eftir lóðina	30		
	d. til vitans á Skagatá:			
42.	1. til vitavarðar.....	400		
43.	2. fyrir olíu	150		
44.	3. — lampakveiki o. fl.	100		
45.	4. til viðhalds á húsi og áhöldum.....	200		
46.	5. steinkol	100		
47.	6. flutningskostnaður	75		
48.	7. eftirgjald eftir lóðina	16		
49.	8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200		
	e. til vitans við Gróttu:			
50.	1. til vitavarðar.....	400		
51.	2. fyrir olíu	125		
52.	3. — lampakveiki o. fl.	100		
53.	4. til viðhalds á húsi og áhöldum.....	160		
54.	5. steinkol.....	60		
55.	6. flutningskostnaður	40		
56.	f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....		500	500

		1904 kr.	1905 kr.	alls kr.
57.	Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
	g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.		
58.	1. til vitavarðar	400		
59.	2. fyrir olíu	175		
60.	3. — lampakveiki o. fl.	150		
61.	4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80		
62.	5. flutningskostnaður	50		
	h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.		
63.	1. til vitavarðar	400		
64.	2. fyrir olíu	200		
65.	3. — lampakveiki o.fl.	100		
66.	4. til viðhalds á húsum og áhöldum	100		
67.	5. fyrir steinkol	100		
68.	6. flutningskostnaður	50		

[Brt. (283): Á eftir 12. gr. E. b. komi:
Til vitabyggingar á Vestmannaeyjum, fyrra árið, alt að 8000 kr.
Til vitahalds í Vestmannaeyjum:

69.	1. Til vitavarðar	133 kr. 33 a.	400 kr. 00 a.
70.	2. fyrir olíu	50 — 00 -	150 — 00 -
71.	3. — lampakveiki o. fl.	33 — 33 -	100 — 00 -
72.	4. fyrir steinkol	33 — 33 -	100 — 00 -
73.	5. til viðhalds á vita, áhöldum og aðflutning	» — » -	100 — 00 -
		249,99	850,00

Til vitabyggingar á Öndverðarnesi, fyrra árið alt að 8000 kr.
Til vitaviðhalds á Öndverðarnesi:

74.	1. Til vitavarðar	133 kr. 33 a.	400 kr. 00 a.
75.	2. fyrir olíu	50 — 00 -	150 — 00 -
76.	3. — lampakveiki o. fl.	33 — 33 -	100 — 00 -
77.	4. fyrir steinkol	33 — 33 -	100 — 00 -
78.	5. til viðhalds á vita og áhöldum	» — » -	100 — 00 -
79.	6. til aðflutnings	25 — 00 -	75 — 00 -
		274,99	925,00]

80.	i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga [Brt. (279). Fyrir 75—75 komi 100—100]	75	75	
81.	k. Styrkur til ljóskers á Skipaskaga	75	75	

		1904 kr.	1905 kr.	Alls kr
	Veitist með því skilyrði, að um tendrun á ljóskerinu fari eftir auglýsingu landshöfðingja 31. maí 1894.			
	[Brt. (N): Liðurinn breytist þannig:			
	Til vita á Skipaskaga:			
	1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) 3000			
	2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	Athugasemdin um ljóskerið falli burt].			
82.	l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði	300	300	

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 177,796 kr.

A.

Í þarfir andlegu stéttarinnar:

83.	a. laun	7,000	7,000	
	b. önnur útgjöld:			
84.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,500	10,000	
85.	2. til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum..	4,000	4,000	
	Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögbiskups.			
	[Brt. (N.): Liðurinn orðist þannig:			
	Til bráðabyrgðauppbótar brauðum 5000–5000 (athugasemdin óbreytt)].			
86.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti ...	600	600	
87.	4. bráðabirgðaruppbót á Kvíabekkjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi	200	200	
	[Brt. (N.): Liðurinn falli burt].			
88.	5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum	200	200	
	[Brt. (N.): Liðurinn falli burt].			
89.	6. bráðabirgðaruppbót til Reynistaðarprestakalls..	300	300	
	[Brt. (N.): Liðurinn falli burt].			
90.	7. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafarprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum..	3,000	3,000	
91.	8. bráðabirgðaruppbót til séra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	100	100	
	[Brt. (N.): Liðurinn falli burt].			
92.	9. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
93.	10. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær.....	2,250		
94.	11. til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík alt að	6,200		
	Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem			

		1904 kr.	1905 kr.
	Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.		
	[Brt. (N.): Fyrirsögn liðsins orðist þannig: Til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að..... Á eftir 11. tölulið komi nýr liður:		
	12. Til séra Magnúsar Th. Magnússonar til þess að halda upp íslenzkri guðsþjónustu í Kaupmannahöfn tvisvar á mánuði 250—250 kr.].		
	B. Til kenslumála. I. Til prestaskólans:		
95.	a. laun.....	9,200	9,200
	b, önnur útgjöld:	1904. kr.	1905. kr.
96.	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905.....	960	1,280
97.	2. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800	1,000
98.	3. til tímakenslu	100	100
99.	4. til bókakaupa..... ...	300	300
100.	5. til eldiviðar og ljósa....	150	150
101.	6. til umsjónar.....	100	100
102.	7. ýmisleg útgjöld.....	300	250
103.	8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að.....	250	250
	II. Til læknaskólans.		
104.	a. laun.....	3,200	3,200
	b. önnur útgjöld:		
105.	1. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	
106.	2. eldiviður, ljós og ræsting.....	250 —	
107.	3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	600 —	
108.	4. ferðastyrkur handa læknaefnum..... [Brt. (N.): Inn í liðinn bætist á eftir »læknaefnum«: alt að 100 kr. handa hverjum].	300 —	
109.	5. húsaleiga handa lærisveinum		

			1904 kr.	1905 kr.	alls kr.
	80 kr. handa hverjum	1,280 —			
	6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	200 —			
110.	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —			
111.	8. ýmisleg útgjöld	250 —			
	[Brt. (N.): Á eftir b. 8. komi 2 liðir nýir þannig hljóðandi:				
	c. Til þess að kaupa Reykjavíkurspítala með lóð (fyrra árið) .....15000 kr.				
	d. Til aðgerðar og viðhalds húsinu og nauðsynlegra gjalda af því 1600—2000 —]				
	III. Til hins lærða skóla:				
112.	a. laun		19,200		
113.	b. aðstoðarfje: handa söngkennaranum	600 kr.			
114.	— fimleikakennaranum	700 —			
115.	— dyraverði	1,100 —			
116.	fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —			
	c. önnur útgjöld:				
117.	1. til bókasafns skólans ... Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.		
118.	2. til eldiviðar og ljósa ..	1,400 —	1,400 —		
119.	3. til skólahússins utan og innan	2,300 —	1,400 —		
120.	4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,050 —	1,050 —		
	[Brt. (N.): Fyrir 1050—1050 komi: 1200—1200].				
121.	5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,600 —	1,600 —		
122.	6. námsstyrkur ..... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —		
123.	7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —		
124.	8. þóknun handa lækni	100 —	100 —		
125.	9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —		
126.	10. fyrir prestsverk	48 —	48 —		

				1904 kr.	1904 kr.	alls kr.
127.	11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
	a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
	b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
128.	12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
129.	13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —			
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
130.	a. laun			7,000	7,000	
	b. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
131.	1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	kr. 600	kr. 600			
132.	2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
133.	3. ýmisleg útgjöld	400	400			
134.	4. til styrkveitingar námspiltum	400	400			
	Amtmanninum í Norðuramtinu skal falin á hendur umsjón með skólanum.					
	V. Til stýrimannaskólans:					
135.	a. laun			3,200	3,200	
		1004	1905			
	b. önnur útgjöld:					
136.	1. til tímakenslu	1,400	1,400			
137.	2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
138.	3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
139.	4. ýmisleg útgjöld	500				
140.	5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500				
	VI. Til annarar kennslu:					
	a. til kvennaskóla:					
141.	1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
142.	Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
143.	2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum .... [Brt. (N): fyrir »300—300« komi: 500—500]					
144.	3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga 2,200—2,000 ..... [Brt. (N): fyrir »2200—2200« komi: 1500—1500]. [Brt. (277): aftan við liðinn komi nýr liður: Til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum 500—500].					

			1904 kr.	1905 kr.	Alls kr.
145.	4.	til kvennaskóla Eyfirðinga .....2,200 2,200. [Brt. (N): fyrir »2200—2200« komi: 1500—1500. Á eftir þessum lið komi nýr liður (B. 6. a. 5.). Til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 35 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að 3000—3000 kr.].			
146.	b. 1.	til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum .... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	7,000	7,000	
147.	2.	til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftyfirvaldanna.	7,000	7,000	
148.	c.	til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..	2,500	2,500	
149.	d.	til kennarafræðslu..... ... Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.	3,200	3,200	
150.	e.	námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum	600	600	
151.	f.	til skólaiðnaðar-kenslu	500	500	
152.	g.	til stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum ..... [Brt. (N): fyrir 300—300 komi: 500—500]	300	300	
153.	h.	til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík. ... [Brt. (N): Liðurinn falli burt].	1,000	1,000	
154.	i.	til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri..... ... . [Brt. (N): Liðurinn falli burt].	300	300	
155.	j.	styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur.....	300	300	
156.	k.	til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
157.	l.	til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja.....	150	150	
158.	m.	styrkur til unglingaskóla í Dalasýslu..... [Brt. (N): Liðurinn falli burt.].	1,000	1,000	
		VII. Til sundkenslu:			
159.	a.	í Reykjavík..... ..... . Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði	300	300	

		1904 kr.	1905 kr.	Alls kr.
	að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
160.	b. til sundkensln annarsstaðar..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
161.	VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík [Brt. (N): Nýr liður þannig (undirliður undir VIII). Til sama manns til þess að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis... 500 kr. (f. á.) Í enda greinarinnar komi nýr liður (IX.) svo hljóðandi: Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi..... 2200—2200 kr. Þar af laun hans á ári 1200 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 1000 — = 2200 kr.]	1,000	1,000	

Ed.

332 Breytingartillaga

um frumv. til laga um friðun fugla. (þskj. 185.). Flm. Árni Jónsson.

1. við 2. gr. orðið »Valir« falli burt.
2. — 3. — á eftir stafliðnum e komi:
   f, »Valir frá 15. september til. 15. maí
3. 5. grein falli burt.

Nd.

333. Atkvæðaskrá

við 14.—19. gr. frv. til fjárlaga 1904 og 1905 við 2. umr. í Nd.
N merkir breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali (230).

1. 14. gr. A. 1 a. Fyrir »2000« komi: 1700 (N)
2. — — — — c. Fyrir: »3500« komi: 4500 (N)
3. — — — — e. Fyrir: »800« komi: 1200 (N)
4. — — — — i. Fyrir: »5—7 e. m.« í athugasemdinni á eftir liðnum komi: 6—8 e. m. (N)
5. — — — — Aftan við tölulið i bætist nýr liður (314): Til þess að kaupa handritasafn Jóns Þorkelssonar skjalavarðar, alt að 10,000 kr. f. á.
6. 14. gr. A. 2. Á eftir liðnum og athugasemdinni komi nýr liður: (N) 3. Til sýslubókasafna alt að 100 kr. til hvers, 1000—1000, gegn því að jafnmikið tillag komi annarsstaðar að, og að sendar séu

skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.

7. 14. gr. A. 3. a. Fyrir: »1800—1800 komi: 1400—1400 (N)
8. — — — 3. c. Fyrir »í skjalasafninu« komi »handa skjalasafninu« (330)
9. — — — 8. Fyrir 800 (fyrra árið) komi: 1000 (N)
10. Á eftir 14. gr. A. 11 komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Guðm. Guðmundssonar skálds, til þess að ljúka við skáldritið »Strengleikar« o. fl. 500—500 (291).
11. — — — — — 12 komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Þorsteins Erlingssonar skálds 600 kr. 600 kr. (266).
12. — — — 13. Liðurinn falli burt. (N)
13. — — — 14. Fyrir: »800—800« komi: 1000—1000 (N),
14. — — — — Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:
Til »Bindindissameiningar Norðurlands« 300—300 kr. (N).
15. — — — 15 Á eftir þessum lið bætist nýr liður svo hljóðandi:
Til að gefa út dómasafn alt að 15 kr. fyrir hverja örk 150—150 kr. (N).
16. — — — 17. Fyrir »300—300« komi 600—600.
Athugasemdin orðist svo:
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti tvo hluti á móts við landssjóðsstyrkinn.
Liðatalan breytist samkvæmt ofanskrifuðum breytingum. (N)
Brt. við þessa breysingartill. (313).
Í stað »600—600« komi: 1000—1000. Til vara: »800—800«.
Í stað »landssjóðsstyrkinn« komi: hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.
17. — — — 18 Liðurinn falli burt (N).
18. — — — 19. Liðurinn falli burt (N).
19. — — — 20. Liðurinn falli burt (N).
20. — — — 21. Liðurinn falli burt.
Til vara:
Í stað 1000—1000 í 14. gr. A. 21. komi: 600—600 (302).
Á eftir 14. gr. A. 21. komi nýr liður svohljóðandi:
21. — — — — Styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta, fyrra árið 400 kr. (262).
Aftan við töluliðinn bætist nýr liður: (310).
22. 14. gr. A. 21. Til stud. Konráðs Stefánssonar til þess að nema rafmagnsvélafræði við tekniska háskólann í Mittweida á Saxlandi kr. 800—800.
23. — — — — Við 14. gr. A. bætist þessi liður: Styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 500 kr. til hvors (fyrra árið 1000 kr. (268).
24. 14. gr. A. 21. Á eftir þessum lið (sem verður 20. liður) komi: nýir liðir:
21. Styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, alt að ..... kr. 1200—1200

Af þessari upphæð greiðist 600 kr. hvort árið sem ritlaun fyrir sögufræðilegar ritgerðir, 40 krónur fyrir hverja örk (N.)
Brt. (304) við þessa brt.:
Orðin: »Af þessari upphæð — 40 kr. fyrir hverja örk« falli burt.

25. —— —— 22. Styrkur til séra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga (fyrra árið) ..... 1000 kr. (N.)

26. —— —— 23. Styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðan lands og austan (fyrra árið) 1000 kr. (N.)
Brt. (287) við þessa brt.:
Á eftir orðin: »norðanlands og austan« komi: sem og á Vestfjörðum.

27. —— —— 24. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna ..... 600—600 kr. (N)

28. —— —— 25. Styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig i málaralist erlendis..... kr. 600—600 kr. (N)

29. —— —— 26. Til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar (fyrra árið) 1000 kr. (N)

30. —— —— 27. Til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað (fyrra árið..... ..... 600 kr. (N)

31. —— —— Viðaukatill. (282) við þessar brtt.:
Á eftir 14. gr. A. 27 komi nýr 28. liður svo hljóðandi:
Styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fulkomna sig í tónfræði og söng .....800—800

32. 14. gr. B. 1. a. 1. Fyrir: 2500« (fyrra árið) komi: 3500 — (N).

33. — — — — — — Þar næst komi nýr liður, er svo hljóðar:
Til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu fyrir nemendur hans..... 500—500 kr. (N)

34. — — — — — 2. Fyrir: »2500« (fyrra árið) komi: 3500 (N).

35. — — — — — 3. Á eftir þessum lið komi nýr liður, er hljóðar þannig:
Til skólans að Ólafsdal..... ..... 3500—2500 kr. (N)
Liðirnir undir B. 1. a. breytist samkvæmt þessu.

36. — — — — — d. Á eftir þessum lið komi nýr liður e, er svo hljóðar:
Til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis (fyrra árið)..... .... 2000 kr. (N.)

37. — — — — — e. Fyrir þennan lið komi nýr liður, er hljóðar þannig:
Til ræktunarfélags Norðanlands ..... 8000—8000 kr. (N)

38. — — — — — e. Á eftir staflið e. bætist nýr liður:
Til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki ... . 4500 kr. fyrra árið.
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands (276).

39. — — — — — f. Fyrir: »8650—7350« komi: 6000—5000 (N).

40. — — — — — g. Fyrir: »2000—2000« komi: 5000—5000 (N).

41. — — — — — h. Fyrir: »3000« fyrra árið« komi: 4000
og við liðinn bætist þessi athugasemd:
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands (N).

42. — — — B. 3. Fyrir: »300—300« komi: 600—600 (289).

43. — — — B. 5. Fyrir þennan lið komi nýr liður, er hljóðar svo:
Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu ..... 78500—16000 (N)
Brt. (N) við þessa brt. (317):
Orðin: »í Norður- amtinu« falli burt.

44. 14. gr. B. 6. Liðurinn falli burt. (N)

45. — — — 7. Liðurinn falli burt. (N)

46. — — — 7. Hér komi nýr liður, sem verður 6. liður:
Til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í Norður- og Austuramtinu (fyrra árið) .... 2000 kr. (N)

47. — — — 8. (sem verður 7. liður) fyrir; »1400—1455« komi 5700—5200
Athugaaemdin orðist þannig (innanstryks):
Til þess að koma upp tekniskum skóla í Reykjavík á ári 4000 kr.
Til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári)..... 1200 —
og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar..... 500 kr. (N)

48. — — — 8. Á eftir 14. gr. B 8 komi nýr liður svo látandi: Til Iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar, fyrra árið..... 800 kr. (265)
Brt. (N, þsk. 327) við þessa brt.:
Fyrir 800 kr. komi: 600 kr.

49. — — — 9. Fyrir »600—600« komi: 700—700. (288).

50. — — — 10. Liðurinn falli burt. (N).

51. — — — 12. Fyrir: »13500—4000 komi: 6500—3000.
Við liðinn komi þessi athugasemd:
Þar af laun forstöðumanns 2000 kr. á ári. (N).

52. — — — 13. Fyrir »2400—2400« komi: 2000—2000.
Töluliðatalan breytist samkvæmt ofanskrifuðum breytingum. (N)

53. — — — Í stað 2400—2400 komi: 1600—1600. (302)
Á eftir 13. lið bætast við 3 nýir töluliðir svohljóðandi:

54. — — — 14. Styrkur til dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að kr. 10000,00 (fyrra árið). Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti eins miklu fé til fyrirtækisins og styrknum nemur og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst. (N)

55. — — — 15. Styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að 15000,00 (fyrra árið).
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns. (N)

56. — — — 16. Styrkur til konsúls D. Thomsens í Reykjavík til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á akvegunum hér 2000 kr. (fyrra árið). (N)
Brt. (287) við þessa brt:
Í stað »2000 kr.« komi: 1200 kr.

Landstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þenna, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.

57. — -- — (Viðaukatill. 277):
Við 14. gr. B. bætist nýr, 17. töluliður.
Styrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi seinna árið alt að 4700 kr. að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til bryggjunnar annarsstaðar frá.

58. — -- — (Viðaukatill. 298):
Við 14. gr. B. bætist nýr töluliður, er verði 18. liður.
Styrkur til Bjarna Þorkelssonar til utanfarar til að fullkomna sig í stórskipasmíði og bátasmíði 1200 kr. fyrra árið

59. Við 16. gr. Á eftir orðin »til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 250 kr. (262).

60. Við 16. gr. Á eftir orðin »meðan börn hennar eru í ómegð 200 kr.« komi: Til Haunesar Hanssonar pósts 200 (284).

61. Við 16. gr. Á eftir orðunum: Til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr. komi: Til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr. (328).

62. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: Ennfremur til organleikara Jónasar Helgasonar 400 kr. hvort árið.
Aðalupphæðin 86 þús. kr. breytist eftir því (280).

63. Við 19. gr. (Viðaukatillaga 301):
Aftan við 19. gr. frv. bætist:
Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabuðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2{}^0/_0$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

64. Við 19. gr. Aftan við greinina bætist:
Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með $3^0/_0$ árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum. (N.).

65. Við 19. gr. Úr viðlagasjóði má lána skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal 18000 kr. gegn fyrsta veðrétti í jörðunum Ólafsdal, Belgsdal og Litla-Múla með öllum þeim húsum, mannvirkjum og kúgildum, er hann á á þessum jörðum. Lánið sé afborgunarlaust meðan lántakandi heldur sjálfur uppi búnaðarskóla í Ólafsdal, og ávaxtist með $4^0/_0$ árlega, en sé alt afturkræft með ársfyrirvara, ef hann hættir að veita skólanum forstöðu. (N.).
Brt. (317) við þessa brt. (N.).
Fyrir nafnið »Litla-Múla« í annari málsgrein komi: Stóra-Múla.

66. Við 19. gr. Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíða-

verksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum. (N.).

67. Við 19. gr. (Viðaukatillaga 295). Á eftir tölulið þessum komi nýr liður:
Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, og ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% af lánsupphæðinni.

68. við 19. gr. Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum. (N)

69. við 19. gr. Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum. (N)

70. við 19. gr. Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega. (N).

Breytingartill. (303) við þenna tölulið (70): Töluliðurinn orðist svo:

Úr viðlagasjóði má veita hlutafélagi í Hafnarfirði alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttarbraut (patent-slip) í Hafnarfirði.

Lán þetta má þó eigi nema meiru en þriðjungi af virðingarverði dráttbrautarinnar að húsum og áhöldum meðtölum, og sé trygt með 1. veðrétti í allri eigninni, enda sé húsunum og áhöldum þeim, sem í þeim eru, haldið í brunabótaábyrgð, er landsstjórnin telur trygga.

Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum, sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum.

71. við 19. gr. Sjávarbændum og hlutafélögum, er þeir eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. (N)

Breytingartill. (303) við þenna lið:

a. Í stað orðanna: »má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr.«.
komi: má lána úr viðlagasjóð alt að 30,000 kr. hvort árið.

b. Í staðinn fyrir »6,000 kr.« komi: 8,000 kr.

72. við 19. gr. Aftan við 19. gr. bætist: (303).
Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgð-

arfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Norður-Ísafjarðarsýslu sem varasjóður þess félags.

Ed. **334 Breytingartillaga**

við frv. til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað. Frá Kristjáni Jónssyni.
Við 2. gr. Fyrir: »þeim er nú gildir . . . . að verða« komi: er landsstjórnin setur eftir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefir það lögtaksrétt.

Ed. **335 Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls. Flutningsm: Jón Jakobsson og Guðjón Guðlaugsson.
Aftan við 1. málsgrein bætist: Ennfremur skal undan skilið sölu svæðið milli fyrirhugaðra framlenginga á Hverfisgötu og Lindargötu, og frá læknum að vestan svo langt austur að Klapparstíg, sem eign landssjóðs nær.

Ed. **336 Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað. Flutningsmenn: Jón Jakobsson, Guðjón Guðlaugsson og Gutt Vigfússon.
Aftan við 2. gr. bætist: þó skal kaupandi fá endurgoldin eftir óvilhallra manna mati þau verk, er hann hefir unnið til umbóta á lóðinni.

Nd. **337. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.
Frá Birni Bjarnarson.

1.	Við 12. gr. A. 3.	Fyrir: »600 kr.—600 kr.« komi: 300 kr.—300 kr.
2.	Við 13. gr. B. III. c. 1.	Fyrir: »600 kr.—600 kr.« komi: 300 kr.—300 kr.
3.	Við 13. gr. B. III. 10.	Liðurinn falli burt.
4.	Við 14. gr. A. 9.	Liðurinn falli burt.
5.	Við 14. gr. A. 17.	Liðurinn breytist þannig: Til Lúðrafélags Reykjavíkur alt að (fyrra árið) ..... 600 kr. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu helming á móts við styrkinn úr landssjóði.
6.	Við 14. gr. B. 1. c.	Fyrir: »22,500 kr.—24,500 kr.« komi: 30,500 kr.—32,500 kr.

BREYTINGARTILLÖGUR

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskjali 230. Frá Birni Bjarnarson.
1, við 43. Í stað c. og d. komi:

c, til þess að byggja hús handa læknaskólanum og efnafræðisstofnuninni alt að 35,000 kr.

d, til viðhalds húsinu og nauðsynlegra gjalda síðara árið 200 kr.

2. við 48. Í stað »35 kr. fyrir hvern« komi: 20 kr. fyrir hvern.

Í stað »alt að 3000—3000 kr.« komi: alt að 2000—2000 kr.

við 71. Fyrir 1000 kr. komi 600 kr.

Nd. **338. Breytingartillaga**

við br.till. á þsk. 295. Frá Hannesi Þorsteinssyni og Ólafi Ólafssyni.

Síðasta málsgrein orðist þannig:

Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Sþ. **339. Nefndarálit**

um kosningu .. þm. Suðurmúlasýslu. Frá kjörbréfanefndinni.

Nefndin hefir haft til meðferðar 2 kærur dagsettar 22.—24. júní þ. á., undirskrifaðar af allmörgum kjósendum; er í þeim farið fram á, að kosning 2. þingmanns Suðurmúlasýslu, Guttorms Vigfússonar, verði dæmd ógild, en sýslumanni Axel Tulinius gefinn kostur á að sitja í hans stað á þingi. Krafa þessi byggist á því, að 7 atkvæði þeirra, sem greidd voru Guttormi Vigfússyni, hafi verið ógild sökum þess að þeir, sem þau atkvæði greiddu, hafi eigi haft kosningarrétt, sumir af því, þeir hafi verið lausamenn eða húsmenn án þess að gjalda 12 krónur í útsvar, sumir verið vinnumenn, eigi nógu gamlir, eða hafi þegið af sveit. Þar sem nú Guttormur hafi einungis haft 1 atkvæði fram yfir A. Tulinius, þá hafi Guttormur í rauninni haft færri atkvæði gild en Tulinius, og sé hann því rétt kjörinn til þings, því atkvæði þau, sem honum hafi verið greidd, hafi verið lögleg. Þó að alþingi nú þegar sé búið að viðurkenna þessa kosningu sem gilda, þá er þó þar með engan veginn fyrir það girt, að alþingi eigi geti ónýtt þessa eða hverja kosningu sem er, svo framarlega sem fullnægjandi sannanir, kæmu fram um það, að hún væri ógild. En hvað þessa kosningu snertir, þá er engin sönnun komin fram fyrir því, að hún sé ógild; það er engin sönnun komin fram fyrir því, að þeir kjósendur, sem tilnefndir eru, hafi eigi haft kosningarrétt, eins og sýnt skal verða fram á undir framsögu málsins. Þetta hefir kærendum einnig verið ljóst, því þeir hafa látið 20 daga líða þangað til þeir skrifa kæruna, og senda hana ekki á stað fyr en nokkru eftir að alþingi er byrjað, og búið að samþykkja kosninguna, svo að það virðist sem þeim hafi eigi verið full alvara með að fá kosninguna ónýtta. Þess er einnig getið í annari kærunni, að jafnvel fleiri en þeir, sem kært er yfir, hafi ólöglega greitt atkvæði á kjörfundi, og geta þau atkvæði eins hafa lent á Axel Tulinius, svo það er eftir kærunum sjálfum hæpið að fullyrða nokkuð um, hver frambjóðenda hafi fengið flest lögleg atkvæði. Nefndin finnur því eigi ástæðu til að leggja það til að ógilda þessa kosningu.

En hins vegar virðist það ljóst af hinum framkomnu kærum, enda að öðru leyti alkunnugt, að kjörskrárnar í Suðurmúlasýslu hafi verið í miklu ólagi, en kjörskrárnar sjálfar hefir nefndin eigi haft fyrir sér, því sýslumaður hefir eigi sent þær hingað, sem hann þó hefði átt að gera, þar sem honum var fullkunnugt um, að kært yrði yfir kosningunni. Nefndin álítur því nauðsýnlegt, að kjörskrárnar séu rannsakaðar, og undirbúningur þeirra af hendi hreppsnefndanna og ræður hún því h. hv, alþingi til

að senda hinar fram komnu kærur yfir kosningu 2. þm. Suðurmúlasýslu forsetaveginn til landstjórnarinnar með áskorun um, að hún láti rannsaka kjörskrárnar í Suðurmúlasýslu, sem giltu frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903, og samningu þeirra af hendi hreppsnefndanna, og leggi árangurinn af þeim rannsóknum í síðasta lagi fyrir næsta þing 1905.

Alþingi 3. ágúst 1903.

Árni Thorsteinsson, formaður. Kl. Jónsson, skrifari og framsögumaður. J. Havsteen.

H. Hafstein. Guðl. Guðmundsson.

Ed. **340. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um túngirðingar og frumvarp til laga um heimild til lántöku handa landssjóði.

Vér undirritaðir, sem hin háttv. efri deild kaus til þess að athuga frumvörp þessi, látum hér með í ljósi eftirfylgjandi álit vort um málin.

Vér leyfum oss þá fyrst að geta þess, að því meira og betur sem vér höfum athugað túngirðingamálið, því sannfærðari höfum vér orðið um það, að hér sé um fyrsta og langþýðingarmesta sporið að ræða í allri vorri jarðrækt, því einungis með því eina móti að girða land það, sem vér viljum rækta, getum vér haft nauðsynlegt vald yfir því, og getum þá fyrst talið það ræktað land, þegar það er orðið algirt. Þangað til má heita að náttúran sé herra yfir oss að öllu leyti, en vér ekki yfir henni, að því, er ræktun landsins snertir; því teljum vér að þetta sporið verði að stígast svo fljótt sem unt er, en vér vitum líka jafnvel, að þetta stórkostlega framfaraspor fyrir landbúnað vorn og þá um leið fyrir landið í heild sinni, verður ekki stigið án tilhlutunar löggjafarvaldsins og með hjálp frá landssjóðsins hálfu, sér í lagi af því að hér er ekki um verk að ræða, sem dugar að gjöra smátt og smátt eftir því, sem efni og kringumstæður einstakra manna leyfa, heldur verk, sem þarf nauðsynlega að gjörast í einu alveg hvíldarlaust, en verkið þó svo kostnaðarsamt, að efnahagur margra manna má ekki við því, að framkvæma svo mikla umbót í einu, án liðveizlu frá hálfu hins opinbera; enda hefir það verið og er einróma ósk þjóðarinnar, að landssjóði sé ætlað að styrkja alla vora atvinnuvegi og ekki sízt landbúnaðinn, eftir því sem efni hans og aðrar kringumstæður leyfa, og þingið hefir einnig viðurkent, og mun ekki síður hér eftir viðurkenna, að ósk þessi sé í alla staði réttmæt og verðskuldi uppfyllingu eftir ítrustu kröftum. En þar sem kraftarnir hjá landssjóðnum eru alt of takmarkaðir til þess, að fullnægja öllum slíkum kröfum, þá verðum vér ekki einungis, að takmarka upphæðirnar, heldur *miklu fremur*

verðum vér að taka oss þá aðal-reglu, *að* styrkja það *fyrst*, sem á undan verður að ganga í framkvæmdinni; *það*, sem veitir fljótastan og vissastan arð, og *það*, sem hefir almennust og víðtækust áhrif á hverja einstaka atvinnugrein eða á þjóðarhaginn í heild sinni.

Nefndin játar það fúslega, að með frumvarpi þessu eru gjörðar þungar fjárkröfur til landssjóðs næstu árin, og vegna margra annara stórfjárveitinga, sem þingið hefir nú með höndum og enn annara fult svo stórra, sem ekki verður komizt hjá til lengdar, þá eru hinar fjárhagslegu ástæður vorar lakari en skyldi til þess að ráðast í mjög stór fjárframlög; en þar sem vér sjáum mjög vel: 1) að hér er um stórkostlegt og alþjóðlegt framfaramál að ræða, 2) að fæstar af fjárveitingum þingsins geta komið þjóðinni að jafn miklu gagni og borið jafn fljótt og jafn verulega ávexti sem þessi, og 3) að vegna hinna þungu útgjalda landssjóðs í ýmsum öðrum efnum, þá verður *hvort sem er*, að auka tekjur hans að miklum mun, og að líkindum til bráðabirgða að taka meira eður minna lán, þá getum vér ómögulega fallizt á, að þetta mál eigi eitt að sitja á hakanum, vegna núverandi fjárskorts landssjóðs.

Oss er það líka full ljóst, að ein hin allra hættulegasta meinsemdin, sem þjáir þjóð vora nú, er æðialment trúleysi á framtíð landsins, og þó einkum og sér í lagi að því, er landbúnaðinn snertir. En sem betur fer, virðist lítið bera á þessu trúleysi meðal þingmanna, enda væri þá illa farið, ef löggjafar þjóðarinnar og leiðandi menn, hefðu mist trú á framtíð landsins. En til þess að löggjafarvaldið sýni það í verkinu, að það hafi trú á framtíðinni, má það ekki skera við neglur sér fjárframlög landssjóðs til þeirra framkvæmda, sem telja má skilyrði fyrir ræktun landsins, og þar með er hyrningarsteininn undir framförum landbúnaðarins, og sem vakið geta trú og traust þjóðarinnar á framtíðinni, á hinum mörgu og miklu kostum, er land þetta hefir sér til ágætis, og um leið verðum vér óhikað að ætla þjóðinni í heild sinni, að hún vilji leggja eitthvað á sig, til þess að unt verði að styðja slík framfarafyrirtæki, er hún óskar og þarfnast opinberrar hjálpar við. Nefndin hefir þó haft fjárspursmálið alvarlega fyrir augum, og reynt að taka svo mikið tillit til þess, sem hún sá sér framast mögulegt, án þess að víkja frá því takmarki, sem ætlast er til að frumvarpið nái. Vér leggjum það því til, að sú breyting verði gerð á frumvarpinu, að það hundraðsgjald, sem ætlast er til að hvíli á öllum ábúendum jarða, er njóta slíkrar hjálpar frá landssjóði, verði 5 kr. í stað 4 króna, og greiðist í 41 ár í staðinn fyrir 30 ár, sem þýðir auðvitað ekkert annað en það, að þá er fjárframlag landssjóðs orðið að eins lán með 4% vöxtum, en enginn gjafastyrkur. Með þessu er fé orðið lán ekki einungis til allra jarða, sem einstakir menn og stofnanir eiga, heldur einnig til sjálfra þjóðjarðanna, sem fyrir þessa þýðingarmiklu jarðarbót vaxa þó ótreiknanlega að verðmæti og áliti, landssjóðnum sjálfum til tekjuauka, auk þeirra tekna, sem hann í framtíðinni getur notið af aukinni framleiðslu landbúnaðarins, er að öllum líkindum leiðir af slíkum umbótum.

Til þess ennfremur að gera landssjóði nokkuð hægra fyrir með fjárframlag þetta, leggur nefndin til, að því verði skift jafnt niður á öll árin 1905—1909, en næsta ár (1904) ætlum vér einungis til undirbúnings bæði fyrir landsstjórnina og eins fyrir sýslunefndir og sjálfa lánþegana. Nefndin gjörir ráð fyrir, að upphæð sú, sem landssjóður muni þurfa að leggja fram í þessu skyni, muni naumast geta yfirstigið 100 þús. krónur á ári eða 500 þús. kr. alls.

Með tilliti til þess, að fjárframlag landssjóðs verður að eins lán eftir tillögum nefndarinnar, leyfum vér oss að stinga upp á þeirri breytingu, að eigendur eða ábúendur jarða, annara en þjóðjarða og kirkjujarða, er óska fjárstyrks úr landssjóði, geti fengið $^3/_4$ af verði efnisins úr landssjóði í stað $^2/_3$ hluta, sem farið er fram á í frumvarpinu. Að vísu lítur það svo út sem þetta auki nokkuð framlög landssjóðsins í bráðina, en bæði er það, að þetta gjörir minna til, þegar að eins er um lán að ræða, og svo teljum vér ekki miklar líkur til, að fjárframlagið frá landssjóðsins hálfu verði meira fyrir þessar breytingar, því hækkun hundraðsgjaldsins og lenging gjaldtímans mun draga eins mikið úr fjárkröfunum frá hálfu efnamannanna, sem hækkun fjártillagsins úr landssjóði til einstakra manna eykur þær. Til þess að gera fulla tryggingu fyrir því, að landssjóður fái fé sitt endurgoldið í framtíðinni, hefir nefndin farið fram á það, að í 4. gr. bætist inn gjaldskylda jarðareigandans ef leiguliðann brestur gjaldið. Vér gjörum nefnilega ráð fyrir því, að hundraðsgjald þetta verði heimtað af ábúendum sem fastur skattur, með því þeir njóta mestalls afrakstursins, en ef það þrýtur, þá megi þó snúa sér til eigandans, sem að sjálfsögðu hefir mjög mikinn óbeinann hag af endurbótunum.

Af því það er komið undir margháttuðum kringumstæðum, hvernig girðingin skal vera, og næg reynsla eða kunnátta er enn ekki fengin fyrir því, en á hinn bóginn er mjög áríðandi, að girðingarnar séu svo vel gjörðar sem föng eru á, þá leyfum vér oss að fara fram á, að því sé bætt inn í 9. gr., að landsstjórnin semji reglugjörð um þetta efni, og hugsum vér oss, að hún mundi kveðja sér til aðstoðar í því efni stjórn Búnaðarfélags Íslands, eða aðra, sem væru því verki vaxnir. Þó teljum vér vissara, að gjöra ekki ráð fyrir styttri járnteinum en 65 þuml., þar sem vírgirðing er á jafnsléttu, og jarðvegur er rakur og gljúpur, og því fer nefndin fram á 65 þuml. í staðinn fyrir 60, og gjörir ráð fyrir að við það sé miðuð áætlun landsstjórnarinnar um verð á hverjum faðmi í vírgirðingu.

Með því vér lítum svo á, að sektir, sem lagðar eru við brotin, nái ver tilgangi sínum, ef þær eru ósanngjarnlaga háar, heldur en ef þær eru hæfilegar í hlutfalli við eðli og afleiðingar brotsins, og með því oss virðist sektir þær, sem ákveðnar eru í 13. og 16. gr. frumvarpsins, ærið háar, höfum vér lagt til, að þær yrðu lækkaðar. En samkvæmt athugasemd, sem gjörð var við frumvarpið við 1. umræðu, förum vér fram á, að bætt verði inn í það nýju sekta-ákvæði við þau tilfelli, þegar girðing er skemd af ásettu ráði. Enda þótt nefndin væri fremur á því, að slík yfirtroðsla mundi vera vítaverð eftir gildandi lögum, þá virtist henni, að þessu ákvæði, væri þó engan veginn ofaukið í frumvarpinu.

Í 14. gr. leggjum vér til, að bætt verði inn 10 kr. sekt fyrir vanrækslu í því að halda slíkri girðingu við, með því vér lítum svo á sem ákvæðið um viðhalds skylduna mundi verða kraftlítið, ef ekkert væri lagt við, ef það væri brotið.

Nefndin leggur til, að bætt verði inn nýrri grein, sem verði 15. gr., þar sem reynt er að tryggja rétt leiguliða gagnvart mótþróa frá hálfu landsdrottins, og í sama máta jarðareiganda gegn hinu sama frá leiguliða.

Nefndin gengur að sönnu út frá því sem vísu, að í flestum tilfellum verði fult samkomulag milli eigenda og ábúenda, en hún getur þó búist við nokkrum tilfellum, þar sem hér beri töluvert út af leið, bæði af gildum og ógildum ástæðum, og því vill hún koma í veg fyrir það, að þetta geti orðið hinni bráðnauðsynlegu framkvæmd til

fyrirstöðu, og vér þykjumst þó vissir um, að með þessu ákvæði gerum vér hvorugum málsaðila rangt til, í hvaða tilfelli sem er.

Í sambandi við þessa grein leggjum vér til, að slept verði ákvæðinu í 16. gr., um að garður, sem hlaðinn er undir vírgirðingu vegna þess, að hún liggur fram með alfara vegi, skuli koma upp í áskildar jarðabætur samkvæmt byggingarbréfi, þar eð ábúandi hlýtur að fá þann garð endurborgaðan samkvæmt 15. gr., sem hvern annan garð er hann hefir kostað.

Aðrar breytingar, er vér förum fram á að gjörðar verði á frumvarpinu, eru mest orðabreytingar, sem lítil eða alls engin áhrif hafa á efni frumvarpsins.

Samkvæmt framansögðu leyfum vér oss að koma fram með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Ný grein verði 1. gr. svohljóðandi:

Á tímabilinu 1905—1909, að báðum meðtöldum, má á ári hverju verja 100,000 kr. úr landssjóði, til að kaupa fyrir galvaníseraðan gaddavír og járnteina í túngirðingar.

2. 1. gr., sem verður 2. gr., orðist þannig:

Hver eigandi eða ábúandi jarðar, sem vill algirða tún sitt, getur fengið til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og ver landsstjórnin því til að kaupa girðingarefni það, sem nefnt er í 1. gr. og til flutningskostnaðar á því til hafna þeirra, sem óskað er, og strandferðaskipin koma á.

Sýslunefndir annast um, að menn séu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku og gjöra aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og skulu sýslusjóðir kosta uppskipun, geymslu og afhendingu afnisins.

3. 2. gr., sem verði 3. gr., orðist svo:

Á öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skal girðingarefni þetta kostað að öllu leyti af landssjóði, og hafi leiguliði á slíkri jörð komið upp á sinn kostnað girðingu um túnið úr tré eða járni, getur hann fært hana úr stað til annara nota á jörðunni og fengið í staðinn efni í nýja girðingu um túnið.

Á jörðum einstakra manna og stofnana leggur landssjóður fram $^3/_4$ af verði girðingarefnisins; þó leggur hann það alt fram, þar sem hlaðinn er svo hár garður undir, að eigi þarf fleiri en 3 strengi ofan á hann til þess að hann sé fullkomin vörn fyrir öllum búpeningi.

4. 3. gr., sem verði 4. gr., orðist svo;

Af kostnaði þeim, er landssjóður leggur fram til girðinganna, greiðast árlega í 41 ár 5 krónur af hundraði hverju í 4% vexti og afborgan; gjaldið innheimtist hjá ábúendum á manntalsþingum eftir sömu reglum sem önnur manntalsþingsgjöld og reiknist frá þeim tíma, er efnið kom á þá höfn, sem um var beðið, en sé það ófáanlegt frá ábúanda á einstaks manns eign, skal jarðareigandi greiða gjaldið.

5. 4. gr. falli burtu.

6. 5. gr. orðist þannig:

Sýslunefndir annast um, að hæfir menn skoði öll girðingarstæði um tún hverrar sýslu og mæli lengd þeirra; skulu þeir jafnframt gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eiga að liggja og annað, sem að þeim lýtur. Skoðunargerð þessari skal lokið

fyrir 1. nóvember 1904, og skulu skoðunarmenn gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæða á öllum jörðum í hverri sýslu og annað það, er að skoðunargerðinni lýtur. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti 2 samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni, en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allur kostnaður við skoðanir þessar og mælingar greiðist úr sýslusjóði.

Nú óskar eigandi eða ábúandi og skoðunarmaður álítur það hagkvæmt, að innan girðingar verði meira land en túnið, þá má lengja girðinguna, ef túnið fær jafnsnemma sömu vörn og annars, og eigandi eða ábúandi kostar að öllu leyti það af girðingunni, sem fer fram yfir þá lengd, er þarf til varnar sjálfu túninu.

7. 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Þegar einhver eigandi eða ábúandi jarðar vill girða tún sitt og fá til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum getur hann o. s. frv.

8. við sömu gr. fyrir $^1/_3$ komi $^1/_4$.

9. við sömu gr. orðin: »með pöntuninni« í enda greinarinnar, falli burt, en í stað þeirra komi: nema garður sé hlaðinn undir samkv. niðurlagi 3. gr.

Nægi eigi fé það, sem ætlað er á hverju ári til túngirðingauna, til að fullnægja öllum, er um það hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, koma fyrstir til greina næsta ár.

10. 8. gr. orðist þannig:

Landsstjórnin gefur út áætlun fyrir hvert ár um verð á hverjum faðmi í virgirðingu að meðtöldum flutningskostnaði, þar sem strengir eru 5 af 4-yddum vír og 1 teinn 65 þumlunga langur fylgir hverjum 8 álnum, og skal sú áætlun gilda, sem fast ákveðið verð það ár, að því, er snertir framlag eigenda eða ábúenda þeirra, sem borga eiga nokkurn hluta girðingarefnisins.

11. við 9. gr. Seinni hluti greinarinnar frá orðinu »sjóklettum« orðist þannig: sjó, klettum eða öðru slíku, séu algirtar og hlið með grindum á járnum; að öðru leyti sé girðingin gjörð samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur. Skoðunarmaður skýrir frá, hvernig verkið er af hendi leyst og hvort girðingarefnið hefir alt verið notað eingöngu til hinnar ákveðnu girðingar. Við hver árslok skýra svo oddvitar sýslunefnda landsstjórninni frá því, er gjört hefir verið í sýslu hverri á árinu að túngirðingum þessum.

12. við 10. gr. Í stað orðanna »eða varið því í annað en til hinna ákveðnu girðinga og« komi: Þegar $1^1/_2$ ár er liðið frá því hann átti kost á að veita efninu móttöku, eða varið því til annars en hinnar ákveðnu girðingar.

13. 10. gr. Í stað orðsins »borga« komi: endurborga þegar o. s. frv.

14. 11. gr. falli burt.

15. 12. gr., sem verði 11. gr. Seinni hluti greinarinnar frá orðunum »margar vírsnúrur« orðist þannig: marga vírstrengi ofan á hlaðna garða. Grindur í hlið með umbúning og máttarstólpa með nauðsynlegum styttum, þar sem girðing beygist, eða nauðsynlegt þykir vegna lengdar girðingarinnar, leggur sá til, er girðingarefnisins hefi óskað, enda ræður hann hvert efni til þess er notað.

16. við 13. gr., sem verði 12. gr., greinin orðist þannig:

Fari ferðamaður um hlið á girðingu er hann skyldur að loka því á eftir sér; vanræki hann það varðar það 2—10 kr. sekt. Vísvitandi skemdir á girðingu varða 5—50 kr. sekt auk skaðabóta. Sektir þessar renna að hálfu til ábúanda og að hálfu til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið

17. við 14. gr. sem verður 13. gr. Greinin orðist þannig:

Skyldir skulu jarðeigendur, hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir, að viðlagðri 10 kr. sekt til sýslusjóðs, að sjá um, að girðingum þessum verði haldið vel við framvegis og þær endurbættar og endurnýjaðar eftir þörfum, og við hverja jarðarúttekt skal fráfarandi skila girðingunni í góðn standi eða með fullu álagi.

18. 15. gr., sem verði 14. gr., orðist þannig:

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur jarðeigandi losað sig við þá skyldu að halda henni við, en borga verður hann þá að fullu það er eftir stendur af landssjóðstillaginu.

19. Eftir 14. gr. komi ný 15. gr. svo hljóðandi:

Þegar leiguliði á jörð, sem hvorki er landssjóðseign né kirkjueign, hefir komið upp girðingu um tún leigujarðar sinnar með aðstoð landsstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum, og eigi hefir verið öðru vísi um samið milli hans og landsdrottins, þá skal leiguliði við burtför sína frá jörðunni fá hjá landsdrottni endurgoldið verð fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnis, er hann hefir lagt til, eða komizt hjá að leggja til, með því að hlaða garð undir vírgirðinguna ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa samkvæmt mati úttektarmanna, enda afhendi hann þá túngirðinguna alla í góðu standi eða með fullu álagi.

Hafi aftur á móti landsdrottinn sett upp á sama hátt girðinguna á slíkri jörðu, þá getur hann, ef eigi hefir öðru vísi verið um samið, heimtað, að ábúandinn taki við girðingunni til fullrar ábyrgðar, og greiði honum sem landskuld 5% ársvexti af verði fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnisins, er hann hefir lagt til, ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa eftir mati úttektarmanna.

20. 16. gr. Í stað orðanna »langs með« komi: fram með.

21. 16. gr. Eftir orðin: »garður sé undir« bætist inn í: $1^1/_2$ al. á hæð.

22. 16. gr. Í stað orðanna: »eða annað gjört« komi: nema annað sé gert.

21. 16. gr. Fyrir »menn, skepnur« til enda málsgreinarinnar komi: menn eða skepnur, sem um veginn fara eða farangur.

22. 16. gr. í 2. málsgrein, í staðinn fyrir 20—100 komi: 5—50.

Með framangreindum breytingum leyfum vér oss að leggja til, að hin háttv. deild samþykki frumvarpið um túngirðingar, en að því er snertir frumvarpið um heimild til lántöku landssjóðs til túngirðinga, þá áskilur nefndin sér rétt til þess að gjöra tillögur um það síðar, ef á þarf að halda, sem vér gjörum helzt ráð fyrir að vér ekki þurfum vegna þess vér búumst við, að hv. neðri deild muni koma fram með frumvarp í líka átt, bæði vegna þessara og annara aukninga á útgjöldum landssjóðs.

Alþingi 3. ágúst 1903.

Eiríkur Briem,	Guðjón Guðlaugsson,
formaður.	skrifari og framsögum.

Þorgr. Þórðarson.

Ed. **341. Frumvarp**

til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hvert það skip, sem flytur farþega frá Íslandi til útlanda á óæðra farrúmi, skal vera háð eftirliti lögreglustjórnarinnar, en »óæðra« er farrúmið, ef það er lakara en 2. farþegarúm á millilandaskipum þeim, er landsstjórnin notar. Skal það að minsta kosti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 10.—12. gr. laga um tilsjón með útflutningum frá 14. janúar 1876.

2. gr. Skipstjóri má ekki taka við farþegum í óæðra farrúm, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á, til að taka slíka farþega, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltaka, hve marga farþega megi taka í farrúmið, enda hafi lögreglustjóri áður sannreynt á þann hátt, er 7. gr. nefndra laga frá 14. janúar 1876 tiltekur, að farrúmið fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru að framan.

Skipstjóra ber að heimta af þeim, sem selja farbréf til flutnings á óæðra farrúmi, tvíritaða skrá yfir alla þá, sem þeir hafa selt farbréf þessi. Skráin skal vera gerð eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi semur, og skal sá, er farbréfin seldi, rita neðan á hana æru og samvizku vottorð um, að hann hafi eigi selt fleiri farbréf en skráin greinir.

3. gr. Á síðustu höfn, sem skipstjóri leggur frá til útlanda, skal lögreglustjóri sannprófa, að ekki fari á óæðra farrúmi fleiri en veitt var leyfi til á hinni fyrstu höfn að taka mætti á skipið, enda afhendi skipstjóri lögreglustjóra í því skyni annað eintakið af skrá þeirri, er ræðir um í næstu grein á undan, með árituðu æru og samvizku vottorði sínu um, að farþegar séu ekki fleiri en taldir eru á skránni.

4. gr. Brot á lögum þessum varða skipstjóra alt að 500 kr. sekt, er renni í landssjóð, og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál.

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Þá er beðið er um útmælingu á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eftir tillögu byggingarnefndar.

2. gr. Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust; þó skal kaupandi fá endurgoldin eftir óvilhallra manna mati þau verk, er hann hefir unnið til umbóta á lóðinni.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **343. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Sýslunefndum veitist vald til þess, að áskildu samþykki amtsráðs, að hækka fyrir eitt ár í senn sýsluvegagjaldið samkvæmt 11. gr. laga um vegi frá 13. apríl 1894 úr 1 kr. 25 aur. upp í alt að 2 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann.

Hreppsnefndum veitist sama vald, að áskildu samþykki sýslunefndar, að því er snertir hækkun á hreppavegagjaldi samkvæmt 17. gr. nefndra laga.

Ed. **344. Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Framkvæmd laga 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs skal frestað fyrst um sinn.

Ed. **345. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **346. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Allir hvalir, nema smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir allskyns skotum hvervetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sé eða fastir á grynningum, eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sé síldveiði eða veiðarfærum spillt.

2. gr. 1. gr. laga 19. febr. 1886 um friðun hvala, svo og lög um breyting á lögum þessum 15. jan. 1892 eru úr gildi felld.

Ed. **347. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lyfjasölu héraðslækna. Frá Kristjáni Jónssyni og Þorgr. Þórðarsyni.

Við 3. gr. Fyrir: »og sé brot endurtekið skal meðalaforði auk þess« komi: og skal meðalaforði hans auk þess.

Ed. **348. Breytingartillaga.**

við frumv. til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin »skulu fylgja — ef þörf krefur« komi: skal fylgja einn eða fleiri skipsbátar, er flutt geti skipverja í land, ef þörf krefur.

Við 4. gr., síðari málsgr. Fyrir »loft ill« komi: loftill.

Við 5. gr. Fyrir »Sama borgun« komi: Sömu borgun.

Við 6. gr. Fyrir »landsjórninni heimilt« komi: landsstjórninni heimilt.

Ed. **349. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lyfjasölu héraðslækna (þgskj. 245).

Frá J. Jónassen.

Við 1. gr. 2. málsgrein. Orðin í enda greinarinnar:
»eða einhverjum lyfsala innanlands« falli burt.

Ed. **350. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

Á Grenivík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **351. Frumvarp**

til laga um lyfjasölu héraðslækna. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Í þeim læknishéruðum, þar sem ekki er löggilt lyfjabúð, hefir héraðslæknirinn einkarétt til þess að láta af hendi fyrir borgun læknislyf þau, sem lyfsalar hafa einkarétt til að selja eftir gildandi lögum, en gæta verður hann þess, er fyrir er mælt í 18. gr. í erindisbréfi héraðslækna 25. febr. 1824.

Þó skal öðrum læknum, sem rétt hafa til lækninga, heimilt að láta af hendi fyrir borgun meðöl þau, er þeir sjálfir ráðleggja sjúklingum, ef þeir hafa fengið lyf þessi hjá héraðslæknunum eða einhverjum lyfsala innanlands.

2. gr. Nú er lyfjabúð löggilt í læknishéraði, þar sem hún ekki hefir verið áður, og á héraðslæknir þá ekki rétt til skaðabóta fyrir missi réttinda, sem um ræðir í 1. gr.

3. gr. Hver, sem gjörir sig sekan í ólöglegri meðalasölu, skal sæta sektum frá 50—500 kr., sem fellur til landssjóðs, og skal meðalaforði hans auk þess upptækur. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Nd. **352. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað (þgsk. 342).

Breyting sú, er háttv. efri deild hefir gjört á þessu frumvarpi er í því falin, að bæta við 2. gr. því ákvæði, að kaupandi lóðar, er missir eignarrétt að lóðinni fyrir það að hann fullnægir eigi því skilyrði að byggja á lóðinni innan 2. ára, skuli eiga rétt á endurgjaldi fyrir umbætur á lóðinni.

Nefndin álítur ákvæði þetta sanngjarnt og ræður því til að frumvarpið verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Neðri deild alþingis 4. júlí 1903.

Tryggvi Gunnarsson,	Guðl. Guðmundsson,	Ólafur Ólafsson.
form. og framsögum.	skrifari	

Ed. **353. Nefndarálit**

um frv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Háttvirt e. d. alþ. hefir falið undirskrifaðri nefnd í stjórnarskrármálinu að íhuga og segja álit vort um ofannefnt frumvarp, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, og hv. n. d. þegar rætt og samþykt af sinni hálfu. Frv. stendur í nánu sambandi við og er afleiðing af hinni væntanlegu breytingu á stjórnarskipun vorri, og er það að miklu leyti bygt á áliti og tillögum þingnefndanna í stjórnarskrármálinu í fyrra. Álit vort um málið verður nú á þessa leið:

Vér erum í öllum verulegum atriðum samdóma tillögum stjórnarinnar með þeim athugasemdum um þær, sem koma fram í nefndaráliti n. d., bæði að því er snertir niðurlagning embætta, stofnun og skipun nýrra embætta, yfirfærslu og niðurskiftingu embættisstarfanna, ráðgjörðar launa- og kostnaðarupphæðir o. s. frv., og þykjumst vér eigi þurfa að tilgreina hvað af þessu fyrir sig, en leyfum oss að vitna til athugasemdanna við stjórnarfrumvarpið og nefndarálits n. d., en um eftirfarandi atriði viljum vér sérstaklega láta álit vort í ljósi.

Nefndin hefir íhugað launakjör ráðherrans, og hefir orðið ásátt um að gjöra eigi breytingartillögu um þau, þó að oss þyki það nokkuð vafasamt að rétt hafi verið að færa upphæðina niður frá því, sem hún var í stjórnarfrv., með tilliti til þess að ráðherrann verður í þessu efni lakar settur, en landshöfðingi hefir verið, og að laun hans verða eigi eins há, eins og hinna annara ráðgjafa konungsins. — Aftur á móti viljum vér leggja það til, að uppbót fyrir afnot embættisbústaðar sé færð upp úr 1600 kr. í 2000 kr., eins og hún var í stjórnarfrv., með tilliti til þess að vér teljum það mjög vafasamt, að ráðherrann komist af með eitt hús, eins og húsum nú er hagað í Rvík, og álítum að þá muni eigi veita af allri þessari upphæð, og jafnframt með tilliti til þess, að þegar til þess kemur að bygður verði ráðherrabústaður, getur eigi hjá því farið, að kostnaður landssjóðs árlega verði töluvert hærri. Þó að eigi sé gert ráð fyrir, að húsið kosti meira en 40000 til 50000 kr., verða vextir af því fé og viðhaldskostnaður hússins, skattar og gjöld árlega að minsta kosti um 3000 kr.

Verði þessi tillaga vor samþykt, hefir ráðherrann að launum 8000 kr. + 2000

kr. (húsaleigustyrkur) og 2000 kr. til risnu, en þessar upphæðir samanlagðar jafngildar ráðherralaunum í Danmörku, eins og þau nú eru. —

Laun landritarans viljum vér setja 6000 kr., eins og í stjórnarfrumvarpinu. Sum bæjarfógeta- og sýslumannaembætti eru nú þegar svo tekjum búin, að vér megum að öðrum kosti búast við því, að dugandi menn mundu heldur kjósa þau, en landritaraembættið. Svo ber þess og að gæta, að landritarinn á eftir skyldu sinni að gegna embætti ráðherrans og vera í hans stað, þegar svo ber undir, og að embætti hans annars yfirleitt er afarmikilsvert fyrir þjóð vora, og verður fyrir því að gera stöðu hans fjárhagslega svo úr garði, að hann verði fær um það. Hvernig sem á er litið, teljum vér 6000 kr. eigi of há laun fyrir embætti þetta, en það eru þau laun, sem áður voru lögð amtmannaembættunum hér á landi, og sem amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu hefir enn í dag. —

Um stjórnarskrifstofu þá í Kmhöfn, sem ráðgjört er að vér höfum þar, viljum vér taka það fram, að vér teljum það sjálfsagt, að hún sé skipuð beint undir ráðherrann, og að hann tilnefni forstöðumann hennar og aðra starfsmenn. Jafnframt leyfum vér oss að láta í ljósi, að vér álítum verksvið þessarar skrifstofu mjög mikilsvert fyrir Ísland, og að fyrir því sé mikið undir því komið, að nýtur maður fáist til að veita henni forstöðu. Vér berum það traust til hins danska fjárveitingarvalds, að það líti á þetta, þegar skrifstofan verður sett á stofn, og gerð skipun á vinnukröftum hennar, og launakjörum starfsmannanna. —

Vér viljum láta í ljósi, að vér föllumst á þá skipan, sem gerð er með tilliti til amtsráðanna í 6. gr. frv., en álítum þetta þó að eins bráðabirgðaráðstöfun. Það er eindregið álit vort, að rétt sé innan skamms að leggja niður amtsráðin, sem að voru áliti eru gagnslítil stjórnarvöld, og að skifta störfum þeirra milli landstjórnarinnar og sýslunefndanna; en þá yrði jafnframt að setja fyllri og yfirgripsmeiri reglur um verksvið og starfsmáta sýslunefnda, og þó einkum viðunanlegri ákvæði um kosningu sýslunefndarmanna, en nú eru. —

Vér föllumst á það, að því sé að sinni slegið á frest, að reisa bústað fyrir ráðherrann, með því að oss virðist mál það eigi nægilega undirbúið, en vér viljum jafnframt taka það fram, að það verður að voru áliti að vinda bráðan bug að því, að mál þetta komizt í framkvæmd. Eins og nú er háttað í Rvík, má það varla dragast til lengdar, að æðsti embættismaður landsins fái á almenningskostnað sæmilegan bústað. Vér erum einnig þeirrar skoðunar, að hús, bygt í þessu skyni, ætti að vera úr steini eða steinsteypu. —

Með skírskotun til hins framanritaða ráðum vér hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

Við 2. gr. Fyrir: 1600 kr. komi: 2000 kr.
— 4. gr. Fyrir: 5000 kr. komi, 6000 kr.

Efri deild alþingis, 3. ágústm. 1903.

Eiríkur Briem formaður. Kristján Jónsson skrifari og framsögumaður. Guðjón Guðlaugsson.

Guttormur Vigfússon. Valtýr Guðmundsson.

Ed. **354. Nefndaráiit**

í fjárkláðamálinu.

Nefnd sú, sem hin háttvirta efri deild alþingis hefir kosið til þess að íhuga fjárkláðamálið og sér í lagi frumvarp til laga um ráðstafanir til þess, að útrýma fjárkláðanum, leyfir sér að láta uppi svolátandi álit sitt um þetta mál.

Kláðamálið hefir verið á dagskrá þingsins um síðast undanfarin ár, og er þetta vottur um þann áhuga, sem menn hafa haft á því, að sporna við útbreiðslu fjárkláðans og eyða honum, ef hægt væri. Af þessari viðleitni eru sprottin lög 8. nóvbr. 1901, um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871, um viðauka við tiskipun þessa; en þótt mönnum séu veitt þau hlunnindi með lögum þessum, að baðmeðul eru lögð til fyrirskipaðra framkvæmda gagnvart fjárkláðanum á kostnað landssjóðs, og þótt lögin ættu að heita réttarbótt að ýmsu leyti, hefir árangurinn eigi orðið sá, sem menn gjörðu sér vonir um eða bjuggust við.

Í áliti nefndar þeirrar í neðri deild alþingis, sem skipuð var til þess, að íhuga fjárkláðamálið og koma fram með tillögur um ráðstafanir til algjörðrar útrýmingar fjárkláðanum (þingskjali 99) er skýrt frá útbreiðslu fjárkláðans hér á landi nú sem stendur, og sést það, að fjárkláðinn er allmagnaður og útbreiddur í Norður- og Austuramtinu og hefir eins og magnazt nokkuð í Suður- og Vesturamtinu á síðastliðnu ári að því leyti, sem fleiri kindur (448 í 5 sýslum) fundust með kláða við síðustu skoðanir, sem fram hafa farið á síðastliðnu hausti og vori, en við skoðanir næst á undan, á haustinu 1901, er aðeins fundust 146 kindur með kláða, en þetta stafar af því, að kláði hafði nú fundizt bæði í norðurhluta Strandasýslu og í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem hann eigi hafði átt að vera áður. Ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið í Suður- og Vesturömtunum til þess að sporna við útbreiðslu kláðans og eyða honum svo sem hægt væri — en vér verðum að álíta, að það sé ómögulegt að útrýma kláðanum til fulls og alls, svo ugglaust sé — hafa venjulega verið fólgnar í því, að halda fjárskoðanir einu sinni eða tvisvar á ári, aðgreina sjúkt fé frá heilbrigðu, viðhafa lækningar og baðanir á sjúku fé með tóbaki og tvíbaða allt það fé, sem hinar sjúku kindur hafa gengið saman við, svo aðferðin hefir verið hér um bil hin sama, og viðhöfð hefir verið í Noregi. Með fyrgreindum ráðstöfunum hefir það tekist undanfarin ár að halda kláðanum í skefjum, svo hann hefir farið rýrnandi þangað til á síðastliðnu ári. Að ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið gegn fjárkláðanum hingað til, eigi hafa viljað bera ávöxt, er helst að kenna þekkingarleysi á kláðanum og vankunnáttu í því að baða fé og viðhafa lækningar. Með þetta fyrir augum hefir það verið afráðið, að koma á stofn verklegri kennslu í kláðalækningum, samkvæmt ályktun neðri deildar alþingis 1902, og eins og fjárlagafrumvarp stjórnarinnar fyrir 1904 og 1905, sem þingið hefir nú til meðferðar, eru nú veittar 78500 kr. á fjárhagstímabilinu 1904 og 1905 til kláðalækningakennslu, til baðlyfjakaupa og sérstaklegra ráðstafana í Norður- og Austuramtinu (29200 kr.).

Þær ráðstafanir, sem þar eru fyrirhugaðar, hafa eigi þótt nægja, og á sameiginlegum fundi þingsins var það ályktað, svo að segja í einu hljóði, að gjöra nú allsherjar tilraun til þess að útrýma fjárkláðanum, sem allflestir álíta mögulegt, undir stjórn eins

framkvæmdarstjóra, sem þingið hefði augastað á, og eftir þeim reglum, sem honum höfðu reynzt einhlítar við heppilegar framkvæmdir hans gegn fjárkláða í Noregi, en þar sem slíkar ráðstafanir og framkvæmdir og greiðsla kostnaðarins við þær eigi geta samrýmst gildandi lögum um fjárkláða, hefir frumvarp það til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, sem hér liggur fyrir, verið samþykt í neðri deild þingsins.

Í nefndarálitinu úr neðri deild, er ítarlega gjörð grein fyrir þeim mikla kostnaði, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér. Kostnaðurinn, sem skiftist niður á árin 1903, 1904 og 1905, er áætlaður 170,000 kr., en af þessari kostnaðarupphæð eru þegar taldar 78,500 kr. á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir 1904—1905.

Þótt vér verðum að álíta, að eigi sé hægt, að útrýma kláðanum gjörsamlega, og þótt hér sé um afarmikinn kostnað að ræða, þá viljum vér alls eigi letja þess, að tilraun sú verði gjörð, sem ræðir um í frumvarpinu, því hvernig sem fer, þá verða þessar framkvæmdir til þess, að hnekkja fjárkláðanum svo, að hann sýnilega verði að engu, og til þess, að kenna oss að þekkja kláðann og beita réttilega þeim vopnum gegn honum, sem bezt duga.

Þar sem vér ennfremur getum að öllu leyti fallist á frumvarpið, leyfum vér oss, að leggja það til, að hin háttvirta efri deild samþykki það óbreytt.

Alþingi 4. ágúst 1903.

Kristján Jónsson,	J. Havsteen,	Þorgr. Þórðarson.
formaður.	skrifari og framsögum.	Með fyrirvara

Nd. **355. Frumvarp**

til laga um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Bæði fyrir kaupstaðar- og hreppafélög á Íslandi má gjöra heilbrigðissamþyktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, með ráði héraðslæknis, frumvarp til samþyktar og sendir það landshöfðingja, er ber það undir landlækni, og staðfestir það svo eða synjar því staðfestingar.

Að því, er hreppana snertir, gjörir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþyktar með ráði héraðslæknis. Frumvarpið skal sent amtmanni, er ber það undir landlækni og leggur það síðan fyrir amtsráðið, er staðfestir það eða hafnar því.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá hlutaðeigandi stjórnarvald málið af nýju fyrir þá bæjarstjórn eða sýslunefnd, er samdi frumvarpið, ásamt leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gjöra, til þess frumvarpið geti öðlast staðfesting.

2. gr. Í heilbrigðisnefnd sitja í kaupstöðum bæjarfógeti, sem er formaður, héraðslæknir og einn bæjarfulltrúa, er bæjarstjórnin kýs til þess, og í hreppum, þar sem heilbrigðissamþykt er komin á, hreppstjóri eða sýslumaður, ef

hann býr í hreppnum, sem formaður, einn maður kosinn af hreppsnefnd og annar, er sýslunefnd til nefnir af íbúum hreppsins; skulu þessar nefndir sjá um, að heilbrigðissamþyktum sé fylgt.

Þar sem héraðslæknir situr ekki í heilbrigðisnefnd, skal honum heimilt, ef hann æskir þess, að taka þátt í umræðum nefndarinnar án þess þó að hafa atkvæðisrétt, og skal, ef þess er æskt í tækan tíma, senda honum skeyti um stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar.

3. gr. Staðfestar heilbrigðissamþyktir skal prenta á kostnað hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og birta í B-deild stjórnartíðindanna.

4. gr. Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipun heilbrigðisnefndar samkvæmt samþyktinni, má í henni ákveða sektir, alt að 200 kr., er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað samkvæmt heilbrigðissamþykt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda, og greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gjörist, með lögtaki.

5. gr. Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

6. gr. Lög 13. sept. 1901 um heilbrigðissamþyktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi og síðari málsliður 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872 eru úr gildi feld.

Nd. 356. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.).

Frumvarp þetta hefir fyrir skömmu verið til meðferðar hér í deildinni, en er komið hingað aftur, sökum þess, að háttv. efri deild hefir felt úr því eina grein, aðallega þess efnis, að heimtaðar væru skýrslur um útistandandi verzlunarskuldir. Ástæður fyrir því, að fella burtu þetta ákvæði, eru taldar þrjár: 1. að það mundi verða óvinsælt hjá allri verzlunarstéttinni, 2. að hæpið væri, að skýrslur þessar fengjust áreiðanlegar, 3. að með því blandaði hið opinbera sér ófyrirsynju inn í viðskifti einstakra manna. Um fyrstu ástæðuna vill nefndin taka það fram, að henni er kunnugt, að ýmsir kaupmenn hafa fúslega svarað fyrirspurnum um upphæð útistandandi skulda við verzlanir þeirra, án þess að skoða það sem neitt launungarmál, enda gæti slíkt naumast átt sér stað nema af hálfu þeirra manna, er ekki vilja láta verða uppskátt alt það ólag, sem nú er á verzluninni, svo að það geti haldist í sama horfi. Um aðra ástæðuna er það að segja, að þótt umræddar skýrslur væru eigi í alla staði áreiðanlegar, hlytu þær að vekja athygli á einu af meinum þjóðfélagsins og gefa tilefni til

alvarlegrar íhugunar um bætur á því, enda er það vitanlegt, að margar af hagskýrslum landsins eru meira og minna ófullkomnar, án þess nokkur fyrir þá sök vilji hætta við að safna þeim. Um þriðju ástæðuna má geta þess, að nefndin getur ekki viðurkent, að yfirlitsskýrslur, eins og gert var ráð fyrir, um aðalupphæð verzlunarskulda í hverju sveitarfélagi snerti viðskifti einstakra manna frekara en nauðsyn krefur, til að fá sem greinilegast yfirlit yfir sannan hag þjóðfélagsins.

Jafnvel þó nefndin geti þannig ekki fallist á neina af mótbárum þeim sem fram hafa verið færðar, er henni annara en svo um aðalefni frumvarpsins, að hún vilji eiga það á hættu, að það gangi ekki fram á þinginu, og ræður hún því hinni háttv. deild til að samþykkja það óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Neðri deild alþingis 4. ágúst 1903.

Hannes Þorsteinsson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Lárus H. Bjarnason.

Ed.

357. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á 6. gr. í lögum um vegi 13. apríl 1894.

Vér, sem hin háttvirta efri deild kaus til þess að yfirvega annað frumvarp um breytingu á sömu lögum, höfum einnig fengið til athugunar frumvarp það, er hér um ræðir og skulum nú láta uppi álit vort um málið.

Vér viljum fúslega kannast við það, að vegagjörðir þær, sem á landssjóði hvíla samkvæmt vegalögunum frá 13. apríl 1894, reynast honum ærið dýrar, og það að mun dýrari en efnahagur hans leyfir, svo að full vorkunn er, þó að tilraunir séu gerðar til þess, að létta byrðina nokkuð á landssjóði, en oss dylst það ekki, að í ýmsum tilfellum mun það reynast miður sanngjarnt að færa hálfan viðhaldskostnað akbrautanna yfir á héruðin, og að þar sem það kynni að virðast sanngjarnt og vel viðeigandi, þá höfum vér lagaákvæði, sem heimilar þetta, og þarf því ekki að semja um það ný lög, en það, sem vér eigum við í þessu efni er 2. gr. í lögum nr. 6, 12. janúar 1900, þar sem landsstjórninni er heimilað að leggja helming viðhaldskostnaðar vega þeirra, er landssjóður lætur gera, á hlutaðeigandi sýslusjóði, og þeirri heimild má telja víst, að landsstjórnin beiti, ef þingið óskar þess, og í þeim tilfellum, sem öll sanngirni mælir með.

Vér skulum leyfa oss að benda á þau tilfelli, þar sem það mundi reynast miður sanngjarnt og miður heppilegt að leggja á héruðin hálfan viðhaldskostnaðinn.

1. Þegar svo stendur á að akbraut liggur í gegnum hérað, því sjálfu til lítils eða einkis gagns, heldur öðru héraði, sem brautin nær í og er aðallega gerð fyrir, þá er ekki sanngjarnt að leggja kostnað á það hérað, sem hefir brautarinnar lítil eða engin not, þó hún liggi í gegnum einhvern hluta þess.
2. Þegar svo á stendur að akbrautin er jafnframt þjóðvegur, þá er mjög athugavert, hvort rétt er að leggja nokkuð af kostnaðinum á héruðin, hvað þá fullan helming hans.

Þjóðvegir eru þeir vegir, sem eru aðal samgönguæðar landsins í heild sinni, tengja saman nálega öll héruð landsins og eru sérílagi ætlaðir fyrir aðalpósta þess af einu landshorni á annað. Þeir eru því alls ekki gerðir fyrir sérstök héruð, heldur landið í heild, og eru því að eðli sínu landssjóðsins eðlilegir og löglegir skyldu-ómagar. Þess hlýtur því að gerast mikill munur, hvort akbrautin er að eins akbraut, gerð fyrir einstakt hérað, eða hún er jafnframt þjóðvegur, og því gerð að miklu leyti fyrir landið í heild sinni, en til þessa mundi landsstjórnin taka tillit samkvæmt lögunum frá 12. jan. 1900 og hafa álögurnar mismunandi.

3. Þegar þannig er ástatt fyrir héraði, að það hefir afarmikla sýslu- og hreppavegi, sem héraðinu eru ómissandi, og það verður að neyta til allra krafta að fá endurbætta, eða ef það situr í miklum skuldum vegna áður gjörðra vega eða nauðsynlegra brúargerða yfir stórár, einkum ef þær liggja á þjóðvegi, og ef ofan á þetta bætist, að efnahagur héraðsins eða aðrar kringumstæður í öðrum greinum eru miður góðar, þá getur hálfur viðhaldskostnaðurinn orðið héraðinu of þungbær, auk þess sem hann væri miður sanngjarn.

4. Vegir, sem gjörðir hafa verið á landssjóðsins kostnað fyrir árið 1900, samkvæmt vegalögunum frá 13. apríl 1894, og því gjörðir sem lögákveðið skylduverk landssjóðs, og með fullu og skilyrðislausu samþykki þingsins hvert fjárhagstímabil, teljum vér að alls ekki geti heyrt undir ákvæði, sem nú yrðu sett um ákveðna viðhaldsskyldu héraðanna, með því engin lög eiga að verka þannig aftur fyrir sig, og að það virðist mjög óeðlilegt, þegar fé er veitt með lögum án nokkurs skilyrðis og engin önnur lög eru til, sem heimila slík skilyrði, að þá megi þó setja þau eftir geðþótta þingsins, nær sem því sýnist, enda kom þetta mjög á óvart, og gat bakað héröðunum mikinn skaða. Þegar einhverjum er veitt fé, verður að setja honum kostina um leið, svo hann geti sagt af eða á um það, hvort hann vill veita fénu móttöku, og þó að fé til vega alment hafi verið veitt samkvæmt lögum, en ekki fyrir umsóknir einstakra manna eða héraða, þá mundi niðurskifting vegafjárins hafa orðið nokkuð önnur, ef héruðin hefðu vitað fyrirfram um það, að þau yrðu að bera í framtíðinni mikið af viðhaldskostnaðinum, en akbrautafénu mundi þingið alls ekki hafa þrengt upp á neitt hérað.

Þau héruð aftur á móti, sem hafa fengið fé til akbrauta síðan lögin frá 12. jan. 1900 öðluðust gildi, hafa mátt vera viðbúin hálfum viðhaldskostnaðinum, og þarf því ekki að koma þeim á óvart, þótt hann falli á þau í framtíðinni, þegar ekkert verulegt er því til fyrirstöðu.

Ákvæðið í 1. gr. frumvarpsins viðvíkjandi brautinni austur að Geysi og öðrum flutningabrautum, sem um óbygðir liggja, kemur að orðunum til í bága við 2. gr. í lögum 12. jan. 1900, og getur því ekki staðist nema nefnd lagagrein væri um leið numin úr gildi, enda þótt þetta ákvæði frumvarpsins sé út af fyrir sig mjög eðlilegt og sanngjarnt

Af framangreindum ástæðum leyfum vér oss, að ráða hinni háttv. deild til þess að fella frumvarpið.

Alþingi 5. ágúst 1903.

J. Havsteen, formaður.	Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögum.	Kristján Jónsson.

Sþ. **358. Skýrsla**

um gjöf Jóns Sigurðssonar á tímabilinu frá 27. júlí 1901 til 27. júlí 1903.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins eftir skýrslu, dags. 27. júlí 1901.

a. bankavaxtabréf	kr.	8000,00	
b. veðskuldabréf	—	4100,00	
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	173,95	
d. ógoldnir vextir til $^{11}/_{6}$ '01	—	40,00	kr. 12313,95

2. Tekjur á ofannefndu tímabili:

a. ársvextir af bankavaxtabréfum til $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ 1902 og 1903	kr.	720,00	
b. ársvextir af veðskuldabréfum til $^{11}/_{6}$ 1902 og 1903	—	328,00	
c. ársvextir af fé í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 1901 og 1902	—	31,27	kr. 1079,27
		Samtals	kr. 13393,22

Utgjöld:

Eign sjóðsins 27. júlí 1903.

a. bankavaxtabréf	kr.	8000,00	
b. veðskuldabréf	—	4100,00	
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	1253,22	
d. ógoldnir vextir til $^{11}/_{6}$ 1903	—	40,00	kr. 13393,22
		Samtals	kr. 13393,22

Reykjavík 27. júlí 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Ed. **359. Nefndarálit**

um frv. til laga um ráðherra-ábyrgð.

Hv. e. d. kaus oss undirritaða í nefnd til að íhuga frv. þetta; höfum vér rætt það á fundum, og verður álit vort um málið á þessa leið.

Hið ný-samþykta stjórnarskipunarfrumvarp segir í 2. gr., að ráðherrann beri ábyrgð á stjórnarathöfninni, og að alþingi geti kært hann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánar verði skipað fyrir um með lögum. Um þessa ábyrgð ráðherrans, sem hann ber stjórnskipulega á embættisathöfnum sínum, eru nú nákvæmari reglur settar í frumvarpinu. Það snertir alls eigi ábyrgð þá til refsingar, sem ráðherrann kann að baka sér með athæfi sínu eftir hinum almennu hegningarlögum, og standa ákvæði þeirra óhögguð eftir sem áður. Eftir frv. verður ráðherrann því að eins refsingarverður, að hann hafi brotið af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi (1. gr.), en þessi brot hans geta bæði verið framkvæmdarbrot (ɔ: að hann gjöri eitthvað, sem er gagnstætt embættisskyldu hans) og vanrækslubrot (ɔ: að hann lætur eitthvað ógjört, sem honum var embættislega skylt að gjöra), og svo flokkast brotin eftir því, hvort

brotið er gegn stjórnskipunarlögum landsins, og er þar með talið að verða þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert geti frelsi eða sjálfsforræði landsins (2. gr.), eða gegn öðrum lögum landsins eða gegn þeim reglum yfirleitt, sem heimta má og heimta ber að fylgt sé við landsstjórnina, ef framkvæmdin eða vanrækslan fyrirsjáanlega gat orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni. — Vér álítum að þessi flokkan sé á réttum rökum bygð, og nægilega tæmandi, og með því að oss virðast ákvæði frv. um refsingar og skaðabótaskyldu atgætileg, og ekkert getur orðið haft á móti ákvæði 8. greinar, sbr. 13. gr. stjórnarskrárfrumvarpsins, svo og 1. gr, 3. málslið, viljum vér leggja það til, að frv. verði samþykt. En oss þykir frv. á stöku stað miður orðað en vera skyldi, og munum vér færa rök að því við framsögu málsins. Vér gjörum því, án þess að raska efni frv. að neinu leyti, þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr. Fyrir: »hins opinbera« komi: almennings.

Við 2. gr. a. Fyrir: »að þingið hafi átt kost á«, komi: að þinginu hafi verið gefinn kostur á«,

— — — — Fyrir: »að bera undir konung«, komi: að bera upp fyrir konungi.

Við 3. gr. a. Fyrir: »að útvega konungsundirskrift undir«, komi: að leggja fyrir konung til undirskriftar«.

Við 4. gr. Fyrir: »hinu opinbera« tvívegis, komi: »almenningi«.

Efri deild alþingis, 4. ágústm. 1903.

J. Havsteen formaður. Kristján Jónsson skrifari og framsögumaður. Jón Jakobsson.

Nd. **360. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlaun.

Í frumvarpi þessu, um eftirlaun embættismanna, er hafa konungsveitingu fyrir embætti og fá laun úr landssjóði, er fylgt þeirri grundvallarstefnu að miða eftirlaunin sumpart við ákveðinn hluta embættislaunanna og sumpart við vist tillag fyrir hvert þjónustuár. Þessa stefnu aðhyllist nefndin algerlega, en að öðru leyti álítur hún, að með ákvæðunum um upphæð eftirlaunanna sé eigi að öllu fullnægt réttmætum kröfum þjóðarinnar um lækkun á eftirlaunum, hvort sem aðallega er hafður fyrir augum hagur landssjóðs eða jafnframt er tekið tillit til þeirra lífskjara, er landsmenn yfirleitt eiga við að búa. Á hinn bóginn hlýtur nefndin að játa, að hér er stigið spor í rétta átt, og að mikils er um vert, að mál þetta, er svo lengi hefir verið á dagskrá þings og þjóðar, fái sem fyrst þær lyktir, er þjóðin megi við una, og fyrir því vill hún eigi hefta framgang málsins með því, að koma fram með yfirgripsmiklar breytingar á frumvarpinu.

Að vísu er meiri hluti nefndarinnar eindregið á því, að þann hluta eftirlaunanna, sem miðaður er við embættisþjónustu, ætti að réttu lagi að lækka um helming, úr 20 kr. í 10 kr. fyrir hvert þjónustuár, í samræmi við þá reglu, sem fylgt er við eftirlaun presta, en samt sem áður vill nefndin eigi að svo komnu fara fram á breytingu í þessa

átt, með því hún telur víst, að það mundi mæta svo mikilli mótspyrnu, að málið gengi ekki fram á þessu þingi. Aftur á móti hefir öllum nefndarmönnum komið saman um, að leggja það til, að sá hluti eftirlaunanna, sem miðaður er við upphæð embættislauna, verði lækkaður úr $^1/_4$ í $^1/_5$, enda álítur nefndin ákvæði frumvarpsins um upphæð eftirlaunanna, þrátt fyrir þessa breytingu, vel viðunandi frá sjónarmiði embættisstéttarinnar, með hliðsjón til þeirrar viðbótar, er embættismenn afla sér með því, að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, samkvæmt því frumvarpi, sem jafnhliða er til meðferðar á þinginu. Í fullu samræmi við áðurefnda breytingartillögu er það einnig álit nefndarinnar, að rétt sé, að eftirlaun ekkju séu ákveðin $^1/_{10}$ af launum mannsins, og að þau fari ekki fram úr 1000 kr.

Fyrir því ræður nefndin hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 2. gr. Fyrir $^1/_4$ komi $^1/_5$
2. — 8. — — $^1/_8$ — $^1/_{10}$
3. — 8. — — 1200 — 1000

Neðri deild alþingis 5. ágúst 1903.

Magnús Andrésson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður.
Eggert Pálsson. Jóhannes Ólafsson. Jón Magnússon.

Nd. **361. Nefndarálit.**

um frumvarp til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Mál þetta stendur í nánu sambandi við þá breytingu á eftirlaunalögunum, er þingið hefir til meðferðar. Til grundvallar fyrir frumvarpinu liggur sú skoðun, að það sé skylda löggjafarvaldsins að annast um, að aldraðir og lasburða embættismenn geti haldið áfram að lifa sómasamlegu lífi, þegar þeim er veitt lausn frá embætti, og er frumvarpið fram komið í því skyni að bæta úr þeim vandkvæðum, ef svo reyndist, að hin lögákveðnu eftirlaun uppgjafaembættismanna dygðu þeim eigi til framfæris. Þennan aðaltilgang frumvarpsins álítur nefndin góðan og réttmætan, og telur jafnvel rétt að lagaákvæði, er gengju í líka átt, næðu til allra í þjóðfélaginu, svo að hver maður hefði að loknu æfistarfi tryggingu fyrir sómasamlegu lífsuppeldi í elli sinni, án þess að þurfa að leita sveitastyrks og þar af leiðandi vera sviftur almennum þegnréttindum, auk annara óþæginda, er slík staða í mannfélaginu hlýtur jafnan að hafa í för með sér.

Við einstök ákvæði frumvarpsins hefir nefndin ekkert að athuga og ræður hinni háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild alþingis 3. ágúst 1903.

Magnús Andrésson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsm. Eggert Pálsson.
Jóhannes Ólafsson. Jón Magnússon.

Ed. **362. Frumvarp**

til laga um fólksinnflutninga til Íslands. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 5,000 kr. til þess að greiða fyrir innflutningi útlendinga til Íslands, einkum frá Norðurlöndum.

2. gr. Þeim innflytjendum, er setjast vilja að á Íslandi og byrja þar búskap, má stjórnin veita til eignar og umráða ákveðna tölu dagsláttna af óræktuðu landi á íslenzkum þjóðjörðum, sér í lagi eyðijörðum, samkvæmt ákveðnum reglum, sem stjórnin sjálf setur og auglýsir fyrir fram.

3. gr. Sé eigi $^1/_4$ þess lands, sem stjórnin hefir útmælt hverjum einstökum innflytjanda, ræktaður eða undirbúinn til ræktunar á fimm ára fresti, skal innflytjandinn hafa fyrirgert eignarrétti sínum til þess, og verður landið þá aftur eign landssjóðs, án þess að innflytjandinn geti krafizt nokkurs endurgjalds fyrir þær jarðabætur, er hann kann að hafa gert á því.

Nd. **363. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir, eða meira, að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Undanþegin þessari skyldu eru þó herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr. Hafnsögugjaldið greiðist eftir taxta er landsstjórnin setur eftir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefir það lögtaksrétt.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **364. Frumvarp**

til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Hvert það skip, sem flytur farþega frá Íslandi til útlanda á óæðra farrúmi, skal vera háð eftirliti lögreglustjórnarinnar, en »óæðra« er farrúmið, ef það er lakara en 2. farþegarúm á millilandaskipum þeim, er landsstjórnin notar. Skal það að minsta kosti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 10.—12. gr. laga um tilsjón með útflutningum frá 14. janúar 1876.

2. gr. Skipstjóri má ekki taka við farþegum í óæðra farrúm, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á, til að taka slíka farþega, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltaka, hve marga farþega megi taka í farrúmið, enda hafi lögreglustjóri áður sannreynt á þann hátt, er 7. gr. nefndra laga frá 14. janúar 1876 tiltekur, að farrúmið fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru að framan.

Skipstjóra ber að heimta af þeim, sem selja farbréf til flutnings á óæðra farrúmi, tvíritaða skrá yfir alla þá, sem þeir hafa selt farbréf þessi. Skráin skal vera gerð eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi semur, og skal sá, er farbréfin seldi, rita neðan á hana æru og samvizku vottorð um, að hann hafi eigi selt fleiri farbréf en skráin greinir.

3. gr. Á síðustu höfn, sem skipstjóri leggur frá til útlanda, skal lögreglustjóri sannprófa, að ekki fari á óæðra farrúmi fleiri en veitt var leyfi til á hinni fyrstu höfn að taka mætti á skipið, enda afhendi skipstjóri lögreglustjóra í því skyni annað eintakið af skrá þeirri, er ræðir um í næstu grein á undan, með árituðu æru og samvizku vottorði sínu um, að farþegar séu ekki fleiri en taldir eru á skránni.

4. gr. Brot á lögum þessum varða skipstjóra alt að 500 kr. sekt, er renni í landssjóð, og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál.

Nd.

365. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr.			
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —			
	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða.			
Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	37,000	36,000	73,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1904 46,632 kr. 87 a.			
– —— 1905 46,011 — 18 –			
92,644 kr. 05 a.			
Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ...	7,500	7,500	15,000
Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skulu tveir þriðjungar 4,000 kr., eftirgefnir.			
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 .... Heimilt er að verja árgjaldi af Staðastaðarprestakalli, 300 krónum hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er talið 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 2,048,715 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 13,600 kr., og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

		1904.	1905.	alls
A.		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1. Laun embættismanna		18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl..		4,200	4,200	8,400
3. hin umboðslega endurskoðun:				
a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
c. skrifstofukostnaður.....	300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar.....	1,000 —			
		4,300	4,300	8,600
		26,966 67	27,000	53,966 97

			1904.	1905.	als
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Fluttar	26,966,67	27,000	53,966 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,800	68,800	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins í Reykjavík:				
		1904. 1905.			
	a. laun umsjónarmanns	1000 kr. 1000 kr.			
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 — 200 —			
	c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e	230 — 230 —			
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 — 1225 —			
	e. til eldiviðar og ljósa	520 — 520 —			
	f. þvottur	30 — 30 —			
	g. til þess að útvega verkefni	500 — 500 —			
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 — 400 —			
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
	j. þóknun handa lækni	60 — 60 —			
	k. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
			4,415	4,415	
4.	kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300	
5.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —			
	d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. útgjöld við sáttamál	50 —			
			5,100	5,100	
			88,015	88,015	176,030
		Flutt...			229,996 67

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	.....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 238,940 kr. 74 a.:

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
3. Til Guðmundar héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
4. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.	150	150	300
Fluttar...	73,800	73,800	147,600

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	73,800	73,800	147,600
5. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
7. útgjöld við holdsveikraspítalann:			

	1904. kr. a	1905. kr. a.			
a. laun til starfsmanna	4,765	4,765			
b. viðurværi: kr. a.					
1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322					
2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári... 3,951.18					
	12,273.18	12,273.18			
c. klæðnaður sjúklinga..	800	800			
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400			
e. eldsneyti.....	3,035	3,035			
f. ljósmeti...	475	475			
g. viðhald á húsum.....	1,200	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld.....	800	800			
i. þvottur og ræsting...	800	800			
Flutt...			77,100	77,100	154,200

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar...			77,100	77,100	154,200
k. greptrunnarkostnaður .	250	250			
l. flutningskostnaður ...	30	30			
m. til að skemta sjúklingum.....	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður.....	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	717.19	717.19			
p. ýmisleg útgjöld.....	700	700			
r. til geymsluhúsgjörðar 1904.....	2,500				
			32,070 37	28,070 37	60,140 74
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		200 —			
e. til náms yfirsetukvenna.....		2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum.....		400 —			
g. gjöld samkv. 13. gr. í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 31. janúar 1896		1,000 —			
h. gjöld samkv. 25. gr. í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands 6. nóv.br. 1902		1,000 —			
			7,000	7,000	14,000
10. til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....			8,000	.....	8,000
11. Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal seinna árið..			.....	1,600	1,600
Styrkurinn veitist með þeim skilyrðum, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 8 sjúklinga, og að minsta kosti jafn mikið fé sé lagt fram á móti landssjóðstillaginu.					
		Samtals...	124,670 37	114,270 37	238,940 74

12. gr.

Til samgöngumála veitast 691,292 kr.:

		1904.	1905.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík.....	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —			
		22,300	22,300	
2. póstflutningur		41,000	41,000	
Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægisíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
4. til póstflutninga með motorbátum.				
a. milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar		400	400	
b. milli Stykkishólms og Flateyjar		400	400	
5. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu $1^0/_{00}$ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda.....	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	64,700	64,700	

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt... 5,600 kr.	64,700	64,700	
h. óviss gjöld	200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum	100 —			
		5,900	5,900	
6. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		1,000		
7. til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin		1,100		
		72,700	70,600	
				143,300
B.				
Til vegabóta:				
1. til verkfræðings landsins:	kr.			
a. laun	3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
		3,500	3.500	7,000
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að		1,500	1,500	3,000
3. til flutningabrauta				64,000
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið	30,000			
Til flutningabrauta í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið	15,000			
Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls	19,000			
	64,000			
4. til þjóðvega				70,000
	kr.			
Til vegabóta í Suðuramtinu	8,000			
- — - Vesturamtinu	20,000			
- — - Norðuramtinu	30,000			
- — - Austuramtinu	12,000			
	70,000			
5. til fjallvega		5,000	5,000	10,000
6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.		4,000	4,000	8,000
	Flutt...	14,000	14,000	305,300

	1904.	1904,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	14,000	14,000	305,300
7. Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902, alt að.....	50,000		
8. Tillag til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu. Gegn því, að jafnmiklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá	1,000	1,000	
9. Tillag til sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu .... Gegn því, að sýslufélagið leggi til vegarins jafnmikið fé.	1,000	1,000	
10. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði.....	300	300	
	66,300	16,300	82,600
C.			
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að 13 ferðir verði farnar á öðrum skipum milli Kaupmannahafnar og Færeyja, og að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 fátækum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	387,900

	1904,	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	387,900
2. til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að ..... 14,200 að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið 10,000			
d. til gufubátsferða um Eyjafjörð seinna árið 3,500			
	31,200	31,200	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b., c. og d. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b., c. og d.			
	106,200	106,200	212,400
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi	35,000	35,000	70,000
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	670,300

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	400	400	670,300
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200			
2. fyrir olíu	200			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. — steinkol	160			
5. flutningskostnaður	250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300			
7. eftirgjald eftir lóðina	30			
		2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	150			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5. steinkol	100			
6. flutningskostnaður	75			
7. eftirgjald eftir lóðina	16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200			
		4,241	4,241	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	125			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5. steinkol	60			
6. flutningskostnaður	40			
		885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	175			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
5. flutningskostnaður	50			
		855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	200			
Flutt...	600	9,171	9,171	670,300

	1904.	1905,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 600	9,171	9,171	670,300
3. — lampakveiki o.fl..... 100			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 100			
5. fyrir steinkol 100			
6. flutningskostnaður 50			
	950	950	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....	75	75	
k. Til vita á Skipaskaga:			
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) 3000			
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....	300	300	
	13,571	10,796	
			24,367
Samtals...	... .	.....	691,292

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 281,466 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun.....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr....	9,000	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum..... ... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafarprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
5. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
6. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,000		
7. til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að.....	6,200		
Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem			
Fluttar...	33,800	26,600	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	33,800	26,600	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
	33,800	26,600	
			60,400
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b, önnur útgjöld: 1904. kr. 1905. kr.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905 ..... 960 1,280			
2. námsstyrkur ..... 800 1,000 Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
3. til tímakenslu 100 100			
4. til bókakaupa 300 300			
5. til eldiviðar og ljósa 150 150			
6. til umsjónar 100 100			
7. ýmisleg útgjöld 300 250			
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að 250 250			
	2,960	3,430	
	12,160	12,630	
			24,790
II. Til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. námsstyrkur ..... 1,200 kr. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
2. eldiviður, ljós og ræsting ..... 250 —			
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda ..... 600 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ..... 300 —			
Flutt... 2350 —	3,200	3,200	85,190

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...		2,350 —	3,200	3,200	85,190
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að		200 —			
8. ýmisleg útgjöld		250 —			
			4,280	4,280	
			7,480	7,480	14,960
III. Til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —			
			2,600	2,600	
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ... Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa ...	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur ..... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
Flutt...	11,920 —	11,020 —	21,800	21,800	100,050

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	100,500
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —			
			14,148	13.248	
			35,948	35,048	
					70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	kr. 600	kr. 600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400			
			1,700	1,700	
Amtmanninum í Norðuramtinu skal falin á hendur umsjón með skólanum.					
			8,700	8,700	
					17,400
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500				
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500				
			3,300	2,300	
			6,500	5,500	12,000
		Flutt...	.....	.....	200,446

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	200,446
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum.....	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga.....	1,500	1,500			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 35 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að.....	3,000	3,000			
			9,000	9,000	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000	7,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, alt að 80 kr. til hvers			7,000	7,000	
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftyfirvaldanna.					
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu..... ...			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur.....			300	300	
i. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
k. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja.....			150	150	
			35,750	35,750	71,500
Flutt...			.....	.....	271,946

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	271,946
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík ..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkenslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til sama manns til þess að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis	500		
3. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi ..... Þar af laun hans á ári 1200 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 1000 — = 2200 kr.	2,200	2,200	
	3,700	3,200	6,900
Samtals	.....	.....	281,466

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 414,410 kr.

		1904	1905	alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til vísinda, bókmenta og lista:				
1. til landsbókasafnsins:	kr.			
a. laun bókavarðar	1'700			
b. til aðstoðarmanns við landsbókasafnið...	900			
Flutt...	2,600			

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar... 2,600			
c.	til að kaupa bækur og handrit..... 4,500			
d.	til bókbands 1,000			
e.	til samnings spjaldskrár (eftir reikningi) 1,200			
f.	fyrir afskriftir (eftir reikningi) 800			
g.	til að prenta ritaukaskrár..... 200			
h.	til eldiviðar og áhalda m. m. 500			
i.	brunaábyrgðargjald fyrir safnið... 360			
		11,160	11,160	
	Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.			
2. a.	til amtsbókasafns Norðuramtsins 500			
b.	til —— Austuramtsins..... 400			
c.	til —— Vesturamtsins..... 400			
		1,300	1,300	
	Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3.	til sýslubókasafna alt að 100 kr. til hvers ..... Gegn því að jafnmikið tillag komi annarsstaðar að, og að sendar séu skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.	1,000	1,000	
4.	til landsskjalasafnsins:	1904.	1905.	
a.	laun skjalavarðar, er landshöfðingi skipar	kr. 1,400	kr. 1,400	
b.	til að binda inn og búa um skjöl o. fl....	1,000	1,000	
e.	til að afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu.....	500	500	
d.	til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.....	250	250	
		3,150	3,150	
5.	til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík .... 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
6.	til Þjóðvinafélagsins.....	750	750	
	Flutt...	19,360	19,360	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,360	19,360	
6. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita..... 2,000 —			
	3,600	3,600	
7. til Fornleifafélagsins..... Útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
8. til náttufræðisfélagsins ..... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	1,000	800	
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800	800	
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út.....	800	800	
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300	300	
12. til Páls Ólafssonar skálds.....	500	500	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	600	600	
14. til síra Valdimars Briem's.....	800	800	
15. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi.....	1,000	1,000	
16. til »Bindindissameiningar Norðurlands«	300	300	
Flutt...	29,460	29,260	

	1904.	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	29,460	29,260	
17. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
18. til að gefa út dómasafn alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
19. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
20. til leikfélags Reykjavíkur, alt að Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu helming á móts við hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.	600	600	
21. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
22. styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, alt að	1,200	1,200	
23. styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
24. styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum	1,000		
25. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
26. styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
27. til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
28. til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
29. styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	800	800	
	39,210	35,410	
			74,720

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	....	.....	74,410
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
1904. 1905.			
a. til búnaðarskóla: kr. kr.			
1. til skólans á Hólum..... 3,500 2,500			
2. til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu fyrir nemendur hans ... 500 500			
3. til skólans á Eiðum..... 3,500 2,500			
4. til skólans á Hvanneyri 4,000 2,500			
5. til skólans í Ólafsdal... 3,500 2,500			
	15,000	10,500	
b. til búnaðarfélaga	24.000	24,000	
c. til búnaðarfélags Íslands	22,500	24,500	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð.....	2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis	2,000		
f. til ræktunarfélags Norðurlands	8,000	8,000	
g. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki	4,500		
Styrkurinn er því, skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.			
h. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz..	6,000	5,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör	5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð	4,000	3,000	
Fé þessu skal varið eftir tillögum búnaðarfélags Íslands.			
2. a. laun handa 2 dýralæknum.....	2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	300	300	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors.....	1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum.....	78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í Norður- og Austuramtinu	2,000		
Flutt...	178,300	102,800	74,410

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	178,300	102,800	74,410
7. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði	5,700	5,200	
Til þess að koma upp tekniskum skóla í Reykjavík á ári 4000 kr.			
til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári) 1200 —			
og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar 500 —			
8. til iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar,	600		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. styrkur til tveggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk	600	600	
11. til að stofnsetja og reka efnarannsóknastofu í Reykjavík	6,500	3,000	
þar af laun forstöðumanns 2000 kr. á ári.			
12. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma í Reykjavík og Ísafirði	1,600	1,600	
Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.			
13. styrkur til dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að	10,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti eins miklu fé til fyrirtækisins og styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi levst.			
14. styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að	15,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.			
15. styrkur til konsúls D. Thomsens í Reykjavík til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á akvegunum hér	2,000		
Landstjórninni er heimilt að veita öðrum manni			
Flutt...	221,900	113,800	74,410

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	221,900	113,400	74,410
styrk þenna, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.			
16. Styrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi alt að		4,700	
að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til bryggjunnar annarsstaðar frá.			
	221,900	118,100	
			340,400
Samtals...	.....	....	414,810

15. gr.

Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,350 kr.; þar af til præp. hon. *Benedikts Kristjánssonar* 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.; til Hannesar Hanssonar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 380,545 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, F. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er þeir eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Norður-Ísafjarðarsýslu sem varasjóður þess félags.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabuðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabuðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Nd. 366. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við lög. 9. janúar 1880 um breyting á tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög. Frá nefndinni.

Við 1. gr. Síðari málsgreinin falli burt.

Ed.

367. Nefndarálit

um frv. til laga um varnir gegn berklaveiki.

Nefn sú, er hin háttv. efri deild hefir falið að íhuga frv. til laga um varnir gegn berklaveiki, hefir rætt og athugað lagafrv. þetta á mörgum fundum, og leyfir sér því að leggja álit sitt fyrir deildina.

Nefnd sú, er skipuð var í neðri deild alþingis 1902, til þess að hugleiða ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi, tók það fram í hinu ítarlega nefndaráliti sínu, að bráðnauðsynlegt væri, að samin yrðu sem fyrst lög um varnir gegn berklaveikinni, er miðuðu til þess að draga úr sótthættunni, og skoraði á stjórnina að leggja frumvarp þetta fyrir næsta alþingi. Í sömu átt fór einnig þingsályktun efri deildar.

Stjórnin hefir fallist á þessa skoðun alþingis og tekið berklaveikismálið til alvarlegrar íhugunar.

Var fyrst leitað álits landlæknis og héraðslæknis Guðm. Björnssonar um málið og sömdu þeir í sameiningu uppkast til slíkra laga, er frumvarp þetta aðallega byggist á. Mál þetta hefir því fengið mjög rækilegan undirbúning, og verið mjög ítarlega skýrt í erindi Guðm. Björnssonar til landlæknis, um varnir gegn útbreiðslu berklaveiki hér á landi o. fl., er vér látum prenta og fylgja hér með, af því að það skýrir svo ítarlega útbreiðslu berklaveikinnar og nauðsyn á vörnum gegn henni.

Frumvarp þetta stendur í mjög nánu sambandi við frumvarp um líkskoðun, er stjórnin lagði samtímis fyrir efri deild alþingis; að vísu breytti deildin því frv. allmikið, en þó eigi svo, að sambandið milli þessara tveggja frumvarpa raskaðist að neinum mun.

Líkskoðunarfrumvarpið er nú fyrir hinni háttv. neðri deild, en eftir nefndaráliti því að dæma, er vér höfum séð, hefir nefnd sú, er hafði málið til meðferðar, horfið algjörlega frá hinu upprunalega frumv., en samið nýtt frumv. um dánarskýrslur, og er með því að mestu leyti slitið sambandinu milli þessara tveggja frumvarpa. Afleiðingin af því er sú, að vér höfum orðið að breyta mjög 4. gr. frumv. þessa, er aðallega byggist á líkskoðunarfrumvarpinu, sem vér höfum enga von með að nái fram að ganga á þessu þingi.

Ennfremur höfum vér talið nauðsynlegt að bæta inn í frumvarpið ákvæðum um hrákaþrifnað, samkvæmt tillögum héraðslæknis Guðm. Björnssonar, og getum vér ekki séð að mótbárur stjórnarinnar móti þessum ákvæðum séu á rökum bygðar, álítum að þau eigi að standa í þessum lögum, og séu engu síður nauðsynleg en ákvæðin um sótthreinsun.

Vér álítum oss skylt að geta þess, að vér gátum eigi lokið við breytingartillögur vorar við frumvarp þetta, fyrr en oss var kunnugt um, hvernig hin háttv. neðri deild mundi taka frumvarpið um líkskoðun, því að þær voru algjörlega við það bundnar.

Vér ráðum því hinni háttv. deild að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum, sem nánar verða skýrðar við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. við 1. grein: á eftir orðunum »samfara er« bætist inn í: »uppgangur eða«.

2. við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Ef berklaveikur maður deyr eða skiftir um heimili, þá skal húsráðandi tilkynna það héraðslækni eða sótthreinsunarmanni, sem skipaður er af héraðslækni, og skal hann

annast að sótthreinsað sé tafarlaust á heimilinu, að svo miklu leyti sem þurfa þykir, herbergi þau, er sjúklingurinn hefir dvalið í langvistum, svo og eftirlátin föt og sængurfatnaður sjúklingsins o. s. frv. (frv.)

3. Eftir 4. gr. kemur ný grein, sem verður 5. gr. frumvarpsins, og orðast þannig:

Landshöfðingi setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og gólfræstingu í vinnustofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum farþegaskipa og opinberum byggingum, og skulu heilbrigðisnefndir hafa gát á því, að þessum reglum sé fylgt.

Efri deild alþingis 5. ágúst 1903.

J. Jónassen, form. og framsögum. Þorgr. Þórðarson, skrifari. Guðjón Guðlaugsson.

Ed.

368. Fylgiskjöl

við nefndarálit um frv. til laga um varnir gegn berklaveiki.

I.

Erindi til landlæknisins yfir Íslandi um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar.

Eftir Guðmund Björnsson héraðslækni.

Um berklaveiki og varnir gegn útbreiðslu hennar.

Meðal flestra siðaðra þjóða veldur berklaveikin nú á dögum meiri manndauða en nokkur annar sjúkdómur. Hún ein verður fleirum að bana en allir aðrir næmir sjúkdómar samantaldir. Í öðrum löndum, þar sem skýrslum er safnað um dauðamein, hefir það komið í ljós að 10—20% af öllum mannslátum koma af berklaveiki, og svo algengur er sjúkdómurinn, að á síðari árum hafa læknar fundið menjar af honum í 25—30% af öllum líkum manna, er dáið hafa af öðrum orsökum.

Um útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi eru ekki til neinar nákvæmar skýrslur. Um miðbik nítjándu aldarinnar virðist veikin hafa verið mjög sjaldgæf og er enda líklegast, að fremur lítið hafi borið á henni fram yfir 1880, en alt bendir á, að hún eftir þann tíma hafi farið að færast í vöxt og sé nú óðum að útbreiðast um land alt (sjá fylgiskjal III). Með því að dánarvottorð ekki eru heimtuð hér á landi er allsendis ómöguleg að segja til um, hversu margar manneskjur hafi látizt af berklaveiki á síðustu árum. Að vísu er læknum landsins skipað að geta þess í skýrslum sínum hversu margir deyi árlega af verklaveiki, en á því getur enginn efi leikið, að margir menn deyja úr þessum sjúkdómi án þess að læknar fái vitneskju um það.

Helzt er útlit fyrir það, að veikin sé í sumum héruðum landsins (Reykjavík, Eyjafirði, Norðurmúlasýslu) orðin álíka algeng og í öðrum löndum, en hins vegar enn mjög sjaldgæf í sumum öðrum héruðum (Strandasýslu, Skaftafellssýsln). En vegna þess, hve mjög samgöngur hafa aukizt viðönnur lönd og milli héraða innan lands á síðari árum, má vænta þess að berklaveikin muni á næstu áratugum ná sömu útbreiðslu hér um alt land, sem hún hefir í öðrum löndum, ef ekkert er gert til að stemma stigu fyrir henni.

Fyrir löngu hefir sú skoðun komið í ljós, að berklaveiki sé næmur sjúkdómur. Á síðari hluta átjándu aldarinnar var því alment haldið fram, og voru þá jafnvel sumstaðar (Neapel, Portugal) sett lög, er fyrirskipa sóttkvíun á berklaveikum mönnum og sótthreinsun á heimilum þeirra og fatnaði. A nítjándu öldinni var að sóttnæmi veikinnar lítill gaumur gefinn, þar til er franskur læknir (Villemin) milli 1860—70 sýndi og sannaði, að hægt er að koma veikinni úr einu dýri í annað.

Kenningin um sóttnæmi berklaveikinnar átti þó erfitt uppdráttar þangað til 1882. Á því ári fann þýzkur læknir (Robert Koch) berklagerilinn (Tuberkelbacillen), en það er örlítill sveppur (jurt), sem ekki sézt með berum augum. Kom það nú brátt í ljós, að þessi litla lifandi vera er hin eiginlega orsök berklaveikinnar.

Öll berklaveiki kemur af því, að berklagerlar setjast að í líkamanum og sérhver sú meinsemd er berklaveiki, sem af berklagerlum kemur. Ef einhver verður berklaveikur, þá er það af því, að berklagerlar hafa komizt inn í líkama hans og aukið þar kyn sitt. Síðan eru nú liðin tuttugu ár, og enn er ekki fundið, sem mæli á móti þessari kenningu um orsakir berklaveikinnar; allar síðari rannsóknir bera þess vott, að hún sé sönn.

Það vita menn um berklagerlana að þeir tímgast ekki annarsstaðar en á líkama ýmissa dýra, sem heitt blóð hafa; ef gerlarnir berast út úr líkamanum, þá hætta þeir að tímgast og deyja áður langt líður; þó hefir vísindamönnum tekizt að rækta þá, koma þeim til að tímgast í góðri næringu og hæfilegum hita (líkamshita), en slíkt hefir enga þýðingu að því er snertir útbreiðslu veikinnar, því að það má telja fullsannað, að þeir annars hvergi á bygðu bóli hitti fyrir þau lífsskilyrði fyrir utan líkami manna eða dýra, að tímgun geti átt sér stað. Samkvæmt þessu verður að telja víst, að hver sá, er berklaveiki tekur, hafi fengið í sig berklagerla, sem áður hafa lifað í líkama annarar manneskju eða skepnu.

Hér á landi kemur berklaveiki fyrir í kúm, en ekki í öðrum skepnum, svo að nokkra þýðingu hafi; verður síðar minst nánar á það atriði. Hitt er aðalatriðið, að veikin berst mann frá manni, þannig að berklagerlarnir komast úr berklaveikum manneskjum í aðrar manneskjur og sýkja þær.

Berklagerlarnir komast út úr líkömum þeirra, sem berklaveikir eru, í ýmissri útferð úr líkamanum, einkum útferð úr þeim hluta líkamans, sem veikur er. Nú er öll útferð úr líkama manns vot, eða rök, (saur, þvag, hrákar, gröftur o. s. frv.), og þess vegna geta eigi gerlarnir komist í loftið fyr en útferðin þornar og verður að ryki. Þá fyrst er útferðin þornar (hrákar, gröftur) og verður að ryki, er viðbúið, að hún og gerlarnir þyrlist upp í loftið, ef breifing kemst á, og er þá hættan vís, að gerlarnir komist niður í lungu manna, eða lendi í matvælum, er menn síðar neita,

Af þessu má marka, að berklaveikur maður getur hæglega orðið þeim að meini, er umgangast hann; þeir geta sýkst af honum. En hins vegar liggur líka í augum uppi, að þessi hætta þarf ekki að koma fyrir.

Berklaveikin er langalmennust í lungum manna (lungnatæring); í hrákum úr berklaveikum lungum er oftast mesti urmull af lifandi berklagerlum, og flestar manneskjur hafa vanizt því frá barnæsku, að hrækja hvar sem stendur, á gólf, eða upp um veggi, eða þá í tuskur eða vasaklúta, þeir sem »finir« vilja vera, og svo þorna allir þessir hrákar á gólfi og veggjum, í tuskum og klútum, og gólfin eru sópuð og klútunum veifað, og aragrúi af gerlum þyrlast upp í loftið, sem fólk andar að sér; þegar á alt þetta er litið, þá er sízt að furða, þó veikin sé algeng og það beri oft við, að hún berist milli vandamanna eða heimilisfólks, svo að margir af sömu ætt eða margir á sama heimili verða fyrir henni.

Aðalatriðið í vörnum gegn útbreiðslu berklaveikinnar verður þá þetta, að koma í veg fyrir, að berklagerlarnir komist úr þeim, sem veikina hafa, í aðrar manneskjur. Nú er lungnatæring langalmennasta og þýðingarmesta tegund berklaveikinnar; berklagerlarnir eru ekki í loftinu, sem tæringarsjúklingurinn andar frá sér, ekki í svita hans, ekki í saur eða þvagi, ef lungun ein eru veik, heldur eingöngu í uppganginum úr lungunum, í hrákunum. Þess vegna ríður mest af öllu á því, að koma allri alþýðu manna í skilning um þá hættu, sem stafar af hrákum brjóstveikra manna, og kenna að fara svo með hráka, og auðvitað líka aðra útferð úr berkla-

meinum, að engir gerlar geti komist í loftið eða á annan hátt orðið að meini. Þar næst þarf að gera mönnum ljóst, að þó að alls þrifnaðar sé gætt með hráka eða aðra útferð úr líkamanum, þá getur það oft viljað til, að eitthvað af sóttkveikjunni (berklagerlunum) komist út í herbergin, sem sjúklingur býr í; þannig eru stundum berklagerlar í smáyrjum, sem hrjóta fram úr brjóstveikum mönnum, þá er þeir hósta; þess vegna er líka nauðsynlegt að koma á sem mestum og beztum þrifnaði að því, er snertir föt og húsakynni. Margir eru berklaveikir án þess að vita af því, og fæstum veitir auðvelt að leggja niður gamlan ósið og taka upp nýjan sið; þess vegna er nauðsynlegt að heimta af öllum manneskjum sömu varúð að því, er hráka snertir og sama þrifnað.

Það er í fullu samræmi við það, sem hér hefir verið sagt, að alþingi 1902 ákvað að gefa skyldi út rit um berklaveiki til ókeypis útbýtingar í því skyni að fræða alþýðu manna um eðli og útbreiðsluvegi veikinnar.

Undanfarin ár hefir alþýða manna þegar á ýmsan hátt verið frædd um þennan sjúkdóm, og er ástæða til að ætla, að á skömmum tíma geti tekizt að skapa meðal almennings rétta skoðun á honum.

En ávalt má þó búast við, að meira eða minna beri á þrjózku og hirðuleysi, og er því nauðsynlegt að hafa lagaheimild til þess að heimta þá varúð, sem ekki næst með öðru móti.

Ef allrar varúðar væri gætt með hráka og heimilisþrifnaður bættur, þá mundi berklaveikin að öllum líkum stórum fara þverrandi.

En því ber ekki að gleyma, að berklaveikir menn eru oft svo máttvana þegar á veikina líður, að þeir sjálfir geta ekki gætt að hrákum sínum eða haft aðra þá varúð, sem nauðsynleg er. Slíkir sjúklingar þurfa mjög nákvæma hirðingu til þess, að ekki standi hætta af þeim, og má ekki búast við að slík hirðing fáist á fátækum heimilum í þröngum húsakynnum. Það er því mjög svo nauðsynlegt til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu veikinnar, að dauðvona sjúklingar séu teknir af fátækum heimilum og hafðir á sjúkrahúsum.

Hversu stór þessi nauðsyn sé hér á landi verður ekki sagt, af því að alla nákvæma þekkingu vantar. En hitt er víst, að því meir sem þrifnaður eykst á heimilum, húsakynni batna, og varúð vex að því, er hráka snertir, þess minni verður þörfin á því að sóttkvía sjúklingana.

Allar heilbrigðisráðstafanir miða að því tvennu: 1) að vernda menn fyrir skaðlegum áhrifum utan að, sóttkveikjum o. s. frv., 2) að styrkja líkamann svo, að hann þoli sem bezt þau skaðleg áhrif, sem ekki er unt að varast.

Viðnámsþróttur manna gegn berklaveiki virðist vera mjög svo misjafn. Það er að vísu mjög sjaldgæft talið, að börn fæðist með berklaveiki, en hins vegar hefir því lengi verið haldið fram, að börn berklasjúkra foreldra hafi minni mótstöðukraft gegn veikinni en annara manna börn. Gott og heilsusamlegt uppeldi hefir yfirleitt mikla þýðingu, en ekki fremur vegna berklaveikinnar en margra annara sjúkdóma. Sama er að segja um margt annað, sem yfirleitt miðar að því, að styrkja líkamann og vernda heilsuna, svo sem góð húsakynni, gott viðurværi, reglusemi í lifnaðarháttum, varnir gegn þeim hættum, er stafa af ýmsum atvinnuvegum; alt slíkt verður að teljast með almennum heilbrigðisráðstöfunum og getur ekki hér komið til greina.

Þó ber að geta þess, að berklaveiki getur borist í menn úr skepnum; hér á landi er naumast um aðrar skepnur að ræða en kýr, og berklaveiki í kúm er hér mjög sjaldgæf, og mun því enn sem komið er hafa mjög litla þýðingu. Auðvitað er það einkar mikilsvert, að að ráðstafanir séu gerðar til þess, að berklaveiki í kúm ekki fari í vöxt; að vísu hefir því verið haldið fram nýlega (R. Koch), að berklaveiki í kúm sé annar sjúkdómur en berklaveiki í mönnum og fái menn aldrei veikina úr kúm, en þessi kenning er ekki enn talin sönn-

uð og því ráðlegast að taka hana ekki til greina að sinni. Að öðru leyti vísa eg til meðfylgjandi ritgerðar um þetta efni eftir Magnús dýralækni Einarsson, sem hann hefir samið fyrir mig (Fylgiskjal V).

Hingað til hefir ekki verið minst á lækningu á berklasjúkum mönnum. Lungnatæring var áður talin ólæknandi. Nú er álitið, að hún mjög oft geti læknast einkum þá ef sjúklingarnir eru teknir af heimilum sínum og hafðir í þar til gerðum sjúkrahúsum, þar sem allur útbúnaður er miðaður við þennan eina sjúkdóm (Tuberkulose-Sanatória). Slík sjúkrahús hafa á síðari árum víða verið reist í öðrum löndum og borið mjög glæsilegan árangur; margir af sjúklingunum læknast til fulls og allir læra þeir þá varúð, sem þeim ber að hafa um hönd til þess að verða ekki öðrum að meini,—breiða síðan þessa nauðsynlegu þekkingu út frá sér. Að slík sjúkrahús hafi mikla þýðingu í baráttunni gegn berklaveikinni er efalaust, en með því að naumast getur getur komið til mála, að það atriði verði rætt á næsta þingi, skal ekki frekar um það talað, en vísað til fylgiskjals III.

Á síðustu tuttugu árum hafa ýmsar aðrar þjóðir með lagaákvæðum og fjárframlögum gert ýmsar ráðstafanir til þess, að stemma stigu fyrir útbreiðslu berklaveikinnar samkvæmt þeim nýu skoðunum á veikinni, sem fram hafa komið og gert hefir verið grein fyrir að framan. Meginatriðin í öllum slíkum sáðstöfunum eru þessi:

1) Að varna því, að sóttmenguð útferð úr berklaveikum manneskjum verði öðrum að meini og sérstaklega koma því til leiðar, að allar manneskjur gæti sama þrifnaðar með hráka, sem með alla aðra útferð úr líkamanum.

Að þessu miðar lagafrumvarp það, sem hér fer á eftir:

2) Að fá flutta í sjúkrahús þá sjúklinga, sem eru svo aumir, að mikil hætta virðist stafa af þeim á heimilinu.

3) Að koma upp heilsubótarhúsum (Sanatoria) handa þeim, sem nýlega eru orðnir veikir og von er um að geti læknast.

4) Að koma í veg fyrir, að berklaveiki berist í menn úr skepnum.

Til þess þyrfti langt mál, að gera grein fyrir því, að hve miklu leyti aðrar þjóðir hafa tekið upp þessar ráðstafanir og hvað þeim hefir orðið ágengt. Yfirleitt er baráttan gegn berklaveikinni víðast nýbyrjuð, og þó má þegar sjá mót á því, að veikin er farin að þverra, sumstaðar að stórum mun. T. d. árin 1875—79 dóu

í Kaupmannahöfn	3,14	af hverjum	1000	af	lungnatæringu,
í öðrum dönskum bæjum	2,34	—	—	—	—	—
en 1895—98 dóu í Khöfn	1,86	—	—	—	—	—
og í öðrum dönskum bæjum	1,84	—	—	—	—	—

Hið fyrstnefnda atriði virðist vera langþýðingarmest, og jafnframt er það kostnaðarminst. Þess vegna er nauðsynlegast og líka hægast að fá lagaákvæði þar að lútandi.

II.

Frumvarp til laga um varnir gegn berklaveiki.

1. gr. Samkvæmt lögum þessum skal telja þá berklaveika, sem útferð hafa og ætla má um, að berklasóttkveikja sé í útferðinni.

2. gr. Héraðslæknar skulu færa allar berklaveikar manneskjur, er til þeirra leita, í sérstaka bók og senda landlækni um hver áramót útdrátt úr bókinni. Landlæknir ræður fyrirkomulagi á bókum þessum og skýrslum.

Læknar skulu brýna fyrir öllum berklaveikum mönnum, sem til þeirra leita, hverrar varúðar þeir eigi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

3. gr. Ef berklaveikur maður deyr, eða fer vistferlum, þá skal húsráðandi tilkynna það héraðslækni, og skal læknir annast að sótthreinsað sé tafarlaust á heimilinu, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, bæði svefnherbergi, og líka eftirlátin föt og sængurfatnaður sjúklingsins.

Ekki má fá öðrum til íbúðar herbergi, sem berklaveikur maður hefir búið í, fyr en það hefir verið sótthreinsað, og eigi má fá öðrum til eignar eða afnota íveruföt eða rúmföt berklasjúks manns, fyr en þau hafa verið sótthreinsuð eftir þörfum.

4. gr. Heilbrigðisnefndum skal heimilt að setja reglur um hrákadalla og gólfræst. ingu í vinnustofum, skrifstofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, farþegaskipum og opinberum byggingum.

Slíkar reglur öðlast þó því að eins gildi, að landshöfðingi staðfesti þær eftir að hafa leitað álits landlæknis.

5. gr. Kostnað við sótthreinsanir samkvæmt 3. gr. skal greiða úr landssjóði.

6. gr. Brot gegn lögum þessum, eða reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 4. gr. varða sektum frá 2—50 kr.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Athugasemdir við frumvarpið.

Aðallega hafa verið tekin til fyrirmyndar norsku berklaveikislögin, sem í gildi gengu 1. jan. 1901. Sjá fylgiskjal IV.

ad § 1.

Margir berklaveikir menn eru öldungis hættulausir af því að engin útferð er úr berklameininu. Er engin ástæða til að beita sóttvarnarráðstöfunum, nema við þá, sem útferð hafa (úr lungum eða berklaígerðum), — þeir einir geta orðið öðrum að meini.

ad § 2.

Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að fá sem nánasta vitneskju um útbreiðslu veikinnar, til þess að séð verði, hvar helzt er þörf á öflugum ráðstöfunum gegn henni, og það komi í ljós, hver árangur hlýzt af þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru. Nú má búast við, að flestir berklaveikir menn leiti sér fyr eða síðar lækningar, og ættu því ákvæði þessarar greinar að hafa það gagn í för með sér — 1) að læknar hefðu meiri gætur á veikinni eftir en áður og — 2) meiri vitneskja fengist um útbreiðslu hennar. Þó má ekki búast við því, að þessar skýrslur læknis nái nokkru sinni yfir alla berklaveika menn. Meðan veikin er í byrjun ber oft lítið á henni, svo að sjúklingarnir leita sér ekki hjálpar, og þó að þeir komi til læknis, getur oft farið svo, að læknir sé í vafa um eðli sjúkdómsins; þar við bætist, að hér á landi er mikill fjöldi skottulækna og auðvitað fara margir berklaveikir til þeirra. Yfirleitt er það mjög bagalegt, að ómentuðum skottulæknum skuli vera leyfilegt að taka til meðferðar sjúklinga með næma sjúkdóma, og ber brýna nauðsyn til þess, að skottulæknalögunum (lög 29. febr. 1884 um breyting á tilskipun 5. sept. 1794) sé breytt þannig, að skottulæknum sé með fullu og öllu bannað að taka til meðferðar nokkurn sjúkling með næman sjúkdóm, og það látið á þeirra ábygð, hvort þeir bera rétt kensli á sjúkdómana.

Þó nú að þetta fengist framgengt, má aldrei búast við því, að slíkar sjúkraskýrslur, sem hér er farið fram á, gefi fyllilega rétta hugmynd um það mein, sem berklaveikin bakar þjóðinni. Til þess þyrfti um fram alt að fá skýrslu um það, hvað margir deyja árlega úr berklaveiki. Bæði þessa sjúkdóms vegna og annara er mesta þörf á því, að sá siður verði tekinn upp hér, eins og víðast annarsstaðar, að heimta dánarvottorð, er tilgreini dauðamein hvers eins.

Stjórnin hefir tvisvar (1891 og '93) lagt fyrir þingið frumvarp til laga um líkskoð-

anir, en það ekki fengið framgang á þinginu. Nú eru læknar miklu fleiri en þá, og miklu meiri hluti þjóðarinnar kominn saman í þéttbýl þorp og kauptún og ætti því nú að vera hægra að fá slíkum lögum framgengt.

Þar sem norsku lögin gera ráð fyrir því, að læknir hafi stöðugt eftirlit með hverjum berklaveikum manni, og geti heimtað þá flutta á sjúkrahús, sem eigi fá nægа hjúkrun heima, þá virðist slíkt ókleyft hér á landi vegna strjálbygðar og þess kostnaðar, sem af því mundi hljótast.

Hinsvegar virðist mikið unnið við það eitt, að læknir skýri sem nákvæmast fyrir hverjum berklaveikum manni, hverrar varúðar þeir eigi að gæta.

ad. § 3.

Þess eru mörg dæmi, að menn taka berklaveiki af því að búa í herbergjum eða nota fatnað, sem berklaveikir menn áður hafa notað. Útbreiðsla veikinnar á þennan hátt virðist vera alltíð, þess vegna er það mjög þýðingarmikið að sótthreinsanir komist á, eins og hér er farið fram á; auðvitað má búast við því, að húsráðendur þráfaldlega vanræki að tilkynna lækni flutning eða lát berklaveiks manns, en hins vegar má gera ráð fyrir því, að heimildin til að fá ókeypis sótthreinsun verði því meir notuð, sem þekking manna vex á veikinni.

Kostnaðurinn, sem af þessu hlýzt, getur aldrei orðið mjög mikill. Þarf naumast að búast við því, að fyrir komi fleiri en tvö hundruð sótthreinsanir á ári, í allra mesta lagi. Verði sótthreinsunum yfirleitt komið í rétt horf, þannig að í hverjum hreppi sé fastur sótthreinsunarmaður, sem lært hefir og vanist þessari vinnu, og gerir hana fyrir fastákveðna borgun, þá þarf ekki hver sótthreinsun að kosta meira en 4—6 krónur; fyrir því er full reynsla fengin í stærsta læknishéraði landsins (Reykjavíkurh.). Mundi þá allur sótthreinsunarkostnaður vegna berklaveiki verða í mesta lagi 1000 krónur á ári. Annar kostnaður hlýzt ekki af lögum þessum.

ad. § 4.

Hver hráki úr brjóstveikum manni getur orðið mannsbani, ef hann fer á gólf, þornar cg þyrlast upp í loftið, og því fleiri sem inn koma þar sem óþrifalega er farið með hráka, þeim mun meira getur tjónið orðið af óþrifnaðinum. Einnig er hættan mest að e i n h v e r sé óþrifin þar sem margir koma saman, eða margir ganga um.

Það gæti því verið ástæða til að setja í lög ákvæði um það, hverrar varúðar skuli gæta á slíkum stöðum, en öll þess konar ákvæði eru gagnslítil, ef ekki er haft nákvæmt eftirlit með því, að þeim sé rækilega hlýtt. Þessvegna virðist hagkvæmara að heimila heilbrigðisnefndum að setja slík ákvæði. Eru allar líkur til að heimildin yrði innan skamms notuð allstaðar þar sem heilbrigðisnefndir eru til, og verði þá að meiru gagni, af því að nefndirnar muni láta sér meira ant um að framfylgja þeim reglum, sem þær sjálfar hafa sett.

Lög 13. sept. 1901 gera að vísu ekki ráð fyrir heilbrigðissamþyktum og heilbrigðisnefndum, annarsstaðar en í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum, en þar er líka þörfin mest, enda líklegt að þess verði eigi langt að bíða, að þeim lögum verði breytt, svo að þau nái til allra sveitarfélaga.

III.

U m ú t b r e i ð s l u b e r k l a v e i k i n n a r á Í s l a n d i.

Árið 1847 sendi danska stjórnin ungan danskan lækni til Íslands til þess að rannsaka heilbrigðisástandið í landinu. Þessi læknir, P. A. Schleisner, reit síðan mjög merka bók um rannsókn sína (Island undersögt fra et lægevidenskabeligt Synspunkt, Kjöbenhavn 1849); um berklaveiki (lungnatæringu) farast honum svo orð (Pag. 3): »Med Hensyn til L u n g e s v i n d s o t bekræfte Lægerne enstemmig at den vel forekommer paa Island, men overordentlig sjeldent . . . Jeg har omhyggelig stethoskoperet enhver Patient, som klagede over det

mindste Brystsymptom og iblandt 327 næsten alle chroniske Patienter har jeg kun fundet 3 med udtalt Lungesvindsot, hvoraf den ene endda var af dansk Extraction . . . . . er det Factum sikkert at Phthisis er overordentlig sjelden paa Island.

Héraðslæknir Jón Finsen fann á 10 árum, 1856—1866, eina 4 sjúklinga íslenzka með lungnatæringu. Hann var læknir í Norðurlandi og sat í Eyjafirði, einmitt þar sem nú ber einna mest á veikinni.

Dr. Finsen hallast að þeirri skoðun (Iagttagelser angaaende Sygdomsforholdene i Island. Kjöbenhavn 1874, Pag. 87) að þeir 7 sjúklingar, sem Schleisner og hann höfðu fundið, muni í raun og veru e k k i hafa haft lungnatæringu, heldur einhvern annan langvinnan lungnasjúkdóm. Telur hann líklegast, að lungnatæring komi alls eigi fyrir á Íslandi. Báðir láta þeir þess getið í ritum sínum, að Íslendingar fái oft lungnatæringu, er þeir koma til Kaupmannahafnar.

Það er nú alkunnugt, að fram yfir 1890 höfðu læknar hér á landi og öll alþýða manna þá trú að berklaveiki væri hér afar sjaldgæf eða kæmi alls ekki fyrir. Eg hefi lesið allar skýrslur læknanna frá árunum 1890—95 og bera þær þess ljósan vott, að þessi trú hefir verið ríkjandi*.

Á r i ð 1 8 9 0 nefnir héraðslæknirinn í Suðurmúlasýslu 1 sjúkling með Phthisis, en tekur fram að það hafi verið útlendingur. Læknirinn í Austurskaftafellssýslu tilfærir 3 sjúklinga með Phthisis, en getur þess ekki, hvort þeir hafi verið innlendir eða útlendir. E n g i n n a n n a r a f l æ k n u m l a n d s i n s n e f n i r b e r k l a v e i k i á n a f n.

Á r i ð 1 8 9 1 nefnir héraðslæknirinn í Suðurmúlasýslu aftur 1 útlending með Phthisis. Héraðslæknirinn í Þingeyjarsýslu nefnir 2 sjúklinga með »tæringu«, en getur þeirra ekki nánar. Héraðslæknirinn í Árnessýslu (G. Guðmundsson) segir svo: »1 sjúklingur dó úr Phthisis í umdæminu, eftir því, sem næst verður komizt eftir symptomunum, en sá sjúkdómur er óvenjulega sjaldgæfur í héraðinu«. Aðrir læknar minnast alls ekki á berklaveiki.

Á r i ð 1 8 9 2 nefnir héraðslæknirinn í Reykjavík 1 sjúkling með Phthisis, en segir sjúkdóminn vafasaman. Héraðslæknirinn í Norðurmúlasýslu tilfærir 4 sjúkl. með »brjóstveiki«, en gerir enga grein fyrir veikinni. Héraðslæknirinn í Skagafirði (Guðm. Magnússon, nú kennari við læknaskólann) nefnir 4 sjúklinga með Phthisis pulmonum, og 1 með berklabólgu í hné; hann segir svo: »Med Hensyn til Diagnosen Phthisis pulmonum, saa er jeg ikke i Stand til at bevise at det her drejer sig om Tuberkulose, da jeg ikke endnu er i Besiddelse af Mikroskop for at verificere Diagnosen; men sikkert vilde jeg, om jeg havde undersögt disse Patienter ved Indlæggelse paa et Kjöbenhavnsk Hospital, have stillet en saadan Diagnose og ventet at finde Baciller«. Hér lýsir sér enn ljóslega vafinn á því, hvort berklaveiki komi fyrir á Íslandi. Á þessu sama ári nefnir hjeraðslæknirinn á Akureyri 1 sjúkling með Phthisis og héraðslæknirinn á Siglufirði 2 (báða dána), og héraðslæknirinn í Rangárvallasýslu 3, en enginn þessara lækna segir nánar frá.

* A t h s. Í aðalheilbrigðisskýrslu sinni til heilbrigðisráðsins 1 8 8 5 segir landlæknir Schierbeck svo: »P h t h i s i s (tæring): Menn hafa verið í vafa um, hvort þessi sjúkdómur kæmi fyrir á Íslandi; en án alls efa kemur hann hér fyrir. Eg hefi haft tækifæri til að kryfja tvö lík sjúkl. sem mikill grunur lék á að hefðu berklaveiki, og kom það í ljós að hér var um berklaveiki hjá báðum að ræða; síðar hefi eg leitað að berklaveikisbakteríu hjá grunsömum sjúklingum, en eigi getað fundið bakteríuna, en þó hefir mér tekist að sýna hana hjá tveim Íslendingum í uppgangi þeirra; annar þessara sjúkl. hafði dvalið lengi í Khöfn en alla tíð verið heilbrigður, en er hann var kominn heim til Íslands, fór hann að fá hósta með blóðuppgangi og leitaði ráða minna 1889. Hinn svaf í sama herbergi og þessi sjúkl. um það ár,

Árið 1893 er víðar getið um sjúkdóminn. Læknirinn í Þingeyjarsýslu tilfærir 7 sjúklinga með Phthisis (6 úr Eyjafirði), í Ólafsvík 2, í Stykkishólmi 2, í Rangárvallasýslu 2, í Eyjafirði 1, í Skagafirði 5, í Suðurmúlasýslu 2 (útlendingar).

Árið 1894 segir héraðslæknirinn í Húnavatnssýslu (J. Halldórsson) svo frá: »Síðastliðin ár hefir Tuberkulose gert talsvert vart við sig í austurhluta sýslunnar, nefnilega framarlega í Svínadal og Blöndudal, einkanlega á tveimur bæjum, og er þetta því eftirtektaverðara, sem eg er viss um, að þessi veiki hefir ekki verið komin í mitt umdæmi fyrir 1884, og mjög lítið hefir borið á henni fyr en nú þrjú síðustu árin. Einkum hefir hún nú síðastliðið ár færst í vöxt«. Læknirinn í Norðurmúlasýslu nefnir 1 sjúkling með Phthisis, 2 með »brjóstveiki (Bronchitis chron.)«. Læknirinn í Suðurmúlasýslu nefnir 2 með Phthisis (annar útlendur). Læknirinn í Skagafirði (Guðmundur Hannesson) tilfærir 13, og segir svo: »Í heilbrigðislegu tilliti ætla jeg héraðinu mesta hættu búna af Tuberculose, sem eg ætla að sé hér mjög svo að færast í vöxt«. Læknirinn í Borgarfirði nefnir 2 sjúklinga með Phthisis.

Árið 1895 er Phthisis getið á þessum stöðum: Dýrafirði 1; Keflavík 2; Siglufirði 1; Ólafsvík 1; Mýrasýsla 1; Akranes 3; Rangárvallasýsla 1; Norðurmúlasýsla 1; Skagafjörður 7 × 13 (tveir læknar); Suðurmúlasýslu 3, og segir læknirinn þar (Zeuthen): »Þótt ekki sé hægt að fullyrða, hefi eg þó sem Phthisis tilfært 3 sjúklinga, sem að minsta kosti eru mjög grunsamir* . . . er það víst, að það er enginn nýr sjúkdómur í landinu, því strax frá fyrsta ári mínu hér 1869 man eg eftir, að hún hafi komið fyrir innfærð frá útlöndum og svo smittað suma af sömu ætt eða heimili«. Í Stykkishólmi 1; í Þingeyjarsýslu 1; í Húnavatnssýslu 1; í Barðastrandarsýslu tilfærir læknirinn 2 sjúkl. með berklabólgur, en segist ekki hafa orðið var við »Tuberkulose í lungum«. Í Reykjavíkurhéraði eru nefndir 10 sjúkl. með Phthisis, og segir læknirinn (G. Björnsson) um þá: »Alt bendir í þá átt, að þessi sjúkdómur sé að færast hér í vöxt . . . Þess skal getið, að hér tel eg einungis þau tilfelli, þar sem eg er viss um réttá Diagnose. Eg hefi tvisvar leitað að Tuberkelbacillum í hrákum, og fundið þá í hvorttveggja skifti«. Í Dalasýslu segist læknirinn aldrei hafa séð Phthisis. Í Eyjafirði (nú Höfðahverfishéraði) 3.

Hér með fylgir svo skýrsla um útbreiðslu veikinnar á árunum 1897—1901; hefir landlæknir samið þá skýrslu.

Af því, sem nú er sagt, virðist mega marka: 1. að berklaveiki hafi hér á landi verið fremur sjaldgæfur sjúkdómur alla tíð fram yfir 1880. 2. að veikin frá þeim tíma og einkum eftir 1890 hafi óðum færzt í vöxt og sé nú komin um land alt og alstaðar heldur að aukast. Það má telja víst að sjúkratalan í skýrslum læknanna sé mikils til of lág og veikin talsvert útbreiddari en skýrslurnar bera með sér.

G. Björnsson.

---

fór að fá hósta og blóðspýju. Á embættisferð minni 1889 sá eg marga berklaveika sjúkl. og hafði tækifæri til að rannsaka þá og leikur enginn efi á, hver veikin var. En til allrar hamingju er þessi voðaveiki yfirleitt sjaldgæf á Íslandi eða að minsta kosti miklu fátíðari en í Danmörku«.

Sá, sem fyrstur manna fann í sjónauka Tuberculose Bakteríu, var fyrverandi landlæknir Shcierbeck.

Í skýrslu sinni til Sundhedscollegi's fyrir árið 1890 segir Schierbeck svo: »maaske det ogsaa staar i Forbindelse med Udviklingen af Catarrh. Pnevmonie efter Influenzaen, at Phthisis, der, som bekjendt, virkelig findes paa Island, men sjældent nu efter Influenzaen epidemisk optræder med et efter Forholdene usædvanligt stort Antal.«

J. Jónassen.

---

* Einn af þessum sjúklingum var skólabróðir minn,—var orðinn brjóstveikur í skóla, tók próf í Khöfn, dó á Eskifirði sama árið og hann kom heim — hafði Phthisis pulm. G. B.

IV.

Berklaveikir sjúklingar samkvæmt læknaskýrslum 1897—1901 incl.

(Tuberculöse Patienter ifölge Lægeberetninger 1897—1901 incl.)

Læknishérað	ár 1897	ár 1898	ár 1899	ár 1900	ár 1901	Alls
1. Reykjavíkurhérað	29	35	30	30	29	153
2. Ísafjarðar	1	4	1	1	7	14
3. Akureyrar	26	34	27	44	29	160
4. Seyðisfjarðar	15	14	11	11	8	59
5. Keflavíkur	5	12	11	6	14	48
6. Barðastrandar	4	9	1	4	„	18
7. Blönduós	3	4	10	13	„	30
8. Sauðárkróks	16	12	7	13	8	56
9. Borgarfjarðar	4	4	7	4	8	27
10. Stykkishólms	1	„	„	1	„	2
11. Dala	2	1	2	1	2	8
12. Stranda	„	2	2	„	2	6
13. Húsavíkur	„	4	4	15	3	26
14. Vopnafjarðar	4	8	4	4	2	22
15. Hróarstungu	2	9	2	5	1	19
16. Reyðarfjarðar	4	3	7	8	6	28
17. Hornafjarðar	„	„	2	„	„	2
18. Síðu	„	2	„	„	„	2
19. Rangár	2	3	„	3	„	8
20. Eyrarbakka	„	10	1	4	1	16
21. Skipaskaga	4	4	7	4	5	24
22. Ólafsvíkur	3	5	7	4	5	24
23. Þingeyrar	„	„	2	4	6	12
24. Hesteyrar	„	„	„	„	4	4
25. Miðfjarðar	„	„	„	2	„	2
26. Hofsós	„	„	„	4	5	9
27. Siglufjarðar	„	1	1	2	1	5
28. Höfðahverfis	4	5	4	17	10	40
29. Reykdæla	2	„	„	„	4	6
30. Fljótsdals	8	9	2	5	8	32
31. Mýrdals	„	„	1	3	„	4
32. Grímsnes	2	„	3	3	„	8
33. Kjósar	„	„	„	2	„	2
34. Mýra	1	9	5	„	„	15
35. Reykhóla	2	„	„	2	8	12
36. Flateyjar	8	1	13	„	„	22
37. Nauteyrar	„	„	„	„	„	„
38. Fáskrúðsfjarðar	„	„	3	17	6	26
39. Berufjarðar	5	5	20	6	2	38
40. Vestmanneyja	2	„	1	1	„	4
Samtals	159	209	198	243	184	993

J. Jónassen.

V.

Berklaveiki á nautgripum

er að mínu áliti fremur óalgeng ennþá hér á landi, en vera má að hún hafi farið nokkuð í vöxt á síðari árum eins og berklaveiki í mönnum, enda virðist full ástæða til að halda, að þetta tvent fylgist að talsverðu leyti að, þar sem síðustu rannsóknir hafa sýnt, að sama berklabakterían sýkir bæði menn og naut, þótt sýkingarhættan sé auðvitað meiri frá manni til manns og nauti til nauts, en frá manni til nauts og vice versa. Að berklaveiti sé til í nautum hér er enginn efi á, en um útbreiðslu hennar er óvíst enn þá.

Fyrir nokkrum árum keypti danska herskipið naut á Seyðisfirði og slátraði; var það talið berklaveikt og kjötið gjört óætt og sökt í sjó. Líkt vildi til hér í Reykjavík skömmu síðar; þóttist skipslæknirinn hafa fyrir víst, að kjöt af nauti, er herskipið ætlaði að kaupa, væri berklasjúkt, en við nákvæma rannsókn, er eg gjörði á kjöti þessu, kom það í ljós, að þar var alls ekki um berklaveiki að tala. Líkt dæmi hefi eg heyrt úr Eyjafirði. Vera má að tilfellum þessum sé öllum á einn veg farið, um berklaveiki hafi alls ekki verið að ræða, en engin vissa er fyrir því, að svo sé um þau öll. Sjálfur hefi eg aldrei orðið var við berklaveiki hér á landi ‚við section', en auðvitað eru þeir nautsskrokkar tiltölulega fáir, sem eg hefi skorið upp og rannsakað; en að eg hefi þó aldrei séð hana, þykir mér bera vott um, að lítið muni að veikinni kveða hér nærlendis Reykjavík.

Á síðari árum er talið, að berklaveiti í mönnum muni hafa verið einna skæðust í Múlasýslum og þá einkum og sér í lagi í Fljótsdalshéraði. Voru menn þar hræddir um, að nautin ættu einhvern þátt í útbreiðslu og viðhaldi sýkinnar, og fyrir því var eg fenginn sumarið 1900 til þess að gjöra »túbercúlin«-rannsóknir á nautum þar eystra, í því skyni að komast fyrir það, hvort nokkur ástæða væri til þess að óttast nautin í þessu efni eða ekki. Eg valdi Upphéraðið til tilraunanna, því að þar hafði borið einna mest á veikinni í mönnum. Alls reyndi eg 239 nautgripi frá 55 bæjum og varð sú raunin á, að 6 af þeim dæmdust berklaveikir eða grunaðir um veikina. Enginn af gripum þessum var þó svo, að á þeim sæi veikina (klinist), en þar sem eg fekk ekki tækifæri til þess að kryfja neinn þeirra, get eg ekki sagt um, hve megn eða umfangsmikil sýkin hefir verið.

Þessir 6 grunsömu gripir voru frá 5 bæjum, og er það alleinkennilegt, að á 4 bæjunum hafði berklaveiki í mönnum gjört meira vart við sig en annarsstaðar yfirleitt, en á 5. bænum, sem ekki var talinn ‚berklabær', var gripurinn aðfenginn frá bæ, sem berklaveiki hafði gengið á. Það virðist því af þessu, að eitthvert samband hafi verið milli sýkinnar í mönnum og nautum, því að varla getur það hafa verið hending ein, að einmitt kýr á berklabæjunum ‚reagera'; og að því, er samband þetta snertir, er eg þeirrar skoðunar, að það séu nautin, sem sýkzt hafi af mönnum, en menn ekki af nautunum, en ástæða fyrir því er sú, að helmingur þessara gripa voru kálfar og kvíga, sem aldrei hafði mjólkað, og um kýrnar þrjár er það að segja, að engin þeirra hafði nein einkenni upp á berklaveiki í júgrinu. — Þegar svo tekið er tillit til þess, að mér vitanlega hafa nautgripir ekki verið fluttir inn til Austurlandsins í manna minnum, svo að um sýking frá erlendum nautum getur ekki verið að tala, og um útlent fóður, sem hugsanlegt væri, að sýkin hefði getað borizt í, er heldur ekki talsmál, enda kýrnar ekki fóðraðar að nokkrum mun nema á íslenzku heyi — þá sýnist mér sem svo, að alt bendi til þess, að berklaveikin sé ekki upprunaleg í nautunum, heldur hafi borizt í þau úr mönnum.

Rannsóknum þessum var svo haldið áfram árið eftir af stud. vetr. Karli Nikulássyni, og varð þá sú raun á, að af 134 nautgripum, sem hann rannsakaði á Úthéraði voru 6 grunsamir, en af 171 gripum úr Fjörðunum að eins 3.

Af nautgripum á Héraði þannig $3{,}_2{}^0/_0$ reagerað, en að eins $1{,}_7{}^0/_0$ í Fjörðunum, og er

það eigi all-lítill munur. Yfirleitt er berklaveiki í mönnum talin miklu sjaldgæfari í Fjörðum en á Héraði, og stafar það ef til vill af loftslaginu. Í Fjörðum er rakasamt mjög, en þurkasamt á Héraði, einkum Upp-héraðinu, og þar er allalgengt sandrok og mistur, þegar vestanátt er. Þannig var sumarið 1900 í ágúst marga daga svo dimmt af mistri, að naumast sá til fjalla, og fann eg glöggt, að slíkt andrúmsloft var mér til stórra óþæginda. Þykir mér líklegt, að þetta geti haft talsverða þýðingu, að því, er snertir lungnasjúkdóma og þá sérstaklega berklaveiki.

Hér á Suðurlandi hefi eg að eins rannsakað 36 nautgripi með »tuberculín« og var þar af einn grunsamur, en þó ekki nema að nafninu til. Alls hafa þá 580 nautgripir verið reyndir, og af þeim 16 grunaðir um berklaveiki eða $2,_{76}^{0}/_{0}$. En ef naut væru rannsökuð á öllu landinu, eru nokkur líkindi til að procenttalan mundi lækka að mun.

Ef svo færi, að berklaveiki í nautum yrði mjög algeng bér á landi, yrði það hið mesta þjóðarmein, og ber því nauðsyn til, að koma í veg fyrir, að svo fari. — Þess verður vel að gæta, að tæringarsjúkir menn hirði ekki kýrnar, og áríðandi er að loftgott og bjart sé í fjósunum, og svo hreinlega um þau gengið, sem auðið er. Til þess að uppræta þá berklaveiki í nautum, sem nú er, og kann að vera, þyrfti að rannsaka allan nautpening í landinu með túberkúlíni, og gjöra eigendunum að skyldu að lóga öllum þeim nautkindum, sem grunaðar kynnu að verða, og svo sótthreinsa eftir því, sem með þarf. — Meðan sýkin er ekki útbreiddari en eg hygg að hún sé nú, mundi förgunin ekki verða tilfinnanleg.

Magnús Einarsson.

VI.

Um heilsubótarhús handa brjóstveikum mönnum.

Englendingar hafa gengið á undan öðrum þjóðum í því að koma upp sérstökum sjúkrahúsum handa berklasjúkum mönnum. Árið 1814 var opnað fyrsta sjúkrahúsið af því tagi (handa brjóstveikum) í City Roud í London. Síðan hefir slíkum sjúkrahúsum smáfjölgað og er enn óðum að fjölga, og jafnframt hefir verið starfað að því af alefli, að fræða almenning um útbreiðslumáta veikinnar og nauðsynlegar varnir gegn henni á heimilunum. Árangurinn af öllum þessum ráðstöfunum hefir orðið mjög glæsilegur; mannslátum af berklaveiki hefir fækkað um helming á síðari hluta 19. aldarinnar; á árunum 1851—60 dóu úr berklaveiti 2679 af hverri miljón íbúa á hverju ári, en á árunum 1891—1895 ekki nema 1463 af miljón árlega. Öll berklaveikishúsin í Englandi eru, eins og önnur skjúkrahús þar í landi, reist og kostuð af samskotum, sem safnað er hjá einstökum mönnum og öllum almenningi (í kirkjum og á gatnamótum). Vanalega myndast félög, er hafa fyrir markmið að safna samskotum og gjöfum til þess, að koma upp sjúkrahúsum og halda þeim við líði.

Á Þýzkalandi var ekki fyrir alvöru farið að vinna að því, að koma upp sjúkrahúsum handa brjóstveikum fyrr en eftir 1890, en síðan hefir líka verið starfað af alefli, svo að 1901 voru þessi sjúkrahús orðin 46 að tölu, og rúmuðu samtals c. 4000 sjúklinga. Flest eru þessi sjúkrahús reist fyrir samskotafé, en mörg af þeim njóta styrks af opinberu fé.

Í Svíþjóð eru komin á fót 3 sjúkrahús handa brjóstveikum, og rúmar hvert þairra 100 sjúklinga. Árið 1897 færði þjóðin konungi sínum að gjöf 2,200,000 á 25 ára ríkisafmæli hans, en konungur ákvað að verja skyldi þessu fé til þess að koma upp heilsubótarhúsum handa brjóstveikum. Ári síðar veitti þingið 850,000 kr. í viðbót, og fyrir þetta fé hafa nefndar 3 stofnanir verið settar á gang. Sjúklingunum er ætlað að borga með sér 50 aur. — 3 kr. á dag, og er það auðvitað miklu minna en vera þeirra kostar.

Í Noregi var 1895 skipuð nefnd manna til að gera tillögur um ráðstafanir gegn berklaveiki. Árangurinn varð sá, að gamla holdsveikraspítalanum í Maldi var breytt og hann bættur og gerður að berklaveikisspítala. Sjúklingarnir borga 1 kr. 20 aur. á dag. Allan kostnað þar fram yfir ber ríkissjóður.

Í Danmörku var fyrsta heilsubótarhús handa brjóstveikum mönnum opnað árið 1900. Þetta sjúkrahús — Vejlefjörd Sanatorium — er til orðið fyrir forgöngu danskra lækna og hefir kostað nær því 800,000 kr., þar af veitti ríkisdagurinn 100,000 kr. Húsið rúmar rúma 90 sjúklinga. Sjúklingarnir borga 6—8 kr. á dag; svo há verður borgunin að vera til þess að stofnunin beri sig, af því að hún hefir engan styrk af opinberu fé. Síðar hefir bærinn Kaupmannahöfn reist brjóstveikraspítala handa bæjarbúum (Boserup Sanatorium) og rúmar hann c. 100 sjúklinga.

Í öllum þeim löndum, sem nefnd hafa verið, eru líka til sérstök sjúkrahús handa kirtlaveikum (berklaveikum) börnum.

Um kostnaðinn við brjótkveikraspítala er það að segja, að hann er mjög misjafn. Byggingarkostnaðurinn nemur 2,000—8,000 kr. fyrir hverja sjúkrasæng; víðast nemur hann 5000 kr. eða þar yfir. Ársútgjöldin verða einnig mjög mfsjöfn, 1 kr. 50 til 3 kr. og 50 au. á dag, eða þar yfir, fyrir hvern sjúkling.

Hér á landi er að vísu ekki til neitt sérstakt sjúkrahús handa bjóstveikum, en 1902 reistu St. Jósefs systur sjúkrahús í Reykjavík, og eru í því húsi 2 stofur, hvor handa 4 sjúklingum, sem ætlaðar eru brjóstveikum; eru loftskálar (Balkon) út af þessum stofum og allur útbúnaður líkur því, sem tíðkast í brjóstveikraspítölum. Sjúkrahúsið stendur á bezta stað, utanvert við bæinn, og vita sjúkrastofurnar og loftskálarnir móti suðri. Brjóstveikir sjúklingar borga 2 kr. á dag. Ef nú litið er á fólksfjölda, verður naumast sagt, að Ísland að þessu leyti standi langt á baki öðrum löndum.

	Tala íbúa	Brjóstveikraspítalar rúma	Tala íbúa fyrir hverja sæng
Svíþjóð	5.000.000	300	c. 16.600
Þýskaland	56.000.000	4000	14.000
Danmörk	2.500.000	200	12.500
Ísland	80.000	8	10.000

G. Björnsson.

Nd.

369. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894.

Frá samgöngumálanefndinni.

Háttv. efri deild hefir breytt frumvarpinu í 2 atriðum. Hún hefir fært hámark vegagjaldsins niður um 75 aura og áskilið samþykki amtsráða til að sýslunefndir megi hækka sýsluvegagjald og samþykki sýslunefnda til þess, að hreppsnefndir megi hækka hreppavegagjaldið.

Nefndin viðurkennir, að það sé álitamál, hvort hámark gjaldsins eigi að vera 3 kr. eða 2 kr. 25 a. og leggur því enga áherzlu á það atriði, en um hitt er nefndinni sárara, að háttv. efri deild skyldi eigi trúa sýslunefndum og hreppsnefndum til að nota heimild þá, er frumvarpið veitir, eftirlitalaust.

Nefndin er á því, að hin lægri sveitarstjórnarvöld eigi að hafa sem sjálfstæðast vald um sín eigin mál, en viðurkennir jafnframt, að brýna nauðsyn

beri til að vegagjaldið verði hækkað, og vill því eftir atvikum ekki ráða háttv. deild til að etja kappi við háttv. efri deild, sem búast má við að haldi aftur af neðri deild í slíkum efnum.

Alþingi 5. ágúst 1903.

H. Hafstein, form. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsm. Guðl. Guðmundsson. Magnús Andrésson. Olafur Thorlacius. Jón Magnússon. Einar Þórðarson.

Ed. **370. Frumvarp**

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

1. gr. Það skal eftirleiðis vera skylda að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er fiskiveiðar stunda á þilskipum hér við land, á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, er til fiskiveiða ganga, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar og skal hann svo fljótt sem unt er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr. Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 15 aurum fyrir hverja viku vetrarvertíðar, sem hann er á skipinu, og 10 aura fyrir hverja viku vorvertíðar og sumarvertíðar, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína, gegn endurgjaldi af hlut þeirra eða kaupi, en auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins helming á móts við gjald skipverjanna allra.

4. gr. Gjaldi því, sem kemur inn samkvæmt 3. gr., skulu skráningarstjórar skila í vátryggingarsjóð, sem stjórnað skal undir yfirumsjón landsstjórnarinnar af nefnd, er skipuð skal 3 mönnum. Kýs fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins tvo nefndarmanna, en fjölmennasta hásetafélag einn þeirra; landsstjórnin skal staðfesta kosningu mannanna. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, og fyrirskipar þá nýja kosningu sem fyrst. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja 200—400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr. Nú drukknar sjómaður eða deyr af slysförum á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir, samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina, er á hans vegum voru eða höfðu framfæri sitt hjá honum, 100 kr. á ári næstu 4 ár. Gjaldi þessu má ekki verja til lúkningar skulda.

Séu engir slíkir vandamenn til, greiðist árgjaldið þeim, sem maðurinn hefir ákveðið fyrir skráningarstjóra eða í lögmætri erfðaskrá, en hafi hann enga ákvörðun gjört í þessu tilliti, eignast vátryggingarsjóður upphæðina

6. gr. Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrökkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, ef hagur sjóðsins batnar.

7. gr. Þá er nefnd sú, er 4. gr. ræðir um, er kosin, ákveður landsstjórnin með reglugjörð, er samin skal að fengnum tillögum nefndarinnar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **371. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1904 og 1905 frá Birni Bjarnarson, Guðl. Guðmundssyni, H. Hafstein, Lárusi H. Bjarnason, Hannesi Þorsteinssyni og Ólafi Ólafssyni.

Við 14. gr. A 1 a. Í stað »1700 kr.« komi: 1900 kr.

Ed. **372. Nefndarálit**

í málinu: frumv. til laga um breyting á lögum nr. 4. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nefndin hefir íhugað þetta frumvarp, sem komið er frá hinni háttv. Nd., og álítur ekkert athugavert við það að samþykkja 1. og 2. gr. þess.

Í 3. gr. er ákvæði, sem leysir utanþjóðkirkjumenn frá allri gjaldskyldu til presta og kirkna þjóðkirkjunnar, þegar þeir hafa prest eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra. Þingið hefir áður ekki viljað fara svo langt, heldur hafa utanþjóðkirkjumenn verið skyldaðir til að greiða fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnar og kirkjugjald af húsum. Þingið 1885 vildi ekki leysa þá frá þessum gjöldum, og mun það einkum hafa verið af þeirri ástæðu, að þingið áleit, að þessi gjöld (einkum fasteignartíundin) hvíldu á eign, en væru ekki persónuleg gjöld. Þar að auki hlýtur að koma að því, ef utanþjóðkirkjumenn eru leystir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar, og ef þeim fjölgar að nokkrum mun, að hið opinbera verður að taka að sér að bæta þjóðkirkjunni upp það, sem hún missir í við þessa undanþágu, sem utanþjóðkirkjumönnum er veitt. Ef prestaköllin rýrnuðu mjög við þetta, og yrðu óútgengilegri, þá hlyti landssjóður að bæta upp launin eða breyta fyrirkomulaginu á annan hátt. Hvað kirkjurnar snertir, þá hvílir víðast hvar skyldan til að halda þeim sómasamlega við á einstökum mönnum eða söfnuðum, móti því að fá lögákveðin gjöld til kirkjunnar. Ef þessi réttindi yrðu skert að mun, þá mundu þeir, sem skyldan til að halda kirkjunum við hvílir á, krefjast uppbótar úr landssjóði fyrir rýrnunina á tekjunum, og yrði naumast hjá því komizt að fullnægja þeirri kröfu að meira eða minna leyti.

Nefndin getur því ekki ráðið til þess, að þetta ákvæði 3. greinar verði látið standa óbreytt, því að ekkert er ákveðið um það, hvernig bæta eigi upp þann tekjumissi, sem prestar og kirkjur þjóðkirkjunnar geta orðið fyrir, ef utanþjóðkirkjufélögum fjölgar að nokkrum mun.

Að því leyti, sem með frv. þessu hefir verið hafður fyrir augum einn sérstakur söfnuður, utanþjóðkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík, og Nd. mun hafa samþykt það með

sérstakri hliðsjón til hans, þá er þess að gæta, að kirkja sú, sem þar á hlut að máli er landssjóðseign. Söfnuður þessi hefir ráðizt í það, að byggja sér kirkju með miklum kostnaði, og þegar af þeirri ástæðu mælir nokkur sanngirni með því, að meðlimir safnaðarins verði ekki skyldaðar til að greiða gjöld til annarar kirkju, sem þeir ekki ætla sér að nota og ekki þurfa að nota. Hér er líka svo ástatt, að kirkjan, sem missir af tekjum sínum, ef utanþjóðkirkjumenn eru leystir undan því, að gjalda til hennar, er, sem áður er sagt, eign hins opinbera, og kemur þá tekjumissirinn þar niður, þar sem ekki er um neina endurborgun fyrir tekjumissi að ræða. Þá má einnig taka það fram, að íbúa tala Reykjavíkur hefir vaxið svo síðustu árin, að landssjóður, sem skyldan hvílir á, að sjá söfnuðinum fyrir hæfilega stórri kirkju, hefði að líkindum ekki getað komizt hjá að stækka kirkjuna, ef ekki hefði myndast hér nýr söfnuður, og bygt sér kirkju út at fyrir sig.

Af þessum ástæðum, hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að réttast sé að breyta 3. gr. þannig, að undanþágan frá gjaldskyldunni til kirknanna nái að eins til þeirra safnaða, þar sem kirkjan er eign landssjóðs, og enn fremur að undanþágan sé því skilyrði bundin, að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn hafi sómasamlega kirkju, því að annars virðist ekki vera ástæða til að leysa utanþjóðkirkjumenn frá gjaldskyldunni.

Þá vill nefndin einnig bæta við frv. ákvæði um það, að prestar þeir, sem eru í embætti, þegar lög þessi öðlast gildi fái tekjumissi sinn endurgoldinn af landssjóði.

Nefndin ræður því h. efri deild til að samþykkja frumvarp þetta með þessum breytingum:

1. Við 3. gr. Orðin: »og kirkna« falli burt.
2. — - — Í staðinn fyrir orðin: »svo og við kirkjugjald af húsum« komi: svo og fasteignartíund og kirkjugjald af húsum til þeirra kirkna, sem eru landssjóðseign, þegar utanþjóðkirkjusöfnuðurinn hefir komið sér upp kirkju, sem að áliti kirkjustjórnarinnar telst sómasamlegt guðshús.
3. Aftan við frv. bætist ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Þeir prestar, sem fengið hafa embættaveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn af landssjóði, er leiðir af ákvæði 3. greinar.

Alþingi 3. ágúst 1903.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Jensson, skrifari og framsögumaður. Guttormur Vigfússon.

Nd. **373. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda.

Frá samgöngumálanefndinni.

Háttv. efri deild hefir gjört 3 orðabreytingar á frumvarpinu og með því að þær eru allar heldur til bóta, ráðum vér háttv. neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

H. Hafstein, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsm. Ólafur Thorlacius. Einar Þórðarson. Magnús Andrésson. Guðl. Guðmundsson. Jón Magnússon.

Ed. **374. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands (þingskj. 223). **Frá Hallgrími Sveinssyni.**

Við 2. gr. Fyrir »8000 kr.« komi 9000 kr.

Nd. **375. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frv. til laga um friðun fugla (nefndarálit þsk. 286). **Frá nefndinni.**

Við 3. gr. staflið a. Í stað 1. sept. komi 15. sept.

Ed. **376. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um fólksinnflutning til Íslands (þgsk. 262). **Frá J. Jónassen, G. Vigfússyni og Hallgrími Sveinssyni.**

Við 1. gr. bætist: »og aðrar 5000 kr. til þess að hjálpa þeim vinnufærum Íslendingum í Vesturheimi, sem óska að flytja hingað heim aftur«.

Nd. **377. Frumvarp**

til laga um friðun fugla. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: **Maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbrystingar.**

2. gr. Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: **Ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.**

3. gr. Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hér segir:

a) rjúpur, frá 1. marz til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu héraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hér hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda eða fýlaveiði.

4. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 40 kr.

5. gr. Egg alfriðaðra fugla samkvæmt 1. gr. má ekki taka né skemma, að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvert hreiður þessara fugla, sem rænt er eða spilt, og tvöfaldast sektin við ítrekun alt að 50 kr.

6. gr. Ráðherrann getur veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum undanþágu frá ákvæðum þessara laga.

7. gr. Mál þau, sem rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

8. gr. Hér með eru úr gildi feld lög 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra.

Nd. **378. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Á hvalveiði og á síldarveiði með nót, svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanns má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu.

2. gr. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þó rekin séu skemur en 4 mánuði af gjaldárinu.

Nd. **379. Frumvarp**

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að makaskifta þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Ráðherra Íslands veitist heimild til að hafa makaskifti á þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **380. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lagaskóla á Íslandi.

Mentamálanefndin, sem fekk frumvarp þetta til athugunar, er á einu máli um það, að stofnun lagaskóla hér á landi sé nauðsynleg og sjálfsögð, ekki sízt nú, þegar

vald þingsins og sjálfsforræði vort yfirleitt er aukið að miklum mun. Hingað til hafa lögfræðingar vorir farið á mis við nálega alla fræðslu við háskólann í ísl. lögum, en orðið að eyða miklum tíma til þess að nema það, sem þeim var síðar nauðsynlegt. Fátt er til af íslenzkum lögfræðisritum, sem nokkuð kveður að, því lög vor hafa lítið verið rannsökuð og þar af leiðandi lítið um þau ritað vísindalega; einkum vantar oss tilfinnanlega nauðsynlegar handbækur í ísl. lögum og rétti. Úr öllu þessu á lagaskólinn að bæta.

En þótt nefndin viðurkenni fyllilega nauðsyn lagaskóla hér á landi, getur hún ekki lagt til, að hann verði látinn taka til starfa á næsta fjárhagstímabili, einkum fyrir þá sök að svo afarmargt annað kallar að, sem ekki má dragast en hefir mikinn kostnað í för með sér. Engu að síður álítur nefndin rétt að þingið taki málið til meðferðar og samþykki lög um stofnun lagaskóla. En ekki getur nefndin ráðið hinni hv. deild til þess að samþykkja frumvarp það, sem fyrir liggur, óbreytt. Til þess að stofnun skólans hafi sem allra minsta embættafjölgun í för með sér, leggur hún til að fastur kennari sé aðeins einn, en ætlast til, að yfirdómendurnir annist kensluna að öðru leyti; gengur hún út frá því, að þau embætti séu að öllum jafnaði skipuð færustu lögfræðingum landsins, en álítur á hinn bóginn, að dómarastörf þeirra séu ekki svo umfangsmikil, að þeir geti ekki varið nokkrum tíma til kenslu og ritstarfa. Þykir sanngjarnt að hækka laun þeirra að nokkrum mun fyrir þessa starfsaukning, en þessi hækkun nemur þó ekki nánda nærri heilum kennaralaunum.

Önnur aðalbreytingartillaga nefndarinnar gengur í þá átt, að gera próf frá skólanum að skilyrði fyrir því, að menn geti fengið lögfræðisembætti hér á landi. Sé því slept, má búast við því að fáir eða alls engir stúdentar sæki skólann.

Hinar aðrar breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar séu á frumvarpinu, eru smávægilegar, og mun gerð nánari grein fyrir þeim í framsögunni.

1. brtill. 1. gr. orðist þannig:

Í Reykjavík skal stofnaður lagaskóli.

2. brtill. 2. gr. orðist þannig:

Við skóla þennan skal vera einn fastur kennari, skipaður af konungi, og hefir hann 4000 kr. árlega að launum. Er hann jafnframt forstöðumaður skólans. Dómarar landsyfirréttarins skulu hafa kenslu á hendi við skólann og hafa hver um sig 500 kr. árlega þóknun fyrir þann starfa, til viðbótar við laun sín. Fyrst um sinn, þangað til yfirdómaraembættin losna, má verja alt að 2,500 kr. til aukakenslu.

3. brtill. Í stað orðanna í 3. gr.: »Ráðgjafinn fyrir Ísland« komi: Ráðherrann.

4. brtill. Í stað 4. gr. komi:

Þeir einir, sem leysa af hendi burtfararpróf við skólann eða lögfræðiskandidatar frá Kaupmannahafnarháskóla, er tekið hafa aukapróf við skólann eftir eins árs nám, eiga aðgang að þeim embættum hér á landi, sem lögfræðingar skipa.

5. brtill. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr.:

Öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði.

Skólinn tekur til starfa þegar fé er veitt til hans á fjárlögum.

Alþingi, 6. ágúst 1903.

H Hafstein formaður, með fyrirvara. Stefán Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Björn Bjarnarson. Hermann Jónasson. Þórh. Bjarnarson

Ed. **381. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í landbúnaðarmálefnum. (Eins og það var samþ. við síðari umr. í Nd.)

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga til að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins, og semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga, er lagt verði fyrir alþingi 1905.

2. Alþingi skorar á landsstjórnina, að leggja fyrir embættismenn og sveitarstjórnarvöld landsins, að láta nefndinni í té allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er unt og nefndin kynni að óska eftir.

Nd. **382. Frumvarp**

til laga um lyfjasölu héraðslækna. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Í þeim læknishéruðum, þar sem ekki er löggilt lyfjabúð, hefir héraðslæknirinn einkarétt til þess að láta af hendi fyrir borgun læknislyf þau, sem lyfsalar hafa einkarétt til að selja eftir gildandi lögum, en gæta verður hann þess, er fyrir er mælt í 18. gr. í erindisbréfi héraðslækna 25. febr. 1824.

Þó skal öðrum læknum, sem rétt hafa til lækninga, heimilt að láta af hendi fyrir borgun meðöl þau, er þeir sjálfir ráðleggja sjúklingum, ef þeir hafa fengið lyf þessi hjá héraðslækninum eða einhverjum lyfsala innanlands.

2. gr. Nú er lyfjabúð löggilt í læknishéraði, þar sem hún ekki hefir verið áður, og á héraðslæknir þá ekki rétt til skaðabóta fyrir missi réttinda, sem um ræðir í 1. gr.

3. gr. Hver, sem gjörir sig sekan í ólöglegri meðalasölu, skal sæta sektum frá 50—500 kr., sem fellur til landssjóðs, og skal meðalaforði hans auk þess upptækur. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Nd. **383. Frumvarp**

til **laga um viðauka** við lög um stofnun landsbanka 18. sept. 1885. Flutningsmenn: **Tryggvi Gunnarsson, Lárus H. Bjarnason, Hannes Hafstein, Hannes Þorsteinsson.**

1. gr. Verði eigi af því að stofnaður verði hlutafélagsbanki á Íslandi samkvæmt lögum nr. 11 frá 7. júní 1902, skal landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna sérstaka deild, er gefa má út alt að 1 miljón króna í seðlum, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafizt er, gegn því að deildin

1) **hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en helmingi af þeirri seðlaupphæð, sem í hvert skifti er úti;**
2) **hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum.**

2. gr. Til málmforðans má teljast:

a) lögleg gjaldgeng mynt eftir því verði, sem myntin til segir;
b) ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;
c) kröfur, er gjaldast þegar heimtað er, hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregs banka og Englands banka (eða Skotlands), gegn því, að kröfur þær, er nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn deildinni séu dregnar frá verði málmforðans;
d) seðlar gefnir út af þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
Noregsbanka,
Ríkisbanka Svía,
Englandsbanka,
Skotlandsbanka,
Frakklandsbanka,
og hinum þýzka ríkisbanka.

Þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir tölulið c. d., mega ekki fara fram úr $^1/_4$ alls málmforðans.

Sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í deildinni í löglegri gjaldgengri mynt, skal jafnan nema minst $^1/_4$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er, og skal helmingur þess vera gullmynt Norðurlanda.

3. gr. Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, teljast einkum:
Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði.
Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar er heimtað er.
Opinber verðbréf eftir gangverði.

4. gr. Seðlar þeir, sem deildin gefur út samkvæmt lögum þessum, skulu vera gjaldgengir manna meðal og löglegur gjaldeyrir eftir ákvæðisverði í öll opinber gjöld, svo sem reiðugull væri.

5. gr. Upphæð seðlanna skal vera 5, 10 og 100 krónur. Lögun og útlit þeirra ákveður landsstjórnin eftir tillögum bankastjórnarinnar. Kostnað við útgáfu seðlanna greiðir landsbankinn.

6. gr. Sá, sem eftirmyndar þessa íslenzku seðla eða falsar þá, skal sæta sömu hegningu, sem ákveðið er í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 266. gr., fyrir eftirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður, þegar búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þótt ekki sé búið að láta þann seðil úti.

Deildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar deildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors.

Landsbankinn greiðir kostnað við að koma deildinni á fót, svo og launahækkun gæzlustjóranna.

8. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13., 14., 18.—24. og 26—29 og 30. gr. 1. lið um hlunnindi fyr-

ir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um deildina, stjórn hennar og reikningsskil.

9. gr. Reglugjörð deildarinnar skal staðfest af ráðherra Íslands og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **384. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun. Flutningsmaður Björn Kristjánsson.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »fær ávalt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eftirlaun« komi: fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu.

Nd. **385. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Frumv. þetta er sniðið eftir 10.—18. gr. í lagafrumvarpi um stjórn bæjarmálefna í Þórshöfn á Færeyjum, sem lagt var fyrir ríkisþingið danska síðast liðinn vetur og eru breytingar þær á fyrirkomulaginu við kosningu til bæjarstjórna, sem það hefir inni að halda, eru aðallega í því fólgnar, að kosningarnar verða leynilegar og jafnframt hlutfallskosningar. Það þarf nú eigi að leiða rök að nauðsyninni á því, að kosningar séu leynilegar, þar sem sú aðferð er tekin upp í alþingiskosningalagafrv. því, sem þingið hefir til meðferðar og vissa er fyrir, að verður að lögum innan skams, og hitt eins alkunnugt, að engu minna kapp er oft og tíðum lagt á bæjarstjórnarkosningar en alþingiskosningar. En engu minni áherzlu verðum vér að leggja á hitt, að meiri hluti kjósenda, hve lítill sem atkvæðamunur kann að vera, geti eigi alveg útilokað minna hlutann eða minni hlutana frá allri hluttöku í stjórn bæjarmálefnanna eins og nú á sér stað. Í kaupstöðunum skiftast menn eðlilega í flokka eftir atvinnuvegum og öðru, en með því fyrirkomulagi, sem nú er, getur vel svo farið, að öll bæjarstjórnin sé skipuð mönnum úr fjölmennasta flokknum svo að hinir flokkarnir eigi þar engan talsmann, þótt allfjölmennir séu og eðlilegast, sanngjarnast og heppilegast fyrir kaupstaðina sjálfa sé, að hinar mismunandi skoðanir á þeim, er nokkuð verulega kveður að, eigi talsmenn í bæjarstjórninni. Vér aðhyllumst því algjörlega stefnu frumvarpsins og skoðum það mestu réttarbót, ef það verður að lögum. Teljum vér ákvæði þess fulltryggjandi fyrir því, að kosningarnar verði leynilegar í raun og veru og aðferðina, til þess að skifta fulltrúunum hæfilega milli hinna einstöku flokka eða stétta, einkar réttláta og sanngjarna, og auk þess eftir atvikum kostnaðarlitla og óbrotna. Eigi þannig t. a. m. að kjósa 4 fulltrúa og alls greiði 200 kjósendur á listum atkvæði þannig, að A-listanum séu greidd 70, B-listanum 56, C-listanum 54 og D-listanum 20 atkvæði, finnur maður með einföldum þríliðudæmum, að A-listanum, B-listanum og C-listanum geta hæst hlotnast 2 fulltrúar hverjum, en D-listanum 1. Deili maður þá atkvæðatölu 3 fyrstu listanna fyrst með einum og svo með tveimur, en atkvæðatölu D-listans með einum, þá verða útkomurnar þessar:

A-listinn: 1) 70=70
2) 70=35

B-listinn: 1) 56=56
2) 56=28

C-listinn: 1) 54=54
2) 45=27

D-listinn: 1) 20=20

Er þá bert, að fyrst er kosinn 1. maðurinn á A-listanum, þá 1. maðurinn á B-listanum, þá 1. maðurinn á C-listanum og loks 2. maðurinn á A-listanum, því útkoma hans er hæst af útkomum þeirra, sem ekki eru þegar kosnir. Í þessu dæmi hefði D-listanum eigi hlotnast neinn fulltrúi nema kjósa hefði átt 7 fulltrúa.

Málinu á frumvarpinu hefir oss hins vegar þótt ábótavant og sum ákvæðin eigi nægilega skýrt orðuð. Til þess að ráða bót á þessu, leyfum vér oss að koma fram með nokkrar breytingartillögur við frv., sem prentaðar eru á sérstöku blaði, og gjörð verður grein fyrir í framsögunni. Ráðum vér háttv. deild til að samþykkja þær og frv. síðan með áorðnum breytingum.

Alþingi 6. ágúst 1903.

Þórh. Bjarnarson, form.
Jóh. Jóhannesson, skrifari.

H. Hafstein, framsögum.

Nd. **386. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum. Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: »á þann hátt og segir« komi: á þann hátt, er segir ...
2. — 2. — Í stað orðanna: »þar sem stungið er upp á vissum fulltrúum« komi: sem á eru skráð nöfn þeirra manna, er stungið er upp á til fulltrúa.
3. — - — Í stað orðanna »á þriðja degi á undan kosningu« komi: tveim sólarhringum á undan kosningu.
4. — - — Á eftir orðunum: »eigi færri en 5« komi: og ekki fleiri en 15.
5. — - — Í stað orðanna: »jafnframt skal afhent — og stöðu« komi: skulu þeir greina við nöfn sín stöðu sína og bústað.
6. — - — Í stað orðanna: »sá meðmælandi — afrit af honum« komi: Komi meðmælandi sá, sem afhendir listann, með eftirrit af honum, á hann heimtingu á að fá á það ritað vottorð oddvita um.
7. — - — Í stað orðanna: »Frambjóðandalistinn — — færri nöfn en kjósa á« komi: Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn, en kjósa á fulltrúa.

8. — - — Í stað. »frambjóðanda komi: manns, er upp á er stungið.
9. — - — Í stað: »hver hann sé« komi: hver hann er.
10. — - — Í stað orðanna: »Kjörstjórnin hefir ekkert að athuga við« komi: Kjörstjórn tekur gilda.
11. — - — Í stað orðanna: »á undan nafninu — listanum« komi: í þeirri röð, er þau standa á listanum.
12. — 3. — Í stað orðanna: »þar til svarandi» komi: hæfilegum.
13. — - — Í stað orðanna: »kosninguna, því að hún fer fram« komi: kosninguna, fer hún fram
14. — - — Í stað orðanna: »listi A«, »listi B», »listi C« komi: A-listinn, B-listinn, C-listinn.
15. — - — Í stað: »línum og listarnir eru« komi: línum, sem listarnir eru.
16. — - — Í stað: »og skal hver — lágrétt« komi: og skal hvert lista-merki standa í línu fyrir sig og lágrétt.
17. — - — Í stað, »fyrir glugga, er vera kynni« komi: gluggum, er vera kynnu.
18. — 4. — Í stað: »Á kjörstaðnum — uppfest þar« komi: Frá því, er kosningargjörðin hefst, skulu listar með nöfnum fulltrúaefna uppfestir á kjörstaðnum, þar sem mikið ber á. Þeir skulu vera prentaðir eða skrifaðir greinilega, og táknaðir með bókstöfum sínum. Þar skal og vera uppfest.
19. — 5. — Orðin: »og lætur hann inn í kjörherbergið« falli burt. Orðið: »og« bætist inn á undan »lokar«.
20. — - — Í stað: »Í kosningastofu — frambjóðendur« komi: án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningastofunni með henni aðrir en fulltrúaefnin.
21. — - — Í stað: »og má þar enginn vera inni« komi: og má þar enginn annar vera inni.
22. — - — Í stað: »við þann bókstafinn« komi: við bókstafinn.
23. Við 5. gr.: Á eftir orðunum: »er hann vill kjósa« komi: eftir.
24. — - — Í stað »listann« komi: kjörseðilinn.
25. — - — Í stað: »leggur oddviti svo« komi: leggur oddviti það svo.
26. — - — Á eftir orðunum: »Annar úr kjörstjórninni gerir merki« komi: á kjörskránni.
27. — - — Í stað: »nafn hans niður á skrá« komi: nafn hans á sérstaka skrá.
28. — - — Aftan við orðin: »nýjan kjörseðil og umslag«, bætist: og skili hann þá því, er ónýttist, aftur um leið.
29. — - — Í stað orðanna: »og skal þá einn úr kjörstjórninni« komi: og skal þá sá úr kjörstjórninni, er hann til þess kýs.
30. Við 6. gr.: Í stað: »einhverjum frambjóðanda« komi: einhverju fulltrúaefni.
31. — - — Í stað orðanna: »samkv. 5. gr. — — móttaka« komi: Samkvæmt 5. grein er staddur í kosningastofunni.
32. — - — Í stað orðanna: »Heldur ekki má« o. s. frv. til enda greinarinnar komi: Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kosningastofunni kann að hafa orðið áskynja um, hvort eða hvernig einhver kjósandi hefir kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 krónum.
33. — 7. — Fyrsti málsliður: »Upplestur — alla á einn stað« orðist þannig: Upplestur atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar að kosningarathöfn lokinni, þannig: Oddviti kjörstjórnarinnar opnar kassann, tekur kjörseðlana, einn í einu, út úr umslaginu, les þá upp hátt og greinilega, og leggur þá síðan frá sér, alla á einn stað.

34. — - — Í stað: »atkvæðaherberginu« komi: kjörherberginu.
35. — - — Í stað orðanna: »að það sé af ásettu ráði« komi: að með því sé af ásettu ráði.
36. — - — Í stað: »bera þeir sig saman« komi: bera kjörstjórar sig saman.
37. — - — Í stað orðanna: »skrá sú — — — sýnir« komi: skrá sú sýnir, er haldin var samkvæmt 5. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarréttar síns.
38. — 8. — Í stað: »frambjóðendalisti« á tveim stöðum í greininni komi: listi.
39. — - — Í stað: »með 1., 2. 3. o. s. frv. — þeim hlotnast« komi: fyrst með 1, svo með 2, svo með 3 o. s. frv. unz atkvæðatölu hvers lista er deilt með svo hárri tölu, sem honum geta fremst hlotnazt fulltrúar hlutfallslega við tölu allra greiddra atkvæða og tölu fulltrúaefna.
40. Við 8. gr.: Í stað orðanna: »stærsta talan, er þannig kemur út« komi: Hæzta útkomutalan.
41. — - — Í stað orðanna: »hann hefir öðlazt« komi: hana hefir öðlazt.
42. — - — Á eftir orðunum: »og skal þá stryka það út« bætist við: og taka næsta nafn fyrir neðan.

Ed. **387. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga. Frá Valtý Guðmundssyni og Þorgr. Þórðarsyni.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrir »með með« komi: með.
2. Við 1. gr. Þessi grein falli burt og greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 4. gr. Fyrir: »eða af því, að fyrirmælum 1. gr. er eigi fullnægt« komi: eða af því að skipið hafi eigi svo trausta eða næga báta sem þörf krefur.

Ed. **388. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum.

(Eins og hún var samþ. við fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að gjöra sem fyrst ráðstafanir til að safna öllum nauðsynlegum skýrslum, er snerta hag kirkjunnar, og skipa 5 manna nefnd milli þinga til að taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og að koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Hagkvæma skipun kirkjumálanna, er veiti þjóðkirkjunni slíkt sjálfstæði og sjálfstjórn í sínum eigin málum, sem hún eftir eðli sínu og 45. gr. stjórnarskrárinnar á heimtingu á og þarfnast til að geta fullnægt ákvörðun sinni.
2. Hvort eða að hve miklu leyti það verði að álítast nauðsynlegt, að kirkja og ríkisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefir verið.
3. Hagfelda skipun prestakalla í landinu:
4. Nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta og prófasta, bæði að því, er snertir launin sjálf og innheimtu þeirra.

Ed.

389. Frumvarp.

til laga um túngirðingar. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Á tímabilinu 1905—1909, að báðum meðtöldum, má á ári hverju verja 100,000 kr. úr landssjóði, til að kaupa fyrir galvaníseraðan gaddavír og járnteina í túngirðingar.

2. gr. Hver eigandi eða ábúandi jarðar, sem vill algirða tún sitt, getur fengið til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og ver landsstjórnin því til að kaupa girðingarefni það, sem nefnt er í 1. gr. og til flutningskostnaðar á því til hafna þeirra, sem óskað er, og strandferðaskipin koma á.

Sýslunefndir annast um, að menn séu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku, og gjöra aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og skulu sýslusjóðir kosta uppskipun, geymslu og afhendingu efnisins.

3. gr. Á öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skal girðingarefni þetta kostað að öllu leyti af landssjóði, og hafi leiguliði á slíkri jörð komið upp á sinn kostnað girðingu um túnið úr tré eða járni, getur hann fært hana úr stað til annara nota á jörðunni og fengið í staðinn efni í nýja girðingu um túnið.

Á jörðum einstakra manna og stofnana leggur landssjóður fram $^3/_4$ af verði girðingarefnisins; þó leggur hann það alt fram, þar sem hlaðinn er svo hár garður undir, að eigi þarf fleiri en 3 strengi ofan á hann til þess að hann sé fullkomin vörn fyrir öllum búpeningi.

4. gr. Af kostnaði þeim, er landssjóður leggur fram til girðinganna, greiðast árlega í 41 ár 5 krónur af hundraði hverju í 4% vexti og afborgun; gjaldið innheimtist hjá ábúendum á manntalsþingum eftir sömu reglum sem önnur manntalsþingsgjöld og reiknast frá þeim tíma, er efnið kom á þá höfn, sem um var beðið, en sé það ófáanlegt frá ábúanda á einstaks manns eign, skal jarðareigandi greiða gjaldið.

5. gr. Sýslunefndir annast um, að hæfir menn skoði öll girðingarstæði um tún hverrar sýslu og mæli lengd þeirra; skulu þeir jafnframt gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eiga að liggja og annað, sem að þeim lýtur. Skoðunargerð þessari skal lokið fyrir 1. nóvember 1904, og skulu skoðunarmenn gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæða á öllum jörðum í hverri sýslu og annað það, er að skoðunargerðinni lýtur. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti 2 samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni, en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allur kostnaður við skoðanir þessar og mælingar greiðist úr sýslusjóði.

6. gr. Nú óskar eigandi eða ábúandi og skoðunarmaður álítur það hagkvæmt, að innan girðingar verði meira land en túnið, þá má lengja girðinguna, ef túnið fær jafnsnemma sömu vörn og annars, og eigandi eða ábúandi kostar að öllu leyti það af girðingunni, sem fer fram yfir þá lengd, er þarf til varnar sjálfu túninu.

7. gr. Þegar einhver eigandi eða ábúandi jarðar vill girða tún sitt og fá til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, getur hann, eftir að skoðun þeirri er lokið, sem ræðir um í 5. gr., snúið sér til oddvita sýslunefndarinnar og æskt þess, að hann útvegi hjá landsstjórninni efni í hina ákveðnu girðingu, og ef jörðin er eigi landssjóðs eða kirkjueign, skal hann um leið afhenda $^1/_4$ hluta af hinu áætlaða verði, er sendist landsstjórninni, nema garður sé hlaðinn undir samkvæmt niðurlagi 3. gr.

Nægi eigi fé það, sem ætlað er á hverju ári til túngirðinganna, til að fullnægja öllum, er um það hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, koma fyrstir til greina næsta ár.

8. gr. Landsstjórnin gefur út áætlun fyrir hvert ár um verð á hverjum faðmi í vírgirðingu að meðtöldum flutningskostnaði, þar sem strengir eru 5 af 4-yddum vír og 1 teinn 65 þumlunga langur fylgir hverjum 8 álnum, og skal sú áætlun gilda, sem fast ákveðið verð það ár, að því, er snertir framlag eigenda eða ábúenda þeirra, sem borga eiga nokkurn hluta girðingarefnisins.

9. gr. Sýslunefndir velja einn eða fleiri hæfa og valinkunna menn til þess, að skoða og meta hinar fullgjörðu girðingar. En fullgjörð girðing telst því að eins, að allar hliðar túnsins, sem ekki hafa örugga vörn af vatni, sjó, klettum eða öðru slíku, séu algirtar og hlið með grindum á járnum; að öðru leyti sé girðingin gjörð samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur. Skoðunarmaður skýrir frá, hvernig verkið er af hendi leyst og hvort girðingarefnið hefir alt verið notað eingöngu til hinnar ákveðnu girðingar. Við hver árslok skýra svo oddvitar sýslunefnda landsstjórninni frá því, er gjört hefir verið í sýslu hverri á árinu að túngirðingum þessum.

10. gr. Nú hefir einhver ekki notað alt það girðingarefni, sem hann hefir fengið, þegar $1^1/_2$ ár er liðið frá því hann átti kost á að veita efninu móttöku, eða varið því til annars en hinnar ákveðnu girðingar, og skal hann þá skyldur til þess, að endurborga þegar fullu verði það, sem hann þannig hefir vanrækt að nota eða notað án heimildar til annars.

11. gr. Skoðunarmaður sá, er ræðir um í 5. gr., ákveður hve langa járnteina þurfi á hverjum stað og hve marga vírstrengi ofan á hlaðna garða. Grindur í hlið með umbúning og máttarstólpa með nauðsynlegum styttum, þar sem girðing beygist, eða nauðsynlegt þykir vegna lengdar girðingarinnar, leggur sá til, er girðingarefnisins hefur óskað, enda ræður hann hvert efni til þess er notað.

12. gr. Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér; vanræki hann það varðar það 2—10 kr. sekt. Vísvitandi skemdir á girðingu varða 5—50 kr. sekt auk skaðabóta. Sektir þessar renna að hálfu til ábúanda og að hálfu til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið

13. gr. Skyldir skulu jarðeigendur, hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir, að viðlagðri 10 kr. sekt til sýslusjóðs, að sjá um, að girðingum þessum verði haldið vel við framvegis og þær endurbættar og endurnýjaðar eftir þörfum, og við hverja jarðarúttekt skal fráfarandi skila girðingunni í góðu standi eða með fullu álagi.

14. gr. Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi losað sig við þá skyldu að halda henni við, en borga verður hann þá að fullu það er eftir stendur af landssjóðstillaginu.

15. gr. Þegar leiguliði á jörð, sem hvorki er landssjóðseign né kirkjueign, hefir komið upp girðingu um tún leigujarðar sinnar með aðstoð landsstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum, og eigi hefir verið öðru vísi um samið milli hans og landsdrottins, þá skal leiguliði við burtför sína frá jörðunni fá hjá landsdrottni endurgoldið verð fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnis, er hann hefir lagt til, eða komizt hjá að leggja til, með því að hlaða garð undir vírgirðinguna ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa samkvæmt mati úttektarmanna, enda afhendi hann þá túngirðinguna alla í góðu standi eða með fullu álagi.

Hafi aftur á móti landsdrottinn sett upp á sama hátt girðinguna á slíkri jörðu, þá getur hann, ef eigi hefir öðru vísi verið um samið, heimtað, að ábúandinn taki við

girðingunni til fullrar ábyrgðar, og greiði honum sem landskuld 5% ársvexti af verði fyrir þann 1/4 hluta girðingarefnisins, er hann hefir lagt til, ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa eftir mati úttektarmanna.

16. gr. Enginn má hafa gaddavír í traðir né girðingar, sem liggja fram með alfaravegi, nema garður sé undir 1 1/2 al. á hæð og vírinn eigi settur á þá brún hans, sem að veginum snýr, nema annað sé gjört því til varnar, að vírinn skaði menn eða skepnur, sem um veginn fara, eða farangur. Ef garður er hlaðinn verður hann að vera að minsta kosti 1 3/4 al. á hæð, en sé þetta hjá leiguliða, sem er skyldur að vinna jarðarbætur samkvæmt byggingarbréfi, skal kostnaður við garðinn koma í stað tilsvarandi hluta þeirra jarðabóta.

Brot móti þessari grein varða sektum, 50—500 krónum, er renna í sýslusjóð þeirrar sýslu, sem brotið er framið í og skal girðingin upptæk þegar er brotið er sannað, ef eigandi tekur hana eigi tafarlaust upp sjálfur eða bætir úr þessu á annan hátt. Með mál út af þessu skal farið sem með opinber lögreglumál.

Nd. **390. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun. Flutningsm. Stefán Stefánsson, Hermann Jónassson.

1. Við 2. gr. Fyrir »2/3« komi: helming.
2. Við 8. gr. Fyrir »1200« komi: 600.

Nd. **391. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu. Flutningsmaður Árni Jónsson.

Við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarýslu skal vera löggiltur verzlunastaður.

Nd. **392 Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, Ólafur Ólafsson, Jóhannes Ólafsson, Björn Kristjánsson, Lárus H. Bjarnason.

Við 14. gr. A. bætist nýr liður:

Styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors (fyrra árið) . . . 800 kr.

Styrkur til Konráðs stúdents Stefánssonar til að nema rafmagnsfræði við háskólann í Mittweida á Saxlandi. 700—700.

Nd. **393. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905.

Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson, Ólafur Thorlacius, Jóhannes Ólafsson, Björn Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson og Jóh. Jóhannesson.

Við 14. gr. A. Á eftir 20. tölulið komi nýr liður, sem verður 21. og orðast þannig:

Til lúðrafélags Reykjavíkur alt að 300—300. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo fimtu hluta á móts við landssjóðsstyrkinn.

Til vara: Til lúðrafélags Reykjavíkur fyrra árið 500 kr.

Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum.

Nd. **394. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Ólafur Thorlacius. Jóh. Jóhannesson, Jóhannes Ólafsson, Björn Kristjánsson, Guðl. Guðmundsson.

Við 14. gr. A. tölulið 21. Í staðinn fyrir 1000—1000 komi 600—600.

Nd. **395. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Guðl. Guðmundsson, Björn Bjarnarson, Björn Kristjánsson, Ólafur Ólafsson, Einar Þórðarson.

Á eftir 14. gr. A. 11 komi nýr liður svo látandi:

Til Guðm. Guðmundssonar skálds, til þess að ljúka við skáldritið »Strengleikar«, fyrra árið 500 kr.

Nd. **396. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Flutnm.: Olafur Thorlacius, Olafur Ólafsson, Einar Þórðarson, Skúli Thoroddsen, Guðl. Guðmundsson, Björn Bjarnason.

Við 14. gr. A. tölulið 22: Orðin »alt að« í enda greinarinnar falli burt.

Nd. **397. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Björn Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson, Jóhannes Ólafsson, Ólafur Thorlacius, Björn Kristjánsson.

Á eftir 14. gr. A. 22 komi nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta, fyrra árið 250 kr.

Nd. **398. Breitingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen. Guð. Guðmundsson, Björn Bjarnarson, Jón Magnússon, Jóhannes Ólafsson, H. Hafstein.

Við 16. gr. Á eftir orðinu »til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Ásgeirsson . . . . 200 kr.

Nd. **399. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Björn Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson, Skúli Thoroddsen, Einar Þórðarson, Ólafur Ólafsson, Björn Kristjánsson, Lárus H. Bjarnason.

Við 16. gr, Á eptir orðinu »til prestekkjunnar Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.« komi til prestekkju Lilju Ólafsdóttur 150.

Nd. **400. Breytingartillag**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Flutningsmenn Jóhannes Ólafsson, H. Hafstein, Ólafur Thorlacius, Ólafur Ólafsson, Hannes Þorsteinsson, Skúli Thoroddsen.

Við 14. gr. B. 3. Fyrir 300—300 komi 500—500

Nd. **401. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Flutningsmenn: Jóhannes Ólafsson, Einar Þórðarson, H. Hafstein, Stefán Stefánsson, Pétur Jónsson, Ólafur Thorlacius.

Við 13. gr. B. VI. 5. b. 1. Fyrir 7000—7000 komi: 8000—9000.

Nd. **402. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga (eins og það var samþ. við 2. umr. Nd.). Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson, Lárus H. Bjarnason, H. Hafstein, Eggert Pálsson, Jóhannes Ólafsson, Ólafur Thorlacius.

Á eftir 12. gr. B. 7 bætist nýr liður:

Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru 7500 kr. fyrra árið, gegn því að jafnmikið fé verði lagt fram annarsstaðar frá.

Nd. **403. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga (eins og það var samþ. við 2. umr. í nd.)

Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson, Eggert Pálsson, Jóhannes Ólafsson, H. Hafstein, Ólafur Thorlacius.

Aftan við 14. gr. A 6 bætist nýr liður:

Til »Sögufélagsins« í Reykjavík 30 kr. fyrir hverja prentaða örk alt að 600—600.

Nd. **404. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905.

Flutningsmenn: Einar Þórðarson, Guðl. Guðmundsson, Björn Bjarnarson, Ólafur Ólafsson, Jóhannes Ólafsson, Skúli Thoroddsen.

Við 14. gr. A. 15. Í staðinn fyrir; 1000—1000 komi: 1200—1200.

Nd. **405. Breytinaar- og viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Skúli Thoroddsen, Lárus H. Bjarnason, Björn Bjarnarson, Einar Þórðarson, Jóhannes Ólafsson.

Við 11. gr. lið 3. Fyrir »Reykjavík« komi: Reykjavíkurlæknisumdæmi.

2. Aftan við liðinn bætist: Aðstoðarlæknirinn skal hafa aðsetur í Hafnarfirði.

Nd. **406. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Jóhannes Ólafsson, Einar Þórðarson, Guðl. Guðmundsson, Ólafur Ólafsson, Skúli Thoroddsen.

Við 12. gr. B. Á eftir 10. lið komi nýr 11. liður, svohljóðandi:

Tillag til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa 2800—2800.

Gegn því að jafn miklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.

Nd. **407. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Eggert Pálsson, Skúli Tkoroddsen, Björn Bjarnarson, Einar Þórðarson, Guðl. Guðmundsson.

1. Við 14. gr. A. 27. Liðurinn falli burt.
2. — 16. — Aftan við greinina bætist:

Enn fremur til organleikara Jónasar Helgasonar 400 kr. hvort árið.

Nd. **408. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga 1904—1905. Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Skúli Thoroddsen, Jóhannes Ólafsson, Hannes Þorsteinsson, Björn Bjarnarson, Magnús Andrésson.

Við 12. gr. Á eftir 12. gr. E. I. lið komi nýr liður svo hljóðandi:

Til vitabyggingar á Vestmannaeyjum síðara árið alt að 10,000.

Ed. **409. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Islands. (Eftir fyrri umr. Ed.)

Alþingi skorar á stjórnina að gera ráðstafanir til að laða útlendinga, einkum frá Norðurlöndum, til þess að flytja til Íslands og setjast þar að, meðal annars með því,

að gefa út á útlendum tungum og breiða út smáritlinga um Ísland, landslag þess, loftslag, atvinnuvegi og framtíðarskilyrði, prýdda myndum af nafnkunnum stöðum;

að tryggja innflytjendum sérstaka ívilnun á fargjaldi til Íslands;

að bjóða innflytjendum, einkum fjölskyldumönnum, ákveðna tölu dagslátta af óræktuðu landi til eignar og umráða, með því skilyrði, að eignarréttinum sé fyrirgert og það verði aftur eign landsins, sé eigi $^1/_4$ þess ræktaður eða undirbúinn til ræktunar innan 5 ára.

Nd. **410. Frumvarp**

til laga um eftirlaun. (*Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.*).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landssjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1000 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Ed. **411. Frumvarp**

til laga um afnám svonefndra Maríu- og Péturslamba. (Eftir 3. umr. í Nd.)

Fóðurskylda svonefndra Maríu og Péturslamba skal afnumin frá fardögum 1904 að telja, í þeim söknum á landinu, þar sem hún hefir átt sér stað. Frá sama tíma greiðist hlutaðeigandi prestaköllum uppbót úr landssjóði, er sé jöfn meðaltali téðrar tekjugreinar, eftir verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í þeim síðustu fimm árin.

Ed. **412. Frumvarp**

til laga um varnir gegn berklaveiki. (Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Ákvæði laga þessara taka til allra sjúkdóma af berklaveikisuppruna, ef samfara er uppgangur eða útferð, sem ætla má að sýkingarhætta standi af fyrir aðra.

2. gr. Héraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika sjúklinga, er leita læknishjálpar í héruðum þeirra, hvort sem þeir leita þeirra sjálfra eða annara löggiltra lækna. Hinir síðartöldu eru skyldir að senda héraðslækni skýrslu um hvern berklaveikan mann, er þeir veita læknishjálp.

Um hver áramót skulu héraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag bæði á henni og á skýrslum héraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr. Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er leita til þeirra, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim, hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

4. gr. Ef berklaveikur maður deyr eða skiftir um heimili, þá skal húsráðandi tilkynna það héraðslækni eða sótthreinsunarmanni, sem skipaður er af héraðslækni, og skal hann annast, að sótthreinsað sé tafarlaust á heimilinu, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, herbergi þau er sjúklingurinn hefir dvalið í langvistum, svo og eftirlátin föt og sængurfatnaður sjúklingsins. Þessa muni má eigi senda í þvott eða aðgjörð, selja, gefa eða lána öðrum, fyr en þeir hafa verið sótthreinsaðir, og ekki má fá öðrum til íbúðar herbergi, sem berklaveikur maður hefir búið í, fyr en það hefir verið sótthreinsað.

Sé það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur héraðslæknir látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

5. gr. Landshöfðingi setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og gólfræstingu í vinnustofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum farþegaskipa og opinberum byggingum, og skulu heilbrigðisnefndir hafa gát á því, að þessum reglum sé fylgt.

6. gr. Kostnaður af sótthreinsunum og ónýtingu lausra muna samkvæmt 4. gr., svo og að útvega bækur þær, er getur um í 2. gr., greiðist úr landssjóði.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 2 til 50 kr., og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Ed. **413. Frumvarp**

til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Samkvæmt stjórnarskipunarlögum, dagsettum í dag, um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, skal stofna stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík, og skipa í það landritara og 3 skrifstofustjóra, og veitir konungur þau embætti.

2. gr. Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8000 kr. á ári, og skal honum auk þess látinn í té embættisbústaður og 2000 kr. á ári til risnu. Þangað til ráðherrann fær embættisbústaðinn til afnota, skal honum veitt 2000 kr. uppbót fyrir hann á ári.

Kostnaður við embættisferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar greiðist af landssjóði.

3. gr. Eftirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum. Konungi skal þó heimilt að ákveða ráðherranum alt að 3000 króna eftirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eftirlaunalögunum.

4. gr. Landritari hefir 6000 kr., og hver skrifstofustjóra 3500 kr., í laun á ári. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar má verja 14500 kr. á ári.

5. gr. Til að breyta hinum núverandi landshöfðingjabústað í stjórnarráðsskrifstofur og búa þær út má verja 11,000 kr.

6. gr. Landshöfðingjaembættið, landshöfðingjaritaraembættið og hin umboðslega endurskoðunarsýslan skulu lögð niður.

Frá 1. október 1904 skulu amtmannaembættin bæði lögð niður, og stiftsyfirvöldin jafnframt afnumin.

Landfógetaembættið skal lagt niður, þegar embættið losnar. Til að gegna störfum þessa embættis má þá verja alt að 2500 kr. á ári, og skal með konunglegri tilskipun ákveða, hvernig þeim skuli gegnt.

Á sama hátt skal fyrir skipa, hver störf amtmanna og og stiftsyfirvalda skuli fengin stjórnarráðinu fyrir Ísland í hendur, og hverjum önnur störf þeirra skuli falin. Þeim mönnum, er forsetastöðurnar í hinum 4 amtsráðum landsins verða fengnar í hendur, skal greiða af jafnaðarsjóði þóknun fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 300 kr. Þó mega amtsráðin hækka upphæð þessa.

Nd. **414. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum.

(Eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að gjöra sem fyrst ráðstafanir til að safna öllum nauðsynlegum skýrslum, er snerta hag kirkjunnar, og skipa 5 manna nefnd milli þinga til að taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og að koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Hagkvæma skipun kirkjumálanna, er veiti þjóðkirkjunni slíkt sjálfstæði og sjálfstjórn í sínum eigin málum, sem hún eftir eðli sínu og 45. gr. stjórnarskrárinnar á heimtingu á og þarfnast til að geta fullnægt ákvörðun sinni.
2. Hvort eða að hve miklu leyti það verði að álítast nauðsynlegt, að kirkja og ríkisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefir verið.
3. Hagfelda skipun prestakalla í landinu:
4. Nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta og prófasta, bæði að því, er snertir launin sjálf og innheimtu þeirra.

Nd. **415. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 (þgskj. 365). Flutningsmenn: H. Hafstein, Ólafur Ólafsson, Stefán Stefánsson, Lárus H. Bjarnason, Hannes Þorsteinsson, Einar Þórðarson.

1. Við 11. gr. 2. Í stað »800—800« komi: 1000—1000—2000
2. — 11. gr. 3. Í stað orðanna »í Reykjavík« komi: að því áskildu, að aðstoðarlæknirinn sitji í Hafnarfirði.
3. — 12. gr. D. Í stað »ritsíma« komi: hraðskeytafleygis.

4. — 12. gr. E. h. 1. Í stað »400« komi: 600.

Við bætist nýr stafliður: Til lóðargjalds 10 kr. Samtalningin breytist eftir því.

5. Við 14. gr. A. Á eftir 14. bætist inn nýr liður svo hljóðandi:

15. Til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta 1200 — — Til vara 600—600

6. Við 14. gr. B. 14.: Í stað: »15000« komi: 20000

7. Við 19. gr. Nýr liður bætist við, svohljóðandi:

Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði alt að 40000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar og sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxist með 4% árlega, sé afborgunarlaust 5 fyrstu ráin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunumá næstu 20 árum.

Nd. **416. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga árið 1904 og 1905.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason, Hermann Jónasson, Jóh. Jóhannesson, Björn Bjarnarson, Stefán Stefánsson, H. Hafstein.

Við 14. gr. A 14. Í stað: »800—800« komi: 600—600.

Nd. **417. Frumvarp**

til laga um heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar og skógargræðslu.

Frá fjárlaganefndinni.

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að kaupa til skógarfriðunar og skógargræðslu:

1. Jörðina Hallormsstað í Suður Múlasýslu með hjáleigum og með húsum þeim og kúgildum, er fylgja og fylgja eiga, svo og itak hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, gegn því að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í 620 kr. á ári.

2. Jörðina Vagli í Fnjóskadal með húsum þeim og kúgildum, er henni fylgja og fylgja eiga, fyrir alt að 2800 kr.

3. Hálsskóg í Fnjóskadal gegn 80 kr. árlegu gjaldi til Hálsprestakalls úr landssjóði.

2. gr. Landsstjórnin hefir yfirumsjón með byggingu og ábúð jarðanna og allri meðferð skógarlandanna.

3. gr. Lög um friðun á Hallormsstaðarskógi frá 5. des. 1899 eru úr gildi numin.

Nd. **418. Nefndaràlit**

um frumvarp til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði.

Það er alkunnugt, að Norðmenn stunda mikið síldarveiði einkum á Eyjafirði og Austfjörðum, og eru margir þeirra ekki búsettir hér á landi, nema að eins til málamynda og sumir alls eigi. Þeir fullnægja því ekki því skilyrði, sem sett er fyrir síldarveiði í landhelgi. Til þess að réttlæta veiðina útvega þeir sér því venjulega einhvern búsettan mann, selja honum að yfirskyni nætur og önnur veiðarfæri, og reka svo veiðina í hans nafni. Að henni lokinni kaupa þeir svo aftur úthaldið og fara með aflann til Noregs. Stundum leigja þessir aðkomumenn hús á landi, flytja þangað síldina og salta hana þar, en oftar salta þeir hana um borð í skipum sínum, eða taka innlend skip á leigu, og hafa þau við hliðina á sínu skipi og salta þar síldina; þetta er miklu hentugra fyrir þá og ódýrara. Nefndinni er fullkunnugt um það.

Það er nú hvorttveggja, að óviðkunnanlegt er, að þannig sé farið í kring um landslögin, enda oft til baga fyrir innlenda menn, og eigi einu sinni hægt að ná almennum gjöldum til sveitar hjá mönnum þessum. Sé þeim gert erfiðara fyrir að reka veiðina á þennan hátt, mundu þeir taka sér bólfestu hér á landi, sem nefndin telur mjög æskilegt, og verður hún því eindregið að vera á þeirri skoðun, að það sé sjálfsagt að hindra með lögum eins og frekast er fært framangreint atferli. Að ætlun nefndarinnar mundi þetta mikið til nást, ef síldarsöltun væri algerlega bönnuð í landhelgi, bæði á útlendum skipum, — greinileg lagaákvæði um það eru ekki til — og eins innlendum, sem eru samflota við útlend skip, og ef hátt útflutningsgjald væri lagt á nætur, sem fluttar eru út; það mundi alveg koma í veg fyrir málamyndarkaupsamninga. Hér búsettum mönnum er enginn bagi að þessu, því bæði má gjöra við næturnar og barka þær hér á landi, og það er auk þess dálítil atvinna, sem héldist í landinu sjálfu.

Meðan síldveiði stendur yfir, vill oft verða mikill ágreiningur um veiðina, einkum ef hún er nokkuð að marki. Ágreiningur getur risið milli nótaeigenda, en einkum þó milli nótaeigenda og netaeigenda, um upptöku neta, landshlut o. fl. Það væri því mjög æskilegt, að fastir eftirlitsmenn væru við veiðina á hverjum firði, sem legðu úrskurð á þrætur manna út af veiðinni; mætti þá búast við, að þeim úrskurði væri að jafnaði hlítt; en væri einhver óánægður með úrskurðinn og eigi vildi hlíta honum, þá yrði hann að bera alla ábyrgð á því, ef úrskurðurinn yrði síðar með dómi staðfestur. Nefndin felst á, að borgun til eftirlitsmanna greiðist af aflanum.

Með því nefndin þannig aðhyllist hið fyrirliggjandi frumvarp í öllum aðalatriðum, ræður hún háttv. deild til að samþykkja það með þeim breytingum, sem hér fara á eftir:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: »er það þá ábyrgð — verður þá eigandi« komi: verður þá skipseigandi.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna: »Heimilt er þeim — lögmætur« komi:

Heimilt er þeim, sem eigi vill hlíta úrskurði eftirlitsmanns, að bíða dómsúrskurðar um ágreiningsatriðið, en bæta verður hann kostnað allan og skaða, er af því hlýzt, að úrskurðinum er eigi þegar fylgt, ef hann reynist lögmætur að lagadómi; skulu öll áhöld síldarútvegs þess manns, er eigi vill úrskurði hlíta vera að veði fyrir greiðslunni. Mál, sem rísa út af slíkum ágreiningi, skal farið með sem einkalögreglumál, og skal kæra komin til lögreglustjóra eður á skrifstofu hans innan þriggja sólarhringa frá því er úrskurði eftirlitsmanns er hafnað.

3. Við 4. gr. Á undan »eftirlitsmenn« bætist: Eftirlitsmaður eða
4. Við — — Á eftir orðunum: »sem út er flutt« bætist: og rennur gjaldið í sérstakan sjóð.
5. Við — — Á eftir orðunum: »af lögreglustjóra« bætist: og eftir sömu reglum.

Alþingi 8. ágúst 1903.

Jóh. Jóhannesson, form. Stefán Stefánsson, skrifari og framsm. H. Hafstein,

Nd. **419. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905.

Flutningsmenn: Jóhannes Ólafsson, Einar Þórðarson, Árni Jónsson, Ólafur Thorlacius, H. Hafstein, Hannes Þorsteinsson.

Við 19. gr. næst síðustu málsgrein.

Í staðinn fyrir, »Norður-Ísafjarðarsýslu« komi: Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað.

Nd. **420. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905, eins og það var samþykt við 2. umr. Frá landshöfðingja.

Við 14. gr. B. 11. bætist við athugasemd:

Af veitingunni fyrra árið veitist cand. polyt. Ásgeiri Torfasyni 1000 kr. til að afla sér verklegra æfinga í efnarannsóknum erlendis.

Nd. **421. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 (eins og frv. var samþ. við 2. umr.).

Flutningsmenn: Jón Magnússon, Lárus H. Bjarnason, Hannes Þorsteinsson, Björn Bjarnarson, H. Hafstein, Magnús Andrésson.

1. Við 13. gr. VI. Eftir staflið g. komi nýr liður (h.):
   Til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík til að kenna organslátt og söng-list 500—500.
   Styrkurinn veitist með því skilyrði, að organistaefni njóti ókeypis kenslu í organslætti, sem þó eigi nemi meira en 9 klst. á viku í mánuðunum október til apríl.
2. Þar á eftir komi nýr liður (i):
   Til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri 300—300.
3. Við 13. gr. B. IV. Athugasemdin falli burtu.

Ed. **422. Frumvarp**

til laga um, að stjórninni veitist heimild til að makaskifta þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi. (Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Ráðherra Íslands veitist heimild til að hafa makaskifti á þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **423. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Á hvalveiði og á síldarveiði með nót, svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanns má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu.

2. gr. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þó rekin séu skemur en 4 mánuði af gjaldárinu.

Ed. **424. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 6, 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Frá nefndinni í vegamálinu.

Heimild sú, er landsstjórninni er veitt með 2. gr. í lögum nr. 6, 12. jan. 1900 til að krefjast þess, að vegum, er hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóða, skal einnig ná til flutningabrauta, svo framarlega brautin aðallega er lögð í þarfir sýslufélagsins, og það álítzt hafa efni og ástæður til að bera kostnaðinn.

Nd. **425. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Magnús Andrésson, Hannes Þorsteinsson, H. Hafstein, Þórh. Bjarnarson, Hermann Jónasson.

Við 14. gr. B. 16. Fyrir »hafskipabryggju« komi: stórskipabryggju.

Nd. **426. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um friðun fugla (þsk. 377). Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. »tildrur« . . . . »rauðbrystingar« falli burt.
2. — 2.— Á eftir »aðrar máfategundir« bætist við: að kríu undanskilinni.
3. — 3. — stafl. a. Í stað »1. marz« komi: 15. febrúar.

Nd. **427. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1904—1905. Frá Hermanni Jónassyni, Lárusi H. Bjarnason, Birni Kristjánssyni, Eggert Pálssyni, Ólafi Thorlacius, Birni Bjarnarson.

1. Við 13. gr. B. VI. Aftan við 3. tölulið bætist nýr töluliður þannig:
   »til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum . . . . . 400 — 400
2. Við sömu grein B. VI. Aftan við 4. tölulið bætist nýr tölul. þannig:
   »til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum . . . . . 400 — 400
3. Við sömu gr. B. VI. 5. Fyrir: »35« komi: 40.

Nd. **428. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Frá samgöngumálanefndinni.

Við 12. gr. B. Eftir 7 komi sem 8. liður:

Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum og til að setja ferju á Steinsvaði alt að 40,000 kr. (fyrra árið).

Nd. **429. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 415. Frá fjárlaganefndinni.

Í síðustu málsgrein: fyrir »20 árum« komi: 15 árum.

Nd. **430. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgsk. 402. Frá fjárlaganefndinni.

Fyrir »7500 kr.« komi: alt að 6000 kr.

Fyrir »jafnmikið fé« komi: tvöfalt fé.

Ed. **431. Nefndarálit**

um kenslu í Reykjavíkur lærða skóla.

Vér, sem kosnir vorum af h. háttvirtu efri deild til að íhuga mentamál landsins, skildum svo umræðurnar um þetta mál í deildinni, að það væri aðalverkefni vort að athuga hverjar breytingar væru æskilegar á hinni elztu, víðtækustu og þýðingarmestu mentastofnun lands vors, lærða skólanum í Reykjavík.

Hin háttv. deild hefir þrásinnis nú á síðari árum haft forustuna í þessu máli á þingi (1891, 1895, 1897, 1899 og 1902) og verðum vér því að álíta, að skoðanir henn ar á málinu séu mönnum svo kunnar, að eigi sé þörf á að skýra það frekar en áður hefir gert verið, né heldur að athuga hverjum vexti þetta mál hefir tekið í þinginu frá því það fyrst var hafið og þar til þingið einum rómi samþykti þingsályktunartillögurnar um lærða skólann 1899 og 1902.

Nefndin hefir haft til athugunar þessi skjöl um málið:

1. Bréf dags. 16. febr. 1903 til háskólaráðsins í Kaupmannahöfn frá formanni lögfræðis- og stjórnfræðisdeildarinnar við háskólann, er segir, að deildin finni eigi ástæðu til að krefjast aukaprófs í latínu sem skilyrðis við embættispróf í lögum fyrir stúdenta úr Reykjavíkur lærða skóla, ef þessi skóli verði eigi vægari í kröfum sínum að því, er snertir þekkingu í latínu en stærðfræðis- og náttúruvísinda-deildin í hinum dönsku skólum; að öðrum kosti áskilji hún sér rétt til að segja álit sitt, er hún sjái, hvernig ætlazt sé til, að kenslunni verði hagað.

2. Bréf frá formanni guðfræðisdeildar háskólans dags. 14. marz 1903 til háskólaráðsins um sama efni, er heimtar aukapróf í grísku fyrir þá stúdenta úr Reykjavíkur lærða skóla, er ætla að taka embættispróf í guðfræði við háskólann, en segir að um sérstakt próf í latínu fari eftir því, hve mikið verði dregið úr latínukenslunni við lærða skólann.

3. Bréf dags. 8. júní þ. á. til landshöfðingjans frá ráðgjafanum fyrir Ísland, er tjáir sig hlyntan þingsályktunartillögu síðasta þings um lærða skólann í Reykjavík í aðalatriðum hennar, en telur æskilegt vegna hins sameiginlega háskólanáms Dana og Íslendinga að athugað verði, hvort og hve mikið tillit verði tekið til hinna nýju laga, sem út eru komin í Danmörku um »æðri almenningsskóla o. fl.« og æskir þess, að landshöfðingi í samráði við skólastjórnina undirbúi hið nýja skólafyrirkomulag.

4. Frumvarp (á dönsku) til laga um »æðri almenningsskóla o. fl«.

5. Lög (á dönsku) um »æðri almenningsskóla o. fl.«

Nefndin hefir athugað öll þessi skjöl eins vel og tími og ástæður leyfðu og komizt að raun um, að munurinn á því fyrirkomulagi á kenslunni, sem nú er nýlögleitt í Danmörku, og því, er deildin hefir áður haldið fram, að æskilegt væri að kæmist á hér á landi, er eigi meiri en svo, að full ástæða er til að ætla, að málið geti nú náð fram að ganga á þann hátt eða sem líkast því, er þing og þjóð hefir áður óskað, þar sem hið nýja kenslufyrirkomulag Dana, er þeir nefna hina »þriðju stefnu« eða »nýjumálastefnuna«, er mjög líkt því fyrirkomulagi, er háttv. efri deild samþykti árið 1897, bæði að því, er kenslutíma og kenslugreinar snertir; þó telur nefndin æskilegt, að námstíminn verði eigi lengri en 6 ár (hjá Dönum er hann 7 ár), ef hjá því verður komizt, og telur ráðlegra, að í þess stað verði krafizt nokkru frekari inntökuskilyrða en við hina dönsku »miðskóla«. Vegna sambands þess, er Reykjavíkur lærði skóli stendur í við há-

skólann í Kaupmannahöfn, telur nefndin nauðsynlegt, að þeir, er óska fræðslu í grískri tungu, geti fengið hana í skólanum, og sama er að segja um frönsku, er nefndin ræður frá að gera að skyldunámsgrein. Latneskan stíl ræður nefndin til að afnema algerlega við prófin.

Þá er og nefndin þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að hraða framgangi þessa máls, og væntir þess, að yfirstjórn og kennarar skólans undirbúi á næstkomandi vetri nýja reglugerð fyrir hann, með því að sú leið verður að teljast heppilegri en frumvarpsleiðin, þar sem vinnutími þingsins er af mjög skornum skamti og störfin mörg, er á því hvíla, en málið hins vegar all-vandasamt og afaráríðandi, að það verði til lykta leitt á sem hagkvæmastan hátt. Af þessum ástæðum kemur nefndin eigi fram með neitt frumvarp, en ræður h. háttv. deild til að samþykkja í þess stað eftirfylgjandi

TILLÖGU

til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík.

Alþingi skorar á stjórnina að láta semja, svo fljótt sem unt er, og að löggilda nýja reglugerð fyrir lærða skólann í Reykjavík, er fari í öllum aðalatriðum í sömu átt og frumvarp alþingis 1897, þannig *að* gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein, *að* kenslustundum í latínu verði fækkað að mun, *að* latneskir stílar verði lagðir niður við próf, *að* kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði aðallega varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu, í nýju málunum (einkum ensku og dönsku) og eðlisfræði.

Efri deild alþingis þ. 8. d. ágústmán. 1903.

J. Havsteen, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Jensson.

Nd.

432. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 3. gr. 1. Aftan við fyrri málsgrein athugasemdarinnar bætist:
   Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðarafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðinni Laug í Biskupstungum.
2. — — — 1. Aftan við síðari málsgrein athugasemdarinnar bætist:
   Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.
3. — 4. — 1. Aftan við athugasemdina bætist:
   Núverandi presti til Kirkjubæjarprestakalls veitist 200 króna árleg uppgjöf á afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka uppá prestakallið, með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_{2}$ 1898.
4. — 11. — 3. Liðurinn falli burt.
5. — — — 7. a. fyrir »4765» — komi: 5265 fyrra árið.
6. — — — 9. g. Liðurinn orðist svo: Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gagn útbreiðslu næmra sjúkdóma.
7. — — — » h. liðurinn orðist svo: Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

8. — — — 11. fyrir »1600« komi: 800.
fyrir »8 sjúklingar« komi: 4 sjúklingar.
fyrir »jafnmikið fé« komi: tvöfalt fé.
9. — 12. — A. 4. liðurinn falli burt.
10. — — — B. 8. og 9. fyrir þessa liði komi nýr liður þannig:
8. Tillag til sýsluvega:
a. Sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu . . 1000—1000 kr.
b. sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu . . . . . 1000—1000 —
Tillög þessi eru því skilyrði bundin, að samtímis sé jafn miklu fé varið til nefndra vega annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi.
11. Við 12. gr. C. 1. Í fyrstu málsgrein: fyrir »50 fátækum« komi: 50 efnalitlum.
12. Við 12. gr. C. 2. a. fyrir »14200« komi: 14300.
13. Við 12. gr. C. 2. c. og d. Þessir liðir falli burt, og orðin »c. og d.« í þriðju málsgrein svo og öll fjórða málsgrein athugasemdanna.
14. Við 13. gr. B. VI. b. 2. Liðurinn breytist þannig:
til sveitakennara alt að 100 kr. til hvers ..... 8000—9000
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrkinn.
15. Við 13. gr. B. VI. h. fyrir »300—300« komi: ..... 800—800
Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðu.
16. Við 13. gr. B. VI. k. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til skólans á Búðardal í Dalasýslu..... 1200—1200 kr.
Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ..... 600—600 — 1800—1800
17. Við 14. gr. A. 6. Fyrir »750« f. á. komi: 1000
18. — — — — 20. —— orðið »helming« í athugasemdinni komi: tvo hluti.
19. — — — B. 6. Liðurinn breytist þannig:
Til þess að rannsaka lungnadrep og akitupest á sauðfé í Norður- og Austuramtinu, eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar alt að 2000 kr.—500 kr.
20. — — — — 7. Önnur málsgrein orðist þannig:
Til þess undir yfirumsjón landstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að 4000 kr.
21. — — — — 10. fyrir: »tveggja manna« komi: þriggja manna.
—— »600—600» komi: 900—000.
22. — — — — 13. —— orðin í athugasemdinni: »eins miklu fé til fyrirtækisins og« komi: tvöfalt meira fé til fyrirtækisins alls en
23. — 16. — »Til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.« falli burt.
24. — — — »Til Hannesar Hanssonar, pósts 200 kr.« falli burt.
25. — 19. — Á eftir þriðju málsgrein (um mjólkurbúin) komi:

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

26. — — — fyrir orðin: »en þeir eiga« í níundu málsgrein komi: er sjómenn eiga.

Nd. **433. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flm. Guðl. Guðmundsson, Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson, Lárus H. Bjarnason, Eggert Pálsson, Jón Magnússon.

Við 14. gr. A. Á eftir 14. gr. A. 1. i. komi nýr liður svo hljóðandi:

Til að kaupa handritasafn Jóns Þorkelssonar skjalavarðar skal verja 8000 kr. (fyrra árið).

Nd. **434. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flm. Guðl. Guðmundsson, Lárus H. Bjarnason, Hannes Þorsteinsson, Eggert Pálsson, Ólafur Ólafsson, Jón Magnússon.

Við 14. gr. A. 4. a fyrir . . . 1400—1400 komi: . . . 1800—1800.

Skjalavörður haldi skjalasafninu opnu í 2 klt. hvern virkan dag.

Nd. **435. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun fugla (eftir 2. umr. í Nd.). Flutnm. Árni Jónsson, Ólafur Ólafsson, Pétur Jónsson, Magnús Andrésson, Ólafur Thorlacius, Jón Magnússon.

5. gr. falli burt.

Nd. **436. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905 (eftir 2. umr.). Frá Landshöfðingja.

Við 14. gr. A 29: fyrir 800 - 800 komi 600—600.

Nd.

437. Atkvæðaskrá

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 (við 3. umr. í Nd.).

(N = Breytingartillögur fjárlaganefndar á þgskj. 432).

1. Við 3. gr. 1. Aftan við fyrri málsgrein athugasemdarinnar bætist: (N)
Enn fremur má verja alt að 800 kr. af jarðarafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum.
2. Við 3. gr. 1. Aftan við síðari málsgrein athugasemdarinnar bætist: (N)
Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.
3. Við 4. gr. 1. Aftan við athugasemdina bætist: (N)
Núverandi presti til Kirkjubæjarprestakalls veitist 200 króna árleg uppgjöf á afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_{2}$ 1898.
4. Við 11. gr. 2. Í stað »800—800« komi: 1000—1000—2000 (415)
5. Við 11. gr. 3. Liðurinn falli burt. (N).
(Brt. við sama lið 405):
Fyrir »Reykjavík« komi: Reykjavíkurlæknisumdæmi.
Aftan við liðinn bætist: Aðstoðarlæknirinn skal hafa aðsetur í Hafnarfirði.
(Brt. við sama lið 415):
Í stað orðanna »í Reykjavík« komi: að því áskildu, að aðstoðarlæknirinn sitji í Hafnarfirði.
6. Við 11. gr. 7. a. fyrir »4765« — komi: 5265 fyrra árið. (N).
7. Við 11. gr. 9. g. liðurinn orðist svo: Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. (N).
8. Við 11. gr. » h. liðurinn orðist svo: Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. (N).
9. Við 11. gr. 11. fyrir »1600« komi: 800.
fyrir »8 sjúklingar« komi: 4 sjúklingar
fyrir »jafnmikið fé« komi: tvöfalt fé. (N).
10. Við 12. gr. A. 4. liðurinn falli burt. (N),
11. Á eftir 12. gr. B. 7 bætist nýr liður: (402).
Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru 7500 kr. fyrra árið, gegn því að jafnmikið fé verði lagt fram annarsstaðar frá.
(Brt. við þessa brt. á þgskj. 430):
Fyrir: »7500 kr.« komi: 6000 kr.
Fyrir »jafnmikið fé« komi: tvöfalt fé.
12. Við 12. gr. B. Eftir 7. komi sem 8. liður: (428. Frá samgöngumálanefndinni).
Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að 40,000 kr. (fyrra árið).
13. Við 12. gr. B. 8. og 9. fyrir þessa liði komi nýr liður þannig: (N).
8. Tillag til sýsluvega:
a. Sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu ..... 1000—1000 kr.

b. Sýsluvegarins frá Hofsós að Öxnum í Skagafjarðarsýslu ..... 1000—1000 —

Tillög þessi eru því skilyrði bundin, að samtímis sé jafn miklu fé varið til nefndra vega annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi.

14. Við 12. gr. B. Á eftir 10. lið komi nýr 11. liður, svo hljóðandi: (406).
Tillag til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa 2800—2800.
Gegn því að jafn miklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.

15. Við 12. gr. C. 1. Í fyrstu málsgrein: fyrir »50 fátækum« komi: 50 efnalitlum. (N).

16. Við 12. gr. C. 2. a. fyrir »14200« komi: 14300. (N).

17. Við 12. gr. C. 2. c. og d. þessir liðir falli burt, og orðin »c. og d.« í þriðju málsgrein svo og öll fjórða málsgrein athugasemdanna (N).

18. Við 12. gr. D. Í stað »ritsíma« komi: hraðskeytafleygis. (415).

19. Við 12. gr. E. h. 1. Í stað »400« komi: 600. (415).

20. Við 12. gr. E. h. 1. Við bætist nýr stafliður: Til lóðargjalds 10 kr.
Samtalningin breytist eftir því. (415).

21. Við 12. gr. Á eftir 12. gr. E. l. lið komi nýr liður svo hljóðandi: (408)
Til vitabyggingar á Vestmannaeyjum síðara árið alt að 10,000 kr.

22. Við 13. gr. B. IV. Athugasemdin falli burtu (421).

23. Við 13. gr. B. VI. a. Aftan við 3. tölulið bætist nýr töluliður þannig:
»til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum..... 400 — 400 (427).

24. Við sömu grein B. VI. a. Aftan við 4. tölulið bætist nýr tölul. þannig:
»til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum..... 400 — 400 (427).

25. Við sömu gr. B. VI. 5. a. Fyrir: »35« komi: 40 (427).

26. Við 13. gr. B. VI. 5. b. 1. Fyrir 7000 — 7000 komi: 8000 — 9000 (401).

27. Við 13. gr. B. VI. b. 2. Liðurinn breytist þannig:
til sveitakennara alt að 100 kr. til hvers ..... 8000 — 9000
styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis helming á móts við landssjóðsstyrk.

28. Við 13. gr. VI. Eftir staflið g. komi nýr liður (h.): (421).
Til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík til að kenna organslátt og sönglist ..... 500 — 500
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að organistaefni njóti ókeypis kenslu í organslætti, sem þó eigi nemi meira en 9 klst. á viku í mánuðunum október til apríl.

29. Þar á eftir komi nýr liður (i): 421)
Til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri ..... 300 — 300

30. Við 13. gr. B. VI. h. fyrir »300 — 300« komi: ..... 800 — 800
Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðu. (N.).

31. Við 13. gr. B. VI. k. Á eftir þessum lið komi nýr liður: (N.)
Til skólans á Búðardal í Dalasýslu ...1200—1200 kr.
Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ..... 600 — 600 — 1800—1800
32. Við 14. gr. A. 1 a. Í stað »1700 kr.« komi: 1900 kr. (371).
33. Við 14. gr. A. Á eftir 14. gr. A. 1. i. komi nýr liður svo hljóðandi: (433).
Til að kaupa handritasafn Jóns Þorkelssonar skjalavarðar skal verja ..... 8000 kr. (fyrra árið).
34. Við 14. gr. A. 4. a. fyrir 1400 — 1400 komi: ..... 1800 — 1800
Skjalavörður haldi skjalasafninu opnu í 2 klt. hvern virkan dag (434).
35. Við 14. gr. A. 6. (Þjóðvinafél.). Fyrir »750« f. á., komi: .. .. 1000 (N.).
36. Aftan við 14. gr. A 6 bætist nýr liður: (403).
Til »Sögufélagsins« í Reykjavík 30 kr. fyrir hverja prentaða örk alt að .... 600. — 600
37. Á eftir 14. gr. A. 11 komi nýr liður svo látandi: (395).
Til Guðm. Guðmundssonar skálds, til þess að ljúka við skáldritið »Strengleikar« fyrra árið.. .... 500 kr.
38. Við 14. gr. A. 14. Í stað: »800—800« komi: .... 600 — 600 (416).
39. Við 14. gr. A. Á eftir 14. bætist inn nýr liður svo hljóðandi: (415).
15. Til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta 1200 — — Til vara ..... 600 — 600
40. Við 14. gr. A. 15. Í staðinn fyrir: 1000 — 1000 komi: ..... 1200 — 1200. (404).
41. Við 14. gr. A. 20. Í staðinn fyrir orðið »helming« í athugasemdinni komi: tvo hluti. (N)
42. Við 14. gr. A. Á eftir 20. tölulið komi nýr liður, sem verður 21. og orðist þannig (393):
Til lúðrafélags Reykjavíkur alt að ... . 300—300
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo fimtu hluta á móts við landssjóðsstyrkinn
Til vara: til lúðrafélags Reykjavíkur fyrra árið 500 kr.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum.
43. Við 14. gr. A. tölulið 21. Í staðinn fyrir »1000—1000« komi: 600—600. (394).
44. Við 14. gr. A. tölulið 22. Orðin »alt að« í enda greinarinnar falli burt. (396)
45. Á eftir 14. gr. A. 22. komi nýr liður svo hljóðandi (397):
styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta, fyrra árið 250 kr.
46. Við 14. gr. A. 27. Liðurinn falli burt (407).
47. Við 14. gr. A. 29. Fyrir »800—800« komi: 600—600 (436, landsh.).
48. Við 14. gr. A. bætist nýr liður:
styrkurinn til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors (fyrra árið) 800 kr. (392).
49. styrkur til Konráðs stúdents Stefánssonar til að nema rafmagnsfræði við háskólann í Mittweida Saxlandi 700—700. (392).
50. Við 14. gr. B. 3. Fyrir »300—300« komi: 500—500 (400).
51. Við 14. gr. B. 6. Liðurinn breytist þannig: (N.).
til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest á sauðfé í Norður-

og Austuramtinu, eftir reikningi er landshöfðingi úrskurðar, alt að 2000 kr.—500 kr.

52. Við 14. gr. B. 7. Önnur málsgrein orðist þannig: (N.).
til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík kvort árið alt að 4000 kr.

53. Við 14. gr. B. 10. fyrir »tveggja manna« komi: þriggja manna (N.).
— »600—600« komi: 900—900.

54. Við 14. gr. B. 11. bætist við athugasemd: (420, landsh.).
Af veitingunni fyrra árið veitist cand. polyt. Ásgeiri Torfasyni 1000 kr. til að afla sér verklegra æfinga í efnarannsóknum erlendis.

55. Við 14. gr. B. 13. fyrir orðin í athugasemdinni »eins miklu fé til fyrirtækisins og« komi: tvöfalt meira fé til fyrirtækisins alls en (N.).

56. Við 14. gr. B. 14. Í stað »15000« komi: 20000 (415).

57. Við 14. gr. B. 16. fyrir »hafskipabryggju« komi: stórskipabryggju (425).

58. Við 16. gr. Á eftir orðinu »til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr. (398).

59. Við 16. gr. Á eftir orðinu »til prestsekkjunnar Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.« komi: til Lilju Ólafsdóttur 150 kr. (399).

60. Við 16. gr. »Til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.« falli burt

61. Við 16. gr. »Til Hannesar Hanssonar, pósts 200 kr.« falli burt (N.)

62. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: (407)
Enn fremur til organleikara Jónasar Helgasonar 400 kr. hvort árið.

63. Við 16. gr. Á eftir 3. málsgrein (um mjólkurbúin) komi: (N.)
Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

64. Við 19. gr. fyrir orðin »en þeir eiga« í níundu málsgrein komi: er sjómenn eiga (N.).

65. Við 19. gr. næst síðustu málsgrein (419):
Í staðinn fyrir »Norður-Ísafjarðarsýslu« komi: Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað.

66. Við 19. gr. Nýr liður bætist við, svohljóðandi: (415).
Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði alt að 40000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar og sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust 5 fyrstu árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 20 árum.
(Brt. við þessa brt. þsk. 429):
fyrir »20 árum« komi: 15 árum.

Ed.

438. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. Frá Sigurði Jenssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Vátryggingargjaldið má taka lögtaki.

2. Við 4. gr. Eftir orðin: »landsstjórnin skal staðfesta kosningu mannanna«, bætist inn í greinina: Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn maður í hans stað, en endurkjósa má þó hinn sama. Deyi nefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin mann til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til lögleg kosning getur fram farið á nýjum nefndarmanni.

3. Við 4. gr. Fyrir: »200 — 400 kr. á ári« komi: allt að 400 kr. á ári.

4. Við 5. gr. Orðin: »Gjaldi þessu . . . . skulda« falli burt.

5. Við 5. gr. Á eftir orðunum: »í lögmætri erfðaskrá«, bætist: að þess skuli njóta.

Nd.

439. Ferða-

póstgufuskipanna millum Kaupmanna-

Frá Kaupanna-

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
	Laura	Ceres	Vesta	Laura	Laura	Vesta	Ceres	Laura	Vesta
Frá Kaupm.höfn.	14 jan.	26 febr.	23 febr.	3 marz	8 apríl	14 apríl	28 apríl	27 maí	6 júní
— Leith	18 —	1 mrz	27 febr.	7 —	12 —	18 —	2 maí	31 —	10 —
— Þórshöfn . . .	. .	3 mrz*	. .	. .	. .	20 apríl	4 maí*	2 júní*	12 júní
— Klaksvík . . .	. .	. .	. .	. .	. .	21 —	. .	. .	13 —
— Berufirði . . .	. .	5 —	. .	. .	. .	22 —	. .	. .	14 —
— Fáskrúðsfirði .	. .	6 —	. .	. .	. .	23 —	. .	. .	15 —
— Eskifirði . . .	. .	6 —	. .	. .	. .	23 —	. .	. .	15 —
— Norðfirði . . .	. .	8 —	. .	. .	. .	23 —	. .	. .	16 —
— Seyðisfirði . .	. .	9 —	3 marz	. .	. .	24 —	. .	. .	17 —
— Vopnafirði . .	. .	. .	4 —	. .	. .	24 —	. .	. .	. .
— Húsavík . . .	. .	. .	5 —	. .	. .	. .	. .	. .	18 júní
— Eyjafirði . . .	. .	. .	8 —	. .	. .	27 apríl	. .	. .	20 —
— Siglufirði . . .	. .	. .	8 —	. .	. .	. .	. .	. .	20 —
— Sauðárkróki . .	. .	. .	9 —	. .	. .	27 apríl	. .	. .	21 —
— Skagaströnd .	. .	. .	10 —	. .	. .	. .	. .	. .	21 —
— Blönduósi . . .	. .	. .	10 —	. .	. .	28 apríl	. .	. .	. .
— Borðeyri . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Reykjarfirði . .	. .	. .	11 marz	. .	. .	. .	. .	. .	21 júní
— Ísafirði	. .	. .	11 —	. .	. .	30 apríl	. .	. .	22 —
— Önundarfirði .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Dýrafirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	22 júní
— Arnarfirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Patreksfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	30 apríl	. .	. .	22 júní
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .	1 maí	. .	. .	23 —
— Stykkishólmi .	. .	. .	. .	. .	. .	1 —	. .	. .	23 —
í Reykjavík	24 jan.	12 marz	14 marz	13 marz	17 apríl	1 maí	8 maí	5 júní	25 júní
Til Vesturl.									
Frá Reykjavík . .	27 jan.	15 marz	. .	. .	20 apríl	. .	10 maí	8 júní	. .
— Stykkishólmi .	28 —	. .	. .	. .	21 —	. .	11 —	9 —	. .
— Flatey	. .	. .	. .	. .	21 —	. .	11 —	9 —	. .
— Patriksfirði . .	29 jan.	. .	. .	. .	22 —	. .	. .	10 —	. .
— Arnarfirði . . .	. .	. .	. .	. .	22 —	. .	. .	10 —	. .
— Dýrafirði . . .	30 jan.	. .	. .	. .	22 —	. .	. .	10 —	. .
— nundarfirði .	31 —	. .	. .	. .	23 —	. .	. .	11 —	. .
á Ísafirði	2 febr.	17 marz	. .	. .	23 apríl	. .	12 maí	12 júní	. .

*) Vöruflutningar eru engir til eða frá Þórshöfn er viðkomudagur er stjörnumerktur.

Aths. 1. Félagið áskilur sér rétt til að mega skifta um skip.

Aths. 2. Burtfarartími frá Kaupmannahöfn og Reykjavík er fast ákveðinn, og fara skipin frá Kaupmannahöfn kl. 9 árdegis, en frá Reykjavík kl. 6 síðdegis. Að því, er millistöðvarnar snertir, er sá tími tiltekinn, er skipin mega fara í fyrsta lagi, en farþegar mega vera við því búnir, að það kunni að verða síðar. Viðstaðan á millistöðvunum er höfð sem allra stytzt, verði þangað annars komizt fyrir veðurs sakir eða íss.

áætlun

hafnar, Leith, Færeyja og Íslands 1904 og 1905

höfn til Íslands.

10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.	18.	19.	20.
Ceres	Laura	Vesta	Ceres	Laura	Vesta	Ceres	Laura	Vesta	Laura	Vesta
18 júní	4 júlí	20 júlí	26 júlí	11 ág.	5 sept.	14 sept.	28 sept.	14 okt.	12 nóv.	28 nóv.
22 —	8 —	24 —	30 —**	15 —	9 —	1 —	2 okt.	18 —	16 —	2 des.
24 júní*	10 júlí*	. .	. .	. .	11 sept.*	. .	4 okt.*	. .	18 nóv.*	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	28 júlí	. .	. .	13 sept.	. .	. .	22 okt.	. .	7 des.
. .	. .	29 —	11 ág.	. .	13 —	. .	. .	23 —	. .	. .
. .	. .	29 —	. .	. .	14 —	. .	. .	23 —	. .	. .
. .	. .	30 —	12 ág.	. .	15 —	23 sept,	. .	24 —	. .	7 des.
. .	. .	30 —	12 —	. .	. .	. .	. .	24 —	. .	. .
. .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .	. .	24 —	. .	. .
. .	. .	1 ág.	15 —	. .	. .	25 sept.	. .	27 —	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	27 —	. .	. .
. .	. .	1 ág.	15 ág.	. .	. .	26 sept.	. .	28 —	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	28 —	. .	. .
. .	. .	2 ág.	16 ág.	. .	. .	27 sept.	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	2 ág.	. .	. .	. .	. .	. .	29 okt.	. .	. .
. .	. .	3 —	18 ág.	. .	. .	29 sept.	. .	31 —	. .	. .
. .	. .	3 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	18 ág.	. .	. .	. .	. .	1 nóv.	. .	. .
. .	. .	4 ág.	18 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	4 —	19 —	. .	. .	. .	. .	2 nóv.	. .	. .
. .	. .	4 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	5 —	. .	. .	. .	30 sept.	. .	3 nóv.	. .	. .
29 júní	14 júlí	7 ág.	22 ág.	20 ág.	18 sept.	3 okt.	9 okt.	4 —	22 nóv.	12 des.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	12 okt.	. .	26 nóv.	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	27 nóv.	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	28 —	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	29 —	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	14 okt.	. .	1 des.	. .

Aths. 3. Í Vestmannaeyjum er komið við í hverri ferð sunnan um land, út og utan, ef kringumstæður leyfa. Eftir komu skipanna frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, verður auk þess farið til Hafnarfjarðar (nema í 12. ferð), ef skipið hefir nægan flutning þangað. Í sömu ferðum og með sömu skilyrðum fer skipið til Akraness, ef kringumstæður leyfa og næg ástæða þykir (ekki í 12. ferð).

* *) **Frá Klaksvík beint til Reykjavíkur, kemur þangað 5. ágúst, fer þaðan aftur 9. ágúst sunnan um land til Eskifjarðar.**

Frá Íslandi til

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
	Laura	Ceres	Vesta	Laura	Laura	Vesta	Ceres	Laura	Vesta
Frá Vesturl.									
Frá Ísafirði . . .	3 febr.	18 marz	. .	. .	25 apríl	. .	13 maí	13 júní	. .
— Dýrafirði . . .	. . .	19 —	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .
— Arnarfirði . .	4 febr.	19 —	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .
— Patreksfirði .	. .	20 —	. .	. .	. .	. .	14 —	. .	. .
— Flatey	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Stykkishólmi .	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
í Reykjavík	6 febr.	23 —	. .	. .	27 apríl	. .	17 maí	15 júní	. .
Frá Reykjavík . .	10 febr.	26 marz	24 marz	18 marz	29 apríl	7 maí	18 maí	17 júní	1 júlí
— Stykkishólmi .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	2 —
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	2 —
— Patreksfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Arnarfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	8 maí	. .	. .	3 júlí
— Dýrafirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	8 —	. .	. .	. .
— nundarfirði .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	3 júlí
— Ísafirði	. .	. .	. .	. .	. .	10 maí	. .	. .	4 —
— Reykjarfirði .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Borðeyri . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Blönduósi . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	4 júlí
— Skagaströnd .	. .	. .	. .	. .	. .	10 maí	. .	. .	. .
— Sauðárkróki .	. .	. .	. .	. .	. .	11 —	. .	. .	5 júlí
— Siglufirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	11 —	. .	. .	. .
— Eyjafirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .	7 júlí
— Húsavík	. .	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .
— Vopnafirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	8 júlí
— Seyðisfirði . .	. .	29 marz	. .	. .	2 maí	14 maí	21 maí	. .	9 —
— Norðfirði . . .	. .	29 —	. .	. .	2 —	. .	21 —	. .	9 —
— Eskifirði . . .	. .	30 —	. .	. .	2 —	. .	22 —	. .	. .
— Fáskrúðsfirði .	. .	30 —	. .	. .	3 —	. .	22 —	. .	9 júlí
— Berufirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	22 —	. .	. .
— Klaksvík . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Þórshöfn . . .	. .	. .	27 marz*	. .	5 maí*	. .	24 maí*	20 júní*	. .
— Leith	16 febr.	4 apríl	30 marz	24 marz	8 —	19 maí	27 —	22 júní	14 júlí
— Christianssand	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
í Kaupmannahöfn	21 febr.	8 apríl	4 apríl	28 marz	12 maí	23 maí	31 maí	26 júní	17 júlí

Aths. 4. Með skipunum, sem fara norður um land, verður því að eins tekið við flutningi til Reykjavíkur, ef rúmið verður eigi fylt flutningi til annara hafna á Islandi.

Aths, 5. Fyrirmuni ís eða veðrátta skipunum að komast inn á hina tilteknu viðkomustaði, verður farþegum hleypt á land í næstu höfn, sem komist verður inn á; vilji þeir heldur verða með skipinu til annarar hafnar, mega þeir það. Fargjaldi verður engum skilað aftur, þegar slíkt kemur fyrir, og fæðispeninga verða farþegar að greiða, meðan þeir eru með skipinu. Þegar þannig tekst til, verður farið eins með flutning, og ráða skipstjórar, hvort þeir skipa honum á land á næstu höfn, sem komist verður inn á, eða hafa hann með sér lengra í því skyni að skila honum í bakaleiðinni.

Kaupmannahafnar.

10.	11.	12.	13.	14	15.	16.	17.	18.	19.	20.
Ceres	Laura	Vesta	Ceres	Laura	Vesta	Ceres	Laura	Vesta	Laura	Vesta
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	16 okt.	. .	2 des.	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	16 —	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	17 —	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	21 okt.	. .	4 des.	. .
6 júlí	20 júlí	12 ág.	26 ág.	29 ág.	23 sept.	10 okt.	24 okt.	8 nóv.	8 des.	17 des.
. .	. .	13 —	. .	30 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	13 —	. .	30 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	14 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	31 ág.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	14 ág.	. .	31 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	15 ág.	. .	2 sept.	. .	12 okt.	. .	. .	. .	. .
. .	. .	15 —	. .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	15 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	2 sept.	. .	14 okt.	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	15 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	16 ág.	. .	3 sept.	. .	16 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	17 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	18 ág.	. .	5 sept.	. .	20 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	18 —	. .	. .	. .	20 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	5 sept.	. .	21 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	20 ág.	. .	7 —	. .	23 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	7 —	. .	23 —	. .	. .	. .	. .
. .	. .	20 ág.	. .	8 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	20 —	. .	8 —	. .	24 okt.	. .	. .	. .	. .
. .	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
9 júlí	. .	. .	. .	10 sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
9 —	. .	. .	. .	11 —	26 sept.*	25 okt.*	. .	. .	. .	20 des.
12 júlí	25 júlí	25 ág.	31 ág.	14 —	29 —	28 —	31 okt.	14 nóv.	14 des.	23 —
. .	. .	. .	. .	. .	. .	31 —	. .	17 —	. .	. .
15 júlí	29 júlí	29 ág.	4 sept.	18 —	5 okt.	2 nóv.	4 nóv.	19 —	19 —	29 des.

Nd. **440. Ferða-**

fyrir strandferðaskipin

Vestur

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Reykjavík	15 apríl	13 maí	10 júní	23 júlí	25 ágúst	26 septb.
— Akranesi	.. ..	.. ..	10 —	23 —	25 —	.. ..
— Hafnarfirði	.. ..	13 —	.. ..	23 —	.. ..	.. ..
— Búðum	15 —	13 —	10 —	.. ..	.. ..	26 —
— Hellissandi	15 ..	.. ..	.. ..	.. ..	.. ..	27 ..
— Ólafsvík	15 —	13 —	10 —	23 —	26 —	27 —
— Grundarfirði	.. ..	.. ..	11 —	24 —	.. ..	.. ..
— Stykkishólmi	16 —	14 —	11 —	24 —	26 —	27 —
— Hvammsfirði	.. ..	15 —	12 —	25 —	27 —	.. ..
— Skarðstöð	.. .	.. ..	12 —	25 —	.. ..	.. ..
— Flatey	16 —	15 —	12 —	25 —	27 —	27 —
— Breiðavík	.. ..	.. ..	.. ..	26 —	27 —	.. ..
— Patreksfirði	17 —	16 —	13 —	26 —	28 —	28 —
— Tálknafirði	17 —	.. ..	13 —	26 —	.. ..	.. ..
— Bíldudal (Arnarfirði)	18 —	16 —	14 —	26 —	28 —	29 —
— Dýrafirði	18 —	17 —	14 —	27 —	29 —	29 —
— nundarfirði	18 —	17 —	14 —	27 —	29 —	30 —
— Súgandafirði (Suðureyri)	.. ..	.. ..	14 —	27 —	.. ..	.. ..
— Bolungarvík	18 —	.. ..	14 —	.. ..	.. ..	.. ..
— Ísafirði	20 —	18 —	16 —	29 —	30 —	2 októb.
— Aðalvík	.. ..	18 —	16 —	29 —	.. ..	.. ..
— Höfn	.. ..	.. ..	.. ..	.. ..	30 —	.. ..
— Norðfirði	.. ..	18 —	.. ..	29 —	.. ..	2 —
— Reykjarfirði	20 —	.. ..	16 —	.. ..	30 —	.. ..
— Steingrímsfirði	21 —	19 —	16 —	30 —	31 —	3 —
— Bitrufirði	21 —	.. ..	17 —	30 —	31 —	.. ..
— Borðeyri	23 —	21 —	19 —	1 ágúst	1 septb.	5 —
— Hvammstanga	23 —	21 —	19 —	1 —	1 —	5 —
— Blönduós	24 —	21 —	19 —	1 —	1 —	5 —
— Skagaströnd	24 —	21 —	19 —	1 —	1 —	5 —
— Kálfshamarsvík	.. ..	.. ..	20 —	.. ..	2 —	.. ..
— Sauðárkróki	25 —	22 —	20 —	2 —	2 —	6 —
— Kolkuós	.. ..	.. ..	20 —	2 —	.. ..	.. ..
— Hofsós	25 —	22 —	20 —	2 —	2 —	.. ..
— Haganesvík	25 —	.. ..	.. ..	2 —	2 —	.. ..
— Siglufirði	25 —	22 —	20 —	3 —	2 —	6 —
— Ólafsfirði	.. ..	22 —	21 —	.. ..	2 —	.. ..
— Dalvík	26 —	.. ..	21 —	3 —	2 —	6 —
— Hrísey	.. ..	23 —	.. ..	3 —	3 —	.. ..
— Hjalteyri	26 —	23 —	21 —	3 —	3 —	6 —
á Akureyri	27 apríl	23 maí	22 júní	5 ágúst	4 septb.	8 októb.

Ath.s 1. Skipin fara frá Reykjavík og Akureyri kl. 9 árdegis. Á millistöðvunum er sá dagur ákveðinn, er skipin mega leggja á stað í fyrsta lagi; þó ber félagið enga ábyrgð á töfum, er fyrir kunna að koma.

Viðstaða á millistöðvum verður svo stutt, sem frekast verður komizt af með, þegar unt er að koma við á þeim á annað borð.

áætlun

á Íslandi 1904 og 1905

um land.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Akureyri	30 apríl	26 maí	1 júlí	8 ágúst	8 sept.	13 okt.
— Hjalteyri	30 —	26 —	1 —	8 —	8 —	13 —
— Hrísey	.. ..	26 —	.. ..	8 —	8 —	.. ..
— Dalvík	30 —	.. ..	1 —	8 —	8 —	13 —
— Ólafsfirði	.. ..	26 —	1 —	.. ..	8 —	.. ..
— Siglufirði	30 —	26 —	1 —	8 —	9 —	14 —
— Haganesvík	30 —	27 —	2 —	.. ..	9 —	.. ..
— Hofsós	1 maí	27 —	2 —	9 —	9 —	.. ..
— Kolkuós	.. ..	.. ..	2 —	9 —	.. ..	.. ..
— Sauðárkróki	1 —	27 —	2 —	9 —	9 —	14 —
— Kálfshamarsvík	.. ..	.. ..	3 —	.. ..	10 —	.. ..
— Skagaströnd	1 —	27 —	3 —	10 —	10 —	15 —
— Blönduósi	2 —	28 —	3 —	10 —	10 —	17 —
— Hvammstanga	2 —	28 —	4 —	10 —	10 —	18 —
— Borðeyri	4 —	30 —	6 —	12 —	12 —	21 —
— Bitrufirði	4 —	.. ..	6 —	12 —	.. ..	.. ..
— Steingrímsfirði	4 —	30 —	6 —	12 —	12 —	23 —
— Reykjarfirði	4 —	.. ..	6 —	.. ..	12 —	.. ..
— Norðfirði	.. ..	.. ..	.. ..	12 —	.. ..	24 —
— Höfn	.. ..	.. ..	.. ..	.. ..	12 —	.. ..
— Aðalvík	.. ..	31 —	7 —	13 —	.. ..	.. ..
— Ísafirði	6 —	1 júní	9 —	15 —	14 —	26 —
— Bolungavík	.. ..	1 —	.. ..	15 —	.. ..	.. ..
— Súgandafirði (Suðureyri)	.. ..	.. ..	9 —	15 —	.. ..	.. ..
— Önundarfirði	6 —	1 —	9 —	15 —	14 —	26 —
— Dýrafirði	6 —	1 —	9 —	15 —	14 —	26 —
— Bíldudal (Arnarfirði)	7 —	2 —	9 —	16 —	15 —	27 —
— Tálknafirði	.. ..	.. ..	10 —	16 —	15 —	.. ..
— Patreksfirði	7 —	2 —	10 —	17 —	16 —	28 —
— Breiðavík	.. ..	.. ..	10 —	17 —	.. ..	.. ..
— Flatey	8 —	2 —	11 —	18 —	16 —	28 —
— Skarðsstöð	.. ..	.. ..	11 —	18 —	.. ..	.. ..
— Hvammsfirði	.. ..	.. ..	12 —	19 —	.. ..	.. ..
— Stykkishólmi	8 —	3 —	12 —	19 —	17 —	30 —
— Grundarfirði	.. ..	.. ..	13 —	20 —	.. ..	.. ..
— Ólafsvík	8 —	3 —	13 —	20 —	17 —	30 —
— Hellissandi	9 —	.. ..	.. ..	.. ..	17 —	.. ..
— Búðum	.. —	.. ..	13 —	.. ..	17 —	.. ..
— Hafnarfirði	.. —	3 —	.. ..	.. ..	17 —	.. ..
— Akranesi	.. —	.. ..	14 —	20 —	18 —	.. ..
í Reykjavík	10 —	5 —	16 —	21 —	20 sept.	1. nóv.

Það skal skýrt tekið fram, að á Búðum, Ólafsvík, Blönduósi, Haganesvík, Grímsey, Kópaskeri, Hornafirði og Vík verður því að eins komið við, að kringumstæður leyfi.

Austur

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Frá Reykjavík	15 apríl	16 maí	10 júní	9 júlí	7 ágúst	4 sept.	3 okt.
— Hafnarfirði	.. ..	16 —	10 —	9 —	7 —	4 —	.. ..
— Keflavík	.. ..	16 —	10 —	9 —	7 —	4 —	.. ..
— Stokkseyri	.. ..	16 —	10 —	9 —	7 —	4 —	.. ..
— Vestmannaeyjum	15 —	16 —	11 —	9 —	7 —	4 —	3 —
— Vík	15 —	16 —	11 —	10 —	8 —	4 —	.. ..
— Hornafirði	16 —	17 —	12 —	10 —	8 —	5 —	.. ..
— Djúpavog	17 —	18 —	12 —	11 —	9 —	5 —	5 —
— Breiðdalsvík	17 —	18 —	12 —	11 —	9 —	6 —	5 —
— Stöðvarfirði	.. ..	.. ..	13 —	11 —	9 —	.. ..	.. ..
— Fáskrúðsfirði	18 —	19 —	13 —	12 —	10 —	6 —	6 —
— Reyðarfirði	18 —	19 —	13 —	12 —	10 —	6 —	6 —
— Eskifirði	18 —	19 —	14 —	12 —	10 —	7 —	7 —
— Norðfirði	19 —	20 —	14 —	13 —	11 —	7 —	7 —
— Mjóafirði	19 —	20 —	14 —	13 —	11 —	7 —	7 —
— Seyðisfirði	21 —	22 —	16 —	15 —	13 —	10 —	10 —
— Loðmundarfirði	.. ..	22 —	16 —	.. ..	.. ..	.. ..	.. ..
— Borgarfirði	21 —	22 —	16 —	15 —	13 —	10 —	10 —
— Unaós	.. ..	.. ..	16 —	16 —	.. ..	.. ..	.. ..
— Vopnafirði	21 —	22 —	17 —	15 —	13 —	10 —	10 —
— Bakkafirði	21 —	23 —	17 —	.. ..	14 —	.. ..	11 —
— Gunnólfsvík	.. ..	23 —	.. ..	.. ..	14 —	.. ..	.. ..
— Þórshöfn	22 —	23 —	17 —	16 —	.. ..	11 —	.. ..
— Raufarhöfn	.. ..	23 —	18 —	16 —	14 —	12 —	.. ..
— Kópaskeri	.. ..	24 —	18 —	.. ..	15 —	12 —	.. ..
— Húsavík	23 —	24 —	18 —	17 —	15 —	12 —	12 —
— Flatey	.. ..	24 —	19 —	17 —	15 —	.. ..	.. ..
— Grímsey	.. ..	.. ..	19 —	.. ..	.. ..	12 —	.. ..
— Grenivík	.. ..	24 —	19 —	17 —	16 —	13 —	12 —
— Svalbarðseyri	.. ..	.. ..	20 —	18 —	16 —	13 —	.. ..
á Akureyri	25 apríl	25 maí	21 júní	19 júlí	18 septb.	14 sept.	14 —

Aths. 2. Takist skipunum eigi að komast á ákveðinn viðkomustað, verður farþegum skotið á land á næstu höfn, sem komizt verður á, nema þeir óski fremur að verða með skipinu til annarar hafnar. Engum verður þó skilað aftur fargjaldi, þegar svo vill til.

Á sama hátt fer um flutning, þegar svona stendur á. Skipstjórum er í sjálfs vald sett að flytja hann á land í næstu höfn, er komizt verður inn á, eða láta hann vera kyrran í skipinu, í því skyni að skila honum í afturleiðinni, ef þess verður kostur.

um land.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Frá Akureyri	30 apríl	29 maí	25 júní	24 júlí	21 ágúst	18 septb.	20 októb.
— Svalbarðseyri	.. ..	.. ..	25 —	24 —	21 —	18 —	20 —
— Grenivík	.. ..	29 —	25 —	24 —	21 —	18 —	.. ..
— Grímsey	.. ..	.. ..	25 —	.. ..	.. ..	18 —	.. ..
— Flatey	.. ..	.. ..	25 —	25 —	21 —	.. ..	.. ..
— Húsavík	30 —	29 —	26 —	25 —	22 —	19 —	21 —
— Kópaskeri	1 maí	30 —	26 —	25 —	22 —	19 —	.. ..
— Raufarhöfn	.. ..	30 —	26 —	26 —	23 —	.. ..	.. ..
— Þórshöfn	1 —	30 —	26 —	.. ..	23 —	19 —	21 —
— Gunnólfsvík	.. ..	30 —	. ..	.. ..	23 —	.. ..	.. ..
— Bakkafirði	.. .	31 —	27 —	.. ..	23 —	19 —	22 —
— Vopnafirði	2 —	31 —	27 —	26 —	24 —	20 —	22 —
— Unaós	.. ..	.. ..	27 —	26 —	.. ..	.. ..	.. ..
— Borgarfirði	2 —	31 —	27 —	27 —	24 —	20 —	23 —
— Loðmundarfirði	.. ..	.. ..	27 —	.. ..	24 —	.. ..	.. ..
— Seyðisfirði	4 —	2 júní	29 —	29 —	26 —	23 —	25 —
— Mjóafirði	4 —	2 —	29 —	29 —	26 —	23 —	25 —
— Norðfirði	4 —	2 —	29 —	29 —	26 —	23 —	25 —
— Eskifirði	5 —	2 —	30 —	30 —	27 —	24 —	26 —
— Reyðarfirði	5 —	3 —	30 —	30 —	27 —	24 —	26 —
— Fáskrúðsfirði	6 —	3 —	30 —	30 —	27 —	25 —	27 —
— Stöðvarfirði	.. ..	.. ..	1 júlí	31 —	28 —	25 —	27 —
— Breiðdalsvík	6 —	3 —	1 —	31 —	28 —	25 —	28 —
— Djúpavogi	7 —	4 —	1 —	31 —	28 —	26 —	28 —
— Hornafirði	7 —	4 —	1 —	31 —	28 —	27 —	.. ..
— Vík	7 —	4 —	2 —	1 ágúst	29 —	.. ..	.. ..
— Vestmannaeyjum	8 —	5 —	2 —	1 —	29 —	27 —	29 —
— Stokkseyri*	.. ..	5 —	2 —	1 —	29 —	.. ..	.. ..
— Keflavík	.. ..	.. ..	3 —	2 —	30 —	28 —	30 —
í Reykjavík	10 maí	6 júní	4 júlí	3 ágúst	31 ágúst	29 septb.	31 októb.

Nd. **441. Breytingartillaga**

við 1. breytingartillögu á þingskjali 421. (Frá fjárlaganefndinni).

Í stað orðanna: »Til organleikara -- — 500 — 500» komi: Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík, til þess að leika á orgelið við prestsvígslur og alþingissetningar 100 — 100. Athugasemdin falli burt.

Nd. **442. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá fjárlaganefndinni.

Við 14. gr. A. 1. c. fyrir: »4500 — 4500
komi: 5000 — 5000.

Nd. **443. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1904 og 1905.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Ólafur Ólafsson, Pétur Jónsson, Björn Kristjánsson, Hannes Þorsteinsson, Guðl. Guðmundsson.

Við 13. gr. A. b. eftir 7. lið komi nýr 8. liður svo hljóðandi:

Til síra Magnúsar Þ. Magnússonar til þess að halda uppi ísl. guðsþjónustu í Kaupmannahöfn tvisvar á mánuði og til líknarstarfsemi meðal Íslendinga þar..... 250 kr. — 250 kr.

Nd. **444. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög um stofnun landsbanka frá 18. sept. 1885.

Nefndin er samdóma flutningsmönnum frumvarpsins um það, að eitthvað verði til bragðs að taka til þess að auka peningamagnið í landinu, ef svo kynni að fara, að ekki yrði úr stofnun hlutafélagsbanka þess, sem gjört er ráð fyrir í lögum nr. 11 frá 7. júní 1902.

En peningamagnið í landinu verður, ef svo fer, naumast aukið með öðru móti en því, að gefið verði út meira af seðlum.

Og kemur þá til skoðunar, á hvern hátt eigi að auka seðlafúlgu bankans. Það væri nú að vísu kostnaðarminst fyrir bankann og þá um leið fyrir þá, sem nota bankann, að gefið væri út meira af óinnleysanlegum seðlum. En nefndin getur þó með engu móti ráðið til þess, enda væri ekki takandi í mál að auka þá um meira en 250,000 kr. í hæsta lagi, og sú aukning hrykki skamt; hún mundi hvergi nærri duga til næsta þings. En þá er ekki annar vegur fær en að heimila landsbankanum að gefa út innleysanlega seðla, auk seðla þeirra, er hann nú notar.

Það má nú að vísu segja, að ekki fari fullkomlega vel á því, að sami bankinn noti bæði innleysanlega og óinnleysanlega seðla, en nefndin hyggur þó, að við það megi að minsta kosti una til bráðabirgða, með því fyrirkomulagi, sem gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, því sem sé, að stofnuð verði sérstök deild í bankanum fyrir hina innleysanlegu seðla.

Hvað upphæð hinnar nýju seðlafúlgu snertir, þá álítur nefndin, að hún megi eigi vera öllu minni en farið er fram á í frumvarpinu, sérstaklega ef stofnuð verða jafnframt útibú á Ísafirði og Seyðisfirði, svo sem nefndin ætlast til. En það er hvorttveggja, að nefndin býst við að slík aukning mundi duga til næsta þings, enda þýðir lítið að gjöra ráð fyrir meiri seðlaupphæð en landsbankinn er fær um að tryggja, og nefndin getur, eftir þeim upplýsingum, sem hún hefir aflað sér, ekki búist við því, að landsbankinn geti, að svo stöddu, lagt fram meira tryggingarfé en alt að $^1/_2$ miljón króna. Hinsvegar býst nefndin við því, að veltufé bankans verði eigi skert, svo sem nefndin og væntir þess, að bankinn verði sér úti um tryggingarféð með hæfilegum kjörum, taki t. d. ekki dýrara lán né skemra en svo, að 6% hrökkvi í vexti og árlega afborgun.

Að því, er stjórn og annað fyrirkomulag deildarinnar snertir, þá er nefndin á þeirri skoðun, að sitja megi við þar að lútandi ákvæði frumvarpsins, enda eru þau sniðin eftir samskonar ákvæðum um veðdeildina.

Annars býst nefndin við því, að bankamálið verði tekið til rækilegrar íhugunar á næsta þingi, svo framarlega sem hlutafélagsbankinn ekki kemst á. Þessu frumvarpi er að eins ætlað að vera nokkurskonar varaskeifa, ef ekki verður úr stofnun hans.

Með þessum orðum leyfir nefndin sér að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt að efni til, en með eftirfarandi orðabreytingum:

1. Fyrirsögnin orðist svo:
Frumvarp til laga um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík.
2. Við 1. gr.
Í stað: »sérstaka deild« komi: seðladeild.

Neðri deild alþingis 10. ág. 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður.	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.	Guðl. Guðmundsson.
Hannes Þorsteinsson.	Björn Kristjánsson.	

Nd. **445. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891. Frá bankanefndinni.

Bókarinn við landsbankann skal hafa 3500 kr. árslaun, talið frá 1. janúar 1904.

Nd. **446. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um brúargjörð á Héraðsvötn. Frá samgöngumálanefndinni.

Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir að brúa 2 af stórám landsins, Lagarfljót og Jökulsá í Öxarfirði, og landssjóði mun vera fullkomlega ofvaxið að brúa fleiri ár á fjárhagstímabilinu.

Þegar af þessari ástæðu rekur engin nauðsyn til að samþykkja frumvarpið nú þegar.

Nefndin getur því ekki ráðið til að frumvarpið verði samþykt að svo stöddu, og leyfir sér jafnframt að leiða athygli háttv. deildar að því, að einkar ákjósanlegt og enda nauðsynlegt væri, að útvegað yrði yfirlit yfir allar þær brúargjörðir í landinu, er komið gæti til mála, að landssjóður stæði straum af, áður en ráðist væri í nýjar brúargjörðir. Hinsvegar telur nefndin ekki ólíklegt, að þessi brú verði þá látin standa framarlega.

Neðri deild alþingis 7. ágúst 1903.

Hannes Hafstein,	Magnús Andrésson.	Lárus H. Bjarnason,
formaður.	Guðl. Guðmundsson.	skrif. og framsögumaður.
Olafur Thorlacius.	Jón Magnússon.	Einar Þórðarson.

Ed.

447. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Vér undirritaðir, er hin hv. Ed. hefir kosið til að íhuga nefnt frumvarp, viljum hér með skýra frá áliti voru á þessa leið:

Að því, er snertir aðalafrakstur hvalveiðanna hvallýsið, þá er útflutningsgjaldið af því ákveðið í frv. þessu ferfalt við það, sem það nú er, og blandast engum okkar hugur um, að þetta er langt of hátt; á hinn bóginn ætlar nefndin, að þótt ætíð sé ísjárvert að hækka mjög mikið gjöld þau, sem nýlega hafa verið lögð á einhvern atvinnuveg, og sem þeir, er hann stunda, hafa mátt búast við að mundu standa óbreytt um sinn, að gjaldið mætti þó vera töluvert hærra en nú er ákveðið. Það er alment álitið, að atvinna sú, er hér ræðir um, sé mjög arðsöm, ef hún hepnast, og nefndin verður að ætla að skoðun þessi hafi nokkuð til síns máls, þótt erfitt sé um slíkt að dæma, því að eðlilegt er, að fyrirtæki, sem rekin eru með miklu fé og miklum dugnaði, gefi mikinn afrakstur, hvaða atvinnu, sem um er að ræða. Hún vill því leggja það til, að gjald þetta sé hækkað jafnvel svo, að það verði tvöfalt hærra en það er nú, og verður útflutningsgjaldið af hvallýsi þá meir en þrefalt hærra en af öðru lýsi, en lengra getur meiri hluti nefndarinnar með engu móti farið, hvort sem lítið er til hagsmuna landssjóðsins og þjóðarinnar út af fyrir sig, eða til þess, hvað hæfilegt er gagnvart atvinnurekendum þeim, er hlut eiga að máli.

Að því er hina aðra liði frv. snertir, þá er þess að geta, að það eru að eins fáir af þeim mönnum, er reka hvalveiðar hér við land, sem hefir þótt það að undanförnu svara kostnaði, að búa til hvalkjötsmjöl, guano og beinamjöl, og sagt er að einn hinn helzti þeirra hafi hætt því í vor; það er því sýnilegt, að aukið gjald á þessar vörugreinir mundi verða miklu fremur til þess að minka tekjur landssjóðsins af þeim en auka þær; vér verðum því að leggja á móti því að hækka nokkuð útflutningsgjald það, er nú hvílir á þeim.

Breytingartillögur vorar verða því sem hér segir:

1. 1. gr. orðist svo: Af hverri tunnu hvallýsis skal greiða útflutningsgjald 1 kr.

2. 2. gr. falli burt.

3. 3. gr. verði 2. gr.

Alþingi 10. ág. 1903.

Guðjón Guðlausson, formaður.	Eiríkur Briem. skrifari og framsögumaður.	Guttormur Vigfússon.

Ed. **448. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um varnir gegn berklaveikinni. Frá nefndinni.

Við 5. gr. Á eftir »samkomuhúsum« komi: (Salon).

Ed. **449. Frumvarp**

til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá maður eða félag, sem gerir út þilskip til veiðiskapar eða vöruflutninga, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skip, fyr en skoðunargerð hefir fram farið eftir lögum þessum.

2. gr. Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera svo margir skipaskoðunarmenn, er þurfa þykir. Lögskráningarstjóri útnefnir skoðunarmennina, og ákveður starfsvæði þeirra, og skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo hæfir til starfans, sem föng eru á.

Nú vill skipsútgerðarmaður fá skoðunargjörð framkvæmda, og skal hann þá snúa sér til skipskoðunarmanns á þeim stað, er skipið á að leggja út frá, með skriflegri beiðni um skoðunina, og jafnframt skýra frá, hve margir skipverjar er ætlazt til að verði á skipinu; skal hann sjá um, að skoðun fram fari tafarlaust.

Skoðunargjörðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, og kjósa þeir sér oddamann, ef ágreiningur verður.

Að skoðunargjörðinni lokinni senda skipaskoðunarmennirnir lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans bréflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður krafizt, að þeir eiðfesti hana, ef þörf þykir.

3. gr. Álíti skipaskoðunarmenn, að skip sé þannig úr garði gjört, að lífi eða heilsu skipverja sé hætta búin, sakir þess hve skipið er veikbygt, eður og sakir fúa, eða annara galla, ónógra og gamalla segla, eða reiða, eða af því, að skipið hafi eigi svo trausta eða næga báta sem þörf krefur, þá má alls eigi lögskrá menn á slíkt skip, fyr en sannað er með vottorði skoðunarmanna, að bætt sé úr því, sem ábótavant þótti.

Nú virðist skoðunarmönnum að íbúðarrúm skipverja séu illa útbúin, of

lítil eða loftill fyrir þá tölu skipverja, sem ætlað er rúm í þeim, og má þá eigi lögskrá fleiri menn á skipið en skoðunarmenn meta, nema læknirinn í því læknishéraði telji það óhult.

4. gr. Fyrir skoðunargjörð ber hverjum skoðunarmanna 3 kr. fyrir hvert skip, er þeir skoða. Sama borgun ber og oddamanni, þegar hann er kvaddur til.

Gjöld þessi, sem og borgun til læknis, er hann skoðar íbúðarrúm skipa, greiðist af útgerðarmanni, og má taka þau lögtaki.

5. gr. Ef skoðunargjörð sú, er þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa, eða önnur hérlend þilskipaábyrgðarfélög, láta árlega fram fara, að því er skip þau snertir, sem í sjóábyrgð eru, fullnægir skilyrðum laga þessara, þá er landstjórninni heimilt að samþykkja, að skoðunargjörð sú, er téð félög láta fram fara, komi í stað skoðunargjörðar þeirrar, er lög þessi mæla fyrir um.

6. gr. Brot gegn lögum þessum varða alt að 1000 kr. sektum, nema þyngri hegning liggi við eftir hegningarlögunum.

7. gr. Mál, sem rísa út af broti gegn lögum þessum, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd. **450. Frumvarp**

til laga um þingsköp til bráðabirgða fyrir alþingi. (Eftir 3. umr. í Ed).

Breytingar þær á þingsköpum alþingis, eins og þau eru sett með lögum 7. apríl 1876, er leiða af stjórnarskipunarlögum um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, þá er þau ganga í gildi, má til bráðabirgða ákveða með konunglegri tilskipun.

Ed. **451. Frumvarp**

til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill almennings eða einstaklings í hættu.

2. gr. Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum:

a., ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þinginu hafi verið gefinn kostur á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og ef hann lætur farast fyrir að bera upp fyrir konungi lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum.

b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu

ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir.

c. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

3. gr. Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

a. með því leggja fyrir konung til undirskriftar ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt.

b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

4. gr. Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað almenningi eða einstaklingi við tjóni, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

5. gr. Brot gegn 2. gr. varða embættismissi eða sektum frá 500—5000 kr. ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

6. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

7. gr. Hafi ráðherrann bakað hinu opinbera eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

8. gr. Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstiréttur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum, eftir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland

Nd. **452. Frumvarp**

til laga um fólksinnflutninga til Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 5,000 kr. til þess að greiða fyrir innflutningi útlendinga til Íslands, einkum frá Norðurlöndum.

2. gr. Þeim innflytjendum, er setjast vilja að á Íslandi og byrja þar búskap, má stjórnin veita til eignar og umráða ákveðna tölu dagsláttna af óræktuðu landi á íslenzkum þjóðjörðum, sér í lagi eyðijörðum, samkvæmt ákveðnum reglum, sem stjórnin sjálf setur og auglýsir fyrir fram.

3. gr. Sé eigi $^1/_4$ þess lands, sem stjórnin hefir útmælt hverjum einstökum innflytjanda, ræktaður eða undirbúinn til ræktunar á fimm ára fresti, skal innflytjandinn hafa fyrirgert eignarrétti sínum til þess, og verður landið þá aftur eign landssjóðs, án þess að innflytjandinn geti krafizt nokkurs endurgjalds fyrir þær jarðabætur, er hann kann að hafa gert á því.

Nd. **453. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Islands. (Eftir síðari umr. Ed.)

Alþingi skorar á stjórnina að gera ráðstafanir til að laða útlendinga, einkum frá Norðurlöndum, til þess að flytja til Íslands og setjast þar að, meðal annars með því,

að gefa út á útlendum tungum og breiða út smáritlinga um Ísland, landslag þess, loftslag, atvinnuvegi og framtíðarskilyrði, prýdda myndum af nafnkunnum stöðum;

að tryggja innflytjendum sérstaka ívilnun á fargjaldi til Íslands;

að bjóða innflytjendum, einkum fjölskyldumönnum, ákveðna tölu dagslátta af óræktuðu landi til eignar og umráða, með því skilyrði, að eignarréttinum sé fyrirgert og það verði aftur eign landsins, sé eigi $^1/_4$ þess ræktaður eða undirbúinn til ræktunar innan 5 ára.

Ed. **454. Frumvarp**

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. (Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Það skal eftirleiðis vera skylda að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er fiskiveiðar stunda á þilskipum hér við land, á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, er til fiskiveiða ganga, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1.

gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar og skal hann svo fljótt sem unt er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr. Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 15 aurum fyrir hverja viku vetrarvertíðar, sem hann er á skipinu, og 10 aura fyrir hverja viku vorvertíðar og sumarvertíðar, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína, gegn endurgjaldi af hlut þeirra eða kaupi, en auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins helming á móts við gjald skipverjanna allra, og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Vátryggingargjaldið má taka lögtaki

4. gr. Gjaldi því, sem kemur inn samkvæmt 3. gr., skulu skráningarstjórar skila í vátryggingarsjóð, sem stjórnað skal undir yfirumsjón landsstjórnarinnar af nefnd, er skipuð skal 3 mönnum. Kýs fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins tvo nefnd armanna, en fjölmennasta hásetafélag einn þeirra; landsstjórnin skal staðfesta kosningu mannanna. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn maður í hans stað, en endurkjósa má þó hinn sama. Deyi nefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin mann til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til lögleg kosning getur fram farið á nýjum nefndarmanni. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, og fyrirskipar þá nýja kosningu sem fyrst. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr. Nú drukknar sjómaður eða deyr af slysförum á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir, samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina, er á hans vegum voru eða höfðu framfæri sitt hjá honum, 100 kr. á ári næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, greiðist árgjaldið þeim, sem maðurinn hefir ákveðið fyrir skráningarstjóra eða í lögmætri erfðaskrá, að þess skuli njóta, en hafi hann enga ákvörðun gjört í þessu tilliti, eignast vátryggingarsjóður upphæðina

6. gr. Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrökkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, ef hagur sjóðsins batnar.

7. gr. Þá er nefnd sú, er 4. gr. ræðir um, er kosin, ákveður landsstjórnin með reglugjörð, er samin skal að fengnum tillögum nefndarinnar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed. **455. Breytingartillögur.**

við frv. til laga um túngirðingar. Frá nefndinni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna: »skal girðingarefni þetta kostað að öllu leyti af landssjóði« komi: skal verð fyrir girðingarefni þetta að öllu leyti lagt fram af landssjóði.
2. — 12. — Eftir »2—10 kr. sekt« bætist inn í: auk skaðabóta.
3. — — — Fyrir orðin »ábúanda« komi: uppljóstrarmanns.

4. — 16. — »Með mál út af þessu« o. s. frv, aftast í síðari málsgr., falli burt.
5. Eftir — — komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi.

17. gr. Með mál út af brotum, sem ræðir um í 12., 13. og 16. gr., skal farið sem með opinbert lögreglumál.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

Ed. **456. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 6, 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega. Frá nefndinni í vegamálinu.

Aftan við frumvarpsgr. bætist: »Þetta ákvæði nær og til þeirra flutningabrauta, er gjörðar hafa verið síðan áminst lög 12. jan. 1900 gengu í gildi.

Nd. **457. Frumvarp**

til laga um landsdóm. Flutningsmenn: H. Hafstein, Lárus H. Bjarnason, Hermann Jónasson.

1. gr. Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík.

2. gr. Landsdómurinn rannsakar og dæmir mál þau, er alþingi lætur höfða á hendur ráðherranum, út af embættisrekstri hans eða á móti landritaranum, út af embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð.

3. gr. Forstjóri landsyfirréttarins er forseti landsdómsins Að öðru leyti er dómurinn skipaður þar til kjörnum mönnum. Kosningum í dóminn skal í fyrsta skifti hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn í landinu kýs svo marga innanhéraðs og innanbæjarmenn, sem hér segir:

Sýslunefndin í	Vesturskaftafellssýslu	kýs	2
———	- Rangárvallasýslu	—	4
———	- Vestmanneyjasýslu	—	1
———	- Árnessýslu	—	6
———	- Gullbr. og Kjósarsýslu	—	4
———	- Borgarfjarðarsýslu	—	2
———	- Mýrasýslu	—	2
———	- Snæfellsness og Hnappadalssýslu	—	3
———	- Dalasýslu	—	2
———	- Austur-Barðastrandarsýslu	—	1
———	- Vestur———————	—	2
———	- Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	2
———	- Norður———————	—	3
———	- Strandasýslu	—	2
———	- Húnavatnssýslu	—	4
———	- Skagafjarðarsýslu	—	4
———	- Eyjafjarðarsýslu	—	4
———	- Suður-Þingeyjarsýslu	—	4
———	- Norður———————	—	1

————	- Norður-Múlasýslu	— 3
————	- Suður- ———	— 4
————	- Austurskaftafellssýslu	— 1
Bæjarstjórnin	- Reykjavík	— 6
———	á Ísafirði	— 2
———	- Akureyri	— 2
———	- Seyðisfirði	— 1
	Af þessum samtals	/2

mönnum nefnir hvert hinna fjögurra amtsráða 3 úr tölu þeirra, er sýslunefndir amtsins og kaupstaður hafa kosið; síðan nefnir alþingi á fyrsta sameinaða fundi sínum aðra 12 menn frá, og verða þá eftir 4 tylftir. Þá lætur forseti sameinaðs þings taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum er eftir verða og eiga þeir setu í landsdóminum, þó þannig, að ákærði skal ryðja 12 úr dómi, svo að aldrei dæmi meira en ein tylft auk forseta. Hinir 24 skulu vera til vara, til þess að ganga í dóminn, ef einhver aðaldómendanna deyr, missir kjörgengi eða forfallast á annan löglegan hátt.

Dómurinn kýs sér skrifara úr sínum flokki.

4. gr. Enginn getur orðið fyrir kjöri í landsdóminn, sem:

a, er yngri en 40 ára eða eldri en 60 ára;

b, á sæti á alþingi;

e, hefir verið dæmdur fyrir verknað, sem er svívirðilegur að almenningsáliti;

d, hefir mist fjárráð;

e, hefir þegið af sveit og eigi annaðhvort endurgoldið styrkinn eða fengið eftirgjöf á honum

f, er öðrum háður sem hjú;

g, er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;

h, á heima í öðru landi.

5. gr. Nú á forseti landsyfirdómsins sæti á alþingi, og gengur þá 1. yfirdómi ari í hans stað. Sé svo og ástatt um 1. yfirdómara, gengur 2 yfirdómari í hans stað. Eigi allir dómarar landsyfirdómsins sæti á alþingi, kýs dómurinn sér forseta úr sínum flokki og gengst forseti landsyfirdómsins fyrir kosningunni. Síðan tekur hinn kosni forseti með hlutkesti einn úr varamönnunum í sinn stað.

6. gr. Nú deyr einhver hinna kosnu dómenda, missir kjörgengi eða forfallast á annan hátt, þannig, að hann getur ekki setið í dómnum lengur, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnunum og úr gengu, og eiga þeir eftir það sæti í dómnum sem dómendur. Forfallist dómandi eftir að ákærði hefir rutt dóminn, tekur forseti helmingi fleiri úr varamönnunum en úr gengu, enda ryður þá ákærði helmingnum af þeim, sem teknir voru. — Hlutkesti skal jafnan fara fram í viðurvist að minsta kosti þriggja af dómendum landsdómsins.

7. gr. Dómendur skipa dóminn meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum, en varamenn, 28 að tölu, skulu kosnir 5. hvert ár. Skal haga kosningunni samkvæmt 3. gr., að öðru leyti en því, að þá tekur forseti dómsins varamennina með hlutkesti úr þeim 4 tylftum, sem eftir verða er alþing hefir nefnt 12 frá.

8. gr. Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum, og endurgjald

fyrir ferðakostnað eftir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði.

9. gr. Ákvörðun alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gjörð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt útnefnir þingið mann til að sækja málið af sinni hendi.

10. gr. Söknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktunina í frumriti og staðfestu eftirriti. Forseti sendir ákærða eftirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn, enda ryðji ákærði dóminn tafarlaust. Gjöri ákærði það ekki, tekur forseti meðhlutkesti jafnmarga úr dóminum og ákærði mátti ryðja. Síðan kallar forseti dómendur saman með hæfilegum fresti, þó eigi lengri en 3 mánaða, og gefur jafnframt út stefnu á nendur ákærða með sama fresti, en söknari lætur birta ákærða stefnuna. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar.

Loks skipar forseti ákærða verjanda, og skal taka til þess mann, sem á heima á Íslandi. Rétt er að ákærði tilnefni manninn, ef hann vill.

11. gr. Sókn og vörn fer fram munnlega og í heyranda hljóði.

12. gr. Dómurinn á ekki þátt í því, að leiða vitni eða leita upplýsinga um kæruatriðin á annan hátt. Það er skylda söknarans að leita allra sannana, þar á meðal útskriftar úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, og svaramanns að færa fram alt það, er sýkna má ákærða eða mýkja málstað hans, enda er ákærða frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærða, foreldrar hans og tengdaforeldrar og fjarskyldari eða fjartengdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskyldari beint niður á við, systkyn og jafntengdar persónur verða ekki krafðar vitnisburðar um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaleiðslu.

13. gr. Sé hætt við því, að ákærði hyggi á undankomu, getur dómurinn úrskurðað honum gæzluvarðhald, en ekki má skerða frelsi ákærða frekar en brýn nauðsyn krefur.

14. gr. Þurfi að leita upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, tilnefnir dómarinn annaðhvort sérstakan dómara eða dómnefnd til þess, eða felur einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að standa fyrir rannsókninni. Jafnframt getur forseti sett menn í stað sækjanda og verjanda. Þegar svo á stendur sem hér er gert ráð fyrir, fer sókn og vörn fram skriflega, enda löggildi forseti bók í því skyni.

15. gr. Dómurinn fellir niður málið, ef söknari heldur því ekki viðstöðulaust áfram. Dragi svaramaður ákærða eða ákærði málið um skör fram, setur dómurinn þeim hæfilegan frest. Noti þeir ekki frestinn sem skyldi, tekur dómurinn málið upp til dóms.

16. gr. Dómur í málinu skal ganga innan 3 sólarhringa frá því að sókn og vörn var úti, enda sé svaramanni og ákærða gefinn kostur á að tala síðast.

Ákærða verður ekki gerð refsing né heldur verða skaðabætur lagðar á hann nema $^2/_3$ hl. dómenda séu á eitt sáttir.

Í dómnum skal ákveða söknara og svaramanni ríflega þóknun fyrir málfærsluna. Þóknun svaramanns má eigi vera minni en söknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eftir almennum reglum.

Dómurinn skal vera bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Söknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á venjulegan hátt.

Ed.

458. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr :

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur ogbreytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðaafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum.			
Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.			
Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	37,000	36,000	73,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1904 46,632 kr. 87 a. – —— 1905 46,011 — 18 – 92,644 kr. 05 a.			
Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár.			
Núverandi presti til Kirkjubæjarprestakalls veitist 200 króna árleg uppgjöf á afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_2$1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ...	7,500	7,500	15,000
Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skulu tveir þriðjungar 4,000 kr., eftirgefnir.			
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	als.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 .... Heimilt er að verja árgjaldi af Staðastaðarprestakalli, 300 krónum hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er talið 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 2,087,800 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 13,600 kr., og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

		1904.	1905.	alls
A.		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1 Laun embættismanna.....		18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl..		4,200	4,200	8,400
3. hin umoðslega endurskoðun:				
a. laun endurskoðanda.....	2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
c. skrifstofukostnaður.....	300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar.....	1,000 —			
		4,300	4,300	8,600
		26,966 67	27,000	53,966 97

		1904.	1905.	als
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar	26,966,67	27,000	53,966 67
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
	b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins í Reykjavík:			
		1904. 1905.		
	a. laun umsjónarmanns	1000 kr. 1000 kr.		
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 — 200 —		
	c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e	230 — 230 —		
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 — 1225 —		
	e. til eldiviðar og ljósa	520 — 520 —		
	f. þvottur	30 — 30 —		
	g. til þess að útvega verkefni	500 — 500 —		
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 — 400 —		
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —		
	j. þóknun handa lækni	60 — 60 —		
	k. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —		
			4,415	4,415
4.	kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300
5.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.		
	b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —		
	c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —		
	d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —		
	g. útgjöld við sáttamál	50 —	5,100	5,100
			88,015	88,015 176,030
	Flutt...			229,996 67

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf.....	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar.....	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum.....	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	.....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 231,740 kr. 74 a.:

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun.....	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri.....	800	800	1,600
3. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga.....	150	150	300
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.			
Fluttar...	72,800	72,800	145,600

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	72,800	72,800	145,600
4.	a.	styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b.	styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
5.		styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
6.		útgjöld við holdsveikraspítalann:			
			1904. kr. a.	1905. kr. a.	
	a.	laun til starfsmanna	5,265	4,765	
	b.	viðurværi: kr. a.			
		1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322			
		2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári...3,951.18			
		————	12,273.18	12,273.18	
	c.	klæðnaður sjúklinga..	800	800	
	d.	meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
	e.	eldsneyti.....	3,035	3,035	
	f.	ljósmeti...	475	475	
	g.	viðhald á húsum.....	1,200	1,200	
	h.	húsbúnaður og áhöld.....	800	800	
	i.	þvottur og ræsting...	800	800	
		Flutt...	26,048.18	25,548.18	76,100	76,100	152,200

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar...	26,048.18 25.548.18	76,100	76,100	152,200
k.	greptrnnarkostnaður .	250 250			
l.	flutningskostnaður ...	30 30			
m.	til að skemta sjúklingum.....	200 200			
n.	hesta- og hænsnafóður.....	125 125			
o.	skattar og brunaábyrgðargjald	717.19 717.19			
p.	ýmisleg útgjöld..... .	700 700			
r.	til geymsluhúsgjörðar 1904...	2,500			
			30,570 37	27,570 37	58,140 74
7.	útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
8.	önnur útgjöld:				
	a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 kr.			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400 —			
	c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400 —			
	d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði	200 —			
	e. til náms yfirsetukvenna.....	2,000 —			
	f. til verkfæra handa yfirsetukonum.....	400 —			
	g. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	1,000 —			
	h. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6 nóv.br. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.....	1,000 —			
			5,800	5,800	11,600
9.	til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....		8,000	.....	8,000
10.	Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal seinna árið..		.....	800	800
	Styrkurinn veitist með þeim skilyrðum, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 4 sjúklinga, og að minsta kosti tvöfalt fé sé lagt fram á móti landsjóðstillaginu.				
		Samtals...	120,970 37	110,770 37	231,740 74

12. gr.

Til samgöngumála veitast 701,987 kr.:

		1904.	1905.	Alls.
		kr.	kr.	kr
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík.....	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —			
		22,300	22,300	
2. póstflutningur		41,000	41,000	
Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægisíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
4. til póstflutninga með motorbátum.				
a. milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar		400	400	
b. milli Stykkishólms og Flateyjar		400	400	
5. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda.....	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	64,700	64,700	

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 5,700 kr.	64,700	64,700	
h. óviss gjöld ..... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum ..... 100 —			
	6,000	6,000	
6. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	1,000		
7. til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin.....	1,100		
	72,800	70,700	
			143,500
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
	3,500	3.500	7,000
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	3,000
3. til flutningabrauta	.....	.....	64,000
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið 30,000			
Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið..... 15,000			
Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls 19,000			
64,000			
4. til þjóðvega	.....	.....	70,000
kr.			
Til vegabóta í Suðuramtinu..... 8,000			
- — - Vesturamtinu 20,000			
- — - Norðuramtinu 30,000			
- — - Austuramtinu 12,000			
70,000			
5. til fjallvega	5,000	5,000	10,000
6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.	4,000	4,000	8,000
Flutt...			305,500

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...			305,500
7. Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902, alt að.....	50,000		
8. Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru alt að ..... Gegn því að tvöfalt fé verði lagt fram annarsstaðar frá.	6,000		
9. Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að	40,000		
10. Tillag til sýsluvega:			
a. Sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu....	1,000	1,000	
b. Tillag til sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu ..... Tillög þessi eru því skilyrði bundin, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefndra vega annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi.	1,000	1,000	
11. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði.....	300	300	
12. Tillag til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa..... Gegn því, að jafnmiklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.	2,800	2,800	
	101,100	5,100	
C.			106,200
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að 13 ferðir verði farnar á öðrum skipum milli Kaupmannahafnar og Færeyja, og að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	411,700

	1904,	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	411,700
2. til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að ..... 14,300 að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið..... 10,000			
d. til gufubátsferða um Eyjafjörð seinna árið 3,500			
	17,800	31,300	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b., c. og d. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b., c. og d.			
	92,800	106,300	199,100
D.			
Til hraðskeytafleygis milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi.....	35,000	35,000	70,000
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	680,800

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	400	400	680,800
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200			
2. fyrir olíu	200			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. — steinkol	160			
5. flutningskostnaður	250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300			
7. eftirgjald eftir lóðina	30			
		2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	150			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5. steinkol	100			
6. flutningskostnaður	75			
7. eftirgjald eftir lóðina	16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200			
		4,241	1,041	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	125			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5. steinkol	60			
6. flutningskostnaður	40			
		885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	175			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
5. flutningskostnaður	50			
		855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. til lóðargjalds	10			
3. fyrir olíu	200			
	Flutt... 610	9,171	5,971	680,800

		1904.	1905,	alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	610	9,171	5,971	680,800
4. — lampakveiki o.fl.....	100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum ...	100			
6. fyrir steinkol	100			
7. flutningskostnaður	50			
		960	960	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....		75	75	
k. Til vita á Skipaskaga:				
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) 3000				
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300				
		3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....		300	300	
		13,581	7,606	
				21,187
Samtals...		... .	.....	701,987

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 310,896 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun.....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr....	9,500	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum..... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
5. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
6. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,250		
7. til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að ..... Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem	6,200		
Fluttar...	34,550	26,600	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	34,550	26,600	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
8. til síra Magnúsar Þ. Magnússonar til þess að halda upp ísl. guðsþjónustu í Kaupmannahöfn tvisvar á mánuði og til líknarstarfsemi meðal Íslendinga þar	250	250	
	34,800	26,850	
			61,650
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b, önnur útgjöld: 1904. kr. 1905. kr.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905 960 1.280			
2. námsstyrkur 800 1,000 Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
3. til tímakenslu 100 100			
4. til bókakaupa 300 300			
5. til eldiviðar og ljósa 150 150			
6. til umsjónar 100 100			
7. ýmisleg útgjöld 300 250			
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að 250 250			
	2,960	3,430	
	12,160	12,630	
			24,790
II. Til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. námsstyrkur 1,200 kr. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 250 —			
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda 600 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum 300 —			
Flutt... 2350 —	3,200	3,200	86,440

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...		2,350 —	3,200	3,200	86,440
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum ...		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að		200 —			
8. ýmisleg útgjöld		250 —			
			4,280	4,280	
c. Til þess að kaupa Reykjavíkurspítala með lóð (fyrra árið)			15,000		
d. Til aðgerðar og viðhalds húsinu og nauðsynlegra gjalda af því			1,600	200	
			24,080	7,680	
III. Til hins lærða skóla:					31,760
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —			
			2,600	2,600	
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ... Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem auka-kennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur ... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
Flutt...	11,920—	11,020 —	21,800	21,800	118,200

			1904.	1905.	alls
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	118,200
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —	14,148	13.248	
			35,948	35,048	
					70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			7,000	7,000	
a. laun					
b. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
	kr.	kr.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	1,700	1,700	
			8,700	8,700	
					17,400
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500	500			
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500		3,300	2,800	
			6,500	6,000	12,500
		Flutt...	.....	.....	219,096

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	219,096
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga	1,500	1,500			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að	3,000	3,000			
			9,000	9,000	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			8,000	9,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara alt að 100 kr. til hvers			8,000	9,000	
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrk.					
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík, til þess að leika á orgelið við prestsvígslur og alþingissetningar			100	100	
i. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur			800	800	
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.					
j. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
k. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja			150	150	
l. Til skólans á Búðardal í Dalasýslu			1,200	1,200	
Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði alt að			600	600	
			40,150	42,150	82,300
Flutt...			.....	.....	301,396

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	301,396
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík ..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkenslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til sama manns til þess að kynna sér kenslu-aðferðir í skólaiðnaði erlendis	500		
3. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunar-ástand hér á landi ..... Þar af laun hans á ári 1200 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 1000 — = 2200 kr.	2,200	2,200	
	3,700	3,200	6,900
Samtals	.....	.....	310,896

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 420,920 kr.

	kr.	1904 kr.	1905 kr.	alls kr.
A.				
Til vísinda, bókmenta og lista:				
1. til landsbókasafnsins:	kr.			
a. laun bókavarðar	1'700			
b. til aðstoðarmanns við landsbókasafnið ...	900			
Flutt...	2,600			

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr
	Fluttar... 2,600			
	c. til að kaupa bækur og handrit..... 5,000			
	d. til bókbands 1,000			
	e. til samnings spjaldskrár (eftir reikningi) 1,200			
	f. fyrir afskriftir (eftir reikningi) 800			
	g. til að prenta ritaukaskrár..... 200			
	h. til eldiviðar og áhalda m. m. 500			
	i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið..... 360			
		11,660	11,660	
	Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.			
2.	a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500			
	b. til —— Austuramtsins..... 400			
	c. til —— Vesturamtsins... 400			
		1,300	1,300	
	Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3.	til sýslubókasafna alt að 100 kr. til hvers ..... Gegn því að jafnmikið tillag komi annarsstaðar að, og að sendar séu skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.	1,000	1,000	
4.	til landsskjalasafnsins:	1904. kr.	1905. kr.	
	a. laun skjalavarðar, er landshöfðingi skipar	1,400	1,400	
	b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl....	1,000	1,000	
	e. til að afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu.....	500	500	
	d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.....	250	250	
		3,150	3,150	
5.	til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík ..... 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
6.	til Þjóðvinafélagsins.....	1,000	750	
	Flutt...	20,110	19,860	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr
Fluttar...	20,110	19,860	
7. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita ..... 2,000 —			
	3,600	3,600	
8. til Fornleifafélagsins ..... Útborgist því að eins, að árbók fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
9. til náttufræðisfélagsins ..... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	1,000	800	
10. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins	800	800	
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300	300	
13. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
14. til Þorsteins Erlingssonar skálds	600	600	
15. til síra Valdimars Briem's	800	800	
16. til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta	1,200		
17. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,200	1,200	
18. til »Bindindissameiningar Norðurlands«	300	300	
Flutt...	31,610	29,960	

		1904.	1905	alls
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	31,610	29,960	
19.	styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
20.	til að gefa út dómasafn alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
21.	styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
22.	til leikfélags Reykjavíkur, alt að	600	600	
	Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo hluti á móts við hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.			
23.	til lúðrafélags Reykjavíkur	500		
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum			
24.	til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
25.	styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra,	1,200	1,200	
26.	styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta	250		
27.	styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
28.	styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum	1,000		
29.	til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
30.	styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
31.	til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
32.	til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
33.	styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	600	600	
34.	styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors	800		
35.	styrkur til Konráðs stúdents Stefánssonar til að nema rafmagnsfræði við háskólann í Mittweida á Saxlandi	700	700	
		43,410	36,610	
				80,020

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	80,020
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
1904. 1905.			
a. til búnaðarskóla: kr. kr.			
1. til skólans á Hólum..... 3,500 2,500			
2. til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu fyrir nemendur hans ... 500 500			
3. til skólans á Eiðum..... 3,500 2,500			
4. til skólans á Hvanneyri 4,000 2,500			
5. til skólans í Ólafsdal... 3,500 2,500	15,000	10,500	
b. til búnaðarfélaga	24.000	24,000	
c. til búnaðarfélags Íslands	22,500	24,500	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð... ...	2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis	2,000		
f. til ræktunarfélags Norðurlands	8,000	8,000	
g. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki	4,500		
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.			
h. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz	6,000	5,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör	5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð	4,000	3,000	
Fé þessu skal varið eftir tillögum búnaðarfélags Íslands.			
2. a. laun handa 2 dýralæknum...	2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	500	500	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors.....	1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum.....	78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar, alt að	2,000	500	
Flutt...	178,500	103,500	80,020

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	178,500	103,500	80,020
7. til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði	5,700	5,200	
til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að ..... 4000 kr.			
til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári)..... 1200 —			
og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar..... 500 —			
8. til iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar, ...	600		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. styrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk	900	900	
11. til að stofnsetja og reka efnarannsóknastofu í Reykjavík	6,500	3,000	
Þar af laun forstöðumanns 2000 kr. á ári.			
Af veitingunni fyrra árið veitist cand. polyt. Ásgeiri Torfasyni 1000 kr. til að afla sér verklegra æfinga í efnarannsóknum erlendis.			
12. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma í Reykjavík og Ísafirði.....	1,600	1,600	
Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.			
13. styrkur til dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að	10,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti tvöfalt meira fé til fyrirtækisins en styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.			
14. styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að	15,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.			
15. styrkur til konsúls D. Thomsens í Reykjavík til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á akvegunum hér	2,000		
Landstjórninni er heimilt að veita öðrum manni			
Flutt...	221,400	114,800	80,020

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	221,400	114,800	80,020
styrk þenna, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.			
16. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi alt að		4,700	
að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til bryggjunnar annarsstaðar frá.			
	221,400	119,500	
			340,900
Samtals...	.....	.....	420,920

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til Lilju Ólafsdóttur 150 kr.; til Hannesar Hanssonar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 419,230 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað sem varasjóður þess félags.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði alt að 40000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar og sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust 5 fyrstu árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Ed. **459. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í landbúnaðarmálefnum (Þskj, 381).

Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 1. tölul. Fyrir: »er lagt verði fyrir alþingi 1905« komi: er síðan verði lagt fyrir alþingi.

Ed. **460. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum.

Frá Valtý Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Eiríki Briem.

Við 6. gr. Fyrir: »ef hagur sjóðsins batnar« komi. er hagur sjóðsins batnar.

— — — Aftan við greinina bætist:

Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15,000 kr.

Ed. **461. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala.

Frá Kristjáni Jónssyni, J. Havsteen og G. Vigfússyni.

Við 1. gr. Fyrir: »nema smáhveli« komi: nema tannhvalir og smáhveli.

Ed. **462. Nefndarálit**

um gagnfræðaskóla á Akureyri.

Til mentamálanefndar efri deildar hefir meðal annars verið vísað lagafrumvarpi því, sem háttv. neðri deild hefir samþykt, um gagnfræðaskóla á Akureyri; nefndin hefir athugað málið á nokkrum fundum og leyfir sér að gera um það eftirfylgjandi athugasemdir.

Á frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir þingið um gagnfræðaskóla á Akureyri, hefir orðið sú aðalbreyting í háttv. neðri deild, að inn í það hefir verið bætt nýrri grein (4. gr.), er ákveður að 60—70 heimavistir skuli vera í skólanum, og í sambandi við það hefir kostnaðurinn við skólahússbygginguna verið hækkaður um 13 þús. kr. frá því, er stjórnin eftir mjög hárri áætlun hefir sett hann, eða úr 57 þús. kr. upp í 70 þús. kr., en til útbúnaðar við skólahúsið (rúma, borða, bekkja o. fl.) er ekkert fé veitt í frumvarpinu né heldur á þann kostnað minst í nefndaráliti neðri deildar, þótt auðsætt sé, að sá útgjaldaliður hlýtur að verða allhár.

Nefndin viðurkennir að vísu gagnsemi heimavista, en telur ólíklegt, að þörf sé á þeim jafnmörgum og frumvarpið fer fram á, þegar þess er gætt, að tala þeirra, er sótt hafa Möðruvallaskólann nú um 22 ár, hefir eigi verið hærri en liðl. 30 manns á ári að meðaltali. Reyndar má búast við nokkru meiri aðsókn að skólanum á Akureyri en ef hann væri endurreistur á Möðruvöllum, en hins vegar verður einnig að taka tillit til þess, að allmargir munu sækja skól-

ann úr Akureyrarbæ og virðist óþarft að veita þar búsettum mönnum heimavistir í skólahúsinu; einnig má ætla, að hinn nýi kennaraskóli, ef hann verður stofnaður, og endurbætt fyrirkomulag á lærða skólanum í Reykjavík kunni að draga úr aðsókninni að gagnfræðaskólanum á Akureyri, með því að námsgreinar í öllum þessum skólum verða að miklu leyti hinar sömu; nefndin leggur því til, að heimavistunum verði að minsta kosti fækkað um 30 og gerir ráð fyrir að skólabyggingin verði þá eigi dýrari en svo að nægja muni 57 þús. kr. í stað 70 þús. kr., er frumvarpið fer fram á að verja til hennar.

Nefndin felst á breytingu þá, er gerð hefir verið á frumv. stjórnarinnar í tilliti til kennaratölu og kennaralauna, en vill, að því, er hina fyrirhuguðu tímakenslu í skólanum snertir, taka það fram, að henni hefir borist erindi frá verzlunarmannafélaginu á Akureyri, er fer þess á leit, að séð verði fyrir, að einn af kennurunum við gagnfræðaskólann hafi þá sérþekkingu í verzlunarfræði, er verzlunarstéttinni sé nauðsynleg, og virðist nefndinni rétt að tekið sé það tillit, sem unt er, til þessara óska við val tímakennara, og á annan hátt sé reynt að gera skólann svo gagnlegan fyrir þessa stétt manna, sem kostur er á.

Nefndin ræður hinni háttv. deild til að samþykkja þessar breytingar á frumvarpinu.

1. Við 1. gr. Fyrir »70,000 kr«. komi: 57,000 kr.
2. — 4. — Fyrir: »60—70« komi: 35 - 40.
3. — 5. — Fyrir: »Ráðherrann« komi: Landsstjórnin.

Efri deild alþingis 10. dag ágústmán. 1903.

J. Havsteen formaður. Jón Jakobsson skrifari og framsögum. Sigurður Jensson.

Ed.

463. Nefndarálit

um frv. til laga um sameining forstöðumannsembættisins við prestaskólann við biskupsembættið.

Vér undirritaðir er hin hv. ed. hefir kosið til að íhuga frumvarp þetta höfum ekki getað orðið á eitt sáttir, þar sem einn af oss (G. V.) vill leggja það til að það verði nú samþykt, en hinir tveir (H. Sv. og E. Br.) álítum það eigi til þess lagað, og viljum vér hér með skýra frá ástæðum okkar fyrir því á þessa leið:

Samfara stjórnarbreytingu þeirri, er í hönd fer, má búast við að létt verði á biskupinum ýmsum þeim störfum, er hann nú hefir og með tilliti til þess má svo virðast sem bæta mætti aftur á hann í þess stað öðrum störfum, en fyrirsjáanlegt er að eigi getur dregist til lengdar að gjöra að ýmsu leyti verulega breytingu á fyrirkomulagi þjóðkirkjunnar og má þó telja víst, að um leið yrði að mörgu leyti breytt verksviði biskupsins, enda hefir nú í ed. verið samþykt að setja milliþinganefnd, er tæki það mál til íhugunar, og þá virðist eðlilegast, að engin breyting sé gjörð á biskupsembættinu, fyr en menn geta gjört sér ákveðna hugmynd um, hvernig stöðu biskupsins framvegis yrði háttað og verksviði hans fyrir komið.

Að því er sérstaklega snertir ákvæði frumvarps þess, er fyrir liggur, þá teljum við þau og að öðru leyti athugaverð, því þar sem svo er ákveðið, að biskupinn skuli vera forstöðumaður og kennari við prestaskólann, þá er um störf að ræða, sem hvort um sig útheimtir sérstaka hæfileika, sem ekki er víst að fari saman, og störf biskupsins sem kennara við prestaskólann mundu takmarka að ýmsu leyti það verksvið, sem annars væri heppilegt að fela honum á hendur, og hafa verulega þýðingu fyrir stöðu hans yfir höfuð. Þess má og geta, að þegar biskupsdómurinn hefir staðið hér á landi með mestum blóma, þjóðinni og og kirkjunni til mestrar uppbyggingar, þá hafa biskuparnir verið kosnir af landsmönnum; ef ástæða þætti nú til þess, að láta skipun biskupsembættisins ekki vera að öllu leyti komna undir landsstjórninni, svo sem verið hefir síðan einveldið komst á, þá mundi erfitt að samrýma slíkt fyrirkomulag því að biskupinum væri falið svo sérstaklegt starf sem kensla við prestaskólann.

Það sem ákvæði frumvarpsins aðallega hafa sér til stuðnings, er að með því mundi mega spara 4500 kr. á ári, en þessi sparnaður kemur þó eigi til framkvæmdar fyr en biskupsembættið losnar, svo að einnig af þessari ástæðu er eigi nauðsynlegt að halda frumvarpinu fram að þessu sinni, en á hinn bóginn þykir okkur vel fara á, að áðurnefndri milliþinganefnd verði falið að íhuga það.

Af þessum ástæðum verðum við að ráða hinni háttv. deild frá að samþ. frumvarpið, en leggjum til að málið verði útkljáð með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina að leggja fyrir milliþinganefnd þá, er væntanlega verður skipuð um kirkjumál landsins, til íhugunar frumvarp það um sameining forstöðumannsembættisins við prestaskólann, við biskupsembættið, sem samþ. hefir verið í neðri deild., og tekur því næst fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 8. ágúst 1903.

Hallgr. Sveinsson	Eiríkur Briem
form. og framsögum.	skrifari.

ÁLIT MINNI HLUTANS.

Eg hefi ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum sammála um, að ráða til þeirra úrslita á frumvarpi þessu, sem farið er fram á í niðurlagi nefndarálits meiri hlutans, þar sem lagt er til að samþ. ekki frv. en í þess stað útkljá það með rökstuddri dagskrá.

Þar sem aðalástæðan fyrir tillögu þessari er sú, að í ráði sé að setja milliþinganefnd til að íhuga öll kirkjumál landsins þá er fyrst á það að líta, að óvíst er enn hver úrslit tillaga þessi fær í neðri deild, og á hina hliðina alt eins óvíst um, hvernig tillögur þeirrar milliþinganefndar kunna að verða, og hvert fylgi þær kunna að fá hjá þjóð og þingi. En færi nú svo að milliþinganefnd þessi kæmist á og árangurinn af starfi hennar yrði einhver gagngjörð breyting á fyrirkomulagi kirkjunnar, eftir óákveðinn langan tíma, t. d. þannig að ríki og kirkja yrði aðskilin, mundi þá að sjálfsögðu verksvið biskupsins einnig breytast í þá átt, sem eðlilegust væri undir slíku fyrirkomulagi.

Eg get því eigi betur séð en að rétt sé að miða löggjöfina nú við það ástand sem er; og miðað við það fæ eg eigi betur séð en að frumv. þetta sé á góðum rökum bygt. Með því að leggja frá biskupsdæminu mörg störf, sem að skaðlausu mætti leggja frá því, og að miklu leyti eru talin upp í nefndaráliti neðri deildar, mundi biskupinn vel geta tekið að sér forstöðu prestaskólans, þetta fyrirkomulag mundi að ýmsu leyti, verða hagfeldara og óbrotnara, og í annan stað mundi það hafa talsverðan fjársparnað í för með sér, c. 4,500 kr. á ári auk eftirlauna.

Af þessum ástæðum get eg ekki annað en ráðið deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með þeirri einu breytingu

Við 2. gr., að í staðinn fyrir »500 kr. ári« komi: 500 kr. á ári.

Alþingi 9. ágúst 1903.

Guttormur Vigfússon.

Nd. **464. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902—1903.

Fjárlaganefndin hefir athugað breytingar þær, sem háttv. efri deild hefir gert á frumvarpinu, og eru þær þessar:

1. 2. gr. Aðflutningsgjald af tollskyldum vistaforða er landmælingadeild hins danska herstjórnarráðs hefir flutt inn 1902—1903 til af nota við störf sín hér á landi falli burtu sem tekjugrein.

2. Að í 5. gr. bætist greiðsla á eftirstöðvum skulda fyrir brúargerð yfir Laxá á þjóðveginum meðfram Hrútafirði að vestanverðu.

3. við 6. gr. Uppbót til kennara Möðruvallaskólans aðallega fyrir húsaleigukostnað þeirra á Akureyri frá 1. okt. 1902 til 31. desbr. 1903.

4. í 8. gr. Athugasemd þess efnis, að eftirstöðvar af skuld, sem hvíli á forstöðumanni Möðruvallaskólans fyrir vegagjörð í þarfir skólans falli niður frá 8. júní 1902.

Við 1. og 3. lið þessara breytinga hefir nefndin ekkert sérlegt að athuga. Þar á móti getur hún ekki séð, að ástæða sé til, að fallast á fjárveiting þá, sem nefnd er í 2. lið. Brúargerð sú, er hér er um að ræða, var gerð áður en vegur sá, sem brúin er á, komst í tölu þjóðveganna, og er nefndarmönnum kunnugt um, að á sýsluvegum, sem síðar hafa verið gerðir að þjóðvegum, hafa sýslurnar gert allmiklar vegabætur, og yrði því viðsjált ef landssjóður tæki að greiða eftir á uppbætur fyrir slíkt. Leggur því nefndin til, að þessi liður sé feldur burt. Það er og líklegt, að þessi fjárveiting hafi eigi nægilega verið athuguð í hinni háttv. efri deild, því breytingartillaga þessi kom þar fyrst fram við 3. umr.

Sama er raunar að segja um breytinguna, sem getur um í 4. lið. Hún kom fram með breytingartillögu frá hæstv. landshöfðingja við 3. umr. Þykir nefndinni næsta undarlegt, að tillaga sú, sem hér um ræðir skyldi eigi vera í frumvarpinu, þegar það kom frá stjórninni, eða þá að minsta kosti lögð fyrir fjárlaganefndina þegar hún hafði frumvarpið til meðferðar. Nefndin treystir því nú samt fyllilega, að skýringar, sem

nægja, komi fram við umræðurnar, og finnum því eigi ástæðu til að ráða til þess að fella liðinn burtu.

Samkvæmt þessu framanskrifaða leyfir nefndin sér að gera þá breytingartillögu:

Við 5. gr. 2. liður falli burt.

Alþingi 10. ágúst 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, framsögum. Arni Jónsson. Jóh. Jóhannesson. Stefán Stefánsson. Þórh. Bjarnarson.

Nd.

465. Frumvarp

til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. (Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Kosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum skulu vera leynilegar, og hlutfallskosningar, og skulu þær fram fara á þann hátt, er segir í eftirfarandi greinum.

2. gr. Kosningin fer fram eftir listum, sem á eru skráð nöfn þeirra manna, er stungið er upp á til fulltrúa. Listar þessir skulu afhentir oddvita kjörstjórnarinnar fyrir hádegi tveim sólarhringum á undan kosningu, og skulu undir hvern lista hafa ritað eigi færri en 5 og ekki fleiri en 15 kjósendur sem meðmælendur; skulu þeir greina við nöfn sín, stöðu sína og bústað.

Komi meðmælandi sá, sem afhendir listann með eftirrit af honum, á hann heimtingu á að fá á það ritað vottorð oddvita um, að hann hafi fengið listann og hvenær.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en standi á honum fleiri nöfn, er hann ógildur. Nafn hvers manns, er upp á er stungið, skal vera svo greinilega letrað, með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sé á hver hann er, eða hægt sé að villast á honum og öðrum kjörgengum manni. Nú er einhver þeirra, er á lista standa, ekki kjörgengur, eða nafn hans er svo ógreinilegt, að kjörstjórnin getur ekki vitað við hvern er átt, og skal þá strika nafn hans af listanum.

Þegar kjörstjórn þykir ástæða til vera að álíta einhvern lista ógildan, eða strika nafn af lista, skal það gert með úrskurði, er færður sé í kjörbókina. Eftirrit af úrskurðinum skal, áður en kosningin byrjar, fengið þeim meðmælanda, sem afhent hefir listann.

Þeir listar, er kjörstjórn tekur gilda, skulu merktir hver með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.), og nöfnin á hverjum lista tölusett (1, 2, 3 o. s. frv.) í þeirri röð, er þau standa á listanum.

3. gr. Kjörstjórnin sér um útvegun á kjörseðlum og hæfilegum umslögum, sem nægja þykir, og skal nota þessa kjörseðla og umslög við kosninguna; fer hún fram á þann hátt að kjósandi afhendir slíkan kjörseðil innlagðan í umslag.

Á kjörseðli skal prentað með skýru letri »A-listinn«, »B-listinn«, »C-listinn« o. s. frv. í svo mörgum línum sem listarnir eru, og skal hvert listamerki standa í línu fyrir sig og lágrétt strik á milli. Ekkert annað orð eða bókstafur, og ekkert nafn, tala eða merki má standa á kjörseðli, hvorki prentað, skrifað eða á annan hátt á hann sett.

Umslögin skulu vera ógagnsæ og þannig löguð, að þau alveg hylji kjörseðil, sem innan í er lagður. Á hverju umslagi skal prentað eða stimplað kosningarár og

dagur. Ekkert annað nafn, orð, tala eða merki má standa á umslaginu, hvorki prentað, skrifað, eða á annan hátt á það sett.

Bæjarstjórnin sér um, að atkvæðakassi og kjörherbergi séu til og skal kjörherbergi vera þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig, að eigi verði í það gengið nema úr því húsi. Tjald skal vera fest fyrir gluggum, er vera kynnu á herberginu, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Herbergið skal vera svo bjart, að hægt sé að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera borð og hæfilega margir almennir svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði úr honum náð, nema hann sé opnaður.

4. Frá því er kosningargjörðin hefst, skulu listar með nöfnum fulltrúaefna uppfestir á kjörstaðnum, þar sem mikið ber á. Þeir skulu vera prentaðir eða skrifaðir greinilega, og táknaðir með bókstöfum sínum. Þar skal og vera uppfest prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, sem hefir inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara laga.

5. gr. Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá hverjir séu í kjörstjórninni, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkvæmt 3. gr.; hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann er tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en fulltrúaefnin og 2 meðmælendur fyrir hvern lista, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við manninn og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrétt, afhendir hún kjósanda kjörseðil ásamt umslagi, og gengur hann síðan inn í kjörherbergið, og má þar enginn annar vera inni. Þar inni markar hann kross × á kjörseðlinum við bókstafinn á þeim lista, er hann vill kjósa eftir, leggur síðan kjörseðilinn inn í umslagið, gengur að vörmu spori út úr herberginu og afhendir oddvita umslagið með kjörseðlinum í, og leggur oddviti það svo í augsýn kjósanda niður í atkvæðakassann, án þess að opna umslagið. Annar úr kjörstjórninni gjörir merki á kjörskránni við nafn þess kjósanda, er hefir greitt atkvæði, og hinn úr kjörstjórninni ritar nafn hans á sérstaka skrá. Sérhver kjósandi, er vill neyta kosningarréttar síns, verður að mæta sjálfur.

Ef kjörseðill eða umslag ónýtist á einhvern hátt, eftir að það er kjósanda afhent, en áður en það er lagt niður í atkvæðakassann, þá getur kjósandinn farið aftur til oddvita og fengið nýjan kjörseðil og umslag, og skili hann þá því, er ónýttist, aftur um leið.

Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og kjörstjórnin álítur, að svo sé, og skal þá sá úr kjörstjórninni, er hann til þess kýs, veita honum nægilega aðstoð í því skyni inni í kjörherberginu.

6. gr. Kosningargjörðin má eigi standa yfir skemur en 3 tíma. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórnin sjálf atkvæði og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfninni sé nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi er kosið hefir, skal skyldur til fyrir rétti, í hvaða máli sem er, að skýra frá, hvern hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórninni eða nokkur sá, sem er staddur í kosningastofunni, þar sem kjörseðlum er veitt móttaka, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósanda ráð, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli atkvæði gefa. Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kosningunni kann að hafa orðið áskynja um, hvort eða hvernig einhver kjósandi hefir kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 krónum.

7. gr. Upplestur atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar að kosningarathöfn lokinni, þannig: Oddviti kjörstjórnarinnar opnar kassann, tekur kjörseðlana, einn í einu, út úr umslaginu, les þá upp hátt og greinilega, og leggur þá síðan frá sér, alla á einn stað.

Kjörseðill er ógildur, ef atkvæði er á honum greitt um annað en einn af listunum. Sé í umslagi fleiri en einn kjörseðill, eru þeir ógildir. Enn fremur er kjörseðill ógildur 1) þegar ekki er full vissa fyrir, hverjum lista kjósandi vill greiða atkvæði, 2) þegar útlit kjörseðils eða umslags þess, er hann var í, gefur ástæðu til að álíta, að kjörseðill hafi eigi verið afhentur af kjörstjórninni, eða hann eigi verið merktur í kjörherberginu, 3) ef á kjörseðli eða umslaginu er skrifað, teiknað eða á annan hátt eitthvað það markað, sem bendir á, að með því sé af ásettu ráði skýrt frá, hver atkvæði hafi greitt, eða yfirleitt eitthvað það er táknað á kjörseðil eða umslag, er gefur kjörseðli séreinkenni, og ætla má, að enginn annar en kjósandi hafi gjört það.

Jafnskjótt og oddviti les upp kjörseðlana skrá hinir kjörstjórarnir, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista. Eftir að allir kjörseðlar eru upp lesnir, bera kjörstjórar sig saman; skakki hjá þeim í einhverju, skal lesa upp alla kjörseðlana á ný. Að lokum eru kjörseðlarnir taldir og athugað hvort þeir séu eins margir og skrá sú sýnir, er haldin var samkvæmt 5. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarréttar síns.

8. gr. Þá er kjörstjórnin hefir gengið úr skugga um, að kosningin hafi farið fram á löglegan hátt, skal leggja saman öll þau atkvæði, er hver listi hefir fengið. Síðan er atkvæðatölu hvers lista deilt, fyrst með 1, svo með 2, svo með 3 o. s. frv. unz atkvæðatölu hvers lista er deilt með svo hárri tölu, sem honum geta fremst hlotnazt fulltrúar hlutfallslega við tölu allra greiddra atkvæða og tölu fulltrúaefna. Hæsta útkomutalan, er þannig kemur út, gefur þeim lista, er hana hefir öðlazt, rétt til 1. fulltrúa; næst hæsta útkomutalan gefur listanum, sem hann hefir öðlazt, 2. fulltrúann, og svo koll af kolli, unz allir fulltrúarnir eru kosnir. Séu tvær útkomutölur jafn-háar, ræður hlutkesti. Af hverjum lista fyrir sig, skal taka nöfn þeirra, sem kosnir eru, í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum; nú er nafn á einhverjum lista þegar kosið á öðrum lista, og skal þá strika það út, og taka næsta nafn fyrir neðan. Nú er listi tæmdur, og á þó rétt á einum fulltrúa til, þá skal taka þann fulltrúa af þeim lista, er þessum lista hefir næstan atkvæðafjölda.

9. gr. Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn með meiri hluta kosningu, en að öðru leyti eftir framanskráðum reglum.

10. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin 2.—6. málsgrein í 8. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. októbr. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum s. d. um bæjarstjórn á Ísafirði, 8. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Ed.

466. Frumvarp

til laga um friðun fugla. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: Maríuerlur' steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbrystingar.

2. gr. Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: Ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar. veiðibjöllur og aðrar máfategundir, að kríu undanskilinni, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr. Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hér segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu héraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hér hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda eða fýlaveiði.

4. gr. Fyrir hverju fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 40 kr.

5. gr. Ráðherrann getur veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum undanþágu frá ákvæðum þessára laga.

6. gr. Mál þau, sem rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

7. gr. Hér með eru úr gildi feld lög 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra.

Nd. **467. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Í Reykjavík skal stofnaður lagaskóli.

2. gr. Við skóla þennan skal vera einn fastur kennari, skipaður af konungi, og hefir hann 4000 kr. árlega að launum. Er hann jafnframt forstöðumaður skólans. Dómarar landsyfirréttarins skulu hafa kenslu á hendi við skólann, og hafa hvor um sig 500 kr. árlega þóknun fyrir þann starfa, til viðbótar við laun sín. Fyrst um sinn, þangað til yfirdómaraembættin losna, má verja alt að 2,500 kr. til aukakenslu.

3. gr. Ráðherrann semur reglugjörð fyrir skólann.

4. gr. Þeir einir, sem leysa af hendi burtfararpróf við skólann eða lögfræðiskandídatar frá Kaupmannahafnarháskóla, er tekið hafa aukapróf við skólann eftir 1 árs nám, eiga aðgang að þeim embættum hér á landi, sem lögfræðingar skipa.

5. gr. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði.

Skólinn tekur til starfa þegar fé er veitt til hans á fjárlögum.

Nd. **468. Frumvarp**

til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Í landhelgi við Ísland má eigi nota útlend skip við síldarsöltun eða aðra verkun síldar til útflutnings, né heldur innlend skip, sem eru í samfloti við útlend skip. Eigi má ljá né leigja innlend skip til síldarsöltunar öðrum en þeim, er rétt hafa til veiðiskapar í landhelgi.

2. gr. Nú er innlent skip léð eða leigt til síldarsöltunar eða annarar síldarverkunar í landhelgi, og verður þá eigandi sekur eftir lögum þessum, ef það sannast, að réttur eigandi síldarúthalds þess, er síldarinnar aflaði, hefir eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi.

3. gr. Rétt er að lögreglustjóri skipi eftirlitsmenn, einn eða fleiri við hvern fjörð, þar sem síldveiði er, til þess að hafa umsjón með síldveiðinni, og gæta þess, að fylgt sé fyrirmælum laga þeirra, er að síldarveiðum lúta, og tiltekur hann starfsvæði þeirra. Ef ágreiningur verður um það hvernig fylgja skuli fyrirmælum gildandi laga um síldveiði og upsaveiði með nót, sker umsjónarmaður úr. Heimilt er þeim, sem eigi vill hlíta úrskurði eftirlitsmanns, að bíða dómsúrskurðar um ágreiningsatriðið, en bæta verður hann kostnað allan og skaða, er af því hlýzt að úrskurðinum er eigi þegar fylgt, ef hann reynist lögmætur að lagadómi; skulu öll áhöld síldarútvegs þess manns, er eigi vill úrskurði hlíta, vera að veði fyrir greiðslunni. Mál, sem rísa út af slíkum ágreiningi, skal farið með sem einkalögreglumál, og skal kæra komin til lögreglustjóra eður á skrifstofu hans innan þriggja sólarhringa frá því, er úrskurði eftirlitsmanns er hafnað.

4. gr. Í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn eru skipaðir, skal greiða til launa eftirlitsmönnum 5 aura gjald af hverri tunnu síldar, sem út er flutt, og rennur gjaldið í sérstakan sjóð. Gjald þetta skal innheimt ásamt útflutningsgjaldinu af lögreglustjóra og eftir sömu reglum, og gerir hann fyrir því árlegan reikning, sem sendist stjórnarráðinu ásamt út-

flutningsgjaldsreikningnum. Um upphæð borgunar þeirrar, er greiðist hverjum eftirlitsmanni, fer eftir samningi við lögreglustjóra.

5. gr. Af öllum síldarnótum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skal greiða útflutningsgjald, 1 kr. fyrir hvern ferhyrningsfaðm í nótinni. Sérhver sá, sem sendir af stað síldarnót til flutnings frá landinu, er skyldur til að skýra lögreglustjóra frá því, áður nótin er flutt á skip, og afhenda um leið vottorð, gefið upp á æru og samvizku, um stærð nótarinnar. Auk þess er skipstjóri á skipi, sem síldarnót er útflutt með, skyldur til að láta uppi æru og samvizkuvottorð, er sýni, að hann hafi ekki tekið við öðru eða meira af því tagi til flutnings en því, er vottorð útflytjanda greinir.

Rétt er og sýslumanni að láta mæla nótir, er út á að flytja, ef honum virðist ástæða til, og skal greiða kostnaðinn við það úr landssjóði, nema það komi í ljós við mælinguna, að útflytjandi hafi gefið upp minni nót en rétt var, þá skal hann bera kostnaðinn, og auk þess greiða þrefalt útflutningsgjald af nót þeirri, er ranglega var frá skýrt Að öðru leyti fer um innheimtu og reikningsskil á útflutningsgjaldinu á sama hátt og segir í lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

6. gr. Nú vill einhver flytja síldarnætur úr einu lögsagnarumdæmi í annað, og skal hann þá afhenda lögreglustjóra vottorð það, sem um ræðir í 5. gr., og jafnframt afhenda honum til tryggingargeymslu jafna upphæð, og greiða ber í útflutningsgjald. Fyrir greiðslu þessari skal lögreglustjóri fá honum móttökuskilríki, og fær nóteigandi upphæðina aftur borgaða gegn vottorði frá lögreglustjóra í því umdæmi, sem nótirnar eru fluttar til, um að þær séu þangað komnar.

7. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum frá 300—3000 kr. Sektirnar renna að hálfu til upplýstrarmanns og að hálfu til landssjóðs.

Nd. **469 Frumvarp**

til laga um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Verði eigi af því að stofnaður verði hlutafélagsbanki á Íslandi samkvæmt lögum nr. 11 frá 7. júní 1902, skal landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna seðladeild, er gefa má út alt að 1 miljón kóna í seðlum, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafizt er, gegn því að deildin

1) hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en helmingi af þeirri seðlaupphæð, sem í hvert skifti er úti;
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum.

2. gr. Til málmforðans má teljast:

a) lögleg gjaldgeng mynt eftir því verði, sem myntin til segir;

b) ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;
c) kröfur, er gjaldast þegar heimtað er, hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregs banka og Englands banka (eða Skotlands), gegn því, að kröfur þær, er nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn deildinni séu dregnar frá verði málmforðans;
d) seðlar gefnir út af þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,
Noregsbanka,
Ríkisbanka Svía,
Englandsbanka,
Skotlandsbanka,
Frakklandsbanka,
og hinum þýzka ríkisbanka.

Þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir tölulið c. d., mega ekki fara fram úr $^1/_4$ alls málmforðans.

Sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í deildinni í löglegri gjaldgengri mynt, skal jafnan nema minst $^1/_4$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er, og skal helmingur þess vera gullmynt Norðurlanda.

3. gr. Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, teljast einkum:
Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði.
Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar er heimtað er.
Opinber verðbréf eftir gangverði.

4. gr. Seðlar þeir, sem deildin gefur út samkvæmt lögum þessum, skulu vera gjaldgengir manna meðal og löglegur gjaldeyrir eftir ákvæðisverði í öll opinber gjöld, svo sem reiðugull væri.

5. gr. Upphæð seðlanna skal vera 5, 10 og 100 krónur. Lögun og útlit þeirra ákveður landsstjórnin eftir tillögum bankastjórnarinnar. Kostnað við útgáfu seðlanna greiðir landsbankinn.

6. gr. Sá, sem eftirmyndar þessa íslenzku seðla eða falsar þá, skal sæta sömu hegningu, sem ákveðið er í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 266 gr., fyrir eftirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður, þegar búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þótt ekki sé búið að láta þann seðil úti.

7. gr. Deildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar deildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors.

Landsbankinn greiðir kostnað við að koma deildinni á fót, svo og launahækkun gæzlustjóranna.

8. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13., 14., 18.—24. og 26—29 og 30. gr. 1. lið um hlunnindi fyr-

ir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um deildina, stjórn hennar og reikningsskil.

9. gr. Reglugjörð deildarinnar skal staðfest af ráðherra Íslands og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **470. Frumvarp**

til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Samkvæmt stjórnarskipunarlögum, dagsettum í dag, um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, skal stofna stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík, og skipa í það landritara og 3 skrifstofustjóra, og veitir konungur þau embætti.

2. gr. Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8000 kr. á ári, og skal honum auk þess látinn í té embættisbústaður og 2000 kr. á ári til risnu. Þangað til ráðherrann fær embættisbústaðinn til afnota, skal honum veitt 2000 kr. uppbót fyrir hann á ári.

Kostnaður við embættisferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar greiðist af landssjóði.

3. gr. Eftirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum. Konungi skal þó heimilt að ákveða ráðherranum alt að 3000 króna eftirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eftirlaunalögunum.

4. gr. Landritari hefir 6000 kr., og hver skrifstofustjóra 3500 kr., í laun á ári. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar má verja 14500 kr. á ári.

5. gr. Til að breyta hinum núverandi landshöfðingjabústað í stjórnarráðsskrifstofur og búa þær út má verja 11,000 kr.

6. gr. Landshöfðingjaembættið, landshöfðingjaritaraembættið og hin umboðslega endurskoðunarsýslan skulu lögð niður.

Frá 1. október 1904 skulu amtmannaembættin bæði lögð niður, og stiftsyfirvöldin jafnframt afnumin.

Landfógetaembættið skal lagt niður, þegar embættið losnar. Til að gegna störfum þessa embættis má þá verja alt að 2500 kr. á ári, og skal með konunglegri tilskipun ákveða, hvernig þeim skuli gegnt.

Á sama hátt skal fyrir skipa, hver störf amtmanna og stiftsyfirvalda skuli fengin stjórnarráðinu fyrir Ísland í hendur, og hverjum önnur störf þeirra skuli falin. Þeim mönnum, er forsetastöðurnar í hinum 4 amtsráðum landsins verða fengnar í hendur, skal greiða af jafnaðarsjóði þóknun fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 300 kr. Þó mega amtsráðin hækka upphæð þessa.

Ed. **471. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, er kosið hafa sér prest eða forstöðumann, geta eftirleiðis leitað til ráðherrans fyrir Ísland til þess að fá staðfesting kosningarinnar. Staðfesting ráðherrans á kosningunni veitir kirkjufélaginu öll hin sömu réttindi, sem í lögum 19. febr. 1886 eru talin fylgja konunglegri staðfesting.

2. gr. Nú deyr prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, er kosning hans hefir hlotið staðfesting, eða hann fyrir uppsögn eða af öðrum ástæðum hættir starfa sínum, og njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins undanþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886, og í 3. gr. laga þessara, til þess, er þeir hafa kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið staðfesting á kosning hans, þó eigi um lengri tíma en 6 mánuði.

3. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra, skulu vera lausir við fasteignartíund til presta þjóðkirkjunnar, svo og við fasteignartíund og kirkjugjald af húsum til þeirra kirkna, sem eru landssjóðseign, þegar utanþjóðkirkjusöfnuðurinn hefir komið sér upp kirkju, sem að áliti kirkjustjórnarinnar telst sómasamlegt guðshús.

4. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn af landssjóði, er leiðir af ákvæði 3. greinar.

Nd. **472. Frumvarp.**

til laga um túngirðingar. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Á tímabilinu 1905—1909, að báðum meðtöldum, má á ári hverju verja 100,000 kr. úr landssjóði, til að kaupa fyrir galvaníseraðan gaddavír og járnteina í túngirðingar.

2. gr. Hver eigandi eða ábúandi jarðar, sem vill algirða tún sitt, getur fengið til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og ver landsstjórnin því til að kaupa girðingarefni það, sem nefnt er í 1. gr. og til flutningskostnaðar á því til hafna þeirra, sem óskað er, og strandferðaskipin koma á.

Sýslunefndir annast um, að menn séu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku, og gjöra aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og skulu sýslusjóðir kosta uppskipun, geymslu og afhendingu efnisins.

3. gr. Á öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skal verð fyrir girðingarefni að öllu leyti lagt fram af landssjóði, og hafi leiguliði á slíkri jörð komið upp á sinn kostnað girðingu um túnið úr tré eða járni, getur hann fært hana úr stað til annara nota á jörðunni og fengið í staðinn efni í nýja girðingu um túnið.

Á jörðum einstakra manna og stofnana leggur landssjóður fram $^3/_4$ af verði girðingarefnisins; þó leggur hann það alt fram, þar sem hlaðinn er svo hár garður undir,

að eigi þarf fleiri en 3 strengi ofan á hann til þess að hann sé fullkomin vörn fyrir öllum búpeningi.

4. gr. Af kostnaði þeim, er landssjóður leggur fram til girðinganna, greiðast árlega í 41 ár 5 krónur af hundraði hverju í 4% vexti og afborgun; gjaldið innheimtist hjá ábúendum á manntalsþingum eftir sömu reglum sem önnur manntalsþingsgjöld og reiknast frá þeim tíma, er efnið kom á þá höfn, sem um var beðið, en sé það ófáanlegt frá ábúanda á einstaks manns eign, skal jarðareigandi greiða gjaldið.

5. gr. Sýslunefndir annast um, að hæfir menn skoði öll girðingarstæði um tún hverrar sýslu og mæli lengd þeirra; skulu þeir jafnframt gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eiga að liggja og annað, sem að þeim lýtur. Skoðunargerð þessari skal lokið fyrir 1. nóvember 1904, og skulu skoðunarmenn gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæða á öllum jörðum í hverri sýslu og annað það, er að skoðunargerðinni lýtur. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti 2 samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni, en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allur kostnaður við skoðanir þessar og mælingar greiðist úr sýslusjóði.

6. gr. Nú óskar eigandi eða ábúandi og skoðunarmaður álítur það hagkvæmt, að innan girðingar verði meira land en túnið, þá má lengja girðinguna, ef túnið fær jafnsnemma sömu vörn og annars, og eigandi eða ábúandi kostar að öllu leyti það af girðingunni, sem fer fram yfir þá lengd, er þarf til varnar sjálfu túninu.

7. gr. Þegar einhver eigandi eða ábúandi jarðar vill girða tún sitt og fá til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, getur hann, eftir að skoðun þeirri er lokið, sem ræðir um í 5. gr., snúið sér til oddvita sýslunefndarinnar og æskt þess, að hann útvegi hjá landsstjórninni efni í hina ákveðnu girðingu, og ef jörðin er eigi landssjóðs eða kirkjueign, skal hann um leið afhenda 1/4 hluta af hinu áætlaða verði, er sendist landsstjórninni, nema garður sé hlaðinn undir samkvæmt niðurlagi 3. gr.

Nægi eigi fé það, sem ætlað er á hverju ári til túngirðinganna, til að fullnægja öllum, er um það hafa beðið. skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, koma fyrstir til greina næsta ár.

8. gr. Landsstjórnin gefur út áætlun fyrir hvert ár um verð á hverjum faðmi í vírgirðingu að meðtöldum flutningskostnaði, þar sem strengir eru 5 af 4 yddum vír og 1 teinn 0,5 þumlunga langur fylgir hverjum 8 álnum, og skal sú áætlun gilda, sem fast ákveðið verð það ár, að því, er snertir framlag eigenda eða ábúenda þeirra, sem borga eiga nokkurn hluta girðingarefnisins.

9. gr. Sýslunefndir velja einn eða fleiri hæfa og valinkunna menn til þess, að skoða og meta hinar fullgjörðu girðingar. En fullgjörð girðing telst því að eins, að allar hliðar túnsins, sem ekki hafa örugga vörn af vatni, sjó, klettum eða öðru slíku, séu algirtar og hlið með grindum á járnum; að öðru leyti sé girðingin gjörð samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur. Skoðunarmaður skýrir frá, hvernig verkið er af hendi leyst og hvort girðingarefnið hefir alt verið notað eingöngu til hinnar ákveðnu girðingar. Við hver árslok skýra svo oddvitar sýslunefnda landsstjórninni frá því, er gjört hefir verið í sýslu hverri á árinu að túngirðingum þessum.

10. gr. Nú hefir einhver ekki notað alt það girðingarefni, sem hann hefir fengið, þegar 1 1/2 ár er liðið frá því hann átti kost á að veita efninu móttöku, eða varið

því til annars en hinnar ákveðnu girðingar, og skal hann þá skyldur til þess, að endurborga þegar fullu verði það, sem hann þannig hefir vanrækt að nota eða notað án heimildar til annars.

11. gr. Skoðunarmaður sá, er ræðir um í 5. gr., ákveður hve langa járnteina þurfi á hverjum stað og hve marga virstrengi ofan á hlaðna garða. Grindur í hlið með umbúning og máttarstólpa með nauðsynlegum styttum, þar sem girðing beygist, eða nauðsynlegt þykir vegna lengdar girðingarinnar, leggur sá til, er girðingarefnisins hefur óskað, enda ræður hann hvert efni til þess er notað.

12. gr. Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér; vanræki hann það varðar það 2—10 kr. sekt, auk skaðabóta. Vísvitandi skemdir á girðingu varða 5—50 kr. sekt auk skaðabóta. Sektir þessar renna að hálfu til uppljóstrarmanns og að hálfu til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið

13. gr. Skyldir skulu jarðeigendur, hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir, að viðlagðri 10 kr. sekt til sýslusjóðs, að sjá um, að girðingum þessum verði haldið vel við framvegis og þær endurbættar og endurnýjaðar eftir þörfum, og við hverja jarðarúttekt skal fráfarandi skila girðingunni í góðu standi eða með fullu álagi.

14. gr. Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi losað sig við þá skyldu að halda henni við, en borga verður hann þá að fullu það er eftir stendur af landssjóðstillaginu.

15. gr. Þegar leiguliði á jörð, sem hvorki er landssjóðseign né kirkjueign, hefir komið upp girðingu um tún leigujarðar sinnar með aðstoð landsstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum, og eigi hefir verið öðru vísi um samið milli hans og landsdrottins, þá skal leiguliði við burtför sína frá jörðunni fá hjá landsdrottni endurgoldið verð fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnis, er hann hefir lagt til, eða komizt hjá að leggja til, með því að hlaða garð undir vírgirðinguna ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa samkvæmt mati úttektarmanna, enda afhendi hann þá túngirðinguna alla í góðu standi eða með fullu álagi.

Hafi aftur á móti landsdrottinn sett upp á sama hátt girðinguna á slíkri jörðu, þá getur hann, ef eigi hefir öðru vísi verið um samið, heimtað, að ábúandinn taki við girðingunni til fullrar ábyrgðar, og greiði honum sem landskuld 5% ársvexti af verði fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnisins, er hann hefir lagt til, ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa eftir mati úttektarmanna.

16. gr. Enginn má hafa gaddavír í traðir né girðingar, sem liggja fram með alfaravegi, nema garður sé undir $1^1/_2$ al. á hæð og vírinn eigi settur á þá brún hans, sem að veginum snýr, nema annað sé gjört því til varnar, að vírinn skaði menn eða skepnur, sem um veginn fara, eða farangur. Ef garður er hlaðinn verður hann að vera að minsta kosti $1^3/_4$ al. á hæð, en sé þetta hjá leigulíða, sem er skyldur að vinna jarðarbætur samkvæmt byggingarbréfi, skal kostnaður við garðinn koma í stað tilsvarandi hluta þeirra jarðabóta.

Brot móti þessari grein varða sektum, 50—500 krónum, er renna í sýslusjóð þeirrar sýslu, sem brotið er framið í og skal girðingin upptæk þegar er brotið er sannað, ef eigandi tekur hana eigi tafarlaust upp sjálfur eða bætir úr þessu á annan hátt.

17. gr. Með mál út af brotum, sem ræðir um í 12., 13., og 16. gr., skal farið sem með opinbert lögreglumál.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

Nd. **473. Frumvarp**

til laga um varnir gegn berklaveiki. (Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Ákvæði laga þessara taka til allra sjúkdóma af berklaveikisuppruna, ef samfara er uppgangur eða útferð, sem ætla má að sýkingarhætta standi af fyrir aðra.

2. gr. Héraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika sjúklinga, er leita læknishjálpar í héruðum þeirra, hvort sem þeir leita þeirra sjálfra eða annara löggiltra lækna. Hinir síðartöldu eru skyldir að senda héraðslækni skýrslu um hvern berklaveikan mann, er þeir veita læknishjálp.

Um hver áramót skulu héraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag bæði á henni og á skýrslum héraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr. Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er leita til þeirra, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim, hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

4. gr. Ef berklaveikur maður deyr eða skiftir um heimili, þá skal húsráðandi tilkynna það héraðslækni eða sótthreinsunarmanni, sem skipaður er af héraðslækni, og skal hann annast, að sótthreinsað sé tafarlaust á heimilinu, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, herbergi þau er sjúklingurinn hefir dvalið í langvistum, svo og eftirlátin föt og sængurfatnaður sjúklingsins. Þessa muni má eigi senda í þvott eða aðgjörð, selja, gefa eða lána öðrum, fyr en þeir hafa verið sótthreinsaðir, og ekki má fá öðrum til íbúðar herbergi, sem berklaveikur maður hefir búið í, fyr en það hefir verið sótthreinsað.

Sé það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur héraðslæknir látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

5. gr. Landshöfðingi setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og gólfræstingu í vinnustofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum (salon) farþegaskipa og opinberum byggingum, og skulu heilbrigðisnefndir hafa gát á því, að þessum reglum sé fylgt.

6. gr. Kostnaður af sótthreinsunum og ónýtingu lausra muna samkvæmt 4. gr., svo og að útvega bækur þær, er getur um í 2. gr., greiðist úr landssjóði.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 2 til 50 kr., og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Ed. **474. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ráðherraábyrgð.

Frá nefndinni.

Við 3. gr. a. Fyrir: »með því« í upphafinu komi: með því að.
— 7. — Fyrir: »hinu opinbera« komi: almenningi.

Ed. **475. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík (þskj. 431). Frá Kristjáni Jónssyni.

Fyrir niðurlagsorðin: »og eðlisfræði« komi: í menningarsögu mannkynsins, náttúruþekkingu og eðlisfræði.

Ed. **476. Frumvarp**

til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landssjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launavið-

bót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_3$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1000 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Nd. **477. Frumvarp**

til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð. Frá fjárlaganefndinni.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka bráðabirgðalán fyrir hönd landssjóðs alt að 500,000 kr., gegn tryggingu í eignum eða tekjum landssjóðsins.

Nd. **478. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi (þgskj. 467) Frá nefndinni.

4. gr. orðist svo:

Þeir einir, sem leysa af hendi próf við skólann, eiga aðgang að embættum þeim hér á landi, er lögfræðingar skipa. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra manna, sem tekið hafa lögfræðispróf við Kaupmannahafnarháskóla, áður en 3 ár eru liðin frá því er lagaskólinn tekur til starfa.

Nd. **479. Frumvarp**

til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða veruflutninga. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá maður eða félag, sem gerir út þilskip til veiðiskapar eða veruflutninga, skal láta skoða skipið af þar til kvöddum mönnum, áður það leggur út í fyrsta skifti á almanaksárinu, og má eigi lögskrá menn á skip, fyr en skoðunargerð hefir fram farið eftir lögum þessum.

2. gr. Í hverju lögsagnarumdæmi í landinu skulu vera svo margir skipskoðunarmenn, er þurfa þykir. Lögskráningarstjóri útnefnir skoðunarmennina, og ákveður starfsvæði þeirra, og skulu þeir vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo hæfir til starfans, sem föng eru á.

Nú vill skipsútgerðarmaður fá skoðunargjörð framkvæmda, og skal hann þá snúa sér til skipskoðunarmanns á þeim stað, er skipið á að leggja út frá, með skriflegri beiðni um skoðunina, og jafnframt skýra frá, hve margir skip-

verjar er ætlazt til að verði á skipinu; skal hann sjá um, að skoðun fram fari tafarlaust.

Skoðunargjörðin skal jafnan framkvæmd af tveim skoðunarmönnum, og kjósa þeir sér oddamann, ef ágreiningur verður.

Að skoðunargjörðinni lokinni senda skipskoðunarmennirnir lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans bréflega skýrslu um hana, og getur útgerðarmaður krafizt, að þeir eiðfesti hana, ef þörf þykir.

3. gr. Álíti skipskoðunarmenn, að skip sé þannig úr garði gjört, að lífi eða heilsu skipverja sé hætta búin, sakir þess hve skipið er veikbygt, eður og sakir fúa, eða annara galla, ónógra og gamalla segla, eða reiða, eða af því, að skipið hafi eigi svo trausta eða næga báta sem þörf krefur, þá má alls eigi lögskrá menn á slíkt skip, fyr en sannað er með vottorði skoðunarmanna, að bætt sé úr því, sem ábótavant þótti.

Nú virðist skoðunarmönnum að íbúðarrúm skipverja séu illa útbúin, of lítil eða loftill fyrir þá tölu skipverja, sem ætlað er rúm í þeim, og má þá eigi lögskrá fleiri menn á skipið en skoðunarmenn meta, nema læknirinn í því læknishéraði telji það óhult.

4. gr. Fyrir skoðunargjörð ber hvorum skoðunarmanna 3 kr. fyrir hvert skip, er þeir skoða. Sama borgun ber og oddamanni, þegar hann er kvaddur til.

Gjöld þessi, sem og borgun til læknis, er hann skoðar íbúðarrúm skipa, greiðist af útgerðarmanni, og má taka þau lögtaki.

5. gr. Ef skoðunargjörð sú, er þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa, eða önnur hérlend þilskipaábyrgðarfélög, láta árlega fram fara, að því er skip þau snertir, sem í sjóábyrgð eru, fullnægir skilyrðum laga þessara, þá er landstjórninni heimilt að samþykkja, að skoðunargjörð sú, er téð félög láta fram fara, komi í stað skoðunargjörðar þeirrar, er lög þessi mæla fyrir um.

6. gr. Brot gegn lögum þessum varða alt að 1000 kr. sektum, nema þyngri hegning liggi við eftir hegningarlögunum.

7. gr. Mál, sem rísa út af broti gegn lögum þessum, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Nd.

480. Frumvarp

til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfnínni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill almennings eða einstaklings í hættu.

2. gr. Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum:

a., ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar

konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þinginu hafi verið gefinn kostur á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og ef hann lætur farast fyrir að bera upp fyrir konungi lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum.

b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir.

c. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

3. gr. Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

a. með því að leggja fyrir konung til undirskriftar ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt.

b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

4. gr. Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað almenningi eða einstaklingi við tjóni, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

5. gr. Brot gegn 2. gr. varða embættismissi eða sektum frá 500—5000 kr. ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

6. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

7. gr. Hafi ráðherrann bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

8. gr. Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstiréttur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum, eftir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland.

Nd. **481. Frumvarp**

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. (Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Það skal eftirleiðis vera skylda að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er fiskiveiðar stunda á þilskipum hér við land, á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, er til fiskiveiða ganga, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar og skal hann svo fljótt sem unt er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr. Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 15 aurum fyrir hverja viku vetrarvertíðar, sem hann er á skipinu, og 10 aura fyrir hverja viku vorvertíðar og sumarvertíðar, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína, gegn endurgjaldi af hlut þeirra eða kaupi, en auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins helming á móts við gjald skipverjanna allra, og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Vátryggingargjaldið má taka lögtaki

4. gr. Gjaldi því, sem kemur inn samkvæmt 3. gr., skulu skráningarstjórar skila í vátryggingarsjóð, sem stjórnað skal undir yfirumsjón landsstjórnarinnar af nefnd, er skipuð skal 3 mönnum. Kýs fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins tvo nefndarmanna, en fjölmennasta hásetafélag einn þeirra; landsstjórnin skal staðfesta kosningu mannanna. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn maður í hans stað, en endurkjósa má þó hinn sama. Deyi nefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin mann til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til lögleg kosning getur fram farið á nýjum nefndarmanni. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, og fyrirskipar þá nýja kosningu sem fyrst. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr. Nú drukknar sjómaður eða deyr af slysförum á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir, samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina, er á hans vegum voru eða höfðu framfæri sitt hjá honum, 100 kr. á ári næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, greiðist árgjaldið þeim, sem maðurinn hefir ákveðið fyrir skráningarstjóra eða í lögmætri erfðaskrá, að þess skuli njóta, en hafi hann enga ákvörðun gjört í þessu tilliti, eignast vátryggingarsjóður upphæðina

6. gr. Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrökkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15,000 kr.

7. gr. Þá er nefnd sú, er 4. gr. ræðir um, er kosin, ákveður landsstjórnin með reglugjörð, er samin skal að fengnum tillögum nefndarinnar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed. **482. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu um gagnfræðaskóla á Akureyri (n. þgskj. 462). Frá Kristjáni Jónssyni.

Við tölul. 2. Fyrir: »35—40« komi: alt að 24.

Nd. **483. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Til mentamálanefndar.efri deildar hefir h. háttv. deild vísað frumvarpi til laga um kennaraskóla í Reykjavík og skulum vér nú í fám orðum láta í ljós álit vort um það.

Eins og kunnugt er kom út reglugerð um kennarafræðslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg 1. febr. 1892; á næsta ári veitti svo þingið skólanum styrk til hennar og hefir síðan árlega verið varið talsverðu fé til hennar úr landssjóði; oss virðist því eðlilegast að sá vísir, sem þar er fenginn til kennarafræðslu í landinu, verði látinn þroskast, áður en byrjað er á nýjum skóla með sama hlutverki. Alþýðumentunarmál vort er enn eigi svo rækilega íhugað sem skyldi, skoðanir manna um það mjög skiftar og enginn áreiðanlegur undirbúningur fenginn um það. hvernig fræðslu almennings skuli hagað, svo að gagni megi verða, án þess að ofboðið sé gjaldþoli landsmanna, né heldur til hlítar rannsakað mentunarástandið hér í landinu. Þetta hefir háttv. neðri deild beinlínis viðurkent með því að veita á fjárlögunum fé til rannsóknar á mentunarástandinu og alþýðufræðslunni í landinu. Sú reynsla, sem fengin er um kennaraskóla hingað til bendir heldur eigi á neina sérlega hvöt hjá alþýðu til að færa sér þá fræðslu í nyt, sem hann hefir að bjóða, enda er þess eigi að vænta meðan kjör þau, sem barnakennarar landsins eiga víða við að una, eru hrein og bein sultarkjör. Meðan svo er ástatt virðist oss mjög varhugavert að reisa nýjan kennaraskóla í Reykjavík með ærnum kostnaði, þar sem eigi verður séð, að hann h l j ó t i að hafa neitt verulegt til síns ágætis fram yfir kennaraskóla í Flensborg, nema það, að hann á hægra með að fá stundakennara með sérþekkingu, en hins vegar ýmsir kostir við Flensborgarvistina, sem Reykjavík ekki hefir að bjóða, eins og tekið hefir verið fram í erindi til alþingis frá stjórnarnefnd Flensborgarskólans.

Vér verðum því að ráða h. háttv. deild til að hallast að því tilboði, er trésmiður Jóhannes J. Reykdal í Hafnarfirði hefir sent þinginu um nýtt skólahús (og leikfimishús) í Flensborg með íbúð fyrir kennara og heimavistum fyrir 20 nemendur gegn 15,000 króna tillagi úr landssjóði, að viðbættu hinu gamla skólahúsi, en þar sem hér er um mjög aukið tillag af almennu fé til þessarar stofnunar að ræða, virðist oss réttast, að það sé bundið því skilyrði, að skólastofnunin með eignum þeim, er henni fylgja, standi framvegis að öllu leyti undir landsstjórninni.

Þess skal getið, að nefndinni hefir einnig borizt annað tilboð um endurbyggingu skólahússins í Flensborg fyrir 25,500 krónur, en kostnaðarins vegna sér nefndin sér eigi fært að sinna því boði.

Að því, er deildafjöldann í skólanum snertir, hyggur nefndin, að komast megi

af með tvær ársdeildir, að minsta kosti fyrst um sinn, og einungis tvo fasta kennara í stað þriggja, er frumvarpið fer fram á.

Samkvæmt því, er hér hefir sagt verið, leyfum vér oss að ráða h. háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við fyrirsögn frumvarpsins.
   Í stað: »Reykjavík« komi: Flensborg í Hafnarfirði.
2. Við 1. grein: Greinin orðist svo:
   Kennaraskóla skal setja á stofn í Flensborg í Hafnarfirði, og má verja alt að 15,000 krónum úr landssjóði til endurbyggingar á hinu núverandi skólahúsi í Flensborg með leikfimishúsi.
3. Við 3. grein: Í stað: »þrjár« komi: tvær.
4. Við 5. grein: Í stað: »ráðherrann 3« komi: landsstjórnin 2.
5. Við 5. grein: Í stað: »annan« komi: og annan.
6. Við 5. grein: ‚og þriðja . . . til enda greinarinnar falli burt.
7. Við 6. grein: Í stað: »Ráðherrann« komi: Landsstjórnin.

Efri deild alþingis 12. d. ágústm. 1903.

J. Havsteen, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og framsögumaður. Sigurður Jensson.

Nd.

484. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um leynilegar kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (Þskj. 465). Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir »bæjarstjórnar« komi: bæjarstjórna.
2. Við 2. gr. Fyrir »ástæða til vera« komi: ástæða til.
3. Við 3. gr. Greinin skiftist í 2 greinar og byrji 4. gr. á orðunum: «Bæjarstjórnin sér um«, og breytist greinatalan eftir því.
4. — 5. gr. (sem verður 6. gr.) Fyrir »3. gr.« komi 2. gr.
5. — - — Síðasta málsgreinin orðist svo:
   Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, þá skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.
6. — 6. — Í stað »sem er staddur« komi: sem samkvæmt 6. gr. »þar sem kjörseðli er veitt móttaka« falli burt.
7. — - — 3. málsgrein fyrir: »kosningunni« komi: kosningastofunni.
8. — 7. — fyrir: »5. gr«. komi: 6. gr.
9. — 8. — »er þannig kemur út« falli burt.
10. — 8. — Fyrir: »listanum, sem hann hefir öðlazt« komi: listanum, sem hana hefir öðlazt.

Nd. **485. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík.

Frá landshöfðingja.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »stofnaður verði hlutafélagsbanki« komi: stofnaður verði fyrir 1. október 1903 hlutafélagsbanki.
2. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 10. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er útkoma þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna, og eru lög nr. 11 um stofnun hlutafélagsbanka á Íslandi frá 7. júní 1902 jafnframt úr gildi feld.

Nd. **486. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 485. Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Stefán Stefánsson.

Í stað orðanna »1. október 1903« komi: 31. des. 1903.

Ed. **487. Frumvarp**

til laga um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík. (Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Verði eigi af því að stofnaður verði fyrir 1 október 1903 hlutafélagsbanki á Íslandi samkvæmt lögum nr. 11 frá 7. júní 1902, skal landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna seðladeild, er gefa má út alt að 1 miljón kóna í seðlum, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafizt er, gegn því að deildin

1) hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en helmingi af þeirri seðlaupphæð, sem í hvert skifti er úti;
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum.

2. gr. Til málmforðans má teljast:

a) lögleg gjaldgeng mynt eftir því verði, sem myntin til segir;
b) ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kilogram af skíru gulli;
c) kröfur, er gjaldast þegar heimtað er, hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregs banka og Englands banka (eða Skotlands), gegn því, að kröfur þær, er nefndir bankar hafa með sama skilorði gegn deildinni séu dregnar frá verði málmforðans;
d) seðlar gefnir út af þjóðbankanum í Kaupmannahöfn,

Noregsbanka,
Ríkisbanka Svía,
Englandsbanka,
Skotlandsbanka,
Frakklandsbanka,

og hinum þýzka ríkisbanka.

Þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir tölulið c. d., mega ekki, fara fram úr 1/4 alls málmforðans.

Sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í deildinni í löglegri gjaldgengri mynt, skal jafnan nema minst 1/4 af seðlaupphæð þeirri, sem úti er, og skal helmingur þess vera gullmynt Norðurlanda.

3. gr. Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, teljast einkum:

Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði.

Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.

Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar er heimtað er.

Opinber verðbréf eftir gangverði.

4. gr. Seðlar þeir, sem deildin gefur út samkvæmt lögum þessum, skulu vera gjaldgengir manna meðal og löglegur gjaldeyrir eftir ákvæðisverði í öll opinber gjöld, svo sem reiðugull væri.

5. gr. Upphæð seðlanna skal vera 5, 10 og 100 krónur. Lögun og útlit þeirra ákveður landsstjórnin eftir tillögum bankastjórnarinnar. Kostnað við útgáfu seðlanna greiðir landsbankinn.

6. gr. Sá, sem eftirmyndar þessa íslenzku seðla eða falsar þá, skal sæta sömu hegningu, sem ákveðið er í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 266 gr., fyrir eftirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður, þegar búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þótt ekki sé búið að láta þann seðil úti.

7. gr. Deildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar deildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors.

Landsbankinn greiðir kostnað við að koma deildinni á fót, svo og launahækkun gæzlustjóranna.

8. gr. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13., 14., 18.—24. og 26—29 og 30. gr. 1. lið um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um deildina, stjórn hennar og reikningsskil.

9. gr. Reglugjörð deildarinnar skal staðfest af ráðherra Íslands og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna, og eru lög nr. 11 um stofnun hlutafélagsbanka á Íslandi frá 7. júní 1902 jafnframt úr gildi feld.

Ed. **488. Frumvarp**

til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. (Eftir 3. umr. í Nd.).

Endurborgun á eftirstöðvum láns þess úr landssjóði Íslands til brúar á

Ölfusá, er samkvæmt lögum nr. 3, 3. maí 1889 2. og 3. gr. sbr. lög 6. nóv. 1902, hvílir á sýslufélögum Árness og Rangárvallasýslna og jafnaðarsjóði Suðuramtsins fellur niður að öllu leyti frá 6. septbr. 1904.

Ed.

489. Frumvarp

til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. (Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum skulu vera leynilegar, og hlutfallskosningar, og skulu þær fram fara á þann hátt, er segir í eftirfarandi greinum.

2. gr. Kosningin fer fram eftir listum, sem á eru skráð nöfn þeirra manna, er stungið er upp á til fulltrúa. Listar þessir skulu afhentir oddvita kjörstjórnarinnar fyrir hádegi tveim sólarhringum á undan kosningu, og skulu undir hvern lista hafa ritað eigi færri en 5 og ekki fleiri en 15 kjósendur sem meðmælendur; skulu þeir greina við nöfn sín, stöðu sína og bústað.

Komi meðmælandi sá, sem afhendir listann með eftirrit af honum, á hann heimtingu á að fá á það ritað vottorð oddvita um, að hann hafi fengið listann og hvenær.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en standi á honum fleiri nöfn, er hann ógildur. Nafn hvers manns, er upp á er stungið, skal vera svo greinilega letrað, með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sé á hver hann er, eða hægt sé að villast á honum og öðrum kjörgengum manni. Nú er einhver þeirra, er á lista standa, ekki kjörgengur, eða nafn hans er svo ógreinilegt, að kjörstjórnin getur ekki vitað við hvern er átt, og skal þá strika nafn hans af listanum.

Þegar kjörstjórn þykir ástæða til að álíta einhvern lista ógildan, eða strika nafn af lista, skal það gert með úrskurði, er færður sé í kjörbókina. Eftirrit af úrskurðinum skal, áður en kosningin byrjar, fengið þeim meðmælanda, sem afhent hefir listann.

Þeir listar, er kjörstjórn tekur gilda, skulu merktir hver með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.), og nöfnin á hverjum lista tölusett (1, 2, 3 o. s. frv.) í þeirri röð, er þau standa á listanum.

3. gr. Kjörstjórnin sér um útvegun á kjörseðlum og hæfilegum umslögum, sem nægja þykir, og skal nota þessa kjörseðla og umslög við kosninguna; fer hún fram á þann hátt að kjósandi afhendir slíkan kjörseðil innlagðan í umslag.

Á kjörseðli skal prentað með skýru letri »A-listinn«, »B-listinn«, »C-listinn« o. s. frv. í svo mörgum línum sem listarnir eru, og skal hvert listamerki standa í línu fyrir sig og lágrétt strik á milli. Ekkert annað orð eða bókstafur, og ekkert nafn, tala eða merki má standa á kjörseðli, hvorki prentað, skrifað eða á annan hátt á hann sett.

Umslögin skulu vera ógagnsæ og þannig löguð, að þau alveg hylji kjörseðil, sem innan í er lagður. Á hverju umslagi skal prentað eða stimplað kosningarár og dagur. Ekkert annað nafn, orð, tala eða merki má standa á umslaginu, hvorki prentað, skrifað, eða á annan hátt á það sett.

4. gr. Bæjarstjórnin sér um að atkvæðakassi og kjörherbergi séu til og skal kjörherbergi vera þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig, að eigi verði í

það gengið nema úr því húsi. Tjald skal vera fest fyrir gluggum, er vera kynnu á herberginu, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Herbergið skal vera svo bjart, að hægt sé að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera borð og hæfilega margir almennir svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði úr honum náð, nema hann sé opnaður.

5. Frá því er kosningargjörðin hefst, skulu listar með nöfnum fulltrúaefna uppfestir á kjörstaðnum, þar sem mikið ber á. Þeir skulu vera prentaðir eða skrifaðir greinilega, og táknaðir með bókstöfum sínum. Þar skal og vera uppfest prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, sem hefir inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara laga.

6. gr. Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá hverjir séu í kjörstjórninni, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkvæmt 2. gr.; hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann er tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en fulltrúaefnin og 2 meðmælendur fyrir hvern lista, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við manninn og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrétt, afhendir hún kjósanda kjörseðil ásamt umslagi, og gengur hann síðan inn í kjörherbergið, og má þar enginn annar vera inni. Þar inni markar hann kross × á kjörseðlinum við bókstafinn á þeim lista, er hann vill kjósa eftir, leggur síðan kjörseðilinn inn í umslagið, gengur að vörmu spori út úr herberginu og afhendir oddvita umslagið með kjörseðlinum í, og leggur oddviti það svo í augsýn kjósanda niður í atkvæðakassann, án þess að opna umslagið. Annar úr kjörstjórninni gjörir merki á kjörskránni við nafn þess kjósanda, er hefir greitt atkvæði, og hinn úr kjörstjórninni ritar nafn hans á sérstaka skrá. Sérhver kjósandi, er vill neyta kosningarréttar síns, verður að mæta sjálfur.

Ef kjörseðill eða umslag ónýtist á einhvern hátt, eftir að það er kjósanda afhent, en áður en það er lagt niður í atkvæðakassann, þá getur kjósandinn farið aftur til oddvita og fengið nýjan kjörseðil og umslag, og skili hann þá því, er ónýttist, aftur um leið.

Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, þá skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

7. gr. Kosningargjörðin má eigi standa yfir skemur en 3 tíma. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórnin sjálf atkvæði og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfninni sé nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi er kosið hefir, skal skyldur til fyrir rétti, í hvaða máli sem er, að skýra frá, hvern hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórninni eða nokkur sá, sem samkvæmt 6. gr. er staddur í

kosningastofunni, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósanda ráð, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli atkvæði gefa. Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kosningastofunni kann að hafa orðið áskynja um, hvort eða hvernig einhver kjósandi hefir kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 krónum.

8. gr. Upplestur atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar að kosningarathöfn lokinni, þannig: Oddviti kjörstjórnarinnar opnar kassann, tekur kjörseðlana, einn í einu, út úr umslaginu, les þá upp hátt og greinilega, og leggur þá síðan frá sér, alla á einn stað.

Kjörseðill er ógildur, ef atkvæði er á honum greitt um annað en einn af listunum. Sé í umslagi fleiri en einn kjörseðill, eru þeir ógildir. Enn fremur er kjörseðill ógildur 1) þegar ekki er full vissa fyrir, hverjum lista kjósandi vill greiða atkvæði, 2) þegar útlit kjörseðils eða umslags þess, er hann var í, gefur ástæðu til að álíta, að kjörseðill hafi eigi verið afhentur af kjörstjórninni, eða hann eigi verið merktur í kjörherberginu, 3) ef á kjörseðli eða umslaginu er skrifað, teiknað eða á annan hátt eitthvað það markað, sem bendir á, að með því sé af ásettu ráði skýrt frá, hver atkvæði hafi greitt, eða yfirleitt eitthvað það er táknað á kjörseðil eða umslag, er gefur kjörseðli séreinkenni, og ætla má, að enginn annar en kjósandi hafi gjört það.

Jafnskjótt og oddviti les upp kjörseðlana skrá hinir kjörstjórarnir, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista. Eftir að allir kjörseðlar eru upp lesnir, bera kjörstjórar sig saman; skakki hjá þeim í einhverju, skal lesa upp alla kjörseðlana á ný. Að lokum eru kjörseðlarnir taldir og athugað hvort þeir séu eins margir og skrá sú sýnir, er haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarréttar síns.

9. gr. Þá er kjörstjórnin hefir gengið úr skugga um, að kosningin hafi farið fram á löglegan hátt, skal leggja saman öll þau atkvæði, er hver listi hefir fengið. Síðan er atkvæðatölu hvers lista deilt, fyrst með 1, svo með 2, svo með 3 o. s. frv. unz atkvæðatölu hvers lista er deilt með svo hárri tölu, sem honum geta fremst hlotnazt fulltrúar hlutfallslega við tölu allra greiddra atkvæða og tölu fulltrúaefna. Hæsta útkomutalan gefur þeim lista, er hana hefir öðlazt, rétt til 1. fulltrúa; næst hæsta útkomutalan gefur listanum, sem hana hefir öðlazt, 2. fulltrúann, og svo koll af kolli, unz allir fulltrúarnir eru kosnir. Séu tvær útkomutölur jafn-háar, ræður hlutkesti. Af hverjum lista fyrir sig, skal taka nöfn þeirra, sem kosnir eru, í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum; nú er nafn á einhverjum lista þegar kosið á öðrum lista, og skal þá strika það út, og taka næsta nafn fyrir neðan. Nú er listi tæmdur, og á þó rétt á einum fulltrúa til, þá skal taka þann fulltrúa af þeim lista, er þessum lista hefir næstan atkvæðafjölda.

10. gr. Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn með meiri hluta kosningu, en að öðru leyti eftir framanskráðum reglum.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin 2.—6. málsgrein í 8. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. októbr. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum s. d. um bæjarstjórn á Ísafirði, 8. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

12. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Ed. **490. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi. (Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Í Reykjavík skal stofnaður lagaskóli.

2. gr. Við skóla þennan skal vera einn fastur kennari, skipaður af konungi, og hefir hann 4000 kr. árlega að launum. Er hann jafnframt forstöðumaður skólans. Dómarar landsyfirréttarins skulu hafa kenslu á hendi við skólann, og hafa hvor um sig 500 kr. árlega þóknun fyrir þann starfa, til viðbótar við laun sín. Fyrst um sinn, þangað til yfirdómaraembættin losna, má verja alt að 2,500 kr. til aukakenslu.

3. gr. Ráðherrann semur reglugjörð fyrir skólann.

4. gr. Þeir einir, sem leysa af hendi próf við skólann, eiga aðgang að embættum þeim hér á landi, er lögfræðingar skipa. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra manna, sem tekið hafa lögfræðispróf við Kaupmannahafnarháskóla, áður en 3 ár eru liðin frá því er lagaskólinn tekur til starfa.

5. gr. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði.

Skólinn tekur til starfa þegar fé er veitt til hans á fjárlögum.

Ed. **491. Frumvarp**

til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði. (Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Í landhelgi við Ísland má eigi nota útlend skip við síldarsöltun eða aðra verkun síldar til útflutnings, né heldur innlend skip, sem eru í samfloti við útlend skip. Eigi má ljá né leigja innlend skip til síldarsöltunar öðrum en þeim, er rétt hafa til veiðiskapar í landhelgi.

2. gr. Nú er innlent skip léð eða leigt til síldarsöltunar eða annarar síldarverkunar í landhelgi, og verður þá eigandi sekur eftir lögum þessum, ef það sannast, að réttur eigandi síldarúthalds þess, er síldarinnar aflaði, hefir eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi.

3. gr. Rétt er að lögreglustjóri skipi eftirlitsmenn, einn eða fleiri við hvern fjörð, þar sem síldveiði er, til þess að hafa umsjón með síldveiðinni, og gæta þess, að fylgt sé fyrirmælum laga þeirra, er að síldarveiðum lúta, og tiltekur hann starfsvæði þeirra. Ef ágreiningur verður um það hvernig fylgja skuli fyrirmælum gildandi laga um síldveiði og upsaveiði með nót, sker umsjónarmaður úr. Heimilt er þeim, sem eigi vill hlíta úrskurði eftirlitsmanns, að bíða dómsúrskurðar um ágreiningsatriðið, en bæta verður hann kostnað allan og skaða, er af því hlýzt að úrskurðinum er eigi þegar fylgt, et hann reynist lögmætur að lagadómi; skulu öll áhöld síldarútvegs þess manns, er eigi vill úrskurði hlíta, vera að veði fyrir greiðslunni. Mál, sem rísa út af slíkum ágreiningi, skal farið með sem einkalögreglumál, og skal kæra komin til lögreglustjóra eður á skrifstofu hans innan þriggja sólarhringa frá því, er úrskurði eftirlitsmanns er hafnað.

4. gr. Í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn eru skipaðir, skal greiða til launa eftirlitsmönnum 5 aura gjald af hverri tunnu síldar, sem út er flutt, og rennur gjaldið í sérstakan sjóð. Gjald þetta

skal innheimt ásamt útflutningsgjaldinu af lögreglustjóra og eftir sömu reglum, og gerir hann fyrir því árlegan reikning, sem sendist stjórnarráðinu ásamt útflutningsgjaldsreikningnum. Um upphæð borgunar þeirrar, er greiðist hverjum eftirlitsmanni, fer eftir samningi við lögreglustjóra.

5. gr. Af öllum síldarnótum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skal greiða útflutningsgjald, 1 kr. fyrir hvern ferbyrningsfaðm í nótinni. Sérhver sá, sem sendir af stað síldarnót til flutnings frá landinu, er skyldur til að skýra lögreglustjóra frá því, áður nótin er flutt á skip, og afhenda um leið vottorð, gefið upp á æru og samvizku, um stærð nótarinnar. Auk þess er skipstjóri á skipi, sem síldarnót er útflutt með, skyldur til að láta uppi æru og samvizkuvottorð, er sýni, að hann hafi ekki tekið við öðru eða meira af því tagi til flutnings en því, er vottorð útflytjanda greinir.

Rétt er og sýslumanni að láta mæla nótir, er út á að flytja, ef honum virðist ástæða til, og skal greiða kostnaðinn við það úr landssjóði, nema það komi í ljós við mælinguna, að útflytjandi hafi gefið upp minni nót en rétt var, þá skal hann bera kostnaðinn, og auk þess greiða þrefalt útflutningsgjald af nót þeirri, er ranglega var frá skýrt. Að öðru leyti fer um innheimtu og reikningsskil á útflutningsgjaldinu á sama hátt og segir í lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

6. gr. Nú vill einhver flytja síldarnætur úr einu lögsagnarumdæmi í annað, og skal hann þá afhenda lögreglustjóra vottorð það, sem um ræðir í 5. gr., og jafnframt afhenda honum til tryggingargeymslu jafna upphæð, og greiða ber í útflutningsgjald. Fyrir greiðslu þessari skal lögreglustjóri fá honum móttökuskilríki, og fær nóteigandi upphæðina aftur borgaða gegn vottorði frá lögreglustjóra í því umdæmi, sem nótirnar eru fluttar til, um að þær séu þangað komnar.

7. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum frá 300—3000 kr. Sektirnar renna að hálfu til upplýstrarmanns og að hálfu til landssjóðs.

Ed. **492. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í landbúnaðarmálefnum.

Frá Valtý Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, J. Havsteen.

Við 1. lið. Fyrir: »3 manna« komi: 5 manna

— — — Aftan við liðinn bætist: Landsstjórnin tilnefnir 2 nefndarmanna, en hinir 3 skulu kosnir af alþingi, 2 af neðri deild og 1 af efri deild.

Ed. **493. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.).

1. gr. Til frádrags frá tekjum þeim, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir

árin 1902 og 1903 veitast þær 752 kr. 25 a., sem taldar eru í 2. og 3. gr. hér á eftir, og sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í sömu lögum og 3. gr. fjáraukalaga 25. september 1902 fyrir árin 1902 og 1903 veitast 47,044 kr. 21 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 3.–6. gr. hér á eftir.

2. gr. Aðflutningsgjald af tollskyldum vistaforða, er landmælingadeild hins danska herstjórnarráðs hefir flutt inn 1902—1903, til afnota við störf sín hér á landi, kr. 252,25 a., fellur burt.

3. gr. Af tekjum þeim af fasteignum landssjóðs, sem taldar eru í 3. gr. fjárlaganna tölul. 1, greiðast ábúandanum á Fitjakoti í Kjalarneshreppi, Hans Gíslasyni, 500 kr., án afgjaldshækkunar, sem endurgjald fyrir hús, er hann hefir reist á jörðunni.

4. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

1.	Við tölulið 6. Utgjöld við holdsveikraspítalann. Við a, laun starfsmanna	133 kr.	33 a.
2.	Til að útvega húsbúnað í sóttvarnarhús í Reykjavík, sbr. fjáraukalög 25. september 1902, 3. gr. 2 a. .	1,200 —	»» -
3.	Til Björns héraðslæknis Blöndals á Hvammstanga: Uppbót á launum hans frá 1. apríl 1900 til 30. maí 1903	583 —	33 -
		1,916 —	66 -

5. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

1.	Við B. Vegabætur. Við tölulið 3. til flutningabrauta .	6,000 kr.	
2.	Við tölulið 4. til þjóðvega	10,000	00
3.	Við C. Styrkur til að bæta lending í Þorlákshöfn (endurveiting).	400	00
4.	Við E. Vitar. Við e. Gróttuvitinn. Við tölulið 4. til viðhalds á húsi og áhöldum. Jafnframt og samþykt er, að 2,500 kr. þeim, er veittar voru í 2. gr. fjáraukalaga 27. september 1901 til að kaupa býlið Gróttu og endurbæta híbýli þar, hefir verið varið til að kaupa helminginn af téðu býli og reisa nýjan vitamannsbústað, gefst heimild til að greiða eftirstöðvarnar af kostnaðinum við téðan bústað, 250 kr., af upphæð þeirri sem er veitt í lið þessum fyrir fjárhagstímabilið 1902 og 1903.		
5.	Við E. Vitar. Við k. Til Elliðaeyjarvitans, til þess að færa hann á hentugasta stað á eynni og gera nauðsynlegar umbætur á honum, alt að	800	00
6.	Við E. Vitar. Við c. Til ekkjunnar Sigurveigar Jóhannesdóttur á Reykjanesi í viðurkenningarskyni fyrir umbætur, er maður hennar gerði á lóð vitans . . .	600	00
		17,800 kr.	00

6. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

1. Við B. IV. Til fyrsta og annars kennara Möðruvallaskólans sem uppbót fyrir flutning skólans til Akureyrar og veruna þar frá 1. október 1902 til 31. desember 1903 500 kr. til hvors . . . . . 1000 kr. 00 a.
2. Við B IV. Húsaleigustyrkur til 9 nafngreindra nemenda við Möðruvallaskólann veturinn 1902—1903, 30 kr. handa hverjum . . . . . 270 kr. 00 a.
3. Við B. V. b. 2. til áhaldakaupa o. fl. handa stýrimannaskólanum . . . . . 2,310 — 98 -

3,580 — 98 -

7. gr. Sem viðbót við gjöld þau til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, sem talin eru í 14. gr. B. fjarlaganna, veitist: Til útrýmingar fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu , . . kr. 22,800 00

8. gr. Lán það, sem var veitt þáverandi forstöðumanni Möðruvallaskólans 8. júní 1883 að upphæð 1000 kr. til vegagjörðar frá Gæsum að Möðruvöllum í skólans þarfir, og sem nú er að eftirstöðvum kr. 446,57, fellur burtu frá 8. júní 1902.

Ed. **494. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólabyggingar 57,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaíðnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera alt að 24 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Ed. **495. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 6, 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega. (Eftir 2. umr. í Ed.)

Heimild sú, er landsstjórninni er veitt með 2. gr. í lögum nr. 6, 12. jan. 1900 til að krefjast þess, að vegum, er hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóða, skal einnig ná til flutningabrauta, svo framarlega brautin aðallega er lögð í þarfir sýslufélagsins, og það álítzt hafa efni og ástæður til að bera kostnaðinn.

Þetta ákvæði nær og til þeirra flutningabrauta, er gjörðar hafa verið síðan áminst lög 12. jan. 1900 gengu í gildi.

Nd. **496. Tillaga**

til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík (Eftir eina umr í Ed.).

Alþingi skorar á stjórnina að láta semja, svo fljótt sem unt er, og að löggilda nýja reglugerð fyrir skólann í Reykjavík, er fari í öllum aðalatriðum í sömu átt og frumvarp alþingis 1897, þannig *að* gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein, *að* kenslustundum í latínu verði fækkað að mun, *að* latneskir stílar verði lagðir niður við próf, *að* kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði aðallega varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu, í nýju málunum (einkum ensku og dönsku) í menningarsögu mannkynsins, náttúruþekkingu og eðlisfræði.

Nd. **497. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, er kosið hafa sér prest eða forstöðumann, geta eftirleiðis leitað til ráðherrans fyrir Ísland til þess að fá staðfesting kosningarinnar. Staðfesting ráðherrans á kosningunni veitir kirkjufélaginu öll hin sömu réttindi, sem í lögum 19. febr. 1886 eru talin fylgja konunglegri staðfesting.

2. gr. Nú deyr prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, er kosning hans hefir hlotið staðfesting, eða hann fyrir uppsögn eða af öðrum ástæðum hættir starfa sínum, og njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins und-

anþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886, og í 3. gr. laga þessara, til þess, er þeir hafa kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið staðfesting á kosning hans, þó eigi um lengri tíma en 6 mánuði.

3. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra, skulu vera lausir við fasteignartíund til presta þjóðkirkjunnar, svo og við fasteignartíund og kirkjugjald af húsum til þeirra kirkna, sem eru landssjóðseign, þegar utanþjóðkirkjusöfnuðurinn hefir komið sér upp kirkju, sem að áliti kirkjustjórnarinnar telst sómasamlegt guðshús.

4. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn af landssjóði, er leiðir af ákvæði 3. greinar.

Ed. **498. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Allir hvalir, nema tannhvalir og smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir allskyns skotum hvervetna í landhelgi, svo fyrir landutan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sé eða fastir á grynningum, eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sé síldveiði eða veiðarfærum spillt.

2. gr. 1. gr. laga 19. febr. 1886 um friðun hvala, svo og lög um breyting á lögum þessum 15. jan. 1892 eru úr gildi felld

Nd. **499. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað. Frá Skúla Thoroddsen.

1. Í stað: »hafnsögugjaldsskyldu« í fyrirsögn frumvarpsins komi: hafnsöguskyldu.
2. Við 1. gr. Á eftir fyrstu málsgrein bætist inn ný málsgrein svo látandi:
   Komi skip oftar á sama ári, skal það eigi greiða hafnsögugjald aftur, nema þegar það notar hafnsögumann.
3. — — — Í stað orðanna: »Undanþegin þessari skyldu eru þó« komi: Undanþegin hafnsöguskyldu eru
4. — 2. — Á *eftir orðunum:* »*Hafnsögugjaldið greiðist eftir*« komi: reglugjörð og
5. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr.. svo hljóðandi:

Hafnargjaldkerinn á Ísafirði innheimtir hafnsögugjald það, er getur um í fyrstu málsgrein 1. gr., ásamt öðrum hafnargjöldum, en að öðru leyti innheimtir hlutaðeigandi hafnsögumaður gjöld þau, er ræðir um í lögum þessum.

6. 3. gr. verði 4. gr.

Nd. **500. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar og skógargræðslu. Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 1. lið. Á undan »620 kr.« komi: »alt að«
2. Við 1. gr. 2. lið fyrir »2500 kr.« komi: »3000 kr.«

Nd. **501. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um ábyrgð ráðherra Íslands.

Háttvirt efri deild hefir gjört nokkrar orðabreytingar á frumvarpinu, og með því að þær eru fremur til bóta, ræður nefndin háttv. neðri deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Neðri deild alþingis 14. ágúst 1903.

H. Hafstein, form.	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.	Hermann Jónasson. Guðl. Guðmundsson. Skúli Thoroddsen.

Nd. **502. Framhalds-nefndarálit**

um frumv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Háttv. efri deild hefir gjört tvær breytingar á frumv. þessu. Hin fyrri er sú, að hækka uppbót þá, sem ráðherranum er veitt til bráðabirgða fyrir leigulausum embættisbústað, um 400 kr., eða að meta afnot embættisbústaðarins 2000 kr., eins og stungið var uppá í stjórnarfrumvarpinu, í stað 1600 kr., sem samþykt var hér í deildinni. Hin breytingin er sú, að hækka laun landritarans aftur upp í 6000 krónur.

Jafnvel þótt nefndin áliti, að upphæðir þær, sem neðri deild tiltók, hefðu verið viðunanlegar, þá verður hún þó að kannast við, að ástæður þær, sem færðar voru fyrir breytingum þessum í efri deild, hafi nokkuð til síns máls, og vill því ekki gjöra þetta að ágreiningsefni milli deildanna.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi, 14. ágúst 1903.

Jón Magnússon, formaður.	H. Hafstein, skrifari og framsögum.	Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.
Ólafur Ólafsson, með fyrirvara.	Lárus H. Bjarnason, með fyrirvara.	Jóhannes Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. **503. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um eftirlit með þilskipum. Frá fiskiveiðanefndinni.

Vér höfum athugað breytingar þær, sem h. Ed. hefir gert á þessu frv. Aðal breytingin er í því fólgin, að 1. gr. frv. hefir verið feld í burtu, en í þess stað bætt líkum ákvæðum inn í 3. gr. um það, að hinir lögskipuðu skoðunarmenn skuli hafa eftirlit með því, að hverju skipi fylgi nægir bátar. Jafnvel þótt oss virðist þessi ákvæði eigi jafn tryggileg og þau, er stóðu í frv. eins og það var samþykt í Nd., þá leyfum vér oss þó að leggja það til, að frumv. sé samþykt óbreytt eins og það kom frá h. Ed.

Alþingi, 14. ágúst 1903.

Skúli Thoroddsen, formaður. Ólafur Thorlacius, skrifari. Tryggvi Gunnarsson.

Björn Kristjánsson. Jóhannes Ólafsson.

Ed.

504. Frumvarp

til laga um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.)

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir, eða meira, að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki.

Komi skip oftar á sama ári, skal það eigi greiða hafnsögugjald aftur, nema þegar það notar hafnsögumann.

Undanþegin hafnsöguskyldu eru þó herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna.

2. gr. Hafnsögugjaldið greiðist eftir reglugerð og taxta, er landsstjórnin setur eftir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefir það lögtaksrétt.

3. gr. Hafnargjaldkerinn á Ísafirði innheimtir hafnsögugjald það, er getur um í fyrstu málsgrein 1. gr., ásamt öðrum hafnargjöldum, en að öðru leyti innheimtir hlutaðeigandi hafnsögumaður gjöld þau, er ræðir um í lögum þessum.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed.

505. Frumvarp

til laga um dánarskýrslur. (Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Þegar prestur jarðsetur lík, skal hann auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftunardags) innfæra í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur beztar fengið.

2. gr. Í kaupstöðum og kauptúnum þeim, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið lætur læknir ókeypis, ritað á eyðublað, er lands-

höfðingi lætur gjöra. Skal þar tilgreint nafn, heimili, staða, dauðadagur og dauðaár og dauðamein.

3. gr. Nú deyr maður í kaupstað eða kauptúni því, er læknir situr í, án þess að læknir hafi stundað hann í banalegunni, og skal þá innan 24 tíma frá andlátinu sækja héraðslæknirinn til þess að skoða líkið. Þá er hann hefir gert það, sendir hann hlutaðeigandi sóknarpresti þegar dánarvottorð. Fyrir líkskoðun þá fær læknir 1 kr.

Sömu reglu skal fylgt, þegar ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna í banalegunni.

4. gr. Landshöfðingi lætur alla presta fá næg eyðublöð undir tvíritaðar dánarskýrslur, er þeim ber að gefa um hver áramót. Skal þar vera sérstakur dálkur fyrir dauðamein. Annað eintak af skýrslunni sendir hver prestur hlutaðeigandi sýslumanni, en hitt héraðslækni áleiðis til landlæknis.

Héraðslæknir rannsakar skýrsluna með tilliti til dauðaorsaka, og þyki honum eitthvað ábótavant við hana, bætir hann úr því, eftir því, sem auðið er.

Nd. **506. Frumvarp**

til laga um heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar og skógargræðslu.
(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að kaupa til skógarfriðunar og skógargræðslu:

1. Jörðina Hallormsstað í Suður Múlasýslu með hjáleigum og með húsum þeim og kúgildum, er fylgja og fylgja eiga, svo og ítak hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, gegn því að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í alt að 620 kr. á ári.

2. Jörðina Vagli í Fnjóskadal með húsum þeim og kúgildum, er henni fylgja og fylgja eiga, fyrir alt að 3000 kr.

3. Hálsskóg í Fnjóskadal gegn 80 kr. árlegu gjaldi til Hálsprestakalls úr landssjóði.

2. gr. Landsstjórnin hefir yfirumsjón með byggingu og ábúð jarðanna og allri meðferð skógarlandanna.

3. gr. Lög um friðun á Hallormsstaðarskógi frá 5. des. 1899 eru úr gildi numin.

Ed. **507. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu. (Eftir 3. umr. í Nd.)

Við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **508. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fólksflutninga til Íslands.

Máli þessu, sem komið er frá hv. ed., var vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og lætur hún uppi álit sitt um það.

Nefndin er á einu máli um það, að tilgangur frumvarpsins sé hinn bezti og vert sé að gera tilraun í þessa átt, og heppilega sé af stað farið með þessu nýmæli. Við frumvarpið telur nefndin eigi annað athugavert, en að ákvæði 3. gr. kunni að reynast helzt til þröng og bindandi. Ákvæði þau eru að efni til aðallega sniðin eftir reglum um heimilisréttarlönd vestan hafs, en þar sem hér er alt svo óprófað í þeim greinum og viðsjált er að setja nokkuð það í lögin, er kynni að fæla menn frá að koma, telur nefndin heppilegra, að slíkar nánari reglur skapist í hendi, verði sá árangur af tilraun þessari, að fleiri eða færri menn útlendir vilji nema hér land. Nefndin álítur og, að niðurlagsákvæði 2. gr. nægi um sinn, að stjórnin setji ákveðnar reglur um þessi vildarkjör fyrir innflytjendur. Vér ætlum því réttast að fella 3. gr. burt, en ná aðalkjarnanum úr efni hennar með því að taka upp í 2. gr., að þessar ákveðnu reglur sem stjórnin setur, séu sérstaklega um ræktun hins útvísaða lands; á því atriði liggur öll áherzlan.

En um leið og vér ráðum til að fella burtu 3. gr., viljum vér skýrt taka það fram, að það er sjálfgefið, að stjórnin gefur eigi fullkomið afsalsbréf fyrir hinu útvísaða landi fyrr en skilyrðum þeim, er hún setur um bólfestu og ræktun, er fullnægt. Það er og sjálfgefið, að útlendum innflytjendum verða eigi veitt vildari kjör en menn mundu vilja veita innlendum mönnum. Það viljum vér og taka fram, að vér teldum eigi síður heppilegt að beina þessari tilraun, sem hér verður gerð, til þess að tá nýta Íslendinga, sem farið hafa vestur um haf, til þess að hverfa heim aftur til fósturjarðarinnar.

Í sambandi við frumvarpið og í beinu áframhaldi af því er þingályktunartillagan frá h. ed. um ráðstafanir til að koma á fólksflutningum til Íslands. Sú tillaga er eigi enn komin til umræðu hér í nd., en að sjálfsögðu verður hún samferða frumvarpinu, og verði breyting vor á frumvarpinu samþykt, þarf og að víkja tillögunni nokkuð við. Þetta tvent er svo óaðskiljanlegt, að nefndin lætur þessa getið, og vill í því sambandi sérstaklega leggja áherzlu á það, að bezt verði greitt fyrir innflutningnum með því að hafa mann eða menn erlends til að reka slíkt erindi, og hefir nefndin fulla ástæðu til að treysta því, að í Danmörku megi og vænta góðrar aðstoðar, meðal annars með greinum í blöðunum. Bein ákvæði teljum vér ekki nauðsynlegt að setja um þetta, þar sem stjórninni verður slík aðferð heimil eftir frumvarpinu og tillögunni, að svo miklu leyti, sem hið veitta fé hrökkur til þess. Það er að vísu alt hið minsta, en eftir öllum atvikum teljum vér eigi rétt að fara fram á meira við þessa fyrstu byrjunartilraun.

Breytingartillögur vorar við frumvarpið eru þá þessar:

1. Inn í 2. gr. á eftir orðunum: »sjálf setur« bætist: um ræktun landsins.
2. 3. gr. falli burt.

Alþingi 14. ágúst 1903.

Björn Bjarnarson	Herm. Jónasson	Þórh. Bjarnarson.
formaður.	skrifari.	framsögum.
Eggert Pálsson.	**Pétur Jónsson.**	**Ólafur Ólafsson.**	**Ólafur Briem.**

Ed. **509. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög. (Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Á hvalveiði og á síldarveiði með nót, svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanns má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu.

2. gr. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þó rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins.

Ed. **510. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Af hverri tunnu hvallýsis skal greiða útflutningsgjald . kr. 1,00

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. 511. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu um eftirlaun (þingskj. 476).

Á frv. til laga um eftirlaun, sem afgreitt var héðan úr deildinni, hefir hin hv. neðri deild gjört 3 breytingar:

1. í 2. gr. er sett $^1/_5$ í stað $^1/_4$;
2. í sömu grein eru eftirlaun þess embættismanns, sem vegna heilsutjóns við rekstur embættisins verður að sækja um lausn, í stað $^2/_3$ embættisteknanna, — eins og var í frv. því, er héðan fór —, ákveðin svo, að þau skuli vera jöfn hæstu efttrlaunum, er honum gætu borið eftir lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu; — og
3. í 8. gr. er sett 1000 kr. í stað 1200 kr., sem hæstu eftirlaun embættismannsekkju.

Nefndin hefir nú tekið breytingar þessar til íhugunar og komizt að þeirri niðurstöðu, að önnur og þriðja breytingin sé aðgengileg, og er hin fyrri þeirra orðrétt samhljóða br.tillögu, sem komið hafði fram við meðferð málsins í þessari deild, eigi sætt neinum verulegum mótmælum, en þó verið feld við atkvæðagreiðsluna með 7 atkv. gegn 4.

Aftur á móti getur nefndin eigi sannfærst um, að gjörlegt sé að fallast á 1. breytingu n. d., þar sem hún færir eftirlaunin meira niður en vér eftir öllum atvikum álítum tiltækilegt, eins og hvað eftir annað hefir verið samþykt hér í deildinni. Verðum vér því að ráða hv. deild til að færa frv. að þessu leyti aftur í samt lag.

Að öðru leyti skulum vér geta þess, að tilætlun vor nefndarmanna var sú, að frv. um ellistyrk og geymdan lífeyri embættismanna skyldi verða samferða þessu frumv. um eftirlaun, enda er oss fullkunnugt um, að sumir deildarmanna gjöra það að skilyrði fyrir samþykki sínu á eftirlauna frv., að hitt frv. sé samþykt jafnframt. — Nú er að vísu ellistyrksfrv. ófullbúið frá hv. n. d., sem mun ætla að samþykkja það óbreytt, þegar er eftirlaunafrv. er komið í það horf, sem báðar deildir vilja við una; en þar sem vér höfum verið fullvissaðir um, að þá muni eigi standa á samþykki n. d. á nefndu frv., þykjumst vér geta ráðið þessari hv. deild til að samþykkja nú eftirlaunafrv. með fyrnefndri einni breytingu:

Við 2. gr. í stað: »$^1/_5$« komi: $^1/_4$.

Efri deild alþingis 14. ágúst 1903.

Eiríkur Briem,	Hallgr. Sveinsson,	Guðjón Guðlaugsson,
formaður.	skrifari.	framsögum.

Nd. **512. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. Frá nefndinni.

Á eftir 7. gr. bætist inn ný grein, svo hljóðandi:

Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 5 ár líða frá því er brot var framið, án þess að alþingi hafi tekið ályktun um málshöfðun.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. **513. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun fugla. Frá Eiríki Briem og Kristjáni Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir: »Þórshanar« komi: »Kríur«.

Við 2. gr. Orðin: »að kríu undanskilinni« falli burt.

Nd. **514. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Allir hvalir, nema tannhvalir og smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir allskyns skotum hvervetna í landhelgi, svo fyrir landutan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sé eða fastir á grynningum, eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sé síldveiði eða veiðarfærum spillt.

2. gr. 1. gr. laga 19. febr. 1886 um friðun hvala, svo og lög um breyting á lögum þessum 15. jan. 1892 eru úr gildi feld

Nd. **515. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 6, 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega. (Eftir 3. umr. í Ed.)

Heimild sú, er landsstjórninni er veitt með 2. gr. í lögum nr. 6, 12. jan. 1900 til að krefjast þess, að vegum, er hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóða, skal einnig ná til flutningabrauta, svo framarlega brautin aðallega er lögð í þarfir sýslufélagsins, og það álítzt hafa efni og ástæður til að bera kostnaðinn.

Þetta ákvæði nær og til þeirra flutningabrauta, er gjörðar hafa verið síðan áminst lög 12. jan. 1900 gengu í gildi.

Ed. **516. Breytingartillaga**

við frv. til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Frá mentamálanefnd efri deildar.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »má verja til skólabyggingar« komi: má verja til skólahússbyggingar og muna alt að . . . .

Ed. **517. Frumvarp**

til laga um friðun fugla. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: Maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, krían, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbrystingar.

2. gr. Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: Ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar. veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr. Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hér segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu héraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hér hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda eða fýlaveiði.

4. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 40 kr.

5. gr. Ráðherrann getur veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum undanþágu frá ákvæðum þessara laga.

6. gr. Mál þau, sem rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lög-

um þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

7. gr. Hér með eru úr gildi feld lög 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra.

Ed. **518. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í Flensborg í Hafnarfirði. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Kennaraskóla skal setja á stofn í Flensborg í Hafnarfirði, og má verja alt að 15,000 kr. úr landssjóði til endurbyggingar á hinn núverandi skólahúsi í Flensborg með leikfimishúsi.

2. gr. Skólinn sé jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr. Skólaárið sé frá 1. október til 14. maí; tvær ársdeildir séu í skólanum, en jafnframt sé kenslunni svo hagað, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sér af á einum vetri.

4. gr. Kenslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka og danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó allra helzt að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar.

Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr. Við skóla þennan skipar landsstjórnin 2 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2600 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu og annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr.

6. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugjörð hans.

7. gr. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Ed. **519. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í landbúnaðarmálefnum. (Eins og hún var samþ. við eina umr. í Ed.)

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd milli þinga til að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins, og semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga, er síðar verði lagt fyrir alþingi. Landsstjórnin tilnefnir 2 nefndarmanna, en hinir 3 skulu kosnir af alþingi, 2 af neðri deild og 1 af efri deild.

2. Alþingi skorar á landsstjórnina, að leggja fyrir embættismenn og sveitarstjórnarvöld landsins, að láta nefndinni í té allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er unt og nefndin kynni að óska eftir.

Nd.

520. Nefndarálit

um frumvarp til laga um túngirðingar.

Búnaðarmálanefndin hefir athugað frumvarp þetta, og er í öllum aðalatriðunum samdóma nefnd þeirri, er fjallaði um málið í efri deild.

Eins og hún leggjum vér áherzlu á, að túngirðingar séu hin fyrsta undirstaða sannrar jarðræktar hér á landi, og þess vegna sé bráðnauðsynlegt, að löggjafar- og fjárveitingarvaldið gefi hinar brýnustu hvatir til framkvæmdanna.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gefur þessar hvatir, svo að allar líkur eru til að málið komist til framkvæmda á tiltölulega stuttum tíma, en að öðrum kosti yrðu framkvæmdir í þessa átt mjög seinfara eins og hingað til; velmegun og framförum þjóðarinnar til stórhnekkis og tafa.

Stuðningur sá, er í fjárhagslegu tilliti er veittur landsmönnum með þessu fyrirkomulagi, er sanngjarn og þeim mjög hagkvæmur, sérstaklega að því, að hann gerir byggingarefnið mun ódýrara og hverjum einstökum auðfengnara, og veitir margfalt meiri tryggingu fyrir því, að efnið verði vandað og girðingarnar fullnægjandi.

Á hinn bóginn virðist nefndinni fjárframlagið af landssjóðs hálfu ekki svo örðugt eða ofvaxið, að slíkt geti verið nein mótbára gegn jafnbrýnu fyrirtæki. Enda ætti eigi að vera óframkvæmanlegt fyrir landsstjórnina, að komast að jafnhagfeldum lánskjörum fyrir landssjóðs hönd, sem hér er farið fram á að veita landsmönnum. Einnig er óvíst, að til þessa fyrirtækis þurfi að taka lán, því að ekkert af fénu kemur til útborgunar á fyrra ári næsta fjárhagstímabils. En nefndin telur óhjákvæmilegt, að á næsta þingi verði gerðar ráðstafanir til verulegrar aukningar á tekjum landssjóðs.

Nefndin hefir gjört sér far um að rannsaka eftir föngum girðingarefni það, sem lagt er til grundvallar samkvæmt frumvarpinu, sérstaklega gaddavírinn, og hefir fengið, með eigin sjón og upplýsingum mikla tryggingu fyrir því, að endingarleysi gaddavírsins verði eigi að réttu haldið fram gegn honum sem aðalgirðingarefni. En á hinn bóginn virðist mega telja víst, að hann veiti öruggasta vörn af þeim girðingarefnum, sem vér höfum alment efni á að nota.

Nefndin leggur mikla áherzlu á, að sem allra bezt sé gengið frá girðingunum, og því eigi horft í lítilfjörlegan kostnaðarauka. Telur hún því nauðsynlegt, að efnið frá útlöndum sé vel vandað og oddar á göddum galvaníseraðir, og að vel sé sléttað undir girðingarnar; ennfremur, að girðingar liggi eins og framast er unt um bersvæði eða þar sem snjó leggur sízt og því megi alls eigi horfa í að lengja girðingu á ýmsum stöðum, og á öðrum stöðum að leggja hana innan við túnmörkin, ef þessu takmarki verður einungis náð með því móti. Þá telur nefndin nauðsynlegt, að gjörðar séu harðar kröfur um það, að garðar undir vírgirðingar séu vel traustir og nægilega margir strengir settir ofan á þá, og að minsta kosti einn strengur sé settur ofan á alla garða, sem án þess veita eigi algjörlega örugga vörn. Einnig telur nefndin áríðandi, að eigi sé of langt á milli teina og máttarstólpa, en af því að bilið milli þeirra má vera mismunandi eftir því, hvernig til hagar, þar sem girt er, þá virðist óhagkvæmara að ákveða með lögum nákvæmlega um þetta atriði, sem svo mörg önnur, því að bæði geta mismunandi staðhættir og reynsla komandi ára heimtað ýmsar smábreytingar að því, er fyrirkomulag girðinganna snertir. Nefndin vill heldur ekki ákveða, hve langt bil sé á milli gadda á strengjunum, en álítur sjálfsagt, að gaddavírsgirðingar séu settar þannig niður, að gaddar komi ætíð á móti miðju bili milli gadda

á næstu strengjum. Öll þessi nánari ákvæði um fyrirkomulag girðinganna hljóta að verða sem greinilegast tekin fram í reglugjörð þeirri, er landsstjórnin gefur út samkvæmt 9. gr. frumvarpsins. Hver og einn getur því eftir reglugjörð þessari, skoðunargjörð þeirri, er ræðir um í 5. gr. frumv. og áætlun landsstjórnarinnar samkv. 8. gr., séð nákvæmlega, hvað efni kostar í girðingu til þess að tún hans sé algirt, og hve mikið eða hverrar tegundar af efni hann þurfi að útvega sér.

Það er því auðsætt, hve mikið hagræði þetta eina atriði veitir, samanborið við það, að einstaklingurinn þurfi að fálma fyrir sér í hálfgerði blindri eins og hingað til hefir átt sér stað í þessu efni.

Það er hugsun nefndarinnar, að við hverja jarðarúttekt sé þess vel gætt, að girðingum þessum sé vel haldið við, og að ofan á þær sé lagt bæði fyrir skemdum og fyrningu, svo að álagið hrökkvi ætíð til endurbyggingar, þegar girðingin er orðin ófullnægjandi, og samkv. þessu beri að skilja ákvæðin í 13. og 15. gr.

Sökum þess, að tilgangur frumv. er samkv. 2. gr. að styrkja einungis að því, að tún séu algirt, þá þótti nefndinni ekki nægar tryggingar í frumv. fyrir því, að þessum tilgangi yrði hvarvetna náð; þess vegna leggur hún til, að 10. gr. sé breytt í þá átt, að gjöra slík skilyrði ótvíræð.

Hinar aðrar smábreytingar og viðauka er nefndin leyfir sér að leggja til, eru að mestu formbreytingar og skýringar er nánar verður talað um í framsögunni.

Nefndin getur alls eigi séð, að þjóðarinnar vegna sé nauðsynlegt, að fresta þessu máli, þar til hún hefir sjálf látið álit sitt í ljósi; því að vér erum þess fullvissir, að þjóðin óskar og væntir þeirra aðgjörða alþingis að þessu sinni, sem miða að því, að efla og glæða trúna á gæðum og framtíð landsins, stöðva óþol og breytingagirni sveitamannsins, og kemur þannig óbeinlínis í veg fyrir burtflutning úr sveitunum. Þessvegna þolir málið eiginlega enga bið.

Samkvæmt framansögðu ræður því nefndin háttv. deild til að samþykkja frumv. með þessum breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á undan »járnteina« komi: galvaníseraða.
2. Við 3. gr. Orðin »og hafi leiguliði . . . .« til enda málsgreinarinnar falli burtu.
3. Við 4. gr. Í enda greinarinnar komi »Gjaldi þessu fylgi lögtaksréttur«.
4. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Þegar sama girðing er um tún fleiri jarða, eða sameiginleg girðing er á milli túna, þá ákveður skoðunarmaður, hvað hverri jörð ber af kostnaðinum.
   Nú eru fleiri ábúendur en einn, og ná eigi lög þessi til girðinga, er skifta túni jarðarinnar.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna: »vírgirðingum að meðtöldum . . . . hverjum 8 álnum« komi: fjóryddum vírstreng og hverju feti í teinum og stólpum að meðtöldum flutningskostnaði.
5. Við 9. gr. Í byrjun greinarinnar komi ný málsgrein þannig:

Girðing sé gjörð samkvæmt reglugjörð er landsstjórnin semur.

Fullgjörð girðing telst því að eins, að allar hliðar túnsins, er eigi hafa örugga vörn af vatni, sjó, klettum eða öðru slíku séu algirtar, og alfarahlið þau, sem á eru, með grindum á járnum. Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild, nema hún sé með 5 strengjum og stuðlar allir af járni aðrir en máttarstólpar (samkv. 11. gr.).

6. Við sömu gr. Orðin: »En fullgjörð girðing . . . . . er landsstjórnin semur« falli burtu.
7. 10. grein orðist svo:

Sé tún eigi algirt, þegar 2 ár eru liðin frá því hlutaðeigandi átti kost á að veita efninu móttöku, er öll skuld hans fyrir girðingarefnið, þegar fallin í gjalddaga með 6% vöxtum.

8. Við 13. gr. fyrir »í góðu standi« komi: í gildu standi.
9. Aftan við sömu gr. bætist:

Hreppstjórar skulu hafa eftirlit með viðhaldi girðinganna og tafarlaust skýra sýslumanni frá, ef vanrækt á sér stað.

10. Við 14. gr. Fyrir orðið »landssjóðstillaginu« síðast í greininni komi: landsjóðsláninu.
11. Við 15. gr. Fyrir »í góðu standi« komi: í gildu standi.
12. Við sömu gr. Fyrir »5% ársvexti« komi: 4% ársvexti.
13. Við 16. gr. Á eftir orðunum »nema garður sé undir« komi: fullsiginn $1^1/_2$ al. á hæð.
14. Við sömu gr. Orðin »Ef garður er hlaðinn . . . . hluta þeirra jarðabóta« falli burt.
15. Við sömu gr. Í staðinn fyrir »50—500 krónur« komi: auk skaðabóta 5—50 krónur.
16. Við 18. gr. Í stað »1. apríl« komi: 1. febrúar.

Alþingi, 15. ágúst 1903.

Björn Bjarnarson, formaður. Hermann Jónasson, skrifari og framsögum. Eggert Pálsson.

Ólafur Briem. Ólafur Ólafsson. Pétur Jónsson. Þórh. Bjarnarson.

Ed.

521. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Við 1. gr. Fyrir: »1. október 1903« komi: 1. janúar 1904.

Við 5. gr. Fyrir: »landsbankinn« komi: seðladeildin.

Við 7. gr. Fyrir: »Landsbankinn greiðir kostnað við að koma deildinni á fót, svo og launahækkun gæzlustjóranna« komi: Allur kostnaður við að koma seðladeildinni á fót, svo og launahækkun gæzlustjóranna, greiðist af deildinni sjálfri.

Við 8. gr. Aftan við greinina bætist:

að öðru leyti en því, að halda skal sérstakan reikning yfir tekjur og útgjöld hinnar nýju seðladeildar og hún að öllu leyti vera fráskilin hinni eldri seðladeild bankans, sem trygð er af landssjóði.

Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:

Í reglugerðina skulu sett ákvæði um stofnun og fyrirkomulag útibúa á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, er sett skulu á fót eigi síðar en ári eftir að deildin hefir tekið til starfa.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verður 10. gr., svohljóðandi:

Af árlegum ágóða seðladeildarinnar greiðast fyrst vextir og afborgun af láni því, er tekið er til að koma henni á fót og tryggja seðla hennar, en af þeim ágóða, sem þá er umfram, greiðist 10% sem skattur til landssjóðs.

Við 10. gr. Þessi grein verði 11. gr.

Ed.

522. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Vér, sem hv. ed. skipaði í nefnd til að íhuga frumvarp til fjárlaga fyrir næsta fjárhagstímabil, eins og það hefir verið samþykt af hv. neðri deild, höfum athugað það svo rækilega sem ástæður leyfðu á þeim örstutta tíma, sem oss er eftir skilinn til þessa þýðingarmikla máls — og er álit vort á þá leið, er hér segir:

Vér hljótum þegar að taka það fram, að vér teljum allsendis óráðlegt að samþykkja frumvarpið með þeim mikla tekjuhalla, er hv. nd. gerir ráð fyrir, og meginregla vor hefir því verið sú að forðast sem mest mátti verða öll ný útgjöld og draga úr eða fella burt þá útgjaldaliði, er vér höldum ónauðsynlega, miður nauðsynlega eða þess eðlis, að þeir þoli bið. Að vísu má búast við að tekjuhalli sá, er frumvarpið gerir ráð fyrir, að upphæð 419230 kr., verði nokkru minni í reyndinni, þegar tekið er tillit til, að tekjur landssjóðs hafa síðastliðið ár verið freklega 176 þús. kr. meiri en áætlað er í þessu frumvarpi, en bæði ber þess að gæta að meiri hluti þeirrar upphæðar er sérstaks eðlis (stafar af frímerkjabreytingunni) og því eigi til frambúðar, og svo er sú upphæð miklu minni en sú útgjaldabyrði, sem að líkindum verður lögð á landssjóðinn bæði með nýjum lögum, sem nú eru fyrir þinginu og lánveitingunum í 19. gr., sem hvorugt er talið með í tekjuhallanum.

Við tekjukaflann höfum vér mjög lítið að athuga og teljum allsennilegt að þær hækkanir, sem þar er gert ráð fyrir, séu eigi meiri en svo, að þótt ef til vill kunni að vera freklega í lagt á stöku lið, þá muni það nást uppi á öðrum liðum. Breytingartillögur vorar á þessum kafla eru því mestmegnis orðabreytingar. Þó skal þess getið að nefndin hefir eigi séð sér fært að fara lengra í eftirgjöf á láni því, er landssjóður veitti sýslusjóði Rangárvallasýslu til varnar vatnságangi af Þverá, en svo, að helmingur þess skuli eftir gefinn, enda er sú tillaga í samræmi við það, er deildin hefir áður látið í ljós um þetta efni.

Við útgjaldakaflann leggjum vér til að gerðar verði ýmsar breytingar, og eru sumar all-þýðingarmiklar efnisbreytingar. Skulum vér nú í fám orðum skýra frá, hverjar þær eru.

8. gr.

Gjöldin til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 13,600 kr. fyrra árið eða 1200 kr hærri en í stjórnarfrumvarpinu, með sérstöku tilliti til húsaleigukostnaðar fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans, meðan á viðgerð hins gamla landshöfðingjabústaðar stendur. Nefndinni virðist eðlilegast að þessi liður, sem er sérstaks eðlis, sé greindur frá hinum vanalegu gjöldum, svo að sjáist til hvers þessi fjárupphæð er ætluð.

11. gr. 6 a.

Að því er gjaldkerastörfin við holdsveikraspítalann snertir, þá fær nefndin eigi betur séð en að þau séu nauðsynleg til tryggingar við fjárgreiðslur til spítalans. Hins vegar hyggur hún að þau störf muni nægilega launuð með 300 kr. á ári, og leggur því til að liðurinn sé færður upp um þessa upphæð síðara árið.

11. gr. 8. d.

Nefndinni hefir borizt beiðni með fylgiskjölum frá þingmanni Barðstrendinga um 2000 kr. fjárveiting til útbúnaðar o. fl. við sjúkrahús á Patreksfirði. Nefndin leggur til, að þetta fé verði veitt, sökum þess að henni er kunnugt um, að stofnun þessi er hin þarfasta fyrir menn eigi síður utan héraðs en innan, með því að þangað sækir hvaðanæfa fjöldi sjómanna. Sjúkrahúsið hefir einnig verið notað sem sóttvarnarhús, sem er í þarfir alls landsins, og loforð fengin um það framvegis; enn fremur má taka tillit til þess, að útgjöld landssjóðs til þessarar byggingar hafa verið smá í samanburði við það, er aðrir hafa látið af hendi rakna; styrk þennan ræður nefndin til að binda því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.

11. gr. 10.

Þótt fullyrða megi að sjúkraskýli til sveita geti orðið að miklum notum og æskilegt væri að þau kæmist upp í sem flestum héruðum landsins, þá er með öllu ótiltækilegt að leggja fé til slíkra fyrirtækja úr landssjóði, fyr en rannsakað er, á hve mörgum stöðum og hvar þau skuli reisa og taka ákvarðanir um föst lögákveðin læknasetur í landinu o. fl. Nefndin getur því eigi ráðið til að samþykkja að þessu sinni fjárveitingu til sjúkraskýlis á Brekku í Fljótsdal.

12. gr. A. 4. a. og b.

Nefndin leggur til að báðir þessir liðir séu feldir, eigi af því að hún telji óráðlegt að nota mótorbáta til póstflutninga, heldur af því að réttast virðist að póststjórnin taki fyrst þetta mál til íhugunar og að henni sé heimilt að nota þessi samgöngufæri til póstflutninga á þann hátt og á þeim stöðum, er hún telur heppilegt og megi síðan verja til þess fé af því, sem veitt er til póstflutninga undir tölulið 2 í þessari grein.

12. gr. B. 1.

Við þenna lið hefir fjárlaganefnd neðri deildar felt burtu athugasemd þá, er stendur í frumv. stjórnarinnar um að verkfræðingur landsins hafi framkvæmd á vegagerðum og ráðning verkstjóra og verkmanna undir yfirumsjón landshöfðingja. Meiri hluti nefndarinnar ræður til að taka aftur upp athugasemd stjórnarfrumvarpsins, sökum þess, ef ákvæðið væri felt burt, þá gæti það orðið skilið svo af hinni væntanlegu nýju stjórn, sem verkfræðingur lands-

ins eigi mætti hafa á hendi þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, þar sem þingið hefði beinlínis felt burtu þetta atriði úr framvarpinu.

12. gr. B. 3. og 4.

Þingmaður Austur-Skaftfellinga hefir farið þess á leit við nefndina, að veittar yrðu 4—5000 kr. til bráðnauðsynlegra endurbóta á þjóðvegunum í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu. Nefndin viðurkennir að brýna nauðsyn beri til að bæta þenna veg, sem talinn er ófær á köflum, en álítur hins vegar eigi ráðlegt að lækka styrkinn til þjóðvega um þessa upphæð, nema á þann hátt að taka hann frá öðrum vegum. Meiri hluti nefndarinnar ræður því til að í þessu skyni sé minkaður styrkurinn til flutningabrautar á Fagradal um 3000 kr., en í þess stað hækkað tillagið til vegabóta á þjóðvegum í Austuramtinu um sömu upphæð, með því að það hefir litla þýðingu fyrir flutningabrautina, hvort til hennar er varið 3000 kr. meira eður minna á fjárhagstímabilinu, en þessi upphæð getur aftur á móti, þótt lítil sé, bætt úr brýnustu þörf til endurbóta á veginum í Suðursveit.

12. gr. B. 7. og 8.

Sökum þess, hve tekjuhallinn er gífurlegur, treystir nefndin sér eigi til að ráða til, að varið verði á fjárhagstímabilinu 50 þús. kr. úr landssjóði til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði, en telur sjálfsagt, að þessi brú gangi fyrir öllum öðrum brúm á landinu, á næsta fjárlagaþingi, með því að bæði er hér um brýna þörf að ræða, lög um brúargerðina þegar samþykt af alþingi 1902 og héraðið, sem hennar á að njóta, hefir farið varhluta af styrk af almannafé til samgöngubóta um fram önnur héruð landsins. Því síður sér nefndin ástæðu til að brúað verði Sogið hjá Alviðru á þessu fjárhagstímabili, enda er hér um það hérað að ræða, sem mestu hefir verið til kostað af landssjóði til brúar- og vegagerða, og ágreiningur innan héraðs um sjálft málið.

12. gr. B. 9.

Þótt nefndin eigi leggi til, að þessi liður sé feldur, ofbýður henni samt sú fjárupphæð, sem landssjóður verður að leggja til þessarar brúar, um 106 þús. kr., og treystir því fastlega að fram yfir þessa geypi-upphæð fari kostnaðurinn aldrei, og að verkið verði framkvæmt hið allra bráðasta. Vér teljum þinginu einn nauðugan að taka þessum neyðarkjörum, því að öðrum kosti mundi frekum 50 þús. krónum vera eytt til ónýtis, meðal annars 9 þús. krónum í skaðabætur til verksmiðju þeirrar, sem samið var við um brúarefnið. Vér höfum fengið vottorð frá verkfræðing landsins um, að hann áliti brúna á Einbleypingi óhulta fyrir ísreki með þeim útbúningi, sem nú er farið fram á að hún fái, og í trausti til þess leggjum vér til, að liðurinn verði samþyktur.

12. gr. B. 10. a. og b.

Nefndin leggur til, að báðir þessir liðir séu feldir. Sá baggi, sem landssjóði er bundinn með þeim flutningabrautum og þjóðvegum, sem hann hefir að annast, ætti að hvetja til sérstakrar varúðar gegn öllum fjárbeiðnum til sýsluvega, nema sérstakar knýjandi ástæður séu fyrir hendi.

12. gr. B. 12.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að þessi liður sé feldur; það fé, sem

hér er farið fram á að veita, með því skilyrði að jafnmikið komi annarsstaðar frá, virðist allsendis ónógt til að bæta þann veg, sem hér er um að ræða, svo í nokkru lagi sé, né heldur eru flutningar svo miklir eftir vegi þessum, að sérstök ástæða sé til að leggja fram fé til hans úr landssjóði.

12. gr. C. 1.

Nefndin gerir ráð fyrir, að hinu sameinaða gufuskipafélagi, sem nú fær landssjóðsstyrkinn til gufuskipaferða aukinn um þriðjung, eigi að vera jafnkært og hljóti að vera jafnhægt að flytja innflytjendur (immigranta) *til* Íslands fyrir samsvarandi gjald, sem það flytur útflytjendur (emigranta) *frá* landinu, og ræður hún því til að fjárveitingin sé einnig þessu skilyrði bundin.

12. gr. C. 2 a.

Sú breyting, er nefndin fer fram á við þenna lið, að skifta honum í tvær upphæðir, er einungis gerð til þess að koma í veg fyrir, að hin nýja fjárveiting, 4000 kr., til að halda uppi vetrarferðum milli Borgarness og Reykjavíkur, geti orðið þess valdandi, að eigi næðust samningar um ferðirnar á Faxaflóa yfir höfuð.

12. gr. C. 2. c og d.

Að því er fyrri fjárveitinguna snertir, 10,000 kr. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna ár fjárhagstímabilsins, þá vill nefndin leggja til, að hún verði samþykt, í því trausti að sá bátur geti sparað strandferðir innum Breiðafjörð. Aftur á móti fær nefndin eigi séð nauðsyn til, að landssjóður styrki gufubátsferðir um Eyjafjörð, með því að þar er meira um skipaferðir en á flestum öðrum fjörðum þessa lands og strandferðaskipin koma þar við á 6 stöðum í firðinum. Nefndin leggur því til, að sá liður sé feldur.

12. gr. E. i.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og meðmælum margra skipstjóra í Reykjavík leyfir nefndin sér að mæla með því, að styrkurinn til vörðuvitans á Gerðatanga verði hækkaður um 25 kr. á ári, eða upp í 100 kr. hvort árið, úr 75 krónum.

13. gr. A. b. 3.

Á eftir þessum lið leggur nefndin til, að komi nýr liður um uppbót til síra Jóns Jónssonar í Stafafelli, að upphæð 120 krónur, fyrir missi á umboðstekjum. Nefndin fær eigi betur séð en að sú upphæð, sem hér er farið fram á að veita þessum presti, beri honum með réttu, og ræður þess vegna til að samþykkja þenna nýja lið.

13. gr. A. 8.

Styrk til síra Magnúsar Þ. Magnússonar til að halda uppi íslenzkri guðsþjónustu í Kaupmannahöfn og til líknarstarfsemi þar, að upphæð 250 kr. á ári, ræður nefndin til að fella, með því að hún sér enga sérstaka þörf á þeirri starfsemi. Flestir Íslendingar í Kaupmannahöfn munu fljótt verða svo færir í danskri tungu, að þeir geti notið danskrar prestsþjónustu, og til líknarstarfsemi virðist sá styrkur, sem fram á er farið, alt of lítill.

13. gr. B. II. c. & d.

I stað þess að kaupa Reykjavíkurspítala með lóð handa læknaskólanum

í Reykjavík fyrir 15,000 kr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, leggur nefndin til að spítalinn sé einungis tekinn á leigu fyrir 1000 kr. á ári handa læknaskólanum, með því að álitamál er, hve hentugt húsið sé til þessa augnamiðs án stórra breytinga, og virðist því ástæða til að gefa stjórninni færi á að íhuga málið. Þess skal getið, að nefndin hefir fengið vilyrði frá umráðamanni hússins fyrir því, að fá húsið á leigu með þessum kjörum. Sá kostnaður til aðgerðar, viðhalds og útgjalda af húsinu, sem um getur við staflið d, fellur þá að sjálfsögðu niður.

13. gr. B. VI. a. 3.—5.

Nefndin vill sérstaklega taka það fram, að hún er algerlega samdóma fjárlaganefnd neðri deildar um, að það væri miklu heppilegra, að einungis væri *einn* kvennaskóli á Norðurlandi, og telur ógerlegt að styrkja framvegis með fjárframlögum úr landssjóði þessa óheppilegu tvískiftingu. Hún verður einnig að álíta, af sömu ástæðum og teknar eru fram í nefndaráliti neðri deildar, að skólinn á Blönduósi eigi að verða kvennaskóli fyrir *alt* Norðurland.

13. gr. B. VI. b. 1 & 2.

Hér fer nefndin fram á, að útgjöldin til barnaskóla utan kaupstaða og til sveitakennara séu færð niður í þá upphæð, sem stendur í stjórnarfrumvarpinu og fjárlaganefnd neðri deildar hefir aðhylzt.

13. gr. B. VI. c.

Fari svo, að kennaraskóli verði settur á stofn í Reykjavík, ætlast nefndin til, að sá styrkur, sem veittur er undir þessum lið til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg verði eigi feldur niður á fjárhagstímabilinu.

13. gr. B. VI. h.

Sú upptalning á störfum organleikarans í dómkirkjunni í þarfir landsins, er stendur í frumvarpinu, er eigi tæmandi og getur varla heldur verið það. Vér leggum þess vegna til að henni sé slept.

13. gr. B. VI. l.

Nefndin getur eigi séð nægа ástæðu til að styrkja skólann í Búðardal með því fjárframlagi af landssjóði, er frumvarpið fer fram á, og leggur því til, að báðir liðirnir undir þessum staflið falli burtu. Henni hefir að vísu borizt beiðni frá hr. Sigurði Þórólfssyni um að fella eigi niður styrkinn, og getur hann þess um leið, að skóli þessi eigi að verða lýðháskóli framvegis, en með því að á þetta er eigi einu orði minnst í nefndaráliti neðri deildar, né heldur nokkur athugasemd gerð þar um þennan skóla, sér nefndin sér eigi fært að taka tillit til þessarar beiðni.

13. gr. B. VIII. 2.

Til tréskera Stefáns Eiríkssonar er veitt í frumvarpinu 500 kr. fyrra árið, til að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis. Nefndin ræður til að fella burt þessa fjáveitingu, eigi af því, að sá maður, sem hér á hlut að máli, sé eigi alls góðs maklegur, heldur af því, að eigi virðist brýn þörf á að styrkja menn til utanfarar í þessum erindagerðum, og styrkur þessi er hins vegar alt of lítill til þess, að hann geti komið honum að fullum notum.

13. gr. B. VIII. 3.

Frá cand. mag. Guðmundi Finnbogasyni hefir nefndin fengið beiðni um

400 kr. hækkun á ári á þeim launum, sem honum eru ætluð til að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi. Vér sjáum oss eigi fært að hækka þenna gjaldlið upp úr því, er stendur í frumvarpinu, en með því svo virðist sem hámark ferðakostnaðarins sé fullhátt sett, viljum vér leggja til að laun hans verði hækkuð um 200 kr. á ári, en ferðakostnaðurinn lækkaður að sama skapi.

14. gr. A. 1. a.

Fyrir aukið skyldustarf um 2—3 tíma á hverjum virkum degi alt árið, ætlar frumvarpið landsbókaverðinum 200 kr. launahækkun. Nefndin leggur til að þessi upphæð sé hækkuð um 100 kr., eða upp í 1800 kr.

14. gr. A. 3.

Styrkur sá, sem ætlaður er til sýslubókasafna, 100 kr. til hvers þeirra, hyggjum vér sé of lítill, til þess að hann geti orðið að verulegum notum; einnig er enn órannsakað, á hvern hátt þess konar söfnum yrði haganlegast fyrir komið og viðhald þeirra sem bezt trygt. Ennfremur er álitamál, hvort eigi mundi heppilegra að styrkja slík söfn með bókagjöfum en með fjárframlagi. Af þessum ástæðum ráðum vér til að fella liðinn að þessu sinni.

14. gr. A. 4. a.

Laun skjalavarðar við landsskjalasafnið virðast nefndinni allsómasamleg, hvort heldur þau eru borin saman við laun annara starfsmanna landssjóðs eða skoðuð eingöngu með tilliti til þeirra skyldustarfa, er á skjalaverðinum hvíla. Þess ber og að gæta, að allar líkur eru til, að þessi sýslan verði smám saman léttari, eftir því sem minna berst að af skjölum og betra skipulag kemst á safnið. Vér getum því eigi ráðið til að hækka launin upp úr því, sem þau hafa verið ákveðin fyrir 4 árum síðan, þótt vér viðurkennum fyllilega dugnað og verðleika hins núverandi skjalavarðar.

14. gr. A. 15.

Nefndin leggur til, að á eftir þessum lið komi nýr liður, er fer fram á 6000 kr. fjárveitingu til skólastjóra Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal fyrra árið í viðurkenningarskyni við hann fyrir störf hans í þarfir búnaðarins og ýmsra gagnlegra fyrirtækja.

14. gr. A. 16.

Þenna lið leggur nefndin til að fella, þótt henni sé kunnugt um að umsækjandinn hafi talsverða skáldlega hæfileika, enda hefir hún eigi getað sannfærzt um, að þessi utanför sé honum svo nauðsynleg, sem hann vill ætla í erindi því, er hann hefir skrifað nefndinni.

14. gr. A. 18.

Vér getum eigi ráðið til að samþykkja 300 kr. árlega fjárveiting til »Bindindissameiningar Norðurlands« af þeirri ástæðu, að vér erum sannfærðir um að skipulag stórstúku Íslands er svo gott, að yfirstjórn alls þess fjár, sem veitt er til eflingar bindindis á landinu, er bezt komið í hennar höndum og teljum vér því heppilegast, að hún hafi alt féð til meðferðar og úthluti því á þann hátt, er henni þykir bezt við eiga.

14. gr. A. 26.

Styrkinn til Sighvats Gr. Borgfirðings ræður nefndin til að fella burtu, með því eigi er hægt að sjá, að hann geti komið að verulegum notum, hvorki fyrir hann né aðra.

14. gr. A. 34.

Í þessum lið er Karli Finnbogasyni og Sigurði Sigurðssyni veittur 400 kr. styrkur hvorum, til lúkningar námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn. Vér sjáum oss eigi fært að mæla með þessum styrkveitingum og leggjum því til, að liðurinn sé feldur.

Á eftir þessum lið ætlast meiri hluti nefndarinnar til að komi nýr liður: 400 kr. fjárveiting hvort árið til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun, og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun til afnota fyrir almenning. Nefndinni hefir borizt beiðni um 1000 kr. styrk til þessa manns í þeim tilgangi að gera honum kleyft að gefa út kenslubók í hraðritun í útlöndum, er hann hefir búna undir prentun, en af því að nefndin fær eigi séð, að nokkur þörf sé fyrir, að prentuð sé og gefin út í mörgum eintökum slík bók, sem einungis örfáir menn mundu hagnýta sér, hefir henni þótt heppilegra að fengin yrðu 2 afrit af handritinu, er svo væru afhent landsbókasafninu til afnota fyrir almenning. Svo ætlast nefndin einnig til að styrkbeiðandi veiti tilsögn í hraðritun þeim, er óska, eins og að undanförnu.

14. gr. A. 35.

Meiri hluti nefndarinnar ræður til að fella burtu styrkinn til Konráðs stúdents Stefánssonar frá Flögu til að nema rafmagnsfræði við háskóla á Saxlandi, og byggir þá tillögu sína á því, að nú séu 2 aðrir menn styrktir af landssjóði til að nema þessa sömu fræðigrein, auk þess sem nú er komin á kensla í rafmagnsfræði í sambandi við háskólann í Kaupmannahöfn, og er því íslenzkum stúdentum miklu hagkvæmara að leita þangað til náms en til annara landa, þar sem þeir eiga einkis styrks að vænta.

14. gr. B. 1. a. 1—5.

Með tilliti til þess, hve mikið fé er veitt á fjárlögunum til eflingar búnaði í landinu, sér nefndin sér eigi fært að fylgja hækkun neðri deildar, en ræður til að styrkurinn til hvers skóla verði hinn sami sem í frumvarpi stjórnarinnar, nema að því, er Hvanneyrarskólann snertir; stjórnin hefir ætlað þeim skóla 400 kr. fyrra árið, en ástæðan fyrir þeirri hækkun virðist að mestu leyti horfin, þar sem kensla í fjárkláðalækningum mun eigi fram fara í skólanum, eins og áður var til ætlazt, og er því lítil ástæða til að hækka styrkinn til skólans fyrra árið.

14. gr. B. 1. c. og f.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það til að styrkurinn til búnaðarfélags Íslands verði hækkaður um 2500 kr. hvort árið með tilliti til þess, að hann sér sér eigi fært að veita Ræktunarfélagi Norðurlands svo mikinn styrk sem á frumvarpinu stendur, af því að skifting fjárins til óháðra félaga, er eigi standi undir sameiginlegri yfirstjórn, sé um leið dreifing og skerðing kraftanna, sem allir verði að vinna í sameiningu, ef að notum eigi að koma. Er svo til ætlazt,

að búnaðarfélag Íslands veiti Ræktunarfélagi Norðurlands að minsta kosti jafnmikla upphæð á ári og því græðist á þenna hátt.

14. gr. B. 1. h.

Hækkun sú, sem hér er farið fram á, til skógræktartilrauna, 1000 kr. hvort árið, stendur í sambandi við þá fjárupphæð, sem ætluð eru á frumvarpinu til Ræktunarfélags. Nefndin gengur sem sé að því vísu, að hækkun þeirri, sem hér er farið fram á, verði að miklu eða öllu leyti varið til aukinnar skógræktunar á Norðurlandi.

14. gr. B. 1. j.

Nefndin álítur, að komast megi af með nokkru minna fé til ferðakostnaðar fyrra árið en frumvarpið gerir ráð fyrir, og leyfir sér því að leggja til að liðurinn verði lækkaður um 500 kr.

14. gr. B. 3.

Styrkinn til Hólmgeirs Jenssonar ræður meiri hluti nefndarinnar til að lækka síðara árið um 200 krónur, en ætlast til að hin aukna fjárveiting fyrra árið nægi til nauðsynlegustu verkfærakaupa.

14. gr. B. 6.

Nefndin fær eigi skilið, að svo löng dvöl og ferðalag austur í Múla- og Þingeyjarsýslur, sem gert er ráð fyrir í nefndaráliti neðri deildar, sé dýralækninum nauðsynlegt til rannsóknar á lungnadrepi og skitupest, þar sem ætla má, að sýkin hagi sér líkt alstaðar þar, er hún kemur fram, og sé alstaðar hin sama. Vér sjáum því eigi ástæðu til að áætla jafnmikið fé til þess starfa sem frumvarp neðri deildar, og leggjum til, að upphæðin verði lækkuð um 1000 krónur, og sé öll veitt fyrra árið.

14. gr. B. 8.

Nefndin telur þessa fjárupphæð áætlaða í ríflara lagi og hyggur, að 400 kr. muni nægja með þeirri ívilnun á fargjaldi, sem efnalitlir iðnaðarmenn verða aðnjótandi á skipum hins sameinaða gufuskipafélags.

14. gr. B. 11.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að fresta beri því máli, sem hér er um að ræða, bæði vegna þess, að eigi sé kostur á íslenzkum manni, er hafi nægа verklega æfingu í efnafræðis-rannsóknum, og svo hins vegar af því, að eins og nú er ástatt, er ýmislegt annað málefninu til fyrirstöðu, svo sem skortur á húsnæði o. fl., og ræður því nefndin til, að fella liðinn. En þar sem nefndin álítur að styrkur sá, sem veittur er við þenna lið frumvarpsins cand. polyt. Ásgeiri Torfasyni í þessu skyni, muni reynast alt of lítill og tími sá, sem honum er ætlaður til æfinga, of stuttur, þá vill nefndin leggja það til, að honum verði veittur 1500 kr. styrkur hvort árið til að stunda verulegar efnarannsóknaræfingar erlendis, og ætlast nefndin til að hann sýni landsstjórninni skilríki fyrir, hvernig hann hefir hagnýtt sér styrkinn, eftir því sem hún nánara ákveður.

14. gr. B. 12.

Nefndin gerir eigi aðra breytingu á þessum lið en þá að orða hann nokkuð nákvæmar en gert er í frumvarpinu, svo að það sé með öllu ótvírætt, að yfirmatsmennirnir séu að eins tveir, annar í Reykjavík og hinn á Ísafirði.

14. gr. B. 14.

Þótt nefndin leggi til, að þessi liður sé feldur burt að þessu sinni, er það alls eigi af þeirri ástæðu, að hún sé andvíg þessu fyrirtæki, sem að hennar áliti er gott og nytsamlegt og verðskuldar styrk úr landssjóði, heldur ræður það tillögum hennar í þessu efni, að henni virðist málið eigi svo undirbúið sem skyldi og skal í því tilliti skírskotað til þess, sem stendur í nefndaráliti nd. um þetta atriði.

Í sambandi við það leggur nefndin einnig til, að síðasta málsgrein 19. gr., um lán til sömu skipakvíar, falli burt.

14. gr. B. 15.

Vér höfum enga trú á, að »mótor«-vagnar megi að gagni verða hér á landi til vöruflutninga, eins og enn er ástatt hjá oss, að því er til vega og brúa kemur, og teljum víst, að þessi samgöngufæri, sem sumstaðar eru bönnuð erlendis á breiðum þjóðbrautum, verði allsendis ónýtileg á þessu landi. Vér ráðum því til að fella liðinn burtu.

14. gr. B. 16.

Um stórskipabryggju í Stykkishólmi má að vissu leyti segja hið sama og þegar er sagt um skipakvína við Eyjafjörð; vér efumst eigi um, að stórskipabryggja í Stykkishólmi mundi verða kauptúninu og héraðinu til mikilla hagsmuna, og álítum þess konar fyrirtæki verðskulda styrk úr landssjóði, eigi síst þegar héröðin bjóða að leggja miklum mun meira til fyrirtækjanna en landssjóður er um beðinn, en vér verðum að taka það skýrt fram, að fyrsta og helzta skilyrði fyrir öllum þess konar styrkveitingum úr landssjóði ætti að vera það, að fyrirtækin væru svo rækilega undirbúin sem frekast má verða, enda er það nauðsynlegt til þess að komist verði hjá vonbrigðum og stórtjóni. Þetta skilyrði virðist oss eigi uppfylt, að því er snertir það fyrirtæki, sem hér er um að ræða, og því leggjum vér til að því verði eigi sint, þar til nauðsynlegur undirbúningur er fenginn.

16. gr.

Vér leggjum til að styrkurinn til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur og til læknisekkju Magneu Ásgeirsson verði burt feldur. Sömuleiðis sér nefndin sér eigi fært að veita Hannesi Hanssyni póst eftirlaun, enda hafa tveir aðrir póstar nú þegar sótt um samskonar styrk, ef þessi gengi fram.

19. grein. 7. málsgrein.

Við þennan lið leggjum vér til, að tekið sé fram, að lánið megi eigi vera meira en helmingur af virðingarverði verksmiðjunnar, ef kaupstaður eða sýslufélag eigi ábyrgist það, er umfram er.

Að því er snertir lánveitingarnar í 19. grein, skulum vér yfirleitt taka það fram, að vér ætlumst eigi til, að landsstjórnin leggi fram fé til þeirra, umfram það, er viðlagasjóður getur látið af hendi rakna, án þess gripið verði til nokkurra örþrifaráða gagnvart skuldunautum hans.

Með því að heimildin í 11. málsgrein 19. gr. er alt annars eðlis en lánveitingarnar, er greinin ræðir um, leggjum vér til, að hún verði sett síðust þeirra með greiningarstryki.

Að svo mæltu leggjum vér breytingartillögur vorar undir álit háttv. deildar, og eru þær á sérstöku skjali, er lagt verður fram jafnframt þessu nefndaráliti, ásamt skrá yfir erindi þau, er fjárlaganefndinni hafa borizt.

Efri deild alþingis 17. ágúst 1903.

Eiríkur Briem, form. Jón Jakobsson, skrif. og framsm. Guðjón Guðlaugsson. Kristján Jónsson. Valtýr Guðmundsson.

Nd.

523. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands (þskj. 470). Flutningsmaður Hannes Þorsteinsson.

Við 2. gr. Í stað »2000 kr. uppbót« komi: 1600 kr. uppbót.

Við 4. gr. Í stað »6000« komi: »5000«.

Ed.

524. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga 1904—1905. Frá nefndinni.

Við 4. gr. 1. Síðari athugasendin orðist þannig: Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_{2}$ 1898.

— 4. gr. 2. (innan stryks). Fyrir: skulu — eftirgefnir komi: skal helmingur, 3000 kr., eftirgefinn.

— 5. gr. 1. Athugasemdin orðist þannig: Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 krónum hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.

— 6. gr. Orðið: »talið« falli burt.

— 8. gr. Fyrir: »13,600« komi: 12,400.

— 8. gr. Fyrir: »samtals 28,000« komi: til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans, 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr.; samtals 28,000 kr.

— 11. gr. 6 a. Fyrir: »4,765« komi: 5065.

— 11. gr. 8 d. Aftan við liðinn bætist nýr liður: Til sama sjúkrahúss fyrra árið 2,000 kr. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.

— 11. gr. 10. Liðurinn falli burt.

— 12. gr. A. 4 a. Liðurinn falli burt.

— 12. gr. A. 4 b. Liðurinn falli burt.

— 12. gr. B. 1. b. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasend: Verkfræðingnum skal undir yfirumsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna.

— 12. gr. B. 3. Fyrir: »64,000« komi: 61,000 og (innanstryks) Fyrir: »30,000« komi: 27,000.

— 12. gr. B. 4. Fyrir: »70,000« komi: 73,000 og (innanstryks) Fyrir: »12,000« komi: 15,000.
— 12. gr. B. 7. Liðurinn falli burt.
— 12. gr. B. 8. Liðurinn falli burt.
— 12. gr. B. 10. a. Liðurinn falli burt.
— 12. gr. B. 10. b. Liðurinn falli burt.
— 12. gr. B. 12. Liðurinn falli burt.
— 12. gr. C. 1. Aftan við athugasemdina bætist; og ennfremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjaldi því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.
— 12. gr. C. 2. a. Liðurinn orðist þannig:
a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300.
a. 2. til sömu ferða 4,000, að því tilskildu að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.
— 12. gr. C. 2 d. Liðurinn falli burt.
— 12. gr. D. Fyrir: »hraðskeytafleygis« komi: hraðskeytasambands.
— 12. gr. E. i. Fyrir: »75—75« komi: 100—100.
— 13. gr. A. b. 3. Á eftir liðnum komi nýr liður: Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 ... (fyrra árið) 120 kr.
— 13. gr. A. b. 8. Liðurinn falli burt.
Við 13. gr. B. II. c. og d. Liðirnir falli burt, en í stað þeirra komi nýr iiður. Til þess að leigja hús Reykjavíkurspítala handa læknaskólanum 1,000—1,000.
— 13. gr. B. VI. b. 1. Fyrir: »8,000—9,000« komi: 7,000—7,000.
— 13. gr. B. VI. b. 2. Liðurinn orðist þannig: Til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers 7,000—7,000.
— 13. gr. B. VI. h. Orðin: »til þess — alþingissetningar« falli burt.
— 13. gr. B. VI. l. Liðirnir falli burt.
— 13. gr. B. VIII. 2. Liðurinn falli burt.
— 13. gr. B. VIII. 3. (innan stryks). Fyrir: »1,200 kr.« komi: 1,400 kr. og fyrir: »1,000« komi, 800.
— 14. gr. A. 1. a. Fyrir: »1,700« komi: 1,800.
— 14. gr. A. 1. e. Fyrir: »Samnings« komi: Samningar.
— 14. gr. A. 3. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 4. a. Fyrir: »1,400—1,400« komi: 1,200—1,200.
— 14. gr. A. 16. Liðurinn falli burt, en í hans stað komi nýr liður: Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal (fyrra árið) ..... 6,000 kr.
— 14. gr. A. 18. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 20. Eftir: dómasafn komi: landsyfirréttarins.
— 14. gr. A. 23. Eftir: til lúðrafélags Reykjavíkur komi: í eitt skifti fyrir öll.
— 14. gr. A. 26. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 34. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 35. Liðurinn falli burt.
Á eftir 33. lið komi nýr liður: Til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun, er afhendist landsbókasafninu til afnota fyrir almenning 400—400.
— 14. gr. B. 1 a. 1. Fyrir: »3,500—2,500« komi: 2,500—2,500.

— 14. gr. B. 1 a. 2. Liðurinn falli hurt.
— 14. gr. B. 1 a. 3. Fyrir: »3,500—2,500« komi: 2,500—2,500.
— 14. gr. B. 1 a. 4. Fyrir: »4,000—2,500« komi: 2,500—2,500.
— 14. gr. B. 1 a. 5. Fyrir: »3,500—2,500« komi: 2,500—2,500.
— 14. gr. B. 1. c. Fyrir: »22,500—24,500« komi: 25,000—27,000.
— 14. gr. B. 1. f. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. B. 1. h. Fyrir: »6,000—5,000« komi: 7,000—6,000.
— 14. gr. B. 1. j. Fyrir: »4,000—3,000« komi: 3,500—3,000.
— 14. gr. B. 3. Fyrir: »500—500« komi: 500—300.
— 14. gr. B. 6. Fyrir: »2,000—500« komi: (fyrra árið) 1,500.
— 14. gr. B. 8. Fyrir: »600« komi: 400.
— 14. gr. B. 10. Liðurinn komi: næst B. 1. h.
— 14. gr. B. 11. Liðurinn falli burt: í staðinn fyrir hann komi nýr liður: **Til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis** ..... 1,500—1,500.
— 14. gr. B. 12. Fyrir: »í Reykjavík og Ísafirði« komi: öðrum í **Reykjavík og hinum á Ísafirði.**
— 14. gr. B. 14. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. B. 15. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. B. 16. Liðurinn falli burt.
— 16. gr. Orðin: Til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr. falli burt. Orðin: Til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr. falli burt. Orðin: Til Hannesar Hanssonar pósts 200 kr. falli burt.
— 19. gr. 7. málsgrein: Aftan við orðin: fyrsta veðrétt í stofnuninni bætist: **og má eigi** fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að **Akureyrarkaupstaður** eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. **Lánið á**vaxtist o. s. frv. til enda málsgreinarinnar.
— 19. gr. 11. málsgrein: Þessi málsgrein verði síðasta málsgrein.
— 19. gr. síðustu málsgrein: Málsgreinin falli burt.

Nd.

525. Nefndarálit

í málinu frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn.

Vér höfum íhugað frumvarp þetta, sem komið er frá h. efri deild, og leyfum oss að koma fram með nokkrar breytingartillögur við það. Breytingar þessar miða einkum í þá átt að gera ákvæði frumvarpsins skýrari og ljósari, og mun verða gerð nánari grein fyrir þeim við framsögu málsins.

En þessar eru vorar:

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um lífsábyrgð sjómanna.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum: »og innheimti skráningarstjóri einnig það gjald« bætist: Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram, og má taka það lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok septembermánaðar ár hvert að frádregnum 2% innheimtulaunum.
2. Við 3. gr. Orðin: »Vátryggingargjaldið má taka lögtaki« falli burt,

3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Vátryggingarfélaginu skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Landstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landstjórnin mann til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

4. Við 5. gr. Síðari málsgreinin orðist þannig:

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

5. Við 7. gr. Í stað orðanna: »er kosin« komi: er skipuð.

Alþingi 17. ágúst 1903.

Skúli Thoroddsen. formaður og framsögum. Ólafur Thorlacius. skrifari. Jóhannes Ólafsson.

Björn Kristjánsson. Tryggvi Gunnarsson.

Nd. **526. Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um varnir gegn berklaveiki.

Nefnd sú, er frumvarp þetta var vísað til, hefir íhugað það og ekkert fundið við það að athuga. Ráðum vér því háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt eins og það kom frá h. Ed.

Alþingi 17. ágúst 1903.

Magnús Andrésson, form. Ólafur Thorlacius, skrifari og framsm. Einar Þórðarson. Jóhannes Ólafsson. Björn Bjarnarson.

Nd. **527. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Eins og vörumerkjalagafrv. það, sem þingið hefir haft til meðferðar, er frv. það, sem hér ræðir um, sniðið eftir skandinaviskum lögum um sama efni, sem eru nálega samhljóða og vandað hefir verið mjög rækilega til. Verzlunarlöggjöf vor Íslendinga hefir hingað til verið mjög lítill sómi sýndur, og hafa menn því oft verið í vafa um það, hvað væru lög í þeim efnum, en svo hefir atvikazt, að farið hefir verið eftir dönskum hugmyndum og þeim reglum, sem í Danmörku hafa verið settar í lög, og er því ekkert í frumv. þessu, sem kemur í bága við sérstakar íslenzkar hugmyndir eða lagaákvæði. Á löggjafarsvæði því, sem frv. grípur yfir, virðast nú eigi staðhættir eða annað gjöra það nauðsynlegt, að löggjöf vor sé frábrugðin löggjöf hinna annara skandinavisku landa. Vér erum því h. h. ed. samdóma um það, að rétt sé að samþykkja frv. stjórnarinnar

óbreytt að efninu til. Vér álítum óþarft að færa rök fyrir því, að nauðsyn sé á slíkum lögum sem þessum, sérstaklega þegar þess er gætt, að aukaþingið í fyrra samþykti ályktun um að skora á stjórnina að leggja fyrir þingið frv. til firmalaga fyrir Ísland.

Hin h. ed. hefir umsteypt frv. að orðfæri til, en eftir því sem nefndin segir, ekki viljað gera neinar efnisbreytingar á því. Vér getum nú felt oss vel við málbreytingar téðrar h. d, en finst hún á einstöku stað hafa breytt efni frv., og leyfum oss að stinga upp á fáeinum breytingum, sem miða til þess, að lagfæra þetta; eins leyfum vér oss að stinga upp á einstöku orðabreytingum, er oss virðast vera til bóta, enda þótt vér játum, að þær eru ekki þýðingarmiklar.

Breytingartillögur vorar eru þessar:

1. Við 6. gr. Í stað orðanna: »og eiga dómstólar þá að fella úrskurð um« komi: og liggur það þá undir úrskurði dómstólanna.
2. — 9. — Í stað orðanna í byrjun gr.: »Firma eins manns« komi: Firma einstaks manns.
3. — - — 2. málsgr. Í stað orðanna: »Firmafélags þess« komi: Firmafélags.
4. — - — sömu málsgr. Í stað orðanna: »skal að minsta kosti hafa nafn« komi: skal að minsta kosti vera nafn.
5. — 18. — 3. tölul. Í stað orðsins: »firmað;« komi firmað:
6. — — — 4. — Á eftir orðinu: »hver« bætist inn: þá.
7. — 19. — 7. — á eftir liðnum bætist inn í orðin: og þá hverjum.
8. — 21. — síðast í 1. málsgr. Í stað orðanna: »eitt eintak af henni« komi: afrit af henni.
9. — 22. - Á eftir orðinu: »verzlanaskrána« bætist inn í: eða viðauka hennar.
10. — 31. — Í stað orðanna: »ef tilkynning væri gefin af firmahafa« komi: ef firmahafi tilkynti firmað.
11. — — -- Í stað orðsins: »heimtað« komi: heimilað.

Alþingi 15. ágúst 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður — Jóh. Jóhannesson, skrifari — Björn Bjarnarson.

H. Hafstein. — Björn Kristjánsson.

Ed.

528. Breytingartillaga

við frumv. til laga um dánarskýrslur (þskj. 505). Frá Kristjáni Jónssyni.

Aftan við 1. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Hafi læknir stundað hinn látna í banalegunni, skal ávalt heimta skýrslu hans um dauðameinið.

Ed.

529. Frumvarp

til laga um heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar og skógargræðslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að kaupa til skógarfriðunar og skógargræðslu:

1. Jörðina Hallormsstað í Suður Múlasýslu með hjáleigum og með húsum þeim og kúgildum, er fylgja og fylgja eiga, svo og ítak hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, gegn því að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanesprestakalli, færist niður í alt að 620 kr. á ári.

2. Jörðina Vagli í Fnjóskadal með húsum þeim og kúgildum, er henni fylgja og fylgja eiga, fyrir alt að 3000 kr.

3. Hálsskóg í Fnjóskadal gegn 80 kr. árlegu gjaldi til Hálsprestakalls úr landssjóði.

2. gr. Landsstjórnin hefir yfirumsjón með byggingu og ábúð jarðanna og allri meðferð skógarlandanna.

3. gr. Lög um friðun á Hallormsstaðarskógi frá 5. des. 1899 eru úr gildi numin.

Ed. **530. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891. (Eftir 3. umr. í Nd.)

Bókarinn við landsbankann skal hafa 3500 kr. árslaun, talið frá 1. janúar 1904.

Nd. **531. Frumvarp**

til laga um fólksinnflutninga til Íslands. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 5,000 kr. til þess að greiða fyrir innflutningi útlendinga til Íslands, einkum frá Norðurlöndum.

2. gr. Þeim innflytjendum, er setjast vilja að á Íslandi og byrja þar búskap, má stjórnin veita til eignar og umráða ákveðna tölu dagsláttna af óræktuðu landi á íslenzkum þjóðjörðum, sér í lagi eyðijörðum, samkvæmt ákveðnum reglum, sem stjórnin sjálf setur um ræktun landsins og auglýsir fyrir fram.

Ed. **532. Frumvarp**

til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.)

1. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfnunni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill almennings eða einstaklings í hættu.

2. gr. Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum:

a., ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þinginu hafi verið gefinn kostur á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og ef hann lætur farast fyrir að bera upp fyrir konungi lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum.

b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir.

c. ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

3. gr. Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

a. með því að leggja fyrir konung til undirskriftar ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt.

b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

4. gr. Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað almenningi eða einstaklingi við tjóni, eða veldur því að slík framkvæmd berst fyrir.

5. gr. Brot gegn 2. gr. varða embættismissi eða sektum frá 500—5000 kr. ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

6. gr. Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

7. gr. Hafi ráðherrann bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

8. gr. Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 5 ár líða frá því er brot var framið, án þess að alþingi hafi tekið ályktun um málshöfðun.

9. gr. Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstiréttur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum, eftir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland.

Nd. **533. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Af hverri tunnu hvallýsis skal greiða útflutningsgjald . kr. 1,00

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **534. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 57,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaiðnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera alt að 24 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Nd.

535. Frumvarp

til laga um friðun fugla. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: Maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, kríur, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbrystingar.

2. gr. Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: Ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr. Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hér segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu héraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hér hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda eða fýlaveiði.

4. gr. Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, alt að 40 kr.

5. gr. Ráðherrann getur veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum undanþágu frá ákvæðum þessara laga.

6. gr. Mál þau, sem rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

7. gr. Hér með eru úr gildi feld lög 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra.

Nd.

536. Frumvarp

til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_4$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann

verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali á síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_3$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1000 kr. né vera meiri en eftirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Ed.

537. Skrá.

yfir erindi send til fjálaganefndar efri deildar 1903.

1. Osk til nefndarinnar frá Guðm. prentara Magnússyni um, að þær 1200 kr., sem samþ. var í neðri deild að veita honum sem ferðastyrk til útlanda í skáldmentandi tilgangi, mættu standa óhreyfðar.
2. Beiðni frá ljósmyndara Sigfúsi Eymundssyni um 1000 kr. styrk fyrra árið til Jóns Jónssonar Vestdal, fóstursonar hans, til þess að hann geti fullkomnað sig í rafmagnsfræði erlendis og útfært nýja uppgötvun í þeirri fræðigrein.

3. Beiðni frá Guðm. Finnbogasyni mag. art. um hækkun á ferðastyrk sínum til þess að kynnast alþýðufræðslu og mentunarástandi hér á landi, um 400 kr. hvort árið.
4. Erindi frá landshöfðingja með tveim bænaskrám frá póstum, Jóhanni Jónssyni og Sumarliða Guðmundssyni, um eftirlaun eða ellistyrk úr landssjóði.
5. Beiðni frá Sigurði Þórólfssyni um, að fjárlaganefndin vildi aðhyllast gjörðir neðri deildar, að því er snertir fjárveitingu til skólans í Búðardal í Dalasýslu, sem hann segir að sé ætlaður sem lýðháskóli framvegis.
6. Framhaldsbeiðni frá séra Lárusi Halldórssyni um fjárveitingu úr landssjóði til sonar hans Halldórs, til áframhalds á kenslu í hraðritun og ferðastyrks til útlanda, til þess að sjá um prentun kenslubóka þeirra, sem hann hefir samið.
7. Beiðni með fylgiskjölum frá þingm. Barðstrendinga um 2000 kr. fjárveitingu til spítalans á Patreksfirði til þess að hann yrði svo útbúinn sem nauðsynlegt þætti.
8. Vottorð frá verkfræðingi Sigurði Thoroddsen um það, að hann álíti brú á Lagarfljóti á Einhleypingi óhulta fyrir ísreki, með þeim útbúningi, sem til væri ætlast, að hún fái í því augnamiði.
9. Erindi frá amtmanni Páli Briem um utanfararstyrk til búfræðisnema, til náms og verklegra æfinga á ýmsum stöðum erlendis.
10. Framhaldsbeiðni frá Þóraini B. Þorlákssyni um 1000 kr. styrk til utanlandsferðar, til þess að kynnast fyrirkomulagi við tekniska skóla í Danmörku og sér í lagi til þess að kynnast fagteikningu.
11. Erindi frá verkfræðingi Sigurði Thoroddsen, þar sem hann leitast við að færa rök gegn ummælum fjárlaganefndar neðri deildar, að því er snertir framkvæmdir verkfræðings landsins.

Ed. **538. Nefndarálit**

í málinu, frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Nefnd sú er háttv. efri deild kaus til að íhuga mál þetta, hefir nú haft það til meðferðar á mörgum fundum, og nákvæmlega rannsakað öll skjöl viðvíkjandi hverri einstakri jörð sem föluð er til kaups.

Jafnvel þó að nefndarmenn hafi mismunandi skoðanir á því, hvort rétt sé að selja fasteign landsins yfirleitt, til einstakra manna, hefir nefndin þó öll unnið að því að reyna að finna út hið sanngjarnasta verð á jörðunum og meta þær eftir því. Þar á móti er nefndin öll á einu máli um það, að ekki sé rétt að svo stöddu að gjöra þær jarðir falar til kaups, sem eitthvað stendur sérstaklega á með, t. d. að þær auðsjáanlega muni vaxa mikið í verði, án þess að kosta þurfi til þeirra fé eða fyrirhöfn að mun, eða það gæti orðið almenningi í óhag, ef jörðin kæmist í einstakra manna eign, en þetta getur hvorttveggja átt sér stað, þar sem líklegt er, að sjávarþorp, eða jafnvel verzlunarstaðir myndist innan ekki all langs tíma.

Af jörðum þeim, sem frumvarpið fer fram á, að látnar séu falar til kaups eru aðeins tvær, sem öll nefndin álítur að svo sérstaklega standi á með að ekki sé rétt að selja þær, en það er Munaðarhóll á Hjallasandi í Snæfellsnessýslu og Böggversstaðir í Eyjafjarðarsýslu fyrir þá sök, eins og tekið er fram í nefndaráliti neðri deildar, að á hinni fyrnefndu er nú löggiltur verzlunarstaður og á hinni síðarnefndu hefir á seinni árum myndast sjóþorp og nokkrar líkur til, að þar muni töluvert aukast bygging af húsmensku- og þurrabúðarmönnum.

Viðvíkjandi hinum einstöku jörðum, sem meirihlutinn ræður til að selja, þá hefir nefndin gjört sér far um að meta þær sem allra sanngjarnast bæði fyrir kaupanda og seljanda, en sanngjarnasta verðið álítur hún að finnist með því, að leggja til grundvallar tekjur þær, er landssjóður hefir nú árlega af téðum jörðum.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. 1. Fyrir 2100 komi: 2350.
2. — — — 2. — 1800 — 2200.
3. — — — 3. — 2600 — 2800.
4. — — — 4. — 1900 — 2200.
5. — — — 5. — 3000 — 3200.
6. — — — 6. — 2100 — 2350.
7. — — — 7. — 2400 — 2800.
8. — — — 8. — 10000 — 10500.
9. — — — 10. Liðurinn falli burt.
10. — — — 11. Fyrir 1100 komi: 1250.
11. — — — 12. Liðurinn falli burt.
12. — — — 14. Fyrir 2900 komi: 3200.

Alþingi 16. ágúst 1903.

Valtýr Guðmundsson, formaður. Með fyrirvara.

Guttormur Vigfússon, skrifari og framsögum.

Þorgr. Þórðarson.

Nd. **539. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um túngirðingar. Frá Einari Þórðarsyni.

Við 6. gr. Orðin »og eigandi eða ábúandi kostar« . . . . til enda greinarinnar falli burt.

Nd. **540. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri.

Hin háttv. efri deild hefir gjört tvær verulegar breytingar á frumvarpinu eins og það kom frá neðri deild, fært heimavistirnar niður úr 60—70 í einar 24, og upphæðina, sem verja má til skólahússbyggingar »og m u n a« úr 70 þús., er eftir frumv. neðri deildar að eins skyldi varið til húsbyggingar, niður í 57 þús. kr.

Vér erum þeirrar sömu skoðunar og fyr, að heimavistirnar séu ekki að eins gagnsamlegar, eins og nefndin í efri deild viðurkennir, heldur bráðnauðsynlegar eftir því sem hér stendur á, og höfum vér áður fært rök að því. En um það má auðvitað deila, hve margar þær þurfi að vera. Vér álítum nauðsynlegt, að allir eða því sem nær allir utanbæjarnemendur eigi kost á heimavistum. Þegar gengið er út frá því, að skólinn verði að jafnaði fullskipaður eða nemendatalan um 100, þá má tæplega búast við færri en 60—70 utanbæjarnemendum. Við þetta var heimavistatalan miðuð. Nefndin í efri deild býst þar á móti ekki við því, að nemendatalan verði svo há, og færir því til sönnunar, að meðaltala nemenda á Möðruvallaskólanum hafi ekki verið nema um 30.

En þessi tala er í sjálfu sér mjög villandi, einkum vegna þess að þetta er meðaltala nemenda allan þann tíma, sem skólinn stóð. Nú er það kunnugt að skólinn var nærri tómur um nokkurt ára bil af alveg sérstökum ástæðum, en hin síðustu 12—15 ár hefir aðsóknin stöðugt farið vaxandi. Þessi árin er hin árlega nemendatala hér um bil $^1/_4$ hærri, eða um 40. Hér við er þó athugandi, að miklu fleiri hafa sótt um skólann árlega en hægt var að taka, svo óhætt er að fullyrða að um 50 hefði verið á skólanum hin síðari ár að meðaltali, ef húsrúm hefði leyft að taka við öllum, er sóttu. Þar sem Akureyrarskólinn á að vera þriggja ára skóli, sem nefndin í efri deild virðist hafa gleymt, þegar hún var að áætla nemendatöluna, þá má ætla, að hin árlega nemendatala hækki við það um alt að $^2/_5$ eða upp í 70. Þá má og búast við, að allmargar konur sæki skólann framvegis, þar sem þær eiga jafnan aðgang að honum sem karlar, og loks munu margfalt fleiri Akureyringar sækja skólann hér eftir en hingað til. Er ekki of í lagt að ætla, að fullur fjórði partur nemendanna verði að jafnaði Akureyringar, eins og áður er á vikið, enda varð sú reyndin á í fyrra vetur.

Af því, sem hér er sagt, er full ástæða til að ætla, að hin árlega nemendatala á skólanum verði að minsta kosti 100; að öðrum kosti væri tilgangslaust að byggja skólahús handa svo mörgum. Litur ekki út fyrir að mentamálanefndinni í efri deild hafi verið þetta fyllilega ljóst.

Sé nú gengið út frá því, að utanbæjarnemendur verði hér um bil $^3/_4$ allra nemendanna eða 60—70, þá er það auðsætt að 24 heimavistir eru með öllu ófullnægjandi, auk þess, sem þær verða tiltölulega margfalt dýrari. Sú tillaga nefndarinnar í efri deild að hafa heimavistirnar 35—40 eru þó miklu nær sanni. Til þess nú að ganga svo langt til samkomulags á móti nefndinni í efri deild sem vér frekast sjáum oss fært, viljum vér leggja til, að heimavistunum verði fækkað um 20 frá því, sem vér upprunalega lögðum til og samþykt var hér í deildinni.

Eftir áætlun þeirri, sem vér fórum eftir, var byggingarkostnaðurinn við 70 heimavistir um 38 þús. kr., og kostar því hver þeirra um 540 kr. Við það að fækka heimavistunum um 20 ætti því byggingarkostnaðurinn að færast niður um 10800 kr. eða niður í 59,200 kr. En nú hefir efri deild tekið upp í frumvarpið kostnað til húsmuna skólans, sem ekki var ætlazt til í stjórnarfrumvarpinu. Getum vér ekki ætlað, að hann muni nema minna en 7—8 þús. kr. Ætti þá allur kostnaðurinn að verða um 67 þús. — Upphæð sú, sem í frumvarpinu stendur, 57 þús. kr., virðist vera alveg út í bláinn, enda engin rök færð fyrir henni.

Að endingu skulum vér geta þess, að vér álítum mjög æskilegt, að landið styðji verzlunarskóla á Akureyri með því að láta hann hafa ókeypis húsnæði í skólahúsinu og afnot af áhöldum skólans. Sömuleiðis ætti landssjóður að styðja kensluna að meira eða minna leyti. En ekki getum vér séð, að verulegt kenslusamband geti orðið milli skóla þessara að því er hinar sérstöku verzlunarfræðigreinar snertir. Í hinum alm. fræðigreinum ættu þar á móti verzlunarskólanemar að geta notið ókeypis kenslu á gagnfræðaskólanum.

Þessar breytingar leggur nefndin til, að gerðar séu á frumvarpinu og vonar að báðar deildir geti fallizt á þær:

1. Við 1. gr.: Fyrir 57 komi 67.
2. — 4. — — 24 — 45—55.

Neðri deild 18. ágúst 1903.

H. Hafstein	Stefán Stefánsson
form.	skrifari og framsögumaður.
Björn Bjarnarson.	Einar Þórðarson.

Eg get ekki verið meðnefndarmönnum mínum samdóma um breytingar á frv., og finn ekki ástæðu til að hrekja mál þetta milli deildanna, með því að eg tel það komið í það horf, er vel megi við una, og ræð því deildinni til að fallast á frv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Hannes Þorsteinsson.

Nd.

541. Nefndarálit

um frv. til laga um friðun fugla (eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Breytingar þær, er háttv. Ed. hefir gert á þessu frumv. eru að eins tvær, er standa í sambandi hvor við aðra. Aðalbreytingin er í því fólgin, að kríur eru alfriðaðar, en voru að eins hálffriðaðar samkv. frv. Nd. Nefndin gerir þetta ekki að neinu kappsmáli, og ræður því deildinni til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 18. ágúst 1903.

Stefán Stefánsson	Hannes Þorsteinsson
formaður.	skrifari og framsögum.

Tryggvi Gunnarsson.

Ed.

542. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905, samþ. við 3. umr. í nd.

Frá landshöfðingja.

Við 11. gr. bætist við sem 3. liður:

Styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði.

— 12. — B 11. Liðurinn falli bart.

— — — C. 2 c. Liðurinn falli burt.

— 13. — A. b 4. Fyrir: 3000—3000 komi: 3500—3500.
— 14. gr. A. Nýr liður bætist við:
Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðabók, 1. og 2. borgun af 5 ára styrk, 500—500.
— 16. — Til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr. falli burt;
til Lilju Ólafsdóttur 150 kr. falli burt.

Ed. **543. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um dánarskýrslur. Frá Þorgr. Þórðarsyni.

Við 3. gr. í stað »héraðslæknirinn« komi: héraðslæknir eða annan löggiltan lækni.

Ed. **544. Nefndarálit**
um frv. um leynilegar hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. (Þingskj. 489).

Oss undirrituðum nefndarmönnum í málinu »um leynilegar kosningar til alþingis« hefir verið falið að taka til íhugunar það frv., sem hér liggur fyrir.

Vér höfum íhugað það svo vel sem vér á hinum mjög afskamtaða tíma höfum getað, og komizt að þeirri niðurstöðu, að mál þetta sé mjög mikilvægt og að frv. sé mjög veruleg réttarbót. Að vísu fellum vér oss ekki alls kostar vel við sum einstök ákvæði þess, álítum að sumt hefði helzt átt að vera nokkuð nánara og skýrara ákveðið, og að niðurröðun efnisins sé ekki alstaðar svo skipuleg sem æskilegt er. En ekkert af þessu er þó, að voru áliti, svo verulegt, að eigi megi fallast á frv., eins og það nú liggur fyrir; hinsvegar mundu breytingar á frv. nú gera það mjög tvísýnt, hvort málið gæti náð fram að ganga á þessu þingi. En það þykir oss æskilegt, og fyrir því er það tillaga vor, að deildin samþykki frv. óbreytt.

Efri deild alþingis 17. ágúst 1903.

Eiríkur Briem, formaður — Hallgr. Sveinsson, skrifari — Guttormur Vigfússon, framsögum.
Guðjón Guðlaugsson. — Sigurður Jensson.

Ed. **545. Breytingartillaga**
við fjárlagafrumvarpið fyrir 1904—1905. Frá J. Havsteen. J. Jónassen og Hallgr. Sveinssyni.

Á eftir 13. gr. B. VI. h. komi nýr liður svolátandi:
1. »til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík« . . . 400 kr. — 400 kr.

Ed. **546. Breytingartillaga**

við fjárlagafrumvarp fyrir 1904—1905. Frá J. Havsteen, J. Jónassen og Hallgr. Sveinssyni.

Við 13. gr. A. b. 7. Fyrir orðin: »til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að« komi: til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík alt að.

Ed. **547. Breytingartillaga**

við fjárlagafrumvarpið fyrir 1904—1905. Frá J. Havsteen, J. Jónassen og Hallgr. Sveinssyni.

Á eftir 13. gr. B. VI. j. komi nýr liður svolátandi:

k. »til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað« . . . 400 kr. — 300 kr.

Nd. **548. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Fiskiveiðanefndin hefir athugað breytingar þær, sem háttv. efri deild hefir gert á þessu máli. Vér verðum að halda fast við það, að útflutningsgjaldið megi ekki vera lægra en kr. 1,25 af hverri lýsistunnu eins og ákveðið var í frumv. því, sem vér lögðum fyrir þessa h. deild. Að því er snertir hækkun þá á útflutningsgjaldi annara hvalafurða, er farið var fram á í frumv. eins og það var samþ. í neðri deild, en sem háttv. efri deild hefir felt í burtu, þá getum vér, eftir því sem nú er komið, felt oss við að hækkun þessi falli burt, svo að hún verði eigi frumv. að falli.

Samkvæmt þessu leyfum vér oss að leggja það til, að frumv. verði samþykt með þeirri breytingu:

Við 1. gr. Að í stað kr. 1,00 komi: kr. 1,25.

Alþingi, 18. ágúst 1903.

Skúli Thoroddsen, formaður. Ólafur Thorlacius, skrifari og framsögum. Björn Kristjánsson.

Tryggvi Gunnarsson. Jóhannes Ólafsson.

Ed. **549. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um ábyrgð ráðherra Íslands. (Eftir eina umr. í neðri deild).

Frumvarp þetta er aftur komið frá hv. nd. eins og það fór héðan, að því einu undanskildu, að bætt hefir verið inn í frv. nýrri grein (8. gr.) um fyrning ákæruréttar alþingis. Þetta ákvæði þykir oss vel við eiga, þar sem um politiskt brot er að ræða, og viljum því fallast á það. Vér leggjum það því til, að frv. verði samþykt, eins og það er komið frá hv. nd.

Efri deild alþingis 18. ágúst 1903.

J. Havsteen formaður. Kristján Jónsson skrifari og framsögumaður.

Jón Jakobsson.

Nd. **550. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í Flensborg í Hafnarfirði. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Kennaraskóla skal setja á stofn í Flensborg í Hafnarfirði, og má verja alt að 15,000 kr. úr landssjóði til endurbyggingar á hinn núverandi skólahúsi í Flensborg með leikfimishúsi.

2. gr. Skólinn sé jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr. Skólaárið sé frá 1. október til 14. maí; tvær ársdeildir séu í skólanum, en jafnframt sé kenslunni svo hagað, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sér af á einum vetri.

4. gr. Kenslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka og danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó allra helzt að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar.

Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr. Við skóla þennan skipar landsstjórnin 2 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2600 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu og annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr.

6. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugjörð hans.

7. gr. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Nd. **551. Frumvarp.**

til laga um túngirðingar. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Á tímabilinu 1905—1909, að báðum árum meðtöldum, má á ári hverju verja 100,000 kr. úr landssjóði, til að kaupa fyrir galvaniseraðan gaddavír og galvaniseraða járnteina í túngirðingar.

2. gr. Hver eigandi eða ábúandi jarðar, sem vill algirða tún sitt, getur fengið til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og ver landsstjórnin því til að kaupa girðingarefni það, sem nefnt er í 1. gr. og til flutningskostnaðar á því til hafna þeirra, sem óskað er, og strandferðaskipin koma á.

Sýslunefndir annast um, að menn séu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku, og gjöra aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og skulu sýslusjóðir kosta uppskipun, geymslu og afhendingu efnisins.

3. gr. Á öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skal verð fyrir girðingarefni að öllu leyti lagt fram af landssjóði.

Á jörðum einstakra manna og stofnana leggur landssjóður fram $^3/_4$ af verði girðingarefnisins; þó leggur hann það alt fram, þar sem hlaðinn er svo hár garður undir, að eigi þarf fleiri en 3 strengi ofan á hann til þess að hann sé fullkomin vörn fyrir öllum búpeningi.

4. gr. Af kostnaði þeim, er landssjóður leggur fram til girðinganna, greiðast árlega í 41 ár 5 krónur af hundraði hverju í 4% vexti og afborgun; gjaldið innheimtist hjá

ábúendum á manntalsþingum eftir sömu reglum sem önnur manntalsþingsgjöld og reiknast frá þeim tíma, er efnið kom á þá höfn, sem um var beðið, en sé það ófáanlegt frá ábúanda á einstaks manns eign, skal jarðareigandi greiða gjaldið. Gjaldi þessu fylgir lögtaksréttur.

5. gr. Sýslunefndir annast um, að hæfir menn skoði öll girðingarstæði um tún hverrar sýslu og mæli lengd þeirra; skulu þeir jafnframt gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eiga að liggja og annað, sem að þeim lýtur. Skoðunargerð þessari skal lokið fyrir 1. nóvember 1904, og skulu skoðunarmenn gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæða á öllum jörðum í hverri sýslu og annað það, er að skoðunargerðinni lýtur. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti í samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni, en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allur kostnaður við skoðanir þessar og mælingar greiðist úr sýslusjóði.

6. gr. Nú óskar eigandi eða ábúandi og skoðunarmaður álítur það hagkvæmt, að innan girðingar verði meira land en túnið, þá má lengja girðinguna, ef túnið fær jafnsnemma sömu vörn og annars.

Þegar sama girðing er um tún fleiri jarða, eða sameiginleg girðing er á milli túna, þá ákveður skoðunarmaður, hvað hverri jörð ber af kostnaðinum.

Nú eru fleiri ábúendur en einn, og ná eigi lög þessi til girðinga, er skifta túni jarðarinnar.

7. gr. Þegar einhver eigandi eða ábúandi jarðar vill girða tún sitt og fá til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, getur hann, eftir að skoðun þeirri er lokið, sem ræðir um í 5. gr., snúið sér til oddvita sýslunefndarinnar og æskt þess, að hann útvegi hjá landsstjórninni efni í hina ákveðnu girðingu, og ef jörðin er eigi landssjóðs eða kirkjueign, skal hann um leið afhenda $^1/_4$ hluta af hinu áætlaða verði, er sendist landsstjórninni, nema garður sé hlaðinn undir samkvæmt niðurlagi 3. gr.

Nægi eigi fé það, sem ætlað er á hverju ári til túngirðinganna, til að fullnægja öllum, er um það hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, koma fyrstir til greina næsta ár.

8. gr. Landsstjórnin gefur út áætlun fyrir hvert ár um verð á hverjum faðmi í fjóryddum vírstreng og hverju feti í teinum og stólpum, að meðtöldum flutningskostnaði, og skal sú áætlun gilda, sem fast ákveðið verð það ár, að því, er snertir framlag eigenda eða ábúenda þeirra, sem borga eiga nokkurn hluta girðingarefnisins.

9. gr. Girðing sé gjörð samkvæmt reglugjörð er landsstjórnin semur.

Fullgjörð girðing telst því að eins, að allar hliðar túnsins, er eigi hafa örugga vörn af vatni, sjó, klettum eða öðru líku séu algirtar, og alfarahlið þau, sem á eru, með grindum á járnum. Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild, nema hún sé með 5 strengjum og stuðlar allir af járni aðrir en máttarstólpar (samkv. 11. gr.).

Sýslunefndir velja einn eða fleiri hæfa og valinkunna menn til þess, að skoða og meta hinar fullgjörðu girðingar. Skoðunarmaður skýrir frá, hvernig verkið er af hendi leyst og hvort girðingarefnið hefir alt verið notað eingöngu til hinnar ákveðnu girðingar. Við hver árslok skýra svo oddvitar sýslunefnda landsstjórninni frá því, er gjört hefir verið í sýslu hverri á árinu að túngirðingum þessum.

10. gr. Sé tún eigi algirt, þegar 2 ár eru liðin frá því hlutaðeigandi átti kost á að veita efninu móttöku, er öll skuld hans fyrir girðingarefnið, þegar fallin í gjalddaga með 6% vöxtum.

11. gr. Skoðunarmaður sá, er ræðir um í 5. gr., ákveður hve langa járnteina þurfi á hverjum stað og hve marga vírstrengi ofan á hlaðna garða. Grindur í hlið með umbúning og máttarstólpa með nauðsynlegum styttum, þar sem girðing beygist, eða nauðsynlegt þykir vegna lengdar girðingarinnar, leggur sá til, er girðingarefnisins hefur óskað, enda ræður hann hvert efni til þess er notað.

12. gr. Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér; vanræki hann það varðar það 2—10 kr. sekt, auk skaðabóta. Vísvitandi skemdir á girðingu varða 5—50 kr. sekt auk skaðabóta. Sektir þessar renna að hálfu til uppljóstrarmanns og að hálfu til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið

13. gr. Skyldir skulu jarðeigendur, hvort heldur eru einstakir menn, stofnanir eða umboðsmenn þeirra, að viðlagðri 10 kr. sekt til sýslusjóðs, að sjá um, að girðingum þessum verði haldið vel við framvegis og þær endurbættar og endurnýjaðar eftir þörfum, og við hverja jarðarúttekt skal fráfarandi skila girðingunni í gildu standi eða með fullu álagi. Hreppstjórar skulu hafa eftirlit með viðhaldi girðinganna og tafarlaust skýra sýslumanni frá, ef vanrækt á sér stað.

14. gr. Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi losað sig við þá skyldu að halda henni við, en borga verður hann þá að fullu það er eftir stendur af landssjóðslaninu.

15. gr. Þegar leiguliði á jörð, sem hvorki er landssjóðseign né kirkjueign, hefir komið upp girðingu um tún leigujarðar sinnar með aðstoð landsstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum, og eigi hefir verið öðru vísi um samið milli hans og landsdrottins, þá skal leiguliði við burtför sína frá jörðunni fá hjá landsdrottni endurgoldið verð fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnis, er hann hefir lagt til, eða komizt hjá að leggja til, með því að hlaða garð undir vírgirðinguna ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa samkvæmt mati úttektarmanna, enda afhendi hann þá túngirðinguna alla í gildu standi eða með fullu álagi.

Hafi aftur á móti landsdrottinn sett upp á sama hátt girðinguna á slíkri jörðu, þá getur hann, ef eigi hefir öðru vísi verið um samið, heimtað, að ábúandinn taki við girðingunni til fullrar ábyrgðar, og greiði honum sem landskuld 4% ársvexti af verði fyrir þann $^1/_4$ hluta girðingarefnisins, er hann hefir lagt til, ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa eftir mati úttektarmanna.

16. gr. Enginn má hafa gaddavír í traðir né girðingar, sem liggja fram með alfaravegi, nema garður sé undir fullsiginn $1^1/_2$ al. á hæð og vírinn eigi settur á þá brún hans, sem að veginum snýr, nema annað sé gjört því til varnar, að vírinn skaði menn eða skepnur, sem um veginn fara, eða farangur.

Brot móti þessari grein varða sektum, 5—50 krónum, auk skaðabóta er renna í sýslusjóð þeirrar sýslu, sem brotið er framið í og skal girðingin upptæk þegar er brotið er sannað, ef eigandi tekur hana eigi tafarlaust upp sjálfur eða bætir úr þessu á annan hátt.

17. gr. Með mál út af brotum, sem ræðir um í 12., 13., og 16. gr., skal farið sem með opinbert lögreglumál.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1904.

Ed. **552. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Frá Guttormi Vigfússyni.

Við 13. gr. B. VI. b. 2. Athugasemdin orðist þannig:

Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.

Ed. **553. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Guttormi Vigfússyni.

Á eftir 9. lið, komi nýr liður:

10. ½ Vattarnes í Suðurmúlasýslu kr. 3900,00

Nd. **554. Viðaukatillaga.**

við till. til þingályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík (þskj. 496). Flutningsm. Hannes Þorsteinsson.

Á eftir orðunum: »kenslu í móðurmálinu« bætist: »í sögu landsins og bókmentum«.

Nd. **555. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað »57,000« komi: 60,000.

Við 4. gr. Í stað orðanna: »alt að 24« komi: 35—40.

Nd. **556 Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Íslands.

Tillögu þessari var vísað til landbúnaðarnefndarinnar í sambandi við frumvarpið um fólksinnflutninga, sem nefndin hefir þegar látið uppi álit sitt um.

Vér ráðum háttvirtri deild til að samþykkja tillöguna með lítilfjörlegum breytingum.

Í fyrsta lið tillögunnar er skorað á stjórnina að koma því til leiðar, að út verði gefnir smáritlingar um Ísland á útlendum tungum, og erum vér því samdóma, en viljum jafnframt taka það fram, að vér höfum enn meiri trú á því, að greinar þess efnis, sem hér ræðir um, ásamt myndum, birtist í blöðum og tímaritum, sem mikla útbreiðslu hafa meðal almennings, einkum hjá almúgafólki, og viljum því taka það upp í tillöguna. Svo verðum vér og að leggja áherzlu á það, sem vér vikum að í nefndarálitinu um frumvarpið til laga um fólksinnflutninga, að bezt verði þetta erindi rekið af manni eða mönnum, sem ferðist um Danmörku og víðar á Norðurlöndum, ef féð hrökkur til, og haldi fyrirlestra um landið, og gefi þær upplýsingar, sem menn kunna að óska eftir. Slíkan mann eða menn mætti eftir atvikum senda héðan að heiman, eða fá erlendis.

Í samræmi við þá breytingu, sem vér höfum lagt til, að gjörð væri á sjálfu frumvarpinu, og samþykt hefir verið við 2. umræðu í neðri deild, leggjum vér og til að 3. lið tillögunnar sé breytt, og nægir í því efni að vísa til nefndarálitsins á þskj. 508.

BREYTINGARTILLÖGUR

nefndarinnar verða þá þessar:

1. Fyrsti liður tillögunnar orðist svo:
   að fá menn til þess að rita í erlend blöð og tímarit um Ísland, og gefa út á útlendum tungum og breiða út smáritlinga um landið, landslag þess, loftslag, atvinnuvegi og framtíðarhorfur, ásamt myndum því til skýringar, og ef kostur er á að fá mann eða menn til að útbreiða þekkingu erlendis á kostum landsins með funda- og ræðuhöldum.
2. Við 3. lið. Fyrir síðari hluta liðsins »með því skilyrði . . . innan 5 ára« komi: eftir þeim reglum, sem stjórnin setur og auglýsir fyrirfram.

Alþingi, 18. ágúst 1903.

Björn Bjarnarson,	Hermann Jónasson,	Þórh. Bjarnarson,
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Eggert Pálsson. Ólafur Briem. Ólafur Ólafsson. Pétur Jónsson.

Ed. **557. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði.

Undirskrifuð nefnd hefir athugað frumv. þetta, sem komið er frá háttv. n. d., eftir að það hefir verið rætt þar og samþykt. Vér höfum orðið ásáttir um það, að frv. feli í sér réttarbót, er miði til þess, að stemma stigu fyrir ólöglegri leppmensku af hálfu innlendra manna við rekstur síldarveiða norðan- og austanlands, og að nauðsyn sé á því, að tilraun sé gjörð til þess af hálfu löggjafarvaldsins að koma í veginn fyrir áminst lagabrot. Vér leggjum það því til, að frumv. verði samþykt, og munum vér gjöra nánari grein fyrir ástæðum vorum við framsögu málsins. En þessar breytingartillögur gjörum vér við frumv., er einnig munu verða útlistaðar við framsöguna.

Við 1. gr. Fyrir: »í samfloti« komi: í samfloti eða tengslum.
Við 3. gr. Fyrir: »umsjónarmaður«, í 2. málsgrein komi: eftirlitsmaður.
Við 4. gr. Fyrir: »stjórnarráðinu«, komi: landsstjórninni.
Við 7. gr. Fyrir: »300—3000« komi: 100—3000.

Efri deild alþingis, 18. ágúst 1903.

Valtýr Guðmundsson,	Kristján Jónsson,	J. Havsteen,
formaður.	skrifari,	framsögumaður.

Nd. **558. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn. Frá Tryggva Gunnarssyni.

Við 5. gr. Orðin í fyrri málsgrein »er á hans vegum — framfæri sitt hjá honum« falli burt.

Ed.

559. Atkvæðaskrá

við 2. umr. um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

NB. Breytingartillögur þær, sem eru ómerktar, eru frá fjárlaganefndinni.

1. Við 4. gr. 1. Síðari athugasemdin orðist þannig: Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_{2}$ 1898.
2. — 4. gr. 2. (innan stryks). Fyrir: »skulu — eftirgefnir« komi: skal helmingur, 3000 kr., eftirgefinn.
3. — 5. gr. 1. Athugasemdin orðist þannig: Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 krónum hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.
4. — 6. gr. Orðið: »talið« falli burt.
5. — 8. gr. Fyrir: »13,600« komi: 12,400.
6. — 8. gr. Fyrir: »samtals 28,000« komi: til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans, 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr.; samtals 28,000 kr.
7. — 11. gr. 2. Á eftir þenna lið bætist við sem 3. liður (542, landsh.):
   Styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði.
8. — 11. gr. 6 a. Fyrir: »4,765« komi: 5065.
9. — 11. gr. 8 d. Aftan við liðinn bætist nýr liður: Til sama sjúkrahúss fyrra árið 2,000 kr. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.
10. — 11. gr. 10. Liðurinn falli burt.
11. — 12. gr. A. 4 a. Liðurinn falli burt.
12. — 12. gr. A. 4 b. Liðurinn falli burt.
13. — 12. gr. B. 1. b. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd: Verkfræðingnum skal undir yfirumsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna.
14. — 12. gr. B. 3. Fyrir: »64,000« komi: 61,000 og (innanstryks) Fyrir: »30,000« komi: 27,000.
15. — 12. gr. B. 4. Fyrir: »70,000« komi: 73,000 og (innanstryks) Fyrir: »12,000« komi: 15,000.
16. — 12. gr. B. 7. Liðurinn falli burt.
17. — 12. gr. B. 8. Liðurinn falli burt.
18. — 12. gr. B. 10. a. Liðurinn falli burt.
19. — 12. gr. B. 10. b. Liðurinn falli burt.
20. — 12. gr. B. 11. Liðurinn falli burt. (542, landsh.).
21. — 12. gr. B. 12. Liðurinn falli burt.
22. — 12. gr. C. 1. Aftan við athugasemdina bætist; og ennfremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjaldi því, sem það hingað til befir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.
23. Við 12. gr. C. 2. a. Liðurinn orðist þannig:
    a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300.
    a. 2. til sömu ferða 4,000, að því tilskildu að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.

24. — 12. gr. C. 2. c. Liðurinn falli burt. (542, landsh.).
25. — 12. gr. C. 2 d. Liðurinn falli burt.
26. Við 12. gr. D. Fyrir: »hraðskeytafleygis« komi: hraðskeytasambands.
27. — 12. gr. E. i. Fyrir: »75—75« komi: 100—100.
28. — 13. gr. A. b. 3. Á eftir liðnum komi nýr liður: Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið) 120 kr.
29. — 13. gr. A. b. 4. Fyrir 3000—3000 komi: 3500—3500. (542, landsh.).
30. — 13. gr. A. b. 7. Fyrir orðin »til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að« komi: til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík alt að. (546)
31. — 13. gr. A. b. 8. Liðurinn falli burt.
32. — 13. gr. B. II. c. og d. Liðirnir falli burt, en í stað þeirra komi nýr liður. Til þess að leigja hús Reykjavíkurspítala handa læknaskólauum 1,000—1,000.
33. — 13. gr. B. VI. b. 1. Fyrir: »8,000—9,000« komi: 7,000—7,000.
34. — 13. gr. B. VI. b. 2. Liðurinn orðist þannig: Til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers 7,000—7,000.
35. — 13. gr. B. VI. b. 2. Brt. (552) við sama lið:
Athugasemdin orðist þannig: Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna.
36. — 13. gr. B. VI. h. Orðin: »til þess — alþingissetningar« falli burt.
37. — 13. gr. Á eftir 13. gr. B. VI. h. komi nýr liður svolátandi: (545).
i. »til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík« . . 400 kr. — 400 kr.
38. — 13. gr. Á eftir 13. gr. B. VI. j. komi nýr liður svolátandi: (547).
k. »til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað« . . . . 400 kr. — 300 kr.
39. — 13. gr. B. VI. l. Liðirnir falli burt.
40. — 13. gr. B. VIII. 2. Liðurinn falli burt.
41. — 13. gr. B. VIII. 3. (innan stryks). Fyrir: »1,200 kr.« komi: 1,400 kr. og fyrir: »1,000« komi, 800.
42. — 14. gr. A. 1. a. Fyrir: »1,700« komi: 1,800.
43. — 14. gr. A. 1. e. Fyrir: »Samnings« komi: Samningar.
44. — 14. gr. A. 3. Liðurinn falli burt.
45. — 14. gr. A. 4. a. Fyrir: »1,400—1,400« komi: 1,200—1,200.
46. — 14. gr. A. 16. Liðurinn falli burt, en í hans stað komi nýr liður: Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal (fyrra árið) ..... 6,000 kr.
47. — 14. gr. A. 18. Liðurinn falli burt.
48. — 14. gr. A. 20. Eftir: dómasafn komi: landsyfirréttarins.
49. — 14. gr. A. 23. Eftir: til lúðrafélags Reykjavíkur komi: í eitt skifti fyrir öll.
50. — 14. gr. A. 26. Liðurinn falli burt.
51. — 14. gr. A. 34. Liðurinn falli burt.
52. — 14. gr. A. 35. Liðurinn falli burt.
Á eftir 33. lið komi nýr liður: Til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun, er afhendist landsbókasafninu til afnota fyrir almenning 400—400.
53. — 14. gr. A. 35. Nýr liður bætist við (542, landsh.)
Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðbók, 1. og 2. borgun af 5 ára styrk, 500—500.
54. — 14. gr. B. 1 a. 1. Fyrir: »3,500—2,500« komi: 2,500—2,500.

55. — 14. gr. B. 1 a. 2. Liðurinn falli burt.
56. — 14. gr. B. 1 a. 3. Fyrir: »3,500—2,500« komi: 2,500—2,500.
57. Við 14. gr. B. 1 a. 4. Fyrir: »4,000—2,500« komi: 2,500—2,500.
58. — 14. gr. B. 1 a. 5. Fyrir: »3,500—2,500« komi: 2,500—2,500.
59. — 14. gr. B. 1, c. Fyrir: »22,500—24,500« komi: 25,000—27,000.
60. — 14. gr. B. 1. f. Liðurinn falli burt.
61. — 14. gr. B. 1. h. Fyrir: »6,000—5,000« komi: 7,000—6,000.
62. — 14. gr. B. 1. j. Fyrir: »4,000—3,000« komi: 3,500—3,000.
63. — 14. gr. B. 3. Fyrir: »500—500« komi: 500—300.
64. — 14. gr. B. 6. Fyrir: »2,000—500« komi: (fyrra árið) 1,500.
65. — 14. gr. B. 8. Fyrir: »600« komi: 400.
66. — 14. gr. B. 10. Liðurinn komi: næst B. 1. h.
67. — 14. gr. B. 11. Liðurinn falli burt: í staðinn fyrir hann komi nýr liður: Til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis ..... 1,500—1,500.
68. — 14. gr. B. 12. Fyrir: »í Reykjavík og Ísafirði« komi: öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði.
69. — 14. gr. B. 14. Liðurinn falli burt.
70. — 14. gr. B. 15. Liðurinn falli burt.
71. — 14. gr. B. 16. Liðurinn falli burt.
72. — 16. gr. Til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttir 250 kr. falli burt. (542, landsh.)
73. — — gr. Orðin: Til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 150 kr. falli burt.
74. — — — Orðin: Til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr. falli burt.
75. — — — Orðin: Til Lilju Ólafsdóttir 150 kr. falli burt. (542, landsh.)
76. — — — Orðin: Til Hannesar Hanssonar pósts 200 kr. falli burt.
77. — 19. — 7. málsgrein: Aftan við orðin: fyrsta veðrétt í stofnuninni, bætist: og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist o. s. frv. til enda málsgreinarinnar.
78. — 19. gr. 11. málsgrein: Þessi málsgrein verði síðasta málsgrein.
79. — 19. gr. síðustu málsgrein: Málsgreinin falli burt.

Nd.

560. Nefndarálit

um frumvarp til laga um landsdóm.

Krafan um landsdóm, innlendan dóm, er gerði út um mál af hendi alþingis á hendur stjórninni, er jafngömul kröfu þjóðarinnar um innlenda stjórn. Þjóðin hefir altaf fundið 'til þess, að útlendur dómstóll, skipaður útlendum mönnum og ókunnugum högum vorum, mundi ekki koma oss að miklu haldi. Og um hæstarétt, þann dóm, er dæma á ráðherrann, bæði eftir stjórnarskránni og hinu nýsamþykta stjórnarskrárfrumvarpi, má auk þess segja, að hann sé ekki vel fallinn til þess að hafa á hendi einkadómsvald, sízt í slíkum málum.

Stjórnin hefir og fundið til þessa. Stjórnarskráin, sem sett var af konungi, og stjórnarskrárfrumvarpið, sem borið var upp af stjórninni, hafa, jafnframt því að fela

hæstarétti dómsvald í málum á móti ráðherranum, selt hinu almenna löggjafarvaldi sjálfdæmi til að breyta þessu, hvenær sem skyldi.

Nefndinni þykir vel hlýða, að alþingi noti að sínu leyti þetta sjálfdæmi nú, er það hefir samþykt áminst stjórnarskrárfrumvarp og frumvarp til laga um ábyrgð ráðherrans, en jafnframt, að hér sé um vandamál að ræða.

Nefndin hefði helzt kosið, að efri deild ásamt dómendum landsyfirdómsins hefði átt dómsvald í málum móti ráðherranum, en þess er enginn kostur, þar sem alþingi á eftir stjórnarskrárfrumvarpinu að ákæra ráðherrann og getur því ekki dæmt hann líka. Því varð eitthvað annað til bragðs að taka. Og eftir atvikum þykir nefndinni ákvæði frumvarpsins um skipun dómsins aðgengileg. Að vísu eiga sýslunefndir og bæjarstjórnir að tilnefna þá menn meðal innanhéraðsmanna, er taka á dómendurna úr, og því er ekki full trygging fyrir því, að valið takist ávalt vel. En kjörgengi hinna tilnefndu manna er nokkuð takmarkað; helmingi þeirra er rutt og dómendurnir eiga að sitja í dóminum meðan þeir eru kjörgengir, og má því búast við, að viðunanleg trygging sé fengin fyrir réttdæmi þeirra og sjálfstæði. Það eitt vantar til, að eigi er fullkomin trygging fengin fyrir því, að löglærðir menn sitji í dóminum, en við það varð ekki ráðið, úr því að kjósa varð dómendurna.

Í réttarfarsreglum frumvarpsins eru fólgin nokkur nýmæli. Helzta nýmælið er það, að dómsvaldið er stranglega aðskilið frá störfum sækjanda og verjanda. Dómendurnir eiga engan þátt í því að upplýsa málið. Annað aðalnýmælið er það, að sókn og vörn í málinu á að fara fram munnlega og í heyranda hljóði. Það á að tryggja betur en hið núverandi fyrirkomulag, að allir þeir, sem við málið eru riðnir, gegni skyldu sinni af fremsta megni. Þá má geta þess, að næsta skyldfólk og venzlafólk ákærða er undanþegið venjulegri vitnaskyldu, og ætti svo að vera í fleiri málum. Loks er þess getið, að áskildir eru $^2/_3$ hlutir atkvæða til að sakfella ákærða, og er það ákvæði sett með sérstöku tilliti til þess, hvernig dómurinn er skipaður.

Nefndin hefir þannig fallizt á frumvarpið í öllum aðalatriðum þess, en ræður þó til, að á því séu gerðar eftirfarandi breytingar, og mun framsögumaður rökstyðja þær nánara.

1. Við 3. gr. Í stað: »landsyfirréttarins« komi: landsyfirdómsins.
   — - — Í stað orðanna: »ákærði skal ryðja 12 úr dómi« komi: sóknari ryður 3 úr dómi en ákærði 9«.
2. Við 5. gr. Í stað: »Nú á forseti« komi: Nú á forstjóri.
3. — 6. — Í stað orðanna: »eftir að ákærði hefir rutt« komi: eftir að dómur er ruddur, eða verði að víkja úr sæti eftir almennum reglum.
4. 7. gr. orðist svo:

Dómendur skipa dóminn meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvert ár, þannig, að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhéraðs og innanbæjarmenn, og nefnir hvert amtsráð síðan 3 úr tölu þeirra, er kosnir voru í amtinu, og alþingi að því búnu aðra 12 úr tölu þeirra, er eftir verða. Loks tekur forseti dómsins varamennina, 24 að tölu, með hlutkesti úr þeim 4 tylftum, er eftir verða er alþingi hefir nefnt 12 frá.

5. Við 9. gr. bætist: og annan til vara ef hinn kynni að forfallast.
6. Við 13. gr. Í stað: »útskurðað« komi; úrskurðað.
7. Við 14. gr. a. Í stað: »dómarinn« komi: dómurinn.

b. Í stað: »rannsókninni« komi: vitnaleiðslunni.

c. Eftir: »sækjanda og verjanda« komi: hafi þeir eigi tilnefnt sér umboðsmenn.

d. Í stað: »sókn og vörn« komi: flutningur og meðferð málsins.

8. Við 15. gr. bætist: Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um meðferð einkamála.

9. Við 16. gr. a. »hl.« falli burt.

b. eftir 1. málsgrein komi: enda séu að minsta kosti 9 af dómendunum viðstaddir og taki þátt í dómnum.

Neðri deild alþingis 19. ágúst 1903.

H. Hafstein	Lárus H. Bjarnason	Hermann Jónasson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	
Skúli Thoroddsen.	Guðl. Guðmundsson.	

Nd. **561. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlaun (þingskj. 536).

Frumvarp þetta er nú eins og neðri deild skildi við það síðast, að öðru leyti en því, að í 2. gr. er sá hluti eftirlauna, sem miðaður er við upphæð embættislauna, hækkaður úr $^1/_5$ í $^1/_4$. Hækkun þessi er að eins $^1/_{20}$ af launaupphæðinni og getur því ekki numið mjög miklu, að því er snertir hvern einstakan embættismann, er eftirlauna nýtur. Líkt má að nokkru leyti segja um hækkunina í heild sinni, að því, er landssjóð snertir, ef eingöngu er miðað við þá tölu embættismanna, sem nú eru á eftirlaunum. En þess ber að gæta, að allar líkur eru til, að sú tala aukist, þegar fram líða stundir, sem bein afleiðing af því, að á síðari árum hefir embættum verið fjölgað að mun. Og þótt sumum þeirra fylgi nú ekki eftirlaunaréttur, sem sé læknaembættum í 4. og 5. flokki, má gera ráð fyrir, að síðar komi fram kröfur um, að þeim sé í þessu efni veitt jafnrétti við önnur samskonar embætti, enda mun sá greinarmunur, sem gerður var á læknaembættum í tilliti til eftirlauna, meðfram hafa stafað af því, að þá var eigi unt að fá þær umbætur á eftirlaunalögunum, sem þingið krafðist og þjóðin æskti eftir.

Þessar kröfur þings og þjóðar hafa komið skýrt fram í frumvörpum þeim, er hvað eftir annað hafa verið afgreidd sem lög frá þinginu. Að því er sérstaklega snertir það atriði, sem nú hefir orðið að ágreiningi milli deilda, er frumvarp það, er neðri deild samþykti fyrir skemstu, öldungis samhljóða frumvörpunum frá 1893 og 1895, og einnig samkvæmt eftirlaunaákvæðum lagafrumvarpsins frá 1897 um skipun læknahéraða, og voru öll þessi frumvörp samþykt af báðum deildum þingsins. Það er því í fullu samræmi við sögu eftirlaunamálsins og það fylgi, sem málið hefir jafnan haft meðal þjóðkjörinna þingmanna, að meiri hluti nefndarinnar leggur það óhikað til, að frumvarpinu verði nú breytt í sama horf og áður, að því er umrætt atriði snertir.

Að undanförnu, þegar eftirlaunamálið hefir verið til meðferðar, hefir jafnan verið lögð mest áherzla á, að fá lækkuð eftirlaun embættismanna, en minna hugsað um það að létta að nokkru leyti hina þungu byrði, er á landssjóði hvílir af eftirlaunum embættismannaekkna. Samkvæmt gildandi lögum eru eftirlaun ekkju $^1/_8$ af launum mannsins, og þessu ákvæði er haldið óbreyttu í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. En með því hverjum embættismanni er með lögum gert að skyldu að tryggja konu

sinni, ef hún verður ekkja, lífeyri, sem er ákveðinn $^1/_5$ af launum mannsins, virðist vel gjörlegt, að lækka hin lögákveðnu eftirlaun ekkna úr $^1/_8$ í $^1/_{10}$, og nemur þá hinn árlegi fjárstyrkur hverrar ekkju $^3/_{10}$ af launum mannsins, er sýnist allsæmilegur framfærslueyrir, þegar þess er jafnframt gætt, að ef ekkja á óuppkomin börn, fær hún samkvæmt frumvarpinu alt að 100 kr. árlegan styrk fyrir hvert þeirra til 16 ára aldurs. Með tilliti til þess, að engin embættislaun eru að lögum hærri en 6000 kr., að ráðherralaunum einum undanskildum, telur nefndin rétt að taka upp það ákvæði, að eftirlaun ekkju megi aldrei fara fram úr 600 kr.

Breytingartillögur nefndarinnar eru því þessar:

1. Við 2. gr. Fyrir: »$^1/_4$« komi: $^1/_5$.
2. Við 8. gr. Fyrir: »$^1/_8$« komi: $^1/_{10}$.
3. Við 8. gr. Fyirr: »1,000 kr.« komi: 600 kr.
4. Við 8. gr. Orðin: »né vera meiri — þegar hann dó« falli burt.

Neðri deild 19. ágúst 1903.

Magnús Andrésson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Eggert Pálsson. Jón Magnússon, með fyrirvara. Jóhannes Ólafsson.

Nd. **562. Framhalds-nefndarálit**

um frumvurp til laga um kennaraskóla.

Frumvarp það, sem héðan fór úr deildinni um kennaraskóla í Reykjavík, hefir tekið miklum breytingum í h. efri deild.

Aðalbreytingin er sú, að setja skólann upp í Flensborg í Hafnarfirði, og hefir efri deild í fjárveitingu sinni farið eftir því tilboði, sem hér lá fyrir deildinni, um endurbygging hins núverandi skólahúss í Flensborg, og þá var sýnt fram á með fylstu rökum, að væri með öllu ófullnægjandi og óframkvæmanlegt. Nefndin er jafn eindregið samhuga á því nú sem áður, að skólastaðurinn eigi að vera Reykjavík, og leggja þurfi fram svo mikið fé, að minst 20 heimavistir geti verið við skólann.

Í annan stað hefir efri deild gjört allverulega breytingu á frumvarpinu með því að ákveða tvær ársdeildir í staðinn fyrir þrjár, og jafnframt strikað burt þriðja fasta kennarann. Ef á þessu einu hefði staðið, mundum vér vísast hafa sætt oss við það fyrirkomulag í bráð, til samkomulags, og í fullu trausti þess, að innan skamms hefði verið aukið við þriðju ársdeildinni og þriðja kennaranum, en þar sem aðalágreiningurinn er um skólastaðinn, sjáum vér eigi ástæðu til að víkja frá því, sem samþykt hefir verið hér í deildinni í því efni.

Breytingartillögur vorar við frumvarpið eru þá þessar:

1. 1. gr. orðist svo:

   Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík, og má verja til húss og muna alt að 40,000 kr. úr landssjóði.
2. Við 3. gr. Fyrir: »tvær« komi: þrjár.

3. Við 5. gr. Fyrir: »2« komi: þrjá.
4. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: »og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum«.
5. Yfirskriftin verði: Frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Alþingi 19. ágúst 1903.

H. Hafstein, form. Stefán Stefánsson, skrifari. Þórh. Bjarnarson, framsögum.

Björn Bjarnarson. Hermann Jónasson.

Nd. **563. Frumvarp**

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. (Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Það skal eftirleiðis vera skylda að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er fiskiveiðar stunda á þilskipum hér við land, á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, er til fiskiveiða ganga, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar og skal hann svo fljótt sem unt er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr. Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 15 aurum fyrir hverja viku vetrarvertíðar, sem hann er á skipinu, og 10 aura fyrir hverja viku vorvertíðar og sumarvertíðar, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína, gegn endurgjaldi af hlut þeirra eða kaupi, en auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins helming á móts við gjald skipverjanna allra, og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram, og má taka það lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok septembermánaðar ár hvert að frádregnum 2% innheimtulaunum.

4. gr. Vátryggingarfélaginu skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Landstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landstjórnin mann til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr. Nú drukknar sjómaður eða deyr af slysförum á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir, samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

Séu engir slíkir vandamenn til, greiðist árgjaldið þeim, sem maðurinn hefir ákveðið fyrir skráningarstjóra eða í lögmætri erfðaskrá, að þess skuli njóta, en hafi hann enga ákvörðun gjört í þessu tilliti, eignast vátryggingarsjóður upphæðina

6. gr. Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrökkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15,000 kr.

7. gr. Þá er nefnd sú, er 4. gr. ræðir um, er skipuð, ákveður landsstjórnin með reglugjörð, er samin skal að fengnum tillögum nefndarinnar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed. **564. Frumvarp**

til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð. (Eftir 3. umr. í Nd.)

Landsstjórninni veitist heimild til að taka bráðabirgðalán fyrir hönd landssjóðs alt að 500,000 kr., gegn tryggingu í eignum eða tekjum landssjóðsins.

Ed. **565. Frumvarp**

til laga um fólksinnflutninga til Íslands. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd).

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 5,000 kr. til þess að greiða fyrir innflutningi útlendinga til Íslands, einkum frá Norðurlöndum.

2. gr. Þeim innflytjendum, er setjast vilja að á Íslandi og byrja þar búskap, má stjórnin veita til eignar og umráða ákveðna tölu dagsláttna af óræktuðu landi á íslenzkum þjóðjörðum, sér í lagi eyðijörðum, samkvæmt ákveðnum reglum, sem stjórnin sjálf setur um ræktun landsins og auglýsir fyrir fram

Nd. **566. Frumvarp**

til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

Fyrsti kafli.

Verzlanaskrár.

1. gr. Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum,

eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar.

2. gr. Tilkynning til innritunar í verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestar af nótarius.

3. gr. Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

4. gr. Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar.

Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

5. gr. Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.

6. gr. Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og liggur þá undir úrskurð dómstólanna hvort afmá skuli tilkynninguna.

7. gr. Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi nema atvik séu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, né til þess verði ætlazt af þeim.

Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

Annar kafli.

Firmu.

8. gr. Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (*firma*).

9. gr. Firma einstaks manns skal vera fult nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

Firma félags, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp á það.

Firma samlagsfélags skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlags-hluta-félag, ef tiilög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.

Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera.

10. gr. Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gjörð á henni.

Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

11. gr. Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gjört aðra ráðstöfun.

12. gr. Nú gjörist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefir eigi gjört aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

13. gr. Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskifti hafi orðið.

Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan.

14. gr. Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað.

15. gr. Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið

á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni.

16. gr. Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna áður en atvinnurekstur inn byrjar; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útbú) er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útbúið ekki í sama umdæmi, sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má, eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Islandi. Útbú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins; annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

17. gr. Þegar firma eins manns er tilkynt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fult nafn hans og heimili;
2. tegund atvinnunnar; og
3. það bæjar eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.

18. gr. Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. fult nafn og heimili allra félagsmanna;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitar-félag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er; og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað;
4. hver þá hafi rétt til þess, svo og hvort að eins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess.

Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það alment samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþyktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gjörð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra.

19. gr. Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.

4. Upphæð framboðins hlutafjár og skifting þess í hluti og þá hverjum;
5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;
7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum;
8. fult nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

20. gr. Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

21. gr. Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynningu um þetta svo fljótt sem unt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþyktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykt og senda eitt afrit af henni.

Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

Þegar atvinna flytzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðila krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiftaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiftanna.

22. gr. Um leið og firma er tilkynt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána eða viðauka hennar, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynt verið.

23. gr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr. eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera

nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

24. gr. Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

Þriðji kafli.

Prókúra.

25. gr. Ef firma-hafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir hönd umbjóðanda að annast alt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúru-hafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

26. gr. Prókúru má veita fleiri mönnum en einum þannig, að þeir að eins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

27. gr. Umboð prókúru-hafa samkvæmt 25. grein má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

28. gr. Þegar prókúru-hafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöf um, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.

29. gr. Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

30. gr. Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

31. gr. Umbjóðandi getur tilkynt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firma-hafi tilkynti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimilað er í 25. og 26. gr.

Um leið og prókúra er tilkynt, skal prókúru-hafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

32. gr. Sé tilkyntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynt og tekið upp í verzlanaskrána.

Fjórði kafli.

Almenn ákvæði.

33. gr. Við framkvæmd laga þessara skal það athugað er hér segir:

a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzl-

anaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag.

c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

34. gr. Þegar firma-hafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útbú á öðrum stað og stjórn útbúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað, og skoða skrifstofu útbúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

35. gr. Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslu-félög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða banka-störf, miðlunarstörf við veruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög.

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru félög, er samþyktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

36. gr. Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning félags, samkvæmt 16. gr. . . . . kr. 8.00

Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) . . . . . — 4.00

Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. . . . . — 2,00

þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sé hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald.

Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald.

Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast . . . . . kr. 4,00

Fyrir eftirrit af einni tilkynningu . . . . . — 2,00

Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma . . . . . — 0,80

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð.

37. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir:

1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: »takmörkuð ábyrgð« eða »limitað«, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

Nd. **567. Tillaga**

til þingsályktunar um biskupsembættið og forstöðumannsembættið við prestaskólann.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson, Hannes Þorsteinsson, Ólafur Thorlacius, Einar Þórðarson.

Neðri deild alþingis skorar á stjórnina, að veita hvorki biskupsembættið né forstöðumannsembættið við prestaskólann áður en næsta þing er úti, þótt embættin kynnu að losna á þeim tíma.

Nd. **568. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um túngirðingar (þingskj. 551), Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Á eftir »verja« komi: til lánveitinga.
2. Við 1. gr. Fyrir: »og galvaniseraða járnteina« komi: galvaniseraða járnteina og galvaniseraða járnstólpa.
3. Við 2. gr. Fyrir: »fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum« komi: lán úr landssjóði á þann hátt, sem mælt er fyrir í lögum þessum.
4. Við 3. gr. Síðari málsgrein verði fyrri málsgrein.
5. Við 4. gr. Fyrir: »Af kostnaði þeim« komi: Af láni því.
6. Við 4. gr. Fyrir: »gjaldið innheimtist . . . . . og reiknast« komi: Sýslumaður innheimtir gjaldið hjá ábúendum á manntalsþingum og reiknast það
7. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Sýslunefndir nefna til hæfa menn til að skoða girðingastaði um tún í sýslu hverri og mæla lengd þeirra; skulu menn þessir jafnframt gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eiga að liggja og annað, sem að þeim lýtur. Ráði sýslunefnd það af, að láta skoða girðingarstæði á

öllum jörðum sýslunnar í einu, skal þeirri skoðunargjörð lokið fyrir 1. nóvember 1904. Skoðunarmenn skulu gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæðanna og annað það, er að skoðunargjörðinni lýtur. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti 2 samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allur kostnaður við skoðanir þessar og mælingar geiðist úr sýslusjóði.

8. Við 6. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bætist: en efni til þessa getur hann fengið með sömu kjörum og þann $^1/_4$ hluta, er samkvæmt 7. gr. er lagður fram á jörðum einstakra manna.

9. Við 7. gr. Fyrir: »fé úr landssjóði« komi: lán úr landssjóði.

10. Við 7. gr. Fyrir: »landssjóðs eða kirkjueign« komi: landssjóðseign eða kirkjueign.

11. Við 8. gr. Á eftir »hvert ár« komi: á tímabilinu 1905—1909.

12. Við 13. gr. Fyrir: »hvort heldur . . . . . umboðsmenn þeirra« komi: hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir, eða umboðsmenn jarðeigenda.

13. Við 16. gr. Fyrir: »varða sektum . . . . . auk skaðabóta« komi: varða auk skaðabóta 5—50 kr. sektum.

Ed.

569. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 til 3. umr. í e. d.

Frá landshöfðingja.

Við 12. gr. B. 3. Fyrir »61000« komi: 64000 og fyrir »27000« komi: 30000 (innan striks)
— 12. — 4. »norðuramtinu 30000« komi: norðuramtinu 27000 (innan striks) fyrir »73000« komi: 70000.
— 13. — B. VI. a. 4. 1500 (síðara árið) falli burt.
— 13. — — — — 5. fyrir »3000« (síðara árið) komi: 2000.

Ed.

570. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 til 3. umr. í ed. Frá landshöfðingja.

Við 14. gr. B 10 fyrir: »1500—1500« komi: 1200—1200.

Ed.

571. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

I kafli.

Tekjur

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur ogbreytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðaafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum.			
Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.			
Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	37,000	36,000	73,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1904 46,632 kr. 87 a. – —— 1905 46,011 — 18 – 92,644 kr. 05 a.			
Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_2$ 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ...	7,500	7,500	15,000
Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skal helmingur, 3,000 kr., eftirgefinn.			
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	als.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 .... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 1,957,820 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 12,400 kr., til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr., — og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

	1904.	1905.	alls
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1 Laun embættismanna.....	18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl..	4,200	4,200	8,400
3. hin umoðslega endurskoðun:			
a. laun endurskoðanda..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda .. .. 500 —			
c. skrifstofukostnaður..... 300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar..... 1,000 —			
	4,300	4,300	8,600
	26,966 67	27,000	53,966 67

	1904.	1905.	alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	26,966,67	27,000	53,966 67
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			
	1904.	1905.	
a. laun umsjónarmanns	1000 kr.	1000 kr.	
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 —	200 —	
c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e	230 —	230 —	
d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 —	1225 —	
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —	
f. þvottur	30 —	30 —	
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —	
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —	
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —	
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —	
k. ýmisleg útgjöld	150 —	150 —	
		4,415	4,415
4. kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300
5. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.		
b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —		
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —		
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —		
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —		
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —		
g. útgjöld við sáttamál	50 —	5,100	5,100
		88,015	88,015
			176,030
Flutt...			229,996 67

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf.....	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar.....	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum.....	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 234,840 kr. 74 a.:

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun.....	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri.....	800	800	1,600
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.	150	150	300
Fluttar...	73,600	73,600	147,200

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	73,600	73,600	147,200
5. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
7. útgjöld við holdsveikraspítalann:			

	1904. kr. a.	1905. kr. a.
a. laun til starfsmanna	5,265	5,065
b. viðurværi: kr. a.		
1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322		
2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári 3,951.18		
	12,273.18	12,273.18
c. klæðnaður sjúklinga..	800	800
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400
e. eldsneyti.....	3,035	3,035
f. ljósmeti...	475	475
g. viðhald á húsum.....	1,200	1,200
h. húsbúnaður og áhöld.....	800	800
i. þvottur og ræsting...	800	800
Flutt...	26,048.18	25,848.18

	76,900	76,900	153,800

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar...	26,048.18 25.848.18	76,900	76,900	153,800
k.	greftrunarkostnaður .	250 250			
l.	flutningskostnaður ...	30 30			
m.	til að skemta sjúklingum.....	200 200			
n.	hesta- og hænsafóður.....	125 125			
o.	skattar og brunaábyrgðargjald	717.19 717.19			
p.	ýmisleg útgjöld..... .	700 700			
r.	til geymsluhúsgjörðar 1904.....	2,500			
			30,570 37	27,870 37	58,440 74
8.	útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9.	önnur útgjöld:				
a.	styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 kr.			
b.	styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400 —			
c.	styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400 —			
d.	styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði	200 —			
e.	til sama sjúkrahúss fyrra árið ... .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.	2,000 —			
f.	til náms yfirsetukvenna.....	2,000 —			
g.	til verkfæra handa yfirsetukonum.....	400 —			
h.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	1,000 —			
i.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6 nóv.br. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.....	1,000 —			
			7,800	5,800	13,600
10.	til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....		8,000	... .	8,000
		Samtals...	123,770 37	111,070 37	234,840

12. gr.

Til samgöngumála veitast 638,937 kr.:

		1904.	1905.	Alls.
		kr.	kr.	kr
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —	22,300	22,300	
2. póstflutningur		41,000	41,000	
Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
4. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu $1^0/_{00}$ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	63,900	63,900	

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 5,700 kr.	63,900	63,900	
h. óviss gjöld ..... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum..... 100 —			
	6,000	6,000	
5. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum.....	1,000		
6. til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin.....	1,100		
	72,000	69,900	
			141,900
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
	3,500	3,500	7,000
Verkfræðingnum skal undir umsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna.			
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	3,000
3. til flutningabrauta	.....	.....	61,000
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið 27,000			
Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið..... 15,000			
Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls 19,000			
61,000			
4. til þjóðvega	.....	.....	73,000
kr.			
Til vegabóta í Suðuramtinu..... 8,000			
- — - Vesturamtinu 20,000			
- — - Norðuramtinu 30,000			
- — - Austuramtinu 15,000			
73,000			
5. til fjallvega	5,000	5,000	10,000
6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.	4,000	4,000	8,000
Flutt...			303,900

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...			303,900
7. Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að	40,000		
8. Tillag til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu. Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefnds vegar annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi.	1,000	1,000	
9. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
10. Tillag til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,800	2,800	
Gegn því, að jafnmiklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.	44,100	4,100	
			48,200
C.			
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að 13 ferðir verði farnar á öðrum skipum milli Kaupmannahafnar og Færeyja, og að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjaldi því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.....	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	352,100

	1904,	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	352,100
2. til gufubátaferða: kr.			
a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300			
2. til sömu ferða ..... 4,000 að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið..... 10,000			
	17,800	27,800	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. 1. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b. og c. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b. og c.			
	92,800	102,800	195,600
D.			
Til hraðskeytasambands milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi.....	35,000	35,000	70,000
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	617,700

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	400	400	617,700
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200			
2. fyrir olíu	200			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. — steinkol	160			
5. flutningskostnaður	250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300			
7. eftirgjald eftir lóðina	30			
		2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	150			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5. steinkol	100			
6. flutningskostnaður	75			
7. eftirgjald eftir lóðina	16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200			
		4,241	1,041	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	125			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5. steinkol	60			
6. flutningskostnaður	40			
		885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	175			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
5. flutningskostnaður	50			
		855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. til lóðargjalds	10			
3. fyrir olíu	200			
Flutt...	610	9,171	5,971	617,700

	1904.	1905,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 610	9,171	5,971	617,700
4. — lampakveiki o.fl..... 100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 100			
6. fyrir steinkol 100			
7. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....	100	100	
k. Til vita á Skipaskaga:			
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) ...3000			
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....	300	300	
	13,606	7,631	
			21,237
Samtals...	... .	.....	638,937

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 288,116 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun.....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr....	9,500	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum..... .... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið)	120		
5. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
7. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,250		
8. til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að ..... Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem	6,200		
Fluttar...	35,170	27,100	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	35,170	27,100	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
	35,170	27,100	62,270
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b, önnur útgjöld: 1904. kr. 1905. kr.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905 ... 960 1,280			
2. námsstyrkur ... 800 1,000 Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
3. til tímakenslu ... 100 100			
4. til bókakaupa ... 300 300			
5. til eldiviðar og ljósa ... 150 150			
6. til umsjónar ... 100 100			
7. ýmisleg útgjöld ... 300 250			
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að ... 250 250			
	2,960	3,430	
	12,160	12,630	24,790
II. Til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. námsstyrkur ... 1,200 kr. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
2. eldiviður, ljós og ræsting ... 250 —			
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda ... 600 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ... 300 —			
Flutt... 2350 —	3,200	3,200	87,060

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...	2,350 —		3,200	3,200	87,060
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum	1,280 —				
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	200 —				
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að.....	200 —				
8. ýmisleg útgjöld	250 —				
c. Til þess að leigja hús Reykjavíkurspítala handa læknaskólanum			4,280 1,000	4,280 1,000	
			8,480	8,480	
III. Til hins lærða skóla:					16,960
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum	600 kr.				
— fimleikakennaranum	700 --				
— dyraverði	1,100 —				
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.....	200 —				
			2,600	2,600	
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ...	600 kr.	600 kr.			
Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.					
2. til eldiviðar og ljósa ..	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan...	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem auka-kennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur	4,000 —	4,000 —			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 --	100 —			
Flutt...	11,920—	11,020 —	21,800	21,800	104,020

			1904.	1905.	alls
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	104,020
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —	14,148	13.248	
			35,948	35,048	70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	kr. 600	kr. 600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	1,700	1,700	
			8,700	8,700	17,400
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500	500			
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500		3,300	2,800	
			6,500	6,000	12,500
		Flutt...	.....	.....	204,916

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	204,916
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum.....	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga....	1,500	1,500			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að.....	3,000	3,000	9,000	9,000	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000	7,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers			7,000	7,000	
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrk.					
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu..... ...			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík			100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík			400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur.....			800	800	
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.					
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
l. til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað.....			400	300	
m. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja.....			150	150	
			37,150	37,050	74,200
Flutt...			.....	.....	279,116

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	279,116
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík ..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkenslu annarsstaðar. ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi ..... Þar af laun hans á ári 1400 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 800 — = 2200 kr.	2,200	2,200	
	3,200	3,200	6,400
Samtals	.....	.....	288,116

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 373,670 kr.

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til vísinda, bókmenta og lista:			
1. til Landsbókasafnsins: kr.			
a. laun bókavarðar 1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið... 900			
Flutt... 2,700			

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr
Fluttar...	2,700			
c. til að kaupa bækur og handrit.....	5,000			
d. til bókbands	1,000			
e. til samningar spjaldskrár(eftir reikningi)	1,200			
f. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800			
g. til að prenta ritaukaskrár.....	200			
h. til eldiviðar og áhalda m. m.	500			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið.....	360			
		11,760	11,760	
Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.				
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500			
b. til —— Austuramtsins.....	400			
c. til —— Vesturamtsins.....	400			
		1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.				
3. til Landsskjalasafnsins:	1904. kr.	1905. kr.		
a. laun skjalavarðar, er landshöfðingi skipar	1,200	1,200		
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl....	1,000	1,000		
c. til að afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu.....	500	500		
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.....	250	250		
		2,950	2,950	
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík		2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.				
5. til Þjóðvinafélagsins		1,000	750	
Flutt...		19,010	18,760	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr
Fluttar...	19,010	18,760	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar 600 —			
c. til húsnæðis og hita 2,000 —			
	3,600	3,600	
7. til Fornleifafélagsins. Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
8. til Náttufræðisfélagsins. Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	1,000	800	
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið. Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði a síðan eign landsins	800	800	
10. til að vinna að texta-útgáfu a íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
12. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	600	600	
14. til síra Valdimars Briem's	800	800	
15. til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta	1,200		
16. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,200	1,200	
Flutt...	30,210	28,560	

	1904.	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	30,210	28,560	
17. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
18. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
19. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
20. til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo hluti á móts við hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.	600	600	
21. til lúðrafélags Reykjavíkur í eitt skifti fyrir öll ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum	500		
22. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
23. styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, ...	1,200	1,200	
24. styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
25. styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum.....	1,000		
26. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
27. styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
28. til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
29. til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
30. styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	600	600	
31. Til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun, er afhendist landsbókasafninu til afnota fyrir almenning.....	400	400	
32. styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors	800		
33. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðbók, 1. og 2. borgun af 5 ára styrk	500	500	
	41,960	35,410	77,370

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	77,370
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
1904. 1905.			
a. til búnaðarskóla: kr. kr.			
1. til skólans á Hólum..... 2,500 2,500			
2. til skólans á Eiðum..... 2,500 2,500			
3. til skólans á Hvanneyri 2,500 2,500			
4. til skólans í Ólafsdal... 2,500 2,500			
	10,000	10,000	
b. til búnaðarfélags ...	24,000	24,000	
c. til Búnaðarfélags Íslands ...	25,000	27,000	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð.....	2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis ...	2,000		
f. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki ... Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.	4,500		
g. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz.. ...	7,000	6,000	
h. styrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk.....	900	900	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör ...	5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð ... Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.	3,500	3,000	
2. a. laun handa 2 dýralæknum..... ...	2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu ...	500	300	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors....	1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum.....	78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar, alt að ...	1,500		
Flutt...	168,900	98,700	77,370

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	168,900	98,700	77,370
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði	5,700	5,200	
til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að 4000 kr.			
til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári) 1200 — og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar 500 —			
8. til Iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar,	400		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. Til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis . . .	1,500	1,500	
11. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	1,600	1,600	
Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.			
12. styrkur til Dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að	10,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti tvöfalt meira fé til fyrirtækisins en styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.			
	188,700	107,600	296,300
Samtals...	.....	.....	373,670

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til sira Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 289,250 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma drátt-brautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað sem varasjóður þess félags.

Ed

572. Breytingartillögur.

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í efri deild). Frá nefndinni.

Við 12. gr. A. b. 8. Á eftir »að kaupa« komi: og undirbúa hæfilega.

— 13. gr. B. II. c. Orðið »Reykjavíkurspítala« falli burt.

— 13. gr. B. IV. a. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Uppbót til 1. og 2. kennara Möðruvallaskólans, er leiðir af flutningi skólans til Akureyrar, fyrir 9 fyrstu mánuði ársins 1904, 300 krónur til hvors —— fyrra árið 600 kr.

— 14. gr. B. 1. a. 3. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til sama skóla aukastyrkur sökum skemda á kirkjunni —— fyrra árið . . . . 1000 kr.

Nd.

573. Breytingartillaga.

við breytingartillögu á þingskjali 540.

Frá H. Hafstein.

Í stað: »45—55« komi: 45—50.

Nd. **574. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. Frá fiskiveiðanefndinni.

Við 3. gr. Fyrir orðin: »sem hann á er skipinu« komi: sem hann er lögskráður fyrir.

Nd. **575. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verzlanaskrár, firmu og prokúruumboð.

Frá nefndinni.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna »og liggur þá« komi: og liggur það þá.
2. Við 19. gr. 4. Orðin »og þá hverjum« falli burtu.
3. Við 19. gr. 7. Aftan við liðinn bætist: og þá hverjum.
4. Við 21. gr. Í stað orðanna »eitt afrit af henni« síðast í 1. málsgr. komi: afrit af henni.

Nd. **576. Tillaga**

til þingsályktunar um flutningabrautina á Fagradal. Flutningsmenn: Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, Jóh. Jóhannesson. Hermann Jónasson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, hvort ókleift sé, kostnaðarins vegna, að leggja flutningabrautina um Fagradal þannig, að annað afl, en hestaflið knýi fram flutningavagna þá, sem um hana eiga að ganga, og haga brautarlagningunni eftir því.

Ed. **577. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar (þingskjal 572).

Frá landshöfðingja.

Við 13. gr. B. IV. a. Fyrir 9 komi: $4^1/_2$
Fyrir 300 komi: 150
Fyrir 600 komi: 300.

Ed. **578. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905, eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

Frá landshöfðingja.

Við 12. gr. B. 1.: Athugasemdin falli burt.

Ed. **579. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 67,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaiðnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera alt að 45—50 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Ed. **580. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.)

1. gr. Af hverri tunnu hvallýsis skal greiða útflutningsgjald . kr. 1,25

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **581. Frumvarp**

til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði. (Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Í landhelgi við Ísland má eigi nota útlend skip við síldarsöltun eða aðra verkun síldar til útflutnings, né heldur innlend skip, sem eru í samfloti eða tengslum við útlend skip. Eigi má ljá né leigja innlend skip til síldarsöltunar öðrum en þeim, er rétt hafa til veiðiskapar í landhelgi.

2. gr. Nú er innlent skip léð eða leigt til síldarsöltunar eða annarar síldarverkunar í landhelgi, og verður þá eigandi sekur eftir lögum þessum, ef það sannast, að réttur eigandi síldarúthalds þess, er síldarinnar aflaði, hefir eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi.

3. gr. Rétt er að lögreglustjóri skipi eftirlitsmenn, einn eða fleiri við hvern fjörð, þar sem síldveiði er, til þess að hafa umsjón með síldveiðinni, og gæta þess, að fylgt sé fyrirmælum laga þeirra, er að síldarveiðum lúta, og tiltekur hann starfssvæði þeirra. Ef ágreiningur verður um það hvernig fylgja skuli fyrirmælum gildandi laga um síldveiði og upsaveiði með nót, sker eftirlitsmaður úr. Heimilt er þeim, sem eigi vill hlíta úrskurði eftirlitsmanns, að bíða dómsúrskurðar um ágreiningsatriðið, en bæta verður hann kostnað allan og skaða, er af því hlýzt að úrskurðinum er eigi þegar fylgt, et hann reynist lögmætur að lagadómi; skulu öll áhöld síldarútvegs þess manns, er eigi vill úrskurði hlíta, vera að veði fyrir greiðslunni. Mál, sem rísa út af slíkum ágreiningi, skal farið með sem einkalögreglumál, og skal kæra komin til lögreglustjóra eður á skrifstofu hans innan þriggja sólarhringa frá því, er úrskurði eftirlitsmanns er hafnað.

4. gr. Í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn eru skipaðir, skal greiða til launa eftirlitsmönnum 5 aura gjald af hverri tunnu síldar, sem út er flutt, og rennur gjaldið í sérstakan sjóð. Gjald þetta skal innheimt ásamt útflutningsgjaldinu af lögreglustjóra og eftir sömu reglum, og gerir hann fyrir því árlegan reikning, sem sendist landsstjórninni ásamt útflutningsgjaldsreikningnum. Um upphæð borgunar þeirrar, er greiðist hverjum eftirlitsmanni, fer eftir samningi við lögreglustjóra.

5. gr. Af öllum síldarnótum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skal greiða útflutningsgjald, 1 kr. fyrir hvern ferhyrningsfaðm í nótinni. Sérhver sá, sem sendir af stað síldarnót til flutnings frá landinu, er skyldur til að skýra lögreglustjóra frá því, áður nótin er flutt á skip, og afhenda um leið vottorð, gefið upp á æru og samvizku, um stærð nótarinnar. Auk þess er skipstjóri á skipi, sem síldarnót er útflutt með, skyldur til að láta uppi æru og samvizkuvottorð, er sýni, að hann hafi ekki tekið við öðru eða meira af því tagi til flutnings en því, er vottorð útflytjanda greinir.

Rétt er og sýslumanni að láta mæla nótir, er út á að flytja, ef honum virðist ástæða til, og skal greiða kostnaðinn við það úr landssjóði, nema það komi í ljós við mælinguna, að útflytjandi hafi gefið upp minni nót en rétt var, þá skal hann bera kosnaðinn, og auk þess greiða þrefalt útflutningsgjald af nót þeirri, er ranglega var frá skýrt Að öðru leyti fer um innheimtu og reikningsskil á útflutningsgjaldinu á sama hátt og segir í lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

6. gr. Nú vill einhver flytja síldarnætur úr einu lögsagnarumdæmi í annað, og skal hann þá afhenda lögreglustjóra vottorð það, sem um ræðir í 5. gr., og jafnframt afhenda honum til tryggingargeymslu jafna upphæð, og greiða ber í útflutningsgjald. Fyrir greiðslu þessari skal lögreglustjóri fá honum móttökuskilríki, og fær nóteigandi upphæðina aftur borgaða gegn vottorði frá lög-

reglustjóra í því umdæmi, sem nótirnar eru fluttar til, um að þær séu þangða komnar.

7. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum frá 100—3000 kr. Sektirnar renna að hálfu til upplýstrarmanns og að hálfu til landssjóðs.

Ed. **582. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir, fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1. Skáldalæk í Eyjafjarðarsýslu . . . . . Kr. 2200 00
2. Ytra-Garðshorn í sömu sýslu . . . . . — 2200 00
3. Kirkjubæjarklaustur í Vestur-Skaptafellssýslu . . — 4500 00

2. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi getur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fé.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1905.

Ed. **583. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905, til 3. umræðu í efri deild.

Frá nefndinni.

Við 13. gr. B. VI. a. 4. Fyrir »1,500« (síðara árið) komi: 900.
Við 13. gr. B. VI. a. 5. Fyrir »3000« (síðara árið) komi: 2400.

Nd. **584. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum.

Tillaga þessi er komin frá h. efri deild, og er hinni fyrirhuguðu milliþinganefnd ætlað að taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og koma fram með ákveðnar tillögur um meira sjálfstæði og meiri sjálfstjórn fyrir kirkjuna og enda taka fyrir sjálft grundvallaratriðið, um aðskilnað ríkis og kirkju, en svo í annan stað og sam-

hliða þessu íhuga og gera tillögur um hagfeldari skipun prestakalla og nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta.

Oss nefndarmönnum getur eigi dulist, að þessi tvö meginatriði í tillögunni eru mjög svo sundurleit og horfa til tveggja skauta. Eigi að því ráði að hverfa að veita kirkjunni verulega sjálfstjórn í sínum eigin málum, innan þeirra takmarka, sem alþingi setur — en það getum vér hugsað oss gjörlegt án algjörðs skilnaðar og stjórnarskrárbreytingar —, þá er það fjarstæða, að ætla þinginu í sömu andránni að smíða lög um skipun prestakalla og launakjör presta. Löggjafarvaldið mundi þá gera upp fjárhagslega, hvað kirkjunni ber, og liti þar að vonum bæði á réttarkröfur kirkjunnar, helgaðar af sögu landsins, og eigi síður á hitt, að kirkjan er og verður þýðingarmesti félagsskapurinn við hlið þjóðfélagsins, og þá yrði það kirkjan sjálf, sem á sínu eigin þingi gerði nýja skipun sinna mála, og bætti kjör starfsmanna sinna að því, er hún hefði föngin til. Verð aftur á móti hin leiðin farin, að alþingi setji og semji skipun þessara mála, og skipi starfsmönnum kirkjunnar á bekk með öðrum embættismönnum, þá er hert enn frekar að þjóðkirkjuböndunum og sjálfsstjórnin og sjálfstæðið orðið nafnið eitt.

Báðar stefnurnar eru í hugum manna, en hitt mun mörgum miður ljóst, að sín fer í hvora áttina, og að þær eru með engu móti samrýmanlegar. Hér á þingi er hvorki tími til þess né réttur staður til að gera upp á milli þeirra; það verður að hugsa þær og ræða á málþingum kirkjunnar sjálfrar, og það sem fyrst og rækilegast, því að um það munu allir sammála, að kirkjumál vor eru í óefni komin og þurfa bráðra umbóta við. Það er sama hvor leiðin sem farin er, að til lagasetningar þingsins verður að koma, og þingsályktunartillaga e. d. mun eiga að hrinda áfram þessu nauðsynjamáli þjóðarinnar, og er það að vorum dómi vel ráðið.

Þessi almenni skoðanamunur á kirkjumálinu hefir þannig berlega komið fram í þessum 4 liðum tillögunnar, og eigi hafa síður verið skiftar skoðanir í þessu efni hjá nefndinni, sem málið hefir fengið til meðferðar í neðri deild. En einmitt þetta, hvað skiftar eru skoðanir í þessu þýðingarmikla máli, gjörir það að verkum, að nefndin getur fallizt á að allir liðirnir, þótt sundurleitir séu, verði teknir til íhugunar. Því að kirkjumálið þarf að íhugast í heild sinni frá báðum hliðunum.

Aftur á móti getur meiri hluti nefndarinnar eigi fylgzt með h. e. d. í því, að nauðsyn sé að setja milliþinganefnd til að undirbúa þetta mál fyrir löggjafarvaldið, heldur hallast meiri hlutinn að þeirri skoðun, sem þegar hefir verið látin uppi í deildinni af fjárlaganefndinni, í einu prestakallamálinu, að það verði að vera hlutverk hinnar nýju stjórnar að rannsaka og undirbúa kirkjumálið sem rækilegast fyrir næsta þing.

Minni hlutinn kannast við, að sé eigi um frekara að ræða en hagfeldari skipun prestakalla og bætt launakjör presta, þá séu nóg gögn fyrir hendi til þess hér á skrifstofunum, og eigi ofætlun fyrir hina nýju stjórn að gjöra tillögur um það, en eigi samhliða að gefa löggjafarvaldinu kost á að geta með fullum gögnum og röksemdum valið um hina leiðina, sjálfstæði og sjálfstjórn kirkjunnar, þá sé það svo umfangsmikið vandamál, að eigi veiti af milliþinganefnd, þar sem treysta megi því, að kirkjan hafi sína fulltrúa, sem skoði málið sem rækilegast frá báðum hliðum.

Allir erum vér samdóma um það, að bæta þurfi launakjör presta, hvor leiðin sem farin verður, og það verði aðallega með því að fækka prestum að mun, líkt og átti sér stað, er prestakallalögin voru samin. Það er fyrirsjáanlegt, að prestaekla fer að verða

í landinu, og viljum vér gefa landsstjórninni þá bending, og þykjumst þar geta flutt samhuga óskir þingdeildarinnar, að eigi skuli um sinn veitt þau hin minni prestaköll, sem hægt er að þjóna frá nágrannaprestakalli eða prestaköllum, og einhver vegur er til að sameina síðar.

Samkvæmt framanskrifuðu leggur nefndin til, að inngangsorðum tillögunnar: »Alþingi ályktar . . . ákveðnar tillögur um« verði breytt þannig:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að safna öllum nauðsynlegum skýrslum, er snerta hag kirkjunnar og taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og koma fram með ákveðnar tillögur um:

Alþingi 20. ágúst 1903.

Magnús Andrésson, formaður. Með fyrirvara.	Þórh. Bjarnarson, skrifari. Með fyrirvara.	Guðl. Guðmundsson. framsögum.
Lárus H. Bjarnason.		Stefán Stefánsson.

Ed. **585. Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um fólksinnflutninga til Íslands.

Nefndin hefir athugað breytingar þær, sem h. Nd. hefir gert á frumv. þessu, sem fólgnar eru í því, að 3. gr. hefir verið feld burt og þremur orðum (»um ræktun landsins«) bætt inn í 2. gr. Þar sem breytingarnar fara í þá átt, að gefa stjórninni sem frjálsastar hendur, að því er snertir skilyrði fyrir því, að innflytjendur geti fengið óræktað land til eignar og umráða, þá getum vér eftir atvikum fallist á þær og ráðum því hinni h. Ed. til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi 20. ágúst 1903.

J. Havsteen, formaður.	Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögum.
Guttormur Vigfússon.	

Nd.

586. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

I kafli.

Tekjur

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur ogbreytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðaafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum.			
Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.			
Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	37,000	36,000	73,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1904 46,632 kr. 87 a. – —— 1905 46,011 — 18 – 92,644 kr. 05 a.			
Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_2$ 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ...	7,500	7,500	15,000
Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skal helmingur, 3,000 kr., eftirgefinn.			
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	als.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ..... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 1,957,920 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 12,400 kr., til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr., — og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

		1904.	1905.	alls
A.		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1 Laun embættismanna		18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,200	4,200	8,400
3. hin umoðslega endurskoðun:				
a. laun endurskoðanda	2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —			
c. skrifstofukostnaður	300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar	1,000 —			
		4,300	4,300	8,600
		26,966 67	27,000	53,966 67

		1904.	1905.	alls
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar	26,966,67	27,000	53,966 67
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
	b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins í Reykjavík:			
		1904. 1905.		
	a. laun umsjónarmanns	1000 kr. 1000 kr.		
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 — 200 —		
	c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 — 230 —		
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 — 1225 —		
	e. til eldiviðar og ljósa	520 — 520 —		
	f. þvottur	30 — 30 —		
	g. til þess að útvega verkefni	500 — 500 —		
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 — 400 —		
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —		
	j. þóknun handa lækni	60 — 60 —		
	k. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —		
			4,415	4,415
4.	kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300
5.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.		
	b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —		
	c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —		
	d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —		
	g. útgjöld við sáttamál	50 —	5,100	5,100
			88,015	88,015
				176,030
	Flutt...			229,996 67

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	.....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 234,840 kr. 74 a.:

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. fyrir 2 læknisferðir á ári til Örœfinga ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.	150	150	300
Fluttar...	73,600	73,600	147,200

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	73,600	73,600	147,200
5. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000

7. útgjöld við holdsveikraspítalann:

	1904. kr. a.	1905. kr. a.
a. laun til starfsmanna	5,265	5,065
b. viðurværi: kr. a.		
1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322		
2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári 3,951.18		
	12,273.18	12,273.18
c. klæðnaður sjúklinga..	800	800
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400
e. eldsneyti.....	3,035	3,035
f. ljósmeti...	475	475
g. viðhald á húsum.....	1,200	1,200
h. húsbúnaður og áhöld.....	800	800
i. þvottur og ræsting...	800	800
Flutt...	26,048.18	25,848.18

	76,900	76,900	153,800

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar...	26,048.18 25.848.18	76,900	76,900	153,800
k.	greftrunarkostnaður .	250 250			
l.	flutningskostnaður ...	30 30			
m.	til að skemta sjúklingum.....	200 200			
n.	hesta- og hænsafóður.....	125 125			
o.	skattar og brunaábyrgðargjald	717.19 717.19			
p.	ýmisleg útgjöld.....	700 700			
r.	til geymsluhúsgjörðar 1904.....	2,500			
			30,570 37	27,870 37	58,440 74
8.	útgjöld við bólusetningar		500	500	1,000
9	önnur útgjöld:				
a.	styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 kr.			
b.	styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400 —			
c.	styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400 —			
d.	styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði	200 —			
e.	til sama sjúkrahúss fyrra árið ... .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.	2,000 —			
f.	til náms yfirsetukvenna.....	2,000 —			
g.	til verkfæra handa yfirsetukonum.....	400 —			
h.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	1,000 —			
i.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6 nóv.br. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.....	1,000 —			
			7,800	5,800	13,600
10.	til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....		8,000	.....	8,000
		Samtals...	123,770 37	111,070 37	234,840

12. gr.

Til samgöngumála veitast 638,937 kr.:

		1904.	1905.	Alls
		kr.	kr.	kr
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík.....	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —			
		22,300	22,300	
2. póstflutningur ..... Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram		41,000	41,000	
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
4. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda.....	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	63,900	63,900	

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt... 5,700 kr.	63,900	63,900	
h.	óviss gjöld ..... 200 —			
i.	til viðhalds húsi og áhöldum ..... 100 —			
		6,000	6,000	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	1,000		
6.	til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin	1,100		
		72,000	69,900	
				141,900
	B.			
	Til vegabóta:			
1.	til verkfræðings landsins: kr.			
	a. laun 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
		3,500	3.500	7,000
2.	til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	3,000
3.	til flutningabrauta	.....	.....	64,000
	Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið 30,000			
	Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið 15,000			
	Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls 19,000			
	64,000			
4.	til þjóðvega	.....	.....	70,000
	kr.			
	Til vegabóta í Suðuramtinu 8,000			
	- — - Vesturamtinu 20,000			
	- — - Norðuramtinu 27,000			
	- — - Austuramtinu 15,000			
	70,000			
5.	til fjallvega	5,000	5,000	10,000
6.	til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.	4,000	4,000	8,000
	Flutt...			303,900

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...			303,900
7. Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að	40,000		
8. Tillag til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu. Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefnds vegar annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi.	1,000	1,000	
9. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
10. Tillag til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,800	2,800	
Gegn því, að jafnmiklu fé verði varið til vegarins annarsstaðar frá.	44,100	4,100	
			48,200
C.			
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að 13 ferðir verði farnar á öðrum skipum milli Kaupmannahafnar og Færeyja, og að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.....	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	352,100

	1904,	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	352,100
2. til gufubátaferða: kr.			
a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300			
2. til sömu ferða ..... 4,000 að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið 10,000			
	17,800	27,800	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. 1. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b. og c. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b. og c.			
	92,800	102,800	195,600
D.			
Til hraðskeytasambands milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi.....	35,000	35,000	70,000
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	617,700

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	400	400	617,700
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200			
2. fyrir olíu	200			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. — steinkol	160			
5. flutningskostnaður	250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300			
7. eftirgjald eftir lóðina	30			
		2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	150			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5. steinkol	100			
6. flutningskostnaður	75			
7. eftirgjald eftir lóðina	16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200			
		4,241	1,041	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	125			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5. steinkol	60			
6. flutningskostnaður	40			
		885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	175			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
5. flutningskostnaður	50			
		855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. til lóðargjalds	10			
3. fyrir olíu	200			
	Flutt... 610	9,171	5,971	617,700

	1904.	1905,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 610	9,171	5,971	617,700
4. — lampakveiki o.fl..... 100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 100			
6. fyrir steinkol 100			
7. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....	100	100	
k. Til vita á Skipaskaga:			
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) ...3000			
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....	300	300	
	13,606	7,631	
			21,237
Samtals...	... .	.....	638,937

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 287,216 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun.....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,500	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum..... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið)	120		
5. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
7. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,250		
8. til að kaupa lóð og undirbúa hæfilega til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að .... Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem	6,200		
Fluttar...	35,170	27,100	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	35,170	27,100	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
	35,170	27,100	
			62,270
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b, önnur útgjöld: 1904. kr. 1905. kr.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905 ..... 960 1,280			
2. námsstyrkur ..... 800 1,000 Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
3. til tímakenslu 100 100			
4. til bókakaupa 300 300			
5. til eldiviðar og ljósa 150 150			
6. til umsjónar 100 100			
7. ýmisleg útgjöld 300 250			
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að 250 250			
	2,960	3,430	
	12,160	12,630	
			24,790
II. Til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. námsstyrkur ..... 1,200 kr. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
2. eldiviður, ljós og ræsting ..... 250 —			
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda ..... 600 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum .... 300 —			
Flutt... 2350 —	3,200	3,200	87,060

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...		2,350 —	3,200	3,200	87,060
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að		200 —			
8. ýmisleg útgjöld		250 —			
c. Til þess að leigja hús handa læknaskólanum			4,280 1,000	4,280 1,000	
			8,480	8,480	
III. Til hins lærða skóla:					16,960
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —			
			2,600	2,600	
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ... Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa...	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan...	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur ..... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
Flutt...	11,920—	11,020 —	21,800	21,800	104,020

			1904.	1905.	alls
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	104,020
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —	14,148	13.248	
			35,948	35,048	70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			7,000	7,000	
b. uppbót til 1. og 2. kennara Möðruvallaskólans, er leiðir af flutningi skólans til Akureyrar, fyrir $4^1/_2$ fyrstu mánuði ársins 1904, 150 kr. til hvors			300		
c. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
	kr.	kr.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	1,700	1,700	
			9,000	8,700	17,700
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500	500			
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500		3,300	2,800	
			6,500	6,000	12,500
		Flutt...	.....	.....	205,216

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	205,216
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga	1,500	900			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að	3,000	2,400			
			9,000	7,800	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000	7,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers			7,000	7,000	
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrk.					
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík			100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík			400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur			800	800	
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.					
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
l. til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað			400	300	
m. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja			150	150	
			37,150	35,850	73,000
Flutt...			.....	.....	278,216

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	278,216
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. til sundkensln annarsstaðar.	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi	2,200	2,200	
Þar af laun hans á ári 1400 kr.			
Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 800 — = 2200 kr.			
	3,200	3,200	6,400
Samtals	.....	.....	287,216

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 374,670 kr.

		1904	1905	alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til vísinda, bókmenta og lista:				
1. til Landsbókasafnsins:	kr.			
a. laun bókavarðar	1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið...	900			
Flutt...	2,700			

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr
Fluttar...	2,700			
c. til að kaupa bækur og handrit.....	5,000			
d. til bókbands	1,000			
e. til samningar spjaldskrár(eftir reikningi)	1,200			
f. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800			
g. til að prenta ritaukaskrár.....	200			
h. til eldiviðar og áhalda m. m.	500			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið.....	360			
		11,760	11,760	
Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.				
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500			
b. til —— Austuramtsins.....	400			
c. til —— Vesturamtsins.....	400			
		1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.				
3. til Landsskjalasafnsins:	1904. kr.	1905. kr.		
a. laun skjalavarðar, er landshöfðingi skipar	1,200	1,200		
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl....	1,000	1,000		
e. til að afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu.....	500	500		
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.....	250	250		
		2,950	2,950	
4. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík ..... 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.		2,000	2,000	
5. til Þjóðvinafélagsins.....		1,000	750	
Flutt...		19,010	18,760	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr
Fluttar...	19,010	18,760	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita ..... 2,000 —			
	3,600	3,600	
7. til Fornleifafélagsins ..... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
8. til Náttufræðisfélagsins ..... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	1,000	800	
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið ..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins	800	800	
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300	300	
12. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	600	600	
14. til síra Valdimars Briem's	800	800	
15. til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta	1,200		
16 til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,200	1,200	
Flutt...	30,210	28,560	

	1904.	1905	alls
	kr.	kr.	kr
Fluttar...	30,210	28,560	
17. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
18. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
19. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
20. til leikfélags Reykjavíkur, alt að .... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo hluti á móts við hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.	600	600	
21. til lúðrafélags Reykjavíkur í eitt skifti fyrir öll ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum	500		
22. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
23. styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, ...	1,200	1,200	
24. styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
25. styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum.....	1,000		
26. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
27. styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
28. til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
29. til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
30. styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	600	600	
31. Til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun, er afhendist landsbókasafninu til afnota fyrir almenning...	400	400	
32. styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors	800		
33. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðbók, 1. og 2. borgunaf 5 ára styrk	500	500	
	41,960	35,410	77,370

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	....	.....	77,370
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
	1904.	1905.	
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.	
1. til skólans á Hólum.....	2,500	2,500	
2. til skólans á Eiðum.....	2,500	2,500	
3. til skólans á Hvanneyri	2,500	2,500	
4. til sama skóla aukastyrkur sökum skemda á kirkjunni	1,000		
5. til skólans í Ólafsdal...	2,500	2,500	
	11,000	10,000	
b. til búnaðarfélaga	24,000	24,000	
c. til Búnaðarfélags Íslands	25,000	27,000	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð... ...	2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis	2,000		
f. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki .... Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.	4,500		
g. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz..	7,000	6,000	
h. styrkur til þriggja manna til að stunda skógræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk.....	900	900	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör	5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð .... Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.	3,500	3,000	
2. a. laun handa 2 dýralæknum.....	2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	500	300	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors....	1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum.....	78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar, alt að	1,500		
Flutt...	169,900	98,700	77,370

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	169,900	98,700	77,370
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði	5,700	5,200	
til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að 4000 kr.			
til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári) 1200 — og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar 500 —			
8. til Iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar,	400		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. Til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis . . .	1,500	1,500	
11. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	1,600	1,600	
Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.			
12. styrkur til Dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að	10,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti tvöfalt meira fé til fyrirtækisins en styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.			
	189,700	107,600	297,300
Samtals...			374,670

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 289,350 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað sem varasjóður þess félags.

Nd. **587. Tillaga**

til þingsályktunar um verzlunarmál og siglingar. Flutningsmenn: Jóh. Jóhannesson, Stefán Stefánsson, Pétur Jónsson, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Árni Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka verzlunarmál landsins til rækilegrar íhugunar, sérstaklega hversu afnema megi eða takmarka sem mest skuldaverzlun þá, sem nú á sér stað, endurskoða og safna í einn bálk lagaákvæðum um siglingar og verzlun, og koma fram með tillögur sínar svo fljótt sem auðið er, og ekki síðar en fyrir alþingi 1907.

Nd. **588. Tillaga**

til þingsályktunar um innbyrðis brunabótafélög.

Flutningsmenn: Ólafur Briem, Stefán Stefánsson, Þórh. Bjarnarson

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir allar sveitarstjórnir þá spurningu, hvort sveitarfélagið eitt sér, eða í sambandi við eitt eða fleiri nálæg sveitarfélög, mundi vilja stofna hjá sér innbyrðis brunabótafélag undir sinni eigin stjórn, en með væntanlegri endurábyrgð að einhverju leyti í sameiginlegu brunabótafélagi, er væri landsstofnun.

Ed. **589. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Undirskrifuð nefnd, sem áður hefir haft til meðferðar greint frumvarp, hefir tekið til íhugunar breytingu þá, er háttvirt neðri deild hefir gert á því, en vér höfum eigi getað orðið á eitt sáttir um það, því minni hlutinn (G. V.) vill aðhyllast frumvarpið eins og það liggur fyrir, en meiri hlutinn (G. G. og E. Br.) álítur eigi fært að fara lengra en að tvöfalda útflutningsgjald það, sem nú er á hvallýsi, auk þess sem á þessu þingi hafa verið samþykt lög um tekjuskatt af atvinnu þeirri, er hér ræðir um.

Samkvæmt þessu leyfir meiri hluti nefndarinnar sér að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu:

Við 1. gr. að í stað: »kr. 1,25« komi: kr. 1,00.

Efri deild alþingis 21. ágúst 1903.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Eiríkur Briem, skrifari og framsögumaður.

Guttormur Vigfússon, með fyrirvara.

Nd. **590. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ófriðun á sel.

Vér, sem hin háttv. neðri deild Alþingis kaus í nefnd til þess að íhuga »Frumvarp til laga um ófriðun á sel«, leyfum oss hér með að láta uppi álit vort frumvarpi þessu viðvíkjandi. Nefndin er á einu máli um það, að aðalstefna frumvarpsins gangi í rétta átt, því samkvæmt einróma áliti þeirra manna, er bezta þekkingu hafa á þeim áhrifum, sem selurinn hefir á laxveiði hér á landi, verður hann að skoðast sem nokkurskonar vargur í véum, er hafi spilt og spilli sífeldlega bæði beinlínis og óbeinlínis, á meðan ótakmörkuð friðhelgi hans varir í látrum og við þau, laxveiðinni meir eða minna og sumar tegundir hans fiskiveiðunum yfir höfuð. Og frá því sjónarmiði skoðað ætti hann að vera, sem önnur rándýr, rétt dræpur, hvar sem væri.

En með 15. gr. tilskipunar 20. júní 1849 hafa selveiðendur hér á landi öðlazt sérstakan rétt til friðhelgi fyrir sel á þeim slóðum, er selalátur hafa verið eða geta verið að áliti skynsamra manna og óvilhallra. Og þetta ákvæði nefndrar tilskipunar hefir svo ennfremur verið skerpt á vissu svæði með lögum 16. des. 1885. Nefndin getur nú að vísu ekki verið þeirrar skoðunar, að löggjafarvaldið sé skyldugt til að halda uppi þessari sérstöku friðun um aldur og æfi, heldur geti það, eins og það hefir veitt réttinn til hennar, einnig numið hann úr gildi, ef svo álízt, að hann sé öðrum arðsamari atvinnuvegum landsmanna til hindrunar.

En þar sem hér er um meir en hálfrar aldar rétt að ræða, sem selveiðendur hafa notið, þá álítur nefndin, að hér verði hollast og heillavænlegast að beita allri varkárni og sannsýni við afnám svo gamals réttar. Og þess vegna getur nefndin eigi ráðið hinni háttv. deild til að samþykkja umrætt frumvarp að þessu sinni, heldur vill hún leggja til að deildin samþykki í þess stað svo hljóðandi

ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. að útvega álit sýslunefnda, hverrar fyrir sína sýslu, um það, hvort ástæða sé til að ófriða látursel vegna laxveiði, og ef svo er, hve mikinn skaða sellátraeigendur — hver fyrir sig — mundu bíða við það árlega.

2. að leggja fyrir alþingi 1905 skýrslur þær, er þannig fengjust, og, ef ástæða þykir til, að leggja fyrir það þing frumvarp til laga um eyðing eða ófriðun á sel.

Alþingi 19. ágúst 1903.

Jón Magnússon formaður. Eggert Pálsson skrifari og framsögum. Hannes Þorsteinsson.

Herm. Jónasson. Ólafur Ólafsson.

Nd. **591. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Birni Bjarnarson.

13. B. VIII. 2. Fyrir »800 kr.« komi: 1000 kr.

Nd. **592. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 til einnar umræðu í neðri deild.

Frá Eggert Pálssyni og Magnúsi Stephensen.

Við 4. gr. 2, athugasemdina: »skal helmingurinn, 3000 kr., eftirgefinn« breytist í: skulu tveir þriðju partar, 4000 kr., eftirgefnir.

Athugasemdin færist upp um 1. lið.

Nd. **593. Frumvarp**

til laga um landsdóm. (Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík.

2. gr. Landsdómurinn rannsakar og dæmir mál þau, er alþingi lætur höfðu á hendur ráðherranum, út af embættisrekstri hans eða á móti landritaranum, út af embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð.

3. gr. Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins. Að öðru leyti er dómurinn skipaður þar til kjörnum mönnum. Kosningum í dóminn skal í fyrsta skifti hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn í landinu kýs svo marga innanhéraðs og innanbæjarmenn, sem hér segir:

Sýslunefndin í	Vesturskaftafellssýslu	kýs	2
——— -	Rangárvallasýslu	—	4
——— -	Vestmanneyjasýslu	—	1
——— -	Arnessýslu	—	6
——— -	Gullbr. og Kjósarsýslu	—	4
——— -	Borgarfjarðarsýslu	—	2
——— -	Mýrasýslu	—	2
——— -	Snæfellsness og Hnappadalssýslu	—	3
——— -	Dalasýslu	—	2
——— -	Austur-Barðastrandarsýslu	—	1
——— -	Vestur-	—	2
——— -	Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	2
——— -	Norður-	—	3
——— -	Strandasýslu	—	2
——— -	Húnavatnssýslu	—	4
——— -	Skagafjarðarsýslu	—	4
——— -	Eyjafjarðarsýslu	—	4
——— -	Suður-Þingeyjarsýslu	—	4
——— -	Norður-	—	1
——— -	Norður-Múlasýslu	—	3
——— -	Suður-	—	4
——— -	Austurskaftafellssýslu	—	1
Bæjarstjórnin -	Reykjavík	—	6
——— á	Ísafirði	—	2
——— -	Akureyri	—	2
——— -	Seyðisfirði	—	1
	Af þessum samtals		72

mönnum nefnir hvert hinna fjögurra amtsráða 3 úr tölu þeirra, er sýslunefndir amtsins og kaupstaður hafa kosið; síðan nefnir alþingi á fyrsta sameinaða fundi sínum aðra 12 menn frá, og verða þá eftir 4 tylftir. Þá lætur forseti sameinaðs þings taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum er eftir verða og eiga þeir setu í landsdóminum, þó þannig, að sóknari ryður 3 úr dómi, en ákærði 9, svo að aldrei dæmi meira en ein tylft auk forseta. Hinir 24 skulu vera til vara, til þess að ganga í dóminn, ef einhver aðaldómendanna deyr, missir kjörgengi eða forfallast á annan löglegan hátt.

Dómurinn kýs sér skrifara úr sínum flokki.

4. gr. Enginn getur orðið fyrir kjöri í landsdóminn, sem:

a, er yngri en 40 ára eða eldri en 60 ára;

b, á sæti á alþingi;

e, hefir verið dæmdur fyrir verknað, sem er svívirðilegur að almenningsáliti;

d, hefir mist fjárráð;

e, hefir þegið af sveit og eigi annaðhvort endurgoldið styrkinn eða fengið eftirgjöf á honum

f, er öðrum háður sem hjú;

g, er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;

h, á heima í öðru landi.

5. gr. Nú á forstjóri landsyfirdómsins sæti á alþingi, og gengur þá 1. yfirdómari í hans stað. Sé svo og ástatt um 1. yfirdómara, gengur 2 yfirdómari í hans stað. Eigi allir dómarar landsyfirdómsins sæti á alþingi, kýs dómurinn sér forseta úr sínum flokki og gengst forseti landsyfirdómsins fyrir kosningunni. Síðan tekur hinn kosni forseti með hlutkesti einn úr varamönnunum í sinn stað.

6. gr. Nú deyr einhver hinna kosnu dómenda, missir kjörgengi eða forfallast á annan hátt, þannig, að hann getur ekki setið í dómnum lengur, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnunum og úr gengu, og eiga þeir eftir það sæti í dómnum sem dómendur. Forfallist dómandi eftir að dómur er ruddur eða verði að víkja úr sæti eftir almennum reglum, tekur forseti helmingi fleiri úr varamönnunum en úr gengu, enda ryður þá ákærði helmingnum af þeim, sem teknir voru.— Hlutkesti skal jafnan fara fram í viðurvist að minsta kosti þriggja af dómendum landsdómsins.

7. gr. Dómendur skipa dóminn meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvert ár, þannig, að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhéraðs og innanbæjarmenn, og nefnir hvert amtsráð síðan 3 úr tölu þeirra, er kosnir voru í amtinu, og alþingi að því búnu aðra 12 úr tölu þeirra, er eftir verða. Loks tekur forseti dómsins varamennina, 24 að tölu, með hlutkesti úr þeim 4 tylftum, er eftir verða er alþingi hefir nefnt 12 frá.

8. gr. Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum, og endurgjald fyrir ferðakostnað eftir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði.

9. gr. Ákvörðun alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gjörð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt útnefnir þingið mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara ef hinn kynni að forfallast.

10. gr. Sóknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktunina í frumriti og staðfestu eftirriti. Forseti sendir ákærða eftirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn, enda ryðji ákærði dóminn tafarlaust. Gjöri ákærði það ekki, tekur forseti með hlutkesti jafnmarga úr dóminum og ákærði mátti ryðja. Síðan kallar forseti dómendur saman með hæfilegum fresti, þó eigi lengri en 3 mánaða, og gefur jafnframt út stefnu á hendur ákærða með sama fresti, en sóknari lætur birta ákærða stefnuna. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar.

Loks skipar forseti ákærða verjanda, og skal taka til þess mann, sem á heima á Íslandi. Rétt er að ákærði tilnefni manninn, ef hann vill.

11. gr. Sókn og vörn fer fram munnlega og í heyranda hljóði.

12. gr. Dómurinn á ekki þátt í því, að leiða vitni eða leita upplýsinga um kæruatriðin á annan hátt. Það er skylda sóknarans að leita allra sannana, þar á meðal útskriftar úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, og svaramanns að færa fram alt það, er sýkna má ákærða eða mýkja málstað hans, enda er ákærða frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærða, foreldrar hans og tengdaforeldrar og fjarskyldari eða fjartengdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskyldari beint niður á við, systkyn og jafntengdar persónur verða ekki krafðar vitnisburðar um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaleiðslu.

13. gr. Sé hætt við því, að ákærði hyggi á undankomu, getur dómurinn úrskurðað honum gæzluvarðhald, en ekki má skerða frelsi ákærða frekar en brýn nauðsyn krefur.

14. gr. Þurfi að leita upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, tilnefnir dómurinn annaðhvort sérstakan dómara eða dómnefnd til þess, eða felur einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að standa fyrir vitnaleiðslunni. Jafnframt getur forseti sett menn í stað sækjanda og verjanda, hafi þeir eigi tilnefnt sér umboðsmenn. Þegar svo á stendur sem hér er gert ráð fyrir, fer flutningur og meðferð málsins fram skriflega, enda löggildi forseti bók í því skyni.

15. gr. Dómurinn fellir niður málið, ef sóknari heldur því ekki viðstöðulaust áfram. Dragi svaramaður ákærða eða ákærði málið um skör fram, setur dómurinn þeim hæfilegan frest. Noti þeir ekki frestinn sem skyldi, tekur dómurinn málið upp til dóms. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um meðferð einkamála.

16. gr. Dómur í málinu skal ganga innan 3 sólarhringa frá því að sókn og vörn var úti, enda sé svaramanni og ákærða gefinn kostur á að tala síðast.

Ákærða verður ekki gerð refsing né heldur verða skaðabætur lagðar á hann nema $^2/_3$ dómenda séu á eitt sáttir, enda séu að minsta kosti 9 af dómendunum viðstaddir og taki þátt í dómnum.

Í dómnum skal ákveða sóknara og svaramanni ríflega þóknun fyrir málfærsluna. Þóknun svaramanns má eigi vera minni en sóknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eftir almennum reglum.

Dómurinn skal vera bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á vanalegan hátt.

Ed.

594. Frumvarp

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum. (Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Það skal eftirleiðis vera skylda að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er fiskiveiðar stunda á þilskipum hér við land, á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, er til fiskiveiða ganga, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar og skal hann svo fljótt sem unt er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr. Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 15 aurum fyrir hverja viku vetrarvertíðar, sem hann er lögskráður fyrir, og 10 aura fyrir hverja viku vorvertíðar og sumarvertíðar, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína, gegn endurgjaldi af hlut þeirra eða kaupi, en auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins helming á móts við gjald skipverjanna allra, og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram, og má taka það lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjald-

inu í vátryggingarsjóð fyrir lok septembermánaðar ár hvert að frádregnum 2% innheimtulaunum.

4. gr. Vátryggingarfélaginu skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Landstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landstjórnin mann til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr. Nú drukknar sjómaður eða deyr af slysförum á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir, samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

Séu engir slíkir vandamenn til, greiðist árgjaldið þeim, sem maðurinn hefir ákveðið fyrir skráningarstjóra eða í lögmætri erfðaskrá, að þess skuli njóta, en hafi hann enga ákvörðun gjört í þessu tilliti, eignast vátryggingarsjóður upphæðina

6. gr. Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrökkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15,000 kr.

7. gr. Þá er nefnd sú, er 4. gr. ræðir um, er skipuð, ákveður landsstjórnin með reglugjörð, er samin skal að fengnum tillögum nefndarinnar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

Ed.

595. Frumvarp

til laga um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Fyrsti kafli.

Verzlanaskrár.

1. gr. Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar.

2. gr. Tilkynning til innritunar í verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestar af nótaríus.

3. gr. Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning

vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

4. gr. Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar.

Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

5. gr. Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.

6. gr. Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og liggur það þá undir úrskurð dómstólanna hvort afmá skuli tilkynninguna.

7. gr. Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi nema atvik séu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, né til þess verði ætlazt af þeim.

Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

Annar kafli.

Firmu.

8. gr. Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (*firma*).

9. gr. Firma einstaks manns skal vera fult nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

Firma félags, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp á það.

Firma samlagsfélags skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlags-hluta-félag, ef tiilög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.

Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera.

10. gr. Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gjörð á henni.

Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

11. gr. Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gjört aðra ráðstöfun.

12. gr. Nú gjörist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefir eigi gjört aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

13. gr. Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskifti hafi orðið.

Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan.

14. gr. Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað.

15. gr. Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni.

16. gr. Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna áður en atvinnurekstur inn byrjar; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útbú) er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útbúið ekki í sama umdæmi, sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má, eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Útbú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir til-

kynningarskyldan á stjórn félagsins; annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

17. gr. Þegar firma eins manns er tilkynt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fult nafn hans og heimili;
2. tegund atvinnunnar; og
3. það bæjar eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.

18. gr. Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. fult nafn og heimili allra félagsmanna;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitar-félag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er; og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað:
4. hver þá hafi rétt til þess, svo og hvort að eins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess.

Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það alment samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 17. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþyktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gjörð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra.

19. gr. Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útbúsins) er.
4. Upphæð framboðins hlutafjár og skifting þess í hluti;
5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;
7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum og þá hverjum;
8. fult nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

20. gr. Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

21. gr. Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breyt-

ingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynningu um þetta svo fljótt sem unt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþyktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykt og senda afrit af henni.

Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

Þegar atvinna flytzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðila krefst þess, og augiýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiftaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiftanna.

22. gr. Um leið og firma er tilkynt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána eða viðauka hennar, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynt verið.

23. gr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr. eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

24. gr. Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

Þriðji kafli.

Prókúra.

25. gr. Ef firma-hafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir hönd umbjóðanda að annast alt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúru-hafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

26. gr. Prókúru má veita fleiri mönnum en einum þannig, að þeir að eins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

27. gr. Umboð prókúru-hafa samkvæmt 25. grein má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

28. gr. Þegar prókúru-hafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.

29. gr. Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

30. gr Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

31. gr. Umbjóðandi getur tilkynt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firma-hafi tilkynti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimilað er í 25. og 26. gr.

Um leið og prókúra er tilkynt, skal prókúru-hafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

32. gr. Sé tilkyntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynt og tekið upp í verzlanaskrána.

Fjórði kafli.

Almenn ákvæði.

33. gr. Við framkvæmd laga þessara skal það athugað er hér segir:

a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag.

c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

34. gr. Þegar firma-hafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útbú á öðrum stað og stjórn útbúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað, og skoða skrifstofu útbúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

35. gr. Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslu félög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða banka-störf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög.

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru félög, er samþyktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

36. gr. Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning félags, samkvæmt 16. gr. . . . . kr. 8.00

Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) . . . . . — 4.00

Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. . . . . — 2,00

þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sé hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald.

Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald.

Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast . . . . . kr. 4,00

Fyrir eftirrit af einni tilkynningu . . . . . — 2,00

Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma . . . . . — 0,80

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð.

37. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir:

1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: »takmörkuð ábyrgð« eða »limitað«, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

Ed. **596. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Frá J. Havsteen, Þorgr. Þórðarsyni og G, Vigfússyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist:

3. Möðruvellir í Hörgárdal í sömu sýslu ..... 10500 kr.
4. Seljaland í Vestur-Skaftafellssýslu ..... 1500 —
5. Liðurinn orðist þannig: Í stað »Vestur-Skaftafellssýslu« komi sömu sýslu.

Nd. **597. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Skúla Thoroddsen.

Við 14. gr. B, 10 Liðurinn falli burt.

Til vara: Í stað: »1500—1500« komi: 800—800.

Nd. **598. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Skúla Thoroddsen.

Á eftir 14. gr. A. 14 komi nýr liður svo hljóðandi:

Til Guðm. skálds Guðmundssonar, til þess að ljúka við ljóðabálkinn »Strengleikar«, fyrra árið..... ..... 500 kr.

Á eftir 14. gr. A. 23 komi nýr liður svolátandi:

Til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði íslenzkra presta, fyrra árið ..... 250 kr.

Við 14. gr. A. 31. Liðurinn falli burt.

— — — — 33. Liðurinn falli burt.

Nd. **599. Breytingartillaga.**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Flm. Ólafur Ólafsson.

Við 13. gr. B. VI. 1. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:

Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde 150 — 150.

Nd. **600. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Flutningsmaður Magnús Andrésson.

1.	Við	14.	gr.	A.	2.	Liðurinn	verði	4.	liður.
2.	—	—	—	—	3.	———	—	2.	—
3.	—	—	—	—	4.	———	—	5.	—
4.	—	—	—	—	5.	———	—	6.	—
5.	—	—	—	—	6.	———	—	3.	—
6.	—	—	—	—	8.	———	—	10.	—
7.	—	—	—	—	16.	———	—	9.	—
8.	—	—	—	—	17.	———	—	8.	—
9.	—	—	—	—	20.	———	—	11.	—
10.	—	—	—	—	21.	———	—	12.	—

Tala hinna liðanna breytist samkv. þessu.

Nd. **601. Framhalds-nefndarálit**

um frumv. til fjárlaga.

Háttv. efri deild hefir gert óvenju-miklar breytingar á frumv., og eru þær að yfirvarpinu til í sparnaðarstefnu, svo að tekjuhalli frumv. hefir lækkað um c. 128,600 kr. Dragi maður frá þessu upphæð þá, sem neðri deild ætlaði til þess, að kaupa og gera við spítalahúsið gamla í Reykjavík, sem eigi verður talin eyðsla, þá er sparnaðurinn um 111,000 kr. Þetta virðist nú benda á all-mikinn skoðanamun á milli þingdeildanna, en það er hvorttveggja, að skoðanamunurinn, og eins sparnaður háttv. efri deildar, er minni en sýnist.

Stærstu útgjaldaliðir, er háttv. efri deild vill spara að þessu sinni, eru brúargerðirnar, skipakví Eyfirðinga og stórskipabryggja í Stykkishólmi. En fjárlaganefndin þar hefir þó mælt með þessum fyrirtækjum öllum á þá leið, að hún telur fjárveitingar til þeirra eðlilegar sem fyrst, að fjárhagsástæður leyfa, og nægilegur undirbúningur er fenginn. Fjárveitingar þær, sem þannig er að eins frestað, nema um 84,000 kr. Vér lítum nú svo á, að frestun á þessum framkvæmdum svo sem 2 ár, sé eiginlega enginn fjárhagslegur vinningur fyrir landssjóðinn, og enn síður fyrir sjálft landið, og ráðum því algjörlega frá þessari aðferð, sem hin háttv. efri deild hefir snúizt að.

Þá má nefna frestun á stofnun efnarannsóknarstofu í Reykjavík. Aðferð sú, er hin háttv. efri deild stingur upp á, sparar á pappírnum nokkur þúsund krónur í þetta sinn, en er þó í rauninni dýrari, en ef farið er eftir tillögum h. neðri deildar. — Eigi að síður mælir ýmislegt með uppástungu efri deildar, og munum vér því aðhyllast hana.

Á styrkveitingum til búnaðarmálefna hefir háttv. efri deild stungið upp á hér um bil 17,000 kr. lækkun, og kemur það aðallega niður á búnaðarskólunum (4,500) og Ræktunarfél. Norðurlands (11,000 kr.). Frá landssjóðsins sjónarmiði getur þetta, ef til vill, talizt sparnaður; þó er það því að eins sparnaður til frambúðar, að með því sé slegið fastri þeirri stefnu, að alþingi fari sér mjög hægt í styrkveitingum til atvinnuvega landsins. En þetta getur ekki samrýmst við þá stefnu h. ed., sem lýsir sér í frv. hennar um túngirðingar.

Nefndin verður því að halda því fast fram, að fjárveitingarvaldið hjálpi þessari hreyfingu, sem lýsir sér í stofnun ræktunarfélags Norðurlands, til verklegra framkvæmda, en það verður eigi nema með talsvert ríflegri styrk, en ed. hefir ætlast til. Hitt gerir nefndin eigi að ágreiningi, að þetta fé sé bezt komið undir stjórn Búnaðarfélags Íslands, og hallast þess vegna fúslega að því.

Um búnaðarskólana ætti ekki heldur að þurfa að vera sérlegur ágreiningur á milli deildanna. Lækkun sú á styrk til þeirra, sem fjárlaganefnd ed. upphaflega stakk upp á, var að vísu samþykt, en svo að mestu leyti tekin aftur viðvíkjandi einum skólanum, og bendir það á, að þar hafi deildin þekt bezt til. Vér, sem þekkjum hina skólana, erum sannfærðir um, að þeim er engu síður nauðsyn á þeim fjárveitingum, sem þeim voru ætlaðar af nd. heldur en Hvanneyrarskólanum, enda er það enginn sparnaður að láta þessar stofnanir, sem landið viðurkennir og styrkir, þurfa að haldast í sífeldu frumbýlingsástandi, svo aldrei verði fult mark að aðgerðum þeirra. Viðvíkjandi Hólaskóla virðist háttv. ed. einnig hafa sézt yfir jafn mikilvægt atriði og það, að skólinn hefir nærfelt ferfalda nemendatölu við hina skólana. Vér ráðum því til, að færa fjárveitingu til þessara skóla í samt lag aftur.

Það er eiginlega viðvíkjandi alþýðumentamálinu, sem helzt kemur fram eins og stefnumunur milli þingdeildanna, þótt þetta varði eigi stórum upphæðum á fjárlagafrumvarpinu. Vér viljum nú alls eigi, að numið sé í burtu nálega hvert spor, sem bendir til framfara í þessum efnum í fjárveitingum þessa þings, en viljum þó á hinn bóginn færa oss nær óskum hv. ed. í þessu efni, og högum tillögum vorum samkvæmt þessu.

Hinar aðrar breytingar háttv. ed. hafa eigi mikla fjárhagslega þýðingu, og getur verið álitamál um hverja þeirra fyrir sig, án þess að bendla þær við ákveðnar stefnur.

Við umræðurnar í deildinni verður gerð nánari grein fyrir hinum einstöku breytingartillögum, sem nefndin leyfir sér að koma fram með.

Alþingi 21. ágúst 1903.

Tryggvi Gunnarsson, form.	Árni Jónsson,	Hermann Jónasson,	Pétur Jónsson, skrifari og frams.m.

Jóh. Jóhannesson. Stefán Stefánsson. Þórh. Bjarnarson.

Nd. **602.** **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Fjárlaganefndinni.

1. — 11. gr. 10 Á eftir þessum lið komi nýr liður (11.)
Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótshlíð síðara árið 800 kr.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 4 sjúklinga og að minsta kosti tvöfalt fé sé lagt fram í móti landssjóðstillaginu.

2. Við 12. gr. B. 1. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Landstjórnin gefur út erindisbréf fyrir verkfræðinginn.

3. Við 12. gr. B 4 Fyrir »70000« (í aðalupphæðinni) komi: 73000
Fyrir »27000« (í athugasemdinni) komi: 30000

4. — — — — 6 Á eftir þessum lið bætist inn í 2 nýir liðir:
Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902 (f. á.) alt að 50,000 kr.
Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru (f. á.) alt að 6000 kr.
Gegn því að tvöfalt fé verði lagt fram annarsstaðar að

5. — — — — 8. Liðurinn orðist svo:
Tillag til sýsluvega:
a. sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu 1000—1000
b. sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu 1000—1000
c. sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa 2800—2800.
Aftan við athugasemdina bætist: eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.

6. a. — — — — 10. Liðurinn falli burt.

6. b. Við 12. gr. C. Orðin. »að 13 ferðir . . . Færeyja, og« falli burt.

7. Við 12. gr. D. Fyrirsögn liðsins breytist þannig: í stað »hraðskeytasambands« komi: ritsíma.
Í sambandi við liðinn komi þessi athugasemd:
Af upphæð þessari má verja svo miklu sem nauðsyn krefur til að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu.
Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskildu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905 án aukins tillags frá Íslandi.
Væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir alþingi til athugunar.

8. Við 13. gr. B. IV. b. fyrir $4^{1}/_{2}$ komi; 9; fyrir 150 komi: 300 og fyrir 300 (útfært) komi: 600.

9. Við 13. gr. B. VI. a. 4. fyrir »900« síðara árið komi: 1500.

10. — — — B. VI. a. 5. fyrir »2400« síðara árið komi: 3000.

11. — — — B. VI. b. 1. fyrir »7000« síðara árið komi: 8000.

12. — — — B. VI. b. 2. fyrir »7000« síðara árið komi: 8000.

13. Við 13. gr. B. VI. i. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til kennara í organslætti og sönglist á Akureyri. . . *300 — 300.*

14. Við 14. gr. B. VI. m. Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:
Til skólans í Búðardal 1000 kr.
Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að 600 — 1600—1600.

15. Við 14. gr. B. VIII. 1. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til sama manns til þess að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis fyrra árið 500 kr.

16. Við 14. gr. A. 2. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til sýslubókasafna alt að 100 kr. á ári til hvers alt að 1000—1000 kr.

17. Við 14. gr. A. 3. a. fyrir »1200—1200« komi: 1400—1400.

18. Við 14. gr. A. 16. Á eftir þessum lið komi nýr liður:

Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindis 200—200 kr.

19. Við 14. gr. B. 1. a. 1. fyrir: »2500« f. á. komi: 3500 og á eftir komi nýr liður.
Til sama skóla: styrkur til verklegrar kenslu 500—500.

20. Við 14. gr. B, 1. a. 2. fyrir: »2500« f. á. komi 3500.

21. Við 14. gr. B. 1. a. 3. fyrir »2500 f. á. komi: 4000.

22. Við 14. gr. B. 1. a. 4. Liðurinn falli burt.

23. Við 14. gr. B. 1. a. 5. fyrir »2500« f. á. komi: 3500.

24. Við 14. gr. B. 1. c. fyrir »25,000—27,000« komi: 29,000—31,000.

25. Við 14. gr. B. 1. j. fyrir: »3,500« f. á. komi: 4,000

26. Við 14. gr. B. 6. bætist við 500 kr. síðara árið.

27. Við 14. gr. B. 10. Við fyrirsögnina bætist:
Til að búa sig undir forstöðu efnarannsóknastofu í Reykjavík.

28. Við 14. gr. B. 12. Á eftir þessum lið komi nýir liðir:
13. Styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip (f. á.) alt að 15,000 kr.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en tvöföld upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar að, staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.
14. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi síðara árið alt að 4,700 kr. að því tilskildu að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til byggingarinnar annarsstaðar að.
15. Styrkur til konsúls D. Thomsen til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á flutningabrautum landsins 2000 kr.
Landsstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þann, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.

29. Við 16. gr. Á eftir: »til Bjargar Jónsdóttur . . 300 kr. komi: til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.

30. Við 19. gr. Á undan síðustu málsgrein bætist inn í:
Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði, alt að 40,000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar eða sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Nd.

603. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905 til einnar umræðu í neðri deild. Frá Jóhannesi Ólafssyni

Við 14. grein B. 3. Fyrir: 500—300 komi 500—500

Nd.

604. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905. Frá Birni Kristjánssyni.

Við 12. gr. B. 8. Fyrir orðin í athugasemdinni »nefnds vegar« komi: nefndra vega.

Nd. **605. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1904 og 1905.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 12. gr. B. 8 orðin: »eða hreppavegagjaldi« falli burt.

— 14. — — 15 Liðurinn orðist svo:

Til þess að kaupa hentugan gufuvagn eða mótorvagn til þess að flytja ofaníburð ofan í vegi alt að 5000 kr. (fyrra árið).

Landstjórnin annast um að kaupa vagninn eftir tillögum vegfræðings landsins.

Nd. **606. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á áfengi. Flutningsmenn: Einar Þórðarson, Guðl. Guðmundsson, Olafur Olafsson, Björn Kristjánsson.

1. grein. Til Íslands má engan áfengan drykk flytja, eftir að lög þessi öðlast gildi, til annara nota en þeirra, er getið er um í 2. gr. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en 2% af vínanda (alkoholi). Duft, kökur og önnur slík efni, sem upp má leysa í vökva og í sér hafa fólgið þvílíkt áfengi, skal skoða sem áfengan drykk.

2. grein. Heimilt skal eiganda eða stjórnanda iðnaðarfyrirtækis eða efnarannsóknarstofu eða annars þvílíks fyrirtækis, að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til tekniskra og verklegra nota við stofnanina. Svo skal og heimilt að flytja inn vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis, en þó því að eins, að hann sé blandinn því efni, sem að áliti landlæknis gjörir hann óhæfan til drykkjar. Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem lyfsölum er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá ríkisins. Fjárhaldsmaður kirkju má og flytja messuvín handa kirkjunni.

3. grein. Nú vill einhver sá áfengi flytja, sem leyfi hefir samkvæmt lögum þessum til að flytja áfengi frá útlöndum, og skal hann þá í tæka tíð senda lögreglustjóra sínum tilkynning um, hvaða áfengi og hve mikið hann vill aðflytja og frá hvaða verzlunarhúsi eða vínsölumanni, svo og með hvaða ferð frá útlöndum. Hann skal og um leið skýra lögreglustjóra frá, til hvers hann ætli að nota áfengið. — Lögreglustjóri sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða vínsölumanni, sem hún er stíluð til, með beiðni um, að áfengið sé sent til sín. Skal lögreglustjóri, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tilkynna eiganda þess, og má hann þá hirða það, en gjalda skal hann um leið hið lögskipaða aðflutningsgjald til landssjóðs, flutningsgjald og annan kostnað, er af aðflutningum kann að hafa leitt.

Lögreglustjóri ber enga ábyrgð á borgun fyrir áfengi það, sem aðflutt er.

Nú hirðir sá ekki áfengið, er pantað hefir, áður en 6 vikur eru liðnar frá því að tilkynning lögreglustjóra um aðflutning áfengisins er til hans komin, og er lögreglustjóra þá heimilt að hella niður áfenginu og selja umbúðir um það. Kostnað allan, er leitt hefir af aðflutningnum, svo og aðflutningsgjaldið má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengi hefir pantað, samkvæmt lögum 16. desbr. 1885.

4. gr. Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglu-

stjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkuð áfengi til flutnings fyrir aðra og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða láta aðra skipverja láta af hendi nokkuð af því áfengi er til skipsforða er ætlað, til annara en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar, meðan hann er hér við land. Er skipstjóri sekur við lög þessi ef út af brýtur.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að affermast hér á landi, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur á, setja innsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát, og er það á ábyrgð skipstjóra, að innsiglin séu ekki brotin fyrr en áfengið er komið til þess staðar, sem það á að flytjast til.

5. gr. Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi annaðhvort til flutnings eða sem skipsforða og skal strandgæzlumaður þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og bera ábyrgð á að ekki sé í þau farið. Skýrir hann þegar í stað lögreglustjóra frá, en hann setur innsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annara, en hann skal með fyrstu ferð til útlanda tilkynna réttum eiganda strandmunanna um bjögrgun áfengisins og senda honum það til ráðstöfunar á hans kostnað.

6. gr. Eigendum eða stjórnendum iðnaðarfyrirtækis, þeim sem heimilaður er aðflutningur á áfengi samkv. 2. gr., skal óleyfilegt að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi til annara nokkuð af því áfengi, er þeir hafa aðflutt. – Sama er og um fjárhaldsmenn kirkna og má ekki nota hið aðflutta messuvín til annars en við altarisgöngur og þjónustu sjúkra. — Lyfsalar mega ekkert áfengi láta af hendi nema eftir skriflegri læknisforskrift og það ekki nema einu sinni eftir sama læknisseðli (resept). Hið sama er og um alla dropa, dust, kökur eða lyfjablandanir, sem hafa í sér fólgið meira en 1% af vínanda.

7. gr. Veitingamenn og vínsölumenn þeir, sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi samkv. lögum nr. 26, 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja mega ekkert selja hér á landi, gefa, veita eða á annan hátt láta af hendi til annara af áfengisbyrgðum þeim, er þeir kunna að hafa þegar lög þessi öðlazt gildi.

8. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 20—2000 kr., og skal hið aðflutta áfengi gert upptækt og því helt niður.

Brot í 2. sinn varðar fangelsi.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar varðar það fangelsi ekki skemur en 7 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhússvinnu.

9. gr. Brot gegn 3. gr. varða sektum 10—1000 kr.

10. gr. Nú sannast það á skipstjóra, að hann vísvitandi skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 10—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er banna að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara, varða sektum 50—500 kr. ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum. Sama sekt er og ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli.

11. gr. Nú verður læknir sannur að sök um, að hann hefir gefið út læknisseð-

il um áfengi til annars en að það sé notað sem læknislyf, og skal hann þá sekur um 20—200 kr. í fyrsta sinn og má sektin tvöfaldast sé brotið endurtekið. Lækni þann, er í hlut á, má og svifta lækningaleyfi hér á landi í 2—10 ár eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru.

12. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn sakamál.

13. gr. Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku svo stórt upplag að nægilega mörg exemplör verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

14. gr. Lög þessi öðlazt gildi 1. jan. 1905.

Nd. **607. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Jóhannesi Olafssyni. Hannesi Þorsteinssyni.

Við 14. gr. A. 6. Á eftir þessum lið komi nýr liður:

Til Sögufélagsins 30 kr. fyrir hverja prentaða örk alt að 600 — 600 kr.

Nd. **608. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskj. 602. Frá Birni Bjarnarson.

Við 14. lið fyrir »Til skólans í Búðardal 1000 kr.« komi: Til skólans í Búðardal 1200 kr. — 1200 kr.

Nd. **609. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. Frá Birni Bjarnarson.

Við 13. gr. A b 5 Aftan við liðinn bætist: þar af til prestsekkju Lilju Ólafsdóttur 150 kr. hvort árið.

Við 14. gr. B. 12. Eftir síðari málsgreinina bætist ný málsgrein þannig orðuð: Styrkurinn endurgreiðist landssjóði á þann hátt, að hvert ár sem félagið fær meira en 6% í vexti af þeirri upphæð, sem félagsmenn hafa lagt fram til fyrirtækisins, skal félagið greiða til landssjóðs það sem er umfram þessum 6%, þar til styrkurinn er allur endurgreiddur.

Nd. **610. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 16. gr. Á eftir orðin: »til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Asgeirsson 200 kr.

Nd.

611. Frumvarp

til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði. (Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Í landhelgi við Ísland má eigi nota útlend skip við síldarsöltun eða aðra verkun síldar til útflutnings, né heldur innlend skip, sem eru í samfloti eða tengslum við útlend skip. Eigi má ljá né leigja innlend skip til síldarsöltunar öðrum en þeim, er rétt hafa til veiðiskapar í landhelgi.

2. gr. Nú er innlent skip léð eða leigt til síldarsöltunar eða annarar síldarverkunar í landhelgi, og verður þá eigandi sekur eftir lögum þessum, ef það sannast, að réttur eigandi síldarúthalds þess, er síldarinnar aflaði, hefir eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi.

3. gr. Rétt er að lögreglustjóri skipi eftirlitsmenn, einn eða fleiri við hvern fjörð, þar sem síldveiði er, til þess að hafa umsjón með síldveiðinni, og gæta þess, að fylgt sé fyrirmælum laga þeirra, er að síldarveiðum lúta, og tiltekur hann starfsvæði þeirra. Ef ágreiningur verður um það hvernig fylgja skuli fyrirmælum gildandi laga um síldveiði og upsaveiði með nót, sker eftirlitsmaður úr. Heimilt er þeim, sem eigi vill hlíta úrskurði eftirlitsmanns, að bíða dómsúrskurðar um ágreiningsatriðið, en bæta verður hann kostnað allan og skaða, er af því hlýzt að úrskurðinum er eigi þegar fylgt, et hann reynist lögmætur að lagadómi; skulu öll áhöld síldarútvegs þess manns, er eigi vill úrskurði hlíta, vera að veði fyrir greiðslunni. Mál, sem rísa út af slíkum ágreiningi, skal farið með sem einkalögreglumál, og skal kæra komin til lögreglustjóra eður á skrifstofu hans innan þriggja sólarhringa frá því, er úrskurði eftirlitsmanns er hafnað.

4. gr. Í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn eru skipaðir, skal greiða til launa eftirlitsmönnum 5 aura gjald af hverri tunnu síldar, sem út er flutt, og rennur gjaldið í sérstakan sjóð. Gjald þetta skal innheimt ásamt útflutningsgjaldinu af lögreglustjóra og eftir sömu reglum, og gerir hann fyrir því árlegan reikning, sem sendist landsstjórninni ásamt útflutningsgjaldsreikningnum. Um upphæð borgunar þeirrar, er greiðist hverjum eftirlitsmanni, fer eftir samningi við lögreglustjóra.

5. gr. Af öllum síldarnótum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skal greiða útflutningsgjald, 1 kr. fyrir hvern ferhyrningsfaðm í nótinni. Sérhver sá, sem sendir af stað síldarnót til flutnings frá landinu, er skyldur til að skýra lögreglustjóra frá því, áður nótin er flutt á skip, og afhenda um leið vottorð, gefið upp á æru og samvizku, um stærð nótarinnar. Auk þess er skipstjóri á skipi, sem síldarnót er útflutt með, skyldur til að láta uppi æru og samvizkuvottorð, er sýni, að hann hafi ekki tekið við öðru eða meira af því tagi til flutnings en því, er vottorð útflytjanda greinir.

Rétt er og sýslumanni að láta mæla nótir, er út á að flytja, ef honum virðist ástæða til, og skal greiða kostnaðinn við það úr landssjóði, nema það komi í ljós við mælinguna, að útflytjandi hafi gefið upp minni nót en rétt var, þá skal hann bera kostnaðinn, og auk þess greiða þrefalt útflutningsgjald af nót þeirri, er ranglega var frá skýrt. Að öðru leyti fer um innheimtu og reikningsskil á útflutningsgjaldinu á sama hátt og segir í lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. frá 4. nóv. 1881.

6. gr. Nú vill einhver flytja síldarnætur úr einu lögsagnarumdæmi í annað, og skal hann þá afhenda lögreglustjóra vottorð það, sem um ræðir í 5. gr., og jafnframt afhenda honum til tryggingargeymslu jafna upphæð, og greiða ber í útflutningsgjald. Fyrir greiðslu þessari skal lögreglustjóri fá honum móttökuskilríki, og fær nóteigandi upphæðina aftur borgaða gegn vottorði frá lögreglustjóra í því umdæmi, sem nótirnar eru fluttar til, um að þær séu þangða komnar.

7. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum frá 100—3000 kr. Sektirnar renna að hálfu til upplýstrarmanns og að hálfu til landssjóðs.

Nd. **612. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um landsdóm. Frá nefndinni.

Við 10. gr. 1. Eftir: »ryðji ákærði dóminn tafarlaust« komi: Jafnframt ryðji sóknari dóminn að sínu leyti.

2. Í stað orðanna: »Gjöri ákærði það ekki o. s. frv. setninguna útkomi: Sé dómurinn ekki þegar ruddur, tekur forseti með hlutkesti jafnmarga úr dóminum og ryðja átti.

Nd. **613. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi þjóðjarðir, fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Skáldalæk í Eyjafjarðarsýslu	Kr. 2200 00
2.	Ytra-Garðshorn í sömu sýslu	— 2200 00
3.	Möðruvelli í Hörgárdal í sömu sýslu	— 10500 00
4.	Seljaland í Vestur-Skaptafellssýslu	— 1500 00
5.	Kirkjubæjarklaustur í sömu sýslu	— 4500 00

2. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fé.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1905.

Ed. **614. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um verzlanaskrá, firmu og prókúru-umboð (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Frumvarp þetta, sem stjórnin lagði fyrir þingið, var samþykt í þessari deild 1. þ. mán. við 3. umr., en er nú komið hingað aftur frá hv. nd. með nokkrum breyting um. Breytingar þessar má lesa á þskj.; 527 og 575, og eru þær við 6., 9., 18., 19., 21,. 22. og 31. gr. frv. Þær eru mjög lítilvægar, og flestar heldur til bóta. Þó verður það eigi sagt um 1. breytinguna á 9. gr., en hún er: »Firma einstaks manns« í staðinn fyrir: »Firma eins manns«. Þessi breyting er að voru áliti hvorki málrétt né hugsanrétt, en er eigi verulega skaðleg. Vér álítum þó eigi ástæðu til að senda frv. aftur til Nd. fyrir þessa skuld, og leggjum það því til, að það verði samþykt óbreytt. Vér höfum eigi haft tíma til að bera texta frv. að öðru leyti saman við það, sem áður hefir verið samþykt, en væntum, að það verði gert rækilega á skrifstofu þingsins.

Efri deild alþingis 22. ágúst 1903.

J. Havsteen
formaður.

Kristján Jónsson
skrifari og framsögumaður.

Jón Jakobsson.

Ed. **615. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri.

Breytingar þær, sem orðið hafa við eina umræðu í h. neðri deild á þessu frumvarpi, höfum vér athugað og komizt að þeirri niðurstöðu, er nú skal greina.

Vér fáum ómögulega séð, að svo margar heimavistir séu »bráðnauðsynlegar«, sem háttv. neðri deild hefir samþykt, og hyggjum, að það sé mjög svo óvíst, hvort aðsókn að skólanum muni aukast að nokkrum verulegum mun fram úr því, sem hún hefir verið á Möðruvöllum, að undanteknu því, að talsvert fleiri nemendur munu sækja skólann úr Akureyrarbæ, en þeim sjáum vér enga ástæðu til að veita heimavist í skólanum, og þótt námstíminn sé lengdur um eitt ár, þá teljum vér mjög efasamt, hvort sú breyting muni verða til þess að auka nemendafjöldann á skólanum. Þar sem búast má við, að 3 ára námstími muni vaxa mörgum þeim í augum, er athuga, að hér er engin föst atvinna eða lífsstaða í aðra hönd að afloknu námi. — Vér þykjumst því áætla nemendafjöldann all-ríflega, þótt vér eigi setjum hann meiri en 60—70 manns á ári; fylgi maður svo áætlun nefndarinnar í neðri deild, og telji 1/4 allra nemenda Akureyrarbúa, þá verða eigi fleiri en tæpir 50 nemendur úr sveit á skólanum, og virðist oss engin ástæða til, að ætla *öllum* þessum nemendum heimavist í skólanum, þar sem bæði engin vissa er fyrir, að meðaltala nemenda framvegis nái þessari upphæð, og hins vegar engin brýn ástæða fyrir hendi, að veita heimavist *öllum* þeim, er skólann sækja úr sveit, né heldur víst, að þeir allir æski hennar.

Vér verðum því að ætla, að 35—40 heimavistir í skólanum muni reynast nægilegar, eins og vér höfum áður haldið fram.

Upphæð sú, er vér áætluðum til skólahússbyggingar og útbúnaðar við hana, 57 þúsund krónur, er alls eigi svo »út í bláinn«, sem meiri hluti nefndarinnar í neðri deild ætlar; vér fylgdum þar áætlun þeirri, er nefnd er í athugasemdum stjórnarfrumvarpsins, og gerir ráð fyrir, að hús fyrir 80—100 nemendur, án heimavista, muni kosta 37,500 kr. að meðtöldum ofnum. Þessi upphæð *lækkar* í hlutfalli við mismun þann á nemendafjöldanum, er stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir (80—100) og þeirri nemendatölu (60—70), er vér áætlum, en *hækkar* hins vegar um þær heimavistir (35—40), er vér lögðum til, að skólinn hefði, og um þær 7—8000 krónur, er vér ætluðum til hússmuna, og virðist oss því áætlun vor hafa við góð og gild rök að styðjast; en með því að áætlanir smiða um byggingarkostnað oft reynast of lágar, viljum vér þó til frekari fullvissu leggja til, að sú upphæð, er vér höfum áður áætlað til byggingar skólahússins og til útbúnaðar við það, verði hækkuð um 3000 kr. eða upp í 60,000 kr.

Samkvæmt því, sem hér er sagt, leyfum vér oss að ráða h. háttvirtu deild til að samþykkja, að þessar breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Við 1. gr. Fyrir »67,000« komi: 60,000.
2. Við 4. gr. Fyrir »45—50« komi: 35—40.

Efri deild alþingis, 22. d. ágústmán. 1903.

J. Havsteen, formaður.	Jón Jakobsson, skrifari og framsögumaður.	Sigurður Jensson.

Sþ.

616. Frumvarp

til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki feng-

ið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landssjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_{10}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldr-

ei fara fram úr 600 kr. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 5 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Ed.

617. Frumvarp

til laga um kennaraskóla í Reykjavík. (Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.)

1. gr. Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til húss og muna alt að 40,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Skólinn sé jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr. Skólaárið sé frá 1. október til 14. maí; þrjár ársdeildir séu í skólanum, en jafnframt sé kenslunni svo hagað, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sér af á einum vetri.

4. gr. Kenslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka og danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó allra helzt að því er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar.

Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr. Við skóla þennan skipar landsstjórnin þrjá fasta kennara: forstöðumann, er

hefir í árslaun 2600 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu, og annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr. og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

6. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og setur reglugjörð hans.

7. gr. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Nd. 618. **Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði.

Breytingar þær, sem hin háttvirta efri deild hefir gjört á frumvarpinu, eru óverulegar og heldur til bóta, og ráðum vér því hinni háttvirtu deild til að þess að samþykkja það óbreytt. Að vísu hefði ef til vill farið betur á því, að nema lögin frá 25. sept. 1902 úr gildi, er banna að flytja út síldarnætur innflutar *frá öðrum ríkjum*. En auðvitað geta þessi lög staðið jafnhliða. Ákvæði frumv. miða einmitt til þess að girða fyrir það, að farið verði í kringum lögin 25. sept. 1902 á þann hátt, að flytja síldarnætur, sem í raun og veru eru frá öðrum ríkjum, inn gegnum Danmörku eða Færeyjar.

Neðri deild alþingis, 22. ág. 1903.

Stefán Stefánsson, formaður.	H. Hafstein, skrifari og framsögumaður.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. 619. **Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (þingskj. 613).

Háttv. efri deild hefir felt burt úr 1. gr. frumvarpsins 10 af þeim 15 landssjóðsjörðum, er hér í deildinni var samþykt að gefa leiguliðum kost á að kaupa. Um 2 þeirra, Böggversstaði í Eyjafjarðarsýslu og Munaðarhól í Snæfellsnessýslu, var nokkur ágreiningur í þessari deild, og finnur meiri hluti nefndarinnar ekki að því, þó þeim hafi verið slept úr frumvarpinu. — Að því, er snertir hinar jarðirnar, 8 að tölu, fáum vér ekki séð, að neinar ástæður hafi verið færðar fram fyrir því, að synja ábúendum um kauprétt á þeim, úr því öðrum leiguliðum landssjóðs er veittur þessi réttur. Nefndin verður því að álíta, að með frumvarpinu, eins og það er afgreitt frá efri deild, séu þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, ekki látnir njóta jafnréttis, og viljum vér ekki eiga neinn hlut að því, að slíkur ójöfnuður gagnvart einstökum mönnum komi fram í lögum, sem afgreidd verða frá þinginu.

Að því er snertir söluverð þeirra 5 jarða, sem taldar eru í frumvarpi efri deildar, skal þess getið, að á 2 þeirra, Seljalandi og Kirkjubæjarklaustri, er verðið óbreytt, en á 3 þeirra hefir það verið hækkað að mun, og ef til vill meira en góðu hófi gegnir. Samt sem áður vill nefndin ekki koma fram með breytingartillögur um lækkun verðsins, með því það gæti orðið frumvarpinu að falli. Af

sömu ástæðu viljum vér einnig ráða til þess, að verð það, sem nefndin í efri deild stakk upp á, verði einnig sett á aðrar þær jarðir, er gjörðar verða falar.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru því þessar:

1. Við 1. gr. Á undan 1. tölul. komi:
   Hrísa í Eyjafjarðarsýslu . . . . . Kr. 2350 00
2. Við 1. gr. Á eftir 1. tölul. komi:
   Syðra-Garðshorn í sömu sýslu . . . . . — 2800 00
3. Við 1. gr. Á eftir 2. tölul. komi:
   Grund í Svarfaðardal í sömu sýslu . . . . . — 3200 00
4. Tjarnargarðshorn í sömu sýslu . . . . . — 2350 00
5. Ytra-Holt í sömu sýslu . . . . . — 2800 00
6. Við 1. gr. Á eftir 3. tölul. komi:
   Þórustaði í Kaupangssveit í sömu sýslu . . . . — 2800 00
7. Reykhús í sömu sýslu . . . . . — 1250 00
8. Ægissíðu í Húnavatnssýslu . . . . . — 3200 00

Neðri deild 22. ágúst 1903.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Árni Jónsson.

Hannes Hafstein. Ólafur Ólafsson.

Ed.

620. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.).

I kafli.

Tekjur

1. gr.

A árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr :

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur ogbreytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðaafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins. Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarraunsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins ..... Upp í lán verður borgað: á árinu 1904 46,632 kr. 87 a. – —— 1905 46,011 — 18 – 92,644 kr. 05 a.	37,000	36,000	73,000
Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár. Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_2$ 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ... Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skulu tveir þriðju partar, 4,000 kr., eftirgefnir.	7,500	7,500	15,000
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	als.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ..... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 2,067,169 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 12,400 kr., til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr., — og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

	1904.	1905.	alls
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1 Laun embættismanna	18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl..	4,200	4,200	8,400
3. hin umboðslega endurskoðun:			
a. laun endurskoðanda ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda .. .. 500 —			
c. skrifstofukostnaður..... 300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar..... 1,000 —			
	4,300	4,300	8,600
	26,966 67	27,000	53,966 67

		1904.	1905.	alls
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar	26,966,67	27,000	53,966 67
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
	b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins í Reykjavík:			
		1904. 1905.		
	a. laun umsjónarmanns	1000 kr. 1000 kr.		
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 — 200 —		
	c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e	230 — 230 —		
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 — 1225 —		
	e. til eldiviðar og ljósa	520 — 520 —		
	f. þvottur	30 — 30 —		
	g. til þess að útvega verkefni	500 — 500 —		
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 — 400 —		
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —		
	j. þóknun handa lækni	60 — 60 —		
	k. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —		
			4,415	4,415
4.	kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300
5.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.		
	b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —		
	c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —		
	d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —		
	g. útgjöld við sáttamál	50 —		
			5,100	5,100
			88,015	88,015 176,030
	Flutt...			229,996 67

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C			
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	.....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 235,640 kr. 74 a.:

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.	150	150	300
Fluttar...	73,600	73,600	147,200

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	73,600	73,600	147,200
5.	a.	styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b.	styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
6.		styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
7.		útgjöld við holdsveikraspítalann:			
			1904. kr. a.	1905. kr. a.	
	a.	laun til starfsmanna	5,265	5,065	
	b.	viðurværi: kr. a.			
		1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322			
		2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári 3,951.18			
			12,273.18	12,273.18	
	c.	klæðnaður sjúklinga..	800	800	
	d.	meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
	e.	eldsneyti.....	3,035	3,035	
	f.	ljósmeti...	475	475	
	g.	viðhald á húsum.....	1,200	1,200	
	h.	húsbúnaður og áhöld.....	800	800	
	i.	þvottur og ræsting...	800	800	
		Flutt...	26,048.18	25,848.18	76,900	76,900	153,800

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar...	26,048.18	25.848.18	76,900	76,900	153,800
k.	greftrunarkostnaður .	250	250			
l.	flutningskostnaður ...	30	30			
m.	til að skemta sjúklingum.....	200	200			
n.	hesta- og hænsafóður.....	125	125			
o.	skattar og brunaábyrgðargjald	717.19	717.19			
p.	ýmisleg útgjöld.....	700	700			
r.	til geymsluhúsgjörðar 1904.....	2,500				
				30,570 37	27,870 37	58,440 74
8.	útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9	önnur útgjöld:					
a.	styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b.	styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c.	styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d.	styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		200 —			
e.	til sama sjúkrahúss fyrra árið ... .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.		2,000 —			
f.	til náms yfirsetukvenna.....		2,000 —			
g.	til verkfæra handa yfirsetukonum		400 —			
h.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		1,000 —			
i.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6 nóv.br. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.....		1,000 —			
				7,800	5,800	13,600
10.	til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....			8,000	.....	8,000
11.	Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal				800	800
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 4 sjúklinga og að minsta kosti tvöfalt fé sé lagt fram í móti landssjóðstillaginu.					
		Samtals...		123,770 37	111,870 37	235,640 74

12. gr.

Til samgöngumála veitast 699,937 kr.:

		1904.	1905.	Alls
		kr.	kr.	kr
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —	22,300	22,300	
2. póstflutningur ..... Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram		41,000	41,000	
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
4. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu $1^0/_{00}$ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda.....	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	63,900	63,900	

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt... 5,700 kr.		63,900	63,900	
h. óviss gjöld	200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum	100 —			
		6,000	6,000	
5. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum		1,000		
6. til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin		1,100		
		72,000	69,900	
				141,900
B.				
Til vegabóta:				
1. til verkfræðings landsins:	kr.			
a. laun	3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
Landstjórnin gefur út erindisbréf fyrir verkfræðinginn.		3,500	3,500	7,000
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að		1,500	1,500	3,000
3. til flutningabrauta				64,000
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið	30,000			
Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið	15,000			
Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls	19,000			
	64,000			
4. til þjóðvega				73,000
	kr.			
Til vegabóta í Suðuramtinu	8,000			
- — - Vesturamtinu	20,000			
- — - Norðuramtinu	30,000			
- — - Austuramtinu	15,000			
	73,000			
5. til fjallvega		5,000	5,000	10,000
6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.		4,000	4,000	8,000
7. Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902, alt að		50,000		50,000
8. Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru alt að		6,000		6,000
Gegn því að tvöfalt fé verði lagt fram annarsstaðar að.				
Flutt...				362,900

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...			362,900
9. Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að	40,000		
10. Tillag til sýsluvega:			
a. sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu....	1,000	1,000	
b. sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu	1,000	1,000	
c. sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,800	2,800	
Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefndra vega annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.			
11. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði.....	300	300	
	45,100	5,100	
C.			50,200
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.....	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	413,100

	1904,	1904.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	413,100
2. til gufubátaferða: kr.			
a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300			
2. til sömu ferða 4,000			
að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið..... 10,000			
	17,800	27,800	
Aætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. 1. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b. og c. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b. og c.			
	92,800	102,800	195,600
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi	35,000	35,000	70,000
Af upphæð þessari má verja svo miklu sem nauðsyn krefur til að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu.			
Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskildu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905 án aukins tillags frá Íslandi.			
Væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir alþingi til athugunar.			
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	678,700

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	400	400	678,700
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200			
2. fyrir olíu	200			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. — steinkol	160			
5. flutningskostnaður	250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300			
7. eftirgjald eftir lóðina	30			
		2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	150			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5. steinkol	100			
6. flutningskostnaður	75			
7. eftirgjald eftir lóðina	16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200			
		4,241	1,041	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	125			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5. steinkol	60			
6. flutningskostnaður	40			
		885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	175			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
5. flutningskostnaður	50			
		855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. til lóðargjalds	10			
3. fyrir olíu	200			
	Flutt... 610	9,171	5,971	678,700

	1904.	1905,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 610	9,171	5,971	678,700
4. — lampakveiki o fl..... 100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 100			
6. fyrir steinkol 100			
7. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....	100	100	
k. Til vita á Skipaskaga:			
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) ...3000			
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....	300	300	
	13,606	7,631	
			21,237
Samtals...	... .	....	699,937

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 295,716 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr....	9,500	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum .... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið)	120		
5. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
7. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,250		
8. til að kaupa lóð og undirbúa hæfilega til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að .... Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem	6,200		
Fluttar...	35,170	27,100	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	35,170	27,100	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
	35,170	27,100	
			62,270
B. Til kenslumála. I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b, önnur útgjöld:	1904. kr.	1905. kr.	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905	960	1,280	
2. námsstyrkur. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800	1,000	
3. til tímakenslu	100	100	
4. til bókakaupa	300	300	
5. til eldiviðar og ljósa	150	150	
6. til umsjónar	100	100	
7. ýmisleg útgjöld	300	250	
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	
	2,960	3,430	
	12,160	12,630	
			24,790
II. Til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. námsstyrkur. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.		
2. eldiviður, ljós og ræsting	250 —		
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	600 —		
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —		
Flutt...	2350 —	3,200	3,200	87,060

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...		2,350 —	3,200	3,200	87,060
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að.....		200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....		250 —			
c. Til þess að leigja hús handa læknaskólanum			4,280	4,280	
			1,000	1,000	
			8,480	8,480	
III. Til hins lærða skóla:					16,960
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.....		200 —			
c. önnur útgjöld:			2,600	2,600	
1. til bókasafns skólans ...	600 kr.	600 kr.			
Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.					
2. til eldiviðar og ljósa...	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan...	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur	4,000 —	4,000 —			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
Flutt...	11,920—	11,020 —	21,800	21,800	104,020

			1904.	1905.	alls
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	104,020
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —	14,148	13.248	
			35,948	35,048	70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			7,000	7,000	
b. uppbót til 1. og 2. kennara Möðruvallaskólans, er leiðir af flutningi skólans til Akureyrar, fyrir 9 fyrstu mánuði ársins 1904, 300 kr. til hvors			600		
c. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
	kr.	kr.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar námspiltum.....	400	400	1,700	1,700	
			9,300	8,700	18,000
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500	500			
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500		3,300	2,800	
			6,500	6,000	12,500
		Flutt...	.....	.....	205,516

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	205,516
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga	1,500	1,500			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að	3,000	3,000			
			9,000	9,000	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000	8,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers			7,000	8,000	
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrk.					
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík			100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík			400	400	
j. til kennara í organslætti og sönglist á Akureyri			300	300	
k. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur			800	800	
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.					
l. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
m. til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað			400	300	
n. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde			150	150	
Flutt...			37,450	39,350	205,516

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,450	39,350	205,516
o. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
p. Til skólans í Búðardal í Dalasýslu	1,000	1,000	
Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði alt að...	600	600	
	39,200	41,100	80,300
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík. Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkensln annarsstaðar. Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til sama manns til þess að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis	500		
3. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi. Þar af laun hans á ári 1400 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 1000 — = 2400 kr.	2,400	2,400	
	3,900	3,400	7,300
Samtals	.....	.....	295,716

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 413,620 kr.

		1904	1905	alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til vísinda, bókmenta og lista:				
1. til Landsbókasafnsins:	kr.			
a. laun bókavarðar	1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið...	900			
Flutt...	2,700			

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr
Fluttar... 2,700			
c. til að kaupa bækur og handrit..... 5,000			
d. til bókbands 1,000			
e. til samningar spjaldskrár(eftir reikningi) 1,200			
f. fyrir afskriftir (eftir reikningi) 800			
g. til að prenta ritaukaskrár..... 200			
h. til eldiviðar og áhalda m. m. 500			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið..... 360			
	11,760	11,760	
Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.			
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500			
b. til —— Austuramtsins..... 400			
c. til —— Vesturamtsins... 400			
	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. til sýslubókasafna alt að 100 kr. á ári til hvers alt að	1000	1000	
4. til Landsskjalasafnsins: 1904. 1905.			
a. laun skjalavarðar, er kr. kr.			
landshöfðingi skipar 1,400 1,400			
b. til að binda inn og			
búa um skjöl o. fl.... 1,000 1,000			
e. til að afrita merk			
skjöl og bækur handa			
skjalasafninu..... 500 500			
d. til að gefa út skrá			
yfir skjalasafnið.... .. 250 250			
	3,150	3,150	
5. til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafélagsins.....	1,000	750	
Flutt...	20,210	19,960	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	20,210	19,960	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita ..... 2,000 —			
	3,600	3,600	
8. til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttufræðisfélagsins	1,000	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
10. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300	300	
13. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
14. til Þorsteins Erlingssonar skálds	600	600	
15. til síra Valdimars Briem's	800	800	
16. til Guðmundar skálds Guðmundssonar, til að ljúka við ljóðabálkinn »Strengleikar«	500		
17. til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta	1,200		
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,200	1,200	
19. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindis.....	200	200	
Flutt...	32,110	29,960	

	1904.	1905	alls
	kr.	kr.	kr
Fluttar...	32,110	29,960	
20. styrkur til Bibliufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
21. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
22. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
23. til leikfélags Reykjavíkur, alt að	600	600	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo hluti á móts við hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.			
24. til lúðrafélags Reykjavíkur í eitt skifti fyrir öll	500		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum			
25. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
26. styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra,	1,200	1,200	
27. styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta	250		
28. styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
29. styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum	1,000		
30. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
31. styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
32. til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
33. til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
34. styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	600	600	
35. Til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun, er afhendist landsbókasafninu til afnota fyrir almenning	400	400	
36. styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors	800		
37. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðbók, 1. og 2. borgun af 5 ára styrk	500	500	
	44,110	36,810	
Flutt...			80,920

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	80,920
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
	1904. kr.	1905. kr.	
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans á Hólum.....	3,500	2,500	
2. til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu.....	500	500	
3. til skólans á Eiðum.....	3,500	2,500	
4. til skólans á Hvanneyri	4,000	2,500	
5. til skólans í Ólafsdal...	3,500	2,500	
		15,000	10,500	
b. til búnaðarfélags		24.000	24,000	
c. til Búnaðarfélags Íslands		29,000	31,000	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð.....		2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis		2,000		
f. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki		4,500		
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.				
g. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz..		7,000	6,000	
h. styrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk.....		900	900	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör		5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð		4,000	3,000	
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.				
2. a. laun handa 2 dýralæknum		2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík		400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		500	500	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors...		1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum		78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar, alt að		1,500	500	
Flutt...		178,400	103,900	80,920

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	178,400	103,900	80,920
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði ..... til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að ..... 4000 kr. til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári)..... 1200 — og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar ..... 500 —	5,700	5,200	
8. til Iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar, ...	400		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis . . .	1,500	1,500	
11. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði..... Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.	1,600	1,600	
12. styrkur til Dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti tvöfalt meira fé til fyrirtækisins en styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.	10,000		
13. styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.	15,000		
14. styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi síðara árið alt að ..... að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til byggingarinnar annarsstaðar að.	.....	4,700	
15. styrkur til konsúls D. Thomsens í Reykjavík til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á akvegunum hér ..... Landstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þann, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.	2,000		
	215,200	117,500	332,700
Samtals...	.....	....	413,620

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 398,599 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist $4^0/_0$ árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eð a kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með $3^0/_0$ árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2{}^0/_0$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð, til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði alt að 40000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar og sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxtist með $4^0/_0$ árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað sem varasjóður þess félags.

Ed. **621. Frumvarp.**

til laga um túngirðingar. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Á tímabilinu 1905—1909, að báðum árum meðtöldum, má á ári hverju verja til lánveitinga 100,000 kr. úr landssjóði, til að kaupa fyrir galvaníseraðan gaddavír, galvaníseraða járnteina og galvaníseraða járnstólpa í túngirðingar.

2. gr. Hver eigandi eða ábúandi jarðar, sem vill algirða tún sitt, getur fengið til þess lán úr landssjóði á þann hátt, sem mælt er fyrir í lögum þessum, og ver landsstjórnin því til að kaupa girðingarefni það, sem nefnt er í 1. gr., og til flutningskostnaðar á því til hafna þeirra, sem óskað er, og strandferðaskipin koma á.

Sýslunefndir annast um, að menn séu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku, og gjöra aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, og skulu sýslusjóðir kosta uppskipun, geymslu og afhendingu efnisins.

3. gr. Á jörðum einstakra manna og stofnana leggur landssjóður fram $^3/_4$ af verði girðingarefnisins; þó leggur hann það alt fram, þar sem hlaðinn er svo hár garður undir, að eigi þarf fleiri en 3 strengi ofan á hann, til þess að hann sé fullkomin vörn fyrir öllum búpeningi.

A öllum landssjóðsjörðum og kirkjujörðum skal verð fyrir girðingarefni að öllu leyti lagt fram af landssjóði.

4. gr. Af láni því, er landssjóður leggur fram til girðinganna, greiðast árlega í 41 ár 5 krónur af hundraði hverju í 4% vexti og afborgun; sýslumaður innheimtir gjaldið hjá ábúendum á manntalsþingum og reiknast það frá þeim tíma, er efnið kom á þá höfn, sem um var beðið, en sé það ófáanlegt frá ábúanda á einstaks manns eign, skal jarðareigandi greiða gjaldið. Gjaldi þessu fylgir lögtaksréttur.

5. gr. Sýslunefndir nefna til hæfa menn til að skoða girðingastaði um tún í sýslu hverri og mæla lengd þeirra; skulu menn þessir jafnframt gefa leiðbeiningar um, hvar girðingar eiga að liggja, og annað, sem að þeim lýtur. Ráði sýslunefnd það af, að láta skoða girðingarstæði á öllum jörðum sýslunnar í einu, skal þeirri skoðunargjörð lokið fyrir 1. nóvember 1904. Skoðunarmenn skulu gefa nákvæma skýrslu um lengd girðingarstæðanna og annað það, er að skoðunargjörðinni lýtur. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er landsstjórnin lætur gjöra. Skoðunarmenn riti 2 samrit af skýrslunni, er annað sendist landsstjórninni, en hitt hlutaðeigandi sýslunefnd. Allur kostnaður við skoðanir þessar og mælingar greiðist úr landssjóði.

6. gr. Nú óskar eigandi eða ábúandi, og skoðunarmaður álítur það hagkvæmt, að innan girðingar verði meira land en túnið, þá má lengja girðinguna, ef túnið fær jafnsnemma sömu vörn og annars, en efni til þessa getur hann fengið með sömu kjörum og þann 1/4 hluta, er samkvæmt 7. gr. er lagður fram á jörðum einstakra manna.

Þegar sama girðing er um tún fleiri jarða, eða sameiginleg girðing er á milli túna, þá ákveður skoðunarmaður, hvað hverri jörð ber af kostnaðinum.

Nú eru fleiri ábúendur en einn, og ná eigi lög þessi til girðinga, er skifta túni jarðarinnar.

7. gr. Þegar einhver eigandi eða ábúandi jarðar vill girða tún sitt og fá til þess lán úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, getur hann, eftir að skoðun þeirri er lokið, sem ræðir um í 5. gr., snúið sér til oddvita sýslunefndarinnar og æskt þess, að hann útvegi hjá landsstjórninni efni í hina ákveðnu girðingu, og ef jörðin er eigi landssjóðs eða kirkjueign, skal hann um leið afhenda 1/4 hluta af hinu áætlaða verði, er sendist landsstjórninni, nema garður sé hlaðinn undir samkvæmt niðurlagi 3. gr.

Nægi eigi fé það, sem ætlað er á hverju ári til túngirðinganna, til að fullnægja öllum, er um það hafa beðið. skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, koma fyrstir til greina næsta ár.

8. gr. Landsstjórnin gefur út áætlun fyrir hvert ár á tímabilinu 1905—1909 um verð á hverjum faðmi í fjóryddum vírstreng og hverju feti í teinum og stólpum, að meðtöldum flutningskostnaði, og skal sú áætlun gilda, sem fast ákveðið verð það ár, að því er snertir framlag eigenda eða ábúenda þeirra, sem borga eiga nokkurn hluta girðingarefnisins.

9. gr. Girðing sé gjörð samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

Fullgjörð girðing telst því að eins, að allar hliðar túnsins, er eigi hafa örugga vörn af vatni, sjó, klettum eða öðru líku, séu algirtar, og alfarahlið þau, sem á eru, með grindum á járnum. Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild, nema hún sé með 5 strengjum og stuðlar allir af járni aðrir en máttarstólpar (samkv. 11. gr.).

lögum þessum, og eigi hefir verið öðru vísi um samið milli hans og landsdrottins, þá skal leiguliði við burtför sína frá jörðunni fá hjá landsdrotni endurgoldið verð fyrir þann 1/4 hluta girðingarefnis, er hann hefir lagt til, eða komizt hjá að leggja til, með því að hlaða garð undir vírgirðinguna ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa samkvæmt mati úttektarmanna, enda afhendi hann þá túngirðinguna alla í gildu standi eða með fullu álagi.

Hafi aftur á móti landsdrottinn sett upp á sama hátt girðinguna á slíkri jörðu, þá getur hann, ef eigi hefir öðru vísi verið um samið, heimtað, að ábúandinn taki við girðingunni til fullrar ábyrgðar, og greiði honum sem landskuld 4% ársvexti af verði fyrir þann 1/4 hluta girðingarefnisins, er hann hefir lagt til, ásamt verði fyrir hlið og máttarstólpa eftir mati úttektarmanna.

Sýslunefndir velja einn eða fleiri hæfa og valinkunna menn til þess, að skoða og meta hinar fullgjörðu girðingar. Skoðunarmaður skýrir frá, hvernig verkið er af hendi leyst og hvort girðingarefnið hefir alt verið notað eingöngu til hinnar ákveðnu girðingar. Við hver árslok skýra svo oddvitar sýslunefnda landsstjórninni frá því, er gjört hefir verið í sýslu hverri á árinu að túngirðingum þessum.

10. gr. Sé tún eigi algirt, þegar 2 ár eru liðin frá því hlutaðeigandi átti kost á að veita efninu móttöku, er öll skuld hans fyrir girðingarefnið, þegar fallin í gjalddaga með 6% vöxtum.

11. gr. Skoðunarmaður sá, er ræðir um í 5. gr., ákveður hve langa járnteina þurfi á hverjum stað og hve marga vírstrengi ofan á hlaðna garða. Grindur í hlið með umbúning og máttarstólpa með nauðsynlegum styttum, þar sem girðing beygist, eða nauðsynlegt þykir vegna lengdar girðingarinnar, leggur sá til, er girðingarefnisins hefur óskað, enda ræður hann hvert efni til þess er notað.

12. gr. Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér; vanræki hann það, varðar það 2—10 kr. sekt, auk skaðabóta. Vísvitandi skemdir á girðingu varða 5—50 kr. sekt auk skaðabóta. Sektir þessar renna að hálfu til uppljóstrarmanns og að hálfu til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið

13. gr. Skyldir skulu jarðeigendur, hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir eða umboðsmenn jarðeigenda, að viðlagðri 10 kr. sekt til sýslusjóðs, að sjá um, að girðingum þessum verði haldið vel við framvegis og þær endurbættar og endurnýjaðar eftir þörfum, og við hverja jarðarúttekt skal fráfarandi skila girðingunni í gildu standi eða með fullu álagi. Hreppstjórar skulu hafa eftirlit með viðhaldi girðinganna og tafarlaust skýra sýslumanni frá, ef vanrækt á sér stað.

14. gr. Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi losað sig við þá skyldu að halda henni við, en borga verður hann þá að fullu það, er eftir stendur af landssjóðslániuu.

15. gr. Þegar leiguliði á jörð, sem hvorki er landssjóðseign né kirkjueign, hefir komið upp girðingu um tún leigujarðar sinnar með aðstoð landsstjórnarinnar, samkvæmt

16. gr. Enginn má hafa gaddavír í traðir né girðingar, sem liggja fram með alfaravegi, nema garður sé undir fullsiginn 1 1/2 al. á hæð og vírinn eigi settur á þá brún hans, sem að veginum snýr, nema annað sé gjört því til varnar, að vírinn skaði menn eða skepnur, sem um veginn fara, eða farangur.

Brot móti þessari grein varða, auk skaðabóta, sektum, 5—50 krónum, er renna í

sýslusjóð þeirrar sýslu, sem brotið er framið í, og skal girðingin upptæk þegar er brotið er sannað, ef eigandi tekur hana eigi tafarlaust upp sjálfur eða bætir úr þessu á annan hátt.

17. gr. Með mál út af brotum, sem ræðir um í 12., 13., og 16. gr., skal farið sem með opinbert lögreglumál.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1904.

Nd.

622. Tillaga

til þingsályktunar um þegnskylduvinnu á Íslandi. Frá Hermanni Jónassyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþing frumvarp til laga um þegnskylduvinnu á Íslandi, er bindi í sér eftirfylgjandi ákvæði:

1. *Að* allir verkfærir karlmenn, sem eru á Íslandi og hafa rétt innfæddra manna, skuli, á tímabilinu frá því þeir eru 18—22 ára, inna þegnskylduvinnu af hendi á því sumri, er þeir æskja eftir og hafa gefið tilkynning um fyrir 1. febrúar næst á undan. En hafi einhver eigi int þegnskylduvinnuna af hendi, þegar hann er 22 ára, þá verði hann, frá þeim tíma og til 25 ára aldurs, að mæta til vinnunnar, nær sem hann er til þess kvaddur, en megi þó setja gildan mann í sinn stað, ef knýjandi ástæður banna honum að vinna sjálfur af sér þegnskylduvinnuna.
2. *Að* þegnskylduvinnan sé í því falin, að hver einstakur maður vinni alls 7 vikur á einu eða tveimur sumrum, eftir því sem hann óskar, og að vinnan sé endurgjaldslaus að öðru en því, að hver fái kr. 0,75, sér til fæðis yfir hvern dag, sem hann er bundinn við nefnda vinnu.
3. *Að* þegnskylduvinnan sé framkvæmd með jarðyrkju, skógrækt og vegavinnu í þeirri sýslu, sem hver og einn hefir heimilisfang, þegar hann er skráður til þegnskylduvinnunnar.
4. *Að* þeir, sem vinnunni stjórna, geti kent hana vel, og stjórni eftir föstum, ákveðnum reglum, líkt og á sér stað við heræfingar í Danmörku.

Ed.

623. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. (Eins og það var samþykt við eina umr. í neðri deild). Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. gr. 2. Athugasemd.
Fyrir: skulu tveir þriðju partar, 4000 kr., eftir gefnir komi: skal helmingur, 3000 kr., eftirgefinn.

Við 11. gr. 11. Liðurinn falli burt.

Við 12. gr. B. 7. Liðurinn falli burt.

Við 12. gr. B. 8. Liðurinn falli burt.

Við 12. gr. D. Önnur málsgrein athugasemdarinnar falli burt.

Við 13. gr. B. VI. a. 4. **Fyrir:** »1500« (síðara árið) komi: 900.

Við 13. gr. B. VI. a. 5. Gyrir »3000« (síðara árið) komi: 2400.
Við 13. gr. B. VI. j. Liðurinn falli burt.
Við 13. gr. B. VI. p. Liðurinn falli burt.
Við 13. gr. VIII. 3. Fyrir: 2400—2400 komi: 2200—2200 og (innanstryks) fyrir: 1000 komi: 800.
Við 14. gr. A. 3. Liðurinn falli burt.
Við 14. gr. A. 19. Liðurinn falli burt.
Við 14. gr. A. 27. Liðurinn falli burt.
Við 14. gr. B. 1. c. Fyrir: 29000—31000 komi: 27000—29000.
Við 14. gr. B. 15. Liðurinn falli burt.

Ed.

624. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um túngirðingar.

Háttv. neðri deild hefir gert ýmsar breytingar á frumvarpi þessu, en engar svo stórvægilegar, að vér finnum ástæðu til þess að beitast gegn þeim, enda eru sumar til þess að gera málið aðgengilegra fyrir þá, sem höfðu nokkuð við það að athuga áður.

Nánari grein fyrir breytingum þessum geymum vér framsögunni í málinu, en ráðum hér með hinni háttv. efri deild til þess, að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi 23. ágúst 1903.

Eiríkur Briem, formaður.
Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögum.
Þorgrímur Þórðarson.

Nd.

625. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum.

Tillaga þessi er komin frá h. e. d. og hér í deildinni falin mentamálanefndinni til íhugunar.

Þó að vér séum enganveginn ánægðir með orðalag tillögunnar og kysum hana nákvæmari og fyllri og líkari tillögunni um sama mál er héðan fór frá deildinni í fyrra, viljum vér samt leggja til að tillagan sé samþykt eins og hún nú liggur fyrir, til þess að tryggja oss sem bezt að landsstjórnin taki hana til greina, að aðalefninu til.

Vér leggjum eigi síður en h. e. d. áherzlu á það, að þessari umbót sé hraðað sem mest með reglugerð, en eigi beðið lagasetningar, sem fresta mundi þessu nauðsynjamáli enn um nokkur ár. Þegar mentamál vor yfir höfuð eru komin í betra skipulag, er tími kominn til lagasetningar um þennan mentaskóla í sambandi við og framhaldi af annari fræðslu í landinu.

Í tillögunni er vitnað í frumvarpið, sem fór frá alþingi 1897, um kenslu í lærða skólanum og gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum og skiljum vér það svo, að með því sé einkum átt við að bekkir lærða skólans séu ekki nema 6 og latína sé að eins kend í 3 efstu bekkjunum. Vér sjáum eigi ástæðu til að leggja sérlega áherzlu á þetta frumvarp. Þar er t. d. frönsku haldið sem skyldunámsgrein, sem vér erum samdóma h. e. d. um að sjálfsagt sé að afnema sem skyldugrein, hitt er vitaskuld að með breytingunni verður latínan ekki inntökuskilyrði í neðstu bekkina, en vér sæum ekkert á móti því, að latína væri kend í 4 efstu bekkjunum, og bekkirnir fyrir neðan væru 3, og væru þá auðvitað væg inntökuskilyrði í neðsta bekkinn, sem að mestu leyti yrði undirbúningsbekkur. Aftur á móti geðjast oss það vel, að nefndin í efri deild hefir í áliti sínu (þskj. 431) vitnað í hina svo nefndu »þriðju stefnu« í Danmörku til fyrirmyndar, eða »nýju málastefnuna«. Vér höfum frá því er mentamálanefndin var skipuð í neðri deild rækilega íhugað þetta lærða skóla mál, og auk þeirra gagna sem vitnað er í á þskj. 431, kynt oss hin nýju lög um hina æðri almenningsskóla í Danmörku, frá 24. apríl þ. á., og hinar einkar rækilegu ástæður fyrir því frumvarpi, er það var lagt fyrir fólksþingið af kirkju- og kenslumálaráðgjafanum haustið 1902. Þar sem vér fulltreystum því að unnið verði að breytingunni á lærða skóla vorum í anda þess stjórnarfars, sem nú er ráðandi í Danmörku, og kemur svo berlega fram í nefndum lögum, og ástæðunum fyrir þeim, teljum vér þessu atriði mentamála vorra nú vel borgið. Vér viljum t. d. taka það fram, að í Danmörku er ætlast til að skólinn taki jafnt stúlkur sem pilta, að konur eigi aðgang að kennaraembættunum, að rektorsembættinu einu undanskildu, að forgangsréttur forntungna-málfræðinga til æðstu embætta við skólana er mjög svo skertur, en hitt látið varða mestu hvað góða fræðsluhæfilegleika kennararnir hafa sýnt, og loks er þess krafist að þegar 5 ár eru liðin frá staðfesting laganna, þá hafi allir nýjir kennarar og nýjar kennarakonur leyst af hendi próf í uppeldisfræði og sýnt og sannað leikni sína í kenslulistinni.

I þingsályktunartillögunni frá aukaþinginu í fyrra um breyting á reglui gjörð lærða skólans jók neðri deild við dráttlist leikfimi og kenslu í skólaiðnað- (sloid), og var í umræðunum í vorri deild lögð sérstök áherzla á þetta. Vér viljum árétta það sem rækilegast í þessu áliti voru og teljum sjálfgefið að í nýrri reglugjörð verði eigi síður hugsað um líkamann en sálina, enda er það bezt í breytingunni væntanlegu, að minna verður borið á stallinn, en hugsað betur um að fóðrið komi að notum.

Neðri deild var og í fyrra sér um þá tillögu, að fækka kenslustundum í neðstu bekkjunum. Það teljum vér enn æskilegt og skulum minna á það að í nýju skólalögunum dönsku er bannað að hafa fleiri en 30 stundir á viku til bóknáms, og hver kenslustund má eigi vera lengri en 50 mínútur, sjötta stundin á deginum er þá ætluð til söngs, leikfimi, skólaiðnaðar og handavinnu. Hjá oss eru bóknámsstundirnar mun fleiri en þetta, en ættu ekki að vera fleiri hér en í Danmörku, enda þótt námstíminn þar sé lengri.

Þessar athugasemdir vonar nefndin fastlega að teknar verði til greina

þó að hún af ástæðu, sem að er vikið, vilji ekki leggja til að breyta sjálfri tillögunni eða auka hana.

Enn vildum vér vekja máls á því hvort ekki væri ástæða til að taka upp skólagjald við lærða skólann 30—50 kr. yfir veturinn, sem auðvitað væri minna þegar tveir eða fleiri bræður, eða þá systkini væru í senn á skólanum. Nú er ókeypis kensla talin með hlunnindum við skólann og þarf jafnan um hana að sækja, en þar sem hún ávalt er veitt er hún talin sjálfsögð, en slíkt þarf alls eigi að vera og má eflaust breyta því með reglugjörð. Slík nýjung yrði í bráð miður vinsæl hjá ýmsum, en margt mælir með henni sem betur má skýra við umræðurnar. Í Danmörk er ákveðið hve stóru broti af nemendum má veita eftirgjöf á skólagjaldinu. Vér höfum ekki á móti því að það væri rýmra hér en alment gerist í Danmörku, t. d. að helmingurinn gæti fengið ókeypis kenslu. Þetta skólagjald, sem numið gæti ekki svo litlu, ætti að koma til viðbótar námsstyrknum til hinna efnilegri og fátækari pilta.

Ein breytingartillaga á þskj. 554 er komin við tillöguna, um aukna kenslu í sögu landsins og bókmentum. Að efni til erum vér henni í fylsta máta samþykkir og erum í engum vafa um, að þeirri kröfu hljóti að verða sint í nýrri reglugjörð, en þar sem vér sjálfir förum eigi fram á neinn viðauka eða neina breytingu við tillögu h. ed., teljum vér heppilegra að þessu innskoti sé líka slept.

Alþingi 22. ágúst 1903.

H. Hafstein	Stefán Stefánsson	Þórh. Bjarnarson
formaður.	skrifari.	framsögum.

Björn Bjarnarson. Hermann Jónasson.

Ed.

626. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um túngirðingar.

Frá Valtý Guðmundssyni, J. Havsteen og Kristjáni Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við orðin »galvaniseraða járnstólpa« bætist inn í: úr deigu smíðajárni.

Við 2. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Þeir ábúendur, sem eru leiguliðar, skulu þó hafa samþykki jarðareiganda til lántökunnar.

Við 18. gr. Þessi grein falli burt.

Sþ.

627. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.)

1. gr. Af hverri tunnu hvallýsis skal greiða útflutningsgjald . kr. 1,00

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Sþ. **628. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 60,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaiðnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera alt að 35—40 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Ed. **629. Frumvarp**

til laga um landsdóm. (Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík.

2. gr. Landsdómurinn rannsakar og dæmir mál þau, er alþingi lætur höfðu á hendur ráðherranum, út af embættisrekstri hans eða á móti landritaranum, út af embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð.

3. gr. Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins. Að öðru leyti er dómurinn skipaður þar til kjörnum mönnum. Kosningum í dóminn skal í fyrsta skifti hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn í landinu kýs svo marga innanhéraðs og innanbæjarmenn, sem hér segir:

Sýslunefndin í	Vesturskaftafellssýslu	kýs 2
——— -	Rangárvallasýslu	— 4
——— -	Vestmanneyjasýslu	— 1
——— -	Árnessýslu	— 6
——— -	Gullbr. og Kjósarsýslu	— 4

————	-	Borgarfjarðarsýslu	— 2
————	-	Mýrasýslu	— 2
————	-	Snæfellsness og Hnappadalssýslu	— 3
————	-	Dalasýslu	— 2
————	-	Austur-Barðastrandarsýslu	— 1
————	-	Vestur————————	— 2
————	-	Vestur-Ísafjarðarsýslu	— 2
————	-	Norður————————	— 3
————	-	Strandasýslu	— 2
————	-	Húnavatnssýslu	— 4
————	-	Skagafjarðarsýslu	— 4
————	-	Eyjafjarðarsýslu	— 4
————	-	Suður-Þingeyjarsýslu	— 4
—— ——	-	Norður ————————	— 1
————	-	Norður-Múlasýslu	— 3
————	-	Suður- ————	— 4
————	-	Austurskaftafellssýslu	— 1
Bæjarstjórnin	-	Reykjavík	— 6
—— ——	á	Ísafirði	— 2
————	-	Akureyri	— 2
—— ——	-	Seyðisfirði	— 1

Af þessum samtals 72 mönnum nefnir hvert hinna fjögurra amtsráða 3 úr tölu þeirra, er sýslunefndir amtsins og kaupstaður hafa kosið; síðan nefnir alþingi á fyrsta sameinaða fundi sínum aðra 12 menn frá, og verða þá eftir 4 tylftir. Þá lætur forseti sameinaðs þings taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum er eftir verða og eiga þeir setu í landsdóminum, þó þannig, að sóknari ryður 3 úr dómi, en ákærði 9, svo að aldrei dæmi meira en ein tylft auk forseta. Hinir 24 skulu vera til vara, til þess að ganga í dóminn, ef einhver aðaldómendanna deyr, missir kjörgengi eða forfallast á annan löglegan hátt.

Dómurinn kýs sér skrifara úr sínum flokki.

4. gr. Enginn getur orðið fyrir kjöri í landsdóminn, sem:

a, er yngri en 40 ára eða eldri en 60 ára;

b, á sæti á alþingi;

e, hefir verið dæmdur fyrir verknað, sem er svívirðilegur að almenningsáliti;

d, hefir mist fjárráð;

e, hefir þegið af sveit og eigi annaðhvort endurgoldið styrkinn eða fengið eftirgjöf á honum

f, er öðrum háður sem hjú;

g, er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;

h, á heima í öðru landi.

5. gr. Nú á forstjóri landsyfirdómsins sæti á alþingi, og gengur þá 1. yfirdómari í hans stað. Sé svo og ástatt um 1. yfirdómara, gengur 2 yfirdómari í hans stað. Eigi allir dómarar landsyfirdómsins sæti á alþingi, kýs dómurinn sér forseta úr sínum flokki og gengst forseti landsyfirdómsins fyrir kosningunni. Síðan tekur hinn kosni forseti með hlutkesti einn úr varamönnunum í sinn stað.

6. gr. Nú deyr einhver hinna kosnu dómenda, missir kjörgengi eða forfallast á annan hátt, þannig, að hann getur ekki setið í dómnum lengur, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnunum og úr gengu, og eiga þeir eftir það sæti í dómnum sem dómendur. Forfallist dómandi eftir að dómur er ruddur eða verði að víkja úr sæti eftir almennum reglum, tekur forseti helmingi fleiri úr varamönnunum en úr gengu, enda ryður þá ákærði helmingnum af þeim, sem teknir voru.— Hlutkesti skal jafnan fara fram í viðurvist að minsta kosti þriggja af dómendum landsdómsins.

7. gr. Dómendur skipa dóminn meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvert ár, þannig, að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhéraðs og innanbæjarmenn, og nefnir hvert amtsráð síðan 3 úr tölu þeirra, er kosnir voru í amtinu, og alþingi að því búnu aðra 12 úr tölu þeirra, er eftir verða. Loks tekur forseti dómsins varamennina, 24 að tölu, með hlutkesti úr þeim 4 tylftum, er eftir verða er alþingi hefir nefnt 12 frá.

8. gr. Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum, og endurgjald fyrir ferðakostnað eftir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði.

9. gr. Ákvörðun alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gjörð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt útnefnir þingið mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara ef hinn kynni að forfallast.

10. gr. Sóknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktunina í frumriti og staðfestu eftirriti. Forseti sendir ákærða eftirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn. Jafnframt ryðji sóknari dóminn að sínu leyti. Sé dómurinn ekki þegar ruddur, tekur forseti með hlutkesti jafnmarga úr dóminum og ryðja átti. Síðan kallar forseti dómendur saman með hæfilegum fresti, þó eigi lengri en 3 mánaða, og gefur jafnframt út stefnu á hendur ákærða með sama fresti, en sóknari lætur birta ákærða stefnuna. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar.

Loks skipar forseti ákærða verjanda, og skal taka til þess mann, sem á heima á Íslandi. Rétt er að ákærði tilnefni manninn, ef hann vill.

11. gr. Sókn og vörn fer fram munnlega og í heyranda hljóði.

12. gr. Dómurinn á ekki þátt í því, að leiða vitni eða leita upplýsinga um kæruatriðin á annan hátt. Það er skylda sóknarans að leita allra sannana, þar á meðal útskriftar úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, og svaramanns að færa fram alt það, er sýkna má ákærða eða mýkja málstað hans, enda er ákærða frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærða, foreldrar hans og tengdaforeldrar og fjarskyldari eða fjartengdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskyldari beint niður á við, systkyn og jafntengdar persónur verða ekki krafðar vitnisburðar um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaleiðslu.

13. gr. Sé hætt við því, að ákærði hyggi á undankomu, getur dómurinn úrskurðað honum gæzluvarðhald, en ekki má skerða frelsi ákærða frekar en brýn nauðsyn krefur.

14. gr. Þurfi að leita upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, tilnefnir dómurinn annaðhvort sérstakan dómara eða dómnefnd til þess, eða felur einum eða fleiri

mönnum úr sínum flokki að standa fyrir vitnaleiðslunni. Jafnframt getur forseti sett menn í stað sækjanda og verjanda, hafi þeir eigi tilnefnt sér umboðsmenn. Þegar svo á stendur sem hér er gert ráð fyrir, fer flutningur og meðferð málsins fram skriflega, enda löggildi forseti bók í því skyni.

15. gr. Dómurinn fellir niður málið, ef sóknari heldur því ekki viðstöðulaust áfram. Dragi svaramaður ákærða eða ákærði málið um skör fram, setur dómurinn þeim hæfilegan frest. Noti þeir ekki frestinn sem skyldi, tekur dómurinn málið upp til dóms. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um meðferð einkamála.

16. gr. Dómur í málinu skal ganga innan 3 sólarhringa frá því að sókn og vörn var úti, enda sé svaramanni og ákærða gefinn kostur á að tala síðast.

Ákærða verður ekki gerð refsing né heldur verða skaðabætur lagðar á hann nema $^2/_3$ dómenda séu á eitt sáttir, enda séu að minsta kosti 9 af dómendunum viðstaddir og taki þátt í dómnum.

Í dómnum skal ákveða sóknara og svaramanni ríflega þóknun fyrir málfærsluna. Þóknun svaramanns má eigi vera minni en sóknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eftir almennum reglum.

Dómurinn skal vera bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á vanalegan hátt.

Nd. **630. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningi til Íslands. (Eftir eina umr. í Ed).

Alþingi skorar á stjórnina að gera ráðstafanir til að laða útlendinga, einkum frá Norðurlöndum, til þess að flytja til Íslands og setjast þar að, meðal annars með því,

að fá menn til þess að rita í erlend blöð og tímarit um Ísland, og gefa út á útlendum tungum og breiða út smáritlinga um landið, landslag þess, loftslag, atvinnuvegi og framtíðarhorfur, ásamt myndum því til skýringar, og ef kostur er á að fá mann eða menn til að útbreiða þekkingu erlendis á kostum landsins með funda- og ræðuhöldum.

að tryggja innflytjendum sérstaka ívilnun á fargjaldi til Íslands;

að bjóða innflytjendum, einkum fjölskyldumönnum, ákveðna tölu dagsláttna af óræktuðu landi til eignar og umráða, eftir þeim reglum, sem stjórnin setur og auglýsir fyrirfram.

Sþ.

631. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.).

I. kafli.

Tekjur

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur ogbreytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðaafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins. Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	37,000	36,000	73,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1904 46,632 kr. 87 a. — —— 1905 46,011 — 18 — 92,644 kr. 05 a. Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár. Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_2$ 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ...	7,500	7,500	15,000
Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skulu tveir þriðju partar, 4,000 kr., eftirgefnir.			
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	als.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 .... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 1,995,120 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 12,400 kr., til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr., — og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

	1904.	1905.	alls
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1 Laun embættismanna	18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl..	4,200	4,200	8,400
3. hin umoðslega endurskoðun:			
a. laun endurskoðanda ..... 2,500 kr.			
b viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda .. .. 500 —			
c. skrifstofukostnaður..... 300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar..... 1,000 —			
	4,300	4,300	8,600
	26,966 67	27,000	53,966 67

		1904.	1905.	alls
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar	26,966,67	27,000	53,966 67
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
	b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins í Reykjavík:			
		1904. 1905.		
	a. laun umsjónarmanns	1000 kr. 1000 kr.		
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 — 200 —		
	c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e	230 — 230 —		
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 — 1225 —		
	e. til eldiviðar og ljósa	520 — 520 —		
	f. þvottur	30 — 30 —		
	g. til þess að útvega verkefni	500 — 500 —		
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 — 400 —		
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —		
	j. þóknun handa lækni	60 — 60 —		
	k. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —		
			4,415	4,415
4.	kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300
5.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.		
	b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —		
	c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —		
	d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —		
	g. útgjöld við sáttamál	50 —	5,100	5,100
			88,015	88,015 176,030
	Flutt...			229,996 67

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C			
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	.....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 234,040 kr. 74 a.:

	1904.	1905.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.	150	150	300
Fluttar...	73,600	73,600	147,200

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	73,600	73,600	147,200
5.	a.	styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b.	styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
6.		styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
7.		útgjöld við holdsveikraspítalann:			
			1904. kr. a.	1905. kr. a.	
	a.	laun til starfsmanna	5,265	5,065	
	b.	viðurværi: kr. a.			
		1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322			
		2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári 3,951.18			
		———	12,273.18	12,273.18	
	c.	klæðnaður sjúklinga..	800	800	
	d.	meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
	e.	eldsneyti.....	3,035	3,035	
	f.	ljósmeti...	475	475	
	g.	viðhald á húsum.....	1,200	1,200	
	h.	húsbúnaður og áhöld.....	800	800	
	i.	þvottur og ræsting...	800	800	
		Flutt...	26,048.18	25,848.18	76,900	76,900	153,800

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar...	26,048.18	25.848.18	76,900	76,900	153,800
k. greftrunarkostnaður .	250	250			
l. flutningskostnaður ...	30	30			
m. til að skemta sjúklingum.....	200	200			
n. hesta- og hænsafóður.....	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	717.19	717.19			
p. ýmisleg útgjöld.....	700	700			
r. til geymsluhúsgjörðar 1904.....	2,500				
			30,570 37	27,870 37	58,440 74
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9 önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		200 —			
e. til sama sjúkrahúss fyrra árið ... .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.		2,000 —			
f. til náms yfirsetukvenna.....		2,000 —			
g. til verkfæra handa yfirsetukonum.....		400 —			
h. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		1,000 —			
i. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6 nóv.br. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.....		1,000 —			
			7,800	5,800	13,600
10. til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....			8,000	.....	8,000
		Samtals...	122,970 37	111,070 37	234,04074

12. gr.

Til samgöngumála veitast 643,937 kr.:

		1904.	1905.	Alls
		kr.	kr.	kr
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —	22,300	22,300	
2. póstflutningur .... Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram		41,000	41,000	
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
4. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu $1^0/_{00}$ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda.....	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	63,900	63,900	

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt... 5,700 kr.	63,900	63,900	
h.	óviss gjöld ..... 200 —			
i.	til viðhalds húsi og áhöldum ..... 100 —			
		6,000	6,000	
5.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	1,000		
6.	til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin	1,100		
		72,000	69,900	141,900
	B.			
	Til vegabóta:			
1.	til verkfræðings landsins: kr.			
	a. laun 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
	Landstjórnin gefur út erindisbréf fyrir verkfræðinginn.	3,500	3,500	7,000
2.	til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	3,000
3.	til flutningabrauta	.....	.....	64,000
	Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið 30,000			
	Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið 15,000			
	Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls 19,000			
	64,000			
4.	til þjóðvega	.....	.....	73,000
	kr.			
	Til vegabóta í Suðuramtinu 8,000			
	- — - Vesturamtinu 20,000			
	- — - Norðuramtinu 30,000			
	- — - Austuramtinu 15,000			
	73,000			
5.	til fjallvega	5,000	5,000	10,000
6.	til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.	4,000	4,000	8,000
	Flutt...			306,900

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...			306,900
7. Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að	40,000		
8. Tillag til sýsluvega:			
a. sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu....	1,000	1,000	
b. sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu	1,000	1,000	
c. sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,800	2,800	
Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefndra vega annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.			
9. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
	45,100	5,100	
C.			50,200
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	357,100

	1904,	1904.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	357,100
2. til gufubátaferða: kr.			
a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300			
2. til sömu ferða 4,000			
að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið..... 10,000			
	17,800	27,800	
Ætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.			
Af upphæðinni undir staflið a. 1. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b. og c. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b. og c.			
	92,800	102,800	
			195,600
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi	35,000	35,000	70,000
Af upphæð þessari má verja svo miklu sem nauðsyn krefur til að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu.			
Væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir alþingi til athugunar.			
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	622,700

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	400	400	622,700
c. til vitans á Reykjanesi:	kr.			
1. til launa vitavarðar	1,200			
2. fyrir olíu	200			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. — steinkol	160			
5. flutningskostnaður	250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum	300			
7. eftirgjald eftir lóðina	30			
		2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	150			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200			
5. steinkol	100			
6. flutningskostnaður	75			
7. eftirgjald eftir lóðina	16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904	3,200			
		4,241	1,041	
e. til vitans við Gróttu:				
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	125			
3. — lampakveiki o. fl.	100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
5. steinkol	60			
6. flutningskostnaður	40			
		885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð		500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. fyrir olíu	175			
3. — lampakveiki o. fl.	150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	80			
5. flutningskostnaður	50			
		855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:	kr.			
1. til vitavarðar	400			
2. til lóðargjalds	10			
3. fyrir olíu	200			
	Flutt... 610	9,171	5,971	622,700

	1904.	1905,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 610	9,171	5,971	622,700
4. — lampakveiki o fl..... 100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 100			
6. fyrir steinkol 100			
7. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....	100	100	
k. Til vita á Skipaskaga:			
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) ...3000			
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....	300	300	
	13,606	7,631	
			21,237
Samtals...	... .	.....	643,937

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 290,316 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr....	9,500	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ..... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið)	120		
5. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
7. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,250		
8. til að kaupa lóð og undirbúa hæfilega til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að .... Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem	6,200		
Fluttar...	35,170	27,100	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	35,170	27,100	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
	35,170	27,100	
			62,270
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b, önnur útgjöld:	1904. kr.	1905. kr.	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905	960	1,280	
2. námsstyrkur. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800	1,000	
3. til tímakenslu	100	100	
4. til bókakaupa	300	300	
5. til eldiviðar og ljósa	150	150	
6. til umsjónar	100	100	
7. ýmisleg útgjöld	300	250	
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	
	2,960	3,430	
	12,160	12,630	
			24,790
II. Til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. námsstyrkur. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.		
2. eldiviður, ljós og ræsting	250 —		
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	600 —		
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —		
Flutt...	2350 —	3,200	3,200	87,060

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...		2,350 —	3,200	3,200	87,060
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að		200 —			
8. ýmisleg útgjöld		250 —			
c. Til þess að leigja hús handa læknaskólanum			4,280 1,000	4,280 1,000	
			8,480	8,480	
III. Til hins lærða skóla:					16,960
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans..... ...		200 —			
			2,600	2,600	
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ... Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa...	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan...	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og próf-dómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur ..... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
Flutt...	11,920—	11,020 —	21,800	21,800	104,020

			1904.	1905.	alls
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	104,020
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleikakenslu	100 —	100 —	14,148	13.248	
			35,948	35,048	70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			7,000	7,000	
b. uppbót til 1. og 2. kennara Möðruvallaskólans, er leiðir af flutningi skólans til Akureyrar, fyrir 9 fyrstu mánuði ársins 1904, 300 kr. til hvors			600		
c. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
	kr.	kr.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	1,700	1,700	
			9,300	8,700	18,000
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500	500			
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500		3,300	2,800	
			6,500	6,000	12,500
		Flutt...	.....	.....	205,516

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	205,516
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum.....	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga....	1,500	900			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að.....	3,000	2,400			
			9,000	7,800	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000	8,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers			7,000	8,000	
Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrk.					
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu..... ...			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík			100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík			400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur.....			800	800	
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.					
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
l. til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað.....			400	300	
m. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde			150	150	
Flutt...			37,150	37,850	205,516

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,150	37,850	205,516
n. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	37,300	38,000	
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík. Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	75,300
b. til sundkensln annarsstaðar. Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til sama manns til þess að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis	500		
3. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi. Þar af laun hans á ári 1400 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að 800 — = 2200 kr.	2,200	2,200	
	3,700	3,200	6,900
Samtals			290,316

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 404,570 kr.

		1904	1905	alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til vísinda, bókmenta og lista:				
1. til Landsbókasafnsins:	kr.			
a. laun bókavarðar	1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið	900			
Flutt...	2,700			

		1904.	1905.	alls.
		kr.	kr.	kr
	Fluttar... 2,700			
c.	til að kaupa bækur og handrit..... 5,000			
d.	til bókbands 1,000			
e.	til samningar spjaldskrár(eftir reikningi) 1,200			
f.	fyrir afskriftir (eftir reikningi) 800			
g.	til að prenta ritaukaskrár..... 200			
h.	til eldiviðar og áhalda m. m. 500			
i.	brunaábyrgðargjald fyrir safnið..... 360			
		11,760	11,760	
	Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.			
2. a.	til amtsbókasafns Norðuramtsins 500			
b.	til —— Austuramtsins..... 400			
c.	til —— Vesturamtsins..... 400			
		1,300	1,300	
	Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3.	til Landsskjalasafnsins:	1904.	1905.	
a.	laun skjalavarðar, er landshöfðingi skipar	kr. 1,400	kr. 1,400	
b.	til að binda inn og búa um skjöl o. fl....	1,000	1,000	
e.	til að afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu.....	500	500	
d.	til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.....	250	250	
		3,150	3,150	
4.	til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík .... 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
5.	til Þjóðvinafélagsins.....	1,000	750	
	Flutt...	19,210	18,960	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,210	18,960	
6. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 600 —			
c. til húsnæðis og hita ..... 2,000 —			
	3,600	3,600	
7. til Fornleifafélagsins ..... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
8. til Náttufræðisfélagsins ..... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	1,000	800	
9. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið ..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins	800	800	
10. til að vinna að texta-útgáfu a íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna.....	300	300	
12. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	600	600	
14. til síra Valdimars Briem's	800	800	
15. til Guðmundar skálds Guðmundssonar, til að ljúka við ljóðabálkinn »Strengleikar«	500		
16. til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta	1,200		
17. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,200	1,200	
Flutt...	30,910	28 760	

	1904.	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	30,910	28,760	
18. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
19. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
20. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
21. til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu tvo hluti á móts við hverja þrjá hluti af landssjóðsstyrknum.	600	600	
22. til lúðrafélags Reykjavíkur í eitt skifti fyrir öll ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum	500		
23. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
24. styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, ...	1,200	1,200	
25. styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
26. styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum.....	1,000		
27. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
28. styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
29. til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
30. til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
31. styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	600	600	
32. Til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og fyrir 2 afrit af kenslubók í hraðritun, er afhendist landsbókasafninu til afnota fyrir almenning...	400	400	
33. styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors	800		
34. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðbók, 1. og 2. borgunaf 5 ára styrk	500	500	
	12,660	35,610	
Flutt...	....	.....	78,270

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	....	.....	78,270
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
	1904.	1905.	
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.	
1. til skólans á Hólum.....	3,500	2,500	
2. til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu.....	500	500	
3. til skólans á Eiðum.....	3,500	2,500	
4. til skólans á Hvanneyri	4,000	2,500	
5. til skólans í Ólafsdal...	3,500	2,500	
		15,000	10,500	
b. til búnaðarfélaga		24,000	24,000	
c. til Búnaðarfélags Íslands		27,000	29,000	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð.....		2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis		2,000		
f. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki		4,500		
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.				
g. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz..		7,000	6,000	
h. styrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk.....		900	900	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör		5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð		4,000	3,000	
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.				
2. a. laun handa 2 dýralæknum.....		2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík		400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		500	500	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors...		1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum.....		78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar, alt að		1,500	500	
Flutt...		176,400	101,900	78,270

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	176,400	101,900	78,270
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði ..... til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að ..... 4000 kr. til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári)..... 1200 — og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar ..... 500 —	5,700	5,200	
8. til Iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar, ...	400		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis . . .	1,500	1,500	
11. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði..... Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.	1,600	1,600	
12. styrkur til Dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti tvöfalt meira fé til fyrirtækisins en styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.	10,000		
13. styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.	15,000		
14. styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi síðara árið alt að ..... að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til byggingarinnar annarsstaðar að.	....	4,700	
	211,200	115,500	326,700
Samtals...	.....	....	404,570

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 326,550 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd verða frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist 4% árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabuðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabuðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð, til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði alt að 40000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar og sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað sem varasjóður þess félags.

Nd. **632. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 619. Flutningsm. L. H. Bjarnason.

Aftan við 8. lið bætist:

9. Munaðarhóll í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 3500 kr.

Sþ. **633. Skilagrein**

fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1901.

A. Sölureikningur.

Tekjur:

Seld alþingistíðindi 1901, 63 eintök á 3 kr.	kr.	189,00
Samtals	kr.	189.00

Gjöld:

1. Ómakslaun við afhendingu 464 eint. af alþ.tíð. 1901 = 1392 kr. á 8% ...	kr.	111,36
2. Sölulaun af alþingistíðindum 1901: 25% af kr. 189,00	—	47,25
3. Greitt í landssjóð	—	30,39
Samtals	**kr.**	**189,00**

B. Afhendingarskýrsla.

1.	Alþingistíðindi afhent ókeypis:	
	a, til sveitarfélaga og kaupstaða	384 eint.
	b, — stjórnarráðsins fyrir Ísland og landshöfðingja	21 —
	c, — alþingismanna	36 —
	d, — bókasafna	8 —
	e, — afnota við samningu registurs	1 —
	f, — »Rigsdagens Bureau«	1 —
	g, — »Statistisk Bureau«	1 —
	h, — innbindingar fyrir alþingi	7 —
	i, — yfirskoðunarmanna landsreikninganna	1 —
	j, tvísent vegna póstvanskila (Vopnafj.hr. Sth.hr.)	4 —
2.	Seld alþingistíðindi	63 —
3.	Óseldur afgangur (þar í vantar af C. 1—2, 100 eint.)	173 —
	Samtals	700 eint.

Alþingi 25. ágúst 1903.

Árni Thorsteinsson. Kl. Jónsson.

Sþ. **634. Skilagrein**

fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1902.

A. Sölureikningur.

Tekjur:

Seld alþingistíðindi 1902, 51 eint. á 2 kr.	kr.	102,00
Samtals	kr.	102,00

Gjöld:

1.	Ómakslaun við afhendingu 460 eintaka af alþingistíðindum 1902: 8% af kr. 920	kr.	73,60
2.	Sölulaun af alþingistíðindum 1902: 25% af kr. 102,00	—	25,50
3.	Greitt í landssjóð	—	2,90
	Samtals	kr.	102,00

B. Afhendingarskýrsla.

1.	Alþingistíðindi afhent ókeypis:	
	a, til sveitarfélaga og kaupstaða	384 eint.
	b, — stjórnarráðsins fyrir Ísland og landshöfðingja	21 —
	c, — alþingismanna	36 —
	d, — bókasafna	8 —
	e, — afnota við samningu registurs	1 —
	f, — »Rigsdagens Bureau«	1 —
	g, — »Statistisk Bureau«	1 —
	h, — yfirskoðunarmanna landsreikninganna	1 —
	i, — innbindingar fyrir alþingi	7 —
2,	Seld alþingistíðindi	51 —
3,	Óseldur afgangur (þar í vantar af C, 1—2, 100 eint.)	189 —
	Samtals	700 eint.

Alþingi 25. ágúst 1903.

Árni Thorsteinsson. Kl. Jónsson.

Sþ. **635. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun (þingskj. 616).

Frá Magnúsi Andréssyni, Ólafi Briem, Jóni Magnússyni, Eggert Pálssyni, Jóhannesi Olafssyni.

Við 12. gr. Á eftir orðunum: »tilskipun 31. maí 1855« bætist inn í: svo og ekkjur þeirra.

Sþ. **636. Breytingartillögur.**

við frumvarp til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri. Flutnm.: Stefán Stefánsson, Hannes Hafstein, Einar Þórðarson, Björn Bjarnarson, Magnús Andrésson, G. Vigfússon, Árni Jónsson, Ólafur Thorlacius, Herm. Jónasson, Kl. Jónsson, Jón Magnússon, Ólafur Briem, Pétur Jónsson, Jóhannes Ólafsson, Ólafur Ólafsson, Jóh. Jóhannesson, Björn Kristjánsson, Guðl. Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Fyrir 60,000 komi: 67,000
2. Við 4. gr. Fyrir 35—40 komi: 45—50

Nd. **637. Nefndarálit**

frá samgöngumálanefndinni.

Nefndin hefir nú rætt mál þau, er henni voru fengin til íhugunar. Sum þeirra hefir nefndin afgreitt í frumvarpsformi til deildarinnar, en um önnur hefir nefndin gjört tillögur til fjárlaganefndarinnar eða deildarinnar.

Í frumvarpsformi hefir nefndin afgreitt frumvarp til laga um heimild handa sýslunefndum og hreppsnefndum til að hækka sýsluvegagjald og hreppavegagjald og frumvarp til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. Þá hefir nefndin og látið uppi sérstakt nefndarálit um frumvarp til laga um brúargjörð á Héraðsvötnum og vísast hér til nefndarálitanna um frumvörp þessi.

Að öðru leyti hefir nefndin haft eftirfarandi mál til meðferðar:

I. Um ***millilandaferðir og strandferðir*** hafði nefndinni borizt tilboð bæði frá hinu danska sameinaða gufuskipafélagi og frá gufuskipafélaginu »Thore« í í Kaupmannahöfn.

Mál þetta var rætt af samgöngumálanefndum beggja deilda í sameiningu, og varð það að ráði, að hvor nefndin um sig skyldi ráða sinni deild til að halda sér fremur að hinu sameinaða gufuskipafélagi. »Thore«-félagið þótti lítt reynt og boð þess að öðru leyti ekki aðgengilegt. Eftir því áttu sömu skipin að halda uppi millilandaferðum og strandferðum. Millilandaferðirnar hefðu orðið þvínær þriðjungi færri en þær nú eru, 13 í stað 18, en landssjóðsgjaldið þó 10,000 kr. hærra en það nú er, eða 60,000 kr. í stað 50,000 kr. Auk þess hafði félagið eigi gjört út neinn mann til að semja við þingið.

Sameinaða gufuskipafélagið hafði hinsvegar sent mann af sinni hendi, fyrrum skipstjóra P. Christiansen, til þess að semja við þingið, og áttu beggja deilda nefndir nokkra fundi með honum, en áður hafði félagið gjört stjórninni margvísleg tilboð um

ferðirnar. Í flestum tilboðunum var áskilið annaðhvort, að strandferðirnar leggðust niður eða að þeim væri fækkað um helming, í að eins 3 var gerður kostur á sömu strandferðum og nú eru.

20 millilandaferðir án strandferða áttu að kosta 25000 kr. úr landssjóði á ári, 16 ferðir án strandferða 20000 kr., en fyrir 14 ferðir án strandferða átti landssjóður ekkert að greiða.

Fyrir jafnmargar millilandaferðir og nú en helmingi færri strandferðir var áskilin 80,000 kr. borgun úr landssjóði, en fyrir nokkru færri millilandaferðir með helmings fækkun á strandferðunum var áskilin sama borgun 50,000 kr., og nú er greidd fyrir millilandaferðir og strandferðir.

Nefndunum kom báðum saman um, að ekki gæti komið til nokkurra mála að fækka strandferðunum, því síður sleppa þeim og var þá að velja milli þriggja tilboða um millilandaferðir með s ö m u strandferðum og nú er. Í fyrsta lagi var kostur á jafnmörgum millilandaferðum og nú fyrir 80,000 kr. úr landssjóði. Í öðru lagi voru framboðnar 20 millilandaferðir fyrir 110,000 kr. úr landssjóði, en þá áttu skipin að fara fram hjá Færeyjum í 16 ferðum. Þriðja boðið var um 20 millilandaferðir með nokkuð fleiri viðkomum í Færeyjum fyrir 75,000 kr. úr landssjóði eða fyrir 25,000 kr. hærra árlegt gjald en nú er.

Af þessum 3 boðum þótti nefndinni einsýnt, að ganga bæri að hinu síðastnefnda boði. Að vísu var árgjald landssjóðs ærið aukið frá því sem nú er, en úr því var ekki að aka, enda ferðirnar 2 fleiri en nú eru þær, og árgjaldið þó 5000 kr. lægra en nú var heimtað fyrir sömu ferðir. Hins vegar var áskilið, að samningur sá, er stjórnin væntanlega gerði við félagið, skyldi að eins binda þingið í 2 ár. Ennfremur lofaði umboðsmaður félagsins því, að 25 stúdentar í Kaupmannahöfn og 50 efnalitlir iðnaðar og alþýðumenn á Íslandi skyldu hafa ferð fram og aftur milli landanna fyrir sama verð og önnur ferðin kostar nú. Og loks hét hann 5% afslætti þeim, er borguðu félaginu 5000 kr. flutningsgjald á ári. En nefndin lét það hins vegar eftir, að farþegar á 1. farrými borguðu fæðispeninga milli hafna sem milli landa, enda höfðu bæði innlendir og útlendir farþegar kvartað yfir því, að á 1. farrými væri stundum ekki jafn vel skipað sem skyldi, einmitt vegna þess að farþegar þyrftu ekki að kaupa mat milli hafna hér.

Um breytingar á ferðaáætlun millilandaskipanna og strandskipanna vísast til meðfylgjandi áætlana, er nefndin hefir látið prenta. Þess skal að eins getið, að helzta breytingin á millilandaferðunum, auk fjölgunar á ferðunum, er sú, að í 2. ferð frá Kaupmannahöfn er skipinu nú ekki ætlað að fara lengra norður en á Seyðisfjörð.—þaðan fer það til Reykjavíkur, og að það fer austur um land áleiðis til Kaupmannahafnar. Að því er strandferðirnar snertir, skal það eitt tekið fram, að fjölgað er 4 viðkomustöðum fyrir Vesturlandsbátinn, sem sé Hjallasandi, Breiðavík, Höfn og Kálfshamarsvík, en 3 fyrir Austurlandsbátinn, Stokkseyri, Unaós og Gunnólfsvík.

II. Í sambandi við næsta mál á undan, ræddi nefndin framkomnar tillögur um að láta sérstaka gufubáta ganga um Breiðaflóa og Eyjafjörð. Nefndin áleit það yfirleitt æskilegt, að smágufubátar væri látnir ganga um helztu firði á landinu. Strandferðirnar, sem nú eru, eru fremur fyrir flutninga milli héraða en fyrir innanhéraðsflutninga, en af því að svo mikið fé gengur nú til sjóvegssamgangna, sá nefndin sér ekki fært að fara

að svo stöddu fram á að veitt væri fé til fleiri nýrra fjarðabáta, en til Breiðafjarðar og Eyjafjarðar, og lagði þó að eins til, að fé yrði veitt til þeirra seinna ár fjárhagstímabilsins.

Auk þess leggur nefndin til, að veitt verði 15300 kr. hvort árið til gufubátsferða á Faxaflóa með því skilyrði, að haldið verði uppi stöðugum ferðum milli Reykjavíkur og Borgarness alt árið, þó ætlast nefndin til, að hið fyrra tillag 10,000 kr. haldist, ef vetrarferðirnar kynnu ekki að komast á.

III. Þá hafði nefndinni borizt bónarbréf um brúargjörð á nokkrum ám, Jökulsá í Øxarfirði, Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu og Lagarfljóti.

Samgöngumálanefndin játti því að nauðsynlegt væri að allar þessar ár og enn fleiri væru brúaðar, en leit jafnframt svo á, sem ekki ætti að ráðast í aðrar brúargjörðir að svo stöddu en þær, sem lögákveðnar væru, heldur ætti að láta verkfræðing rannsaka sem fyrst þau brúarstæði í landinu, er búast mætti við, að landssjóður þyrfti að kosta, og síðan leggja skoðunargjörð verkfræðingsins fyrir alþingi, svo að það gæti réttilega metið alla málavexti. Sérstaklega býst nefndin við því, að rannsakað verði sem fyrst brúarstæði á Ytri-Rangá og þá jafnframt gerð áætlun um byggingarkostnaðinn.

Að því er snertir brúargjörð á Jökulsá, þá viðurkendi nefndin, að sú á væri ein meðal erfiðustu farartálma í landinu, enda lögákveðið að hana skuli brúa, og var nefndin því þessvegna fylgjandi, að lagt væri fram nauðsynlegt fé til hennar.

Um brúargjörðina á Lagarfljóti stendur alveg sérstaklega á. Það var ákveðið að brúa fljótið með lögum frá 9. febrúar 1900 og síðan byrjað á brúargjörðinni sumarið 1901, er þó aldrei komst lengra en svo, að reknir voru niður staurar þeir, er bera áttu brúna. Leið svo það sem eftir var af árinu 1901 og alt árið 1902 að ekkert var aðhafst, en 16. jan. þ. á. kom ísrek á fljótið og braut staurana. Við þetta atvik sló óhug nokkrum á marga þá, sem verið höfðu brúargjörðinni fylgjandi áður, enda hafði það komið í ljós, er staurarnir voru rannsakaðir, að isinn hafði, þann tíma er þeir höfðu staðið, jetið djúpt far, um þumlung á dýpt inn í þá. Síðan hefir verið efst á baugi hjá mörgum að hætta gjörsamlega við að brúa fljótið. Aðrir hafa viljað brúa það hjá Steinsvaði. En aðrir hafa aftur viljað halda áfram brúargjörðinni undan Egilsstöðum.

Þeir, sem haldið hafa fram því að hætta við að brúa fljótið, hafa borið fyrir að brúnni mundi þar aldrei óhætt fyrir ís, en nefndin telur það ekki rétt. Það er eigi hægt í því efni að draga neina ályktun frá slysinu 16. jan. Bæði kvað annað eins ísrek vera öldungis einstakt svo langt sem elztu menn muna, og í annan stað er ósýnt, að brúin hefði brotnað í vetur, ef hún hefði verið komin á. Hún hefði eðlilega veitt miklu meira viðnám, en staurarnir ótengdir saman. Hér við bætist að því fé, er þegar hefir gengið til brúargjörðarinnar, um 50:000 kr., væri gjörsamlega á glæ kastað eða því sem næst, ef hætt væri alveg við brúargjörðina. Og að minsta kosti getur ísrekið í vetur engan veginn réttlætt að hætta algjörlega við brúargjörð á fljótinu, því að vel gæti komið til mála að brúa það annarsstaðar, enda hefir, svo sem þegar hefir verið vikið á, verið bent á brúarstæði við Steinsvað.

Það er nú enginn vafi á því, að brúin væri óhultari fyrir ís á Steinsvaði, enda er ætlast til, að það yrði hengibrú. Og í annan stað mætti líklega nota til hennar mikið af efni því, er ætlað var í Egilsstaðabrúna. En staðkunnugir menn í nefndinni full-

yrða, að brúin kæmi héraðsmönnum ekki að tilætluðum notum, með því að hún lægi utan þjóðbrautar, sérstaklega utan Fagradalsbrautarinnar fyrirhuguðu.

Nefndin gat því hvorugri uppástungunni fylgt, að hætta við brúargjörðina eða hinni að brúa fljótið undan Steinsvaði, og tók því til íhugunar, hvort ekki mundi mega búa svo um brúna við Egilsstaði, að henni væri óhætt.

Nefndin er samdóma stjórninni um það, að ógjörlegt sé að byggja brúna með sama lagi og upphaflega var ætlast til, það átti að vera almenn staurabrú úr tré, en ætlar jafnframt að brúnni mundi verða óhætt fyrir ís, ef hún yrði varin ísbrjótum svo sem ráðunautur stjórnarinnar hefir stungið upp á, enda hefir verkfræðingur landsins, er nefndin kallaði á fund með sér, fullyrt, að með því móti væri brúnni óhætt. Staðkunnugir menn í nefndinni fullyrtu og að brúin kæmi því að eins að tilætluðum notum, að hún yrði bygð þar og *í trausti til þessara tveggja höfuðatriða* réði nefndin af að leggja það til, að halda brúargjörðinni áfram.

Jafnframt brúnni undan Egilsstöðum, ætlaðist nefndin til að komið yrði á velvandaðri ferju á Steinsvaði, er tæki bæði menn og hesta og í því skyni fór nefndin fram á 40,000 kr. fjárveitingu til beggja, brúarinnar og ferjunnar.

IV. Þá hafði nefndin fréttaþráðsmálið til meðferðar. Nefndin álítur að framkvæmdir í því máli megi með engu móti dragast lengur. Sérstaklega álítur nefndin það bráðnauðsynlegt, að landið komist í hraðskeytasamband við önnur lönd. Samband innan lands mætti heldur bíða um stund. Því lagði nefndin það til, að verja mætti öllu því fé, er veitt hefir verið nú um nokkur ár til ritsíma milli landa og innanlands, til þess að koma á hraðskeytasambandi milli landa, að því tilskildu þó, að millilandasambandið væri stofnað fyrir árslok 1904 og innanlandssamband komið á fyrir árslok 1905.

V. Loks hafði nefndin til íhugunar nokkur atriði um póstgöngur á sjó og landi.

Nefndin var einróma á því, að póstafgreiðslumönnum á viðkomustöðum strandbátanna væri heimilt að senda aukapósta til næstu póststöðva með bréf og aðrar póstsendingar úr strandskipunum.

Og enn var nefndin á því, að senda bæri aukapóst frá Búðum að Hellnum eftir komu sunnanpóstsins að Búðum.

Loks lagði nefndin það til, að póststjórnin hlutaðist til um, að notaðir væru mótorbátar til póstflutninga milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar, Stykkishólms og Flateyjar.

Neðri deild alþingis, 25. ágúst 1903.

H. Hafstein formaður.	Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögumaður.	Magnús Andrésson.
Einar Þórðarson.	Ólafur Thorlacius.	Jón Magnússon. Guðl. Guðmundsson.

Ed.

638. Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum eftirfylgjandi

þjóðjarðir, fyrir að minsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Hrísa í Eyjafjarðarsýslu	Kr.	2350 00
2.	Skáldalæk í Eyjafjarðarsýslu	—	2200 00
3.	Syðra Garðshorn í sömu sýslu	—	2800 00
4.	Ytra-Garðshorn í sömu sýslu	—	2200 00
5.	Grund í Svarfaðardal í sömu sýslu	—	3200 00
6.	Tjarnargarðshorn í sömu sýslu	—	2350 00
7.	Ytra-Holt í sömu sýslu	—	2800 00
8.	Möðruvelli í Hörgárdal í sömu sýslu	—	10500 00
9.	Þórustaði í Kaupangssveit í sömu sýslu	—	2800 00
10.	Reykhús í sömu sýslu	—	1250 00
11.	Ægissíðu í Húnavatnssýslu	—	3200 00
12.	Munaðarhól í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	—	3500 00
13.	Seljaland í Vestur-Skaptafellssýslu	—	1500 00
14.	Kirkjubæjarklaustur í sömu sýslu	—	4500 00

2. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbréf er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrétti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabréf fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabréf, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fé.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1905.

Nd. **639. Tillaga**

til þingsályktunar um kenslu í lærðaskólanum í Reykjavík. (Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi skorar á stjórnina að láta semja, svo fljótt sem unt er, og að löggilda nýja reglugerð fyrir skólann í Reykjavík, er fari í öllum aðalatriðum í sömu átt og frumvarp alþingis 1897, þannig *að* gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein, *að* kenslustundum í latínu verði fækkað að mun, *að* latneskir stílar verði lagðir niður við próf, *að* kenslutíma þeim, sem þannig vinst, verði aðallega varið til aukinnar kenslu í móðurmálinu, í sögu landsins og bókmentum, í nýju málunum (einkum ensku og dönsku) í menningarsögu mannkynsins, náttúruþekkingu og eðlisfræði.

Sþ. **640. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um eftirlaun.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

Inn í 12. gr. eftir orðin »þeirri tilskipun« bætist: svo og ekkjur þeirra.

Sþ.

641. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.) Frá Skúla Thoroddsen.

Við 16. gr. Eftir orðin: »meðan börn hennar eru í ómegð 200 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.

Sþ.

642. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1905. (Eins og það var samþ. við eina umræðu í Ed.) Flutningsm.: Skúli Thoroddsen.

Á eftir 14. gr. A. 24 komi nýr liður svo látandi:

Styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit á landsbókasafninu, er snerta æfiatriði íslenzkra presta, fyrra árið 250 kr.

Við 14. gr. A 32. Liðurinn falli burt.

Sþ.

643. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsmenn: Tryggvi Gunnarsson, Hannes Hafstein, Pétur Jónsson, Lárus Bjarnason, Árni Jónsson, Jón Magnússon, Stefán Stefánsson, Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, Jóhannes Ólafsson.

1. Við 11. gr. 10 Á eftir þessum lið komi nýr liður (11.)
   Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal síðara árið 800 kr.
   Styrkurinn veitist með því skilyrði, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 4 sjúklinga og að minsta kosti tvöfalt fé sé lagt fram í móti landssjóðstillaginu.
2. — 14. gr. B. 6 Á eftir þessum lið bætist inn í 2 nýir liðir:
   Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902 (f. á.) alt að 50,000 kr.
3. — — — Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru (f. á.) alt að 6000 kr.
   Gegn því, að tvöfalt fé verði lagt fram annarsstaðar að
4. Við 12. gr. C. 2. a. 2. Fyrir: »4000« komi 5000.
5. Við 12. gr. D. Aftan við fyrri lið athugasemdarinnar komi:
   Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni þegar fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskildu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905 án aukins tillags frá Íslandi.
6. Við 13. gr. B. VI. a. 4. Fyrir: »900« síðara árið komi: 1500.
7. Við 13. gr. B. VI. a. 5. Fyrir: »2400« síðara árið komi: 3000.
8. Við 13. gr. B VI. i. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
   Til kennara í organslætti og sönglist á Akureyri..... 300—300
9. — 13. gr. B. VI. m. Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:
   Til skólans í Búðardal 1000 kr.

Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að 600 — 1600—1600.

10. — 14. gr. A. 2. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til sýslubókasafna alt að 100 kr. á ári til hvers alt að 1000—1000 kr. Gegn því að jafn mikið tillag komi annarsstaðar að og að sendar séu skýrslur til landstjórnarinnar um efnahag, fyririrkomulag, og bókakaup safnanna.

11. Við 14. gr. A. 16. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindis 200—200 kr.

12. Við 14. gr. B. 1. c. fyrir »27,000—29,000« komi: 29,000—31,000.

13. Við 14. gr. B. 14. komi nýr liður:
15. Styrkur til konsúls D. Thomsen til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á flutningabrautum landsins 2000 kr.
Landsstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þann, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.

Sþ.

644. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904—1905 eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.

Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson, Hannes Þorsteinsson, Sig. Jensson, Eggert Pálsson.

14. gr. A. 21 til Leikfélags Reykjavíkur. Í staðinn fyrir: »alt að . . . 600—600«, komi: 800—800.

Athugasemdin orðist þannig:
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.

Sþ.

645. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 12. gr. B. 4. Fyrir: »73000« komi: 70000
Fyrir: »Norðuramtinu 30000« innanstryks komi: Norðuramtinu 27000.

Við 12. gr. C. 2. c. (Breiðaflóabátur): Liðurinn falli burt.

Við 13. gr. B. VIII. 2. Liðurinu falli burt.

Við 14. gr. A. 15. Sömuleiðis.

Við 14. gr. A. 16. Sömuleiðis.

Við 14. gr. A. 23. Sömuleiðis.

Við 14. gr. A. 33. Sömuleiðis.

Við 14. gr. A. 34. Sömuleiðis.

Við 14. gr. B. 12. Sömuleiðis.

Við 14. gr. B. 13. Sömuleiðis.

Við 14. gr. B. 14. Sömuleiðis.

Sþ. **646. Breytingartillögur.**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 (þgskj. 631). Frá Valtý Guðmundssyni.

Við 12. gr. A. 2. Fyrir: »41,000—41,000« komi: 46,000—46,000.

Við 12. gr. A. 2. Aftan við athugasemdina bætist:

Af þessari upphæð má og verja alt að 5000 kr. hvort árið til gufuskipafélagsins »Thore« fyrir strandferðir og póstflutning samkvæmt samningi milli þess og landsstjórnarinnar.

Við 13. gr. B. VI. i. Þessi liður orðist svo: Til tónskáldsins Sveinbjarnar Sveinbjörnsson til að kenna sönglist og hljóðfæraslátt í Reykjavík 2,000—2,000.

Til vara: Liðurinn falli burt.

Sþ. **647. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. (Eins og það var samþykt við eina umr. í efri deild. Frá Þórh. Bjarnarsyni. Hermanni Jónassyni.

Við 14. gr. A. 15. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 16. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 22. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 30. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 31. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 32. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 33. Liðurinn falli burt.
— 14. gr. A. 34. Liðurinn falli burt.

Nd. **648. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um þegnskylduvinnu á Íslandi (þskj. 622). Flutningsmaður: Þórh. Bjarnarson.

1. Fyrir: »Neðri deild alþingis«, í upphafi tillögunnar, komi: Alþingi.
2. Orðin »jarðyrkju, skógrækt og« í 3. lið tillögunnar falli burt.
3. Fyrir orðin »í þeirri sýslu« í sama lið komi: í þeim landsfjórðungi.

Sþ. **649. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Hannesi Þorsteinssyni og Skúla Thoroddsen.

Við 14. gr. A. 7. Á eftir þessum lið komi nýr liður:

Til Sögufélagsins 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að 600—600 kr.

Sþ. **650. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

Við 14. gr. A. 15. Liðurinn falli burt.
— — — — 16. Liðurinn falli burt.
— — — — 33. Liðurinn falli burt.
— — - - — 34. Liðurinn falli burt.

Sþ. **651. Frumvarp**

til laga um eftirlaun. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Sþ.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landssjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna.

4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun, 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali á síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

5. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

8. gr. Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_{10}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 600 kr. Þegar ástæður virðast til, getur konungur, í viðbót við eftirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

9. gr. Þær embættismanns ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr. Eftirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giftist af nýju; 2, þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á

hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

12. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun, svo og ekkjur þeirra. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

Sþ. **652. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (eins og það var samþ. við eina umr. í Sþ.).

1. gr. Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 67,000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaíþnaður og leikfimi.

3. gr. Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefir að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr. Í skólanum skulu vera alt að 45—50 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr. Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

6. gr. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Sþ. **653. Atkvæðaskrá**

við eina umræðu um frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 í sameinuðu þingi.

1. Við 11. gr. 10 Á eftir þessum lið komi nýr liður (11).

Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótshlíð síðara árið 800 kr.

Styrkurinn veitist með því skilyrði, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 4 skjúklinga og að minsta kosti tvöfalt fé sé lagt fram í móti landssjóðstillaginu (643).

2. Við 12. gr. A. 2. Fyrir: »41,000—41,000« komi: 46,000—46,000 (646).
3. Við 12. gr. A. 2. Aftan við athugasemdina bætist: (646).

Af þessari upphæð má og verja alt að 5000 kr. hvort árið til gufuskipafélagsins »Thore« fyrir strandferðir og póstflutning samkvæmt samningi milli þess og landsstjórnarinnar.

4. Við 12. gr. B. 4. Fyrir: »73,000« komi: 70,000 (645).

Fyrir: »Norðuramtinu 30,000« innanstryks komi: Norðuramtinu 27,000.

5. Við 12. gr. 6. Á eftir þessum lið bætist inn 2 nýir liðir: (643)

Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902 (f. á.) alt að 50,000 kr.

6. — — — Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru (f. á.) alt að 6000 kr.

Gegn því, að tvöfalt fé verði lagt fram annarsstaðar að (643).

7. Við 12. gr. C. 2. a. 2. Fyrir: »4000« komi: 5000 (643).
8. Við 12. gr. C. 2. c. (Breiðaflóabátur): Liðurinn falli burt. (645).
9. Við 12. gr. D. Aftan við fyrri lið athugasemdarinnar komi: (643).

Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni þegar fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskildu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905 án aukins tillags frá Íslandi.

10. Við 13. gr. B. VI. a. 4. Fyrir: »900« síðara árið komi: 1500. (643).
11. Við 13. gr. B. VI. a. 5. Fyrir: »2400« síðara árið komi: 3000. (643).
12. Við 13. gr. B. VI. i. Á eftir þessum lið komi nýr liður: (643).

Til kennara í organslætti og sönglist á Akureyri ..... 300—300

13. Við 13. gr. B. VI. i. Þessi liður orðist svo: Til tónskáldsins Sveinbjarnar Sveinbjörnsson til að kenna sönglist og hljóðfæraslátt í Reykjavík 2,000—2,000.

Til vara: Liðurinn falli burt. (646).

14. Við 13. gr. B. VI. m. Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:

Til skólans í Búðardal 1000 kr.

Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að 600 — 1600—1600.

15. Við 13. gr. B. VIII. 2. Liðurinn falli burt.
16. Við 14. gr. A. 2. Á eftir þessum lið komi nýr liður. (643).

Til sýslubókasafna alt að 100 kr. á ári til hvers alt að 1000—10000 kr. Gegn því að jafn mikið tillag komi annarsstaðar að og að sendar séu skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.

17. Við 14. gr. A. 7. Á eftir þessum lið komi nýr liður (649):

Til Sögufélagsins 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að 600—600 kr.

18. Við 14. gr. A. 15. Liðurinn falli burt (645, 647, 650).
19. Við 14. gr. A. 16. Á eftir þessum lið komi nýr liður (643).

Til »Bindindissameiningar Norðurlands« og til útbreiðslum og eflingar bindindis 200—200 kr.

20. Við 14. gr. A. 16. Liðurinn falli burt (645, 647, 650).

21. Við 14. gr. A. 21. til Leikfélags Reykjavíkur. Í staðinn fyrir »alt að »600—600« komi: 800—800.

Athugasemdin orðist þannig:

Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði. (644).

22. Við 14. gr. A. 22. Liðurinn falli burt (647).

23. Við 14. gr. A. 23. Liðurinn falli burt (645).

24. Á eftir 14. gr. A. 24 komi nýr liður svolátandi: (642).

Styrkur til Sighvats Gr. Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, til að rannsaka handrit á landsbókasafninu, er snerta æfiatriði íslenzkra presta, fyrra árið 250 kr.

25. Við 14. gr. A. 30. Liðurinn falli burt (647).

26. Við 14. gr. A. 31. Liðurinn falli burt (647).

27. Við 14. gr. A. 32. Liðurinn falli burt (642, 647).

28. Við 14. gr. A. 33. Liðurinn falli burt (645, 647, 650).

29. Við 14. gr. A. 34. Liðurinn falli burt (645, 647, 650).

30. Við 14. gr. B. 1. c. fyrir »27,000—29,000« komi: 29,000—31,000 (643).

31. Við 14. gr. B. 12. Liðurinn falli burt (645).

32. Við 14. gr. B. 13. Liðurinn falli burt (645).

33. Við 14. gr. B. 14. komi nýr liður: (643).

15. Styrkur til konsúls D. Thomsen til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á flutningabrautum landsins 2000 kr.

Landsstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þann, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.

34. Við 14. gr. B. 14. Liðurinn falli burt (645).

35. Við 16. gr. Eftir orðin: »meðan börn hennar eru í ómegð 200 kr.« komi: til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr. (641).

Sþ.

654. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1904—1905. Frá Birni Kristjánssyni.

Við 14. gr. A. 25: Liðurinn falli burtu.

Til vara:

Til að taka eftirrit af íslenzkum þjóðlögum í Kaupmannahöfn 100 kr. (fyrra árið).

Sþ.

655. Viðaukatillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá Hallgr. Sveinssyni.

Aftan við 13. gr. A. b. síðasta lið bætist nýr liður:

Til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum veitist á fjárhagstímabilinu alt að . . . 3000 kr.

Ed. **656. Tillaga**

til þingsályktunar um þegnskylduvinnu á Íslandi. (Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþing frumvarp til laga um þegnskylduvinnu á Íslandi, er bindi í sér eftirfylgjandi ákvæði:

1. *Að* allir verkfærir karlmenn, sem eru á Íslandi og hafa rétt innfæddra manna, skuli, á tímabilinu frá því þeir eru 18—22 ára, inna þegnskylduvinnu af hendi á því sumri, er þeir æskja eftir og hafa gefið tilkynning um fyrir 1. febrúar næst á undan. En hafi einhver eigi int þegnskylduvinnuna af hendi, þegar hann er 22 ára, þá verði hann, frá þeim tíma og til 25 ára aldurs, að mæta til vinnunnar, nær sem hann er til þess kvaddur, en megi þó setja gildan mann í sinn stað, ef knýjandi ástæður banna honum að vinna sjálfur af sér þegnskylduvinnuna.
2. *Að* þegnskylduvinnan sé í því falin, að hver einstakur maður vinni alls 7 vikur á einu eða tveimur sumrum, eftir því sem hann óskar, og að vinnan sé endurgjaldslaus að öðru en því, að hver fái kr. 0,75 sér til fæðis yfir hvern dag, sem hann er bundinn við nefnda vinnu.
3. *Að* þegnskylduvinnan sé framkvæmd með jarðyrkju, skógrækt og vegavinnu í þeirri sýslu, sem hver og einn hefir heimilisfang, þegar hann er skráður til þegnskylduvinnunnar.
4. *Að* þeir, sem vinnunni stjórna, geti kent hana vel, og stjórni eftir föstum, ákveðnum reglum, líkt og á sér stað við heræfingar í Danmörku.

Nd. **657. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum.

(Eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að gjöra sem fyrst ráðstafanir til að safna öllum nauðsynlegum skýrslum, er snerta hag kirkjunnar, og skipa 5 manna nefnd milli þinga til að taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og að koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Hagkvæma skipun kirkjumálanna, er veiti þjóðkirkjunni slíkt sjálfstæði og sjálfstjórn í sínum eigin málum, sem hún eftir eðli sínu og 45. gr. stjórnarskrárinnar á heimtingu á og þarfnast til að geta fullnægt ákvörðun sinni.
2. Hvort eða að hve miklu leyti það verði að álítast nauðsynlegt, að kirkja og ríkisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefir verið.
3. Hagfelda skipun prestakalla í landinu:
4. Nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta og prófasta, bæði að því, er snertir launin sjálf og innheimtu þeirra.

Sþ. **658. Breytingartillaga**

við frvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá Birni Bjarnarson og Einari Þórðarsyni.

Við 13. gr. B. VIII. 3. Fyrir: 800 komi: 1000.

Sþ.

659. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþ. við *eina umr. í* Sþ.).

I. kafli.

Tekjur

1. gr.

Á árunum 1904 og 1905 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1.668,570 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,401,200 kr.

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	34,000	34,000	68,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,000	3,000	6,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m að frádregnum 2% í innheimtulaun	70,000	70,000	140,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	100,000	100,000	200,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	20,000	20,000	40,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
16. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals...	700,600	700,600	1,401,200

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 50,170 kr:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ..... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur ogbreytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðaafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðunni Laug í Biskupstungum.			
Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi $^1/_3$ kostnaðarins.			
Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð.			
2. tekjur af kirkjum	85	85	170
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	25,085	25,085	50,170

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 88,000 kr.:

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	37,000	36,000	73,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1904 46,632 kr. 87 a. — —— 1905 46,011 — 18 — 92,644 kr. 05 a.			
Heimilt er landsstjórninni að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6% af allri lánsupphæðinni í 28 ár.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_2$ 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans..... ...	7,500	7,500	15,000
Af 6,000 kr. láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegn um bakka sína, skulu tveir þriðju partar, 4,000 kr., eftirgefnir.			
Samtals...	44,500	43,500	88,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.

	1904.	1905.	als.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ..... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000, sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1904 og 1905 veitast til útgjalda 2,069,120 kr. 41 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1904: 12,400 kr., til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans 150 kr. á mánuði, alt að 1,200 kr., — og árið 1905: 14,400 kr., samtals: 28,000 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 260,456 kr. 67 a.

	1904.	1905.	alls
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1 Laun embættismanna	18,466 67	18,500	36,966 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl..	4,200	4,200	8,400
3. hin umoðslega endurskoðun:			
a. laun endurskoðanda ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda .. .. 500 —			
c. skrifstofukostnaður..... 300 —			
d. handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi skipar..... 1,000 —			
	4,300	4,300	8,600
Flutt			53,966 67

			1904.	1905.	alls
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Fluttar			53,966 67
	B.				
	Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	laun:				
	a. til dómara og sýslumanna		68,800	68,800	
	b. til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	til hegningarhússins í Reykjavík:				
		1904. 1905.			
	a. laun umsjónarmanns	1000 kr. 1000 kr.			
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	200 — 200 —			
	c. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e	230 — 230 —			
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	1225 — 1225 —			
	e. til eldiviðar og ljósa	520 — 520 —			
	f. þvottur	30 — 30 —			
	g. til þess að útvega verkefni	500 — 500 —			
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 — 400 —			
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
	j. þóknun handa lækni	60 — 60 —			
	k. ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
			4,415	4,415	
4.	kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300	
5.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum	50 —			
	d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. útgjöld við sáttamál	50 —			
			5,100	5,100	
			88,015	88,015	176,030
		Flutt...			229,996 67

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
Fluttar...	.....	.....	229,996 67
C			
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin ..... 1290 —			
c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna (30 arkir) alt að 43 kr. örkin 1290 —			
d, til kostnaðar við sending með póstum 450 —			
e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, alt að 40 kr. fyrir örkina ..... 1200 —			
	4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða að svo miklu leyti sem landssjóði ber að greiða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manna við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. tillag til veðdeildar landsbankans	5,000	2,500	
	16,480	13,980	30,460
Samtals...	.....	.....	260,456 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 235,640 kr. 74 a.:

	1904. kr. a.	1905. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	71,850	71,850	143,700
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.	150	150	300
Fluttar...	73,600	73,600	147,200

			1904.	1905.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	73,600	73,600	147,200
5.	a.	styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	4,000
	b.	styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr....	300	300	600
6.		styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
7.		útgjöld við holdsveikraspítalann:			
			1904. kr. a.	1905. kr. a.	
	a.	laun til starfsmanna	5,265	5,065	
	b.	viðurværi: kr. a.			
		1. handa 60 sjúklingum, 38 a. á dag ... 8,322			
		2. handa 18 starfsmönnum 219 kr. 51 a. á ári 3,951.18			
			12,273.18	12,273.18	
	c.	klæðnaður sjúklinga..	800	800	
	d.	meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
	e.	eldsneyti.....	3,035	3,035	
	f.	ljósmeti...	475	475	
	g.	viðhald á húsum.....	1,200	1,200	
	h.	húsbúnaður og áhöld.....	800	800	
	i.	þvottur og ræsting...	800	800	
		Flutt...	26,048.18	25,848.18	76,900	76,900	153,800

			1904.	1905.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar...	26,048.18	25.848.18	76,900	76,900	153,800
k.	greftrunarkostnaður .	250	250			
l.	flutningskostnaður ...	30	30			
m.	til að skemta sjúklingum.....	200	200			
n.	hesta- og hænsafóður.....	125	125			
o.	skattar og brunaábyrgðargjald	717.19	717.19			
p.	ýmisleg útgjöld.....	700	700			
r.	til geymsluhúsgjörðar 1904.....	2,500				
				30,570 37	27,870 37	58,440 74
8.	útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9	önnur útgjöld:					
a.	styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b.	styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c.	styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d.	styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		200 —			
e.	til sama sjúkrahúss fyrra árið ... .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér.		2,000 —			
f.	til náms yfirsetukvenna.....		2,000 —			
g.	til verkfæra handa yfirsetukonum.....		400 —			
h.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		1,000 —			
i.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6 nóv.br. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.....		1,000 —			
				7,800	5,800	13,600
10.	til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði.....			8,000	.....	8,000
11.	Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að sjúkraskýlið hafi rúm fyrir 4 sjúklinga og að minsta kosti tvöfalt fé sé lagt fram í móti landssjóðstillaginu.			.....	800	800
			Samtals...	123,770 37	111,870 37	235,640 74

12. gr.

Til samgöngumála veitast 701,937 kr.:

		1904.	1905.	Alls
		kr.	kr.	kr
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	3,300 —			
c. handa bréfhirðingamönnum.....	6,500 —			
		22,300	22,300	
2. póstflutningur ..... Þar af alt að 1000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja allskonar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram		41,000	41,000	
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. október frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ..... Landshöfðingi samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
4. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans.....	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	1,000			
e. til áhalda.....	1,500			
f. til bréfaburðar í Reykjavík	600			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	200			
Flutt...	5,700	63,900	63,900	

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 5,700 kr.	63,900	63,900	
h. óviss gjöld ..... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum..... 100 —			
	6,000	6,000	
5. til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum.....	1,000		
6. til að koma pósthúskjallaranum svo í lag, að bögglapósturinn verði sorteraður þar og látinn niður og til að gera skúr fyrir póstkoffortin.....	1,100		
B.	72,000	69,900	
			141,900
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
Landstjórnin gefur út erindisbréf fyrir verkfræðinginn.	3,500	3,500	7,000
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur alt að	1,500	1,500	3,000
3. til flutningabrauta	.....	.....	64,000
Til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið 30,000			
Til flutningabrautar í Borgarfirði fyrir fjárhagstímabilið..... 15,000			
Til viðhalds flutningabrauta 12000 fyrra árið og 7000 síðara árið, alls 19,000			
64,000			
4. til þjóðvega	.....	.....	73,000
kr.			
Til vegabóta í Suðuramtinu..... 8,000			
- — - Vesturamtinu 20,000			
- — - Norðuramtinu 30,000			
- — - Austuramtinu 15,000			
73,000			
5. til fjallvega	5,000	5,000	10,000
6. til að kaupa áhöld og verkfæri, viðhald þeirra o. fl.	4,000	4,000	8,000
7. Til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði samkvæmt lögum nr. 40 $^{6}/_{11}$ 1902, alt að.....	50,000	.....	50,000
8. Til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru alt að	6,000	.....	6,000
Gegn því að tvöfalt fé verði lagt fram annarsstaðar að.			
Flutt...			362,900

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...			362,900
7. Til þess samkvæmt lögum nr. 8, frá 9. febr. 1900 að fullgjöra brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja ferju á Steinsvaði alt að	40,000		
8. Tillag til sýsluvega:			
a. sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu....	1,000	1,000	
b. sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu	1,000	1,000	
c. sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,800	2,800	
Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefndra vega annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.			
9. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði.....	300	300	
	45,100	5,100	
C.			50,200
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að úr ríkissjóði verði veittar 65,000 kr. á ári til ferða milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og farþega, að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagstímabilinu 1902 og 1903, og að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá skrifstofustjóra hins íslenzka stjórnarráðs í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.....	75,000	75,000	
Flutt...	75,000	75,000	413,100

	1904,	1904.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	75,000	75,000	413,100
2. til gufubátaferða: kr.			
a. 1. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa alt að 10,300			
2. til sömu ferða ..... 5,000 að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, alt að..... 3,500			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið 10,000			
Aætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir landshöfðingi, eftir að hann hefir fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.	18,800	28,800	
Af upphæðinni undir staflið a. 1. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara.			
Styrkurinn undir staflið a., b. og c. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sérstaks endurgjalds.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b. og c.	93,800	103,800	
			197,600
D.			
Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi	35,000	35,000	70,000
Af upphæð þessari má verja svo miklu sem nauðsyn krefur til að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu.			
Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskildu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905 án aukins tillags frá Íslandi.			
Væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir alþingi til athugunar.			
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa ...	300	300	
b. til eftirlitsferða...	100	100	
Fluttar...	400	400	680,700

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	400	400	680,700
c. til vitans á Reykjanesi: kr.			
1. til launa vitavarðar 1,200			
2. fyrir olíu 200			
3. — lampakveiki o. fl..... 150			
4. — steinkol..... 160			
5. flutningskostnaður 250			
6. til viðhalds á húsi og áhöldum..... 300			
7. eftirgjald eftir lóðina 30			
	2,290	2,290	
d. til vitans á Skagatá:			
1. til vitavarðar..... 400			
2. fyrir olíu 150			
3. — lampakveiki o. fl. 100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..... 200			
5. steinkol 100			
6. flutningskostnaður 75			
7. eftirgjald eftir lóðina 16			
8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum 1904 3,200			
	4,241	1,041	
e. til vitans við Gróttu:			
1. til vitavarðar..... 400			
2. fyrir olíu 125			
3. — lampakveiki o. fl. 100			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..... 160			
5. steinkol..... 60			
6. flutningskostnaður 40			
	885	885	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....	500	500	
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð: kr.			
1. til vitavarðar..... 400			
2. fyrir olíu 175			
3. — lampakveiki o. fl. 150			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 80			
5. flutningskostnaður 50			
	855	855	
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði: kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds..... 10			
3. fyrir olíu..... 200			
Flutt... 610	9,171	5,971	680 700

	1904.	1905,	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 610	9,171	5,971	680,700
4. — lampakveiki o fl..... 100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum ... 100			
6. fyrir steinkol 100			
7. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga.....	100	100	
k. Til vita á Skipaskaga:			
1. Til byggingar vitans gegn því að héraðsbúar byggi vitann undir umsjón landsstjórnarinnar og kosti bygging hans að öðru leyti, alt að (fyrra árið) ...3000			
2. Til kostnaðar við vitahaldið alt að 75—300			
	3075	300	
l. Til vitans á Elliðaey á Breiðafirði.....	300	300	
	13,606	7,631	
			21,237
Samtals...	... .	.....	701,937

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 297,716 kr.

	1904.	1904.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a. laun biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,500	10,000	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ..... Landshöfðingi úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti.	600	600	
4. Uppbót til séra Jóns Jónssonar í Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið)	120		
5. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
7. til að gera við Þykkvabæjarklausturs- og Langholtskirkjur og útvega messuskrúða í þær...	2,250		
8. til að kaupa lóð og undirbúa hæfilega til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík alt að .... Til þess má einnig verja þeim 600 kr., sem	6,200		
Fluttar...	35,170	27,100	

	1904	1905	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr.
Fluttar...	35,170	27,100	
Reykjavíkurbær borgar fyrir réttindaafsal landssjóðs til lóðar kirkjugarðs þess, sem lagður var niður 1837.			
9. Til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum veitist á fjárhagstímabilinu alt að	.....	.....	3000
	35,170	27,100	
			62,270

B.

Til kenslumála.

I. Til prestaskólans:

	1904. kr.	1905. kr.		
a. laun.....			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1904 og 16 1905.....	960	1,280			
2. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800	1,000			
3. til tímakenslu	100	100			
4. til bókakaupa..... ...	300	300			
5. til eldiviðar og ljósa....	150	150			
6. til umsjónar.....	100	100			
7. ýmisleg útgjöld.....	300	250			
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að.....	250	250			
			2,960	3,430	
			12,160	12,630	
					24,790

II. Til læknaskólans.

a. laun.....			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.				
2. eldiviður, ljós og ræsting.....	250 —				
3. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	600 —				
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —				
Flutt...	2350 —		3,200	3,200	90,060

			1904	1905	Alls
			kr.	kr.	kr
Fluttar ...		2,350 —	3,200	3,200	90,060
5. húsaleiga handa lærisveinum 80 kr. handa hverjum		1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		200 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að		200 —			
8. ýmisleg útgjöld		250 —			
c. Til þess að leigja hús handa læknaskólanum			4,280 1,000	4,280 1,000	
			8,480	8,480	
III. Til hins lærða skóla:					16,960
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum		700 —			
— dyraverði		1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —			
			2,600	2,600	
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans ... Af þeim má verja 120 kr. hvort árið til að semja bókaskrá yfir safnið.	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa...	1,400 —	1,400 —			
3. til skólahússins utan og innan...	2,300 —	1,400 —			
4. til tímakenslu og prófdómenda	1,200 —	1,200 —			
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara	1,600 —	1,600 —			
6. námsstyrkur ..... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	4,000 —	4,000 —			
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
8. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
Flutt...	11,920—	11,020 —	21,800	21,800	107,020

			1904.	1905.	alls
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	11,920 kr.	11,020 kr.	21,800	21,800	107,020
9. ýmisleg útgjöld	1,030 —	1,030 —			
10. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
11. til vísindalegra áhalda við kenslu:					
a. í náttúrusögu	150 —	150 —			
b. í eðlisfræði	300 —	300 —			
12. til þess að gefa út kenslubækur handa lærðaskólanum, 30 kr. fyrir örkina	600 —	600 —			
13. til áhalda við fimleika-kenslu	100 —	100 —	14,148	13.248	
			35,948	35,048	70,996
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			7,000	7,000	
b. uppbót til 1. og 2. kennara Möðruvallaskólans, er leiðir af flutningi skólans til Akureyrar, fyrir 9 fyrstu mánuði ársins 1904, 300 kr. til hvors			600		
c. önnur útgjöld:	1904.	1905.			
	kr.	kr.			
1. til bóka og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa...	300	300			
3. ýmisleg útgjöld	400	400			
4. til styrkveitingar náms-piltum	400	400	1,700	1,700	
			9,300	8,700	18,000
V. Til stýrimannaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
	1904	1905			
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakenslu	1,400	1,400			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	400	400			
3. til eldiviðar og ljósa	500	500			
4. ýmisleg útgjöld	500	500			
5. styrkur til annars af kennurum skólans til að fullkomna sig í gufuvélafræði...	500		3,300	2,800	
			6,500	6,000	12,500
		Flutt...	.....	.....	208,516

	1904. kr.	1905. kr.	1904. kr.	1905. kr.	alls. kr.
Fluttar...			.....	.....	208,516
VI. Til annarar kenslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500	2,500			
Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum.....	500	500			
3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	1,500	1,500			
4. til kvennaskóla Eyfirðinga....	1,500	1,500			
5. til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem er alt skólaárið, alt að.....	3,000	3,000	9,000	9,000	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum .... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.			7,000	8,000	
2. til sveitakennara alt að 80 kr. til hvers ..... Styrkur þessi veitist eftir tillögum stiftsyfirvaldanna og gegn því að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrk.			7,000	8,000	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu..... ... Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.			3,200	3,200	
e. námsstyrkur handa kennaraefnum alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
h. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík			100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík			400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur..... ..... Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.			800	800	
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja			5,000	5,000	
l. til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku og ferðar hans þangað.....			400	300	
m. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde			150	150	
Flutt...			37,150	39,050	208,516

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,150	39,050	208,516
n. Til skólans í Búðardal í Dalasýslu kr. 1,000 Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði alt að ..... — 600	1,600	1,600	
o. til séra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kenslu heyrnar- og málleysingja.....	150	150	
	38,900	40,800	79,700
VII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík..... . Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkenslu annarsstaðar..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
2. Til sama manns til þess að kynna sér kenslufyrirkomulag í skólaiðnaði erlendis.....	500		
3. Til Guðmundar Finnbogasonar, mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi..... ..... Þar af laun hans á ári 1400 kr. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að..... 800 — = 2200 kr.	2,200	2,200	
	3,700	3,200	6,900
Samtals	.....	.....	297,716

14. gr.

Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja veitast 411,570 kr.

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til vísinda, bókmenta og lista:			
1. til Landsbókasafnsins: kr.			
a. laun bókavarðar..... 1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið... 900			
Flutt... 2,700			

		1904.	1905.	alls
		kr.	kr.	kr
	Fluttar... 2,700			
	c. til að kaupa bækur og handrit..... 5,000			
	d. til bókbands 1,000			
	e. til samningar spjaldskrár(eftir reikningi) 1,200			
	f. fyrir afskriftir (eftir reikningi) 800			
	g. til að prenta ritaukaskrár..... 200			
	h. til eldiviðar og áhalda m. m. 500			
	i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið..... 360			
		11,760	11,760	
	Bókasafnið skal opið hvern virkan dag frá kl. 12—3 og 6—8 e. m.			
2.	a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500			
	b. til —— Austuramtsins..... 400			
	c. til —— Vesturamtsins..... 400			
		1,300	1,300	
	Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
3.	til sýslubókasafna alt að 100 kr. til hvers	1,000	1,000	
	Gegn því að jafnmikið tillag komi annarsstaðar að, og að sendar séu skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.			
4.	til Landsskjalasafnsins:	1904.	1905.	
	a. laun skjalavarðar, er	kr.	kr.	
	landshöfðingi skipar	1,400	1,400	
	b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl....	1,000	1,000	
	e. til að afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu.....	500	500	
	d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.....	250	250	
		3,150	3,150	
5.	til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
	500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6.	til Þjóðvinafélagsins	1,000	750	
	Flutt...	20,210	19,960	

	1904	1905	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	20,210	19,960	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ... 600 —			
c. til húsnæðis og hita ... 2,000 —			
	3,600	3,600	
8. til Fornleifafélagsins ... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
9. til Náttúrufræðisfélagsins ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.	1,000	800	
10. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið ... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins	800	800	
11. til að vinna að texta-útgáfu a íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt, sem auðið er, eftir að það er komið út ...	800	800	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ...	300	300	
13. til Páls Ólafssonar skálds ...	500	500	
14. til Þorsteins Erlingssonar skálds ...	600	600	
15. til síra Valdimars Briem's ...	800	800	
16. til Guðmundar skálds Guðmundssonar, til að ljúka við ljóðabálkinn »Strengleikar« ...	500		
17. til Guðmundar Magnússonar ferðastyrkur til útlanda, til skáldmenta ...	1,200		
18. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindis ...	200	200	
19. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ...	1,200	1,200	
Flutt...	32,110	29,960	

	1904.	1905	alls
	kr.	kr.	kr
Fluttar...	32,110	29,960	
20. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
21. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
22. styrkur til amtmanns Páls Briem's til að gefa út tímaritið »Lögfræðing«, 20 kr. fyrir örkina	200	200	
23. til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	600	600	
24. til lúðrafélags Reykjavíkur í eitt skifti fyrir öll ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram $^1/_3$ á móti landssjóðsstyrknum	500		
25. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
26. styrkur til Jóns Jónssonar, sagnfræðings, til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra, ...	1,200	1,200	
27. styrkur til síra Bjarna Þorsteinssonar á Hvanneyri til þess að ferðast til Kaupmannahafnar og fullkomna þar söfnun íslenzkra þjóðlaga	1,000		
28. styrkur til Helga jarðfræðings Péturssonar til þess að rannsaka jarðfræðilega kolalög norðanlands og austan sem og á Vestfjörðum.....	1,000		
29. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
30. styrkur til Ásgríms Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist erlendis	600	600	
31. til organleikara Jónasar Helgasonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar	1,000		
32. til Stefáns Björnssonar frá Borgum til þess að læra teikning og skólaiðnað	600		
33. styrkur til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng	600	600	
34. styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að lúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn 400 kr. til hvors	800		
	42,960	35,910	
Flutt...	.....	.....	78,870

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	....	.....	78,870
B.			
Til verklegra fyrirtækja:			
1. styrkur til eflingar búnaði:			
	1904.	1905.	
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.	
1. til skólans á Hólum.....	3,500	2,500	
2. til sama skóla styrkur til verklegrar kenslu.....	500	500	
3. til skólans á Eiðum.....	3,500	2,500	
4. til skólans á Hvanneyri	4,000	2,500	
5. til skólans í Ólafsdal...	3,500	2,500	
		15,000	10,500	
b. til búnaðarfélaga		24.000	24,000	
c. til Búnaðarfélags Íslands		29,000	31,000	
d. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð.....		2,500	2,500	
e. til sama félags til þess að gjöra tilraunir með kjötsölu erlendis		2,000		
f. til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki		4,500		
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að jafnmikil upphæð sé veitt til fyrirtækisins annarsstaðar að, og verkið framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags Íslands.				
g. til skógræktartilrauna eftir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz..		7,000	6,000	
h. styrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk.....		900	900	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör		5,000	5,000	
j. til rannsóknar á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð		4,000	3,000	
Fé þessu skal varið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.				
2. a. laun handa 2 dýralæknum.....		2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík ..		400	400	
3. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu		500	500	
4. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors.....		1,200	1,200	
5. til útrýmingar fjárkláðanum.....		78,500	16,000	
6. til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar, alt að		1,500	500	
Flutt...		178,400	103,900	78,870

	1904.	1905.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	178,400	103,900	78,870
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði ..... til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík hvort árið alt að ..... 4000 kr. til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári)..... 1200 — og að auki fyrra árið til Halldórs Guðmundssonar ..... 500 —	5,700	5,200	
8. til Iðnarmannafélagsins á Ísafirði, til þess að senda mann til útlanda, til að læra að gera við steinolíuhreyfivélar, ...	400		
9. til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar til þess að nema húsagerðarlist	600	600	
10. til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis . . .	1,500	1,500	
11. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði..... Landshöfðingi skipar yfirmatsmennina og semur erindisbréf fyrir þá, svo og fyrir eiðsvarna fiskimatsmenn, er lögreglustjórar skipa eftir þörfum. Borgun til fiskimatsmanna skal til tekin í erindisbréfinu.	1,600	1,600	
12. styrkur til Dráttarbrautarfélagsins í Reykjavík til þess að kaupa frá Englandi og koma upp »Patentslip« alt að ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að félagið verji að minsta kosti tvöfalt meira fé til fyrirtækisins en styrknum nemur, og útborgist, þegar það er fullgjört og vel af hendi leyst.	10,000		
13. styrkur til skipakvíar við Eyjafjörð til vetrarlegu fyrir þilskip alt að ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minna en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að staðurinn sé valinn af verkfræðingi og verkið unnið undir umsjón slíks manns.	15,000		
14. styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi síðara árið alt að ..... að því tilskildu, að tvöfalt meiri upphæð sé lögð til byggingarinnar annarsstaðar að.	.....	4,700	
15. styrkur til konsúls D. Thomsens í Reykjavík til þess að útvega frá útlöndum mótorvagn og reyna hann á akvegunum hér ..... Landstjórninni er heimilt að veita öðrum manni styrk þann, ef konsúll D. Thomsen vill eigi hagnýta sér hann.	2000		
	215,200	117,500	332,700
Samtals...	.....	....	411,570

15. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

16. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 86,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eftirlaun hans; til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

17. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

18. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 400,550 kr. 41 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verðið frá alþingi 1903 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt lögum þeim.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtast með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 6000 kr. til bæjarhúsabyggingar á búnaðarskólanum á Eiðum gegn ábyrgð sýslufélaganna í Norður- og Suðurmúlasýslum. Lánið ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 28 árum með árlegum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má lána Jóhannesi snikkara Reykdal alt að 8000 kr. gegn ábyrgð Gullbringusýslu til þess að koma á fót trésmíðaverksmiðju í Hafnarfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum.

Úr viðlagasjóði má lána þeim Erlendi Þórðarsyni, Guðna Jónssyni og Guðmundi Jónssyni öllum á Reykjafossi í Ölfusi alt að 20,000 kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslunefndarinnar í Árnessýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni, og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ólafi vélasmið Hjaltesteð alt að 10,000 kr. til þess að koma upp vélasmiðju í Reykjavík gegn 4% vöxtum árlega, og þeirri tryggingu, er landsstjórnin sér sér fært að taka gilda. Lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Úr viðlagasjóði má veita þeim kaupmönnunum J. P. T. Bryde, P. J. Thorsteinsson og Ágúst Flygenring alt að 20,000 kr. lán til þess að koma upp dráttbraut í Hafnarfirði, þó svo að lánsupphæðin nemi eigi meira en einum þriðjungi kostnaðarins við að koma dráttbrautinni með húsum og áhöldum upp, og sé trygt með 1. veðrétti í þeim. Af láninu greiðist $4^0/_0$ árlega í vöxtu, það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum árlega.

Sjávarbændum og hlutafélögum er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með $3^0/_0$ árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2{}^0/_0$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar við Eyjafjörð, til vetrarlegu fyrir þilskip má veita lán af viðlagasjóði alt að 40000 kr., gegn ábyrgð bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar og sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu. Lánið ávaxtist með $4^0/_0$ árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Þær 4,000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, mega ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað sem varasjóður þess félags.